Bækur.is
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Titill
Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenzkum málum.

Bindi
9.bindi (1913-1916)

Ár
1886

https://baekur.is/bok/001194492/9/Landsyfirrettardomar_og_Bindi_9
22.02.2019 19:13




EX-LIBRIS
BST. S. BARBAROSSA

Landsyfirréttardómar

og

hæstaréttardómar

í íslenzkum málum

IX. bindi

1913—1916

Reykjavík
Ísafold — Ólafur Björnsson

Registur
við
dómasöfnin 1913—1916.

Nafnaskrá.

A. Einkamál.

Bls.

Acda, hlutafélag 101
Ágúst Gíslason 341, 577, 630
Alliance, hlutafélag 487
Andersen Emil 647
Anna Pálsdóttir 844, 852
Arbejderforsikringsraadet í Khöfn 643
Ari Þórðarson 284
Arnbjörn Ögmundsson 630
Árni Filippusson 118
Árni Jóhannsson 1, 676
Árni Jónatansson 840
Árni Jónsson 247
Árni Sigurðsson 203
Árni Tómasson 896
Árni Þórarinsson 130
Asgeirs Ásgeirssonar hvalveiðastöð 546

Bls.
Ásgeir I. Ásgeirsson 372
Ásgeir Sigurðsson 730
Bakkevig T. 885
Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja . . . 118, 309
Benedikt Benediktsson 273
Benedikt S. Þórarinsson 809
Benedikta G. H. Benediktsdóttir 147
Bergmundur Arnbjörnsson 630
Bergur Rósinkransson 787
Bernhöft Daniel 334
Bjarnarson P. M. & Co. 253
Bjarni Grímsson 880
Bjarni Jónsson 94
Bjarni Valdason 467
Björn Bjarnarson sýslumaður 147
Björn Bjarnarson 749
Björn Gíslason. 566
Björn Kristjánsson 41, 69, 704
Björn Sigurðsson 41, 74
Bogi Brynjólfsson 761, 859, 865
Bragi, fiskiveiðahlutafélag 673
Briem Eggert frá Viðey 503, 669
Briem Kr. P. 844, 852
Briem Ólafur 760
Brillouin I. P. 200
British North Western Syndicate Ldt. 749
Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar . . . 202, 425
Bæjarstjórn Reykjavikur 155, 158, 222, 227, 622, 767
Böving Kristján 99
Copland & Berrie (1908) Ltd. 802

Bls.
Dagur Brynjólfsson 567, 709
Dagsbrún, verzlun 527
Dánarbú Jóns Jónssonar 101
Dánarbú Ólafs Árnasonar 725, 871
Dánarbú Þórarins Hávarðssonar 516
Davíð Jónsson 90
Die Pommersche-Provinzial-Zucker-Siderei í Stettin 581
Diechmann L. M. 199, 239, 926
Duus H. P. 66, 152, 555
Edinborgarverzlun 135, 273, 415, 744
Eggerz Guðmundur 663
Egilson Gunnar 635, 775
Eigendur Hrútafells með Hrútafellskoti . . . 36
Eigendur Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal 36
Eigendur skipsins »Iho« 66
Eigendur og vátryggjendur skipsins »Imbrim« 489
Einar Arnórsson 820
Einar Erlendsson 341
Einar Gíslason 761
Einar Gunnarsson 459
Einar M. Jónasson 16, 32, 41, 48, 97, 147, 466 . . . . . 599, 617
Einar Jónsson 118, 741
Einar Jónsson 190
Einar Þorgilsson 524, 611
Einarshöfn, verzlunarhlutafélag 929
Eiríkur Einarsson 896
Eiríkur Torfason 268

Bls.
Ekwall Rich. 35, 150
Ellingsen O. 730
Erasmus Gíslason 196, 367
Erlendur Björnsson 126
Erlendur Erlendsson 865
Eyjólfur Þorsteinsson 140
Eymundur Guðbrandsson 252, 403
Figved Andr. 647
Finnbogi G. Lárusson 334
Finnur Finnsson 135
Fjeldsted Hjörtur A. 844, 852
Friðrik Ólafsson 744
Friðrik Svipmundsson 61
Friðrik Tómasson 135
Frímann Einarsson 855
Föns-Örslevsveit 506
G. Gíslason & Hay Ldt. . . 196, 563, 751, 776
Garðar Gíslason f. h. verzlunarinnar Dagsbrún 527
Gísli Guðmundsson 761
Gísli Hjálmarsson 916
Goldstein J. & Sön 527
Guðbrandur Jónsson 190
Guðmundsson & Ellis 386, 392
Guðmundur Árnason 304
Guðmundur Helgason 630
Guðmundur Ísleifsson 741
Guðmundur Jóhannesson 663
Guðmundur Jónasson 99, 452, 466
Guðmundur Kristjánsson 776
Guðmundur Magnússon 191

Bls.
Guðmundur Magnússon 459
Guðmundur Ólafsson 101
Guðmundur Sigurðsson 730
Guðni Hafliðason 304
Hafnarnefnd Reykjavíkur 227, 622
Hálfdán Hálfdánarson 372, 699
Halldór Kr. Júlíusson 252, 403
Hallbjörn Þorvaldsson 307, 308
Hallgrímur Benediktsson 392
Hallgrímur Bóasson 551
Hallgrímur Brynjólfsson 214
Hannes Hafliðason 152
Helga Sigurðardóttir 21
Herjólfur, hlutafélag 802
Hermann Þorsteinsson 291
Hið danska steinolíuhlutafélag í Reykjavík . . 108
Hinrik Jónsson 190, 286
Hjálmar Þorgilsson 186
Holm Oluf 314, 535, 655
Hólmgeir Þorsteinsson 511, 837
Hreppsnefnd Ásahrepps 449
Hreppsnefnd Eiðahrepps 330
Hreppsnefnd Gerðahrepps 12
Hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps 383
Hreppsnefnd Helgustaðahrepps 546
Hreppsnefnd Holtahrepps 449
Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps 252, 403
Hreppsnefnd Ölfushrepps 880
Hreppstjórinn í Gaulverjabæjarhreppi . . 567, 709

Bls.
Höydal Lyder 281, 314, 362, 375, 396, 535, 635, 655, 713, 775
Icelandic Fisheries Ldt. 585
Ingólfur, kaupfélag 386
Íslandsbanki 234, 531
Ísólfur Pálsson 268
Jakob Björnsson f. h. útgerðarinnar Melbö . . 78
Jakob Gunnlögsson 281, 396, 713
Jakob Jónsson 21
Jensen-Bjerg 823
Jensen Thor 130
Jóhann Jónsson 486, 512, 597
Jóhann Þorkelsson 506
Jóhannes H. Jóhannsson 745
Jóhannes Þórarinsson 625
Johansen Rolf 551
Johnsen Gísli J. 167
Jóel Friðriksson 273
Jón Árason 273
Jón Árnason 828
Jón Benediktsson 555
Jón Felixson 144, 524
Jón Einarsson 673
Jón Jóhannsson 158
Jón Jónsson 630
Jón Magnússon bæjarfógeti . . 16, 41, 48, 603, 617
Jón Magnússon skipstjóri 319
Jón Magnússon 709
Jón Markússon 383
Jón Ólafsson 222

Bls.
Jón Pálmason 921
Jón Sigurðsson 213
Jón Stefánsson 203, 483
Jórunn Hannesdóttir 666
Júlíus Kr. Einarsson 190, 286
Krabbe, Th. 227, 622
Kristgeir Jónsson 666
Kristinn Þorleifsson 155
Kristín Pétursdóttir 486, 512, 597
Kristín Stefánsdóttir 516
Kristján Jónasson 466, 573, 603
Kristján Kristjánsson 199, 239
Kristján Kristjánsson 737
Kristján Torfason 135
Landsbanki Íslands 16, 48, 66, 147, 190, 200, 286, 466, 519, 573, 599, 603, 617, 871
Landsími Íslands 32
Lárus Benediktsson 247
Laxdal, Jón 375, 607
L'azote organique I. P. Brillouin & Co. . 356, 362
Líndal, Björn 78, 840
Linnet, Kr. 61
Loftur Loftsson 855
Lützen, Jakob 876
Magnús Ásgrímsson 234
Magnús Torfason 7, 304
Magnús Vigfússon 523, 782, 921
Magnús Þórðarson 118
Magnussen, Bogi 452
Margrét Árnason 725, 871

Bls.
Melbö, síldarútgerð 78
Minningarsjóður Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur 725, 871
Morthens, E. 730
Mowinckel & Co. 483
Müller C. F., Seligmann & Nathan 607
Möller, A. T. & Co. 787
Möller, Jakob 4
Neumärker, Ernst 219
Nielsen, N. B. 814
Norman, Svend J. 585
Obenhaupt, A. 611
Oddur Gíslason 409, 531
Ólafsson, Gísli J. 519
Ólafur Björnsson 684
Ólafur Helgason 593
Ólafur Jónsson 118, 277
Óli J. Kristjánsson 273
Ólöf Magnúsdóttir 24
Ottesen, Sigríður E. 590
Ouse, Jens L. 314, 535, 775
Páll Einarsson 409
Páll Guðmundsson 144
Páll Guttormsson 203
Páll Jónsson 820, 896
Páll Jónsson frá Seljatungu 905
Páll Ólafsson 147
Páll Sigurðsson 577
Páll Stefánsson 839
Pálmi Jónsson 90

Bls.
Pétur Jónsson og Sonur 253
Pétur Oddsson 744
Ráðherra Íslands f. h. landssjóðs 140, 186, 277, 330, 593, 737, 809
Recher, I. f. h. eigenda og vátryggjenda skipsins »Imbrim« 489
Rósenkranz, Björn 108
Runólfur E. Sverrisson 126
Rútur Þorsteinsson 140
Sigfús Pétursson 823
Sigfús Sveinbjarnarson 307, 308
Sigfús Sveinsson 516
Sigmundur Finnsson 118
Sigríður Johnsen 630
Sigríður Rósa Þorláksdóttir 284
Sigurjón Friðjónsson 511, 837
Sigurjón Gíslason 551
Sigurjón Ólafsson 617
Sigurður Bárðarson 883
Sigurður Hjörleifsson 676, 684, 704
Sigurður Ísleifsson 929
Sigurður Jónsson 203, 483
Sigurður Jónsson 828
Sigurður Lýðsson 309, 356
Sigurður Ólafsson 630
Sigurður Þórðarson 94
Skov, Morten 167
Snorri Jónsson 751
Stefán Björnsson 35, 150
Stefán Guðmundsson 872

Bls.
Stefán Th. Jónsson . . 87, 203, 291, 483, 876, 926
Stefán Ólafsson 367
Stefán Sigurfinnsson 852
Sturla Jónsson 523, 782, 859, 865
Sveinn Jón Einarsson 767
Switzers Em. Z. Bjergnings Entreprise . . . 489
Söbstad, H. 445, 885
Tang Leonh. & Sön 202, 425, 699, 883
Thorkildsen, Vilhelm 415
Thorarensen, Skúli G. 709
Thore, gufuskipafélag 298
Thoroddsen, Þórður J. 12, 24, 213
Thorsteinsson, P. J. 319, 643
Thorsteinsson P. I. & Co. 28, 503, 581, 669, 903, 910
Tómas M. Guðjónsson 118
Tómas Jónsson 760
Trolle, Carl 487
Tryggvi Gunnarsson 730, 814
Tulinius, Otto 87
Valemar Kristmundsson 916
Valgeir Árnason 840
Wathne, Fr. 445
Verzlunin Einarshöfn 929
Viggó Jónsson 97
Zoega, Jón 219
Þóranna Ögmundsdóttir 630
Þórarinn Guðmundsson . . 203, 291, 483, 745, 926
Þorbergur Tómasson 625
Þórður Bjarnason 903, 910
Þórður Magnússon 191

Bls.
Þorlákur Einarsson 383
Þorleifur Guðmundsson 298, 563, 929
Þorsteinn Gíslason 1, 4, 69, 74
Þorsteinn Guðbrandsson 252
Þorsteinn Sveinsson Kjarval 28
Þorvaldur Jónsson 7
Þorvarður Þorvarðarson 214, 872
Þrotabú Filippusar Ámundasonar 590
Þrotabú Jóns Erlendssonar 905

B. Opinber mál.

Ari Þórðarson 454
Árni Fr. Jónsson 282, 351
Benedikt Sæmundsson 113
Dagur Gíslason 499
Eggert Bjarnason 116
Einar Jóhannesson 499
Frederiksen Tönnes 652
Guðmundur St. Guðmundsson 348
Guðmundur Ingibjartur Kristjánsson 346
Guðmundur Bergmann Þorsteinsson 123
Guðni Einarsson 83
Gunnar Sigurðsson 469
Halldór Jónsson 170
Haraldur Jónsson 513
Indriði Gottsveinsson 128
Jakob Guðmundsson 380
Jón Jónsson 160
Jón Jónsson 322, 413
Jón Pálmi Jónsson 478

Bls.

Jón Magnússon 858
Jón Ögmundsson 439
Júliana Silva Jónsdóttir 322, 413
Júlíus Jónsson 463
Katrín Kjartansdóttir 734
Kristjana Guðmundsdóttir 282, 351
Maillard L. Ch. 264
Magnús Torfason 206
Óli Magnús Arngrímsson 211
Olsen Carla 639
Páll Þorsteinn Matthíasson 338
Petersen Karl Alfred 734
Sigfús Sveinbjarnarson 620, 790
Sigurður Gíslason 540
Sigurður Gunnarsson 834
Stefán Jónsson 160
Steingrímur Árnason 348
Thoroddsen Skúli S. 660
Timbur og kolaverzlunin Reykjavík 652
Tómas Jónsson 160, 542
Valdemar Valdemarsson 348
Vilhjálmur Chr. Hákonarson 55
Þórður Kolbeinsson 469
Þorvarður Guðnason 113

Efnisskrá.

Ábúð.
Ábyrgð.
Álag.

Brenna.

Eiður.
Eignarréttur.
Einkaleyfisréttur.
Embættismenn.
Embættistakmörk yfirvaldanna.

Faðerni.
Fals.
Farmannalög sjá Siglingalög.
Fjárhaldsmenn og ómyndugir.
Fógetagerðir.
Forkaupsréttur.
Frávísun.
Fyrning skulda.

Kaup og sala.

Landamerkjalög.

Manndráp.
Meinsæri og rangar skýrslur.

Nauðgun.

Ofbeldi og líkamlegar meiðingar.
Ólögmæt meðferð á fundnu fé og þvíuml.
Ómaksbætur.
Ómerkingardómar.

Réttarfarslög.

Sakhæfi.
Samningar.
Sáttalöggjöf.
Siglingalög.
Skaðabætur.
Skattar og gjöld.
Skilorðsbundnir hegningardómar.
Skiftamál.
Skírlífisbrot.
Skulda- og reikningsmál.
Sveitarmál.
Svik, sviksamlegt athæfi.

Uppboð.
Úrskurðir.
Úttekt.

Valdstjórn og allsherjarregla.
Veð.
Vitnamál.
Víxilmál.

Þjófnaður, þjófnaðarhilming.

Ærumeiðingar og skammir.

Ábúð. Bls
Fógetaúrskurður um útburð leiguliða af jörð, sem útlögð er sem prestsetur, feldur úr gildi, með því álitið var að presturinn hefði slept rétti sínum til að fá riftað byggingu forvera síns á jörðinni 214
Fógetaúrskurður, sem neitaði um útburð á leiguliða af jörð, feldur úr gildi og fógeti skyldaður til að framkvæma útburðinn, með því að í byggingarbréfi leiguliða var ákveðið, að ef leiguliði vildi taka jörðina til byggingar eða segja henni lausri næsta ár, skyldi hann gera það í síðasta lagi fyrir jól, og þótt nú jarðareigandi hefði látið það viðgangast óátalið um nokkur ár, að ábúandi léti þetta undir höfuð leggjast, hefði hann ekki þar með öðlast lífstíðarábúð . . . 222
Úrskurður fógeta um útburð á manni af kirkjujörð staðfestur, með því gerðarþoli hafði ekki sannað að jörðin hefði nokkurn tíma verið honum bygð 567
Álitið að fara verði eftir jarðabókinni 1861 um það hvort jörð sé kirkjujörð eða hjáleiga frá prestsetri og þar af leiðandi álitið að byggingarráð umræddrar jarðar séu rétt komin hjá hreppstjóra 625

Bls.

Úrskurður fógeta, er neitaði að bera mann út af kirkjujörð, staðfestur 709
Úrskurður fógeta um útburð á manni af jörð staðfestur 782

Ábyrgð.

Áfrýjendur dæmdir samkvæmt sjálfskuldarábyrgð til að greiða verzlunarskuld annars manns . 273
Álitið að skipstjóri hafi ekki skapað sér ábyrgð á skuldum háseta til útgerðarmanns með því að láta þá fara af skipinu í ótíma 319
Mótmæli sjálfskuldarábyrgðarmanns gegn greiðslu skuldar, bygð á því að lánveitanda hafi verið óheimilt að taka á móti vöxtum af láninu og þannig framlengja það, ekki tekin til greina, með því tekið var fram í skuldabréfinu að sjálfskuldarábyrgð ábyrgðarmannanna gilti, þótt lánið yrði framlengt eða nokkur hluti þess . 603
Meðeigandi í firma dæmdur til að greiða verzlunarskuld, sem var álitin stofnuð af hinum meðeigenda firmans fyrir þess hönd 776

Álag á jörð sbr. úttekt.

Úrslit máls um skyldu fráfaranda til að greiða álag á jörðina látin koma undir eiði fráfaranda 130
Fráfarandi jarðar dæmdur til að greiða viðtakanda, er jafnframt var eigandi jarðarinnar, álag á jörðina eftir úttektargerð, þótt úttekt

Bls.

hefði ekki farið fram á jörðinni, er fráfarandi tók við henni 921

Brenna.

Maður dæmdur eftir líkum fyrir að kveikja í húsi sínu samkvæmt 283. gr. 2. lið hegningarl. . 790

Eiður.

Úrslit máls út af ágreiningi um greiðslu jarðarálags látin koma undir eiði fráfaranda . . . 130

Barnsmóður dæmdur eiður í faðernismáli með því kærði treysti sér eigi til að neita því að hann hafi haft samræði við hana á þeim tíma, er hann gæti verið faðir að barni hennar . . 284

Úrslit máls út af ágreiningi um greiðslu á andvirði skófatnaðarsendingar látin koma undir eiði stefnda 607

Úrslit máls um borgun fyrir hey látin koma undir eiði áfrýjanda um það hvort hann hafi gefið manni þeim, er samdi um heykaupin, umboð til að kaupa hey fyrir sig 823

Eignarréttur.

Mál út af eignarrétti að brunabótaupphæð. Álitið að húseigandinn hefði engan rétt til að ráðstafa fénu með því að hann hefði veitt stefnda, Landsbankanum, handveðsrétt í upphæðinni

Bls.

og annar kröfuhafi hafði gert fjárnám í upphæðinni 16
Mál út af eignarrétti að bænum Brekkuholti í Reykjavík 191
Mál út af eignarrétti á lýsisbræðsluáhöldum . . 314
Mál út af eignarrétti að túni á Ísafirði (Tangstúni) 425
Álitið að fjaran fyrir framan lóð stefnda á Búðareyri á Reyðarfirði verði að teljast eign lóðareiganda 551
Mál út af kröfu vínkaupmanns um skaðabætur úr landssjóði fyrir atvinnuhnekki vegna aðflutningsbannslaganna 809

Einkaleyfisréttur.

Maður, er gert hafði netasteina, er komu í bága við einkarétt kæranda, ekki talinn skaðabótaskyldur fyrir tilbúning þeirra, þar eð einkarétturinn hafði ekki verið auglýstur í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði og kærandi hafði ekki sannað að stefndi hefði vitað um einkaréttinn, er hann bjó til steinana. . . . 268

Embættismenn og sýslunarmenn.

Gjaldkeri við Landsbankann dæmdu samkvæmt 143. gr. hegningarl. 170
Sýslumaður dæmdur fyrir meiðyrði um yfirréttinn samkv. 102. gr. hegningarl. 206

Bls.

Hreppstjóri sýknaður í skaðabótamáli út af lögtaki og sölu á hesti til lúkningar prestsgjaldi 90
Dómari víttur fyrir meðferð sakamáls 206, 454, 834
Bæjarstjórn Reykjavíkur dæmd til að greiða verkfræðing Th. Krabbe borgun fyrir starf að undirbúningi útboðsskilmála fyrir hafnargerð í Reykjavík 227
Hæstaréttardómur í því máli 622
Hreppstjóri dæmdur til að greiða banka skaðabætur fyrir ranga vottun á sjálfskuldarábyrgðarskjali um nafn eins af ábyrgarmönnunum . 234
Dómari sektaður fyrir drátt á einkamáli . . . 273
Dómari víttur fyrir að í dóm hans í sakamáli vanti vottorð samkvæmt tilskipun 3. júní 1796, 35. gr. 322, 382, 513, 652
Dómari víttur fyrir að ekki var í opinb. lögreglumáli neitt ákvæði um málskostnað 338
Dómari víttur fyrir að hafa ekki látið birta ákærða hegningardóm í sakamáli 380
Dómari dæmdur í sekt fyrir drátt á dómsuppsögn í einkamáli 403
Prestur dæmdur til greiðslu skaðabóta til framfærslusveitar fyrir að hafa gift mann framfærsluskyldan í Danmörku, er þegið hafði sveitarstyrk 506
Dómari víttur fyrir drátt á dómsuppsögn í einkamáli, en ekki látinn sæta sektum þareð honum hafði ekki verið stefnt til ábyrgðar . . 585
Umboðsmaður hins reglulega dómara álitinn sjálf-

Bls.

vikinn úr dómarasæti við fjárnámsgjörð fyrir afskifti sín af málinu 655

Dómari, sem stefnt var til ábyrgðar út af dómi sínum til sekta fyrir æruineiðandi og móðgandi ummæli í forsendum dómsins, sýknaður . 896

Embættistakmörk yfirvaldanna.

Álitið að ágreiningur milli sveitarstjórnar annars vegar og umboðsvaldsins hins vegar um hve mikið landssjóður eigi að greiða samkv. 77. gr. fátækralaganna heyri undir úrslit umboðsvaldsins 330

Máli útaf ágreiningi milli tveggja hreppa um eignarrétt að Holtamannaafrétti vísað frá dómstólunum með því að ágreiningur um skifting afréttarins heyri undir umboðsstjórnina . . . 449

Faðerni.

Kærðu dæmdir til að greiða málskostnað í faðernismáli, ef barnsmóðirin vinnur eið að því að þeir hafi átt samræði við hana á þeim tíma, að annar hvor þeirra geti verið faðir að barni hennar 140

Barnsmóður dæmdur eiður í faðernismáli, með því kærði treysti sér eigi til að neita því að hann hefði haft samræði við hana á þeim tíma, er hann gæti verið faðir að barni hennar . . 284

Dómur í faðernismáli, er lagði fyrir kærða að

Bls.

synja fyrir faðernislýsingu barnsmóður með eiði, greiða ella meðlag með barni hennar, staðfestur eftir kröfu kærða að öðru leyti en því að honum var settur nýr eiðvinningarfrestur eftir kröfu hans 597

Fals.

Maður dæmdur fyrir að búa til eftirmynd af seðlum Þjóðbankans danska samkv. 266. sbr. 48. gr. hegningarlaganna 469

Maður dæmdur fyrir að láta úti falsaða peningaseðla samkvæmt 269. gr. hegnl. 469

Maður dæmdur fyrir að búa til eftirmynd af seðlum Þjóðbankans danska samkvæmt 266. gr. hegningarl. 478

Maður dæmdur fyrir fölsun vottorða samkvæmt 272. sbr. 273. gr. hegningarl. 542

Farmannalög, sjá Siglingalög.

Fjárhaldsmenn og ómyndugir.

Maður sýknaður af víxilkröfu með því að hann var ófullveðja, er hann samþykti víxilinn . . 883

Fógetagerðir
(sbr. skattar og gjöld, skulda- og reikningsmál).

Fógetaúrskurður, er synjaði um fjárnám í fiski-

Bls.

skipi til lúkningar veðskuld í skipinu, staðfestur, með því veðrétturinn áleizt úr gildi fallinn við eldra stranduppboð á skipinu 66

Mál út af lögmæti kyrsetningargerðar fyrir lóðgjaldi hjá síldarútgerðarfélagi, sem landeigandi hafði látið gera. Kyrsetningargerðin feld úr gildi, með því landeigandi hafði áður leigt umrætt land og sá leigjandi áleizt hafa haft heimild til að leigja landið útgerðarfélagi því, er kyrsetningin var gerð hjá 78

Fógetaúrskurður og fjárnámsgerð í fasteign feld úr gildi, með því að veðskuldabréf það, er fjárnámið var gert eftir, hafði eigi verið þinglesið og fjárnámið eigi birt gerðarþola, er bjó á hinni veðsettu eign 126

Fógetaúrskurður, er neitaði um fjárnám í fasteign eftir veðskuldabréfi með því að í veðbréfinu væri engin tilvísun hvorki til tilsk. 18. febr. 1847 né til laga 16. des. 1885, feldur úr gildi, með því slík tilvísun sé ónauðsynleg . 200

Fógetaúrskurður um útburð leiguliða af prestsetri feldur úr gildi, með því álitið var að presturinn hefði fyrirgert rétti sínum til að fá riftað byggingu forvera síns á jörðinni . . . 214

Mótmæli gegn fjárnámsgerð í húseign, bygð á því að 14 dagar hefðu ekki verið liðnir frá því skuldin féll í gjalddaga, ekki tekin til greina, en fjárnámið felt úr gildi að því er snertir jafnframt fjárnumda húsaleigu af eigninni, með

Bls.

því leiga eða afrakstur húseignarinnar hafði ekki verið veðsettur en aðeins húseignin sjálf 247

Mál út af lögmæti fjárnáms og nauðungaruppboðs á húseign 291

Fjárnám í brunabótafé felt úr gildi með því álitið var að áfrýjandi fyrir fjárnámið hefði öðlast handveðsrétt í brunabótafénu 531

Úrskurður fógeta, er neitaði að að gera fjárnám hjá stefnda fyrir andvirði lýsisbræðsluáhalda, er hann hafði verið dæmdur til að afhenda, feldur úr gildi og lagt fyrir fógeta að framkvæma fjárnámið. Skýring á 11. gr. aðfararlaganna 535

Máli út af lögmæti uppboðsgerðar frávísað með því áfrýjunarfrestur var liðinn er stefnan var útgefin 617

Staðfest fjárnámsgerð fyrir andvirði lýsisbræðsluáhalda, er gjörðarþoli hafði verið dæmdur til að afhenda 655

Áfrýjandi sýknaður af skaðabótakröfu út af nokkurskonar kyrsetningar- og löghaldsgjörð, er hann hafði látið fram fara hjá stefnda, til tryggingar verzlunarviðskiftaskuld 713

Álitið að dómstólarnir geti tekið skaðabóta kröfu út af kyrsetningargjörð til álita, þótt formlegt réttmæti gjörðarinnar hafi ekki beinlínis verið lagt undir úrskurð dómstólanna 713

Í málinu var ágreiningur um gildi samnings um sölu sauðfjár, sem var undirritaður af seljanda

Bls.

fyrir handsal. Álitið að sönnunarbyrðin fyrir því að seljandi engu að síður væri skrifandi eða læs á skrift hvíldi á kaupanda 852
Staðfest fjárnámsgjörð samkvæmt veðskuldabréfi og eftirfarandi nauðungaruppboð . . . 859, 865

Forkaupsréttur.

Álitið að hreppsnefnd hafi ekki forkaupsrétt samkvæmt lögum nr. 30, 20. okt. 1905, að jörð, sem seld var úr sjálfsábúð 383
Dómur í máli, þar sem seljandi var sýknaður af forkaupsréttarkröfu leiguliða, staðfestur eftir kröfu áfrýjanda 523
Álitið að leiguliði geti falið öðrum að fara með mál út af forkaupsrétti sem mandatarius, þótt rétturinn sjálfur sé eigi framseljanlegur . . . 840

Frávísun, sjá réttarfarslög.

Máli frávísað, með því stefnda hafði eigi verið veittur nægilegur stefnufrestur 35
Máli frávísað, með því að einum hinna stefndu hafði eigi verið birt áfrýjunarstefnan og hann mætti eigi í réttinum 190
Máli frávísað, með því dómaranum, sem fór með það alt þar til það var tekið til dóms, var eigi stefnt 199
Máli, sem stefnt var til yfirdóms samkv. N. L.

Bls.

1—4—12, frávísað, með því stefnda hafði eigi verið veittur lögákveðinn stefnufrestur . . . 213

Máli frávísað, með því að löglegum sakaraðila hafði eigi verið birt áfrýjunarstefnan, svo og sökum þess að eigi voru framlagðar fullnægjandi dómsgjörðir undirréttar 252

Máli frávísað með því áfrýjunarfrestur var liðinn er áfrýjunarstefnan var út gefin, og ekki álitið máli skifta, þótt áfrýjunarstefna í málinu hefði áður verið gefin út, áður en áfrýjunarfresturinn var útrunninn, með því að sú stefna hafði eigi verið lögð fram í yfirdóminum . . 304

Máli frávísað með því að áfrýjunarstefnan hafði eigi verið birt undirdómaranum . . . 307, 308

Máli frávísað sem heyrandi undir úrslit umboðsvaldsins 330

Máli frávísað, með því sækjandi lagði eigi fram dómsgerðir undirréttar 452

Skuldamáli vísað frá yfirdómi að því er sjálfskuldarábyrgðarmenn snertir, með því að aðalskuldara hafði verið stefnt fyrir þeirra hönd, en til þess ekki álitin heimild 466

Máli frávísað, með því héraðsdómaranum hafði eigi verið stefnt 486

Máli vísað frá yfirdómi með því að innsigli stefnuvottanna vantaði undir birtingarvottorð þeirra á áfrýjunarstefnunni og stefndi mætti eigi . . . . , ... 511

Máli frávísað, með því að ekki sást á birtingar-

Bls.

vottorði stefnuvottanna að stefnan hefði verið birt á heimili stefnda, og hann mætti eigi . . 512

Málskoti á hendur einum af hinum stefndu frávísað, með því áfrýjandi hafði ekki höfðað mál gegn honum fyrir undirrétti, en þar hafði honum verið tilstefnt af öðrum málsaðila . . . 603

Máli, þar sem uppboðsgjörð var áfrýjað, vísað frá yfirdómi, með því áfrýjunarfrestur á gjörðinni var liðinn 617

Gagnsök frávísað með því intervenient en ekki réttum aðila var stefnt 635

Máli frávísað sökum ólöglegrar málasamsteypu 730

Máli frávísað, með því réttum málsaðila var ekki stefnt 760

Máli frávísað, með því áfrýjunarfrestur var liðinn, er áfrýjunarstefnan var útgefin 775

Meiðyrðamáli vísað frá dómstólunum, með því að það var eigi nægilega upplýst 820

Sakamáli vísað frá yfirdómi sökum ófullnægjandi dómsgjörða undirréttar o. fl. 858

Fyrning skulda.

Stefndi sýknaður með því hin umstefnda skuld var talin fyrnd, þegar málið var höfðað. 787, 876

Kaup og sala.

Áfrýjandi dæmdur til að greiða eftirstöðvar af umsömdu kaupverði fyrir tvenna síldarútvegi

Bls.

með því álitið var að seljendur bæru ekki ábyrgð á því að útvegirnir væru fullkomnir eða í gildu standi 135

Áfrýjandi dæmdur til að greiða andvirði hitunartækja í íbúðarhús, með því ekki þótti sannað að þau hefðu komið seinna en um var samið 341

Mál út af vanefndum á kaupsamningi um hús, lóðarréttindi og bryggju í Vestmannaeyjum . 362

Stefndi sýknaður af kröfu áfrýjanda um greiðslu á andvirði fyrir seldar skepnur, með því álitið var að hinir upphaflegu samningsaðilar hefðu hafið sölusamninginn 367

Áfrýjandi dæmdur til að greiða eftirstöðvar af andvirði fyrir fisk, með því áskilið mat á fiskinum á útskipunarstað var ekki hrakið . . 386

Álitið að kaupmaður, er keypt hafði vöru (ull) gæti ekki riftað kaupunum, með því tilskilið mat á ullinni hafði farið fram á útskipunarstað og því ekki hnekt með yfirmati 392

Umboðssali dæmdur til að greiða kaupmanni skaðabætur fyrir rof á samningi um sölu á sykri 611

Krafa seljanda um, að kaupandi greiði umsamið verð fyrir bátsvél (mótor) ekki tekin til greina, en álitið að kaupandi hafi rétt til að rifta kaupunum sökum galla á vélinni 814

Landamerkjamál.

Landamerkjadómur um landamerki milli Hrútafells með Hrútafellskoti og Skarðshlíðar og Drangshlíðar staðfestur 36

Bls.
Álitið að mál um skilning á leigusamningi um lóð í Viðey, hvort þar sé átt við stórstraumsflóðmál eða stórstraums-fjörumál, heyri ekki undir merkjadóm 669
Dómur í landamerkjamáli um veiðirétt í á ómerktur, með því annar af málsaðilum var eigi eigandi eða umráðamaður jarðar, er til greina gæti komið í sambandi við málið . . 749

Manndráp.

Kvenmaður dæmdur fyrir manndráp samkv. 191. gr. hegningarlaganna 322
Ákærði sýknaður af ákæru fyrir hlutdeild í manndrápi eða í broti því, er ræðir um í 102. gr. hegningarlaganna 322
Hæstaréttardómur í þessum málum 413
Móðir óskilgetins barns dæmd fyrir að deyða barn sitt nýfætt 351
Ákærðu dæmdir samkv. 200. gr. hegningarlaganna fyrir að hafa orðið manni að bana . . 499

Meinsæri og rangar skýrslur.

Maður, sem dæmdur var í undirrétti samkvæmt 147. gr. hegningarl., sýknaður, með því atferli ákærða var heimfært undir 148. grein 1. lið sömu laga 160

Bls.

Nauðgun.

Maður dæmdur fyrir ofbeldi og saurugt athæfi við kvenmann samkvæmt 212. gr. og 186. gr. hegningarl. 123
Maður dæmdur fyrir nauðgunartilraun samkv. 169. gr. hegningarl. 834

Ofbeldi og líkamlegar meiðingar.

Maður dæmdur fyrir ofbeldisverk samkv. 202. gr. hegningarlaganna 167
Hæstiréttardómur, er dæmdi mann, er skaut á vélbát og særði einn háseta, í fangelsi samkvæmt 205. gr. hegningarlaganna og til að greiða hinum særða skaðabætur 211

Ólögmæt meðferð á fundnu fé og því um líkt.

Tveir menn dæmdir samkv. 250. gr. hegningarlaganna, fyrir að hafa kastað eign sinni á kindur, er komið höfðu af hendingu í vörzlur þeirra 160
Maður dæmdur samkv. 250. gr. hegningarl. fyrir að hafa kastað eign sinni á fola, sem komið hafði af hendingu í vörzlu hans 542
Ákærðu dæmd samkv. 250. gr. hegningarlaganna fyrir að kasta eign sinni á buddu, er skilin hafði verið eftir hjá þeim 734

Bls.

Ómaksbætur.

Stefnda dæmdar ómaksbætur, er áfrýjandi mætti eigi við fyrirtekt málsins 281

Ómerkingardómar.

Gestaréttardómur, er frávísaði meiðyrðamáli af því málið væri eigi rekið þar sem kærði ætti lögheimili, ómerktur, með því sækjanda hefði verið heimilt að lögsækja kærða í þeirri þingá, þar sem meiðyrðin voru viðhöfð og málinu heimvísað til nýrrar dómsálagningar . . 99

Dómur í eignarþrætumáli ómerktur, með því að málið var dæmt án meðdómsmanna og dómurinn auk þess kveðinn upp í aukarétti Barðastrandarsýslu og setudómarinn þar með farið út fyrir löggildingu sína sem setudómari í Ísafjarðarkaupstað 202

Gestaréttardómur, er frávísaði gagnsök, ómerktur, þareð gagnmálið var runnið af sömu rót og aðalmálið, og málinu heimvísað til nýrrar dómsálagningar 396

Aukaréttardómur, er frávísaði skuldamáli, ómerktur með því að sáttatilraun í málinu var talin lögleg og það heldur eigi talið á rökum bygt að mál sama efnis hafi samtímis verið rekið fyrir réttinum 590

Gestaréttardómur ómerktur með því málaflutningsmaður hafði mætt fyrir sækjanda við sáttatilraunina 744

Bls.

Aukaréttardómur, er frávísaði máli sökum ófullnægjandi sáttatilraunar, ómerktur og málinu heimvísað til nýrrar dómsálagningar, með því málaflutningsmaður sá, er mætti við sáttaumleitunina fyrir hönd kæranda, hafði fengið fult vald yfir málinu sem mandatarius og gat því mætt eða í forföllum sínum látið mæta á sáttafundinum 840

Réttarfarslög.

Sekt dæmd fyrir ósæmilegan rithátt í réttarskjali 7, 41, 425, 567, 617, 713, 859, 865, 885, 896, 905

Sekt niðurfeld fyrir að mæta ekki sjálfur á sáttafundi, án þess að sanna lögleg forföll . . . 108

Synjað um frest til vitnaleiðslu, með því vitnisburður sá, er nota skyldi frestinn til að fá, áleizt þýðingarlaus fyrir málið 7

Dómur í eignarþrætumáli ómerktur, með því málið var dæmt án meðdómsmanna 202

Dómur, uppkveðinn af skipuðum setudómara í Ísafjarðarkaupstað í aukarétti Barðastrandarsýslu, ómerktur ex officio, með því að samþykki málsaðila gæti ekki gert það löglegt 202

Omerkingarkrafa út af því að málsaðila hafði eigi verið leiðbeint, ekki tekin til greina, með því að hlutaðeigandi hafði ekki æskt leiðbeiningar dómarans og málflutningur hans hafði ekki gefið dómaranum tilefni til að leiðbeina honum ex officio 356

Bls.
Álitið ónauðsynlegt að áfrýja tilstefningarsök í undirrétti þá er aðalsök er áfrýjað 466
Máli frávísað að því er ábyrgðarmenn snertir með því þeim var eigi stefnt 466
Máli frávísað með því héraðsdómaranum hafði eigi verið stefnt 486
Krafa áfrýjanda um frávísun máls frá héraðsrétti út af því að krafa sækjanda í undirréttarstefnunni var hærri en í sáttakærunni, ekki tekin til greina, með því augljóst þótti að krafan væri hin sama í sáttakæru og stefnu 555
Úrskurður fógeta, er neitaði að víkja sæti við útburðargerð, staðfestur, með því áfrýjandi hafði ekki sannað að hann hefði haft nein önnur afskifti af byggingu jarðarinnar en þau samkv. embættisskyldu sinni að samþykkja byggingarbréf annars manns 567
Krafa um frávísun máls að því er snertir úrskurð uppkveðinn undir rekstri þess, af því áfrýjunarfresturinn fyrir hann væri útrunninn, ekki tekin til greina með því ekki var véfengt að áfrýjandi hafi löglega getað áfrýjað aðalmálinu 573
Krafa í sama máli um frávísun sökum þess að dagsetning undirdómsins sé ekki rétt talin í áfrýjunarstefnunni eftir atvikum ekki tekin til greina 573
Áfrýjandi hafði ásamt meðeiganda sínum fengið hlutafélag dæmt til að greiða þeim sameiginlega skuld. Annar maður hafði og fengið dóm

Bls.

yfir sama hlutafélagi og gert fjárnám samkv. honum. Þessum dómi og fjárnámi skaut áfrýjandi til yfirdóms, en þessar réttargerðir voru staðfestar með því aðild áfrýjanda eins án íhlutunar meðdómshafa síns þótti ófullnægjandi 635
Sekt dæmd fyrir að mæta ekki á sáttafundi 666, 767
Áfrýjandi dæmdur í sekt fyrir óþarfa þrætu . 709
Birting sáttakæru í forstofu stefnda fyrir manni, er býr í sama húsi, talin lögleg 776

Sakhæfi.

Eigi talin heimild til að beita 40. gr. hegningarl. 346
Refsing ákveðin með tilliti til 40. gr. hegningarl. 834

Samningar, sjá Kaup og sala.

Talsímanotandi (ɔ: sá, er leigt hefir talsímaáhald) dæmdur til að greiða borgun fyrir símasamtöl frá talfæri hans 32
Maður, sem leigt hafði landssvæði á Svalbarðseyri, hafði leigt síldarútgerðarfélagi úr leigulandi sínu lóð til síldarsöltunar og síldargeymslu. Landeigandi taldi framleigu þessa ólögmæta og krafði útgerðarfélagið um lóðarleigu. Félagið var sýknað með því framleigan var talin heimil 78
Áfrýjandi dæmdur til að greiða eftirstöðvar af húsbyggingarkostnaði samkv. samningi að frádregnum kostnaði við fullgera húsið og nokkr-

Bls.

um öðrum upphæðum fyrir efni, er áfrýjandi hafði lagt til 239

Mál út af vanefndum á kaupsamningi um hús, lóðarréttindi og bryggju í Vestmannaeyjum. Seljandi sýknaður 362

Skipsleigjandi dæmdur til að greiða útgerðarmanni borgun fyrir biðaukadaga með því skipið hafði verið sent til verri hafnar en gert hafði verið ráð fyrir í leigusamningnum um skipið og uppskipun ekki gengið eins greiðlega og hægt hefði verið 415

Krafa um skaðabætur fyrir rof á vinnusamningi ekki tekin til greina, með því vinnuveitandi var álitinn hafa haft heimild til að láta stefnda fara frá vinnunni fyrirvaralaust 585

Kaupmaður dæmdur til að greiða kaupmanni skaðabætur fyrir rof á samningi um sölu á sykri 611

Stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda umsamda þóknun fyrir ritstjórnar- og stjórnmálastörf við blaðið »Ísafold« 676, 704

Stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda bætur fyrir rof á samningi um ritstjórn við blaðið »Ísafold« 684

Mál út af kaupsamningi um kaup á fiski og um skaðabætur fyrir samningsrof 802

Maður, er gert hafði kaupsamning um fisk, en ekki hirt um að taka á móti honum, dæmdur til að greiða hið umsamda verð að frádregnu því, er fiskurinn seldist síðar 828

Bls.

Samningur um sölu sauðfjár, sem var undirritaður fyrir handsal, dæmdur ógildur, með því að hann hafði ekki verið lesinn upp fyrir seljanda og kaupandi hefði eigi sannað að seljandi engu að síður væri skrifandi og læs á skrift . . . 844

Álitið að 6 mánaða uppsagnarfrestur handa verzlunarstjóra verði eftir ástæðum eigi talin óhæfilega stuttur 910

Sáttalöggjöf.

Krafa um ómerking dóms vegna ófullnægjandi sáttatilraunar ekki tekin til greina 7, 69, 74, 90, 118

Gagnsök vísað frá undirrétti með því engin sáttatilraun hafði farið fram um sakarefnið . 87, 741

Gagnsök vísað frá undirrétti með því löglegum aðila hafði ekki verið stefnt og sáttatilraun því álitin ólögleg 362

Krafa um frávísun máls frá undirrétti sökum þess að í réttarstefnu er krafist hærri upphæðar en í sáttakæru ekki tekin til greina, með því augljóst þótti að átt væri við sömu kröfu í sáttakæru og stefnu 555

Gagnsök vísað frá undirrétti að nokkru leyti með því að stefnt hafði verið fyrir vinnu í té látna 1911, en í málinu haldið fram að vinnan hefði verið látin í té 1910, og þótti því ekki sannað að krafan hefði verið lögð til sátta 563

Aukaréttardómur, er frávísaði máli sökum ófullnægjandi sáttaumleitunar, ómerktur með því

Bls.

sáttaumleitun var talin lögmæt. Kærði hafði ekki gefið sig fram við sáttaumleitunina, en bar það fyrir sig að hann hefði álitið að ekkert yrði af sáttaumleitun með því að 1. sáttamann vantaði og bíða varð eftir sáttabókinni í 20 mínútur 590

Gestaréttardómur í skuldamáli ómerktur sökum þess að málaflutningsmaður hafði mætt fyrir sækjanda við sáttaumleitunina 744

Siglingalög.

Útgerðarfélag botnvörpuskips sýknað af kröfu sjómanns um skaðabætur fyrir rifting á skiprúmssamningi, með því sjómaðurinn áleizt ekki vaxinn því verki, er hann var ráðinn til (netamannsstarfi) 28

Mál út af björgun á botnvörpuskipi. Álitið að orðið »hætta« í 232. gr. siglingalaganna eigi ekki að eins við mannhættu heldur og við hættu fyrir skipið. Björgunarlaun ákveðin samkv fyrirmælum björgunarsamnings skipstjóra, með því að álitið var að hann hefði endurnýjað og staðfest samninginn eftir að skipið var komið úr hættu 489

Fiskiveiðahlutafélag, sem riftað hafði ráðningarsamningi við háseta á botnvörpuskipi, dæmt til að greiða skaðabætur, með því að ófriðurinn eða tundurduflahættan umhverfis Bretland

Bls.
gæti ekki talist hindrun fyrir botnvörpuveiðum samkv. 96. gr. siglingalaganna 673
Útgerðarmaður dæmdur til að greiða sjómanni, er hann hafði ráðið á mótorbát, kaup einnig fyrir þann tíma framan af ráðningartímanum, er báturinn gat ekki gengið á fiskveiðar, fyrir þá sök að báturinn var ekki sjófær . . . 855

Skaðabætur.

Krafa áfrýjanda um skaðabætur fyrir atvinnutjón og lántraustsspjöll ekki tekin til greina . . 48
Krafa áfrýjanda um skaðabætur fyrir skemdir á veiðarfærum og töku á fiski ekki tekin til greina 61
Hreppstjóri sýknaður í skaðabótamáli út af lögtaki og uppboðssölu á hesti til lúkningar prestsgjaldi, með því málið var eigi höfðað innan lögmælts tíma 90
Eigendur fiskiskips sýknaðir af kröfu áfrýjanda (hlutafélags) um skaðabætur fyrir tjón, er það hefði beðið við það að skipshöfnin á fiskiskipinu leysti vélarbát félagsins úr festum, svo hann rak í land og skemdist, með því frágangurinn á bátnum, hann ljóslaus og mannlaus, og honum lagt óvanalega (við hanafót), hafi valdið tjóninu 101
Eigandi gufuskips, er rakst á uppskipunarbát, dæmdur til að greiða bætur fyrir þær skemdir, sem urðu á uppskipunarbátnum 108

Bls.
Bátaábyrgarfélag sýknað af kröfu bátseiganda um bætur fyrir sjóskemdir á bát, með því báturinn var ekki vátrygður hjá félaginu . . . 118
Krafa áfrýjanda um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju ekki tekin til greina . . 186, 737
Hreppstjóri dæmdur til að greiða skaðabætur fyrir ranga vottun um nafn eins ábyrðarmanns á sjálfsskuldarábyrgðarskjali 234
Áfrýjanda dæmdar skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju 277, 593
Bátaábyrgðarfélagi ekki talið skylt samkv. lögum félagsins að greiða bætur fyrir skemdir á bát, með því að skemdirnar höfðu orðið fyrir óforsvaranlegt hirðuleysi formannsins . . . 309
Skipseigandi dæmdur til að greiða borgun fyrir biðaukadaga með því uppskipun hafði eigi gengið eins greiðlega og skipseigandi hafði haft ástæðu til að búast við 415
Mál út af greiðslu á skaðabótum fyrir rof á kaupsamningi um sykur 581
Áfrýjandi, sem hafði fengið byggingu fyrir jörð hjá presti og í notum þess hafði slegið og hirt túnið, dæmdur til að greiða stefnda, sem hafði fengið byggingu fyrir jörðinni hjá hreppstjóra, skaðabætur. Jörðin talin kirkjujörð í jarðabókinni 1861, og þar af leiðandi álitið að byggingarráð yfir jörðinni séu rétt komin hjá hreppstjóra 625
Formaður á mótorbát, sem hafði orðið að skilja veiðarfæri eftir í sjó, hafði fengið formann á

Bls.

öðrum bát til þess að fara út á bát sínum að leita að þeim. Báturinn fórst í þeirri ferð og kröfðust þá eigendurnir skaðabóta hjá eigendum hins bátsins, en þeir voru sýknaðir . . 630

Álitið að útgerðarmanni fiskiskips hafi verið skylt að vátryggja skipshöfnina eftir hinum dönsku slysaábyrgðarlögum 1. apríl 1905, með því skipið var skrásett í Danmörk og hann einnig búsettur þar, er skipshöfnin var lögskráð og hann því dæmdur til að greiða vátryggingarupphæðirnar 643

Landssjóður sýknaður af kröfu vínkaupmanns um skaðabætur fyrir að verða að hætta verzlun með áfenga drykki samkv. lögum um aðflutningsbann á áfengi 809

Formaður fjárræktarfélags sýknaður af skaðabótakröfu nokkurra hluthafa fyrir að félagið var lagt niður og fjárstofninn seldur, með því að hann bæri ekki ábyrgð á þeim ráðstöfunum, þótt ólöglegar væru 837

Eigendur mótorbáts, er sökk á höfninni í Þorlákshöfn, kröfðust skaðabóta hjá verzlun fyrir skemdir á bátnum með því að uppskipunarbát verzlunarinnar hafði verið fest aftan í vélbátinn. Verzlunin sýknuð með því sannað var að leyfi hafði verið gefið til að festa bátnum aftan í vélbátinn og með því auk þess þótti ósannað að uppskipunarbáturinn hafi valdið skemdunum 929

Bls.

Skattar og gjöld.

Fógetaúrskurður um lögtak á salernahreinsunargjaldi í Reykjavík staðfestur 155, 158
Fógetaúrskurður, er neitaði að taka lögtaki sveitarútsvar, er lagt var á hvalveiðastöð, staðfestur. Starfsemi stöðvarinnar í hreppnum ekki talin útsvarsskyld 546
Álitið að orðin »útvegsmenn úr öðrum hreppum« í 2. gr. í lögum nr. 33, 2. nóv. 1914 þýði sama og orðin: »aðkomumenn, er bátfiski stunda á útveg annara en þarsveitarmanna« í upphafi greinarinnar 880

Skilorðsbundnir hegningardómar.

Skilorðsbundnir hegningardómar . . 123, 469, 734

Skiftamál.

Álitið að skuldheimtumenn í dánarbúi eigi ekki tilkall til lífsábyrgðarupphæðar eftir hinn látna, með því eigi væri heimild til að beita 30. gr. gjaldþrotaskiftalaganna, þareð enginn af skuldheimtumönnum búsins höfðu krafist gjaldþrotaskifta 516
Álitið að upphæð lífsábyrgðarskírteinis, sem kom fram í dánarbúi innihaldandi ákvæði um að það tilheyri konu hins trygða sem séreign, verði að teljast eign konunnar með því eigi

Bls.

þurfi kaupmálaaðferðar til að bóndi geti gefið konu sinni slika gjöf 725
Í máli, er skiftaráðandi höfaði fyrir hönd dánarbús gegn syni hins látna til riftingar á sölugerningi samkv. 30. gr. gjaldþrotaskiftalaganna, var erfinginn sýknaður með því ósannað var að búið væri þrotabú 905

Skírlífisbrot.

Maður dæmdur fyrir brot á 212. og 186. gr. hegningarl. fyrir ofbeldi og saurugt athæfi við kvennmann 123
Ákærða dæmd fyrir sifjaspell samkv. 163. gr. hegningarl. 351
Maður dæmdur fyrir brot á 186. gr. hegningarl. 454

Skulda og reikningsmál.

Mál út af skuldaviðskiftum áfrýjanda við hinn forna Rosmhvalanesshrepp 12
Mál um greiðslu á eftirstöðvum af borgun fyrir fæði og þjónustu 21
Mál um skil á innstæðu í sparisjóðsbók . . . 24
Útgerðarmaður fiskiskips dæmdur til að greiða andvirði vara, er skipstjóri hafði tekið til úthaldsins 87
Dómur í skuldamáli staðfestur eftir kröfu áfrýjanda 97, 466
Stefndi dæmdur til að greiða eftirstöðvar af jarð-

Bls.

arverði, með því að hann gat eigi sannað að þær væru greiddar 144

Ekki tekið tillit til mótmæla áfrýjanda gegn dómi í skuldamáli, með því þessi mótmæli höfðu ekki komið fram í undirrétti 150

Mál út af útgerð fiskiskips. Stefndi dæmdur til að bera að sínum hluta ábyrgð á halla á útgerðinni, en jafnframt álitið að sá af eigendunum, er annaðist útgerð skipsins, gæti ekki fært útgerðinni til útgjalda skuldir skipstjóra og annara af skipshöfninni, er fengið höfðu meira út á kaup þeirra við verzlun útgerðarmannsins en þeir höfðu unnið fyrir 152

Áfrýjandi dæmdur til að greiða viðskiftaskuld 196, 219, 334, 483, 525, 563, 751, 787

Stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda andvirði fyrir pjáturdósir að frádregnu andvirði þeirra dósa, er ekki reyndust nothæfar 253

Mál útaf greiðslu á vöruflutningsgjaldi 298

Áfrýjandi dæmdur til að greiða andvirði hitunartækja í íbúðarhús, með því ekki var sannað að þau hefðu komið seinna en um var samið 341

Áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda eftirstöðvar af umsömdu kaupi, með því að hann hafði ekki sannað að stefndi hefði vanrækt svo vinnuna að segja mætti honum upp fyrirvaralaust 356

Stefndi sýknaður af kröfu áfrýjanda um greiðslu á andvirði fyrir seldar skepnur, með því álitið

Bls.

var að hinn upphaflegi samningsaðili hefði hafið sölusamninginn 367

Áfrýjandi sýknaður af kröfu stefnda um greiðslu á síld, með því að áfrýjandi hafði bannað háseta sínum að taka síld hjá stefnda og síldinni hefði verið samstundis skilað aftur 372

Stefndi sýknaður af kröfu áfrýjanda, er hafði fengið sér framselda kröfu fyrir eftirstöðvum af kaupi verzlunarþjóns, með því ekki var sannað að verzlunarþjóninum hefði verið lofað hærra kaupi, en stefndi kannaðist við, en áfrýjandi hins vegar sýknaður af gagnkröfu stefnda um greiðslu á úttekt verzlunarþjónsins, er hann hafði fengið umfram kaup sitt, með því áfrýjanda væri aðeins skylt að þola skuldajöfnuð en eigi dóm til greiðslu á hærri upphæð . . 375

Kaupmaður dæmdur til að greiða umsamið kaupverð fyrir fisk, með því áskilið mat á fiskinum á útskipunarstað var ekki hrakið . . . 386

Álitið að kaupmaður, er keypt hafði vörur (ull) gæti ekki riftað kaupunum með því tilskilið mat á ullinni hafði farið fram á útskipunarstað og því ekki hnekt með yfirmati . . . 392

Áfrýjandi dæmdur til að greiða eftirstöðvar af andvirði fyr 300 síldartunnur 445

Álitið að veðhafi, sem hefir látið leggja sér veðið út til eignar fyrir hæzta boð á nauðungaruppboði, hafi rétt til að krefjast eftirstöðvanna af skuld sinni hjá skuldunaut 503

I máli þessu var ágreiningur um upphæð inn-

Bls.

lagðrar upphæðar á viðskiftabók við banka. Í viðskiftabókina var ritað »tvö þúsund« með bókstöfum en 1000 kr. í tölum. Bankinn ekki talinn skyldur að greiða hina hærri upphæð, með því ekki verði lögð meiri áherzla á hina bókstöfuðu upphæð, og áfrýjandi gat eigi á annan hátt sannað að hann hefði lagt inn hina meiri upphæð 519

Í máli þessu var ágreiningur um eftir hvaða mælikvarða eigi að reikna verð hálfdrættis í ráðningarsamningi milli útgerðarmanns og háseta. Verð aflans látið koma undir mati óvilhallra dómkvaddra manna 555

Áfrýjandi dæmdur til að greiða bankaskuld . . 573

Áfrýjandi, sem tekið hafði á móti upphæð veðdeildarláns fyrir stefnda, sýknaður af kröfu hans um greiðslu lánsupphæðarinnar, með því að hann gat sannað að hann hafði greitt upphæðina í verzlunarreikning stefnda eftir fyrirmælum hans og ávísun 577

Staðfestur aukaréttardómur um borgun fyrir vinnu við uppskipun á kolum 585

Banki sýknaður af kröfum áfrýjanda um endurgreiðslu á peningum 599

Stefndi, sem hafði pantað vörur hjá verzlunarfélagi í Kaupmannahöfn, dæmdur til að greiða andvirðið kaupmanni þeim, er seldi og sendi vörurnar eftir ráðstöfun verzlunarfélagsins . 647

Áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda vinnulaun 666

Bls.

Mál útaf borgun fyrir móttöku á fiski fyrir verzlun o. fl. 699

Stefndi dæmdur til að greiða verzlunarviðskiftaskuld og áfrýjandi sýknaður af skaðabótakröfu fyrir fógetagerð hjá stefnda 713

Stefndi sýknaður af kröfu áfrýjanda um greiðslu á vinnulaunum, með því stefnda var talið ábyrgðarlaust að telja vinnulaun áfrýjanda móður hans til inntektar 745

Mál út af aukahreinsunum salerna í Reykjavík 767

Maður dæmdur til að greiða áfrýjanda andvirði ýmsra muna, er hann hafði tekið undir sig úr búi hennar. Samningur milli aðila dæmdur ógildur með því viðurkent var að samningurinn hefði ekki verið lesinn upp fyrir seljanda, en hún ekki skrifandi eða læs á skrift . . . 844

Álitið að maður, sem hafði tekið við afsali fyrir jörð með því fororði að hann tæki ekki að sér greiðslu á veðskuld á jörðinni, hefði ekki með því bakað sér persónulega ábyrgð á greiðslu skuldarinnar 872

Síldarútgerðarmaður dæmdur til að greiða viðskiftaskuld 885

Útgerðarmaður dæmdur til að greiða formanni á mótorbát eftirstöðvar af kaupi hans 916

Sveitarmál.

Máli út af ágreiningi milli sveitarstjórnar og umboðsvaldsins um, hve mikið landssjóði beri

Bls.

að greiða samkv. 77. gr. fátækralaganna vísað frá dómstólunum, sem heyrandi undir úrslit umboðsvaldsins 330

Alitið að hreppsnefndaroddviti hafi ekki heimild til á eigið eindæmi að takast á hendur skuldbindingar þær, er ræðir um í samningi, er hann hafði gjört, er hann var oddviti, og deila var út af í málinu 403

Svik, sviksamlegt athæfi.

Maður dæmdur fyrir sviksamlega skýrslu til brunabótafélags samkv. 261. gr. hegningarl. . 55

Umboð, umboðslaun,

Krafa um frávísun máls frá undirrétti fyrir þá sök, að málflutningsmaður sækjanda hafi ekki haft gilt umboð til að höfða málið, eigi tekin til greina 24

Álitið að verzlunarfélag beri ábyrgð á ávísun útgefinni af prókúruhafa félagsins í þess nafni, þótt prókúruhafinn hafi ólöglega notað ávísunina til að greiða með henni skuld félaginu óviðkomandi 203

Áfrýjandi, sem hafði fengið vörur frá stefnda fyrir milligöngu umboðsmanns, sýknaður af kröfu stefnda um greiðslu á andvirði varanna, með því áfrýjandi hafði greitt andvirðið til umboðsmannsins, og sú greiðsla álitin lögmæt,

Bls.

með því gera yrði ráð fyrir að umboðsmanninum hefði verið sent farmskírteinið og honum þarmeð falin umráð yfir vörunum 527
Mál út af greiðslu ómakslauna fyrir sölu á fossi 761

Uppboð.

Maður, sem hafði orðið hæstbjóðandi að húseign á nauðungaruppboði, áfrýjaði uppboðsgerðinni til staðfestingar. Málinu vísað frá yfirdóminum með því áfrýjandi hafði glatað þeim rétti, er hann hafði öðlast við uppboðið, þar eð hann hafði ekki fullnægt uppboðsskilmálunum . . 147
Uppboðsgjörð á húseign feld úr gildi með því húseignin var í uppboðsauglýsingunni tilgreind með því einu að nefna eiganda hennar, en sá maður var eigi eigandi hússins, er auglýsingin var gefin út 286

Úrskurðir.

Itarlegri skýrslur heimtaðar í sakamáli . 282, 620
Synjað um frest til vitnaleiðslu með því hlutaðeigandi málsaðili hafði áður fengið nægilegan frest til þess að koma henni fram, en frestur veittur til andsvara í málinu 871

Úttekt.

Alitið að bókun úttektarmanna um að hlutað-

Bls.

eigendur hafi verið aðvaraðir um úttektina, beri að taka trúanlega 130

Valdsstjórn og allsherjarregla.

Maður, sem kærður var fyrir brot á 1. gr. aðflutningsbannslaganna sýknaður í yfirrétti . 116
Skipstjóri á botnvörpuskipi sektaður fyrir að hafa botnvörpufærin utanborðs í landhelgi . . . 128
Skipstjóri á botnvörpuskipi sektaður fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi. Álitið að ákvæði 2. gr. laga 6. apríl 1898 um upptekt veiðarfæra og afla, eigi aðeins við veiðarfæri og afla skipsins, þegar brotið var framið 264
Skipstjóri sektaður fyrir brot á lögum 6. apríl 1898 338
Mótorbátsformaður sektaður fyrir brot á lögum um vátryggingu fyrir sjómenn 30. júlí 1909 . 348
Maður sektaður fyrir brot á 7. og 11. gr. laga um aðflutningsbann á áfengi 513
Kærða sýknuð af kæru um brot á 1. gr. sbr. 12 gr. laga um aðflutningsbann á áfengi . . 639
Kaupmaður sektaður samkv. hafnarlögum fyrir Reykjavík 11. júlí 1911 fyrir að hafa gert í heimildarleysi dráttarbraut fyrir báta í sjó fram, fram af leigulandi sínu við Reykjavíkurhöfn 652
Ákærði sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 298. gr. hegningarl. sbr. 3. og 6. gr. lögreglusamþyktar fyrir Reykjavík 15. nóv. 1890 . . 660

Bls.

Veð, veðréttur.

Veðréttur á skipi talinn fallinn úr gildi við stranduppboð á skipinu 66
Alitið að veðréttur í húseign nái ekki til húsaleigu eða afraksturs af eigninni með því húseignin sjálf en ekki leiga hennar var veðsett 247

Vitnamál.

Úrskurður um að maður, er kvaddur hafði verið til að bera vitni, skyldi eigi bera vitni í málinu, með því að hann væri viðriðinn málið, feldur úr gildi, með því það bæri undir dómarann í aðalmálinu að meta gildi vitnisburðarins, en vitnið sjálft hafði ekki skorast undan að svara vitnaspurningunum 487
Framburður vitna í skuldamáli tekin gildur, með því mótmæli gegn vitnisburðunum voru ekki álitin á rökum bygð 577, 929
Staðfestur úrskurður vitnadómara, er tók til greina mótmæli vitnis gegn því að bera vitni . . . 926

Víxilmál.

Álitið að víxill þar sem nafn útgefanda var eigi undirritað, en nafn firma sett undir með stimpli en ekkert nafn viðritað, fullnægi eigi fyrirmælum víxillaganna 903

Bls.

Þjófnaður, þjófnaðarhilming.

Maður dæmdur samkv. 240. gr. sbr. 243. gr. hegningarl. fyrir þjófnaðarhilmingu (tilsk. 8/9 1841, 6. gr.) 83
Tveir menn dæmdir fyrir stórþjófnað samkv. 231. gr. sbr. 55. og 45. gr. hegningarl. . . . 113
Maður dæmdur fyrir einfaldan þjófnað í annað sinn samkv. 232. gr. 1. lið hegningarlaganna 346
Maður dæmdur fyrir þjófnað 380
Maður dæmdur fyrir hestaþjófnað samkv. 234. gr. 2. lið hegningarlaganna 439
Maður dæmdur fyrir innbrotsþjófnað samkv. 231. gr. hegningarl. 463
Maður dæmdur fyrir einfaldan þjófnað 540

Ærumeiðingar og skammir.

Sektardómar fyrir meiðyrði samkv. 219. gr. hegningarlaganna 1, 4, 7, 41, 69, 74, 94, 409, 459, 663
Sektardómur fyrir meiðyrði samkv. 217. gr. hegningarlaganna 741
Maður sýknaður í meiðyrðamáli, með því að sækjandi hafði ekki sannað að stefndi hefði viðhaft hin átöldu ummæli 896

Leiðréttingar.

Bls. 253. Stefndur í málinu 14/1909: P. M. Bjarnason & Co. les P. M. Bjarnarson & Co.
— 666. Stefndi í málinu 77/1915: Jónína les Jórunn.
— 831. 10. l. að neðan orðið: og falli burtu.

Landsyfirréttardómar 1913.

Ár 1913, mánudaginn 13. janúar.

Nr. 44/1912: Árni Jóhannsson
gegn
Þorsteini Gíslasyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Árni Jóhannsson bankaritari fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda Þorsteini Gíslasyni ritstjóra blaðsins Lögréttu, fyrir meiðyrði í grein nokkurri nafnlausri með fyrirsögn: »Landsbankinn«, í 12. tbl. VII. árg. blaðsins, er kom út 6. marz f. á., en stefndi var með dómi réttarins uppkveðnum 27. júní f. á. sýknaður af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 5. okt. f. á. og krafist þess, að dómnum verði hrundið, að stefndi verði dæmdur í hæstu refsingu, sem lög ákveða, fyrir meiðyrði og móðgandi ummæli um áfrýjanda og til að greiða málskostnað fyrir bæjarþingi og yfirdómi, svo og að hin áðöldu ummæli verði dæmd dauð og ómerk.

Í fyrtéðri blaðgrein heldur höf. því meðal annars fram, að störfin í Landsbankanum séu, eftir að núverandi bankastjórar tóku við stjórn hans, miklu ver rækt en áður var, og í því sambandi bætir hann við þessari málsgrein: »Þó hefir nýjum og nýjum starfsmönnum og aðstoðarmönnum, sem gengið hafa til handa bankastjórum, sífelt verið viðbætt, teknir á laun í bankanum flækingar og vandræðamenn, sem fengist hafa við ritgutl í

904

Ísafold, svo að bankinn er nú alment nefndur »Letigarðurinn«. Áfrýjandinn er einn af hinum nýju starfsmönnum, er getið er í málsgreininni, og lítur hann svo á, að ummælum hennar öllum sé beint til sín, ekki síður en annara starfsmanna, er bætt hefir verið við í tíð núverandi bankastjórnar. En þessi ummæli telur hann ærumeiðandi: »hafa gengið bankastjórunum til handa«, »teknir á laun í í bankanum flækingar og vandræðamenn«, »svo að bankinn er nú alment nefndur Letigarður«, og krefst ómerkingar á þeim og sektar fyrir þau á hendur stefnda.

Stefndi krefst hins vegar staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarinns. Heldur hann því fram, að hin átöldu ummæli eigi ekki við áfrýjanda, er eigi sé nefndur í greininni, enda séu þau eigi ærumeiðandi.

Hinir nýju starfsmenn í Landsbankanum, sem Lögréttugreinin getur um, eru að sögn áfrýjanda, sem eigi er vefengd, 5 að tölu, og er áfrýjandi einn þeirra. Um 2 af þeim hefir stefndi, eftir áskorun þeirra, lýst því yfir í blaði sínu, að ummælin ættu eigi við þá, en um hina 3 þar á meðal áfrýjanda hefir hann eftir kröfu þeirra látið þess getið í blaðinu, að þeir hafi boðað sér lögsókn út af hinum átöldu ummælum.

Þó að það sé rétt, að áfrýjandi er eigi nefndur í greininni, þó að stefndi, eins og hann fullyrðir, hafi eigi ætlað að beina umstefndum ummælum til áfrýjanda, og þó að hann hafi lýst því yfir á sáttafundi og í varnarskjölum sínum í málinu, að þau ættu að eins við annan nafngreindan starfsmann í bankanum, þá gat honum eigi dulist það, að ummælin voru þannig orðuð, að þau gátu átt við alla hina nýju starfsmenn í bankanum og hvern ein-

stakan þeirra, og að það sérstaklega lá nærri, er stefndi hefir undanþegið 2 af þessum starfsmönnum, að skilja orðin svo, að þau ættu við hina 3 nýju starfsmennina, þar á meðal áfrýjanda, enda er því ekki neitað í málinu að þeir hafi allir fengist við að rita í Isafold. Nafnið »Letigarðurinn«, er hin umstefnda grein telur bankann hafa fengið á sig fyrir töku þessara nýju starfsmanna, bendir einnig til þess, að átt sé við þá alla 3 í greininni, svo margt sem fyrir var áður af starfsmönnum í bankanum, sbr. orð stefnda í framlögðu »Lögréttu«-blaði: Þeir þrír af öllum starfsmannafjölda Landsbankans. Áfrýjandi hafði því ástæðu til að ætla, að ummælunum væri beint til sín, og lesendur blaðsins höfðu einnig ástæðu til að skilja þau svo, og með því að orðin »flækinga« og »vandræðamenn«, svo og orðið »Letigarðurinn« í því sambandi, sem það er sett við hina nýju starfsmenn bankans, eru ærumeiðandi fyrir áfrýjanda, ber eftir kröfu hans að dæma þau dauð og ómerk. En ummælin »hafa gengið bankastjórum til handa«, verða hinsvegar eigi talin varða við lög. Fyrir meiðyrðin verður stefndi að sæta sekt samkvæmt 219. grein hinna almennu hegningarlaga, og þykir hún hæfilega sett 30 krónur, er renni í landsjóð, en í stað sektarinnar komi 6 daga einfalt fangelsi, ef hún er eigi greidd á ákveðnum tíma.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, og ákveðst hann 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjanda Árna Jóhannsson eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi,

Þorsteinn Gíslason, greiði 30 kr. sekt í landsjóð eða sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd á ákveðnum tíma. Hann greiði og áfrýjanda 40 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 45/1912

Jakob Möller
gegn
Þorsteini Gíslasyni

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Jakob Möller bankaritari fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda Þorsteini Gíslasyni ritstjóra blaðsins »Lögréttu« fyrir meiðyrði í grein nokkurri nafnlausri með fyrirsögn: Landsbankinn í 12. tbl. VIII árg. blaðsins, sem kom út 6 marz f. á., en stefndi var með dómi réttarins, uppkveðnum 27. júní f. á., sýknaður af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. okt. f. á., og krafist þess, að dómnum verði hrundið, að stefndi verði dæmdur í hæstu refsingu, sem lög ákveða, fyrir meiðandi og móðgandi ummæli um áfryjanda, og til að greiða málskostnað fyrir bæjarþingi og yfirdómi, svo og að hin átöldu ummæli verði dæmd dauð og ómerk.

Í fyrtéðri blaðgrein heldur höfundurinn því meðal annars fram, að störfin í Landsbankanum séu, eftir að núverandi bankastjórar tóku við stjórn hans, miklu ver rækt en áður var, og í því sambandi bætir hann við svolátandi málsgrein: »Þó hefir nýjum og nýjum starfsmönnum og aðstoðarmönnum, sem gengið hafa til handa bankastjórum, sífelt verið við bætt, teknir á laun í bankanum flækingar og vandræðamenn, sem fengist hafa við ritgutl í Ísafold, svo að bankinn er nú alment nefndur »Letigarðurinn«. Áfrýjandinn er einn af hinum nýju starfsmönnum, sem getið er í málsgrein þessari, og lítur hann svo á, að ummælum hennar öllum sé beint til sín, ekki síður en annara starfsmanna, er bætt hefir verið við í tíð núverandi bankastjórnar. En þessi ummæli telur hann ærumeiðandi: »hafa gengið bankastjórum til handa«, »teknir á laun í bankanum flækingar og vandræðamenn«, »svo að bankinn er nú alment nefndur »Letigarðurinn««, og krefst hann ómerkingar á þeim og sektar fyrir þau á hendur stefnda.

Stefndi krefst hinsvegar staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Heldur hann því fram, að hin átöldu ummæli eigi ekki við áfrýjanda, er eigi sé nefndur í greininni, enda séu þau eigi ærumeiðandi.

Hinir nýju starfsmenn, sem Lögréttugreinin getur um, eru að sögn áfrýjanda, sem eigi er véfengd, 5 að tölu, og er áfrýjandinn einn þeirra. Um 2 af þeim hefir stefndi eftir áskorun þeirra lýst því yfir í blaði sínu, að ummælin ættu eigi við þá, en um hina 3, þar á meðal áfrýjanda, hefir hann, eftir kröfu þeirra látið þess getið í

blaðinu, að þeir hafi boðað sér lögsókn út af hinum átöldu ummælum.

Þó að það sé rétt, að áfrýjandi er eigi nefndur í greininni, þó að stefndi, eins og hann fullyrðir, hafi eigi ætlað að beina umstefndum ummælum til áfrýjanda, og þó að hann hafi lýst því yfir á sáttafundi og í varnarskjölum sínum í málinu, að þau ættu aðeins við annan nafngreindan starfsmann í bankanum, þá gat honum ekki dulist það, að ummælin voru þannig orðuð, að þau gátu átt við alla hina nýju starfsmenn í bankanum og hvern einstakan þeirra, og að það sérstaklega lá nærri, er stefndi hefir undanþegið 2 af þessum 5 starfsmönnum, að skilja orðin svo, að þau ættu við hina 3 nýju starfsmennina, þar á meðal áfrýjanda, enda er því ekki neitað í málinu, að þeir hafi allir fengist við að rita í Ísafold. Nafnið »Letigarðurinn«, er hin umstefnda grein telur bankann hafa fengið á sig fyrir töku þessara nýju starfsmanna, bendir einnig til þess, að átt sé við þá alla 3 í greininni, svo margt sem fyrir var áður af starfsmönnum í bankanum, sbr. orð stefnda í framlögðu Lögréttu-blaði: þeir þrír af »öllum starfsmannafjölda Landsbankans«. Áfrýjandi hafði því ástæðu til að ætla, að ummælunum væri beint til sín, og lesendur blaðsins höfðu einnig ástæðu til að skilja þau svo; og með því að orðin »flækingar« og »vandræðamenn«, svo og orðið »Letigarðurinn«, í því sambandi, sem það er sett við hina nýju starfsmenn bankans, eru ærumeiðandi fyrir áfrýjanda, ber eftir kröfu hans að dæma þau dauð og ómerk. En ummælin »hafa gengið bankastjórunum til handa«. verða hinsvegar ekki talin varða við lög.

Fyrir meiðyrðin verður stefndi að sæta sekt samkvæmt 219. grein hinna almennu hegningarlaga, og þykir hún

hæfilega sett 30 kr., er renni í landsjóð, en í stað sektarinnar komi 6 daga einfalt fangelsi, ef hún er eigi greidd á réttum tíma.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjanda, Jakob Möller, eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi, Þorsteinn Gíslason, greiði 30 kr. sekt í landsjóð, eða sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd á ákveðnum tíma. Hann greiði og áfrýjanda 40 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 18/1912. Magnús Torfason gegn Þorvaldi Jónssyni.

Dómur:

Í bréfi, dags. 28. nóv. 1910, til Magnúsar yfirréttarmálaflutningsmanns Sigurðssonar, fór áfrýjandi Magnús bæjarfógeti Torfason á Ísafirði svofeldum orðum um stefnda, Þorvald Jónsson útbúsbankastjóra þar: »Sama ofstopann sýnir skjal það, er hann (stefndi) hefir smalað og látið smala 125 nöfnum á, og ei einstakt, að nokkur maður skuli leyfa sér að fleka samborgara sína til undirskrifta undir slíkt lygaskjal«. — — — »Þó tekur út yfir, að hann skuli jafn óþyrmilega hafa notað stöðu sína sem

útbankastjóri«. — Ummæli þessi taldi stefndi ærumeiðandi og höfðaði því mál þetta fyrir aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar; voru ummælin með dómi réttarins, uppkveðnum 6. febr. f. á., dæmd dauð og ómerk, áfrýjandi sektaður fyrir þau um 40 kr. til landsjóðs, er afplánast skyldu með 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin væri eigi greidd á ákveðnum tíma, og dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. í málskostnað. Svo voru og ýms ummæli um stefnanda og málfærslumann hans í varnarskjölum áfrýjanda fyrir aukaréttinum dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandi sektaður fyrir ósæmilegan rithátt um 5 kr. til landsjóðs og 5 kr. til fátækrasjóðs Ísafjarðarkaupstaðar.

Þessum dómi og 2 úrskurðum, er upp voru kveðnir í málinu 2. og 3. jan. f. á., hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 3. maí f. á. Er það aðalkrafa hans, að málinu verði heim vísað til nýrri og betri meðferðar, að dómurinn verði dæmdur ómerkur, og að hinum áfrýjuðu úrskurðum verði hrundið og breytt þannig, að kröfum áfrýjanda um frest, er hrundið var með úrskurðunum, verði teknar til greina, eða til vara, að honum verði veittur hæfilegur frestur, sem yfirdómurinn ákveður, til að leiða vitni þau, sem honum hefir verið meinað að leiða fyrir undirrétti. En varakröfu gerir hann þá, að málinu verði vísað frá aukaréttinum og sér dæmdur kostur og tæring og málskostnaður eftir mati réttarins, og enn til vara, að hann verði dæmdur sýkn af kærum og kröfum stefnda, og hann dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins bæði fyrir undir og yfirdómi, og til þrautavara, að hin ídæmda sekt og málskostnaður verði lækkað eins og lög frekast leyfa, og að honum verði

dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi, hvernig sem málið fer.

Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 9. sept. f. á. og krafist þess, að dómurinn verði þyngdur bæði að sekt og málskostnaði sem lög frekast leyfa, samkvæmt kröfum hans fyrir undirrétti, en til vara, að dómurinn verði staðfestur í öllum atriðum. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Kröfu sína um frávísun málsins frá aukaréttinum byggir áfrýjandi á því, að lögleg sáttatilraun hafi eigi verið gjörð í málinu. Með því að þetta málsatriði ber að rannsaka ex officio, og aðrar kröfur áfrýjanda geta eigi komið til álita, ef frávísunarkrafan telst á rökum bygð, verður að athuga þessa kröfu fyrst, þó að hún sé framsett til vara. Á sáttatilrauninni telur áfrýjandi þann galla, er sé frávísunarsök, að 2. sáttanefndarmaður, mágur og systrungur stefnda, hafi einn — stefndi er sjálfur 1. sáttanefndarmaður — fjallað um hana, án þess að bera undir áfrýjanda samkv. 34. gr. sáttatilsk. 20. jan. 1797, hvort hann gjörði sig ánægðan með það, en vottorð sáttanefndarmannsins um að báðir málsaðilar hafi samþykt, að hann fjallaði um sættir í málinu, lýsir áfrýjandi rangt. Málskjölin bera með sér, að boðað var tvisvar til sáttafundar í málinu, fyrra skiftið 28. júní, en sá fundur fórst fyrir, og aftur 24. júlí, þegar sáttaumleitunin fór fram. Áfrýjandi kannast að vísu við, að hann hafi 28. júní svarað fyrirspurn 2. sáttanefndarmanns um það, hvort áfrýjandi gerði sig ánægðan með, að hann einn fjallaði um málið, játandi, en þessi játun segir áfrýjandi, að hafi að eins átt við sáttafundinn 28. júní, en ekki við fundinn 24. júlí, en þá hafi sáttanefndarmaðurinn ekki spurt

sig um þetta, sem honum þó hefði verið skylt, samkvæmt fyr téðri lagagrein. Hins vegar hefir áfrýjandi viðurkent það, að hann hafi eigi á sáttafundinum hreyft neinum mótmælum gegn því, að 2. sáttarnefndarmaður fjallaði einn um málið, eða látið í ljósi, að hann tæki samþykki sitt aftur. En þegar svo var, hafði sáttanefndarmaðurinn, jafnvel þó ekki lægi fyrir annað nýrra samþykki frá áfrýjanda hálfu, fulla heimild til að líta svo á, að áfrýjandi hefði samþykt, að hann einn fjallaði um sættir í málinu, og votta samkvæmt því á sáttakæruna eins og hann gerði. Sáttatilraunin verður því að teljast lögleg, en frávísunarkrafan eigi á rökum bygð.

Með hinum áfrýjuðu úrskurðum var áfrýjanda synjað um frest til vitnaleiðslu, og er fyrri úrskurðurinn, 2. janúar, bygður á þeirri ástæðu, að áfrýjandi hafi þegar haft langan frest til vitnaleiðslu, og auk þess fleiri fresti, og því átt að hafa nægan tíma til að koma að vitnagögnum sínum í málinu, og síðari úrskurðurinn, 3. janúar, á því, að vitnisburður sá, er áfrýjandi ætlaði að nota frestinn til að afla sér, sé þýðingarlaus í málinu. Með því að yfirdómurinn felst á þessar ástæður, ber að staðfesta hina áfrýjuðu úrskurði, og er þá sjálfgefið, að varakrafa áfrýjanda um frest fyrir yfirdómi til að leiða vitni þau, er honum var meinað að leiða fyrir undirrétti, verður eigi heldur tekin til greina.

Fyrir kröfu sinni um fulla sýknun í málinu færir áfrýjandi þær ástæður, að hin umstefndu ummæli séu að nokkru leyti sönn og að öðru leyti eigi ærumeiðandi.

Skjal það, er ummælin eiga við, og lagt var fram í yfirdómi í máli milli stefnda og bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar Ísafjarðarkaupstaðar, er vottorð eða yfir-

lýsing 125 manna á Ísafirði um þrifnað og hirðusemi stefnda sem húsráðanda og lóðareiganda, og var skjalið staðfest fyrir rétti af nokkrum af undirskrifendum, en að öðru leyti tók áfrýjandi fyrir hönd heilbrigðisnefndarinnar það jafn gilt eins og það væri staðfest í rétti. Engu að síður heldur hann því nú fram, að í vottorðinu sé farið með ósannindi, þar sem sagt sé, að heilbrigðisnefndin hafi ákært eða sektað stefnda fyrir óþrifnað, en það sé tilhæfulaust, og skjalið því réttnefnt lygaskjal. En áfrýjandi fer hér eigi rétt með það, sem í skjalinu stendur, því þar segir svo: »Það vakti almenna undrun og óánægju meðal íbúa bæjarins, er sú fregn barst út, að heilbrigðisnefndin hefði fundið ástæðu til að ákæra (sekta) þenna mann (stefnda) fyrir óþrifnað« o. s. frv. Áfrýjandi hefir eigi hrakið það, að áminst fregn hafi borist um bæinn og vakið þar almenna undrun og óánægju, og fjöldi undirskriftanna á skjalinu virðist bera vott um, að þessi ummæli hafi eigi verið röng eða ástæðulaus. Annað hefir áfrýjandi eigi tilgreint, er hann telji ósatt í yfirlýsingunni, og hefir hann því eigi réttlætt það, er hann nefnir hana lygaskjal. Eigi hefir honum heldur tekist að sanna, að stefndi hafi fengið neinn, enn síður flekað neinn, þ. e. fengið hann með ósönnum fortölum, til að skrifa undir skjalið, eða að hann hafi misbeitt stöðu sinni sem bankastjóri í því skyni. Hin átöldu ummæli verða að teljast mjög ærumeiðandi, og með því að þau eru eigi réttlætt, ber eftir kröfu stefnda að dæma þau dauð og ómerk og láta þau varða áfrýjanda sekt samkvæmt 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir sektin hæfilega metin af undirdómaranum 40 krónur og vararefsingin 8 daga einfalt fangelsi.

Með því að yfirdómurinn einnig felst á ákvæði aukaréttardómsins um ómerking ummæla í varnarskjölum áfrýjanda og sekt fyrir þau, svo og um málskostnað, ber að staðfesta dóm þennan í öllum atriðum.

Eftir þessum úrslitum málsins ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Áfrýjandinn, Magnús bæjarfógeti Torfason, hefir í skjölum, er hann lagði eða hefir látið leggja fram í málinu, farið meiðandi og óvirðandi orðum um yfirdóminn, og verður því að sæta sekt fyrir ósæmilegan rithátt; ákveðst hún 40 kr., er renni að helmingi í landsjóð og að helmingi í fátækrasjóð Ísafjarðarkaupstaðar.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Magnús Torfason bæjarfógeti, greiði stefnda Þorvaldi Jónssyni bankastjóra 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Áfrýjandi greiði og sekt í landsjóð 20 kr. og í fátækrasjóð Ísafjarðarkaupstaðar 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

20. jan. nr. 38/1912.

Þórður J. Thoroddsen
gegn
hreppsnefnd Gerðahrepps.

Dómur:

Mál þetta hefir hreppsnefnd Gerðahrepps höfðað fyrir

bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjandanum, Þórði J. Thoroddsen lækni, út af skuld, er hún taldi til hjá honum, fyrir hönd hins forna Rosmhvalaneshrepps, að upphæð kr. 256,04. Áfrýjandi hélt því aftur á móti fram, að hann skuldaði hreppnum ekkert, en ætti hjá honum kr. 61,10 og höfðaði gagnsök, til þess að fá sér tildæmda þá upphæð. Málinu lauk með dómi nefnds réttar, 29. júní 1911, þannig, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda kr. 226,04 með 5% ársvöxtum til borgunardags, en að öðru leyti skyldu málsaðilar sýknir hvor af annars kröfum í málinu, og málskostnaður falla niður.

Nefndum dómi hefir áfrýjandinn, Þórður J. Thoroddsen, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. septbr. 1912, og samkvæmt uppreistarleyfi, dags. 1. okt. s. á., og hefir hann krafist þess, að verða algjörlega sýknaður í aðalsökinni, en að sér verði í gagnsökinni dæmdar 61 kr. 10 aurar, auk vaxta 5% á ári frá 1. febr. 1911 og málskostnaðar. Hin stefnda hreppsnefnd hefir fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málaflutningsmann, og hefir þess verið krafist af hennar hálfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum greinum og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað að skaðlausu eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til hins skipaða málflutningsmanns.

Skuld sú, er Gerðahreppur krefur áfrýjanda um í máli þessu, stafar frá viðskiftum áfrýjanda við Rosmhvalaneshrepp hinn forna árið 1913, og var lagður fram reikningur yfir þessi viðskifti fyrir bæjarþingsréttinum af hálfu Gerðahrepps, sem átti innköllunarrétt á skuld áfrýjanda til hreppsins, en hún var talin sem fyr segir kr. 256,04, en var færð niður í 226 kr. 14 aur. með bæjarþingsdóm-

inum. Afrýjandi heldur því fram, að sér séu oftaldar til skuldar í greindri upphæð 212 kr. 14 aurar, sem tilfærðar eru þannig í reikningi stefndu við 1. okt. 1913: Peningar hjá Duus kr. 212.14, og einnig séu sér vantaldar tekjumegin 75 kr., er sér beri sem endurgreiðsla á ofgoldnu aukaútsvari. Um fyrra atriðið, kr. 212.14, er það að segja, að áfrýjandi hefir að vísu viðurkent að hafa fengið þessa upphæð greidda af Duusverzlun nefndan dag (1. okt. 1903), en hann hefir neitað því eindregið, að sú útborgun hafi snert nokkuð viðskifti sín við Rosmhvalaneshrepp eða hann (áfrýjandi) átt að skuldast fyrir henni til hreppsins, og hafi peningarnir verið greiddir sér af verzluninni í alt öðru skyni, nefnilega upp í ávísun til Duusverzlunar frá ýmsum fyrir læknishjálp og annað, og hefir áfrýjandi nákvæmar skýrt frá því í málinu, fyrir hvað honum hafi verið ávísað þessu fé. Stefndi hefir til stuðnings sínu máli skýrskotað til staðfests útdráttar úr höfuðbók Duusverzlunar, þar sem upphæðin er bókfærð, sem greidd áfrýjanda úr reikningi Rosmhvalanesshrepps, en að öðru leyti er ekki frá stefnda hálfu sannað neitt né upplýst um greiðsluna, og sérstaklega hefir stefndi eigi orðið við áskorun áfrýjanda um að skýra frá, fyrir hvað hann hafi verið skuldaður um upphæðina til hreppsins, eða sýna viðurkenningu hans fyrir því, að hann hafi meðtekið upphæðina frá hreppnum. Stefndi virðist eftir þessu eigi hafa gegn mótmælum áfrýjanda sannað, að hann skuldaði hér umræddar kr. 212.14, og á því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda um nefndar kr. 212.14. Þá hefir áfrýjandi talið sig hafa átt heimting á að fá endurgreiddar 75 kr. af Rosmhvalaneshreppi, sakir þess, að lagt var á hann í hreppi þessum fardagaárið 1903—4 280 kr.

útsvar, sem honum er talið til skuldar í reikningnum með fullri upphæð, en áfrýjandi flutti alfarinn til Reykjavíkur haustið 1903, og varð þar um veturinn eða vorið eftir að greiða 75 kr. útsvar; telur hann sig þannig hafa tvíborgað útsvar fyrir sama tímabilið og krefst því endurborgunar af hreppnum á 75 kr. þeim, er hann hafi goldið í Reykjavík eftir að hann var fluttur þangað. Þessi krafa áfrýjanda verður þó ekki tekin til greina, með því að sveitarstjórnarlögin heimila ekki áfrýjanda neinn rétt til endurgreiðslu á löglega álögðu aukaútsvari þótt hann flytjist á árinu í annan hrepp og greiði þar aukaútsvar, en því er ekki haldið fram, að hreppsnefndin hafi lofað áfrýjanda neinni slíkri endurgreiðslu.

Samkvæmt framanrituðu verður skuld áfrýjanda eftir hinum áfrýjaða dómi að færast niður um kr. 212,14, eða niður í kr. 13,90, og vextirnir að miðast við þá upphæð. Að öðru leyti ber að staðfesta dóminn. Í málafærslulaun fyrir yfirdómi ber hinum skipaða talsmanni hreppsnefndarinnar, sem flutt hefir málið þar óaðfinnanlega, 20 kr., er greiðist honum af almannafé. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Þórður J. Thoroddsen greiði stefndu hreppsnefnd Gerðahrepps 13 kr. 90 aura með 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 22. desbr. 1910 til borgunardags. Að öðru leyti á dómurinn að vera óraskaður. Í málfærslulaun fyrir yfirdómi greiðist

hinum skipaða talsmanni stefnda Oddi yfirréttarmálaflutningsmanni Gíslasyni 20 krónur úr landsjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 42/1912.

Einar M. Jónasson
gegn
Birni Kristjánssyni og
Birni Sigurðssyni fyrir
hönd Landsbankans
og Jóni Magnússyni
bæjarfógeta.

Dómur:

Veturinn 1908 brann húsið nr. 17 við Laugaveg hér í bænum, eign Jóhannesar Kr. Jóhannessonar trésmiðs — hann er í málsskjölunum ýmist nefndur Jóhann eða Jóhannes, en hið síðara virðist réttara. Vátryggingarféð fyrir húseigninni, kr. 4539,42, lagði hann 5. febr. 1909 inn í Landsbankasparisjóðsbók nr. 14076, og fekk bankastjórnin sparisjóðsbókina í sínar vörzlur til frekar tryggingar lánum þeim, er á húseigninni hvíldu til bankans. Eftir brunann reisti Jóhannes nýtt hús á eigninni og fekk til þess lán hjá h/f »Völundi« gegn veði í húseigninni, en áður en húsið var fullgjört, lét hlutafélagið 11. febr. 1909, að undangenginni réttarsætt milli hans og Jóhannesar 8. s. m., gjöra fjárnám í eigninni og bruna-

bótafé eldra hússins, kr. 4500,00, fyrir skuld Jóhannesar, kr. 10883,58 með vöxtum, og keypti hana síðan á nauðungaruppboði 19. marz 1909 fyrir kr. 13200,00. Samkvæmt uppboðsskilmálunum skyldi kaupandi greiða eða taka að sér greiðslu á veðskuldum á eigninni, að því er uppboðsverð hrykki til, og í afsalsbréfi, dags. 30. s. m., er því lýst yfir, að «Völundur« hafi fullnægt uppboðsskilmálunum í öllum greinum. En áður en sala þessi fór fram, hafði stjórn Landsbankans dagana 4. og 5. s. m. tekið brunabótafé, að fráteknum kr. 40,50, sem áður höfðu verið greiddar af því eftir ráðstöfun Jóhannesar, úr sparisjóðsbókinni til lúkningar 1. og 2. veðrétti, er á eigninni hvíldu til bankans, og gerði bankastjórnin þetta, án þess að bera það áður undir Jóhannes eða fá samþykki hans til þess. Þessa ráðstöfun bankastjórnarinnar á brunabótafénu taldi hann heimildarlausa og ólöglega og kærði hana út af því til sáttanefndar, en sættir komust eigi á, og var málinu ekki framhaldið frekar. En með skjali, dags. 30. apríl f. á., framseldi Jóhannes áfrýjanda þessa máls, Einari M. Jónassyni yfirréttarmálaflutningsmanni, til fullrar eignar og umráða nefnda sparisjóðsbók nr. 14076 við sparisjóðsdeild Landsbankans með innstæðu kr. 4539, 42 auk vaxta frá því í febrúar 1909, og samkvæmt þessu framsali höfðaði nefndur málaflutningsmaður mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur hinum stefndu, Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni bankastjórum fyrir hönd Landsbankans, til afhendingar á sparisjóðsbókinni með innstæðu og vöxtum eða greiðslu á innstæðunni með vöxtum. Var málið dæmt í nefndum rétti 1. ágúst f. á. og stefndu sýknaðir, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. okt. f. á., og krafist þess, að honum verði breytt þannig, að kröfur hans fyrir undirréttinum verði teknar til greina, en þar hélt hann því fram, að stefndu yrðu dæmdir til að framselja sér Landsbankasparisjóðsbók nr. 14076 með innstæðu, kr. 4539,42 að frádregnum fyrgreindum kr. 40,50 = kr. 4498,92, eða aðra sparisjóðsbók með jafnhárri innstæðu með 4% vöxtum frá 5. febr. 1909 til 14. maí f. á. og þar eftir með 6% ársvöxtum til borgunardags og greiða sér 2000 kr. í skaðabætur fyrir ólögmætt hald á peningum áfrýjanda; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum að skaðlausu eða eftir mati yfirdómsins. Ennfremur hefir áfrýjandi stefnt héraðsdómaranum, Jóni Magnússyni, til sekta og skaðabótaábyrgðar fyrir meðferð málsins og uppkveðinn dóm.

Af hálfu bankastjóranna er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins, og er því haldið fram til stuðnings þessum kröfum, að hið umþráttaða brunabótafé hafi eftir samráði við Jóhannes Kr. Jóhannesson verið lagt í sparisjóð Landsbankans og bankanum fengin sparisjóðsbókin að handveði; hafi það verið tilætlunin, að féð gengi til innlausnar 1. og 2. veðrétti, sem bankinn átti í hinni brunnu húseign og komnir voru í eindaga, og hafi því verið full heimild fyrir ráðstöfun bankastjórnarinnar á fé þessu. En samhliða þessu líta stefndu svo á, að h/f. »Völundur« hafi á uppboðinu 19. marz 1909 eignast brunabótaféð, svo að heimilt hafi verið að skoða fyrgreinda ráðstöfun á því sem greiðslu frá hlutafélaginu á veðskuldunum til

bankans, er það tók að sér við kaupin. Og hvað sem þessu líður, hafi Jóhannes Kr. Jóhannesson ekkert tilkall átt til þess, að brunabótafé væri honum greitt, með því að húseignin hafi verið veðsett fyrir miklu hærri upphæð en brunabótafé og uppboðsverð hússins samanlagt nam, svo að báðar þessar fjárhæðir hefðu orðið að ganga til lúkningar veðskuldunum, það sem þær náðu, en Jóhannes ekki haft neinn rétt til að ráðstafa þeim.

Að h/f. Völundur hafi eignast brunabótafé á uppboðinu 19. marz 1909 er bygt á því einu, að félagið lét, eins og fyr er sagt, gera fjárnám í því um leið og í húseigninni 11. febr. s. á., en við framhald þeirrar aðfarar er eigi minst á þetta fé, þess að engu getið, hvorki í uppboðsgjörð né uppboðsskilmálum, og verður þá eigi ætlað, að »Völundur« hafi orðið eigandi þess, hvorki við uppboðið né á annan hátt, enda hafði bankastjórnin þá tekið það til lúkningar 1. og 2. veðrétti bankans í eigninni. Það er nú að vísu eigi heimild til að gera ráð fyrir því, eins og gert er í bæjarþingsdómnum, að Jóhannes hafi þegjandi samþykt þessa ráðstöfun bankastjórnarinnar, og hana virðist hafa brostið formlega heimild til þess umsvifalaust að verja fénu, sem var eign Jóhannesar, á umgetinn hátt. En hins vegar var þessi eign hans eigi óbundin, þar sem bankinn hafði fengið hana að handveði til frekari tryggingar veðrétti sínum í húseigninni nr. 17 við Laugaveg, og hf. »Völundur« hafði með fjárnámi 11. febr. 1909 fengið lögveð (útlegg) í fénu næst á eftir varaveði bankans í því. Í rauninni átti hf. »Völundur« eftir uppboðið á húseigninni 19. marz 1909, samkvæmt skilmálum þess uppboðs, að greiða bankanum út veðskuldir hans á 1. og 2. veðrétti, og

hefði þá varatrygging bankans í brunabótafénu fallið burtu og Völundur einn átt veðrétt í því. En bankastjórnin var þegar, áður en uppboðið fór fram, eða 4. og 5. marz, eins og áður er sagt, búin að taka til sín brunabótafé upp í nefndar veðskuldir sínar, og virðist svo hafa verið litið á, bæði af Völundi og af uppboðsráðanda, er hann gaf út uppboðsafsalið 30. s. m., með viðurkenningunni um að Völundur hefði fullnægt að öllu leyti uppboðsskilmálunum, þar á meðal skyldu sinni að borga bankanum út 1. og 2. veðrétt, sem bankinn hafði tekið sem greiðslu frá Völundi af brunabótafénu, borgun þessara veðskulda, er Völundur átti að greiða honum af uppboðsandvirðinu, enda gerði það engan mun hvernig greiðslan færi fram að þessu leyti, þar sem Völundur, sem fjárnámshafi, átti lögveð í brunabótafénu að loknum bankaskuldunum, og hafði því, eins og komið var, fullan rétt til að samþykja töku bankans á því. Með því að bankinn hefir ekki með þessu móti fengið meira upp í veðskuldir sínar en hann átti heimting á að fá sem veðhafi í húseigninni nr. 17 á Laugavegi og hf. Völundur sem veðhafi í brunabótafénu verður að teljast hafa samþykt eftir á töku bankans á fénu upp í 1. og 2. veðrétt, er hann (Völundur) var annars skyldur að greiða af hendi, verður ekki álitið að Jóhannes Kr. Jóhannesson hafi átt neina kröfu á hendur bankanum fyrir töku brunabótafjárins, eða til þess að fá framselda sér oft nefnda sparisjóðsbók, og gat hann þá ekki heldur framselt öðrum neinn rétt í því efni. Eftir þessu verður að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda í þessu máli, og með því að yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og bæjarþingsdómurinn og felst á málskostnaðarákvæði hans, má

staðfesta dóm þenna. En málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Hinn stefndi héraðsdómari hefir krafist sýknunar af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar hjá honum, og með því að áfrýjandi hefir engar gildar ástæður fært fyrir kröfum sínum, verður að dæma héraðsdómarann sýknan af þeim og skylda áfrýjanda til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Héraðsdómarinn, Jón Magnússon bæjarfógeti, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda Einars M. Jónassonar í þessu máli, og ber áfrýjanda að greiða honum 20 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

24. febr. nr. 3/1912.

Jakob Jónsson
gegn
Helgu Sigurðardóttur.

Dómur:

Mál þetta höfðaði fyrir aukarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar hin stefnda, stúlkan Helga Sigurðardóttir á Seyðis-

firði gegn áfrýjandanum, Jakob Jónssyni fiskimatsmanni samastaðar, til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér skuld, að upphæð 181 kr. 37 a., er hún taldi sig eiga hjá honum, sem eftirstöðvar af borgun fyrir fæði og þjónustu frá árunum 1908—9. Málið var dæmt í nefndum rétti 10. júní 1911 með þeim úrslitum, að áfrýjandi var skyldaður til að greiða stefndu 164 kr. 37 a. með 5% vöxtum á ári frá sáttakærudegi 7. des. 1910, til borgunardags, en hins vegar var stefnda, sem ekki hafði mætt sjálf á sáttafundi í málinu og þó eigi sannað forföll, dæmd í 8 kr. sekt til landsjóðs og til að greiða áfrýjanda málskostnað 10 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 3. júlí 1911, og krafist þess, að dómsupphæðin verði færð niður í 7 kr. 42 a., en dómurinn staðfestur að öðru leyti, og að stefnda verði dæmd til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati. Af stefndu hálfu hefir þess hins vegar verið krafist, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Mál þetta er þannig tilkomið, að áfrýjandi keypti fæði og þjónustu hjá stefndu frá 7. des. 1908 til 29. des. 1909, og nam borgunin, sem stefnda átti fyrir þetta, eftir reikningi hennar, sem lagður var fram í aukaréttinum, alls 349 kr., en stefnda taldi sig hafa fengið upp í þetta hjá áfrýjanda, er mál þetta var höfðað síðast á árinu 1910, samtals 167 kr. 63 a., er hún tók við í vörum úr verzlunarreikningi áfrýjanda á Seyðisfirði. Taldi stefnda sig eiga enn eftir hjá áfrýjanda 181 kr. 37 a. Áfrýjandi aftur á móti hélt því fram fyrir aukaréttinum, að sumpart væru fæðispeningar þeir, er stefnda

gerði kröfu til, oftaldir fyrir 17 daga eða um 17. kr.; sumpart hefði úttekt stefndu úr reikningi hans numið miklu meiru en talið væri honum til góða í reikningi hennar, og væri skuld hans, þegar þetta hvorttveggja væri leiðrétt, 7 kr. 42 a.

Í aukaréttinum varð það niðurstaðan, að áfrýjandi hefði gert nægilega grein fyrir eða stefnda eigi nægilega mótmælt því, að fæðispeningarnir væru af stefndu oftaldir um 17 krónur, og því var krafa hennar færð niður um þá upphæð, eða í 164 kr. 37 a., en að öðru leyti var krafa stefndu tekin til greina, með því að áfrýjandi hafði eigi fært sönnur á það, gegn neitun stefndu, að hún hefði tekið við meiru upp í skuldina, en hún kannaðist við fyrir aukaréttinum.

Eins og málið liggur fyrir yfirdóminum, er nú spurning um það eitt, hvort áfrýjandi hafi, eins og hann heldur fram, greitt stefndu meira upp í skuldina úr reikningi sínum, en hún hefir kannast við og til greina var tekið í aukaréttardóminum, en eins og fallast verður á það álit aukaréttardómarans, að engar sönnur hafi fyrir aukaréttinum verið færðar fyrir frekari borgun af hendi áfrýjanda, en þar var til greina tekin, eins hefir heldur ekki vitnaleiðsla, er áfrýjandi hefir látið fram fara um það efni meðan málið var fyrir yfirdóminum, leitt til neinna nýrra upplýsinga fyrir málið. Það verður því að staðfesta að öllu leyti hinn áfrýjaða dóm.

Í málskostnað fyrir yfirdómi virðist rétt að áfrýjandi greiði stefndu 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Jakob Jónsson fiskimatsmaður greiði stefndu Helgu Sigurðardóttur á Seyðisfirði í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 39/1912. Þórður J. Thoroddsen gegn Ólöfu Magnúsdóttur.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefnda Olöf Magnúsdóttir í Keflavík fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda, Þórði J. Thoroddsen lækni, til greiðslu á kr. 248,73, er hún taldi sig eiga í vörzlum hans, og lauk málinu með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 22. febrúar f. á., þannig, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefndu kr. 133,36 með 5% ársvöxtum frá 28. apríl 1911 til borgunardags, og var málskostnaður látinn falla niður, en skipuðum málfærslumanni stefndu, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni, voru dæmdar 25 kr. í málfærslulaun af almanna fé.

Nefndum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. sept. f. á., og krafist þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og sér dæmdur

málskostnaður, en til vara, að hann verði sýknaður og fái sér dæmdan málskostnað, og enn til vara, að honum verði eigi gjört að greiða stefndu meira en 15 kr., í mesta lagi 25 kr., og málskostnaður verði látinn falla niður. Stefnda hefir fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málfærslumann, sem hefir krafist þess fyrir hennar hönd, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, svo krefst hann og, að sér verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun eftir mati réttarins.

Áfrýjandi krefst frávísunar málsins frá undirréttinum fyrir þá sök, að málfærslumaður stefndu hafi eigi haft gilt umboð til þess að höfða málið, með því að áfrýjandi hafi, eftir að umboðið var gefið út og áður en málið var höfðað, sent stefndu reikningsskil yfir viðskifti þeirra, og þar sem stefnda hafi eigi fundið neitt að þessum reikningsskilum, hafi umboðið til að lögsækja áfrýjanda út af þeim fallið niður. En þetta á eigi við neitt að styðjast, með því að áfrýjandi hefir eigi sýnt fram á neitt, er bendi til þess, að stefnda hafi gjört sig ánægða með reikningsskil hans, og því viljað afturkalla umboðið, en hún hefir þvert á móti ítrekað það, og staðfest undir rekstri málsins í bæjarþinginu. Frávísunarkrafan verður því eigi samþykt.

Í septembermánuði 1900 fekk stefnda áfrýjanda í hendur viðskiftabók við sparisjóð Landsbankans með kr. 277,67 innstæðu, í því skyni, að sögn hennar, að hann léti innrita í bókina áfallna vexti. Eftir það kom sparisjóðsbókin eigi í hendur stefndu, en áfrýjandi hafði hana í vörzlum sínum og ráðstafaði innstæðu hennar þannig, að hann tók út kr. 253,15 24. sept. 1900 og keypti bankavaxta-

bréf fyrir 200 kr. af þeirri upphæð, og 30. nóv. 1909 tók hann út það, sem þá var eftir af innstæðunni, kr. 44,17 og ónýtti sparisjóðsbókina. Á þessum árum hafði stefnda fengið ýmsar upphæðir hjá áfrýjanda, og þegar hann eftir kröfu hennar gjörði reikningsskil fyrir viðskiftum þeirra, taldi hann skuld sína til hennar kr. 63,82, er hann greiddi henni þá um leið.

En þessi reikningsskil þótti stefndu eigi fullnægjandi, og taldi ýmsar upphæðir, bæði útteknar og innlagðar í reikning áfrýjanda rangar, svo að reikningshalli henni í óhag væri samtals kr. 248,73, og krafðist hún í héraði að áfrýjandi væri dæmdur til að greiða sér þá upphæð, en með dóminum voru aðeins teknar til greina þessar aðfinslur við reikninginn: oftalin peningaborgun til stefndu kr. 50,00, oftalin umboðslaun til áfrýjanda kr. 35,00 og ranglega taldir vextir af úttekt stefndu kr. 48,36, samtals kr. 133,36, sem er dómsupphæðin.

Í skilagrein áfrýjanda er talið, að stefnda hafi meðtekið af geymslufé sínu hjá honum kr. 155,00 á árunum frá sept. 1903 til sept. 1909, en stefnda kannast eigi við, að áfrýjandi hafi greitt sér meir en kr. 105,00 á þessu árabili, og gegn neitun hennar hefir áfrýjandi eigi fært sönnur á, að reikningur hans sé að þessu leyti réttur, og krafa hans um frádrátt áminstra 50 kr. frá dómsupphæðinni verður því eigi tekin til greina.

Í skilagreininni reiknar áfrýjandi sér 50 kr. umboðslaun og ómakslaun fyrir ýms störf, er hann hafi leyst af hendi fyrir stefndu, svo sem sölu á húseign, kaup á bankavaxtabréfum og margar fjárgreiðslur til hennar. Stefnda neitar því, að áfrýjandi hafi starfað neitt fyrir sig annað en semja kaupsamning um hús, sem hún seldi fyrir 260

kr., og bankavaxtarbréfin hafi hann eigi keypt eftir umboði frá sér, en án sinnar vitundar. Eftir þessum framburði stefndu, sem áfrýjandi hefir eigi hnekt, og þó að tekið sé tillit til þess, að áfrýjandi hefir samkvæmt skilagreininni nokkrum sinnum greitt stefndu upphæðir af geymslufé hennar, virðast ómakslaun þau, er áfrýjandi getur átt tilkall til fyrir umgetin störf í þarfir stefndu, eigi geta verið hærri en undirdómurinn hefir ákveðið þau, sem sé 15 kr.

Þá hefir áfrýjandi reiknað vexti af fé því, er stefnda tók smámsaman út hjá honum, og virðist ekkert vera við það að athuga, að því leyti sem vextirnir eru rétt reiknaðir og stefndu hinsvegar taldir vextir af geymslufé hennar. En við vaxtareikning áfrýjanda er það að athuga, að þar í eru taldir vextir af framangreindum 50 kr., sem áfrýjandi hefir eigi sannað, að stefnda hafi meðtekið, og verður eigi séð, hverju sú upphæð nemur. Hins vegar hefir áfrýjandi eigi reiknað stefndu vexti af kr. 53,15, er hann tók úr sparisjóðsbók hennar 24. sept. 1900, né af kr. 44,17, er hann tók úr bókinni 30. nóv. 1909. Að svo vöxnu máli verður eigi séð, hvort áfrýjandi á tilkall til nokkurra vaxta, og þá hve mikilla af fjárgreiðslum til stefndu, og verður því vaxtakrafan eigi heldur tekin til greina.

Með því að yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og bæjarþingsdómurinn og felst á málskostnaðarákvæði hans, ber að staðfesta nefndan dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eiga að falla niður. Það vottast, að flutningur málsins af hendi hins skipaða málfærslumanns stefndu hefir verið lögmætur og bera honum 20 kr. í málflutningslaun, er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Skipuðum málaflutningsmanni stefndu, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni, bera 20 kr. í málflutningslaun úr landsjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

3. marz nr. 40/1912. Þorsteinn Sveinsson Kjarval
gegn
Eggert Claessen og Thor Jensen
f. h. J. P. Thorsteinsson & Co.

Dómur:

Vorið 1910 31. marz var áfrýjandi Þorsteinn Sveinsson Kjarval lögskráður í skipsrúm á botnvörpuskipið »Valur» eign hins stefnda hlutafélags P. J. Thorsteinsson & Co, meðan skipið stundaði fiskiveiðar 1910 gegn 130 kr. mánaðarkaupi; var hann ráðinn sem »3. hönd«, og virðist málsaðilum koma saman um, að þeirri stöðu á skipinu fylgi sá starfi, að gera að netum, botnvörpum, er þær rifna. Í þessu skiprúmi var áfrýjandi til 14. maí s. á., en þá lét skipstjórinn hann vita, að hann gæti eigi verið áfram í skipinu með sama kaupi, með því að hann væri eigi fær um að gegna viðunanlega starfi því, neta-

aðgerð, er hann var ráðinn til, en gerði honum kost á að halda skiprúmi með venjulegu hásetakaupi. Varð það úr, að áfrýjandi fór af skipinu, en hann taldi þessa breytni við sig samningsrof og höfðaði því mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur útgerðarmönnum skipsins, þeim Thor Jensen kaupmanni og Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd nefnds hlutafélags til greiðslu á umsömdu kaupi frá 14. maí til 24. okt. 1910, kr. 693,33 og fæðispeningum sama tíma, kr. 160,00, en með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 28. marz f. á. voru stefndu sýknaðir í málinu, og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjandi hefir nú skotið þessum dómi til yfirdómsins, og gert þar sömu kröfur og fyrir undirrétti, en til vara krafist þess, að kaup hans og fæðispeningar verði reiknað til 28. sept., ef eigi verði álitið, að »Valur« hafi verið lengur en til þess dags á fiskiveiðum 1910; hann krefst og málskostnaðar fyrir báðum dómum. Hinsvegar er þess af hálfu stefndu krafist, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndu líta svo á, að skipstjórinn hafi haft fulla heimild til að vísa áfrýjanda úr skiprúmi fyrir greindar sakir, að hann hafi eigi kunnað starf það, er hann réð sig til, svo að skipstjóri og aðrir hafi orðið að vinna það í hans stað, en til þess starfs þurfi sérkunnáttu og æfingu, og sé netamönnum ætlið göldið hærra kaup en óbreyttum hásetum.

Áfrýjandi staðhæfir aftur á móti, að hann sé vanur netamaður og hafi oft fengist við það starf áður en hann réðist á »Val«, en sérstaklega heldur hann fram, að skip-

stjórinn hafi með greindu atferli sínu breytt á móti 67. grein farmannalaganna 22. marz 1890, þar sem hann hafi eigi farið eftir þeim reglum, sem þar eru settar um það, er skipstjóri vill lækka kaup farmanns, sakir þess, að hann reynist ónýtur til þess starfa, er hann hefir ráðið sig til. En þetta lagaákvæði getur eigi komið hér til greina, með því að kaup áfrýjanda hefir eigi verið lækkað, en hann hefir haldið fullu umsömdu kaupi meðan hann var á skipinu. En hins vegar skerðir eigi nefnt lagaákvæði rétt skipstjóra til að vísa manni úr skiprúmi sakir ódugnaðar eða kunnáttuleysis, og þenna rétt þóttist skipstjórinn hafa ástæðu til að nota, þegar hann kom með skipið hingað á höfnina í vertíðarlokin 1910, og það skiftir eigi máli hér, að skipstjórinn, um leið og hann sagði áfrýjanda upp skipsvistinni, gerði honum kost á að vera áfram á skipinu með lægra kaupi. Eftir þessu verða úrslit málsins undir því komin, hvort réttmætt hafi verið að svifta áfrýjanda skiprúmi af greindri ástæðu. Því til sönnunar hefir verið tekinn vitnisburður skipstjórans og eins af hásetunum, sem þá voru á skipinu. Hefir skipstjórinn borið það, að áfrýjandi hafi, þegar hann átti að fara að stunda starf sitt, reynst svo fákunnandi í því, að hann, að áliti skipstjóra hafi eigi verið því vaxinn, og hitt vitnið skýrir svo frá, að skipstjóri hafi oft kallað sig til og sýnt sér, hve fákunnandi áfrýjandi var sem netamaður, þann tíma sem hann átti að gegna því starfi í apríl og maí 1910, og tjáðist vitnið vera skipstjóra að öllu samdóma um það, að áfrýjandinn hafi eigi verið netamannsstarfinu vaxinn. Sama hefir og annar háseti á »Valnum« vottað, en vitnisburður hans fyrir rétti hefir eigi náðst. En áfrýjandi mótmælir gildi þessara vitna, skipstjórans, af

því að málið varði hann, þar sem hann beri ábyrgð gagnvart stefndu á ólöglegri brottvísun áfrýjanda úr skiprúmi, og hins vitnisins sökum þess, að það beri eigi skynbragð á umgetið starf. Þessi mótmæli gegn vitnum þessum verða þó eigi metin gild. Skipstjórinn, sem farinn var úr þjónustu stefndu, þegar vitnisburður hans var tekinn, verður eigi talinn hafa bakað sér neina ábyrgð gagnvart útgerðarmönnum skipsins með téðri ráðstöfum, þegar af þeirri ástæðu að gera verður ráð fyrir, að hann, er hann var hér á höfninni með skipið, hafi ráðfært sig við stefndu eða þá tilkynt þeim ráðstöfunina, svo að hún hafi verið gerð með þeirra samþykki eða vitorði. Um hitt vitnið nægir að taka það fram, að það virðist eigi þurfa frekari þekkingu til að dæma um, hvernig viðgerð á botnvörpunetum fer úr hendi, hvort hún sé í lagi, heldur en hásetar á botnvörpuskipum, er daglega nota þetta veiðarfæri, alment hafa. Það verður því að telja þessa vitnisburði gilda, og þeir virðast styrkjast við það, að áfrýjandi, sem hefir lagt fram í málinu góða vitnisburði um dugnað sinn, trúmensku og áreiðanleik sem farmanns á botnvörpuskipinu, hefir eigi lagt fram neitt vottorð um að hann kunni að netamannsstörfum eða hafi fengist við þau, sem honum þó var áríðandi í þessu máli. Það verður því að telja sannað, að áfrýjandinn hafi eigi verið vaxinn því starfi, er hann réð sig til á »Valnum« og var skipstjóra þá eigi óheimilt að segja honum upp vistinni, þótt ráðningartíminn væri eigi á enda.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna hina stefndu, og með því að málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins einnig samþykkist, ber að staðfesta hann að öllu leyti.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði hinum stefndu og ákveðst hann 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Afrýjandi Þorsteinn Sveinsson Kjarval greiði stefndu Eggert Claessen og Thor Jensen fyrir hönd P. J. Thorsteinsson & Co. 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 51/1912

Landsími Íslands
gegn
Einari M. Jónassyni.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað af stjórn landsímans gegn stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Einari M. Jónassyni, til þess að fá hann dæmdan til að greiða landsímanum 12 kr. í afnotagjald fyrir talsíma og 2 kr. 75 aura fyrir símasamtöl út um landið í maí og júní 1911, og var það dæmt í bæjarþingsrétti Reykjavíkur 1. ágúst f. á. á þá leið, að stefnda var gert að greiða landsímanum 12 kr. með 6% ársvöxtum frá 19. apríl 1912, en málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Landsími Íslands skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1. nóv. f. á., og krafist þess fyrir réttinum, að stefndi verði dæmdur til að greiða landsímanum alla upphæðina kr. 14,75 með 6% vöxtum frá 19. apríl f. á. til borgunardags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati réttarins. Stefndi Einar M. Jónasson hefir af annari hálfu krafist þess, að málinu verði vísað frá, af því að það hafi eigi summa appellabilis, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður, og enn til vara, að dómurinn verði staðfestur, og að hann fái tildæmdan hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Eins og tekið hefir verið fram, var dómkrafa áfrýjanda fyrir undirréttinum 14 kr. 75 a., en þar fekk hann eigi dóm fyrir allri upphæðinni, og hefir fyrir þá sök áfrýjað málinu og gerir nú fyrir yfirdóminum kröfu um, að fá dóm fyrir allri þessari upphæð. Málið hefir þannig summa appellabilis, og verður frávísunar krafa stefnda eigi tekin til greina.

Af hinni umstefndu upphæð er ágreiningur að eins um 2 kr. 75 au., sem er gjald fyrir símasamtöl út um land frá talsímaáhaldi stefnda. Það má nú álíta það sannað með skýrslum þeim, er fram hafa verið lagðar af hálfu áfrýjanda, að áminst símasamtöl hafi átt sér stað frá talsímaáhaldi stefnda, en hann kannast eigi við að hafa beðið um samtölin, og neitar því, að hann sé skyldur að borga gjaldið fyrir þann eða þá menn, er notað hafi talsíma hans við umrædd tækifæri. Þetta er þó eigi rétt, því að í skilmálum þeim fyrir talsímanotendur, sem fram hafa verið lagðar í málinu og álíta verður að stefndi hafi samþykt fyrir sitt leyti, er hann pantaði talsíma fyrir sig, er það skýrt ákveðið, að talsímanotandi (ɔ: sá er leigt

hefir talsímaáhaldið) beri ábyrgð á borguninni fyrir hvert samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann sjálfur hefir beðið um símtalið eða aðrir. Þetta verður eigi skilið á annan veg en þann, að landsíminn eigi aðgang að talsímanotanda, in casu stefnda, um borgun fyrir símasamtölin frá hans talfæri, og samkvæmt áminstum skilmálum, sem eru samningur milli landsímans og stefnda, verður þess eigi krafist, að landsíminn gefi skýrslu um það, hver notað hafi talfæri stefnda í hvert skifti, hvort það hafi verið hann sjálfur eða einhver annar, en það verður að líta svo á, að talsímanotandi beri ábyrgð á því, hver notar talfæri hans, og hvernig það er notað.

Samkvæmt hinu framanritaða verður að dæma hinn stefnda til að greiða áfrýjanda hina umstefndu upphæð 14 kr. 75 aura með 6% vöxtum frá 19. apríl 1912 til greiðsludags, en vaxtaupphæðinni hefir eigi verið sérstaklega mótmælt. Eftir þessum úrslitum þykir og rétt, að stefndi greiði málskostnað, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Einar M. Jónasson greiði áfrýjanda landsíma Íslands 14. kr. 75 aura með 6% vöxtum frá 19. apríl 1912 til borgunardags, og 30 kr. í málskostnað.

Dómnum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 53/1912. Sveinn Björnsson fyrir hönd Rich Ekwalls gegn Stefáni Björnssyni.

Dómur:

Í máli þessu, þar sem áfrýjað er til staðfestingar gestaréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 8. desemberm. 1911, hefir stefndi, Stefán Björnsson, krafist þess, að málinu verði vísað frá yfirdóminum fyrir þá skuld, að honum hafi eigi verið veittur nægur stefnufrestur, og verður að taka þessa kröfu til greina, með því að yfirdómsstefnan var birt fyrir stefnda 26. nóv. f. á. og honum með henni var stefnt til að mæta í yfirdóminum 9. desember næst á eftir, og hefir stefndi, sem búsettur er í Mýrasýslu, þannig eigi fengið stefnufrest samkvæmt tilskipun 11. júlí 1800, 15. gr. Eftir kröfu stefnda verður að dæma honum hæfilegar ómaksbætur, er ákveðast 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfrýjandi Sveinn Björnsson fyrir hönd Rich. Ekwalls greiði stefnda Stefáni Björnssyni málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

31. marz. Nr. 12/1912. Eigendur Hrútafells með Hrútafellskoti.
gegn
Eigendum Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal.

Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir landamerkjadómi Rangárvallasýslu af eigendum jarðanna Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal gegn eigendum jarðarinnar Hrútafells með Hrútafellskoti út af ágreiningi um landamerki milli téðra jarða innbyrðis, og gekk dómur í því fyrir téðum rétti hinn 24. okt. 1910 þannig, að landamerki milli jarðanna voru ákveðin þessi: Að sunnanverðu úr hornamarksvörðu á landamerkjum Eyvindarhólalands í merkjavörðu á Grásteini, þaðan sjónhending til fjalls í merkjavörðu neðst í garðrúst austan með Hrútafellskinn og eftir garðrústinni upp til hamra, þaðan með klettarótum í blánefið á suðausturhorni Hrútafellsins upp af Ófeigs- eða Skarðshlíðargrjótum og þar lóðrétt upp hamrana og þaðan með klettabrúnum í Grettisglugga upp á fjalli, þaðan með klettabrúnum í Grettisskarð og þaðan með brúnum kletta í Þorláksnýpu, þaðan sjónhending til landnorðurs í stóra steininn á Yxnadalsöxl, þaðan sjónhending í Hornfellsnýpu og þaðan sömu sjónhending í jökul. Til dómenda skyldu málsaðilar greiða samtals 391 kr. 50 aur., sinn helminginn hvorir um sig in solidum, svo sem nánar segir um í dóminum. Að öðru leyti skyldi málskostnaður falla niður.

Dómi þessum var af áfrýjendum, eigendum Hrútafells með Hrútafellskoti, skotið til yfirdómsins til ónýtingar, með stefnu dags. 18. sept. 1911, en málinu var þá vísað frá rétti með yfirréttardómi uppkveðnum 25 marz 1912. Nú hafa áfrýjendurnir aftur stefnt málinu fyrir yfirdóminn með stefnum 29. marz og 4. júní f. á. og krafist þess, að hinn áfrýjaði merkjadómur verði úr gildi feldur og málinu vísað heim vegna þingsafglapa og lögleysu að efni til, og að stefndu verði dæmdir í málskostnað eftir réttarins mati. Hinir stefndu hafa aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað eftir réttarins mati.

Afrýjendur hafa krafist ónýtingar málsins sökum þingsafglöpunar fyrir það, að einn af merkjadómendunum hafði fjallað einn um sættir í málinu, en það telja þeir hafi gert hann óhæran til að taka sæti í merkjadóminum síðar, og hafi dómurinn fyrir þetta eigi verið löglega skipaður. Það var þó lögum samkvæmt að merkjadómandinn reyndi sættir einn í forföllum hins sáttarmannsins, og hins vegar var við skipun hans síðar í merkjadóminum gætt að öllu leyti ákvæða landamerkjalaganna um ruðning úr dóminum, og var hér því eigi um nein þingsafglöp að ræða.

Þá telur áfrýjandi það þingsafglöp og krefst fyrir það ónýtingar málsins, að vitnum nokkurum hafi eigi verið stefnt til að hlýða á framburð annara vitna, er borið höfðu gagnstætt þeim um sömu atriði. En þessi ónýtingarástæða verður heldur ekki tekin til greina, því að hér er hvorttveggja, að í tilfellum þeim, er skírskotað er til í þessu efni, var í raun og veru eigi um gagnvitni

að ræða, enda gat slík vanræksla, þótt komið hefði fyrir, eigi haft ónýting merkjadómsins alls í för með sér, heldur að eins orðið til ógildingar þeim einstöku vitnaskýrslum, er vanrækslan snerti.

Loks hefir áfrýjandi krafist heimvísunar málsins sökum ófullnægjandi afstöðu-uppdráttar. En með því að yfirdómurinn af uppdrætti þeim, þótt ófullkominn sé, er fram var lagður í merkjadóminum, í sambandi við lýsingu merkjadómsins á landslagi og landsháttum og aðrar skýrslur málsins, telur sig geta áttað sig nægilega á þeim atriðum málsins, er máli skifta fyrir úrslit þess hér fyrir réttinum, þá verður þessi ónýtingar- eða heimvísunarástæða áfrýjanda ekki til greina tekin.

Viðvíkjandi aðalefni málsins, þá var þrætan fyrir merkjadómi um það, hvar landamerkin væru milli jarðanna Hrútafells með Hrútafellskoti annarsvegar og jarðanna Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal hinsvegar, alla leið sunnan frá landamerkjum Eyvindarhóla — en sú jörð liggur þvert fyrir báðum jörðunum að sunnan — norður til jökuls. Hefir merkjadómurinn skorið úr þrætunni sem fyr segir, en áfrýjendur halda því fram, að þar hafi dómurinn gert sig sekan í lögleysu að efni til, og krefjast því ónýtingar dómsins. Áfrýjendur telja fyrst og fremst merkjadóminn hafa framið lögleysu með því að ákveða suðurmarkið milli jarðanna töluvert norðar og vestar en áfrýjendur héldu fram fyrir merkjadóminum, en fyrir það legst merkjalínan sunnan til töluvert vestar, eða nær Hrútafelli, en áfrýjendur vildu vera láta.

Það er að vísu samkomulag um það í málinu, að greint suðurmark sé eða eigi að vera örnefnið »Grásteinn«,

og að steinn þessi eigi að vera í landamerkjalínu Eyvindarhóla gagnvart jörðunum Hrútafelli og Skarðshlíð—Drangshlíð. En menn eru ósammála um það, hvar þessi Grásteinn sé eða hafi verið. Hafa áfrýjendur haldið því fram, að hans ætti að leita, samkvæmt vitnisburðum í visitatiubókum Brynjólfs biskups Sveinssonar frá árunum 1641—1662, sem báðir aðilar hafa skírskotað til sem fullgildra sönnunargagna, í beinni sjónhendingarlínu eftir stefnu merkjagarðs fyrir sunnan Hrútafell, og geti þá ekki Grásteinn sá, er merkjadómurinn hefir ákveðið, verið hinn rétti Grásteinn. En þessi fullyrðing þeirra verður ekki leidd með nokkurri vissu út úr ummælum greindra visitatiubóka, vegna þess að örnefni, sem þar er miðað við, eru týnd eða horfin, og aðrir vitnisburðir, er áfrýjendur hafa borið fyrir sig, eru aðeins meira eða minna óljósar sagnir, sem ekki verður bygð nein vissa á. Áfrýjendur hafa heldur ekki getað bent á neinn stein í áminstri sjónhendingarlínu, þar er þeir halda fram að Grásteins eigi að leita, er geti verið hinn umþrætti Grásteinn, en að hann muni vera sokkinn í jörðu, er óstudd fullyrðing þeirra. En þar sem áfrýjendur þannig hvorki hafa getað fært líkur til þess, að Grásteinn hafi verið þar sem þeir halda fram, né að hann hafi ekki getað verið þar, sem merkjadómurinn hefir ákveðið stað hans, þá verður það ekki talin lögleysa af merkjadóminum, er hann dæmdi mark þetta vera þar, sem honum þótti bezt koma heim við skjöl málsins og landslag og landsháttu alla.

Þá var í öðru lagi ágreiningur um það fyrir merkjadóminum, hvort merkin ættu að miðast norður eftir úr Grásteini í Rútshelli austanverðan og þaðan beint upp í fjallsbrún og svo með brúnum, eins og stefndu héldu

fram í héraði, eða í Grettisglugga svonefndan í Ófeigsgrjótum og svo með fjallsrótum, eins og áfrýjendur telja rétt vera. Merkjadómurinn tók einnig hér hvoruga stefnuna til greina, þá er aðilar héldu fram, en ákvað stefnuna nokkuð bil beggja við það, er þeir kröfðust, eða í garðrúst fyrir austan Rútshelli, en síðan aðallega eftir fjallsbrúnum, eins og stefndu kröfðust. En þessi úrslit hafa áfrýjendur talið lögleysu, þar sem dómurinn hafi eigi með þeim tekið nægilegt tillit til sannana þeirra um merkin á þessu svæði, er felist í framkomnum vitnisburðum, er þeir hafi lagt fram í málinu.

Í málinu eru engin skjalleg skilríki fram komin er bygt verði á með nokkurri vissu, hver séu rétt landamerki milli jarðanna. Elzta skjalið, útdráttur úr jarðabók Arna Magnússonar, virðist þó bera það allglögglega með sér, eins og merkjadómurinn hefir tekið fram, að á þeim tíma hefir þrætulandið fyrir austan Rútshelli skifzt milli jarðanna eins og merkjadómurinn hefir ákveðið merkin. Og hið sama vitnar annað gamalt skjal, skrásetning á merkjalýsingum jarða undir Eyjafjöllum, er Einar nokkur Sighvatsson dannebrogsmaður hefir safnað á sínum tíma eftir sögn kunnugra manna, en hann var fæddur nokkru fyrir árið 1800 og varð fjörgamall maður. Að öðru leyti en þessu er ekki í málinu á öðru að byggja en vitnisburðum núlifandi manna, en vitnisburðir þeirra eru mjög mismunandi. Skýra ýms vitnin að vísu frá því, að þau hafi heyrt mörkin talin vera þau, er áfrýjendur halda fram, en önnur bera hið gagnstæða, og flest vitnin, er á notkun landsins minnast, segja slægjumörk og átölulausa notkun landsins eftir eigin reynslu þeirra hafa verið einmitt á þann veg, sem dómurinn hefir ákveðið mörkin.

Á þessum vitnisburðum verður að vísu ekki bygð nein ákveðin niðurstaða í málinu, en sízt er með þeim sannað að merkin hafi verið þau, sem áfrýjendur halda fram. En auk þess sem fyrnefnd gömul skjöl benda í þá átt, sem merkjadómurinn hefir hallast að um merkin, þá má telja það sannað, bæði með þeim og nefndum síðari manna vitnisburðum, enda jafnvel viðurkent af aðilum, að notkun landsins bæði til slægna og fuglatekju hafi svo lengi sem sögur fara af og fram til síðustu tíma verið í samræmi við það, er dómurinn hefir ákveðið um merkin.

Samkvæmt þessu verður ekki heldur hér um lögleysu að ræða í dóminum, og með því að ekki hefir verið fundið að öðrum ákvæðum hans, um ítakið í Skarðshlíðarhólma svokölluðum eða um málskostnaðinn, ber að staðfesta dóminn í öllum greinum. Málskostnaðurinn fyrir yfirdómi þykir eftir málavöxtum mega niður falla.

Því dæmist rétt vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Nr. 32/1912

Einar M. Jónasson
gegn
Birni Kristjánssyni og
Birni Sigurðssyni bankastjórum og Jóni Magnússyni bæjarfógeta.

Dómur:

Framkvæmdarstjórar Landsbankans, þeir Björn Krist-

jánsson og Björn Sigurðsson höfðuðu mál þetta á bæjarþingi Reykjavíkur gegn Einari M. Jónassyni yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir meiðyrði í 2 greinum með fyrirsögn »Landsbankastjórarnir«, er út komu 24. maí og 29. nóv. 1911 í blaðinu Ingólfi IX. árg. 21. og 48. tölubl. og stendur nafn áfrýjanda undir þessum greinum. Með dómi bæjarþingsins, er upp var kveðinn 18. apríl f. á., var áfrýjandi dæmdur í 150 kr. sekt til landsjóðs eða til vara, ef sektin yrði eigi greidd í tæka tíð, í 30 daga einfalt fangelsi, og til að greiða bankastjórunum 20 kr. í málskostnað. Svo voru og dæmd dauð og ómerk þessi ummæli í Ingólfsgreininni 24. maí: »Minnast ekki hinir núverandi bankastjórar, að þeir hafi neitað mér að setja tryggingu fyrir afsögðum víxlum, var þetta ráðið með hag bankans fyrir augum, eða notuðu þeir fé bankans til þess að svala sér á mér persónulega. Heyrir það undir fyrirmyndar bankastjórn, að veita lán, undirskrifa, tilkynna veitingu, gera ráð fyrir öllum útborgunum og afgreiða öll skjöl, en neita svo um lánið, þar sem umboðsmaður lántakans neitar öðrum bankastjórunum um vissa peningagreiðslu til bankastjórans, sem hann áleit honum bera. Að endingu vil eg geta þess, að fái eg eigi áðurgreindan víxilskuldara dæmdan út af lánveitingunni 2. júní 1910, þykir mér gaman að sjá landsbankastjórana beita fyrir hornið á þeirri 259«. Og í Ingólfsgreininni 29. nóv: »að haga sér eins og góðu börnin, þegar þau hafa gert af sér eitthvert óknyttabragð, sem sé fela sig og skammsín í kyrþey. 1. Hafa þeir (bankastjórarnir) beitt grófri sviksemd gagnvart mér út af lánveitingu til Björn Gíslasonar, er honum var veitt annan júní 1910, annar eða báðir. 2. Hafa þeir brúkað atvinnuróg í minn garð. 3.

Hafa þeir á ósæmilegan hátt ráðist á persónulegt sjálfstæði mitt og misbrúkað fé bankans til þess og stöðu sína sem bankastjórar — Þó bankastjórarnir froðufelli af ilskunni, er eg ekkert hræddur við þá, þó þeir haldi áfram að misbrúka stöðu sína hér eftir eins og þeir hingað til hafa gert, kemur mér ekki á óvart, og nú varast eg þá fremur en áður. — Sem niðurlag vil eg tileinka Birni Kristjánssyni vísu þessa: Eftir því sem eg hefi vit | athugað í flýti, | hefir hann vöxt og háralit | húsbóndans í víti.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15. ág. f. á. og krafist þess, að dómurinn verði feldur úr gildi og áfrýjandi sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Svo hefir áfrýjandi og stefnt héraðsdómaranum Jóni Magnússyni bæjarfógeta í Reykjavík »til að bera ábyrgð á hinum uppkveðna dómi til skaðabóta og til að gera grein fyrir málsmeðferð sinni.

Fyrir hönd bankastjóranna hefir þess verið krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum greinum og áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins, og af hálfu undirdómarans, sem hefir látið halda uppi vörn fyrir sig fyrir yfirdóminum, er krafist fullrar sýknunar og málskostnaðar hjá áfrýjanda eftir mati réttarins.

Áfrýjandi telur þær ástæður fyrir sýknunarkröfu sinni, að flest hin átöldu ummæli séu á rökum bygð og því réttmæt, og að öðru leyti séu ummælin eigi ærumeiðandi, og séu þau því öll ósaknæm að lögum. Hefir áfrýjandi leitast við að sýna fram á, að bankastjórnin

hafi í ýmsum viðskiftum við sig breytt þannig, að full heimild sé fyrir þeim ummælum sínum um þá, að þeir hafi beitt hann svikum, gert ósæmilega árás á persónulegt sjálfstæði hans, notað ranglega fé bankans til þess að svala sér á áfrýjanda og að öðru leyti misbeitt stöðu sinni sem bankastjórar.

En eigi verður álitið að áfrýjandi hafi með skýrslum þeim um viðskifti sín við stefndu, er hann hefir komið fram með í málinu, sannað heimild sína til að viðhafa um þá téð ummæli, með því að sumar af skýrslum þessum eru vefengdar, en ósannaðar og sumar virðast vera þýðingarlausar fyrir málstað áfrýjanda. Að stefndu hafi beitt áfrýjanda »grófri sviksemd« vill áfrýjandi rökstyðja með því, að þeir hafi í sambandi við lánveitingu 2. júní 1910 til Björns Gíslasonar svift sig veði í fasteign og mótorbát, og að þeir hafi lögsótt sig til greiðslu á 400 kr. víxli, þó að svo hafi verið umsamið, að víxill þessi mætti bíða þangað til »útgert væri um ágreining milli sín og bankastjórnarinnar«. En ekkert af þessu er sannað. Fasteignarveðið lét áfrýjandi eftir fyrgreindum lántakanda, til þess hann gæti fengið lán út á það í bankanum, og það sést eigi, að stefndu hafi átt neinn þátt í því að áfrýjandi slepti veði þessu, eða að það sé á neinn hátt til sanns vegar fært, að þeir hafi svift hann veðinu. Umgetið veð í mótorbát sést eigi að áfrýjandi hafi eignast, og gátu stefndu því eigi svift hann því, og að öðru leyti getur skýrsla áfrýjanda um bát þenna, þó að hún væri rétt, sem stefndu mótmæla, eigi réttlætt áburð hans á þá um sviksamlegt athæfi. Stefndu mótmæla einnig frásögu áfrýjanda um fyrgreindan 400 kr. víxil; þeir kannast að vísu við, að svo hafi verið ráðgert eða umsamið,

að áfrýjandi, sem hafði innheimtustörf fyrir bankann, þegar hann gaf út víxilinn, skyldi greiða hann með kaupi sínu, en þegar svo víxilinn skyldi greiða, hafi áfrýjandi verið kominn í mál við bankann og búinn að slíta öllum viðskiftum við hann, svo að stefndu hafi þá eigi getað annað en gengið eftir víxiluppbæðinni. Í þessari umsögn, sem er óhrakin, verður ekkert fundið, sem réttlæti hér umrædd ummæli áfrýjanda um stefndu. Ummælin, að stefndu hafi neitað um lán, er þeir höfðu samþykt að veita, fyrir þá sök, að öðrum þeirra var neitað um greiðslu nokkra af láninu, eru eigi sönnuð, en stefndu hafa sýnt fram á, að ástæður til þess, að eigi varð af lánveitingu þessari var sú, að eignarvottorð fyrir veðinu var ófullnægjandi. Þá hefir áfrýjandi eigi heldur leitt nein rök að því, að stefndu hafi á ósæmilegan hátt ráðist á persónulegt sjálfstæði hans, til að svala sér á honum og misbrúkað til þess fé bankans og stöðu sína sem bankastjóra, því það getur eigi réttlætt þenna áburð, þó að stefndu hafi neitað honum um að taka gilda tryggingu fyrir afsögðum víxli, og þó að þessi trygging, sem var skuldabréf með 2. eða 3. veðrétti í fasteign, síðar reyndist góð. Að stefndu hafi beitt sig atvinnurógi, telur stefndi sannað með auglýsingu, er þeir hafi gefið út í opinberu blaði með fyrirsögn: »aðvörun« en auglýsing þessi, sem ekki er lögð fram í málinu, virðist hafa verið þess efnis, að láta menn vita, að umboð nokkurt, sem áfrýjandi hafði frá bankanum, væri afturkallað, og vara menn við að snúa sér til áfrýjanda í því efni. En þessi ráðstöfun, sem stefndu álitu sér heimilt og nauðsynlegt að gera í þarfir bankans, verður eigi talin atvinnurógur.

Áfrýjandi hefir þannig eigi réttlætt neitt af framan-

töldum ummælum, og með því að þau eru mj'g meiðandi og móðgandi, er það rétt, að héraðsdómarinn hefir dæmt þau dauð og ómerk og látið þau varða sekt samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, og með því að sektin þykir hæfilega ákveðin af honum 150 kr. til landsjóðs og vararefsingin 30 daga einfalt fangelsi, og málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkist, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Eftir þeim úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 30 krónur.

Stefndu hafa krafist ómerkingar á nokkrum ummælum í varnarskjölum áfrýjanda fyrir yfirdómi og sektar á hendur honum fyrir þau. En með því að ummæli þessi eru eigi annað en endurtekning á sakargiftum þeim gegn stefndu, sem áfrýjandi byggir vörn sína á, er ekki ástæða til að meta þau sérstaklega sem ósæmilegan rithátt.

Fyrir kröfum sínum á hendur undirdómaranum hefir áfrýjandi talið þá eina ástæðu, að undirdómarinn hafi eigi dæmt ómerkt orðið »illkvittnisuppspuni« í sóknarskjali stefndu og sektað málfærslumann þeirra fyrir að viðhafa það. Í áfrýjunarstefnunni er eigi krafist breytingar á þessu atriði dómsins, en þar sem áfrýjandi byggir á því kröfu sína gegn undirdómaranum, verður að taka það fram, að eigi virðist hafa verið ástæða til að taka téða kröfu til greina. Að öðru leyti hefir áfrýjandi eigi reynt að rökstyðja kröfur sínar á hendur undirdómaranum, og verður því að telja þær ástæðulausar og sýkna undirdómarann af þeim, en dæma áfrýjanda til að greiða honum málskostnað, sem ákveðst 20 krónur.

Í fyrsta sóknarskjali áfrýjanda við yfirdóminn er svo-

látandi málsgrein: »En bankanum helzt alt uppi hjá íslenzkum dómstólum, að því er mér virðist, úr því að þeir mega stinga sönnunargögnum undir stól vítalaust, en geta svo fengið þá, er halda réttinum á lofti, dæmda í peningasektir fyrir dirfsku sína, að halda sannleikanum fram«.

Fyrir þenna ósæmilega ritthátt ber að sekta áfrýjanda, og ákveðst sektin 10 kr. til landsjóðs og 10 kr. til fátækrasjóðs Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður greiði stefndu Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni bankastjórum 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Undirdómarinn Jón Magnússon bæjarfógeti á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda í þessu máli, og ber áfrýjanda að greiða honum 20 kr. í málskostnað.

Svo greiði áfrýjandi og 10 kr. sekt í landsjóð og 10 kr. sekt í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 43/1912.

Einar M. Jónasson
gegn
Birni Kristjánssyni og
Birni Sigurðssyni bankastjórum f. h. Landsbankans
og Jóni Magnússyni
bæjarfógeta.

Dómur:

Afrýjandinn Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður hefir með stefnu dags. 5. okt. f. á. skotið til yfirdómsins dómi uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 25. apríl f. á. í máli, er hann höfðaði gegn hinum stefndu bankastjórum Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbankans til greiðslu á skaðabótum, kr. 65000.00 með 6% vöxtum fyrir atvinnutjón, lánstraustspjöll o. fl., en með hinum áfrýjaða dómi voru stefndu sýknaðir, og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim 25 kr. í málskostnað og sekt fyrir ósæmilegan rithátt, 5 kr. í fátækrasjóð Reykjavíkur og 5 kr. í landsjóð. Fyrir yfirdóminum hefir áfrýjandi krafist þess, að dómurinn verði feldur úr gildi og honum breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina, og honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Þá hefir áfrýjandi og stefnt undirdómaranum, Jóni bæjarfógeta Magnússyni, til ábyrgðar »fyrir ranglega uppkveðinn dóm, sekta og skaðabóta með sérstöku tilliti til réttarneitunar, er felst í hinum uppkveðna dómi«. Fyrir hönd stefndu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum greinum, og áfrýjandi dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins. Þess er enn-

fremur krafist, að hann verði sektaður fyrir ósæmilegan rithátt um stefndu í sóknarskjali hér fyrir réttinum, og ummælin dæmd dauð og ómerk. Af hálfu undirdómarans er krafist fullrar sýknunar af kærum og kröfum áfrýjanda og málskostnaðar hjá honum eftir mati yfirdómsins.

Fyrgreinda skaðabótakröfu, kr. 65000.00, hefir áfrýjandi sundurliðað þannig:

1. Fyrir atvinnutjón við bændaverzlunina Einar Markússon & Co. og sviksamlegrar athafnir stefndu út af víxli Björns Gíslasonar . . . . . kr. 10.000.00
2. Fyrir atvinnuróg og fyrir það að vera sviftur viðskiftum við bankann . . — 30.000.00
3. Fyrir aðra sviksemi stefndu út af víxlum áfrýjanda, fjárnámi og tjóni, er sérstaklega stafar af því . . . . . — 25.000.00

og rökstutt þessa kröfu sem hér segir:

1. Hafi stefndu ranglega neitað að greiða áfrýjanda kaup, er honum bar fyrir störf, er hann í umboði Landsbankans hafði á hendi til að ná inn skuldum bænda. verzluninnar Einar Markússon & Co. til bankans, bæði með því að ráðstafa eignum verzlunarinnar og innheimta útistandandi skuldir hennar; hafi stefndu neytt sig til að lögsækja þá út af þessu, og síðan heimildarlaust afturkallað áðurgreint umboð, og þannig svift sig góðri atvinnu, er hann hefði talið sér vísa. Þá hafi stefndu og svikið loforð sín í sambandi við lánveitingu til Björns nokkurs Gíslasonar, og með því orðið þess valdandi, að áfrýjandi tapaði 1600 kr.; þeir hafi veitt Birni 3000 kr. lán og lofað að taka að veði fyrir láninu meðal annars mótorbát, er Björn átti, þannig að 1600 kr. af láninu væri haldið eftir, þangað til báturinn væri veðsettur bankanum, en að því búnu

skyldi þessi upphæð ganga til innlausnar 1600 kr. víxli, er áfrýjandi átti að svara til í bankanum, en þegar til kom, hafi stefndu svikið þetta loforð, hafnað veði í mótorbátnum og látið áminstar 1600 kr. ganga aftur inn í bankann, svo að víxillinn hafi fallið á áfrýjanda.

2. Hafi stefndu beitt sig atvinnurógi með því að afturkalla umboð áfrýjanda, sem fyr segir, í opinberu blaði með auglýsingu, er þeir kölluðu »Viðvörun«, en þetta hafi stórspilt fyrir lánstrausti áfrýjanda og áliti og jafnframt mannorði, svo að allir hafi hætt að leita til hans, menn hafi sagt honum upp lánum og ábyrgð, orð hans verið talin einskisvirði; auk þess hafi stefndu að ástæðulausu svift hann öllum viðskiftum við bankann og brugðið loforð sín um lán til manna, er áfrýjandi var umboðsmaður fyrir við lántökuna.

3. Aðra sviksemi af hendi stefndu telur áfrýjandi það, að þeir hafi hent dóm yfir sér og látið gera fjárnám hjá sér fyrir ýmsum víxilupphæðum, án þess að hafa ástæðu né heimild til þess. Um einn af þessum víxlum hafi stefndu lofað, að hann mætti bíða, þangað til endir yrði á ágreiningi um launakröfu áfrýjanda til bankans, en brugðið þetta loforð; fyrir öðrum víxli hafi verið til tryggingar sparisjóðsinnstæða, er stefndu hafi haft umráð yfir; fyrir 2 víxlum hafi áfrýjandi gefið stefndu ávísun á fé, er handbært var í bankanum og borgað þangað inn til áfrýjanda, og 2 víxla hafi áfrýjandi viljað borga með tryggu skuldabréfi, er skömmu síðar var innleyst, en stefndu hafi hafnað því, til að gera sér tjón.

Fyrir allar þessar aðfarir stefndu tjáist áfrýjandi hafa orðið fyrir stórtjóni á eignum og atvinnu og lánstrausts-

hnekki, og telur hann því að skaðabætur þær, er hann krefst í máli þessu, eigi ósanngjarnar eða um skör fram.

Allri þessari skýrslu áfrýjanda og einstökum atriðum hennar hafa stefndu eindregið mótmælt, svo og kröfum þeim, er hann byggir á henni. Þeir halda því fram, að framburður hans um viðskifti hans við bankann sé ýmist staðlaus tilbúningur og rangfærslur eða misskilningur, og að mörg af sakaratriðum þeim, er áfrýjandi telur, séu þegar til lykta leidd með óvefengdum dómum. Sérstaklega neita þeir því, að þeir hafi bakað áfrýjanda nokkurt fjártjón eða álitshnekki, þannig að hann geti haft á hendur þeim neina skaðabótakröfu.

Gegn þessum mótmælum stefndu hefir áfrýjanda eigi tekist að leiða rök að því, að viðskifti þeirra við hann, þau er hér ræðir um, eigi að varða þá skaðbótaábyrgð, og skal í því efni þetta athugað:

Áfrýjandi hefir, eins og fyr segir, getið þess, að hann hafi lögsótt stefndu, til að greiða sér kaup fyrir störf sín í umboði bankans við ráðstöfun á eignum bændaverzlunarinnar Einar Markússon & Co., og hann hefir lagt fram landsyfirréttardóm í því máli, uppkveðinn 10. júlí 1911, en með þeim dómi, sem eigi hefir verið áfrýjað, voru stefndu sýknaðir af kröfum áfrýjanda, og er þá ljóst, að þær kröfur geta eigi komið hér til álita, og að áfrýjandi getur eigi bygt skaðabótarétt á því, að stefndu hafi ranglega neitað að greiða honum kaup. Svo er og um það, að stefndu hafi heimildarlaust afturkallað nefnt umboð, en það byggir áfrýjandi á því, að bændaverzlunin hafi fengið bankanum óafturkallanlegt allsherjarumboð til að ráðstafa eignum verzlunarinnar, og bankinn síðan framselt áfrýjanda umboð þetta. En í

framsalinu er ekkert um það, að umboðið verði eigi tekið aftur frá áfrýjandi, og að öðru leyti er ekkert, sem geri það eðlilegt eða sennilegt, að bankastjórnin hafi viljað festa umboðið órjúfanlega í höndum áfrýjanda. Það var því stefndu ábyrgðarlaust, að taka aftur umboðið, og áfrýjandi getur eigi út af því krafist bóta fyrir atvinnumissi, og það því síður, sem hann þá var hættur að starfa samkvæmt umboðinu og orðinn ósáttur við stefndu um það, svo að hann virðist ekki hafa getað gert sér neina von um að halda þeirri atvinnu. Það á eigi heldur við rök að styðjast, að stefndu hafi svikið loforð sitt um að taka áminstan mótorbát að veði fyrir láni Björns Gíslasonar, með því að loforðið var veitt með því skilyrði, að báturinn væri virtur og vátrygður fyrir tiltekna upphæð, en því skilyrði var eigi fullnægt, og var stefndu þá heimilt, eins og þeir gerðu, að færa lánið niður um þá upphæð, er báturinn átti að tryggja, ef hann hefði verið veðsettur, eins og áskilið var.

Að stefndu hafi beitt atvinnurógi við áfrýjanda, byggir hann á því, að þeir hafi viðhaft orðið »Viðvörun« sem fyrirsögn á auglysingu þeirra í blaðinu Ísafold um afturköllun umboðsins; leggur stefndu þann skilning í þetta orð, að með því hafi stefndu viljað aðvara almenning um að eiga engin viðskifti við áfrýjanda, og gefa í skyn, að hann væri óáreiðanlegur eða jafnvel óvandaður maður, er stæði í óbættum sökum við bankann. En fyrir þessum skilningi er engin heimild í auglýsingunni; efni hennar sýnir það, að þar er að eins átt við umboð áfrýjanda til að annast réttindi bankans gagnvart bændaverzluninni og viðskiftamönnum hennar, en alls ekki önnur störf eða viðskifti áfrýjanda, og þar sem áfrýjandi, eftir að stefndu

höfðu tilkynt honum afturköllun umboðsins, hélt fyrir þeim í heimildarleysi plöggum þeim, er umboðinu fylgdu, verður eigi séð, að honum hafi verið óréttur ger með téðri auglýsingu. Hið annað, er áfrýjandi telur atvinnuróg, á eigi heldur við neitt að styðjast. Það var eigi óeðlilegt og hinum stefndu að sjálfsögðu heimilt að draga úr eða hætta viðskiftum við áfrýjanda eftir að svo var komið, að þeir þóttust þurfa að beita lögsókn til að ná fé bankans hjá honum, og af dæminu, sem áfrýjandi tilfærir um að stefndu hafi prettast um að veita lofuð lán, verður það eitt séð, að ástæðan fyrir synjuninni var sú, að eigna- og veðbókarvottorð var ófullkomið. Á þessum kæruatriðum getur áfrýjandi því engar kröfur bygt.

Afrýjandi hefir, eins og hann skýrir frá, verið dæmdur á bæjarþingi Reykjavíkur til að greiða Landsbankanum ýmsar víxilupphæðir, og hafa stefndu látið gjöra fjárnám hjá honum samkvæmt dómunum. Í víxilmálum þessum áskildi áfrýjandi sér, ef sýknunarástæður hans yrðu eigi teknar til greina, að koma fram skaðabótaábyrgð á hendur stefndu fyrir ólöglegar víxilaðfarir þeirra. Hefir hann nú fyrir yfirdóminum tilgreint hinar sömu ástæður, er eigi þóttu sannaðar fyrir bæjarþinginu og taldar eru hér að framan, fyrir því, að allur málarekstur stefndu út af téðum víxlum hafi verið lögleysa og ástæðulaus ofsókn gegn sér. En áfrýjanda hefir eigi heldur í þessu máli tekist að sýna fram á, að hann hafi verið beittur ólögum í víxilmálum þessum, eða að stefndu hafi eigi haft fullan rétt til að ganga að honum um víxilupphæðirnar. Að vísu hafði talast svo til milli áfrýjenda og stefndu, að einn af þessum víxlum hans skyldi greiðast með kaupi áfrýjanda fyrir störf hans í þarfir bankans, en þegar

víxillinn kom í eindaga, var áfrýjandi hættur að starfa fyrir bankann og hann átti þá, að áliti stefndu, er síðar var staðfest með fyrgreindum landsyfirréttardómi, ekkert eftir af kaupi sínu hjá bankanum. Verður því eigi litið svo á, að hér sé um heitrof af hálfu stefndu að ræða. Stefndu kannast eigi við, að þeir hafi haft neina sparisjóðsinnstæðu til umráða til innlausnar víxli frá áfrýjanda, eða að áfrýjandi hafi átt neitt fé í bankanum, er hann gæti ávísað til lúkningar víxlum, og áfrýjandi hefir eigi sannað, að svo hafi verið. Um 2 víxla, er áfrýjandi tjáist hafa viljað greiða með tryggu skuldabréfi, en stefndu hafnað því, athugast það, að eigi var skylt að taka þannig lagaða borgun á víxli, enda kveðast stefndu eigi hafa álitið tryggingunа nægilega til að breyta víxilláni í veðlán.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, hefir áfrýjandi eigi sannað neinar þær sakir á hendur stefndu, er þeim fyrir hönd Landsbankans beri að greiða skaðabætur fyrir, og verður því að sýkna þá af kröfum áfrýjanda í þessu máli. Yfirdómurinn fellst einnig á ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og sekt fyrir ósæmilegan rithátt, og ber því að staðfesta dóminn í öllum greinum. Svo verður og áfrýjandi að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 40 krónur.

Það þykir eigi næg ástæða til að láta ummæli í sóknarskjali áfrýjanda um stefndu, er sérstaklega hafa verið átalin, varða sekt og ómerkingu, með því að í hinum átöldu ummælum liggur eigi annað en það, sem áfrýjandi hefir haldið fram í allri málfærslu sinni og byggt á kröfur sínar, að stefndu hafi í mörgum greinum gengið á orð sín, heit og gerðir við hann.

Fyrir kröfum sínum á hendur undirdómaranum hefir

áfrýjandi engar ástæður fært, er til álita geti komið, og ber því að sýkna undirdómarann og skylda áfrýjanda til að greiða honum málskostnað, er ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður greiði stefndu, Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni bankastjórum fyrir hönd Landsbankans 40 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Undirdómarinn, Jón Magnússon, bæjarfógeti, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, og ber áfrýjanda, að greiða honum 20 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 2/1913. Réttvísin
gegn
Vilhjálmi Chr. Hákonarsyni.

Dómur:

Mál þetta var af réttvísinnar hálfu höfðað gegn hinum ákærða kaupmanni í Keflavík Vilhjálmi Chr. (Kristni) Hákonarsyni fyrir sviksamlegt athæfi í sambandi við elds-

voðaábyrgð, og var það dæmt í aukarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. okt. 1912 með þeim úrslitum, að ákærði var sýknaður af ákæru réttvísinnar í málinu, en þó þannig, að hann skyldi greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsvarnarlaun 10 kr. til skipaðs talsmanns síns, yfirréttarmálaflutningsmanns Magnúsar Sigurðssonar. En dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Hinn 14. apríl f. á. brann í Keflavík niður til grunna íbúðarhús Stefáns ljósmyndara Bergmanns, en ákærði hafði í húsi þessu 2 herbergi niðri til afnota, og rak í þeim verzlun; hafði hann sölubúð í öðru herberginu, en vörugeymslu í hinu. Sjálfur hafði hann íbúð í öðru húsi. Við réttarpróf, er haldið var í Keflavík 18. apríl f. á. út af bruna þessum, skýrði ákærði frá því, að talsverðu af vörum hans, er eingöngu voru geymdar í greindum 2 herbergjum og vátrygðar í brunabótafélaginu »Norge« fyrir 5000 kr., hafi verið bjargað, en að »allmiklu« af vörum hans hafi eigi orðið bjargað sökum þess, að hætta hefði orðið við björgunina vegna mannhættu af brunanum.

Nokkru síðar, snemma í maí s. á., afhenti ákærði umboðsmanni téðs brunabótafélags, Þorleifi póstafgreiðslumanni Jónssyni í Reykjavík, skýrslu um brunatjón það, er hann tjáði sig hafa beðið við nefndan bruna, og samdi ákærði skýrslu þessa í Reykjavík í návist umboðsmanns, sem veitti honum þar, eftir beiðni hans, leiðbeiningu um, hvernig skýrslan skyldi samin, og hjálpaði honum til að útfylla eyðublað undir hana, er hann hafði sent ákærða eftir brunann, en ákærði ekki treyst sér til að útfylla hjálparlaust. Hafði ákærði haft með sér til Reykjavíkur

gögn þau, er umboðsmaður hafði tjáð honum að þyrfti með til að útfylla skýrsluna eftir. en það voru vöruupptalningaskrá yfir vörur þær, er ákærði taldi sig hafa haft fyrirliggjandi 2. jan. 1912, kassabókareftirrit, er sýndi, hvað selt hafði verið af vörum frá 2. jan. 1912 til brunadags, og virðingargerð á vörum, er bjargað var úr brunanum, og loks hafði ákærði með sér til fyllingar vöruupptalningarskrárinnar vöruskrá yfir vörur, meðteknar eftir 2. jan. 1912 til brunadags. Var eyðublaðið undir brunatjónsskýrsluna útfylt samkvæmt þessum skjölum og kom þá út, að brunnið hefðu vörur fyrir kr. 4227,50 auk skaða á björguðum vörum, sem metinn var kr. 718,81, eða að brunatjónið hefði alls orðið kr. 4946,31. Var skýrslan síðan undirskrifuð af ákærða og vottað af honum upp á æru og trú, að skýrslan og matið á munum fyrir og eftir brunann væri gert eftir beztu sannfæringu. Tók umboðsmaður síðan við skýrslunni og sendi hana áleiðis til brunabótafélagsins.

En áður en frekara gerðist í þessu máli, fekk umboðsmaðurinn fregn um það, að öllum vörum ákærða hefði verið bjargað við nefndan bruna og skrifaði hann þá sýslumanni bréf, dags. 17. júní f. á., þar sem hann skýrir frá þessu og skorar á sýslumann að halda ný réttarpróf til rannsóknar í málinu og yfirheyra þá einnig þá menn, er björguðu vörunum og voru viðstaddir björgunina, og fer hann þess á leit í bréfinu, að ákærði verði látinn sæta þeirri ábyrgð er lög ákveða, ef sú verði raun á, að öllum vörum hans hafi verið bjargað.

Við umsókn þá, er hafin var út af þessari kæru, sannaðist það fullkomlega með vitnaframburði manna þeirra, er við björgunina höfðu fengist með ákærða, að

það var ekki rétt, er ákærði bar fram í brunaprófinu 18. apríl f. á., að hætta hefði orðið við björgun í miðjum klíðum, en að þvert á móti björgunarmenn gátu athafnað sig svo fyrir eldinum og reyknum, að þeir hættu ekki fyr björguninni en þeim virtist ekkert vera eftir lauslegt í herbergjunum, er bjarga þyrfti, og var þá búið að taka út búðarborð, hillur, kassa og þess háttar. Við þenna framburð hafði ákærði, sem var sjálfur viðstaddur björgunina og virðist hafa tekið þátt í henni frá upphafi til enda, ekkert að athuga, en hann kvaðst að eins sakna eftir brunann ýmislegs smávegis, nokkurra vasaúra, samtals 30—40 króna virði, og annara smámuna, er minna næmu, eins og hann einnig taldi sig vita með vissu, að nokkuð af tómum flöskum hefði orðið eftir í vörugeymsluherberginu; en í síðara prófi telur hann sig hafa gert nákvæmlega upp, hvers hann sakni eftir brunann, og telur það alls 210 króna virði, án þess að greina nánar frá, hvaða munir það hafi verið.

Það er þannig sannað og einnig viðurkent af ákærða sjálfum, að fyrtéð brunaskýrsla hans við umgetinn bruna í Keflavík, hefir verið algjörlega röng, þar sem hann í skýrslu þessari, sem hann gaf til brunabótafélagsins upp á æru sína og trú, hefir gert tjón sitt rúmum 4000 kr. hærra en það var.

En ákærði hefir stöðugt neitað því, að hafa gefið þessa skýrslu í sviksamlegum tilgangi, eða að hann hafi ætlað að blekkja brunabótafélagið með henni, til þess að hafa af því meiri brunabætur en hann átti tilkall til. Hefir ákærði í þessu tilliti haldið því fram, að skýrslan hafi ekki verið nein krafa af hans hendi til brunabótafélagsins um bæturnar fyrir brunatjónið, heldur aðeins skýrsla

um ástand verzlunar hans fyrir brunann, sem það hafi krafist að fá á eyðublaði því, sem honum hafi verið fengið, og hafi ekkert sviksamlegt getað legið í því, þótt skýrslan væri ekki nákvæm eða rétt, þar sem brunabæturnar hafi ekki átt að reikna eftir henni. Hann hefði aftur á móti litið svo á, að brunatjónið mundi verða bætt, án tillits til skýrslunnar, þannig, að hann fengi þá upphæð útborgaða, er tiltekin væri í ábyrgðarskírteininu, 5000 kr., að frádregnu matsverði þess, er bjargaðist. En þó að ákærði kunni að hafa ímyndað sér eitthvað í þessa átt, fyrst eftir brunann, — og 2 menn, sem hann átti þá tal við, virðast hafa samsint honum í því, — þá virðist það óhugsanlegt, að ákærði hafi ekki séð og skilið hið rétta um útborgun brunatjónsins, er hann síðar fann umboðsmann brunabótafélagsins, og hann leiðbeindi honum og hjálpaði honum með samningu brunabótaskýrslunnar á eyðublaðinu, er til þess var ætlað, því að öll sú leiðbeining hefir ekki, eins og skýrslan er á sig komin, getað verið í öðru fólgin en einmitt í því, að sýna ákærða, eftir hverjum reglum brunatjónið skyldi reiknað og hvernig það yrði bætt eða hve miklum bótum ákærði ætti heimting á fyrir það. Enda hefir umboðsmaður brunabótafélagsins borið það, að hann hafi einmitt leiðbeint ákærða um þetta við samningu skýrslunnar. Hitt, að ákærði hafi getað haldið, að hann væri með skýrslunni að semja yfirlit yfir hag verzlunar sinnar, getur ekki náð neinni átt, þar sem allir liðir skýrslunnar stefndu að því, að sýna og telja saman brunatjónið.

Það er því auðsætt, að ákærða getur ekki hafa dulist það, er hann samdi og afhenti umboðsmanni brunatjónsskýrsluna, hvaða þýðingu hún hefði, að hún var

skýrsla um og rökstuðning á kröfu hans um brunabætur þær, er hann taldi sér bera frá félaginu.

Þá er það ekki síður víst, að ákærði hefir hlotið að vita það, er hann lét brunaskýrsluna frá sér fara, að hún var röng að efni til. Ákærði fekk umboðsmanni og notaði sem grundvöll skýrslunnar vöruupptalningaskrá, sem hann vissi að var sumpart gerð út í bláinn og sumpart beinlínis ósönn, að því leyti sem hann játar, að hann hafi tekið upp í hana vörur, er þar áttu ekki heima. Fyrir þetta urðu fyrirliggjandi vörubirgðir ákærða fyrir brunann mörgum þúsundum meiri en vera áttu, og hafði umboðsmaður brunabótafélagsins enga ástæðu til þess að gruna, að skráin væri þannig tilbúin. Niðurstaða skýrslunnar varð þá einnig sú, sem áður er sagt, að brunnið hefðu vörur fyrir rúmar 4000 krónur, en sú niðurstaða hlaut ákærði að sjá að gat ekki staðist, þar sem hann vissi að nær ekkert hafði brunnið. Og að hann undirskrifaði samt sem áður skýrsluna og afhenti hana, verður ekki skilið öðruvísi, en að hann hafi ætlað sér að blekkja brunabótafélagið með því að gera meira úr tjóninu en það var, eins og hann þegar í fyrsta brunaprófinu 18. apríl f. á. hafði byrjað á að gera.

Samkvæmt framanrituðu hefir ákærði orðið sekur um afbrot það, er hann er kærður fyrir, og heyrir brot hans, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður sætt ákæru eða verið refsað fyrir neitt lagabrot, undir 261. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærða ber að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun skipaðs talsmanns hans fyrir aukaréttinum 10 kr. og mál-

færslulaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 15 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn ákærði Vilhjálmur Chr. Hákonarson á að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með málfærslulaun skipaðs talsmanns hans í héraði og fyrir yfirdóminum yfirréttarmálaflutningsmanns Magnúsar Sigurðssonar samtals 25 kr., og málfærslulaun skipaðs sækjanda fyrir yfirdóminum Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar 15 krónur.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 5. dag maímán.

nr. 49/1912. Kr. Linnet
gegn
Friðriki Svipmundarsyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði yfirréttarmálaflutningsmaður Kr. Linnet fyrir gestaréttí Vestmannaeyjasýslu gegn hinum stefnda Friðriki Svipmundarsyni á Löndum í Vestmanna-

eyjum til greiðslu á skaðabótum, að upphæð samtals 706 kr. fyrir að hafa eyðilagt eða tekið til sín veiðarfæri og fisk frá mótorbátunum »Vestmannaey« og »Gnoð«, en eigendur báta þessara seldu kröfuna til skaðabótanna nefndum málaflutningsmanni til fullrar eignar og umráða. Málið var dæmt í téðum rétti 1. marzm. f. á. þannig, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda, og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. okt. f. á. og krafist þess, að stefndi, ef þörf gerðist, að fyrirlögðum eiði, verði dæmdur til að greiða umstefndar 706 krónur með 5% ársvöxtum frá 24. ágúst f. á. og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum áfrýjanda, en áfrýjandi dæmdur í hæfilega sekt fyrir óþarfa þrætu og til að greiða sér málskostnað fyrir undir- og yfirdómi eftir réttarins mati.

Skaðabótakrafan á hendur stefnda, er áfrýjandinn krefst dóms fyrir í máli þessu, er bygð á því, að stefndi hafi tvívegis sumpart tekið til sín, sumpart eyðilagt veiðarfæri, er mótorbátarnir »Vestmannaey« og »Gnoð« áttu í sjó, og hirt fisk þann er í þeim var og tekið til sín. Fyrra skiftið, sem þetta á að hafa átt sér stað, var um miðjan marzmánuð 1909. Þá voru þeir báðir á sjó með línur sínar, Sigurður Ingimundarson formaður á »Vestmanney« og stefndi á mótorbát sínum »Friðþjófur«, og heldur áfrýjandi því fram, að þá hafi verið dregin upp í bát stefnda með hans línu önnur lína, sem átti Sigurður Ingimundarson eða bátur hans »Vestmanney« og hafi

belgirnir, sem við línur þessar voru, verið skornir niður en línan hirt og uppistöðurnar, sem belgirnir voru á, og hafi stefndi haft þetta með sér til lands ásamt fiskinum, er á línunni var. Stefndi hefir neitað því, að hann hafi nokkurntíma skorið í sjó eða eyðilagt veiðarfæri fyrir Sigurði Ingimundarsyni og aldrei séð neina línu eða önnur veiðarfæri honum tilheyrandi koma á land á bát sínum greinda vertíð og viti hann ekki, að neitt slíkt hafi nokkurntíma komið fyrir á bát sínum, sem borið er fram af áfrýjanda; sama hefir borið bróðir hans, er á bátnum á að hafa verið við þetta tækifæri og dregið línuna meðan stefndi »bar í« fiskinn. Frásögn áfrýjanda í þessu efni er þannig neitað af stefnda, og þar sem hún styðst ekki við annað en óeiðfestan framburð eins manns, sem auk þess hefir sögusögn sína að mestu leyti og í öllu verulegu eftir öðrum manni, sem ekki hefir gefið skýrslu í málinu, þá er engin sönnun framkomin fyrir staðhæfing áfrýjanda um þetta atriði málsins, er bygð verði á skylda fyrir stefnda til að bæta eigendum bátsins »Vestmanney«, eða áfrýjanda í þeirra stað, þann hluta kröfu áfrýjanda, kr. 388.00 er talið er til í málinu fyrir hér umræddar skemdir og töku á veiðarfærum og fiski, og verður því að sýkna stefnda fyrir þeim hluta hinna umkröfðu skaðabóta.

Að því er hinn hluta skaðabótanna snertir, sem áfrýjandi krefur stefnda um, kr. 318,00, þá heldur áfrýjandi því fram, að stefndi eigi sök á því eða sé valdur að því, að báturinn »Gnoð« eða formaður hans Sigurður Ingimundarson og aðrir eigendur báts þessa, sem hafa framselt áfrýjanda rétt sinn í því tilliti, hafi 27. marz 1911 mist veiðarfæri í hendur stefnda eða á annan hátt, er

þeir telja 118 kr. virði, og að stefudi hafi tekið til sín fisk, er á veiðarfærin hafði aflast og þeir meta 200 kr., og krefst hann því alls sem skaðabóta hjá stefnda út af þeim 318 krónum.

Það er sannað í þessu tilliti, að 27. marz 1911 voru þeir að draga lóðir sínar undir Vestmannaeyjum, stefndi á bát sínum og Sigurður Ingimundarson á »Gnoð« og nokkrir fleiri, og dró þá stefndi upp á bát sinn línuflækju með fiski á, sem hann fór með í land. Þar var flækjan lögð upp á tún og var ætlast til, að þeir greiddu þar sitt úr flækjunni, sem í henni áttu, auk stefnda. Meðal annara kom þar þá og maður af hendi Sigurðar Ingimundarsonar fyrir bátinn »Gnoð«, og greiddi hann úr og hirti nokkra línustúfa tilheyrandi bát þessum, í alt 3 strengi. Hitt af flækjunni, sem ekki var hirt þar á túninu, var farið með upp í beitiskúr stefnda, og er ekki frekara upplýst um, hvað við það var gert eða hvað af því varð. En áfrýjandi heldur því fram, að af veiðarfærum »Gnoðar« hafi á þennan hátt ekki komið nema minni hlutinn og telur sig vanta af þeim 118 kr. virði, er stefndi eigi að bera ábyrgð á og bæta sér.

Þessi ábyrgð stefnda og skylda til skaðabóta fyrir vantandi veiðarfæri, sem stefndi hefir mótmælt sem algerlega órökstuddri, verður ekki bygð á því, að stefndi hafi, eins og áfrýjandi virðist annað veifið vilja gefa í skyn, skorið niður eða skemt í umrætt skifti veiðarfæri »Gnoðar« eða verið valdur að ástandi því, sem þau voru komin í, er hann flutti þau á land, og er ekkert það fram komið í málinu, er bendi til slíks. Ekkert verður heldur fundið að meðferð stefnda á línuflækjunni eftir að í land kom, er bakað geti honum ábyrgð gagnvart eigendum »Gnoðar« eða formanninum Sigurði Ingimundarsyni, því

að Sigurði gafst, eins og áður er sagt, kostur á að hirða sitt úr flækjunni, og það er engin átylla til þess í málinu að ætla, að þar hafi nokkur fyrirstaða verið fyrir eða hindrun gerð á af hálfu stefnda eða hans manna. Það verður þá og líka að álíta, að þó að eitthvað af línu frá »Gnoð« hafi orðið eftir í oftnefndri flækju, eftir að »Gnoðar«-menn voru búnir að greiða sitt úr henni, þá verði stefndi, sem ekki virðist hafa verið aðvaraður um þetta eða þekt línu »Gnoðar«, ekki um þetta kent, eða hann látinn bera ábyrgð á því gagnvart áfrýjanda, hvað um þá línu eða línustúf varð, enda væri sú ábyrgð óframkvæmanleg, þar sem engin upplýsing liggur fyrir um lengd línu þeirrar eða línustúfs, er áfrýjandi ætlar að hafi horfið á þenna hátt.

Að því er snertir kröfuna um endurgjald eða bætur fyrir fisk þann, er verið hafi á línu »Gnoðar«, þá getur ekki komið til tals, að stefndi verði verði skyldaður til að skila andvirði annars fiskjar en þess, er kom á línustúfa, sem sannast hefir að hann hafi hirt fiskinn af, en um það hve mikill sá fiskur hafi verið, sem þar geti verið um að ræða, er engin leiðbeining í málinu og ekki einu sinni upplýst um lengd línu þeirrar, er »Gnoð« heimtist úr umgetinni línuflækju, og verða áfrýjanda þegar af þessum sökum ekki dæmdar neinar bætur hjá stefnda fyrir fisk, er til hans hafi runnið við umræddan línudrátt.

Samkvæmt framanrituðu verður að fallast á það, að gestaréttardómurinn hefir sýknað stefnda af kröfum áfrýjanda í máli þessu, og með því að málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkist, ber að staðfesta dóm þenna í heild sinni. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir einnig eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Nr. 52/1912 Landsbanki Íslands
gegn
Jakobi Jónssyni fyrir hönd
eigenda skipsins «Iho«.

Dómur:

Í máli þessu hefir áfrýjandinn, »Landsbanki Íslands,« skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1. nóv. f. á., úrskurði uppkveðnum í fógetarétti Reykjavíkur 11. okt. f. á., á þá leið, að fjárnám skyldi eigi gert í fiskiskipinu »Iho«, eign H. P. Duusverzlunar, til lúkningar veðskuld til Landsbankans, að eftirstöðvum kr. 5265.94 með 8% ársvöxtum frá 10. marz 1911, samkvæmt veðskuldahréfi útgefnu 30. jan. 1908 af Birni Símonarsyni. Krefst áfrýjandi, að úrskurður þessi verði feldur úr gildi, og að fógetinn verði skyldaður til að framkvæma fjárnámið, en verzlunarstjóri Jakob Jónsson fyrir hönd H. P. Duusverzlunar dæmdur til að greiða Landsbankanum málskostnað eftir mati réttarins. Af hálfu stefnda er krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Má þetta er þannig tilkomið, að nóttina milli 27. og 28. febrúar 1910 rak fiskiskipið »Egill«, sem þá var eign hlutafélagsins »Stapinn« og Björns kaupmanns Símonar-

sonar í Reykjavík, að helmingi hvors, á land á Seltjarnarnesi. Eftir beiðni hlutafélagsins kvaddi sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu tvo menn til að skoða skipið og láta uppi álit um, hvort það væri sjófært, hvað viðgerð á því mundi kosta og hvort hún væri tilvinnandi. Samkvæmt álitsgjörð þessara manna, sem þeir viðurkendu í aukarétti sýslunnar 30. apríl 1910, en staðfestu eigi með eiði, með því að gjörðarbeiðandi tók gjörðina gilda, sem eiðfest væri, úrskurðaði rétturinn, »að skipið Egill frá Reykjavík bæri að dæma og álíta strand og meðhöndla það þannig«, og var jafnframt eftir ósk nefnds hlutafélags ákveðið að selja skipið við opinbert uppboð. Var auglýsing um það gefin út 2. maí s. á. og uppboðsdagur settur 7. s. m. Á uppboðinu kom Björn Símonarson fram með mótmæli gegn sölunni á sínum helmingi skipsins, með því að hann hefði engan þátt átt í þeirri ráðstöfun á skipinu og uppboðið verið auglýst án sinnar vitundar, en þeim mótmælum var hrundið með úrskurði uppboðsréttarins, uppkveðnum sama dag, og fór uppboðið fram; varð Ellingsen skipasmiður hæstbjóðandi í skipsskrokkinn með möstrum, reiða, spili og öllu því, sem áfast var við það og í því geymt við hamarshögg, og fekk hann skilyrðislaust uppboðsafsal fyrir skipsskrokknum með möstrum o. s. frv. eftir að hann hafði greitt uppboðsverðið 570 kr., sem látið var ganga upp í 6000 kr. veðskuld, er skipið var veðsett fyrir Íslandsbanka með 1. veðrétti. Skipið seldi kaupandi síðan stefnda, H. P. Duusverzlun, er lét gjöra það sjófært og breyta nafni þess »Egill« í »Iho«.

En helmingur skipsins »Egill«, sá er var eign Björns Símonarsonar, var veðsettur Landsbankanum með 2. veð-

rétti samkvæmt fyrnefndu skuldabréfi, og með því að áfrýjandi leit svo á, að bankinn ætti enn þenna veðrétt í skipinu, þó að það hefði verið dæmt strand og selt, sem þegar er sagt, þá krafðist hann fjárnáms í því, er fógetinn með framangreindum úrskurði neitaði að framkvæma. Kröfu sína byggir áfrýjandi á því, að uppboðið á skipinu 7. maí 1910 hafi eigi verið stranduppboð, en haldið einvörðungu í því skyni, að slíta sameign hlutafélagsins »Stapinn« og Björns Símonarsonar um skipið, og hafi því alls eigi getað ónýtt eða losað neinar veðskuldir af því, og þó að uppboðið yrði álitið verið hafa stranduppboð, yrði það eigi metið sem nauðungaruppboð, að því er til veðskulda kæmi, er á skipinu hvíldu, með því að öll meðferð á skipinu sem strandi hafi verið ólögleg; það hafi verið heimildarlaust að úrskurða skipið strand, það hafi verið selt gegn mótmælum annars eigandans, og uppboðið eigi nægilega auglýst, svo að bankinn hafi eigi átt kost á að gæta þar réttar síns.

Í þessu máli getur það nú eigi komið til álita, hvort löglegt hafi verið að dæma skipið »Egill« strand eða selja það á uppboði eins og gert var, með því að úrskurðunum hér að lútandi 30. apríl og 7. maí 1910 og uppboðsgjörðinni sjálfri hefir eigi verið áfrýjað, og mótmæli áfrýjanda gegn réttargjörðum þessum geta því eigi tekist til greina. Það verður eigi heldur eftir framangreindum atvikum málsins og undirbúningi uppboðsins 7. maí litið svo á, að uppboð þetta hafi að eins verið haldið til að leysa sundur sameignina í skipinu. Á slíkt var eigi minst fyr en í uppboðsréttinum, er Björn Símonarson hóf mótmæli gegn sölunni, af því að hann hafði eigi tekið þátt í þeirri ráðstöfun, en ekki af því, að skilyrði væru eigi að

öðru leyti fyrir því, að selja skipið samkvæmt strandlögunum 14. jan. 1876, og úr því eina atriði var leyst með úrskurðinum 7. maí, hvort áminst mótmæli gætu stöðvað uppboð á skipinu sem strandi, en hins vegar liggur ekkert það í úrskurðinum, er breyti tegund og tilgangi uppboðsins eins og til þess var stofnað frá upphafi.

Nefnt uppboð verður því að teljast stranduppboð, og verður þá um hið selda skip að fara eftir almennum reglum um strandaða fjármuni, er seldir eru sem slíkir, að veðbönd og önnur eignarbönd á þeim hverfa við söluna, þegar annað er eigi beint áskilið, en veðhafar og aðrir rétthafar eiga að eins tilkall til uppboðsverðsins.

Það var samkvæmt þessu rétt að fógetinn neitaði að heyja fjárnámið, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 4/1913. Þorsteinn Gíslason
gegn
Birni Kristjánssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði bankastjóri í Landsbanka Íslands,

Björn Kristjánsson, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjandanum Þorsteini Gíslasyni ritstjóra blaðsins »Lögréttu«, fyrir meiðandi ummæli um hann í grein með yfirskriftinni »Landsbankinn« í VII. árg. 12. tölubl. nefnds blaðs, er út kom hér í bænum 6. marz f. á., en grein þessi er nafnlaus og ber áfrýjandinn sem ritstjóri blaðsins ábyrgð á henni. Málið var dæmt í nefndum rétti 14. nóvbr. f. á. með þeim úrslitum, að flest hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og marklaus og áfrýjandi dæmdur fyrir þau samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga í 100 króna sekt til landsjóðs, eða til vara í 20 daga einfalt fangelsi og til að greiða stefnda málskostnað 30 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 16. jan. þ. á. og krafist þess fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá undirréttinum sökum ófullnægjandi sáttatilraunar og stefndi dæmdur í málskostnað, til vara, að áfrýjandi verði sýknaður algerlega af kærum og kröfum stefnda, og stefndi dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi, og til þrautavara, að sektin verði lækkuð svo sem lög frekast leyfa, málskostnaðarákvæði dómsins felt niður eða lækkað og áfrýjanda dæmdur málskostnaður hjá stefnda fyrir báðum réttum. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Frávísunar eða ómerkingarkrafa áfrýjanda er bygð á því, að í sáttakærunni hafi stefndi eigi tilgreint, hver einstök ummæli í fyrtéðri Lögréttugrein hann taldi meiðandi fyrir sig, og því vildi átelja í málinu, og hafi nægileg sáttatilraun því eigi fram farið um þau. En með því að

sáttakæruna verður að skilja svo, að þar sé kært yfir öllum þeim ærumeiðingum í garð stefnda, er í greininni felast, þá var sakarefnið nægilega auðkent í kærunni, og þar sem ennfremur greinin var lögð fram í sáttanefndinni, gat nægileg sáttaumleitun fram farið, þar sem annað er ekki upplýst um öll þau atriði, er sérstaklega hafa verið átalin í málinu, enda eru þau öll fólgin í ofannefndri Lögréttugrein. Frávísunar- og ómerkingarkrafa áfrýjanda verður því eigi tekin til greina.

Að því er hin átöldu ummæli snertir, þá koma að eins til álita fyrir yfirdóminum þau, er áfrýjandi var sakfeldur fyrir með bæjarþingsréttardóminum, með því að málinu hefir eigi verið gagnáfrýjað af stefnda hálfu, en ummæli þessi eru þau, er nú skal greina: »Skipun Björns Kristjánssonar í bankastjórastöðu við Landsbankann var stjórnarathöfn, sem alla menn hneykslaði þegar í upphafi og mest þá, sem bezt þektu manninn. Allir vissu það, að hann hafði ekkert til að bera, sem með honum mælti í stöðunni, nema ef vera kynni það, í augum þáverandi ráðherra, að hann gæti orðið flokksverkfæri í bankanum. Maðurinn hafði áður verið skósmiður og síðan stýrt kramaraverzlun, var ómentaður maður, alókunnugur allri bankastarfsemi og þar á ofan ekki í neinu sérlegu áliti«. — »Stjórn þessara manna á Landsbankanum hefir verið þannig, að meðal þeirra, sem mest bera Landsbankann fyrir brjósti, mun það álit ríkast, að það sé stórhneyksli, að mönnunum skuli ekki hafa verið vísað frá bankanum fyrir löngu. Ef þetta hefði verið fyrsta stjórnarathöfn Kristjáns Jónssonar, þá hefði hann vafalaust fengið fyrir það alment þakklæti. Gremjan yfir stjórn Landsbankans nú hefir verið hér svo megn, að jafnvel hinn þingkosni end-

urskoðandi bankans, Benedikt Sveinsson alþingismaður, sem þó er stjórnmálabróðir bankastjóranna, hefir átt þátt í ráðagerð um, að kalla saman almennan borgarafund til umkvörtunar«. — »Þá hefir fyrverandi bankastjóri Tryggvi Gunnarsson hiklaust borið fram í bréfi til alþingis, að þeir hafi »gert sig seka í því, að birta alþingi og alþýðu falska skýrslu.« »Þessi ummæli standa í þingtíðindunum, og eru úr þeim endurprentuð í blöðum hvað eftir annað, án þess að bankastjórarnir kippi sér upp við það, eða við þeim sé hreyft«. — Þegar um þetta háttalag var rætt á þingmálafundi á Akranesi síðastliðið haust, sagði ráðherra, að ef satt væri frá þessu sagt, þá »gengi það glæpi næst«. — »Þá eru húsakaup bankans hér í bænum, eftir sögunum sem af þeim ganga, orðin hið mesta hneykslismál. Þeir hafa samfleytt í 2 ár ekki litið í bækur, sem þeir samkvæmt embættisskyldu sinni eiga að hafa daglegt eftirlit með; samfleytt í 2 ár ekkert eftirlit haft með því, hvort bankinn fengi þær tekjur af víxlasölu, sem honum bar o. s. frv. Þetta er svo stórvægileg vanræksla á embættisstarfinu, að hún ætti að varða afsetningu, þótt ekkert annað væri, hvað þá heldur þegar hún bætist ofan á alt annað, sem þessi bankastjórn hefir til þess unnið, að henni væri létt af bankanum«. — Og óteljandi dæmi sýna það ljóslega að starfið er miklu ver rækt nú en áður var. Þá hefir nýjum og nýjum starfsmönnum og aðstoðarmönnum, sem gengið hafa til handa bankastjórum, sífelt verið við bætt, teknir á laun í bankanum flækingar og vandræðamenn, sem fengist hafa við ritgutl í Ísafold, svo að bankinn er nú alment nefndur »Letigarðurinn«. — »Hvernig svo sem mál gjaldkerans fer, og um það getur enginn að svo stöddu felt dóm með réttu, þá eru

bankastjórarnir jafnsekir fyrir því. Og hvaða ástæða getur verið til þess, að láta menn, sem allir virðast vera samdóma um að telja gersamlega óhæfa til að gegna forstöðu bankans, lafa í stöðunni, þótt þeir séu þar berir að hinni verstu vanrækslu á skylduverkum sínum, auk þeirra afglapa í stjórn bankans, sem vanþekkingu þeirra er gefin sök á?« — »Hlífðin og meinleysið við þá verður að ranglæti gegn stofnuninni«.

Öll framangreind ummæli verða að teljast meiðandi eða móðgandi fyrir stefnda, sumpart í sjálfu sér og sumpart í því sambandi, sem þau standa í, og með því að áfrýjandinn hefir ekki réttlætt það, að hafa viðhaft þau um stefnda og sumpart tekið þau upp eftir öðrum, þá verður að fallast á það, að ummælin eru í bæjarþingsdóminum dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi látinn sæta sektum fyrir þau samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, og þykir sektin og vararefsingin ekki of hátt ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Það ber því að staðfesta dóm þenna í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandinn greiði stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á óraskaður að vera. Áfrýjandinn Þorsteinn ritstjóri Gíslason greiði stefnda Birni Kristjánssyni bankastjóra í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 5/1913. Þorsteinn Gíslason
gegn
Birni Sigurðssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi, bankastjóri í Landsbanka Íslands Björn Sigurðsson, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjandanum Þorsteini Gíslasyni ritstjóra blaðsins Lögréttu, fyrir meiðandi ummæli um hann í grein með yfirskriftinni »Landsbankinn« í VII. árg., 12. tbl. nefnds blaðs, er út kom hér í bænum 6. marz f. á., en grein þessi er nafnlaus og ber áfrýjandinn, sem ritstjóri blaðsins, ábyrgð á henni. Málið var dæmt í nefndum rétti 14. nóv. f. á. með þeim úrslitum, að flest hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og marklaus og áfrýjandi dæmdur fyrir þau samkvæmt 219. grein almennra hegningarlaga í 100 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 20 daga einfalt fangelsi, svo og til að greiða stefnda í málskostnað 30 krónur.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 16. jan. þ. á. og krafist þess fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá undirréttinum sökum ófullnægjandi sáttatilraunar, og stefndi dæmdur í málskostnað, til vara, að áfrýjandi verði sýknaður algerlega af kærum og kröfum stefnda og stefndi dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi, og til þrautavara, að sektin verði lækkuð svo sem lög frekast leyfa, málskostnaðarákvæði dómsins felt niður eða lækkað, og áfrýjanda dæmdur málskostnaður hjá stefnda fyrir báðum réttum. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að áfrý-

jandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Frávísunar- eða ómerkingarkrafa áfrýjanda er bygð á því, að í sáttakærunni hafi stefndi eigi tilgreint, hver einstök ummæli í fyrtéðri Lögréttugrein hann taldi meiðandi fyrir sig og því vildi átelja í málinu, og hafi því nægileg sáttatilraun ekki farið fram um þau. En með því að sáttakæruna verður að skilja svo, að þar sé kært yfir öllum þeim ærumeiðingum í garð stefnda, er í greininni felast, þá er sakarefnið nægilega auðkent í kærunni, og þar sem enn fremur greinin var lögð fram í sáttanefndinni, gat nægileg sáttaumleitun fram farið, og verður að álítast hafa fram farið, þar sem annað er ekki upplýst, um öll þau atriði, er sérstaklega hafa verið átalin í málinu, enda eru þau öll fólgin í oftnefndri Lögréttugrein. Frávísunar- og ómerkingarkrafa áfrýjanda verður því ekki tekin til greina.

Að því er hin átöldu ummæli snertir, þá koma að eins til álita fyrir yfirdóminum þau, er áfrýjandi var sakfeldur fyrir með bæjarþingsréttardóminum, með því að málinu hefir eigi verið gagnáfrýjað af stefnda hálfu, en ummæli þessi eru þau, er nú skal greina: »Stjórn þessara manna á Landsbankanum hefir verið þannig, að meðal þeirra, sem mest bera Landsbankann fyrir brjósti, mun það álit ríkast, að það sé stórhneyksli, að mönnunum skuli ekki hafa verið vísað frá bankanum fyrir lengu. Ef þetta hefði verið fyrsta stjórnarathöfn Kristjáns Jónssonar, þá hefði hann vafalaust fengið fyrir það alment þakklæti. Gremjan yfir stjórn Landsbankans nú hefir verið hér svo megn, að jafnvel hinn þingkosni endurskoðandi bankans, Benedikt Sveinsson alþingismaður, sem þó er stjórnmála-

bróðir bankastjóranna, hefir átt þátt í ráðagerð um, að kalla saman almennan borgarafund til umkvörtunar«. — »Þá hefir fyrverandi bankastjóri Tryggvi Gunnarsson hiklaust borið fram í bréfi til alþingis, að þeir hafi »gert sig seka í því, að birta alþingi og alþýðu falska skýrslu«. Þessi ummæli standa í Þingtíðindunum og eru úr þeim endurprentuð í blöðum hvað eftir annað, án þess að bankastjórarnir kippi sér upp við það, eða við þeim sé hreyft«. — Þegar um þetta háttalag var rætt á þingmálafundi á Akranesi síðastliðið haust, sagði ráðherra, að ef satt væri frá þessu sagt, þá »gengi það glæpi næst«. — »Þá eru húsakaup bankans hér í bænum, eftir sögunum sem af þeim ganga, orðin hið mesta hneyxismál«. — »Þeir hafa samfleytt í tvö ár ekki litið í bækur, sem þeir samkvæmt embættisskyldu sinni eiga að hafa daglegt eftirlit með, samfleytt í 2 ár ekkert eftirlit haft með því, hvort bankinn fengi þær tekjur af víxlasölu, sem honum ber o. s. frv. Þetta er svo stórvægileg vanræksla á embættisstarfinu, að hún ætti að varða afsetningu, þótt ekkert annað væri, hvað þá heldur þegar hún bætist við, ofan á alt annað, sem þessi bankastjórn hefir til þess unnið, að henni væri létt af bankanum«. — »Og óteljandi dæmi sýna það ljóslega, að starfið er miklu ver rækt nú en áður var. Þó hefir nýjum og nýjum starfsmönnum og aðstoðarmönnum, sem gengið hafa til handa bankastjórum, sífelt verið við bætt, teknir á laun í bankanum flækingar og vandræðamenn, sem fengist hafa við ritgutl í Ísafold, svo að bankinn er nú alment nefndur »Letigarðurinn«. — »Hvernig svo sem mál gjaldkerans fer, og um það getur enginn að svo stöddu felt neinn dóm með réttu, þá eru bankastjórarnir jafnsekir fyrir því«. — »Og hvaða

ástæða getur verið til þess að láta menn, sem allir virðast vera samdóma um að telja gersamlega óhæfa til að gegna forstöðu bankans, lafa í stöðunni, þótt þeir séu þar berir að hinni verstu vanrækslu á skylduverkum sínum, auk þeirra afglapa í stjórn bankans, sem vanþekkingu þeirra er gefin sök á«. — »Hlíðin og meinleysið við þá verður að ranglæti gegn stofnuninni«.

Öll framangreind ummæli verða að teljast meiðandi eða móðgandi fyrir stefnda, sumpart í sjálfu sér og sumpart í því sambandi, sem þau standa í, og með því að áfrýjandinn hefir ekki réttlætt það, að hafa viðhaft þau um stefnda og sumpart tekið þau upp eftir öðrum, þá verður að fallast á það, að ummælin eru í bæjarþingsdóminum dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandi látinn sæta sektum fyrir þau, samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, og þykir sektin og vararefsingin ekki of hátt ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Það ber því að staðfesta dóm þenna í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á óraskaður að vera. Áfrýjandinn Þorsteinn ritstjóri Gíslason greiði og stefnda Birni Sigurðssyni bankastjóra í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 19. dag maímán.

nr. 25/1912. Björn Líndal
gegn
Jakob Björnssyni
fyrir hönd síldarútgerðarinnar
Melbö í Noregi.

Dómur:

Með leigusamningi dags. 25. marz 1901 seldi Sigtryggur Jónsson, þáverandi eigandi Svalbarðs á Svalbarðsströnd, Guðmundi Péturssyni og Stefáni Stefánssyni á Efridálksstöðum á leigu svæði á Svalbarðseyri, sem nánar er greint í samningnum, til verzlunar og var lóðin leigð með bryggjuleyfi og uppsátri og til allra afnota, að undanskildum reka hvala og viðar og landshlut af síld, gegn 20 kr. árleigu. Tvö samrit voru gerð af samningnum, sitt handa hvorum, eiganda og leiguliða. Á þessu sama svæði leigði Guðmundur Pétursson aftur hinu stefnda síldarútgerðarfélagi Melbö í Noregi með samningi dags. 20. apríl 1909, óuppsegjanlegum í 10 ár af hálfu leigusala, lóð til síldarsöltunar og síldargeymslu, gegn 5 aura leigu fyrir hverja síldartunnu, er söltuð væri í landi. Önnur afnot af lóðinni voru Guðmundi Péturssyni áskilin, þegar hún væri eigi notuð til síldarsöltunar, og þó einnig þá, að óskertum afnotum stefnda. Þegar þessi síðari samningur var gerður, voru áfrýjandi Björn Líndal yfirréttarmálaflutningsm. og Guðmundur bóndi Guðmundsson á Þúfnavöllum orðnir eigendur Svalbarðs með Svalbarðseyri, og þeir, eða þó áfrýjandi, litu svo á, að leigusamningurinn 25. marz 1901 heimilaði eigi Guðmundi Péturssyni rétt til að ráðstafa

hinu leigða svæði eða leigja öðrum afnot þess, eins og hann gerði með samningnum 20. apríl 1909, og höfðaði áfrýjandi því mál gegn Guðmundi haustið 1909 til að fá hann dæmdan til að greiða sér árleiguna frá stefnda 1909, og til að hafa fyrirgert leiguréttinum. Því máli hélt áfrýjandi þó eigi fram til dóms, en sama haustið 4. nóv. lét hann birta Guðmundi uppsögn, með 6 mánaða fyrirvara, á leigusamningnum 25. marz 1901. Þrátt fyrir þetta notaði stefndi lóðina sumarið 1910 eftir samningnum við Guðmund, en vildi eigi sinna kröfum eða áskorunum áfrýjanda um að gera nýjan samning við hann um lóðina eða greiða honum leigu eftir hana. Þó varð það samkomulag milli stefnda og Guðmundar, að stefndi lét leiguna af lóðinni 1910, sem taldist að vera 324 kr., til geymslu í útbú Íslandsbanka á Akureyri, þangað til ágreiningi milli þeirra áfrýjanda og Guðmundar um lóðina væri lokið, en áfrýjandi kannast eigi við að hafa samþykt þessa ráðstöfun eða átt þátt í henni. Árið 1911 notaði stefndi eigi leigusvæðið, en þá um sumarið 5. júlí lét áfrýjandi leggja löghald á skipabryggju og síldarpalla (Pletninger), er stefndi átti á Svalbarðseyri til tryggingar leigu af lóðinni 1910, er hann taldi vera 643 kr. eða 10 aura af hverri tunnu, er síld var söltuð í það sumar á Svalbarðseyri samkvæmt skýrslu stefnda, og til staðfestingar löghaldsgerðinni hóf áfrýjandi mál þetta fyrir gestaréttí Þingeyjarsýslu, gegn Jakobi Björnssyni kaupmanni, er umsjón hafði með hinum kyrsettu fjármunum fyrir hönd stefnda. Var málið dæmt í nefndum rétti 1. júlí f. á. og urðu úrslitin þau, að kyrsetningargerðin var feld úr gildi og stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda, en áfrýjandi dæmd-

ur til að greiða honum 250 kr. í skaðabætur og 40 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 17. júlí f. á. og krafist þess, að honum verði hrundið og breytt þannig, að löghaldsgjörðin 5. júlí 1911 verði staðfest, og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 643,00 fyrir lóðarafnot og hæfilegan málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, svo og að verða sýknaður af skaðabótakröfu stefnda. Stefndi krefst hins vegar, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Kröfur sínar byggir áfrýjandi á því, að stefndi hafi alls eigi með samningnum við Guðmund Pétursson getað öðlast neinn rétt yfir hinni umþrættu lóð sumarið 1910, af því að Guðmundi hafi verið sagt upp leiguréttí hans þá 4. maí s. á. Og þó að svo yrði álitið, að leigusamningurinn 25. marz 1901 heimilaði eigi uppsögn af hálfu eiganda, þá hafi Guðmundur þó fyrirgert leiguréttinum með samningsrofum, þar sem hann hafi heimildarlaust afsalað eða framselt öðrum rétt sinn yfir lóðinni, og yrði þetta afsal á leiguréttinum eigi talið samningsrof, þá hafi það engu síður verið heimildarlaust og eigi veitt stefnda nein réttindi, nema með samþykki áfrýjanda og gegn því, að hann greiddi honum leigu eftir lóðina, en Guðmundur Pétursson hafi eigi, hvernig sem á stóð, átt neitt tilkall til þessarar leigu.

Samningurinn 1901 var, sem fyr segir, gerður í tvennu lagi, og áfrýjandi taldi vera heimild fyrir að segja upp leigunni í samningnum sjálfum eða því samriti hans, er áfrýjandi hafði í höndum, og þar sem svo er ákveðið,

að leigutíminn séu 25 ár frá undirskrift samningsins með $^1/_2$ árs uppsagnarfresti frá *leigjanda*, er áfrýjandi telur hér merkja eiganda eða leigusala. En í samriti Guðmundar Péturssonar er á þessum stað haft orðið *leiguliði*. Þetta virðist þó eigi þurfa að sýna neitt ósamræmi milli samritanna, með því að orðið leigjandi er í almennu máli haft jöfnum höndum um leigusala og leiguliða; en þó að svo yrði álitið, sökum þess að »leigjandi« er á öðrum stað í samningnum haft í mótsetningu við »leiguliða«, að hér væri ágreiningur milli samritanna, þá verður eftir atvikum og eðli málsins, og sérstaklega þegar litið er til þess að tilgangurinn var vitanlega sá, að byggja á lóðinni og binda þar með því mikið fé, að skilja svo fyrgreint ákvæði samningsins, að það eigi við leiguliða, þ. e. að honum, en ekki eiganda, sé áskilin 25 ára leiga, sem hann þó gæti sagt upp með hálfs árs fyrirvara, og þetta styrkist og við yfirlýsingu Sigtryggs Jónssonar, er samninginn gerði við þá Guðmund, sem lögð er fram í málinu, um að það »auðvitað hafi verið meiningin« að leiguliðarnir gætu sagt eiganda upp með 6 mánaða fresti, en hann ekki þeim. Uppsögnin 4. nóv. 1909 var eftir þessu ekki lögleg, og gat eigi gert það að verkum, að ráðstafanir Guðmundar Péturssonar á hinu leigða svæði yrðu óheimilar, ef þær eigi fóru í bága við samninginn að öðru leyti. En hvað sem uppsögninni líður, telur áfrýjandi það brot á samningnum, er hafi varðað Guðmund missi leiguréttarins, að hann leyfði stefnda afnot þau af lóðinni, er fyr er getið, með því að til þess hafi engin heimild verið, hvorki eftir samningnum né almennum reglum og venju,

enda hafi þess kyns afnot eigi verið fólgin í leiguréttri Guðmundar.

Með samningnum 1901, var umgetin lóð á Svalbarðseyri seld á leigu til verzlunar, en síðan er því bætt við, að leiguliði (leigjandi) skuli hafa lóðina »til allra afnota, að undanskildum« o. s. frv. Þessi ummæli eru svo víðtæk, að eigi er heimilt að frjáskilja nein afnot eða nytjar lóðarinnar, sem eigi felast í undantekningunni, og þá eigi heldur þau afnot, er ræðir um í samningnum 1909. En þessum afnotum, sem eigi tóku til allrar lóðarinnar og stóðu að eins um stuttan tíma ársins, síldveiðitímann (6—8 vikur), en létu að öðru leyti og á öðrum tímum óskert umráð Guðmundar Péturssonar og afnot af lóðinni — var eigi svo varið, að yfirfærsla þeirra til stefnda yrði talin afsal eða framsal leiguréttarins af því tagi, er talið er óheimilt án leyfis eiganda, en það verður að líta svo á, að Guðmundur Pétursson hafi eftir samningnum 1901 átt rétt á að hagnýta sér hið leigða svæði eins og hann gerði með samningnum við stefnda, án þess að fá til þess samþykki áfrýjanda, eða greiða honum neitt af áskildri borgun fyrir þau afnot, og áfrýjandi átti þá eigi heldur neina kröfu á hendur stefnda um slíka borgun.

Samkvæmt þessu ber að fallast á það, að héraðsdómarinn feldi úr gildi hina áfrýjuðu kyrsetningargerð og sýknaði stefnda af kröfum áfrýjanda í máli þessu. En skaðabætur fyrir löghaldsgerðina verða stefnda eigi dæmdar, með því að hann hefir eigi framfylgt þeirri kröfu með gagnsókn.

Málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda, og ákveðst hann 60 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða kyrsetningargerð skal úr gildi feld, og stefndi Jakob Björnsson fyrir hönd síldarútgerðarinnar Melbö í Noregi vera sýkn af kröfum áfrýjanda Björns Líndals í þessu máli. Í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi greiði áfrýjandi stefnda 60 krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 50/1912. Réttvísin gegn Guðna Einarssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Hafnarfjarðarkaupstaðar 10. júním. f. á. var ákærði Guðni Einarsson lausamaður frá Hallgeirsey í Austurlandeyjahreppi, en nú í Gerðum í Gerðahreppi, dæmdur fyrir innbrotsþjófnað samkvæmt 231. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. við 232. gr. 2. lið sömu laga til að sæta eins árs betrunarhússvinnu og til að greiða allan sakarkostnaðinn. En dómi þessum hefir bæði að tilmælum ákærða og af hálfu réttvísinnar verið skotið til landsyfirdómsins.

Nóttina milli 6. og 7. janúar f. á., seinni part nætur, að því er ætla verður, var brotist inn í hjall eða geymsluhús þurrabúðarmanns Andrésar Guðmundssonar í Hafnarfirði með þeim hætti, að 2 rimlar voru rifnir frá

norðurhlið hjallsins og farið inn í hann og síðan tálgað gat á læsta hurð, er var á milli hjallsins og afþiljaðs geymsluklefa í öðrum enda hans, svo stórt að smeygja mátti hendi þar inn og opna hurðina með því að snúa handfanginu, er var að innanverðu. Úr geymsluklefanum voru tekin ýms smíðatól tilheyrandi syni Andrésar, Grími að nafni, heflar ýmiskonar, 8 að tölu, renniborar, járnklippur, þjalir, borar o. fl., ennfremur legghlífar nýlegar sama manni tilheyrandi og svo regnkápa slitin, tilheyrandi Jóni bróður hans. Allir þessir munir, sem taldir hafa verið sem næst 50 kr. virði, fundust 8. jan. f. á., í vörzlum ákærða í Reykjavík, en hann var þá þar á ferð, nýkominn þangað frá Gerðum. Kvaðst hann hafa komið til Reykjavíkur með gufubátnum Ingólfi laugardaginn 6. janúar um kl. 8 1/2 síðdegis, ætlað fyrst að fá gistingu á Vitastíg 8 en ekki fengið hana sökum plássleysis, en skilið þar eftir farangur sinn. Hafi hann svo gist um nóttina í gistihúsi Hjálpræðishersins. Morguninn eftir hafi hann farið á fætur kl. 8 og vestur í bæ, til að ljúka ýmsum erindum þar, en á leiðinni þaðan inn í bæinn aftur hafi hann hitt unglingsmann, er hann hafi kannast við að hafa oftar séð, þó að hann þekti hann ekki fyrir annan, og bar sá maður poka á bakinu, er upp úr stóð hefill, og gaf ákærði sig á tal við hann. Maðurinn spurði ákærða, hvað hann vildi bjóða í pokann, sem hann var með, og sagðist ákærði vilja gefa fyrir hann 10—12 kr., en maðurinn, sem kvaðst heita Ólafur Jónsson og eiga heima á Melstað fyrir vestan bæ, vildi hafa 30 kr. fyrir það, sem í pokannm var, og varð það úr, að ákærði keypti þetta fyrir 25 kr. gegn því að borga þá þegar 20 kr. af verðinu, en 5 kr. lofaði hann að borga

eða senda einhvern tíma þá um veturinn. Í poka þessum var alt það, smíðatól og annað, er fyr er um getið og horfið hafði úr hjallinum eða geymsluklefanum í Hafnarfirði við fyrgreint innbrot og fann lögregluþjónninn það alt í farangri ákærða á Vitastíg 8 daginn eftir, en síðan hefir það alt verið afhent eigendunum.

Nefndir munir, sem eigandinn hefir helgað sér með eiði, hefir ákærði stöðugt neitað að komist hafi í sínar vörzlur með innbroti, eins og á hann hefir verið borið, eða yfir höfuð á annan hátt en þann, er hann hefir frá skýrt og lýst er hér að framan. En rannsókn málsins hefir leitt það í ljós, að þessi skýrsla hans er ekki ábyggileg. Þannig verður ekkert úr greinargerð hans fyrir því, að munirnir hafi komið í hans hendur á löglegan hátt, því að Ólafur Jónsson sá, er á að hafa selt honum munina, hefir ekki fundist, þrátt fyrir ítarlega eftirgrenslan, og enginn maður með því nafni eða á þeim stað, er hann tilgreinir. Sögusögn ákærða um viðskifti hans og Ólafs þessa eru einnig næsta ótrúleg, og væri hún sönn, þá bendir hún jafnvel til þess, að ákærði hafi hlotið að sjá eða gruna, að munirnir myndu vera stolnir. Virðast líkur þær, sem fólgnar eru í ósennileik skýrslunnar í heild sinni í sambandi við óréttlætta vörzlu þýfisins verða samkvæmt 6. gr. tilsk. 8. sept. 1841, að metast næg sönnun þess, að ákærði hafi orðið sekur um þjófshylmingu að því er framangreinda muni snertir, enda eru engin þau atvik upplýst í málinu, er bendi í aðra átt. Hitt þykir varhugavert að telja ákærða sekan um innbrotið sjálft. Þar sem skýrsla ákærða um, að hann hafi nóttina sem það skeði gist í gistihúsi Hjálpræðishersins í Reykjavík, stendur óhrakin; en þess verður þó að geta, að jafnvel þótt

það væri satt, sem engin vitni eru annars að, að ákærði hafi fengið gistingu á nefndum stað kvöldið 6. jan., þá er ekki loku fyrir það skotið, eftir því sem upplýst er um tilhögun með gistingu þar, að ákærði hafi getað farið út þaðan um nóttina og með því komist að því að fremja sjálfur umrætt innbrot í Hafnarfirði um nóttina.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir áður tvívegis verið dæmdur fyrir glæp, í fyrra skiftið með aukaréttardómi Rangárvallasýslu 20. febr. 1906 í 1 árs betrunarhúsvinnu fyrir innbrotsþjófnað, einfaldan þjófnað og svik, og í síðara skiftið með aukaréttardómi Reykjavíkur 17. júní 1910 fyrir hylmingu og svik í 8 mánaða betrunarhúsvinnu. Afbrot það, sem hann nú er talinn sekur um, ber samkvæmt áðursögðu að heimfæra undir 240. sbr. 243. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 4X5 daga fangelsi við vatn og brauð og er aukaréttardóminum breytt að þessu leyti. Ákærða ber að borga allan af málinu gegn honum, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, löglega leiðandi kostnað, og er þar með talinn kostnaður af varðhaldi hans og málflutningslaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðst 15 krónur til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Guðni Einarsson sæti 4X5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiði allan af málinu í héraði

og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, og er þar með talinn kostnaður af varðhaldi hans og málfærslulaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 15 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. dag maímánaðar.

Nr. 47/1912: Stefán Th. Jónsson
gegn
Otto Tulinius.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað fyrir gestaréttí Akureyrarkaupstaðar af hendi stefnda, konsúls Otto Tuliníus kaupmanns á Akureyri, gegn áfrýjandanum, konsúl og kaupmanni á Seyðisfirði Stefáni Th. Jónssyni, til greiðslu á skuld að upphæð kr. 438.06, stafandi frá úttekt síldveiðaskipsins »Svanen«, eignar áfrýjanda við verzlun stefnda á Akureyri, en í sambandi við þessa málshöfðun höfðaði áfrýjandi gagnsóknarmál gegn stefnda og krafðist greiðslu og að nokkru leyti skuldajafnaðar á kr. 846.72, er hann taldi stefnda eiga að greiða sér sem skaðabætur fyrir óleyfilega meðferð á 144 tunnum af síld. Var málið dæmt í téðum rétti 27. apríl f. á. þannig, að áfrýj-

andi (stefndi í aðalsökinni) skyldi greiða stefnda (aðalstefnanda fyrir gestaréttinum) kr. 327.75 með 5 % vöxtum p. a. frá stefnudegi 18. júní 1910 til borgunardags, og stefndi vera sýkn af kröfum áfrýjanda í gagnsóknarmálinu, en málskostnaður í báðum málunum var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 19. okt. f. á. og krafist þess, að skuldakrafa stefnda á hendur honum verði samkvæmt kröfu sinni fyrir gestaréttinum enn færð niður um 99 kr. 24 aur., svo að honum verði að eins dæmdar kr. 228.51, og að gagnkrafa sín kr. 846.72, verði, svo sem þarf, látin ganga til skuldajafnaðar gegn þeirri upphæð, er stefnda verður dæmd, þannig að áfrýjandi verði alsýknaður af kröfu stefnda í máli þessu. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess í aðalsökinni, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða stefnda málskostnað eftir mati réttarins.

Í gagnsökinni hefir engin sáttaumleitun fram farið fyrir gestaréttinum, og ber því að vísa henni frá gestaréttinum og dæma dóminn ómerkan að því er hana snertir.

Fyrir yfirdóminum kemur þá aðalmálið eitt til álita, og þó að eins að því leyti áfrýjandi krefst enn frekari niðurfærslu á skuldakröfu stefnda á hendur honum, því að stefndi hefir eigi gagnáfrýjað málinu.

Skuld sú, er áfrýjandi krefur stefnda um í máli þessu, er svo til komin, að síldveiðaskipið »Svanen«, eign áfrýjanda, stundaði um tíma í júlí og ágúst 1909 síldveiðar frá Akureyri, og lagði upp afla sinn þar, og

annaðist stefndi fyrir áfrýjanda verkun aflans og afgreiðslu til sendingar og sölu á útlendum markaði. Tók þá skipstjóri skipsins út ýmsar vörur hjá stefnda, er skipið þarfnaðist til úthaldsins, veiðarfæri o. fl. Hefir stefndi lagt fram reikning yfir öll þessi viðskifti, og er skuld áfrýjanda til hans út af þeim, að frádregnu söluandvirði aflans og öðrum tekjum áfrýjanda, er færðar voru til í þeim reikningi, talin vera kr. 438.06 eða upphæð sú, er aðalsökin í máli þessu var höfðuð út af. Af þessari upphæð mótmælir áfrýjandi og taldi sig ranglega skuldaðan fyrir í reikningi stefnda kr. 209.55, og tók gestaréttirinn til greina af þeim mótmælum kr. 110.31.

Af þeim kr. 99.24, sem enn eru, að áliti áfrýjanda, ranglega taldar honum til skuldar í reikningi stefnda, verða ekki feldar úr reikningnum kr. 64.24 (fyrir plássleigu af 94 tunn., 14 búnt af tunnuböndum og 180 tunnutappa), þegar af þeirri ástæðu, að áfrýjandi virðist fyrir gestaréttinum hafa fallið frá ákveðnum mótmælum gegn þessum liðum reikningsins. Öðru máli virðist aftur vera að gegna um 35 kr. þær, sem þá er enn spurning um í reikningi stefnda, Stefndi færir þar áfrýjanda til skuldar 200 tómar tunnur, en áfrýjandi neitar, að skipið hafi fengið fleiri en 190, og séu því oftaldar 10 tn. á kr. 3.50, eða 35 kr. En stefndi hefir gegn mótmælum áfrýjanda enga sönnun fært á það, að tunnurnar, sem skipið fekk, hafi verið fleiri en 190, hvorki með staðfestu eftirriti úr verzlunarbókum sínum né á annan hátt, og verða því greindar 35 kr. ekki dæmdar honum, heldur verður að draga þær frá dómsupphæðinni.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins í aðalsökinni þau, að áfrýjanda ber að greiða stefnda kr. 327.75

÷ kr. 35.00, eða kr. 292,74 með 5 % vöxtum á ári frá stefnudegi til borgunardags, en gagnsökinni ber að vísa frá gestaréttinum og dæma dóminn ómerkan, að því er hana snertir.

Málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi virðist í báðum málunum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Stefán Th. Jónsson konsúll greiði stefnda konsúl Otto Tulinus 292 kr. 75 aura með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi 18. júní 1910 til borgunardags. Gagnsökinni vísast frá gestaréttinum, og dómurinn á að vera ómerkur, að því er hana snertir. Málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 2. dag júnímánaðar.

Nr. 48/1912: Pálmi Jónsson
gegn
Davíð Jónssyni.

Dómur:

Björn Líndal yfirréttarmálaflutningsmaður á Akureyri höfðaði mál þetta fyrir hönd áfrýjanda Pálma Jóns-

sonar á Espihóli, áður í Litla-Hvammi, fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar gegn stefnda, Davíð Jónssyni hreppstjóra á Kroppi, til skaðabóta fyrir það, að stefndi hefði án lagaheimildar gert lögtak í hesti áfrýjanda og selt hann á uppboði til lúkningar prestsgjaldi, er hann átti að greiða. En með dómi nefnds réttar uppkveðnum 27. apríl f. á., var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 19. okt. f. á., og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði feldur úr gildi, þannig að allar kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina og stefndi dæmdur til að greiða honum 103 kr. 71 e. með 6 % ársvöxtum frá 14. okt. 1911 til borgunardags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Af stefnda hálfu er þess krafist aðallega, að málinu verði frá vísað, sakir ófullnægjandi sáttaumleitunar, þar sem áfrýjandi hefir eigi, án þess að bera fyrir sig nein forföll, sjálfur sótt sáttafund í málinu, en sent málfærslumann í sinn stað, og þó eigi gefið honum umboð til að sættast. Gegn þessu heldur áfrýjandi því fram, að Björn Líndal hafi haft munnlegt umboð frá sér til að reka mál þetta fyrir aukaréttinum sem sjálfstæður aðili (mandatarius) og hafi hann því löglega getað mætt á sáttafundinum, þó að hann sé málfærslumaður. Stefndi hefir fyrir yfirdóminum mótmælt því, að Björn Líndal hafi haft slíkt umboð, en áfrýjandi telur þessi mótmæli of seint fram komin.

Fyrir aukaréttinum lagði Björn Líndal fram umboð frá áfrýjanda til að mæta á sáttafundi í málinu; í frumvörn sinni vefengdi stefndi það umboð eða taldi það

ófullnægjandi, en í næsta sóknarskjali lýsti Björn Líndal því yfir, að hann hefði haft munnlegt umboð áfrýjanda, ótakmarkað, áður en málið var höfðað, til þess að flytja það í eigin nafni, og var þessu eigi nægilega mótmælt af stefnda fyrir undirrétti. Mótmæli þessi komast því eigi að fyrir yfirdóminum, og verður þá að líta svo á, að Björn Líndal, er hann hafði umboð til að sækja málið í sínu nafni, sem hann og hefir gert, hafi einnig haft heimild til að mæta við sáttatilraun í því. Það verða því eigi talin næg rök fyrir frávísunarkröfu stefnda. Til vara krefst stefndi, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Lögtak það, sem mál þetta er risið af, fór fram 16. des. 1909 á heimili áfrýjanda. Gerði stefndi það til lúkuingar dagsverki til prests, kr. 3.31, eftir kröfu hlutaðeigandi gjaldheimtumanns og samkvæmt úrskurði fógeta. Áfrýjandi var þá eigi heima, en bóndinn þar, bróðir áfrýjanda, lét bóka fyrir hans hönd, að hann mótmælti lögtakinu og vísaði málinu til dóms og laga. Eftirrit af lögtaksgerðinni sendi stefndi sýslumanni 4 dögum síðar, 20. des.; en 3. jan. 1910 kærði áfrýjandi stefnda fyrir sýslumanni, og krafðist þess, að lögtakið yrði felt úr gildi. Úrskurður var þó enginn uppkveðinn um gildi lögtaksins, og 14. marz s. á. seldi stefndi hest áfrýjanda, er lögtakið var gert í, á opinberu uppboði.

Það er augljóst, að frestir þeir, sem ákveðnir eru í lögum 16. des. 1885, 11. og 12. gr., til að áfrýja lögtaki, eða höfða mál í héraði um lögmæti þess eru fyrir löngu liðnir, að því er lögtak það snertir, er hér er um að ræða, og að áfrýjandi því eigi getur komið fram

ábyrgð á hendur fógeta eða lögtaksbeiðanda samkvæmt lagaákvæðum þessum. En þá sést eigi heldur, að þau veiti heimild til, að frestinum liðnum, að krefja stefnda til reikningsskapar fyrir lögtakið, er hann gerði eftir skipun fógeta og í hans umboði. Reyndar heldur áfrýjandi því fram, að frestur til málshöfðunar hafi eigi verið liðinn, þegar mál þetta byrjaði, og sé eigi enn liðinn, af því að úrskurður um mótmæli hans gegn lögtakinu, er fram kom við lögtaksgerðina, sé ógenginn enn, lögtaksgerðin sé óstaðfest og fresturinn samkvæmt 12. grein laganna því eigi byrjaður að líða enn. En þetta þykir ekki eiga við rök að styðjast. Mótmæli þau af hendi áfrýjanda, er færð voru til bókar við lögtaksgjörðina og voru með öllu órökstudd, verða eigi talin varnir eða mótmæli í þeim skilningi, er gert er ráð fyrir í 9. gr. nefndra laga, en þau verða að eins skilin sem yfirlýsing um, að áfrýjandi vilji eigi una lögtakinu og ætli að skjóta því til úrskurðar fógeta. En kæru út af lögtakinu sendi áfrýjandi, svo sem fyr er getið, eigi fógeta fyr en 3. jan. 1910, eða of seint til þess að hún samkvæmt 9. gr. laganna yrði tekin til greina, eða fógeti fyndi sér skylt að fella úrskurð á hana. 8 vikna frestinn samkvæmt 12. gr. verður því að telja frá lögtaksdegi, og var hann þá, sem fyr er sagt, löngu liðinn, þegar mál þetta var höfðað. Þegar af þessari ástæðu álízt áfrýjandi ekki eiga neina kröfu til skaðabóta hjá stefnda fyrir lögtakið og verður þá eigi nauðsynlegt að rannsaka aðfinslur áfrýjanda við lögtaksgerðina og undirbúning hennar.

Við uppboðið á hinum lögtekna hesti var áfrýjandi viðstaddur og mótmælti því, að salan færi fram, en mótmæli sín bygði hann á því einu, að lögtakið væri ólög-

mætt. Eftir því, sem að framan er sagt, verður að telja það rétt, að stefndi sinti eigi þessum mótmælum eða stöðvaði uppboðið, og með því að áfrýjandi hefir eigi haldið því fram, að stefndi hafi að öðru leyti hagað sér svo við uppboðið, að hann eigi að greiða bætur fyrir, verða kröfur áfrýjanda eigi heldur bygðar á gjörðum stefnda sem uppboðshaldara.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, og með því að eigi getur orðið spurning um að breyta málskostnaðarákvæði dómsins stefnda í vil, ber að staðfesta hann.

En málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda og ákveðst hann 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Pálmi Jónsson, greiði stefnda Davíð Jónssyni 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi, áður en 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 60/1912: Bjarni Jónsson gegn Sigurði Þórðarsyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði sýslumaður Sigurður Þórðarson gegn viðskiftaráðunaut og alþingismanni Bjarna

Jónssyni fyrir ærumeiðandi ummæli í greiu með fyrirsögninni »Bögubósar« í 64. tölubl. 38. árg. blaðsins Ísafoldar, sem út kom 14. okt. 1911, en undir greininni stóð nafn Bjarna Jónssonar; var málinu ráðið til lykta með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 1. febr. f. á. á þann veg, að þessi ummæli í nefndri grein: »svo kunn er þessi fylking að sannleikshatri og rógást«, og: »höfundar þessir skara fram úr hugleiðingaspekingnum í Arnarholti að ljúgvísi og drengskaparleysi, þótt hann sé nú hafður að orðtaki«, — voru dæmd dauð og ómerk, Bjarni Jónsson sektaður fyrir þau um 150 kr. til landssjóðs, til vara skyldi hann sæta 25 daga einföldu fangelsi, og loks var honum gert að greiða málskostnað 20 kr.

Dómi þessum hefir Bjarni Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 6. desbr. f. á., og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að hann verði algerlega sýknaður í málinu, en til vara, að sektin verði sett svo lág, sem lög frekast leyfa, og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, hvernig sem málið fer. Af sinni hálfu hefir stefndi sýslumaður Sigurður Þórðarson krafist þess, að dómurinn verði að öllu leyti staðfestur, og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Áfrýjandi kannast við að hafa skrifað áminsta Ísafoldargrein, og eru fyrir því hin átöldu ummæli á ábyrgð hans, en þau felast í þeim tveim málsgreinum, sem að framan eru tilfærðar. Hann hefir nú haldið því fram, að hin fyrri klausan (»svo kunn er« o. s. frv.) geti alls eigi átt við hinn stefnda; orð þessi séu stíluð til blaða heimastjórnarmanna, sem hann í greininni kallar »þessa fylking«, en eigi til stefnda; en áfrýjandi hefir í grein-

inni sett stefnda í samband við nefnd blöð og áminsta fylking á þann veg, að klausa þessi verður að teljast jafnframt stíluð til hans (sbr. orðin um stefnda: skjaldsveinn þeirra, attaníoss þeirra). Það verður því að fallast á það álit undirdómarans, að ummælin í báðum hinum átöldu málsgreinum séu freklega meiðandi fyrir stefnda, og það eins þó svo sé litið á, að þau veitist aðallega eða að eins að »stjórnmálastefnu« stefnda, eins og áfrýjandi hefir komist að orði. En áfrýjandinn vill telja ummælin saklaus vegna þess, að greinin »Bögubósar« sé stíluð beint í tilefni af ritlingi stefnda »Afmælishugleiðingar«, er kom út nokkru áður og inniheldur meðal annars mjög svæsna árás á áfrýjanda. En þótt svo megi líta á málavexti, að áfrýjandi hafi ritað greinina »Bögubósar« í gremju og bræði út af árás stefnda á hann í »Afmælishugleiðingunum«, og þótt á það verði að fallast, að »Afmælishugleiðingarnar« séu freklega móðgandi fyrir áfrýjanda, þar sem hans er getið — þá réttlæti það eigi ummæli áfrýjanda um stefnda, þau sem hér eru sakarefni. Það er því rett að héraðsdómarinn hefir dæmt þau dauð og ómerk, og sektað áfrýjanda fyrir þau samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, en sektina virðist mega ákveða með tilvitnun til 221 gr. laganna 100 kr., og vararefsinguna 20 daga einfalt fangelsi. Um málskostnað í héraði samþykkist ákvæði undirréttardómsins, og verður því að staðfesta greindan dóm með breytingu þeirri á refsingunni, er að ofan segir. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Bjarni Jónsson greiði sekt í landssjóð 100 kr., eða sæti 20 daga einföldu fangelsi, sé sektin öll eigi greidd í tæka tíð. Að öðru leyti skal bæjarþingsdóminum óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 7/1913: Viggo Jónsson
gegn
Einari M. Jónassyni.

Dómur:

Með dómi bæjarþingsréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 8. ágústm. f. á., var hinn stefndi Einar M. Jónasson dæmdur til að greiða áfrýjanda, Viggo Jónssyni, skuld að upphæð 375 kr. með 6 % ársvöxtum frá 1. júlí 1911 til borgunardags, og málskostnað með 20 kr. Dómi þessum hefir nefndur Viggo Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 18. júní þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu. Á hinn bóginn hefir Einar M. Jónasson gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 10. febr. þ. á., og virðast réttarkröfur hans vera þær, að málinu verði vísað frá rétti (undirrétti) sem of snemma höfðuðu, eða að dómin-

um verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum áfrýjanda; svo krefst hann og málskostnaðar að skaðlausu fyrir báðum réttum.

Með skuldabréfi dags. 20. desbr. 1911 viðurkennir stefndi, að hann skuldi áfrýjanda 575 kr., auk vaxta, er hvorttveggja verði greitt um eða eftir nýár 1912. Þar sem skuldin þannig samkvæmt loforði stefnda sjálfs átti að greiðast með ársbyrjun 1912, var hennar eigi krafist of snemma af hálfu áfrýjanda, og kemur því eigi til mála að gefa frávísunarkröfu stefnda nokkurn gaum, er eingöngu styðst við það, að málið hafi verið of snemma höfðað. En sýknunar krefst stefndi með skýrskotun til þess, að hann hafi eignast skuldakröfu á hendur áfrýjanda, að upphæð 623 kr. 69 aura. Skýrir stefndi svo frá, að áfrýjandi hafi átt skuld þessa hjá nafngreindum manni á Mjóafirði eystra, en hafi afhent sér hana með skriflegu afsali 18. júlí 1911, en skuldin hefir reynst ónýt eða ófáanleg, og þykist stefndi því nú geta krafið áfrýjanda um þessa upphæð. En krafa þessi hefir alls ekki komið fram fyrir undirréttinum, þótt áfrýjandi virðist hafa haft nægan tíma og tækifæri til þess að koma henni þar inn í málið. Það verður því ekkert tillit tekið til hennar nú fyrir yfirdóminum, og með því að stefndi hefir eigi aðrar varnir í málinu en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, verður eigi hjá því komist að taka kröfu áfrýjanda til greina, og staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Stefndi Einar M. Jónasson greiði áfrýjanda Viggo Jónssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dómnum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 10/1913 Guðmundur Jónasson
gegn
Kristjáni Böving.

Dómur:

Áfrýjandinn Guðmundur Jónasson, fyrverandi kaupmaður í Frakkanesi, höfðaði mál þetta fyrir gestaréttí Dalasýslu gegn hinum stefnda, cand. pharm. Kristjáni Böving, til þess að fá hann dæmdan til sekta eða fangelsis fyrir að hafa breytt út um sig og bókað fyrir rétti ærumeiðandi óhróður, en málinu var með dómi réttarins 14. sept. f. á. vísað frá gestaréttinum og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda í kost og tæring 5 krónur.

Þessum dómi hefir Guðmundur Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 29. jan. þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim til nýrrar dómsáleggingar að efninu til og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að

greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Frávísun málsins frá gestaréttinum var eftir kröfu stefnda bygð á því, að stefndi ætti eigi lögheimili í Skarðstrandarhreppi, þar er málið var höfðað samkvæmt gestaréttarstefnunni, enda taldi dómarinn það viðurkent af áfrýjanda í stefnunni, þar sem stefndi var kendur við Kaupmannahöfn (»Kristjan Böving af Köbenhavn«) og sagður dvelja á Skarði sem stæði («som for Tiden opholder sig paa Skarð«), að heimilisfang hans væri í Kaupmannahöfn, En þótt stefndi ætti heimilisvarnarþing sitt annarstaðar en þar, sem málið var höfðað — og eftir skýrslum málsins er ekki heimild til að gera ráð fyrir öðru — þá ber á það að líta, að mál þetta var höfðað af áfrýjanda gegn stefnda til refsingar á hendur honum fyrir illmæli, er áfrýjandi taldi hann hafa haft um sig í Skarðstrandarhreppi, en áfrýjanda var þá heimilt samkvæmt N. L. 1—2—16, 1. málsgrein, að lögsækja stefnda þar, þótt þar væri eigi lögheimili hans. Stefndi var og gestur í þinghánni eða staddur þar, er málið var höfðað, og var það þá enn fremur lögum samkvæmt, að málið væri rekið fyrir gestarétti.

Samkvæmt þessu voru ekki lög til þess að vísa málinu frá gestaréttinum, og ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda, og ákveðst hann 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera ómerkur og vísast málinu heim til nýrrar og löglegrar meðferðar og dómsáleggingar.

Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda 20 krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. júnímán.

Nr. 58/1912: Emil Strand fyrir hönd hlutafélagsins »Adda« gegn Magnúsi sýslumanni Jónssyni fyrir hönd dánarbús Jóns Jónssonar og Guðmundi Ólafssyni.

Dómur:

Áfrýjandi, Emil Strand fyrir hönd hlutafélagsins »Adda«, höfðaði mál þetta fyrir gestaréttí Reykjavíkur á hendur eigendum kútterskipsins »Bergþóra«, Jóni Jónssyni bónda í Melshúsum og Guðmundi Ólafssyni bónda í Nýjabæ, til skaðabóta fyrir tjón, er félagið hefði beðið af völdum téðs skips við það, að skipshöfnin í ofviðri nóttina milli 27. og 28. febrúar 1910 leysti úr festum hér á höfninni vélarbátinn Adda I, eign félagsins, svo að hann rak í land og stórskemdist. En með dómi nefnds rétt-

ar, uppkveðnum 8. nóvbr. 1910, voru stefndu sýknaðir af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi, að fengnu uppreisnarleyfi, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 20. nóvbr. 1912, og krafist þess, að stefndu, — í stað Jóns Jónssonar, sem er dáinn, skiftaráðandinn í búi hans — verði dæmdir til að greiða sér skaðabætur 9200 kr. fyrir gjörskemdir á nefndum vélarbát og 3000 kr. fyrir arðstjón og atvinnumissi, og málskostnað allan að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Hinir stefndu krefjast fullrar sýknunar í málinu og hæfilegs málskostnaðar fyrir báðum dómum, en til vara, að þeir verði eigi dæmdir til að greiða áfrýjanda meiri skaðabætur en tjónið nemur, eftir því sem sannað er í málinu, og að þeir, hvernig sem fer, verði eigi dæmdir til að greiða áfrýjanda neitt fyrir arðstjón og atvinnumissi.

Umrædd skip, kútter Bergþóra og vélarbáturinn Adda, sem var þiljubátur, lágu hér á höfninni 27. febr. 1910, Adda þó ekki allan daginn. Lá Adda aftur af Bergþóru lítið eitt til bakborðs. Þegar á daginn leið tók að hvessa af austri og var orðið stórviðri um kvöldið. Kl. $10^1/_2$ voru látnir út í viðbót 20 faðmar af festum á bæði akkerin, sem Bergþóra lá fyrir, bæði til þess að hún lægi óhultari og eftir ósk frá öðru skipi sem lá fram af henni. Við þetta barst Bergþóra niður til hliðar við Adda, og sakaði það eigi, meðan vindstaðan var óbreytt, en um kl. 2 um nóttina gekk vindurinn lítið eitt til suðurs, og rakst þá Bergþóra á Adda, sem lá í svokölluðum hanafæti (mooring) og gat því eigi sveiflast fyrir vindinum að sama skapi og Bergþóra. Börðust þau saman um stund og tók báturinn að brotna töluvert; þóttust Bergþóru-menn eigi sjá

önnur úrræði til að varna því, að bæði skipin brotnuðu og sykkju, en að leysa Adda úr festum og láta hana reka undan. Þeir leystu því bátinn og rak hann upp í Hlíðarhúsasand og brotnaði svo mjög, að eigi þótti tiltök að gera við hann, og vélin skemdist og til mikilla muna.

Áfrýjandi heldur því fram, að tjón það, sem hlutafélagið hefir beðið við strand bátsins og hann telur vera 9200 kr. auk 3000 kr. fyrir arðstjón og atvinnumissi, beri eigendum Bergþóru að bæta félaginu að fullu, með því að skipverjar hafi við þetta tækifæri hagað sér svo, að öll ábyrgðin á tjóninu hljóti að lenda á þessu skipi. Telur áfrýjandi það fyrst, að Bergþóra hafi lagst á óforsvaranlegan stað á höfninni, of nærri öðrum skipum, er þar lágu, þar á meðal Adda, og of grunt; skipverjar á Bergþóru hafi sýnt óforsvaranlega óvarkárni, er þeir lengdu svo mikið á festum sínum, að Bergþóra hlaut að rekast á Adda, er þeir hafi vitað hvar lá. Þeir hafi því átt sök á samrekstrinum. En þar á ofan hafi tiltæki þeirra, þegar svo var komið, að leysa bátinn og láta hann reka í land, verið gjörræði, með öllu heimildarlaust, er engin nauðsyn hafi knúð þá til, en ýms önnur úrræði til þess að komast hjá tjóni af samrekstri skipanna eða láta það verða minna, hafi verið fyrir hendi, en skipverjar látið ónotuð og óreynd, svo sem að brjóta gat á bátinn áður en þeir sleptu honum, svo að hann sykki eftir að hafa borist aftur fyrir Bergþóru, að leggja bátnum við akkeri og kaðal, sem legið hafi á þilfari hans, að draga kaðalinn í mjórri taug inn á þilfar Bergþóru, festa hann við akkerið, sem Bergþóra hafði til vara, og fleygja því út um leið og þeir leystu bátinn, að festa bátnum aftan

í Bergþóru, og loks að gefa út meiri festar á akkeri skipsins.

Öllum þessum staðhæfingum áfrýjanda er mótmælt af hálfu stefndu, og því haldið fram, að Bergþóra hafi lagst á undan Adda á forsvaranlegum stað, að Bergþórumenn hafi verið skyldir og neyddir til að lengja akkerisfestar eins og þeir gerðu til að tryggja legu sína og annara skipa, en í myrkrinu og rokinu eigi getað greint eða ætlast á fjarlægðina frá bátnum, sem verið hafi ljóslaus og mannlaus og legið fyrir óvenjulegum legufærum, sem þeir hafi eigi varað sig á, og því eigi getað snúist fyrir vindi eins og önnur skip; í veðurofsanum hafi þeir eigi getað tekið annað til bragðs en losa bátinn og sleppa honum, alt annað hafi, eins og ástatt var, verið ótiltækilegt, keðjur skipsins hafi verið gefnar út á enda, og það hefði verið gagnslaust, en háskalegt fyrir menn og skip að reyna úrræði þau önnur, sem áfrýjandi hefir bent á; skipverjar hafi því gert það eitt, er tiltækilegt var til þess, að sem minst tjón yrði á báðum skipunum, ekki að eins á Bergþóru heldur og á Adda, með því að líklegt hafi verið eftir vindstöðunni, að bátinn mundi reka í land á þeim stað, að hann yrði eigi fyrir stórvægilegum skemdum. Og þar sem eigendur bátsins hafi látið leggja honum á þennan stað, og skilja við hann ljóslausan og mannlausan í banni hafnarstjórnarinnar og þannig orðið brotlegir gegn tilskipun 30. jan. 1899, þá megi þeir kenna sjálfum sér um afdrif bátsins, en eigi ekki tilkall til skaðabóta fyrir þau.

Það er viðurkent í málinu, að Adda lá ljóslaus og mannlaus á höfninni og við hanafót, legufæri, sem að eins er notað við skip meðan þau eru eigi í siglingum.

Það er og upplýst, að báturinn, sem lá á höfninni 25. febr., þegar Bergþóra kom, fór burtu 27. febr. en kom aftur og lagðist á sama stað. Það verður að gera ráð fyrir að sá sem bátnum stýrði hafi talið afstöðu bátsins í þessum stað og fjarlægð hans frá öðrum skipum örugga og forsvaranlega, ella var sjálfsagt að leggja honum á öðrum stað, þar sem hann, ljóslaus og mannlaus, gat eigi orðið öðrum skipum að grandi, þótt vindur og sjór breyttist. Hins vegar er ekkert komið fram um það, að Bergþóra hafi eigi, þegar hún lagðist, gætt nauðsynlegrar varúðar andspænis öðrum skipum á höfninni; sérstaklega verður það eigi bygt á því, að hún lengdi festar á akkerum sínum, sem henni virðist hafa verið rétt og skylt vegna veðursins. Það verður að vísu eigi fullyrt, að Bergþóra hefði, til þess að vera óhult, þurft að lengja festar sínar svo mikið, að hún bærist niður á hlið við bátinn, og að vísu vissu skipverjar af honum, en það virðist þó eigi hafa verið til þess ætlandi af þeim, að þeir í náttmyrkrinu gætu áttað sig á, hvar báturinn lá, þar sem ekkert ljós var á honum, og gefið út festar sínar eftir því. Það virðist og eiga að koma hér til greina, að skipverjar, samkvæmt vitnisburði þeirra, sem er óhrakinn, vissu eigi að báturinn lá við óvenjuleg legufæri og gat eigi hreyfst sem önnur skip. Það verður því eigi álitið, að óvarkárni af hálfu Bergþórumanna hafi valdið samrekstrinum, heldur ljósleysi bátsins og óvenjuleg legufæri.

Þá kemur það til álita, hvort skipverjar á Bergþóru hefðu, eftir að samanreksturinn varð, getað viðhaft aðra aðferð, heldur en að leysa bátinn og sleppa honum, til þess að skemdir á honum hefðu orðið minni en við

strandið. Það er nú eigi sannað gegn mótmælum stefndu, að neitt slíkt ráð hafi verið fyrir hendi, sem hefði getað komið að haldi eða eigi stofnað lífi skipverja og skipinu í hættu. Það verður að telja sannað, að eigi hafi verið kostur á að gefa út lengri festar á akkeri Bergþóru, og hinar aðrar tilraunir til að bjarga skipunum, sem áfrýjandi telur, verða eftir því, sem fram er komið í málinu, að teljast hafa verið ótiltækilegar af fyrgreindum ástæðum. Styðst þetta einkum við álit kunnugra og sjófróðra manna, þriggja skipstjóra og annars hafnsögumanns Reykjavíkur, er þeir hafa látið uppi sem vitni; hafa þeir borið það, að ef ekki hafi verið auðið að fjarlægja skipin hvort frá öðru, með því að gefa út festar; hafi það verið eini vegurinn til að bjarga skipunun og láta sem minst tjón hljótast af samrekstrinum, að gera það, sem skipverjar á Bergþóru gerðu, og mundu þeir (vitnin) hafa gert eins, hefði líkt staðið á fyrir þeim á sjó. Þar sem það þannig er ósannað, að Bergþóru-menn hefðu með annari aðferð getað komið því til leiðar að tjónið hefði orðið minna, og taka verður tillit til þess, að þeir voru í hættu staddir, og urðu því að taka til skjótra ráða, verða þeir eigi sakaðir um gjörræði eða fljótræði, er ábyrgð liggi við, er þeir losuðu sig við bátinn á fyrgreindan hátt, og verður því skaðabótakrafa eigi á þessu bygð.

En þó að stefndu yrðu eigi taldir skaðabótaskyldir af framangreindum ástæðum, heldur áfrýjandi því fram, að þeim beri þó að bæta skaðann á Adda af þeirri ástæðu, að bátnum hafi verið slept út festum vegna Bergþóru, hann hafi verið lagður í sölurnar fyrir hana. En þó að svo megi ætla, að Bergþórumenn hafi leyst bátinn úr festum aðallega vegna síns eigin skips, leiðir eigi af því að sjálf-

sögðu, að báturinn hafi verið lagður í sölurnar; það verður því að eins sagt, að bátnum hefði verið óhultara eða minna tjón búið, ef hann hefði verið látinn óleystur. En eftir framansögðu verður að líta svo á, að það eitt ráð hafi verið tiltækilegt til að fjarlægja skipin hvort frá öðru, að leysa bátinn, og samkvæmt vitnisburði Odds Jónssonar hafnsögumanns og Magnúsar Magnússonar skipstjóra virðist mega byggja á því, að ef ekkert hefði verið að gert af Bergþórumönnum og skipin látin halda áfram að berjast saman, mundi báturinn í ofviðrinu, sem stóð langt fram á næsta dag, hafa brotnað og sokkið, og Bergþóra þá, sökum grunnsævis á þeim stað á höfninni, steytt á honum og brotið hann í mjöl. Eftir þessu verður eigi álitið, að Adda hafi verið lagður í sölurnar, en úrræði það, er skipverjar tóku, var eftir atvikum til þess fallið að gera tjónið á bátnum minna en ella hefði orðið. Þá kemur það og hér til greina, að Adda lá á hafskipalegunni mannlaus og hafði eigi ljós kveikt eins og fyrir er mælt í tilskipun 20. janúar 1899, 11. gr. sbr. 1. gr., og að hafnsögumaður, samkvæmt vottorði hans, er eigi verður talið hrakið með órökstuddum mótmælum áfrýjanda, hafði eftir fyrirmælum borgarstjóra lagt bann við því aftur og aftur, að báturinn lægi þar sem hann lá aðfaranótt 28. febr. 1910, en eigendur bátsins eigi hlýtt því. Virðist þessi frágangur á bátnum aðallega hafa valdið tjóninu, svo að áfrýjandi geti eigi kent það Bergþórumönnum, eða talið til skaðabóta hjá stefndu fyrir það. Ber því að sýkna þá af kröfum áfrýjanda, og með því að málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins einnig samþykkist, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 61/1912: Holger Debell fyrir hönd hins danska steinolíuhlutafélags í Reykjavík.
gegn
Birni Rósenkranz.

Dómur:

Hinn stefndi Björn Rósenkranz kaupmaður í Reykjavík höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjandanum Holger Debell, framkvæmdarstjóra hins danska steinolíuhlutafélags hér í bænum, til að fá hann fyrir hönd félagsins dæmdan til skaðabóta fyrir skemdir á uppskipunarbát, stefnda tilheyrandi, og glötun á legufærum bátsins, en stefndi kendi þetta hvorttveggja skipshöfninni á skipinu »Nordlyset«, sem er eign nefnds steinolíufélags. Var málið dæmt í téðum rétti 28. nóv. f. á., með þeim úrslitum, að áfrýjandinn fyrir hönd steinolíufélagsins skyldi greiða stefnda í skaðabætur 595 kr. og 40 kr. málskostnað, en sjálfur var Debell dæmdur til að greiða 10 kr sekt til landssjóðs fyrir brot á sáttalöggjöfinni.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. des. f. á., og krafist þess, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algerlega sýknaður af öllum skaðabótagreiðslum og málskostnaðargreiðslu til stefnda, og af sektargreiðslu til landssjóðs, en að stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað fyrir yfirrétti eftir mati yfirdómsins.

Hinn 6. eða 7. febr. f. á var ofsarok á Reykjavíkurhöfn af norðri eða norðaustri og lá þar þá á höfninni skip danska steinolíufélagsins »Nordlyset« og afturundan því (suður og vestur af því) í nokkurri fjarlægð, uppskipunarbátur, er stefndi átti. Með því að veðrið, sem hafði haldist nokkra fyrirfarandi daga, var einna mest nefndan dag, gaf »Nordlyset« út af keðjum sínum um 45 faðma, að því er áfrýjandi segir, en upp úr því atvikaðist það svo, að skipinu og uppskipunarbátnum lenti saman og tók skipið jafnvel að brjóta uppskipunarbátinn eitthvað að framanverðu. Leystu þá skipverjar á »Nordlyset« bátinn frá legufærum hans og bundu hann í taug aftan á skipið, og brotnaði hann þá reyndar mest eftir það. En legufærin skildu skipverjar eftir þar sem þau voru, er þeir leystu bátinn frá þeim, og hafa þau ekki sézt síðan.

Þegar veðrinu slotaði var báturinn brotinn svo, að viðgerð á honum hefir verið metin kosta 400 krónur og auk þess 65 kr. að afla til hans ára og stýris og fleka er í honum voru, en tekið hafði út og tapast, og taldi stefndi að steinolíufélagið, sem áfrýjandinn er framkvæmd-

arstjóri fyrir, ætti sem eigandi skipsins »Nordlyset« að bæta sér skaða þennan á bát og farvið og sömuleiðis missi legufæranna, 130 kr., og voru þessar bætur dæmdar stefnda í bæjarþingsdóminum með alls 595 krónum.

Afrýjandinn hefir haldið því fram, að honum beri ekki skylda til að bæta skaða þann, er bátur stefnda varð fyrir við umrætt tækifæri, þegar af þeirri ástæðu, að báturinn hafi, þegar honum lenti saman við »Nordlyset«, legið utan þeirra takmarka, er bátum er leyfð lega á höfninni samkvæmt hafnarreglugerð kaupstaðarins og ákvæðum hafnarnefndar. En þetta verður ekki álitið. Eftir vitnisburði hafnsögumannsins og öðrum gögnum verður það að teljast sannað, að báturinn hafi legið talsvert fyrir innan umgetin takmörk. Það getur á hinn bóginn heldur ekki eitt fyrir sig ráðið úrslitum þessa máls, þótt álitið verði, að »Nordlyset« hafi verið komið inn fyrir nefnd takmörk, inn á svæði það, er bátum er skipuð lega á höfninni, því að ekkert bann er fyrir það lagt í greindum ákvæðum, að skip eins og »Nordlyset«, sem ferma og afferma, megi liggja á greindu svæði. Þá er heldur ekki sannað í málinu, að skipið eða bátinn hafi rekið fyrir festum og að samreksturinn verði kendur öðruhvoru þeirra eða báðum fyrir illan umbúnað í því tilliti. En eins og áður er sagt, gaf »Nordlyset« út talsvert af festum sínum, og uppúr því var báturinn kominn svo nærri skipinu, að hann tók að berjast við það, enda gerðu þá skipverjar tilraun til að losa hann frá skipinu og leystu hann í því skyni frá legufærum hans og bundu hann svo aftan í skipið. En þó að þetta að sögn áfrýjanda hafi verið gert til að bjarga bátnum, þá er það sannað sérstaklega með vitnisburði háseta á »Nordlyset«,

að bátinn braut við skipið, einmitt aðallega eftir að hann var leystur frá legufærum og kominn aftan í það. Það er enginn vafi á því, að skemdir þær á bát stefnda, er þannig orsökuðust, verður að gefa »Nordlyset sök á, því að þótt viðurkent sé í málinu, að það hefði með vélarkrafti getað haldið sér fyrir veðrinu, þá sanna atvik málsins sjálf, þar sem hvorugt rak fyrir festum, að skipið hefir fært sig svo nærri bátnum, er það gaf út af festunum, að það stofnaði honum í hættu, en síðan varð það með afskiftum sínum af bátnum bein sök í því, að hann brotnaði. Það er reyndar alls ekki sannað, að alt það, er bátur stefnda reyndist brotinn eftir veðrið, hafi orsakast beint af samrekstri hans við »Nordlyset«, því að það má telja það að minsta kosti mjög líklegt, eftir skýrslum málsins, að báturinn hafi brotnað nokkuð, þar sem hann lá bundinn aftan í »Nordlyset«, við samanrekstur við annan uppskipunarbát, er lá þar nærri og virtist einnig hafa brotnað þá um nóttina, en í þessu tilliti verður að athuga það, að bát stefnda hafði verið sköpuð afstaða hans til þessa uppskipunarbáts af skipverjum á »Nordlyset«, er þeir færðu hann frá legufærum sínum og hlaut þá »Nordlyset« að bera ábyrgð á afdrifum hans upp frá því, og þá einnig af skemdum af samanrekstri við nefndan uppskipunarbát, ef orðið hefir. Um legufæri báts stefnda, er skipverjar á »Nordlyset« leystu frá bátnum og bundu, að því er áfrýjandi segir, við bólið, þar er báturinn hafði verið, en síðan eru horfin með öllu, er ekki vafi á, að áfrýjanda ber að bæta stefnda þau. En farvið úr bátnum, er laus var í honum, árar, stýri og fleka, sem talið er glatað úr honum og metið hefir verið 65 króna virði, virðist eigi rétt að áfrýjandi verði skyldaður til að

endurgjalda stefnda, með því að það virðist alls ósannað, að þessir munir hafi eigi verið flotnir burtu úr bátnum áður en ábyrgð skipverja skapaðist með afskiftum þeirra af bátnum, enda virðist báturinn, eftir framburði vitnanna að dæma, hafa fylst áður, og hann því verið í kafi.

Um upphæð skaðabóta þeirra, er að öðru leyti eru dæmdar stefnda í bæjarþingsdóminum, og sem bygðar eru á mati dómkvaddra manna, að því er brot á bátnum sjálfum snertir, en á óhrakinni skýrslu stefnda um verð legufæranna, er yfirdómurinn samþykkur nefndum dómi og ákveðast þær því 530 kr., en vaxta var ekki krafist í héraði og þeim því réttilega slept í hinum áfrýjaða dómi.

Afrýjandi H. Debell er með hinum áfrýjaða dómi dæmdur í 10 kr. sekt til landsjóðs, samkvæmt tilsk. 11. ág. 1819 fyrir að koma ekki sjálfur á sáttafund, heldur senda annan í sinn stað og sanna þó ekki forföll eftir áskorun mótpartsins fyrir bæjarþingi, sem mætti sjálfur á sáttafundinum (sbr. kgsbr. 19. okt. 1798, 2. b.). En greind áskorun var eigi gerð fyr en málið hafði verið sótt og varið að efni til og kom því of seint fram til þess, að áfrýjanda væri skylt að sinna henni. Umgetin sekt verður því að falla niður.

Málskostnaðarákvæði dómsins þykir eftir atvikum rétt að staðfesta, en málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Holger Debell fyrir hönd hins danska steinolíufélags greiði stefnda Birni Rósenkranz kaup-

manni 530 krónur í skaðabætur og í málskostnað fyrir undirrétti 40 krónur. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum á að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 18/1913 Réttvísin
gegn
Þorvarði Guðnasyni og
Benedikt Sæmundssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 18. marz þ. á., voru hinir ákærðu, Þorvarður Guðnason og Benedikt Sæmundsson, húsmenn í Reykjavík, dæmdir samkvæmt 231. gr. 4. lið almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og sömu grein sbr. 45 gr. sömu laga til að sæta hvor um sig eins árs betrunarhúsvinnu; svo skyldu þeir og greiða in solidum iðgjöld 136 kr. til firmans G. Gíslason & Hay, Ltd., og allan af málinu löglega leiðandi kostnað. En dómi þessum hefir af réttvísinnar hálfu verið áfrýjað til yfirdómsins.

Það er sannað í málinu með eigin játningu ákærðu, að þeir hafi gert sig seka í eftirgreindum afbrotum:

Nóttina milli 30. og 31. des. síðastl. brutu þeir glugga á vörugeymsluhúsi firmans G. Gíslason & Hay Ltd. við Lindargötu hér í bænum, fóru inn um glugg-

ann og tóku úr húsinu 4 kassa af whisky og 2 hálfsekki af kaffi, drógu þeir þýfið á sleða heim til Þorvarðar og skiftu því þar jafnt milli sín. Hefir verið skilað aftur því, er óeytt var af hluta Þorvarðar af þýfinu, innihaldi annars whiskykassans, 12 flöskum, og öðrum kaffipokanum að mestu ósnertum, en Benedikt kastaði því, er hann átti óeytt eftir, 7 flöskum og mestu af kaffinu, í sjóinn, er Þorvarður var tekinn fastur og hann bjóst við, að leitað yrði hjá sér. Af hálfu firmans hefir verið krafist 136 kr. skaðabóta, og hafa ákærðu samþykt þá upphæð.

Nóttina milli 3. og 4. febr. þ. á. gerðu þeir félagar innbrot í skrifstofu Félagsbókbandsins við Lækjargötu 6 A, þannig að ákærði Þorvarður fór þar inn um opinn glugga og spenti þar upp skáp undir skrifborði og komst með því móti í skúffu, er hann átti von á að geymdir væru peningar í. En hann fann þar enga peninga og tók þar ekkert og fóru þeir félagar í burtu við svo búið. Ákærði Benedikt var á verði fyrir utan meðan Þorvarður var inni. Hina sömu nótt brutust ákærðu inn í skrifstofu og búð Árna Einarssonar kaupmanns við Laugaveg 24. Tók ákærði Benedikt út glugga á skrifstofunni og fór inn um hann í skrifstofuna og þaðan inn í búðina um opnar dyr. Þar dró hann út peningaskúffu og sá þar talsvert af peningum, en »hafði ekki geð eða samvizku« til að taka peningana, þegar til kom, og hörfaði út aftur. Fór þá ákærði, Þorvarður, inn um gluggann, braut upp skrifborð í skrifstofunni með sporjárni og tók þar úr og tvær buddur, og í kommóðu fór hann þar einnig og tók þar eða úr skrifborðinu bauk eða pontu silfurbúna. Þessum munum skiftu ákærðu milli sín, er út kom, þannig að Þorvarður fékk úrið og aðra budduna, en Benedikt bauk-

inn og hina budduna, en öllum hefir þeim verið skilað aftur eigandanum.

Loks brutust ákærðu inn í íshús Ísfélagsins við Faxaflóa nóttina milli 7. og 8. febr. þ. á. og hjálpuðust þeir báðir að að brjóta glugga á austanverðu húsinu, en ákærði Þorvarður fór um gluggann inn í húsið og inn í skrifstofu félagsins og braut þar upp skrifborð og tók þaðan nokkuð af smápeningum, líklega um 20 krónur. Peningana, sem voru mest koparpeningar, lét Þorvarður í jakkavasa sinn, en til þess að komast út um gluggann aftur, varð hann, vegna peninganna í vasanum, að fara úr jakkanum og rétti jakkann Benedikt, sem beið fyrir utan. En í því urðu ákærðu þess áskynja, að vart var orðið við þá, og skildu þeir þá, og fór Benedikt með jakkann heim til Þorvarðar, en tók af peningunum, áður en hann skildi hann þar eftir, rúma krónu. 12 kr. og 8 aurum hefir verið skilað aftur og ekki krafist frekara endurgjalds.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna og hafa eigi áður sætt ákæru fyrir neinn glæp; og ber að heimfæra afbrot þeirra, er að framan hefir verið lýst, undir 231. gr. 4. lið almennra hegningarlaga, sbr. 55. og að nokkru leyti 45. gr. þeirra, og þykir refsing sú, er þeir hafa til unnið, og sem ákveða ber með tilliti til 63. gr. nefndra laga, hæfilega metin af undirdómaranum 1 árs betrunarhúsvinna að því er ákærða Benedikt Sæmundsson snertir, en eiga að ákveðast 15 mánaða betrunarhúsvinna fyrir ákærða Þorvarð Guðnason. Með því að yfirdómurinn felst á ákvæði aukaréttardómsins um iðgjöld og málskostnað, ber að staðfesta dóm þenna með greindri breytingu á refsingunni. Ákærðu ber og að greiða in

solidum allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 15 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að refsing ákærða Þorvarðar Guðnasonar sé 15 mánaða betrunarhúsvinna. Ákærðu greiði og in solidum allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirdómsmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júnímán.

Nr. 25/1913.

Valdstjórnin
gegn
Eggert Bjarnasyni.

Dómur:

Með lögregluþingsdómi Reykjavíkurkaupstaðar uppkveðnum 19. febr. þ. á., var Eggert Bjarnason sjómaður

í Reykjavík dæmdur í 200 kr. sekt til landssjóðs fyrir brot á 1. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi og til að greiða allan kostnað málsins. Dómi þessum hefir stjórnarráðið áfrýjað til yfirdómsins.

Það er með skýslum málsins, þar á meðal játningu kærða, sannað, að hann hafi 20. okt. f. á. keypt út á gufuskipinu Ingólfi, er þá lá á Norðfirði, af bryta skipsins 10 potta af brennivíni fyrir 1 kr. pottinn á kút, er hann hafði með sér, og haft brennivínið með sér á land. Notaði ákærði vín þetta til drykkjar.

Í upphafi 1. gr. nefndra laga segir svo: »Engan áfengan drykk má flytja til Íslands til annara nota en þeirra, sem getið er um í 2. gr., og farið sé með eftir reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum«, og er kærði talinn sekur um brot á þessu ákvæði. Orðin »flytja til Íslands« í þessari málsgrein verður eftir almennri málvenju og lagamáli. sbr. tolllög 8. nóv. 1911, 2. gr., að skilja svo, að þau taki til hafna á Íslandi eigi síður en þurlendis. Aðflutningi á ofangreindu áfengi verður því að teljast hafa verið lokið, þegar skipið Ingólfur hafnaði sig á Norðfjarðarhöfn eða skipalegu. Með því að ekkert er fram komið um það í málinu, að kærði hafi pantað áminst vín frá útlöndum eða á annan hátt átt þátt í aðflutningi þess, en það verður að ætla, eins og gert er ráð fyrir í dómnum, að vínið hafi verið selt af skipsforðanum, þá verður kærði eigi talinn sekur um brot það, er hann er ákalinn fyrir, sbr. og 5. gr. aðflutningsbannslaganna 30. júlí 1909, og ber því að sýkna hann í máli þessu af kæru valdstjórnarinnar. Allan málskostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda

við yfirdóminn, 12 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafé.

Við meðferð málsins fyrir lögregluréttinum athugast það, að vottorð vantar í dóminn samkvæmt tilskipun 3. júní 1796, 35. gr., um lögmæti málsmeðferðarinnar fyrir undirdóminum, en að öðru leyti hefir rekstur málsins verið vítalaus. Málfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Eggert Bjarnason á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli. Sakarkostnaður allur, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens., 12 krónur til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Mánudaginn 30. júnímán.

Nr. 41/1911 Bátaábyrgðarfélag Vestmanneyja
gegn
Einari Jónssyni, Sigmundi Finnssyni, Árna Filippussyni, Tómasi M. Guðjónssyni, Ólafi Jónssyni og Magnúsi Þórðarsyni.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað fyrir aukarétti Vest-

manneyjasýslu af hinum stefndu Einari Jónssyni, Sigmundi Finnssyni, Árna Filippussyni, Tómasi M. Guðjónssyni, Ólafi Jónssyni og Magnúsi Þórðarsyni, eigendum vélarbátsins »Fálki« nr. 105 í Vestmanneyjum gegn stjórnendum Bátaábyrgðarfélags Vestmanneyjasýslu, Sigurði Sigurfinnssyni, Jóni Einarssyni og Magnúsi Guðmundssyni fyrir hönd félagsins til greiðslu skaðabóta fyrir nefndan vélarbát, er rak á land af Vestmanneyjahöfn 28. febrúar 1910 og gjörbrotnaði, en stefndu töldu vátrygðan í Bátaábyrgðarfélaginu. Urðu þau úrslit málsins í aukaréttinum, með dómi, uppkveðnum 8. apríl 1911, að áfrýjendur voru dæmdir fyrir hönd félagsins til að greiða stefndu kr. 3671.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 11. marz 1910 til borgunardags og 40 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir stjórn Bátaábyrgðarfélagsins skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. sept. 1911, og er það aðalkrafa áfrýjanda, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá undirréttinum, en varakrafa, að Bátaábyrgðarfélagið verði sýknað af öllum kröfum stefndu, og að þeir, hvernig sem málið fer, verði dæmdir til að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Af hálfu hinna stefndu er krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Fyrir ómerkingar- og frávísunarkröfunni telja áfrýjendur þá ástæðu, að sakarefnið hafi eigi verið nægilega skýrt tiltekið í sáttakærunni, til þess að lögleg sáttatilraun um það gæti farið fram, með því að upphæð skaðabótanna hafi þar eigi verið nefnd, og krafan því al-

veg óákveðin. En þessi vefenging áfrýjanda á sáttatilrauninni kom svo seint fram fyrir aukaréttinum, eigi fyr en á 4. varnarskjali áfrýjanda, eftir að málfærslunni þar var að mestu lokið, að hún getur eigi gegn mótmælum stefndu komið til álita, og með því að engin ástæða er að öðru leyti til að ætla, að sætt hafi eigi verið reynd um sakarefnið, verður aðalkrafa áfrýjanda eigi tekin til greina.

Um aðalefni málsins halda áfrýjendur því fram, að Bátaábyrgðarfélagi Vestmanneyja beri eigi nein skylda til að greiða skaðabætur fyrir vélarbátinn Fálka nr. 105, af þeirri ástæðu, að báturinn hafi alls eigi verið vátrygður hjá félaginu, þegar hann fórst, með því að vátryggingargjaldið, sem eftir lögum félagsins á að greiðast fyrirfram, hafi eigi verið goldið fyrir bátinn og ekkert vátryggingarskírteini verið gefið út fyrir hann. Og þó að vátryggingin hefði að þessu leyti verið löglega stofnuð, mundi félagið þó eigi hafa orðið skaðabótaskylt, af því að vátryggingarskilyrðum um útbúnað bátsins og frágang á honum á Vestmanneyjahöfn, þegar hann sleit þar upp og rak á land, hafi eigi verið fullnægt, svo að stefndu fyrir þær sakir hefðu fyrirgert vátryggingunni, ef hún hefði verið orðin til.

Um það er enginn ágreiningur, að vátryggingarskírteini fyrir Fálka nr. 105, er í gildi væri, þegar hann fórst, hafi eigi verið gefið út, en stefndu kenna þetta ótilhlýðilegum drætti og hirðuleysi af hálfu félagsstjórnarinnar (áfrýjanda), því alt hafi verið undirbúið frá þeirra (stefndu) hendi til þess, að skírteinið yrði gefið út, báturinn verið virtur af matsmönnum ábyrgðarfélagsins og virðingargjörðin afhent gjaldkera félagsins, er gefi út skírteinin í

umboði stjórnarinnar. Að sönnu hafi iðgjaldið eigi verið greitt, en fengin hafi verið trygging fyrir greiðslu þess með loforði frá áreiðanlegu verzlunarfirma þar í kauptúninu, og það sé orðin venja að slík loforð séu af félagsstjórninni tekin gild, sem fyrirfram borgun iðgjalda. Um útbúnað bátsins og frágang á honum á höfninni láta stefndu þess getið, að áhöld þau, sem vantað hafi á hann þegar hann var virtur, hafi að eins verið skylt að láta fylgja honum á sjóferðum, og komi þá þetta vátryggingarskilyrði eigi hér til greina, þar sem báturinn lá inni á höfn, þegar hann fórst, en bátnum hafi verið lagt þar sem hann var af hafnarverðinum við festar hafnarsjóðsins eins og fyrir er mælt í hafnarreglugjörð Vestmanneyja. Stefndu halda því þess vegna fram, að þó að vátryggingarskírteini hafi eigi verið gefið út fyrir Fálka nr. 105, og þó að iðgjaldið hafi eigi verið greitt öðruvísi en áður er frá skýrt, hafi báturinn þó verið kominn í ábyrgð félagsins, þegar hann fórst, svo að þeir eigi tilkall til skaðabóta fyrir hann hjá félaginu, og félst héraðsdómurinn á þessa skoðun þeirra.

Í lögum Bátaábyrgðarfélagsins, 10. gr., er ákveðið að ábyrgðargjaldið skuli greitt fyrirfram fyrir það tímabil, er ábyrgðin tekur til, og verður eftir eðli málsins og almennri venju slíkra ábyrgðarfélaga að skilja þetta svo, að engin vátrygging sé stofnuð eða fengin fyr en gjaldið er greitt, og þá fyrst — ef vátryggingarskilyrðum er að öðru leyti fullnægt — sé skylt að gefa út vátryggingarskírteini. En eins og áður er sagt var iðgjaldið fyrir Fálka nr. 105 eigi greitt fyrirfram, og það sést eigi, að það til þessa hafi verið greitt eða jafnvel boðið fram af hálfu stefndu. Þeir hafa eigi heldur, gegn mótmælum áfrýjanda, fært

sönnur á, að það sé orðin venja félagsstjórnarinnar að taka gild borgunarloforð fyrir iðgjöldum, önnur en víxla, en það er ómótmælt, að enginn víxill hafi í þetta sinn verið gefinn út til greiðslu á iðgjaldi fyrir bátinn. Það er jafnvel eigi sannað, að stjórn félagsins hafi fengið neitt loforð um greiðslu þessa gjalds, en það loforð frá umgetnu verzlunarfirma, sem hinir stefndu hafa skírskotað til, var gefið eigendum bátsins mánuði áður að minsta kosti en þeir fóru fram á að fá hann vátrygðan hjá félaginu, og í því efni skiftir það ekki máli, að gjaldkeri félagsins tók á móti loforðinu, með því að hann er einn af hinum stefndu eigendum vélarbátsins, enda hefir hann til afnota í málinu látið uppi yfirlýsingu um það, að loforðið hafi verið veitt eigendum bátsins, og að báturinn hafi eigi 1910 verið tekinn í ábyrgð félagsins. Því fer þannig svo fjarri, að félagsstjórnin hafi fengið tryggingu fyrir greiðslu iðgjaldsins, að það er ekki upplýst, að hún hafi haft neina vitneskju um, að ráðstafanir væru gjörðar í þá átt af eigendanna hálfu, þegar báturinn fórst.

Samkvæmt þessu verður eigi litið svo á, að vélarbáturinn Fálki nr. 105, eign stefndu, hafi verið vátrygður fyrir sjávarháska hjá Bátaábyrgðarfélagi Vestmanneyja, þegar hann fórst 28. febr. 1910, og verður félagið þá eigi skyldað til að bæta áminstan skiptapa. Af þessari ástæðu ber því að sýkna áfrýjendurna af kröfum stefndu, og þurfa þá eigi önnur ágreiningsatriði í málinu að koma til álita.

Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Afrýjendurnir, Sigurður Sigurfinnsson, Jón Einarsson og Magnús Guðmundsson fyrir hönd Bátaábyrgðarfélags Vestmanneyja eiga að vera sýknir af kröfum stefndu, Einars Jónssonar, Sigmundar Finnssonar, Arna Filippussonar, Tómasar M. Guðjónssonar, Ólafs Jónssonar og Magnúsar Þórðarsonar í þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Nr. 26/1913. Réttvísin
gegn
Guðmundi Bergmann Þorsteinssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 26. júní f. á., var ákærði, unglingspiltur Guðmundur Bergmann Þorsteinsson á Ísafirði, dæmdur fyrir nauðgunartilraun samkvæmt 169. sbr. 47. gr. almennra hegningarlaga og með tilliti til 40. gr. þeirra til að sæta 6X5 daga fangelsi við vatn og brauð, en þó þannig, að hegningunni skyldi frestað og hún síðar niður falla ef fullnægt yrði skilyrðum laga nr. 39, 16. nóv. 1907. Svo var og ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnaðinn. Þessum dómi hefir af réttarins hálfu verið skotið til yfirdómsins.

Það er með játningu ákærða, sem kemur heim við aðrar skýrslur málsins, löglega sannað, að skírdagskvöld

4. apríl 1912 hitti hann á götu á Ísafirði vinnukonuna Bjargey Hólmfríði Eyólfsdóttur, sem var á gangi þar með annari stúlku, og slóst í för með þeim. Skildu stúlkurnar um kl. 11 og faladist ákærði þá eftir samræði við Hólmfríði og bauð henni peninga til, en hún neitaði. Fór hún svo leiðar sinnar heim til sín, en hann elti hana, og er hún kom að húsi því, er hún átti heima, hrifsaði hann af henni sjalið og reif það, réðst á hana, brá fyrir hana fæti og felldi hana, svifti svo upp um hana pilsunum og lagðist ofan á hana, reyndi með höndunum að taka fötin frá skapnaði hennar og gjörði tilraun til að troða sjalinu upp í munn henni, er hún veinaði. Akærði gat þó ekkert að gert fyrir einbeittri mótspyrnu stúlkunnar, sem æpti um hjálp, og hætti hann þá við svo búið og hljóp burtu. Ákærði hefir kannast við, að stúlkan hafi ekki gefið sér neitt tilefni til að ætla að hún myndi vilja verða við ósk hans um samræði, og hann hefir játað, að hann hafi haft fullan vilja á að komast yfir hana með valdi; hinsvegar heldur hann því fram, að hann hafi ekki ætlað að skemma stúlkuna eða beita við hana ofbeldi, er hætta væri af fyrir heilsu hennar, og ekkert sást á stúlkunni eftir viðureign þeirra.

Ákærði hafði verið nokkuð við vín við umrætt tækifæri, eða, eins og hann hefir sjálfur komist að orði, verið dálítið kendur: en það er ekki ástæða til að ætla, að það hafi haft áhrif á sakhæfi hans.

Ákærði er fæddur 9. júlí 1892 og hefir eigi áður sætt refsingu eða verið kærður fyrir neitt lagabrot. Afbrot hans, er að framan var lýst, var að vísu tilraun til að ná með valdi samræði við umgetna stúlku, en eins og valdbeitingunni var háttað, virðist ekki eiga að telja brot

hans reglulega nauðgun, slíka sem 169. gr. hegningarlaganna ræðir um, heldur ber að heimfæra það undir 212. og 186. gr. hegningarlaganna, og þykir rétt að ákveða refsinguna fyrir það 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Yfirdómurinn felst á ákvæði dómsins um frestun á fullnustu refsingarinnar, samkvæmt lögum nr. 39, 16. nóv. 1907, og um ákvæði hans um málskostnaðinn í héraði. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðst 15 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Refsing ákærða, Guðmundar Bergmanns Þorsteinssonar, skal ákveðin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti skal aukaréttardóminum óraskað, þó svo, að frestur refsingarinnar teljist frá uppsögn þessa yfirréttardóms. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þarmeð talin málfærslulaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 16/1913 Runólfur E. Sverrisson
gegn
Erlendi Björnssyni.

Dómur:

Áfrýjandinn, Runólfur E. Sverrisson, bóndi í Akrakoti á Alftanesi, hefir með stefnu, dags. 31. marz þ. á., skotið til yfirdómsins fógetaréttarúrskurði Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 27. febr. þ. á., og fjárnámi, er fór fram sama dag á eignar- og ábýlisjörð hans $^1/_2$ Akrakoti eftir kröfu stefnda, Erlendar Björnssonar hreppstjóra á Breiðabólsstöðum, til lúkningar skuldareftirstöðvum, kr. 1020.08, samkvæmt veðskuldabréfi áfrýjanda til stefnda, dags. 5. okt. 1910. Krefst áfrýjandi að úrskurðinum verði hrundið, fjárnámið felt úr gildi og stefndi dæmdur til að greiða honum bætur fyrir skaða þann, er hann hafi beðið af fjárnáminu, eftir óvilhallra manna mati, og málskostnað eftir mati réttarins.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að vísað verði frá yfirdóminum kröfu áfrýjanda um ómerking fjárnámsgjörðarinnar, að stefndi verði sýknaður af skaðabótakröfum áfrýjanda og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Hið áfrýjaða fjárnám var gert samkvæmt fyrnefndu veðskuldabréfi, án undanfarins dóms eða sáttar, en með því að veðskuldabréfið var eigi þinglesið, og fjárnámið eigi birt áfrýjanda, er bjó á hinni veðsettu eign, eins og fyrir er mælt í lögum 16. des. 1885, 15. gr., var fjárnámsgjörðin ólögmæt. En þó að stefndi viðurkenni þetta, heldur hann því fram engu að síður, að ómerkingarkröfu áfrýjanda eigi að frávísa fyrir þá sök, að Einar

prófessor Arnórsson hafi, eftir að fjárnámið fór fram, fengið sér framselt fyrgreint veðskuldabréf, hent dóm yfir áfrýjanda til lúkningar skuldinni, gert fjárnám í veðinu 2. apríl þ. á. samkv dómnum, og þá um leið látið afleysa hið eldra fjárnám, er því sé þegar fallið úr gildi; sé áfrýjanda óþarft og gagnslaust, að fá fjárnámið ónýtt hér fyrir réttinum, og hafi hann því enga réttmæta kröfu til þess.

Samkvæmt því sem þegar er sagt um fjárnámið 27. febr., hafði áfrýjandi gildar ástæður til að áfrýja því, og tók hann út stefnu í því skyni og lét birta stefnda áður en fjárnámið 2. apríl fór fram. Það verður nú að líta svo á, að þó að stefndi hefði sjálfur verið dómhafi og fjárnámsbeiðandi við hið síðara fjárnámið, mundi hann eigi með aðför þessari eða aflausn hins eldra fjárnáms, sem þá var úrskurðuð, hafa getað stöðvað málskot áfrýjanda, sem var löglega byrjað, eða ónýtt rétt hans til þess að fá eldra fjárnámið prófað af æðra dómi; en betur en stefndi gat eigi sá, er skuldabréfið fekk framselt af honum, staðið að vígi í þessu efni. Það verður og eigi talið rétt, að áfrýjunin hafi verið áfrýjanda óþörf eða gagnslaus eftir síðara fjárnámið, þar sem hann hafði lagt út í kostnað við hana, er hann átti rétt á að fá endurgoldinn, en honum var eigi boðið endurgjald á þeim kostnaði; svo átti hann og rétt á að fá dómsúrskurð á kröfu sinni um skaðabætur fyrir fjárnámið. Krafa stefnda um frávísun málsins frá yfirdóminum að því er snertir kröfuna um ómerking fjárnámsins er því eigi á rökum bygð og verður eigi tekin til greina, og með því að önnur mótmæli eru eigi fram komin gegn ómerkingarkröfu áfrýjanda og fjárnámsgjörðin í heild sinni með hinum áfrýjaða

úrskurði hlýtur samkvæmt framansögðu að teljast ólögmæt, ber að samþykkja þá kröfu og fella fjárnámið og úrskurðinn úr gildi.

Áfrýjandi hefir eigi gegn mótmælum stefnda sannað, að hann hafi beðið tjón við fjárnámið, og verða honum því eigi dæmdar skaðabætur hjá stefnda. En það þykir rétt, að stefndi greiði honum málskostnað, sem ákveðst 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og fjárnámsgjörð skulu úr gildi feld. Stefndi, Erlendur Björnsson, greiði áfrýjanda, Runólfi E. Sverrisson, 25 krónur í málskostnað, áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 14. júlímán.

Nr. 27/1913. Valdstjórnin
gegn
Indriða Gottsveinssyni.

Dómur:

Með dómi lögregluréttar Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 18. apríl þ. á., var hinn kærði, Indriði Gottsveinsson, skipstjóri á botnvörpungnum »Garðar landnemi«,

dæmdur fyrir brot á 2. málsgrein í lögum nr. 18, 8. júlí 1902, til að greiða 300 kr. sekt í landssjóð, svo og allan málskostnað, en dómi þessum hefir verið skotið til landsyfirréttarins eftir kröfu hins kærða.

Það er löglega sannað, enda viðurkent af kærða í málinu, að hann hafi hinn 27. marz þ. á. legið fyrir akkeri með skipi sínu Garðari landnema í landhelgi við Heimaey og haft þá botnvörpufærin utanborðs, sem sé efri hlerann bakborðsmegin, og var þetta tilkynt lögreglustjórninni af fiskiveiða-eftirlitsskipinu Islands Falk. Þetta atferli kærða kemur í bága við ákvæðin í hinum tilvitnuðu lögum, en hann heldur því fram, að hann hafi haft undanþágu frá þeim, veitta af landsstjórninni samkv. lögum nr. 56, 30. júlí 1909, og hafi undanþáguleyfi þetta verið ótakmarkað. Það er og rétt, að kærði fekk með bréfi stjórnarráðsins 18. marz 1912 undanþágu frá áminstu ákvæði laganna 8. júlí 1912, og segir beint í bréfinu, að undanþágan sé veitt samkvæmt lögum nr. 56, 30. júlí 1909, en eftir þessum lögum verður undanþágan eigi veitt lengur en um eitt ár í senn, og átti kærða að vera þetta kunnugt, því að um undanþáguna fyrir skipið hefir verið beðið með tilvitnum til nýnefndra laga. Þegar kærði lá með skipi sínu undir Heimaey hinn 27. marz þ. á. með botnvörpufærin innanborðs, var undanþáguleyfi hans, veitt 18. marz f. á., útrunnið lögum samkvæmt, og með því að hann hafði eigi fengið það endurnýjað, hefir hann orðið brotlegur gegn áðurnefndum lögum 8. júlí 1902, en sekt þá, er hann hefir til unnið, þykir mega ákveða 200 kr. Málskostnaðarákvæði lögregluréttardómsins sam þykkist, og verður kærði einnig að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækj-

anda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 15 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins fyrir undirréttinum hefir verið óaðfinnanlegur, og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Indriði Gottsveinsson, greiði 200 kr. sekt í landssjóð, og allan kostnað málsins, bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Lárusar Fjeldsted, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 11. ágústmán.

Nr. 3/1913. Thor Jensen kaupmaður
gegn
Árna presti Þórarinssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði Thor Jensen kaupmaður í Reykjavík gegn stefnda Árna presti Þórarinssyni á Stóra-Hrauni í Hnappadalssýslu, til þess að fá hann dæmdan

til að greiða sér álag, að upphæð 1899 kr., á jörðina Ytri-Rauðamel, er ákveðið var með yfirúttekt 28. ágúst 1907, en áfrýjandi hafði fengið kröfu þessa framselda sér 29. febr. 1908. Var málið dæmt í gestaréttí Reykjavíkur 16. nóv. 1912 þannig, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda í málinu og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 14. jan. þ. á., og krafist þess, að að dómurinn verði úr gildi feldur og stefndi dæmdur til að greiða sér 1899 kr. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 19. ágúst 1911 til borgunardags, eða til vara, 1010 kr. með sömu vöxtum, og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir undir- og yfirdómi eftir mati réttarins.

Vorið 1900 fór eigandi og ábúandi jarðarinnar Ytra-Rauðamels alfarinn til Vesturheims frá greindri jörðu óráðstafaðri, en bú hans var tekið til skifta sem þrotabú. Tók þá skiftaráðandi jörðina undir umsjón sína og fekk á hana mann til að hirða hana það fardagaár, en í fardögum 1901 flutti stefndi á hana með samþykki skiftaráðanda og hafði hirðingu hennar fyrir búið til 5. okt. s. á., er Jón konsúll Vídalín keypti jörðina á uppboði í því ástandi, er hún var þá í að húsum og mannvirkjum, og fekk stefndi þá byggingu á jörðinni hjá hinum nýja eiganda til eins árs í senn. Lét stefndi þá 5. nóv. s. á. fara fram úttekt á jörðinni í sínar hendur, og telur sig hafa komið þar fram í umboði Vídalíns, enda hafa haft umboð Vídalíns yfir þessari og annari jörð hans þar vestra. Var álag þá metið á jörðina 2784 kr., en stefndi kvaðst

aldrei hafa fengið það álag borgað af landsdrotni, þótt hann gengi eftir því, og hafi hann um síðir látið sér það lynda, með því að Vídalín hafi lofað honum að hann skyldi fyrir það ekki þurfa að greiða álag á jörðina, er hann færi af henni aftur. Stefndi bjó á jörðinni til fardaga 1907. Þá kom nýr leiguliði á jörðina, og var hún tekin út í hans hendur 11. júlí 1907, og álag ákveðið á hana 1025 kr. eða, að frádregnu verði skúrs, er stefndi taldist eiga á henni, 1010 kr. En stefndi kvecst ekki hafa skift sér neitt af þessari úttekt og talið hana sér óviðkomandi, með því að honum hafi ekkert álag borið að greiða samkvæmt áðurgreindu loforði landsdrottins. En viðtakandi gjörði sig ekki ánægðan með úttekt þessa og krafðist yfirúttektar, og fór hún fram 28. ágúst s. á., og var þá álagið, að frádregnum fyrnefndum skúr, metið 1899 kr., og er þetta aðalkrafa áfrýjanda, en hann fekk álagskröfu þessa framselda sér árið eftir, sem fyr er sagt, að Vídalín látnum, af erfingjum hans.

Stefndi hefir haldið því fram, að yfirúttektargjörðin 28. ágúst 1907, sem aðalkrafa áfrýjanda er bygð á, geti þegar af þeirri ástæðu eigi metist gild, yfir höfuð eða sérstaklega gagnvart sér, að yfirúttektarinnar hafi eigi verið krafist af viðtakanda í tæka tíð samkvæmt 34. gr. laga, 12. jan. 1884, og að í öðru lagi hafi hann (stefndi) sem fráfarandi alls eigi samkvæmt ákvæði 30. gr. sömu laga, verið boðaður til þess að vera viðstaddur gjörðina. Á hvorugt þetta verður þó fallist. Samkvæmt vottun sýslumanns, sem telja verður næga sönnun í því tilliti, kom beiðnin um yfirúttektina til sýslumanns 25. júlí 1907, og þannig innan hálfs mánaðar frá því er fyrri úttektin fór fram, en það er eins og tilvitnuð lagagrein tilskilur. Og

að því er síðara atriðið snertir, þá hafa yfirúttektarmennirnir samkvæmt staðfestu eftirriti af yfirúttektargerðinni, sem fram hefir verið lagt, bókað það við gjörðina, að stefndi hafi verið aðvaraður, og þar sem þeirri vottun þeirra er ekki hnekt að neinu leyti, en yfirúttektarmönnum eins og úttektarmönnum, samkv. 34. gr. sbr. við 30. gr. ábúðarlaganna 12. jan. 1884, er falið að annast um, að hlutaðeigendum sé gert viðvart um, nær úttekt eigi fram að fara, og ekki fyrirskipað neitt ákveðið form fyrir þeirri viðvörun, þá verður vottun yfirúttektarmanna um, að þeir hafi fullnægt þessari skyldu sinni, að takast trúanleg, og mótmæli stefnda í þessu efni verða því eigi tekin til greina.

En þó að yfirúttektargerðin yrði ekki af þeim ástæðum, sem nú hafa verið taldar, álitin ógild eða marklaus í sjálfu sér, hefir stefndi mótmælt fastlega kröfu áfrýjanda á hendur sér samkvæmt henni, af þeim ástæðum, að Vídalín konsúll, þáverandi landsdrottinn hans, hafi, eins og áður er frá skýrt, samþykt, að stefndi skyldi vera laus við nokkurt álag á jörðina, er hann færi frá henni, fyrir það, að stefndi hafi ekkert álag fengið hjá Vídalín, er hann tók við jörðinni.

Afrýjandinn hefir neitað því, að Vídalín hafi gefið slíkt samþykki eða loforð, sem nú var greint, en 1 lögfult vitni hefir borið það, að Vídalín hafi í júní eða júlímánuði árið 1903 sagt við stefnda í áheyrn þess, að stefndi fengi ekkert álag á Ytri-Rauðamel, en hann þyrfti þá heldur ekki að svara álagi, er hann færi aftur af jörðinni. Frekari sönnun fyrir staðhæfingu sinni um greint samþykki eða loforð hefir stefndi ekki fært, en þegar litið er á það, að það er viðurkent, að stefndi fekk ekkert

álag á jörðina, er hann kom að henni, að hús á jörðinni voru þá í mjög bágu ástandi, eins og skoðunargerðir úttektarmanna, er þá fóru fram, votta, að álag á jörðina var í fyrgreindri úttektargerð 5. nóv. 1907 jafnvel metið, eins og áður er sagt, 2784 kr., og að það því er í sjálfu sér ósennilegt, að stefndi hefði látið sér lynda, að taka við jörðinni álagslausri, nema eitthvað hefði komið á móti frá landsdrottins hálfu, sem ekki er borið fyrir að hafi verið, þá virðist full ástæða til að heimila stefnda samkvæmt kröfu hans, að bæta fyrtéð vitni upp með eiði sínum, þannig, að ef hann vinnur eið að því, að svo hafi samist millí hans og Vídalíns konsúls 1903, að hann skyldi laus við að svara álagi á Ytra-Rauðamel, er hann færi af jörðinni, þá skal hann vera sýkn af kröfu áfrýjanda um álag af greindri jörðu, og fellur þá málskostnaður niður fyrir báðum dómum, en vinni hann eigi eiðinn, skal hann greiða áfrýjanda 1899 krónur með 5 % ársvöxtum af upphæð þessari frá 19. ágúst 1911 til borgunardags, og í málskostnað 60 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefndi Árni prestur Þórarinsson, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu vinnur eið að því, að svo hafi samist milli hans og Jóns heitins konsúls Vídalíns árið 1903, að stefndi skyldi laus við að svara álagi á jörðina Ytra-Rauðamel, er hann færi af jörðinni, skal hann vera sýkn af kröfu áfrýjanda Thor Jensens kaupmanns um álag af greindri jörð,

og fellur þá málskostnaður niður. En treysti stefndi sér eigi til að vinna svofeldan eið, greiðir hann áfrýjanda 1899 krónur með 5 % ársvöxtum af upphæð þessari frá 19. ágúst 1911 til borgunardags og í málskostnað 60 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 25. ágúst.

Nr. 54/1912. Kristján Torfason og Finnur Finnsson
gegn
Karli Olgeirssyni fyrir hönd Edinborgarverzlunar á Ísafirði og Friðriki Tómassyni.

Dómur:

Þeir Kristján Torfason kaupmaður á Sólbakka og Finnur Finnsson bóndi í Hvilft, áfrýjendur þessa máls, voru með gestaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 21. okt. f. á., dæmdir til að greiða stefndu, Karli Olgeirssyni fyrir hönd verzlunarinnar Edinborg á Ísafirði og Friðriki Tómassyni útvegsbónda í Hnífsdal, eftirstöðvar af kaupverði fyrir síldarútveg eða tvenna síldarútvegi, kr. 375, með 5% ársvöxtum frá 1. okt. 1910 og kr. 450 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1911, hvorttveggja til greiðsludags, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum

dómi hafa áfrýjendur með stefnu dags., 5. nóv. f. á., skotið til yfirdómsins og krafist, að honum verði breytt þannig, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfu stefndu, en til vara og þrautavara, að frá kröfunni verði dregnar kr. 920, eða kr. 700, eða kr. 350. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Af annari hálfu hafa þeir Karl Olgeirsson og Friðrik Tómasson gagnáfrýjað málinu og krafist þess, að allar kröfur þeirra fyrir undirrétti verði teknar til greina og þeim dæmdar hjá áfrýjendum kr. 855 með umstefndum vöxtum og málskostnaður fyrir undirrétti að skaðlausu eftir reikningi og fyrir yfirdómi eftir réttarins mati, en til vara að gestaréttardómurinn verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Krafa stefndu er bygð á samningi, er þeir — og þriðji maður, er hefir afsalað sér rétt sinn eftir samningnum til verzlunarinnar Edinborg á Ísafirði — gerðu við áfrýjendur og 3 menn aðra 23. apríl 1910 um kaup á síldveiðiáhöldum, er stefndu áttu. Hið selda var í samningnum tilgreint þannig: 1. Síldarútvegur sá, sem nú er kominn vestur á Flateyri; útveg þessum fylgir einn bátur, sem nú er á Ísafirði, og annar lítill bátur eða prammi, geymdur á Dvergasteini í Alftafirði. 2. Síldarútvegur konsúls P. M. Bjarnarsonar á Ísafirði eins og hann er nú, bæði hvað stærð og gæði varpnanna snertir, svo og annað, sem nefndum útveg tilheyrir.« Kaupverðið var 1400 kr., er alt skyldi borgast s. á., kr. 475 fyrir lok júnímánaðar, kr. 475 fyrir lok septembermánaðar og kr. 450 fyrir lok desembermánaðar, og skyldu kaupendur allir fyrir einn og einn fyrir alla bera fulla ábyrgð á skilvísri greiðslu allrar upphæðarinnar. Fyrstu afborgun kr. 475

greiddu kaupendur í agústmánuði 1910, en frá eftirstöðvunum, kr. 925, hafa stefndu dregið kr. 70, er þeir töldu vera andvirði fyrir bát, sem getið er í samningnum að fylgja átti Flateyrarútvegnum, en kaupendur fengu ekki, og var því krafa þeirra fyrir undirréttinum að upphæð kr. 855, en héraðsdómarinn taldi verð báts þess, er vantaði, kr. 100 og dæmdi því áfrýjendur til að greiða að eins kr. 375 × kr. 450, eða samtals kr. 825 með vöxtum sem fyr segir.

Afrýjendur halda því nú fram, að stefndu hafi eigi af þeirra hálfu fullnægt samningnum 23. apríl 1910, svo að áfrýjendur fyrir þá sök séu leystir frá samningnum, eða þá að stefndu verði að sætta sig við, að hið umsamda kaupverð verði fært niður samkvæmt framangreindum kröfum þeirra. Hafa þeir í þessu efni einkum talið það, *að* í þá tvo útvegi, sem stefndu seldu þeim, hafi vantað talsvert mikið til þess að talist gæti það, sem átt er við, þegar talað er um »síldarútveg«, *að* það af útvegnum, sem kom í þeirra hendur, hafi verið með öllu óhæft til notkunar við síldveiði, og *að* af því, sem sérstaklega er tiltekið í samningnum, hafi þeir aldrei fengið 2 nótabáta.

Eftir samningnum voru síldarútvegirnir 2, er seldir voru, en þegar á það er litið, að verðið á þeim báðum var sett aðeins kr. 1400.00, og að 2 nýir síldarútvegir, eftir því sem upplýst er í málinu, kosta um 7000 kr., gátu áfrýjendur eigi búist við að útvegirnir væru fullkomnir eða í gildu standi, eins og þeir virðast vilja halda fram. En það verður einnig að ætla, að áfrýjendur hafi vitað eða átt kost á að kynna sér, hvernig veiðiáhöld þessi voru, áður en þeir keyptu þau, og að þeir hafi keypt þau eins og þau voru, þegar samningurinn var gerður. Þetta er tekið fram berum orðum um Ísafjarðar-

útveginn (er P. M. Bjarnarson átti áður og seldi stefnda), og hinn útvegurinn, Flateyarútvegurinn, var mestallur kominn í vörzlur annars áfrýjandans, þegar kaupin gerðust. Áfrýjendur notuðu eitthvað af áhöldunum við síldveiðar sumarið 1910, og í ágústmánuði greiddu þeir 1. afborgun af kaupverðinu, án þess sannað sé, að þeir hafi borið sig upp út af göllum eða skemdum á þeim við seljendurna. Það er því engin heimild til að losa áfrýjendur við skuldbindingar þeirra eftir samningnum eða færa niður kaupverðið fyrir þá sök, að hinu selda hafi verið ábótavant, svo sem að eigi hafi fylgt nætur allar eða bátar, sem talið er til fullkomins síldarútvegs, eða það eigi orðið að svo fullum notum, sem þeir bjuggust við. Það eitt kemur því til álita, hvort áfrýjendur hafi fengið eða átt kost á að fá alt það, sem þeim var selt, þ. e. alt það, sem fylgdi eða fylgja átti útvegunum eins og þeir voru þegar kaupin gerðust. Afrýjendur telja nú að vantað hafi af þessu 2 nótabáta á kr. 350.00 eða fyrir samtals kr. 700.00, 1 spilbát fyrir kr. 50.00 og ýmislegt fyrir kr. 70.00, eða áhöld alls fyrir kr. 920.00. Í kaupsamningnum er það eigi tiltekið hvað Ísafjarðarútvegnum fylgi, en hann er seldur eins og hann var þá með því sem honum tilheyrði. En áfrýjendur halda því fram, að í þessum útveg hafi, þegar þeir keyptu hann, átt að vera stór og góður nótabátur, nýviðgerður, er þeir hafi eigi fengið. En þó að telja megi sannað, að nótabátur eins og sá, er áfrýjendur lýsa, hafi fylgt útvegnum þegar hann var eign P. M. Bjarnarson, þá hafa stefndu eigi í samningnum tekið á sig neina ábyrgð á því, að bátur þessi væri til, þegar þeir seldu áfrýjendum útveginn og þá eigi heldur á því, að hann væri að gæðum eins og áfrýj-

endur lýsa honum. Það er nú hins vegar upplýst með vitnisburðum, sem áfrýjandi hefir tekið gilda sem eiðfesta, að bátur þessi var til, þegar kaupin fóru fram, og var sendur áfrýjanda Kristjáni Torfasyni vorið 1910, þá að vísu orðinn óþéttur, af því að honum hafði verið hvolft úti um veturinn. Að öðru leyti hafa áfrýjendur eigi sýnt fram á, að neitt hafi vantað í útveg þenna, er honum fylgdi, þegar þeir keyptu hann.

Eftir því sem skilja verður samninginn höfðu áfrýjendur, þegar hann var gerður, meðtekið alt tilheyrandi Flateyrarútvegnum, nema bát og smábát eða pramma. Prammann meðtóku þeir síðar, en bátinn hafa þeir eigi fengið; hafa stefndu talið hann 70 kr. virði og dregið þá upphæð frá kaupverðinu, sem fyr segir, en áfrýjendur halda því fram, að þetta hafi verið nótabátur 350 króna virði. Þeir hafa þó eigi fært neinar sönnur á þetta, en framkomin vottorð, sem áfrýjendur hafa tekið jafngild og staðfest væru í rétti, styrkja það, að báturinn hafi eigi verið meira virði en stefndu telja, og virðist þá eigi heimild til fyrir þenna bát að draga frá eftirstöðvum kaupverðsins meira en 70 kr.

Samkvæmt þessu ber þá að taka til greina kröfu stefndu og dæma áfrýjendur til að greiða þeim kr. 405.00 með 5% ársvöxtum frá 1. okt. 1910, og kr. 450.00 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1911, hvorttveggja til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins samþykkist, en málskostnað fyrir yfirdómi í aðal- og gagnsökinni þykir rétt að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum, og ákveðst hann 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendurnir Kristján Torfason og Finnur Finnsson greiði stefndu Karli Olgeirssyni, fyrir hönd Edinborgarverzlunar á Ísafirði, og Friðriki Tómassyni 405 kr. með 5% ársvöxtum frá 1. okt. 1910 og 450 kr. með sömu vöxtum frá 1. jan. 1911, hvorttveggja til borgunardags. Um málskostnað í héraði skal gestaréttardóminum óraskað. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjendur stefndu 40 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögregri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 9/1913. Ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs gegn Rúti og Eyólfi Þorsteinssonum.

Dómur:

Í máli þessu, sem er barnsfaðernismál, höfðað í héraði fyrir aðstoð lögreglustjórans í Rangárvallasýslu af stúlkunni Soffíu Sigríði Jóhannsdóttur í Varmahlíð í Vestur-Eyjafjallahreppi, gegn stefndu, bræðrunum Rúti og Eyólfi Þorsteinssonum á Hrútafelli í Austur-Eyjafjallahreppi, var dómur uppkveðinn 7. nóv. 1912 í lögreglurétti nefndrar sýslu, svohljóðandi: »Svo framarlega sem kærandi málsins, Soffía Sigríður Jóhannsdóttir, eftir löglegan tilbúning eiðsmáls á varnarþingi sínu treystir sér til þess að vinna

eið að þeirri skýrslu sinni, að Rútur Þorsteinsson á Hrútafelli í Austur-Eyjafjallahreppi og Eyólfur Þorsteinsson sama staðar hafi hvor í sínu lagi átt samræði við hana haustið 1910, á þeim tíma, að annarhvor þeirra geti verið faðir að barninu Svanhvít, er hún ól 11. ágúst f. á., þá ber þeim að ala önn fyrir því samkvæmt landslögum um skyldu föður óskilgetins barns til uppeldis, að sínum helmingi hvor, en til vara in solidum, samkvæmt yfirvaldsúrskurði, og greiði eftir sömu reglu barnsmóðurinni hæfilegt endurgjald fyrir barnsfararkostnað. En treysti hún sér ekki til þessa, eða vinni eigi hinn umrædda eið, eiga ákærðu að vera sýknir af kærum og kröfum barnsmóðurinnar í þessu máli. Málskostnaðarkröfur málsaðila falla niður. Málfærslulaun hins skipaða talsmanns, Gissurs Jónssonar í Drangshlíð, 10 krónur, greiðist ásamt öðrum löglegum kostnaði málsins af almannafé«.

Afrýjandinn, ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðsins, hefir skotið þessu máli til yfirdómsins með stefnu, dags. 28. jan. þ. á., vegna málskostnaðarákvæðis dómsins eins, og hefir þess verið krafist af hans hálfu hér fyrir réttinum, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnaðinn fyrir lögregluréttinum, 75 kr., samkvæmt framlögðum reikningi sýslumannsins yfir kostnað í málinu, ef barnsmóðirin Soffía Sigríður Jóhannsdóttir vinnur eið þann, er henni er fyrirlagður í dóminum, og að þeir ennfremur verði dæmdir til að greiða landssjóði kostnað þessa máls eftir mati yfirdómsins. Af stefndu hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, aðallega að málinu verði vísað frá dómi og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, en til vara, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Stefndu hafa krafist frávísunar málsins fyrir það, að dómkrafa áfrýjanda fyrir yfirdóminum sé of óákveðin, þar sem ekki sé tiltekið í henni, í hverju hlutfalli áfrýjandi ætlast til, að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnaðinn, og hvort þeir ættu að greiða hann pro rata eða in solidum. En áfrýjandi hefir viljað láta þetta vera á valdi yfirdómsins, og hafði hann rétt til þess, og verður frávísunarkrafan ekki tekin til greina.

Kröfu áfrýjanda, um að stefndu verði dæmdir til að greiða kostnaðinn í héraði af barnsfaðernismálinu, hafa stefndu mótmælt af þeirri ástæðu, að þótt barnsmóðirin vinni eiðinn, þá sé eigi þar með fengin nein sönnun gegn því, að synjun þeirra fyrir faðerni að barninu sé rétt, eða að þeir hafi haft á réttu að standa í málinu. En þetta skiftir ekki máli hér, fremur en ef stefndu hefði verið fyrirlagt að vinna eiðinn. En ástæðan til þess, að stefndu var eigi gert að vinna eiðinn var sú, að þeir báðir lýstu sig fyrir lögregluréttinum ófúsa til að útkljá málið með eiði og kváðust vilja gefa barnsmóðurinni eftir eiðinn, en þessi framkoma þeirra í málinu, vakti hjá dómaranum eins og í dóminum segir »grun eða skapaði sterkar líkur gegn þeim (stefndu), að framburður barnsmóðurinnar um að samræði hafi átt sér stað með þeim báðum og henni á þeim tíma, að hvor um sig geti verið faðir að hinu umrædda barni, sé sannur«, og því dæmdi hann barnsmóðurinni eiðinn. Það lá þannig fyrir bein ósk stefndu og samþykki til þess, að málið skyldi vera komið undir eiði barnsmóðurinnar, og var þá, þegar af þeirri ástæðu, sjálfsagt að málskostnaðurinn félli á þá, ef eiðurinn yrði unninn. Það ber því að breyta málskostnaðarákvæði dómsins samkvæmt kröfu áfrýjanda, og með því að yfir-

dómurinn felst á upphæð málfærslulauna þeirra, er dæmd eru hinum skipaða málflutningsmanni barnsmóðurinnar, og hinn framlagði kostnaðarreikningur virðist að öðru leyti mega álítast úrskurðaður réttur af stjórnarráðinu (áfrýjanda) sbr. lög. nr. 2, 2. febr. 1894 og tilsk. 23. ág. 1904, ber að dæma stefndu til að greiða landssjóði upphæð hans 75 krónur, ef barnsmóðirin vinnur hinn fyrirlagða eið. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Vinni barnsmóðirin Soffía Sigríður Jóhannsdóttir hinn fyrirlagða eið, skulu hinir stefndu Rútur og Eyólfur Þorsteinssynir greiða landssjóði in solidum kostnað málsins fyrir lögréttinum að meðtöldum málfærslulaunum hins skipaða málfærslumanns hennar þar, með 75 krónum. Að öðru leyti á lögréttardómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 1. september.

Nr. 1/1912. Jón Felixsson
gegn
Páli Guðmundssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði Einar prófessor Arnórsson gegn stefnda Páli Guðmundssyni bónda á Melum í Melasveit til greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs fyrir nefnda jörð, kr. 440,00, en kröfu þessa hefir Einar Arnórsson fengið sér framselda til eignar af Jóni Felixsyni, sem seldi stefnda jörðina. Var málið dæmt í gestaréttí Reykjavíkur 18. júlí 1911, og urðu úrslitin þau, að stefndi var sýknaður af kröfum sækjanda, og sækjandi dæmdur til að greiða honum 15 krónur í málskostnað. Jón Felixson, sem aftur fekk sér kröfuna framselda af Einari Arnórssyni 17. jan. f. á., hefir nú, að fenginni gjafsókn og skipuðum málafærslumanni, með stefnu, dags. s. d., skotið téðum dómi til yfirdómsins og krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 440 kr., sem hann þó hafi fært niður í 415 krónur á síðara stigi málsins, með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, svo og málskostnað fyrir gestaréttinum og yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

En stefndi krefst þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Með afsalsbréfi dags. 30. apríl 1908 seldi áfrýjandi stefnda jörðina Mela í Borgarfirði fyrir 7000 kr. Af þessu kaupverði inti stefndi af hendi 5800 kr., að nokkru leyti með því að taka að sér skuldir er lúkast áttu af hinni

seldu eign og að nokkru leyti með peningagreiðslu til áfrýjanda, en um eftirstöðvarnar, 1200 kr., segir í afsalsbréfinu, að stefndi hafi gefið út skuldabréf fyrir þeim. Þrátt fyrir þessi ummæli hefir áfrýjandi haldið því fram, að stefndi hafi aldrei gefið út skuldabréf fyrir greindum 1200 kr.; hann hafi lofað að gera það, og hafi áfrýjandi afhent honum afsalsbréfið þannig orðað í trausti til drengskapar hans og áreiðanleika, að efna þetta loforð, sem þó hafi brugðist, og telur áfýjandi enn ógreiddar 415 kr. af skuld þessari. Fyrir undirréttinum hélt stefndi sér við það, að hann hefði gefið út skuldabréf, eins og sagt er í afsalsbréfinu, og skoraði á sækjanda að leggja það fram, og jafnframt hélt hann því fram, að hann hefði greitt sækjanda það, sem honum bæri, og stæði ekki í neinni skuld við hann, hvorki út af kaupum á Melunum né öðru. Og með því sækjandi gat ekki komið fram með skuldabréfið, voru mótmæli stefnda tekin til greina og málið dæmt sem fyr segir. Eftir að sá dómur var fallinn, stefndi áfrýjandi til ógildingardóms á skuldabréfinu, en því máli var vísað frá dómi af þeirri ástæðu, að ekki yrði ónýtt með dómi skuldabréf, sem ekki hefði verið til. En í þessu máli lagði stefndi fram skjal, sem nefndi sig tryggingarbréf og hann tjáði vera skuldabréf það, er afsalsbréfið getur um. Bréf þetta er þó dagsett 6. maí 1908, eða 6 dögum eftir afsalsbréfið, og hljóðar að eins um 1000 kr., er borgast skyldu á þann hátt, að stefndi kæmi upp íbúðarhúsi handa áfrýjanda og skuldin drægist frá húsverðinu, en vildi áfrýjandi eigi taka húsið, skyldi hálf skuldin borgast í peningum, en hinn helmingurinn, 500 kr., falla niður. Virðist stefndi byggja það á þessu skjali, að hann sé skuldlaus við áfrýjanda út af jarðarkaupunum.

En áfrýjandi kannast alls ekki við þetta tryggingarbréf, sem að eins er undirskrifað af stefnda, og tjáist aldrei hafa fengið það í hendur eða tekið það gilt í stað skuldabréfs slíks, er getur um í afsalsbréfinu.

Af því sem nú hefir verið sagt, verður að telja það fullljóst, að stefndi hafi eigi, þótt svo standi í afsalsbréfinu, gefið út neitt skuldabréf fyrir þargreindum 1200 kr., og það er ennfremur viðurkent af stefnda, að áfrýjandi hafi eigi tekið á móti eða samþykt tryggingarbréfið 6. maí 1908; kemur þetta skjal því eigi heldur til álita og getur eigi réttlætt undanfærslu stefnda að standa skil á því, er hann kann að eiga ógreitt af jarðarverðinu. Samkvæmt kvittun áfrýjanda, dags. 9. des. 1910, hefir stefndi greitt honum 525 kr. af 1000 kr., sem þá stóðu eftir af skuldinni, og auk þess hefir stefndi, samkvæmt viðurkenningu Einars prófessors Arnórssonar, greitt honum 60 kr. upp í hana. Eftir því eru enn ógreiddar 415 kr. af skuldinni, og með því að stefndi hefir eigi sannað, að hann hafi greitt áfrýjanda þessar eftirstöðvar, verður að dæma hann samkvæmt kröfu áfrýjanda til að greiða honum nefndar 415 kr. með 5% ársvöxtum frá 9. maí 1911 til greiðsludags.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi og ákveðst hann 40 krónur.

Skipuðum málfærslumanni áfrýjanda, sem hefir flutt málið forsvaranlega, ber í málfærslulaun 25 krónur, er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Páll Guðmundsson greiði áfrýjanda Jóni Felixsyni 415 krónur með 5% ársvöxtum frá 9. maí 1911 til greiðsludags og 40 krónur í málskostnað. Skipuðum málfærslumanni áfrýjanda, Gísla Sveinssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, ber í málflutningslaun 25 kr., er greiðist af almannafé.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 24/1913.

Einar M. Jónasson
gegn
Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni bankastjórum f. h. Landsbankans, Birni Bjarnarsyni sýslumanni, Páli Ólafssyni og Benediktu G. H. Benediktsdóttur.

Dómur:

Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður hefir með stefnu, dags. 21. apríl þ. á, skotið til yfirdómsins uppboðsgerð, er fram fór í Búðardal í Dalasýslu 16. ágúst 1909 samkvæmt kröfu hinna stefndu bankastjóra fyrir hönd Landsbankans á húsi í Búðardal, eign Benediktu G. H. Benediktsdóttur, til lúkningar 2800 kr. skuld til veð-

deildar bankans, en á uppboði þessu varð áfrýjandi hæstbjóðandi, og var húseignin slegin honum. Hann krefst þess nú fyrir yfirdóminum, *að* uppboðsgerðin verði staðfest í öllum greinum, að Björn Bjarnarson sýslumaður og bankastjórarnir Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson fyrir hönd Landsbankans verði dæmdir in solidum eða hver einstakur þeirra, til að greiða sér skaðabætur, 5000 kr., *að* uppboðsráðandi verði skyldaður til, að viðlögðum hæfilegum dagsektum, alt að 25 kr. fyrir hvern dag, að gefa út uppboðsafsal til áfrýjanda fyrir nefndri húseign, *að* hann ennfremur verði dæmdur til að greiða áfrýjanda leigu af húsinu, alt að 50 kr. á mánuði, *að* sérhvert afsal á húseigninni, er fram hafi farið eftir 16. ágúst 1909 til annara, sérstaklega til Páls Ólafssonar kaupmanns í Búðardal, verði dæmt ógilt, og *að* hinir stefndu bankastjórar og uppboðsráðandi verði dæmdir til að greiða áfrýjanda allan kostnað hans við áfrýjun málsins eftir mati yfirdómsins.

Fyrir hönd bankastjóranna er þess krafist, að þeir verði sýknaðir í málinu, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað og sektaður fyrir óþarfa þrætu. Af hálfu annara þeirra, er stefndir eru, hefir eigi verið mætt eða látið mæta fyrir yfirdóminum.

Í uppboðsskilmálunum við framangreint uppboð 16. ág. 1909 á húseigninni í Búðardal, var um greiðslu kaupverðsins áskilið, að það, ásamt 2% innheimtulaunum, skyldi greitt uppboðshaldara 1. nóv. s. á., þó mætti kaupandi ganga inn í veðskuld til veðdeildarinnar, gegn því að borga þær upphæðir, sem áfallnar væru til hennar, en ef kaupandi greiddi eigi í réttan gjalddaga það, sem umfram væri veðskuldina og 2% innheimtulaun af öllu upp-

boðsandvirðinu, mætti selja húseignina á hans kostnað. Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi í tæka tíð int af hendi þessar greiðslur og verið viðbúinn að taka að sér veðdeildarskuldina, en bankastjórarnir hafi hindrað það með ástæðulausum undanfærslum og uppboðsráðandi synjað sér um afsalsbréf fyrir eigninni.

Það sést þó af skjölum málsins, einkum þeim, er áfrýjandi hefir lagt fram, að hann hefir eigi fullnægt uppboðsskilmálunum um greiðslu uppboðsandvirðis og innheimtulauna í réttan gjalddaga. Húseignin var því eftir kröfu Landsbankans boðin upp aftur og seld öðrum kaupanda sumarið 1911. En þar sem áfrýjandi þannig ekki fullnægði uppboðsskilmálunum, glataði hann við það rétti þeim, er hann öðlaðist við uppboðið sem hæstbjóðandi í húseignina, og var honum þá einnig heimildarlaust og gagnslaust að áfrýja uppboðsgerðinni 16. ág. 1909 til staðfestingar. Þeirri kröfu áfrýjanda ber því að vísa frá yfirdóminum.

Kröfur áfrýjanda á hendur uppboðsráðandanum og bankastjórunum geta eigi heldur komið til álita fyrir yfirdóminum, þegar af þeirri ástæðu, að gerðir þær, eða synjanir af hálfu hinna stefndu, sem kröfurnar eru bygðar á, eru eigi réttargerðir, er skotið verði til æðra dóms, og eigi hefir heldur neinn héraðsdómur gengið um kröfur þessar, svo að yfirdóminum sé heimilt að prófa þær.

Samkvæmt þessu ber að vísa málinu í heild sinni frá yfirdóminum, og ber áfrýjanda að greiða hinum stefndu bankastjórum fyrir hönd Landsbankans 30 kr. í málskostnað, en ekki þykir öldungis næg ástæða til þess að sekta hann fyrir ástæðulausa þrætu.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandi Einar M. Jónasson greiði stefndu Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbankans 30 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu þessa dóms, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 9/1912. Stefán Björnsson
gegn
Rich. Ekwall.

Dómur:

Með gestaréttardómi Reykjavíkur uppkveðnum 8. des. 1911 var áfrýjandi þessa máls, Stefán Björnsson kaupmaður í Borgarnesi, dæmdur til að greiða Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd Rich. Ekwall í Halmstad 2313 kr. 94 a. með 6% ársvöxtum frá 27. sept. 1907 til borgunardags og málskostnað að skaðlausu. Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 23. febr. f. á., og krafist þess, að dómnum verði breytt þannig, að honum verði að eins gert að greiða vexti af dómsupphæðinni frá 27. desbr. 1909, og að stefndi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum dómum.

Af hálfu stefnda hefir eigi verið mætt í málinu og verður því samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. að dæma það eftir skjölum þeim, er áfrýjandi hefir lagt fram.

Í sókn sinni hér við réttinn hefir áfrýjandi krafist þess, að málinu verði vísað frá undirrétti, en þessa kröfu hefir hann ekki tekið upp í áfrýjunarstefnuna, og getur hún þegar af þeirri ástæðu eigi komið til álita.

Þ. 22. ágúst 1910 gaf áfrýjandi út bréf fyrir hinni umstefndu skuld, og skuldbatt sig þar til að greiða 6% vexti af henni frá 27. des. 1909, og byggir hann á þessu framangreinda kröfu sína. En með því að áfrýjandi lét mæta af sinni hálfu fyrir gestaréttinum og vefengdi þar að engu leyti kröfur stefnda, er því voru teknar til greina í dómnum að öllu leyti, er það um seinan að hefja nú fyrir yfirdóminum mótmæli gegn kröfu stefnda og ákvæði dómsins um vaxtagreiðsluna, en það verður að líta svo á, að áfrýjandi hafi samþykt vaxtakröfu stefnda, þó að hún færi lengra en ákveðið var í áðurnefndu skuldabréfi.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öllu leyti, og verður þá málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 8. sept.

Nr. 16/1913. Jakob Jónsson fyrir hönd firmans H. P. Duus gegn Hannesi Hafliðasyni.

Dómur:

Áfrýjandinn, verzlunarstjóri Jakob Jónsson f. h. H. P. Duusverzlunar í Reykjavík, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda Hannesi Hafliðasyni skipstjóra, til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér 390 kr. 59 aura með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags ásamt málskostnaði; en stefndi höfðaði þá gagnsök á hendur áfrýjanda og krafðist af sinni hálfu 280 kr. með 5% vöxtum á ári frá sáttakærudegi 17. jan. 1912 til borgunardags og málskostnaðar. Málið var síðan dæmt í nefndum rétti 18. júlí f. á. þannig, að aðalstefndi skyldi greiða aðalstefnanda 31 kr. 75 a. með 6% ársvöxtum frá 10. desbr. 1911, en aðalstefnandi vera sýkn af kröfum aðalstefnda í gagnsökinni, og málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 17. jan. þ. á., og krafist þess, að stefndi verði í aðalsökinni dæmdur til að greiða sér 390 kr. 59 a. með vöxtum, eins og krafist var fyrir bæjarþingsdóminum, eða til vara, að dómurinn verði staðfestur, og hvernig sem fer, krefst hann málskostnaðar hjá stefnda, bæði í aðalsök og gagnsök fyrir báðum réttum. Stefndi hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 10. marz þ. á. og krafist þess, að verða sýknaður

algerlega í aðalmálinu, en að aðaláfrýjandi verði í gagnsökinni dæmdur til að greiða sér 280 kr. eða einhverja aðra upphæð eftir réttarins mati, og málskostnað í aðalsök og gagnsök, hvernig sem málið fer.

Áfrýjandinn H. P. Duusverzlun, stefndi og tveir menn aðrir áttu í felagi fiskiskipið »Swift«, er heima átti í Reykjavík, og gekk það til fiskiveiða árið 1907, þar til það strandaði á áliðnu sumri það ár. Áfrýjandi annaðist útgerð skipsins og hafði reikningshald þess á hendi sem annars viðskiftamanns verzlunarinnar, og með því að halli varð á útgerðinni, eftir því sem áfrýjandi telur, kr. 1171,78, þá hefir hann krafið stefnda sem eiganda $^1/_8$ í skipinu um þriðjung af þessari upphæð, eða kr. 390,59, sem er aðalkrafa hans í máli þessu.

Stefndi hefir neitað því, að hann væri skyldugur að bera nokkuð af halla útgerðarinnar, þó að einhver væri, sökum þess, að hvorki samþykkis hans né meðeiganda hafi verið leitað af áfrýjanda eða Duusverzlun til þess, að einmitt hún skyldi hafa útgerð skipsins og reikning með höndum. Er þar sem því er ómótmælt, að skipið átti að ganga til fiskiveiða og það er vitanlegt, að skipið var gert út og hafði reikning sinn yfir útgerðartímann við greinda verzlun, og stefnda hlaut að vera þetta kunnugt, en lét það þó afskiftalaust eða mótmælti því að minsta kosti ekki í neinu, þá verður ekki álitið, að hann geti komist hjá að bera að sínum hluta ábyrgð á þeim halla, er af útgerðinni hlauzt, eins og hann hefði að sjálfsögðu átt tilkall til tiltölulegs arðs af henni.

Þá hefir stefndi talið kr. 1076,53 ofreiknaðar útgerð skipsins til gjalda, en þetta eru skuldir skipstjóra og ýmsra annara af skipshöfninni, sem skapast hafa við það,

að skipstjóri og hásetar hafa fengið meira út á kaup sitt við verzlunina, en þeir höfðu unnið fyrir, og hefir þessi umframborgun verið reiknuð útgerðinni eða skipinu til skuldar. Virðist áfrýjandi ekki hafa rökstutt nægilega heimild sína til þess að heimta þessar ofborganir til skipshafnarinnar endurgreiddar sér af sameigendum sínum sem kostnað af útgerðinni, og verður stefndi því síður skyldaður til að greiða tiltölulegan hluta af fé þessu, sem áfrýjandi hefir ekki gagnvart vefengingu stefnda þar að lútandi, gert næga grein fyrir því, að greindar ofborganir hafi í raun og veru stafað af viðskiftum mannanna við skipið. Það verður samkvæmt þessu að færa hina umræddu skuld niður í 1/8 af (kr. 1171,78 ÷ 1076,53 =) kr. 95,25 eða niður í kr. 31,75, eins og gert er í bæjarþingsdóminum.

En stefndi hefir ennfremur (í gagnsókninni) krafist þess, að áfrýjandi greiði sér að þriðjungi andvirði segla og annara muna, er geymdir hafi átt að vera hjá verzluninni og tilheyrt skipinu, en ekki verið gerð nein grein fyrir, og telur stefndi andvirði muna þessara alls 840 kr. eða gerir tilkall til í sinn hluta af því kr. 280,00. Áfrýjandi hefir neitað því, að munir þessir hafi verið afhentir sér eða í sína vörzlu komið, nema hvað hann hefir kannast við, að í húsum hans hafi af hendingu fundist gamalt stórsegl, er hann ætlar að muni tilheyra skipinu »Swift«, og telur í hæzta lagi 50 kr. virði, sem hann hefir boðist til að svara til. Og þar sem það getur ekki álitist sannað af stefnda hálfu, gegn þessum mótmælum, að áfrýjandinn eigi að svara til frekara af munum þessum en áfrýjandi þannig hefir kannast við, verður nefnd krafa stefnda eigi tekin til greina að öðru leyti en því, að

skuld hans, er fyr er ákveðin kr. 31,75, færist niður um 1/8 af 50 kr. eða niður í kr. 15,09.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 15,09 með 6% ársvöxtum frá 10. des. 1911 til borgunardags. Málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkist og málskostnaður fyrir yfirdómi þykir og mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Hannes Hafliðason greiði áfrýjanda Jakobi Jónssyni verzlunarstjóra fyrir hönd firmans H. P. Duus 15 krónur 9 aura með 6% ársvöxtum frá 10. desbr. 1911 til borgunardags. Um málskostnað á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, og málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 30/1913.

Kristinn Þorleifsson
gegn
borgarstjóra Páli Einarssyni
f. h. bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Dómur:

Samkvæmt reikningi bæjargjaldkerans í Reykjavík, dags. 1. sept. f. á., var áfrýjandi, tómthúsmaður Kristinn

Þorleifsson, krafinn um salernishreinsunargjald fyrir árið 1912 af húsi hans nr. 28 við Hverfisgötu, að upphæð 2 kr. 50 aur., og er hann neitaði að greiða gjaldið, var þess krafist, að það væri tekið lögtaki. Fyrir fógetarétti Reykjavíkur var síðan 20. maí þ. á. kveðinn upp úrskurður í þá átt, að hið umbeðna lögtak skyldi fara fram, og var lögtakið framkvæmt 26. s. m., þannig að tekið var upp í lögtakið stofuborð, eign áfrýjanda, virt á 12 kr. Úrskurði þessum og lögtaksgerð hefir Kristinn Þorleifsson að fengnu kgl. leyfisbréfi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 31. maí þ. á., og krafist þess, að úrskurðurinn og lögtaksgerðin verði úr gildi feld, þannig að áfrýjandi verði eigi talinn skyldugur til að greiða hið umkrafða gjald, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað. Hinsvegar hefir hinn stefndi borgarstjóri krafist þess, að úrskurðurinn og lögtaksgerðin verði staðfest og áfrýjandi skyldaður til að greiða hið umrædda gjald, og að hann ennfremur verði dæmdur til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað eftir mati yfirdómsins.

Með lögum nr. 42, 11. júlí 1911, 5. gr. er bæjarstjórn Reykjavíkur heimilað að taka að sér salernahreinsun í öllum bænum eða nokkrum hluta hans, og má hún fela einstökum mönnum eða félögum að framkvæma hana. Til þess að standast straum af kostnaði þeim, sem af þessu leiðir, má leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, samkvæmt gjaldskrá, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir. Með heimild nefndra laga tók bæjarstjórnin að sér salernahreinsunina síðastliðið ár, og var gjaldskrá samin og staðfest af stjórnarráðinn 18. maím. f. á. Samkvæmt þessari gjaldskrá er hið áminsta gjald heimtað. Áfrýjandi hefir ekki vefengt það, að hreins-

unin hafi verið framkvæmd hjá honum, en hann heldur því fram, að hreinsunarfyrirkomulagið, eins og það er framkvæmt, byggist á ólöglegum grundvelli, þeim sem sé, að áburðurinn (saurinn úr salernunum) er tekinn frá eigendum leyfislaust og endurgjaldslaust og afhentur öðrum til eignar. Þetta fari enda í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar, og að sjálfsögðu verði áfrýjandi eigi krafinn um gjaldið fyrir burtflutning áburðarins (saursins). En á þetta verður eigi fallist; vegna heilbrigðisástandsins í bæjarfélagi, sem Reykjavík er, má álíta það nauðsynlegt, að ráðstafanir séu til þess gerðar, að göturusl, óþverri og saur sé flutt úr bænum, svo að það spilli eigi heilsu almennings; þetta er og viðurkent með lögunum nr. 42, 11. júlí 1911, eða það verður svo að líta á, að ákvæði þeirra byggi á þessari skoðun. Það þykir ekki vera neitt vafamál, að bæjarstjórnin hafi samkvæmt þessu lagaboði heimild til þess að láta hreinsa salerni bæjarbúa, og þá að sjálfsögðu jafnframt til þess, að láta taka saurinn og flytja hann burt, og það verður eigi á það fallist, að þetta komi að neinu leyti í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem líta verður svo á, eftir framansögðu, að almenningsþörf heimti áminstar hreinsunarráðstafanir, en salernasaur verður tæplega talinn með eignum þeim, er falla undir nefnda grein, en væri svo, þá leiddi það að eins til þess, að áfrýjandi gæti heimtað endurgjald fyrir saurinn, en eigi til hins, að hann gæti skotið sér undan að greiða hreinsunargjaldið, en um það eitt er spurning í þessu mali. Samkvæmt þessu verður að telja hann skyldan til að greiða gjald þetta, og ber því að staðfesta fógetaréttarúrskurðinn og lögtaksgerðina. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða málskostnað, er ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði og lögtaksgerð skal óraskað.

Áfrýjandinn Kristinn Þorleifsson greiði stefnda borgarstjóra Páli Einarssyni fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur málskostnað 20 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 31/1913

Jón Jóhannsson
gegn
borgarstjóra Páli Einarssyni
fyrir hönd bæjarstjórnar
Reykjavíkur.

Dómur:

Samkvæmt reikningi bæjargjaldkerans í Reykjavík, dags. 1. sept. f. á., var áfrýjandinn Jón Jóhannsson ökumaður krafinn um salernishreinsunargjald fyrir tímabilið frá 1. júlí til 31. desbr. f. á. að upphæð 7 kr. 50 aur., en er hann neitaði að greiða það, krafðist stefndi, að gjaldið væri tekið lögtaki, og var þá af fógetarétti Reykjavíkur hinn 20. maí þ. á. úrskurðað, að gjaldið skyldi tekið lögtaki, og fór síðan lögtakið fram hinn 26. s. m., þannig að lögtaki var tekið stofuborð hjá áfrýjanda. Úrskurði þessum og lögtaksgerð hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 31. maím. þ. á., og krafist þess, að réttargerðir þessar verði úr gildi feldar, þannig

að hann verði eigi talinn skyldur að greiða hið umrædda gjald, svo og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum allan af málinu leiðandi kostnað. Hinn stefndi borgarstjóri Páll Einarsson hefir af sinni hálfu krafist þess, að úrskurðurinn og lögtaksgerðin verði staðfest, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hið umrædda gjald, og að hann verði dæmdur til að greiða allan málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Með lögum nr. 42, 11. júlí 1911, 5. gr., er bæjarstjórn Reykjavíkur heimilað að taka að sér salernahreinsun í öllum bænum eða nokkrum hluta hans, og má hún fela einstökum mönnum eða félögum að framkvæma hreinsunina. Í lögunum er svo ennfremur ákveðið, að til þess að standa straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, megi leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir. Gjaldskrá þessi hefir verið samin og staðfest af stjórnarráðinu 18. maím. f. á., og jafnframt tók bæjarstjórnin að sér salernahreinsun í öllum bænum samkvæmt nýnefndum lögum. En áfrýjandi skorast undan að greiða hið umkrafða gjald fyrir þá sök, að hreinsun hafi aldrei farið fram hjá honum né fyrir hans hús. Hreinsunarmaður bæjarstjórnarinnar hefir og skýrt frá því, að eigi hafi verið mögulegt að framkvæma hreinsunina hjá áfrýjanda, með því að hann hafi ávalt, er hreinsa bar hjá honum, annaðhvort haldið salerninu lokuðu, svo hreinsunin var óframkvæmanleg, eða þá sjálfur verið búinn að taka allan saur úr salerninu. Þessi skýrsla hefir eigi verið vefengd, og er það þannig sök áfrýjanda, að hreinsunarmaður bæjarins hefir eigi hreinsað hjá honum, en hann tjáist hafa reynt að framkvæma hreinsunina þar,

þegar hreinsa bar á Laugavegínum, þar sem hús áfrýjanda er. Þar sem þannig eigi verður álitið, að nein vanræksla hafi átt sér stað af hálfu hreinsunarmanns, og að það hins vegar hefir verið sök áfrýjanda, að eigi var hreinsað hjá honum, þá getur hann eigi skorast undan að greiða hið umkrafða gjald, en um upphæð þess hefir eigi verið neinn ágreiningur. Það verður því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og lögtaksgerð, og eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði og lögtaksgerð skal óraskað. Áfrýjandi Jón Jóhannsson greiði stefnda borgarstjóra Páli Einarssyni fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur 20 krónur í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 29. september.

Nr. 34/1913. Réttvísin
gegn
Tómasi Jónssyni, Jóni Jónssyni og Stefáni Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Skagafjarðarsýslu 5. maí þ. á. voru hinir ákærðu bræður, Tómas Jónsson á Syðri-Hof-

dölum í Viðvíkurhreppi, Jón Jónsson húsmaður á Hamri í Ríðurhreppi og Stefán Jónsson vinnumaður sama staðar, í máli, er höfðað var eftir skipun stjórnarráðsins gegn tveim hinum fyrnefndu fyrir sauðaþjófnað og hinum síðastnefnda fyrir rangan framburð fyrir rétti, dæmdir, hinn fyrstnefndi samkvæmt 240. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. tilsk. 8. sept. 1841, 6. gr., til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða $^2/_3$ sakarkostnaðar og 20 kr. í málsvarnarlaun talsmanns síns í héraði, Hallgríms prests Thorlacius í Glaumbæ, ákærði Jón Jónsson samkvæmt 250. gr. alm. hegningarlaga til að sæta 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða $^2/_9$ sakarkostnaðar og 8 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns síns, Jóns hreppstjóra Guðmundssonar á Sauðárkrók, og hinn síðastnefndi, ákærði Stefán Jónsson, samkvæmt 147. gr. alm. hegningarlaga til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða $^1/_9$ sakarkostnaðarins og 10 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns hans, Hallgríms prests Thorlacius í Glaumbæ.

Dómi þessum hefir eftir ósk hinna dómfeldu verið áfrýjað til yfirdómsins.

Mál þetta var höfðað í héraði út af grunsemd, sem vaknað hafði gegn ákærða Tómasi Jónssyni haustið 1912 um að vera valdur að óleyfilegri afmörkun á lömbum og annari óráðvandlegri meðferð á eigum annara, en hann var sýknaður í aukaréttinum af flestum kæruatriðunum, og með því málinu hefir ekki verið áfrýjað af hálfu réttvísinnar, koma þau atriði, er hann var sýknaður af í aukaréttinum, ekki til álita fyrir yfirdóminum. Það sakaratriði, sem hér kemur til athugunar að því er ákærða Tómas Jónsson snertir, er það eitt, sem hann var dæmd-

ur sekur um af aukaréttinum, að hafa haustið 1910 afmarkað óleyfilega og kastað eign sinni á veturgamla kind, er Konráð bóndi Arngrímsson á Ytri-Brekkum tjáist hafa átt, og eru nánari atvik þessa máls þau, er nú skal greina:

Haustið 1910, litlu eftir að fé var komið á gjöf, kom kind, veturgömul gimbur, saman við fé téðs Konráðs Arngrímssonar á Ytri-Brekkum, sem var með marki ákærða og bar það með sér, að hún var nýlega afmörkuð, en Konráð þóttist þekkja þar kind, er hann vantaði, og hirti hann kindina. En nokkrum dögum síðar kom ákærði að Ytri-Brekkum, sem er næsti bær við Syðri-Hofdali, þar er ákærði býr, og spurðist fyrir um, hvort hann ætti nokkuð þar. Sagði Konráð honum þá frá kindinni, en kvaðst eiga hana, þó að hún væri með marki ákærða. Ákærði neitaði því, að svo gæti verið, því að hann hefði enga kind afmarkað fyrir honum. Fekk ákærði ekki kindina og fór við svo búið, og var hún hjá Konráði allan veturinn til vors, án þess að ákærði gengi frekar eftir henni. En þá um sauðburð um vorið gaf Konráð honum að fyrra bragði kost á að taka kindina, en þannig, að ákærði borgaði Konráði 40 krónur, og gekk ákærði að því. Kveðst Konráð hafa tekið svo háa borgun fyrir kindina af því, að hann hafi þózt þess fullvís, að fleiri kindur, er hann vantaði haustið áður, hefðu farið til ákærða, enda lofað ákærða á móti, að kæra hann ekki fyrir kindartökuna, en ákærði ber á móti því, að hann hafi hótað sér kæru, en kveðst hafa borgað 40 krónurnar að eins til að halda vináttu Konráðs.

Í fyrra haust, er rannsókn var hafin út af grunsemdum um sauðaþjófnað gegn ákærða, var þetta kindartökumál einnig tekið til rannsóknar, en umþrætt kind var þá

að sögn ákærða dauð, hafði drepist vorið 1911, eða skömmu eftir að ákærði fékk hana aftur frá Konráði. Ákærði kannast við það, að kind sú, sem um er að ræða, hafi verið afmörkuð undir sitt mark, og að hann hafi afmarkað hana þá um haustið, en hann heldur því fram, að hann hafi keypt kindina ásamt fleiri kindum á hreppaskilum þá um haustið af Skarphéðni Símonarsyni í Litladal, og afmarkað hana litlu síðar undan marki Skarphéðins undir sitt mark. En þó að ákærði haldi því þannig fram, að það hafi verið sama kindin, sem hann keypti af Skarphéðni og sú, sem hann deildi um við Konráð, þá virðist mega telja það sannað með skýrslum vitna, er höfðu athugað kindurnar og þektu þær vel, að þær hafa verið býsna ólíkar að mörgu leyti og ekki hægt að villast á þeim, enda er það talið alveg víst af vitnunum, þeim er skoðuðu mark ákærða á kindinni, sem Konráð eignaði sér, að ómögulegt sé að kind sú hafi verið mörkuð ákærða undan marki Skarphéðins og verið þó eigi lágeyrðari eftir en kind Konráðs var, en vel líklegt aftur á móti, að mark Konráðs hafi áður verið á henni. Skýrslur ákærða í málinu hafa einnig reynst í ýmsum atriðum afar ósennilegar, svo sem sá framburður hans, að hann hafi eigi skoðað markið á kindinni, er hann afmarkaði hana, og líkindi töluverð eru komin fram fyrir því, að kind sú, er ákærði keypti af Skarphéðni, hafi verið lifandi jafnvel löngu eftir að kind sú, er Konráð taldi sér, átti að hafa drepist hjá ákærða. Það hlýtur og að teljast mjög grunsamt, hvernig ákærði hagaði sér gagnvart Konráði, er hann galt honum margfalt meira verð fyrir kindina, en hún var verð, þar sem honum var þó innan handar að sanna heimild sína að kindinni og firra sig öllum

grun út af henni. Af því, sem nú hefir verið tekið fram, og öðrum atvikum, sem skýrt er frá í hinum áfrýjaða dómi, og þar sem ekki er nein ástæða til að ætla, að um misgrip hafi verið að ræða við afmörkun kindarinnar, verður að fallast á það álit undirdómarans, að ákærði hafi afmarkað sér kindina og kastað eign sinni á hana til þess að draga sér hana ólöglega, en hins vegar er ekki frekara upplýst um töku kindarinnar en svo, að hún verður að álítast hafa komið af hendingu í vörzlu hans, og ber þá að heimfæra brot hans, sem fæddur er 19. apríl 1886 og eigi hefir áður sætt ákæru eða dómi fyrir neitt lagabrot, að því undanskildu, að hann árið 1908 hefir verið sektaður um 30 kr. fyrir tíundarsvik, undir 250. gr. almennra hegningarlaga, en hegningin fyrir það þykir hæfilega metin af aukaréttardómaranum 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Ákærði Jón Jónsson er fæddur 18. september 1883 og hefir ekki fyr verið ákærður eða sektaður fyrir neitt afbrot, en það er sannað á hann með eigin játningu hans og öðrum skýrslum, að hann á jólaföstu veturinn 1911—'12 afmarkaði undir sitt mark og sló eign sinni á veturgamla kind, er var eign Björns Jónassonar á Framnesi. Hefir ákærði skýrt svo frá, að kind þessi hafi komið saman við fé sitt, án þess hann hafi nokkuð til þess gert að koma henni í sínar vörzlur, og hann hafi fyrst hitt hana fyrir í húsum sínum, og 1 eða 2 dögum síðar hafi vaknað hjá sér sú hugsun að draga sér hana og hann afmarkaði hana þá. Verður þetta brot ákærða að heimfærast undir 250. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin af aukaréttinum 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um iðgjöld er ekki að ræða,

með því að ákærði hefir greitt eigandanum andvirði kindarinnar.

Ákærða Stefáni Jónssyni, sem er fæddur 18. febrúar 1888 og eigi hefir sætt ákæru áður eða verið refsað fyrir nokkurt afbrot, hefir verið gefið það að sök, að er hann fyrir rétti 14. nóvbr. f. á. í máli þessu var krafinn sagna um það, er honum væri kunnugt um kind, er höfð hafði verið í heyhlöðunni á Hofdölum syðri um tíma veturinn 1911—'12, en það var sama kindin, sem meðákærði Jón Jónsson hafði kastað eign sinni á og getið er hér á undan, þá neitaði hann því fastlega, að hann vissi nokkuð um slíka kind og bauðst til að staðfesta þá neitun sína með eiði fyrir réttinum. En fyrir rétti 23. s. m. tók hann þennan framburð sinn aftur og gaf þá allítarlega skýrslu um kindina og verustaði hennar, og hefir hann á þennan hátt gert sig sekan í röngum framburði fyrir rétti.

Umrædda kind hafði meðákærði Jón Jónsson, eins og áður er sagt, slegið eign sinni á og afmarkað, og var henni því haldið leyndri í fyrnefndri heyhlöðu, og vissi ákærði Stefán um þetta, enda tók þátt í hirðing kindarinnar í hlöðunni. Ákærði hefir ekki sérstaklega verið yfirheyrður um þetta atferli sitt, eða hvað honum hafi gengið til um hina röngu skýrslu sína fyrir réttinum, en það virðist ekki ástæðulaust að ætla, að hann hafi getað litið svo á, eins og á stóð, að málið varðaði sjálfan hann fyrir afskifti hans af kindinni og launung á henni. Þykir því eiga að heimfæra atferli ákærða undir 1. málsgr. 148. gr. alm. hegningarlaga, og með því að eigi kom til þess, að ákærði ynni eið að hinni röngu skýrslu sinni, ber að sýkna hann af ákæru sækjandans í málinu.

Af sakarkostnaðinum í héraði, öðrum en varðhalds-

kostnaði og málsvarnarlaunum, þeim er ákveðin eru í dóminum, sem hvor hinna ákærðu greiðir hvorttveggja að því er hann áhrærir, greiðir ákærði Tómas Jónsson $^2/_3$, en ákærði Jón Jónsson $^1/_3$. En málsvarnarlaun ákærða Stefáns Jónssonar í héraði, 10 krónur, greiðist af almannafé. Hinir ákærðu Tómas Jónsson og Jón Jónsson greiði og í sama hlutfalli og nú var nefnt (að $^2/_3$ og $^1/_3$) allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 20 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Stefán Jónsson á að vera sýkn af ákærum sækjandans í máli þessu. Um refsingu hinna ákærðu Tómasar Jónssonar og Jóns Jónssonar á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Af sakarkostnaðinum í héraði, öðrum en varðhaldskostnaði og málsvarnarlaunum þeim, er ákveðin eru í dóminum, sem hvor hinna ákærðu, Tómas Jónsson og Jón Jónsson, greiðir hvorttveggja að því er hann áhrærir, greiðir ákærði Tómas Jónsson tvo þriðju hluta, en ákærði Jón Jónsson einn þriðja. En málsvarnarlaun ákærða Stefáns Jónssonar í héraði, 10 krónur, greiðast af almannafé. Hinir ákærðu Tómas Jónsson og Jón Jónsson greiði og í sama hlutfalli og nú var nefnt

(að $^2/_3$ og $^1/_3$) allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 20 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. október.

Nr. 13/1913. Gísli J. Johnsen
gegn
Morten Skov.

Dómur:

Áfrýjandinn Gísli J. Johnsen, konsúll í Vestmannaeyjum, höfðaði mál þetta fyrir gestaréttti Vestmannaeyjasýslu gegn skipstjóra Morten Skov frá Reykjavík til þess að fá hann dæmdan til hegningar og málskostnaðarútláta fyrir að hafa lostið sig höfuðhöggi að ósekju í forstofunni í húsinu Godthaab þar í Eyjunum um nónbil á gamlársdag síðastliðinn, en með dómi téðs réttar, uppkveðnum 28. febrúar þ. á., var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum í málskostnað 40 krónur. Þá var og með dóminum umboðsmaður stefnda fyrir gestaréttinum dæmdur í 20 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt, að hálfu til landssjóðs, en að hálfu til fátækrasjóðs Vestmannaeyja. Dómi þessum

hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. marz þ. á. og krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur í hegningu fyrir ofbeldi og í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi eftir mati yfirdómsins, en að öðru leyti sé gestaréttardómurinn staðfestur. Stefndi hefir að sínu leyti krafist þess, að gestaréttardómurinn verði að öllu leyti staðfestur, en sér tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Stefndi hefir neitað því, að hann hafi við umrætt tækifæri lostið áfrýjanda höfuðhöggi, eða yfir höfuð slegið hann á nokkurn hátt. Hann hafi að eins hreift handlegginn til áherzlu orðum sínum, eins og menn geri í ákafri orðadeilu, sem þeir hafi verið í, hann og áfrýjandi, en hann hafi ekki snert áfrýjanda. 2 vitni hafa þó borið það og unnið eið að því, að þeir hafi séð stefnda við þetta tækifæri slá áfrýjandann vinstra megin á höfuðið með hægri hendi, og ennfremur, að þeir hafi heyrt stefnda kannast við að hafa slegið áfrýjanda. Þetta, að stefndi hafi kannast við að hafa slegið áfrýjanda, hafa einnig stefnuvottarnir, sem birtu stefnda stefnuna til gestaréttarins, borið og staðfest með eiði. Vitni þessi öll verða að teljast gild vitni í þessu máli, sérstaklega einnig vitnið Jes Gíslason uppgjafaprestur, sem hefir borið, að hann hafi séð stefnda slá áfrýjanda og heyrt hann kannast við að hafa gert það, en um vitni þetta, sem er mágur áfrýjanda og starfsmaður við verzlun hans, virðist, eins og hér stóð á, ákvæði N. L. 1—13—17 i. f. eiga að koma til greina. Gegn framburði vitna þessara hefir eitt vitni borið það, að það hafi verið viðstatt og veitt athygli því, er fram fór, en ekki séð stefnda slá áfrýjanda, en þetta vitni hefir sumpart verið reikult mjög í framburði sínum

og jafnvel orðið þar tvísaga, sumpart er engin greinargerð fram komin fyrir því, að það hafi haft þá aðstöðu að því sem fram fór, að það hafi getað fylgst fullkomlega með því sem gerðist. Hin neitandi skýrsla þessa vitnis verður því ekki álitin koma í bága við eða geta hnekt hinum öðrum vitnaskýrslum í málinu, en með þeim verður að teljast vera fram komin næg sönnun fyrir því, að stefndi hafi slegið áfrýjanda við umrætt tækifæri, á þann hátt, er fyr er greint, og að þetta hafi eigi orðið af gáningsleysi fyrir stefnda, vegna handatiltekta hans (gestikulationar) í orðasennu þeirra, eins og hann hefir haldið fram, heldur viljandi, virðist einnig sannað með þeim hinum sömu vitnaskýrslum og framburði annara vitna, er stefndi hefir viljað styðjast við, en samkvæmt þeim skýrslum á stefndi að hafa sagst hafa slegið til eða í áttina til áfrýjanda (»slaaet efter ham« eða »slaaet bagefter ham«). Af öðru leyti má ráða af málinu, að högg það, er stefndi veitti áfrýjanda, hafi verið lítið, og ekki hlauzt neinn áverki af því. Ber að heimfæra atferli stefnda undir 202. gr. almennra hegningarlaga og virðist hann eiga fyrir það að sæta 30 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 6 daga einföldu fangelsi. Svo ber honum og að greiða áfrýjanda í málskostnað 40 krónur. Breytingar á ákvæði dómsins um sekt fyrir ósæmilegan rithátt er eigi krafist og stendur það því óhaggað.

Því dæmist rétt vera:

Skipstjóri Morten Skov greiði 30 króna sekt til landssjóðs eða sæti ella 6 daga einföldu fangelsi, ef

sektin er eigi öll greidd í tæka tíð. Svo greiði hann áfrýjanda Gísla J. Johnsen konsúl í málskostnað 40 krónur. Um sekt fyrir ósæmilegan ritháttt skal gestaréttardóminum óraskað.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 3. nóvember.

Nr. 29/1913 Réttvísin
gegn
Halldóri Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað gegn Halldóri Jónssyni gjaldkera Landsbankans fyrir brot gegn 13. kapítula hinna almennu hegningarlaga og var dæmt í aukarétti Reykjavíkur 18. febrúar þ. á. á þá leið, að ákærður skyldi vera sýkn af öllum ákærum réttvísinnar í málinu, en greiða allan kostnað sakarinnar. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdóms bæði af hálfu réttvísinnar og ákærða. Eftir að málið var tekið upp til dóms í yfirdómi, viku allir hinir reglulegu dómarar sæti í því með úrskurði, uppkveðnum 14. júlí síðastl. Voru þá skipaðir setudómarar með þremur bréfum stjórnarráðsins, dagsettum 7. ágúst síðastl., þeir Páll Einarsson borgarstjóri í Reykjavík sem dómstjóri, Magnús Jónsson sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógeti í Hafnarfirði sem 1. meðdómandi og Jón Kristjánsson prófessor sem 2. meðdómandi.

Ákærði Halldór Jónsson er af landsstjórninni skipaður gjaldkeri Landsbanka Íslands og hefir haft þá stöðu á hendi frá því bankinn var settur á stofn samkvæmt lögum 18. september 1885. Hann tekur samkvæmt stöðu sinni við öllum innborgunum í bankann og annast allar útborganir úr honum, og ber ábyrgð á því að allar tekjur bankans renni í sjóð hans, sem hann einn hefir í vörzlum sínum. Frá því bankinn var stofnaður og alt fram á mitt árið 1909 var það fyrirkomulag haft á bókfærslu í bankanum, að bókarinn og gjaldkerinn færðu hvor sína bók yfir alla afgreiðslu í bankanum, reiknuðu báðir út alla vexti, forvexti, ómakslaun (provision) og annað er reikna þurfti, og færðu á sama hátt hverja innborgun og útborgun hvor í sína bók. Að lokinni afgreiðslu báru þeir að kveldi hvers dags saman bækur sínar, lögðu saman hina einstöku tekju- og gjaldliði, þannig að útkoma hvers dags sýndi, hve mikið átti að vera í sjóði. Á þessu fyrirkomulagi varð á miðju árinu 1909 sú breyting, að bókari hætti að reikna út og bóka í sína dagbók sundurliðaða forvexti af víxlum og ávísunum, en tók eftir það að eins samanlagða aðalupphæð forvaxtanna inn í sína bók eftir frumsjóðbók gjaldkera. Jafnframt því, sem þessi breyting kemst á, breytir gjaldkeri einnig bókun forvaxtanna í frumsjóðbók sinni þannig, að hann hættir að bóka við hverja forvaxtatölu nafn þess, er forvöxtuna greiddi, og bókar þar eftir að eins forvaxtatölurnar sjálfar, og þær ekki í dálk hverja niður af annari, eins og áður hafði tíðkast, heldur hverja við hlið annari eftir því sem línan í bókinni entist. Með því að maður sá, er bókarastarfið þá hafði á hendi, var dáinn áður en rannsókn þessa máls byrjaði, hefir það ekki orðið

upplýst, hver ráðið hefir því, að þessi breyting á bókunarfyrirkomulaginu og útreikningi forvaxtanna komst á, en ganga má út frá því sem vísu, að breyting þessi hafi ekki verið gerð eftir fyrirskipun bankastjórnarinnar, og þessu breytta bókunarfyrirkomulagi var haldið alt til 5. desember 1911, einnig eftir að bankastjórarnir höfðu í byrjun febrúar 1910 gefið að nýju reglur fyrir því og útreikningi vaxta og forvaxta.

Eftir að þessi breyting varð á bókunarfyrirkomulaginu og útreikningi forvaxta, fara að koma í ljós misfellur þær, sem mál þetta er höfðað út af. Eru misfellurnar í því fólgnar:

að í frumsjóðbók gjaldkera er réttum forvaxtatölum breytt í rangar,

að forvextir eru skakt bókaðir, ýmist ofhátt eða oflágt,

að slept er að bóka ýmsa forvexti af víxlum og ávísunum, og

að forvextir eru rangt lagðir saman.

Um fyrsta atriðið er það upplýst, að tölum í forvaxtadálki innan stryks í frumsjóðbók ákærða sem gjaldkera Landsbankans er víða breytt þannig, að réttri tölu er breytt í ranga á þann hátt, að lægri tala er skrifuð ofan í hærri tölu. Nema þessar tölubreytingar á tímabilinu frá 1. júlí 1909 til 5. desember 1911 samtals 3250 kr. 55 aur., og er þó nokkur óvissa um, hvort heimfæra beri nokkrar tölur, sem alls nema 248 kr., undir tölubreytingar, eða þær ber að skoða sem upprunalegar bókunarskekkjur. Afleiðingin af þessum tölubreytingum er sú, að í sjóð bankans hefir runnið jafnmikilli upphæð, sem tölubreytingarnar nema, minna en ella hefði orðið eða átt að verða samkvæmt réttum tölum í frumsjóðbókinni.

Tölubreytingar þessar eru dreifðar, koma ekki fyrir í mánuðunum febr. 1910, febr. 1911 og júlí 1911, en hina mánuði tímabilsins koma þær minst einu sinni fyrir á mánuði, en mest 16 sinnum. Minsta tölubreyting nemur 10 aurum, en mesta 200 krónum. Tíðast er tölunni 7 breytt í 4 og 11 í 4, þá 9 í 2, 2 í 1, 9 í 0, 6 í 0 og 4 í 0. Víðast hvar er breytingin svo gerð, að lesa má undir tölu þá, er fyrst var skrifuð.

Ákærði hefir viðurkent, að hann hafi sjálfur gert þessar tölubreytingar, en neitað því eindregið, að hann hafi gert þær til þess að draga sér fé úr sjóði bankans, eða að hann með því hafi haft fé af bankanum. Hefir hann gefið þær skýringar á þessu, að fé því, sem tölubreytingarnar nema, hafi hann varið *til þess* að endurgreiða viðskiftamönnum bankans forvexti af víxlum, sem greiddir hafi verið fyrir gjalddaga, *til* endurgreiðslu ofborgaðra forvaxta, *til* endurgreiðslu ómakslauna (provisiónar) og verðmismunar (kursdifferense), *og* ennfremur til greiðslu ýmsra smáútgjalda fyrir bankann. Hafi hann eftir 1. júlí 1909 fylgt þeirri reglu — þó með nokkrum undantekningum — að færa ekki bankanum greiðslur þessar til útgjalda öðruvísi en svo, að lækka forvaxtatölur innan stryks í frumsjóðbók sinni um upphæð, er svaraði til þess, sem hann hefði greitt fyrir bankann, annaðhvort þann daginn, sem tölubreytingin var gerð, eða þannig, að slíkar smáútborganir hafi verið ritaðar á sérstakan lausan miða og upphæðunum safnað saman þangað til haganleg upphæð til tölubreytinga var fengin. Hafi hann innleitt þetta bókunarfyrirkomulag eftir skipun bókarans og í samráði við hann. En áður hafi það verið venja, að draga endurborgaða forvexti frá samanlagðri forvaxtaupphæð hvers

dags, eða færa þá sérstaklega til útgjalda á forvaxtakontó. Og hvað sérstaklega snertir endurborgun á forvöxtum víxla, sem greiddir hafi verið fyrir gjalddaga, hefir ákærði staðhæft, að hann, þrátt fyrir ákvæðið í 21. gr. reglugerðar bankans, hafi endurgreitt alla slíka vexti, einnig þótt þeir hafi numið minni upphæð en 3 krónum, og ekki með sparisjóðsvöxtum, heldur með sömu vöxtum, sem bankinn hefði tekið af víxlinum.

Upp úr víxlabókum bankans og dagbókum gjaldkera hafa verið gerðar skrár um alla þá víxla, sem greiddir hafa verið fyrir gjalddaga á tímabilinu frá 1. júlí 1909 til 5. desbr. 1911 og reiknað nákvæmlega út, hve miklu gætu numið endurgreiddir forvextir á þeim. Ef fylgt hefði verið 21. gr. bankareglugerðarinnar, gat endurgreiðsla þessi ekki numið meiru en hér um bil 190 kr. Ef hins vegar vextir hefðu verið endurgreiddir af öllum þessum víxlum með sparisjóðsvöxtum, nemur upphæðin 659 kr. 20 aur., en ef þeir hefðu verið endurgreiddir með víxlavöxtum, eins og ákærður heldur fram, þá er upphæðin alls 843 kr. 43 aur. Nokkrar endurgreiddar upphæðir eru þó færðar bankanum til útgjalda sérstaklega, sumpart á vaxtakontó og sumpart þannig, að upphæðin er dregin frá samanlagðri forvaxtaupphæð þess dags, er endurgreiðslan fór fram, eins og tíðkast hafði fyrir 1. júlí 1909. Til þessara endurgreiðslna svara í skránum 184 kr. 74 aur. Samkvæmt skrám þessum getur því upphæð sú, sem ákærður kann að hafa greitt til endurgjalds vöxtum víxla, sem innleystir hafa verið fyrir gjalddaga, ekki hafa numið meiru en 662 kr. 29 aur. Ákærður neitar því, að skrár þessar séu ábyggilegar fyrir þá sök, að þær byggi á víxlabókum bankans, og í þeim sé gjalddagi víxla ekki ætíð

rétt tilfærður. En með því að skrárnar eru gerðar eftir víxlabókunum, samanbornum við dagbækur ákærða, verður að telja þær ábyggilegar í öllu verulegu um þetta.

Við rannsókn málsins hafa verið leidd nokkur vitni, sem gátu hafa fengið forvexti endurgreidda af víxlum, greiddum fyrir gjalddaga. Hafa sum þeirra neitað því með eiðfestum vitnisburðum, að þau hafi fengið forvexti endurgreidda. Flest geta ekki munað til þess. Að eins eitt ber, að ákærði hafi endurgreitt því forvexti, sem ekki hafa verið færðir bankanum til útgjalda sérstaklega. Starfsmönnum bankans, þeim, sem leiddir hafa verið sem vitni, ber saman um, að þeir viti eigi til, að forvextir hafi verið endurgreiddir af víxlum greiddum fyrir gjalddaga umfram það, sem 21. gr. bankareglugerðarinnar heimilar, nema í undantekningatilfellum og þá með sérstöku samþykki bankastjórnar, og önnur atvik, sem upplýst eru, benda í sömu átt. Með þessum gögnum verður þó ekki talið, að fengin sé nægileg sönnun fyrir því, að ákærði hafi ekki endurgreitt forvexti af víxlum, greiddum fyrir gjalddaga, samkvæmt því, sem hann hefir skýrt frá, að einhverju leyti, en hve miklu það nemi af upphæð þeirri, sem áður er nefnd, er ekki auðið að staðreyna.

Í annan stað hafa undir rannsókn málsins verið reiknaðir út forvextir af öllum víxlum og ávísunum, sem Landsbankinn hefir keypt á tímabilinu frá 1. júlí 1909 til 5. desember 1911, og gerðar skrár yfir alla ofreiknaða forvexti á þeim tíma. Samkvæmt skrám þessum nema ofreiknaðir forvextir á þessu tímabili samtals 2314 kr. 78 aur., sem runnið hafa í sjóð bankans, en í þessari upphæð eru þó nokkrar aukatölur, að upphæð samtals 161 kr. 69 aur., sem ekki er fyllilega upplýst um, hvernig til

eru komnar. Hins vegar má sjá, að ofreiknaðir forvextir nema í raun og veru nokkru meiru en skrárnar telja. Margar af upphæðum þeim, sem taldar eru ofreiknaðar, nema að eins 10—30 aurum, og bendir það á, að venja hafi verið í bankanum að reikna forvextina ríflega, t. d. reikna þá fyrir heilan mánuð, þó örfáa daga vantaði á, enda má sjá það á skjölum málsins, að þessari venju hefir verið fylgt í bankanum fyrir 1. júlí 1909. Gæti þá yfirleitt ekki verið um endurgjald á slíkum smáupphæðum að ræða. En ákærði hefir haldið því fram, að hann hafi endurgoldið viðskiftamönnunum hina ofreiknuðu forvexti að miklu leyti eins og skrárnar segja til, og að tölubreytingarnar eigi rót sína að rekja til þess að nokkru leyti. Hann hefir þó ekki tilgreint neinn ákveðinn viðskiftamann, er fengið hafi endurborgaða slíka ofreiknaða forvexti. En nokkrir viðskiftamenn þeir, er samkvæmt bókum bankans hefðu átt að fá endurborgaða ofreiknaða forvexti, hafa verið leiddir sem vitni við rannsókn málsins, hafa sumir neitað því algerlega með eiðfestum vitnisburði, að þeir hafi fengið slíka vexti endurborgaða. Flest vitnin muna ekki til þess. Að eins eitt af vitnunum hefir borið, að það hafi fengið um 3 kr. endurgreiddar í þessu skyni. Auk þess er það upplýst, að ákærði hefir í október og nóvember 1911 greitt tveimur viðskiftamönnum bankans samtals 125 kr. 10 aur., er hann taldi vera endurgreiðslu á ofborguðum forvöxtum, en jafnframt er upplýst, að þessir viðskiftamenn áttu ekkert tilkall til slíkrar endurgreiðslu. Með þessum gögnum verður ekki talið, að hrundið sé framburði ákærða um, að hann hafi endurgreitt að miklu leyti ofborgaða forvexti, en hve miklu slíkar endurborganir kunni að nema, er ekki auðið að

staðreyna. Sérstaklega verður ekkert sannreynt um það, hvort endurborgað kunni að hafa verið með þeim upphæðum, sem skrárnar telja, eða ef til vill með hærri upphæðum, og hvort fleiri séu algerlega heimildarlausar endurborganir en upplýst er, og hve miklu þær þá nemi.

Um endurgjald á verðmun (kursdifferense) er það eitt upplýst, að ákærði hefir greitt einum viðskiftamanni bankans 130 kr. í því skyni, en jafnframt er upplýst, að viðskiftamaðurinn átti ekki rétt á að fá þá upphæð endurborgaða.

Ekkert er upplýst um, að ákærði hafi endurgreitt nokkrum viðskiftamanni bankans ómakslaun (provisión), né heldur greitt önnur smáútgjöld fyrir bankann, er bókað hafi verið á þann hátt, að lækka forvaxtatölu.

Samkvæmt því, sem hér hefir verið sagt, virðast að vísu sterkar líkur fengnar fyrir því, að skýrsla ákærða um það, hvernig á tölubreytingunum stendur, sé ekki rétt. En þegar þó hins vegar þess er gætt, að samanlagðar upphæðir þær, sem ákærði telur sig hafa endurgreitt, koma nokkurn veginn heim við upphæð þá, sem tölubreytingarnar nema bankanum í óhag, og að ekki er útilokað að hann hafi endurgreitt einkum meginið af ofreiknuðum forvöxtum, og endurgreitt að öðru leyti viðskiftamönnum meira en upplýst hefir orðið og bankanum ekki bar skylda til að greiða og því er ekki talið á skrám þeim, sem áður eru nefndar, þá verður ekki álitið, að full sönnun sé fengin fyrir því, að ákærði hafi breytt tölunum af ásettu ráði til þess að hafa fé af bankanum. Verður því að leggja skýrslu ákærða til grundvallar fyrir dómsúrslitunum um þetta atriði. En þá verður og að álíta, að ákærði hafi gert sig sekan í mikilli vanrækslu og

hirðuleysi í starfsemi sinni sem gjaldkeri bankans með því að bóka útborganir á þann hátt, að breyta til lækkunar tölunum í frumsjóðbók sinni, án þess að gera grein fyrir þeim á annan hátt — en ákærði ber ábyrgð á færslu frumsjóðbókar sinnar, — og ennfremur með því að taka ekki kvittanir fyrir greiðslunum, og loks með margítrekuðu broti gegn 21. gr. reglugerðar bankans, þar sem hann hefir greitt mönnum upphæðir úr bankanum, sumpart án allrar heimildar, sumpart án þess að greiðslan fullnægði nefndri grein reglugerðarinnar.

Í öðru lagi er ákærði sakaður um að hafa bókað skakt ýmsa forvexti, ýmist hærri eða lægri en þeir eiga að vera. Eins og áður er tekið fram, er það upplýst í málinu, að á tímabilinu frá 1. júlí 1909 til 5. desember 1911 hafa forvextir verið reiknaðir of hátt af viðskiftamönnum um samtals 2314 kr. 78 aur., og hefir ákærði, eins og sagt hefir verið, haldið því fram, að hann síðar hafi endurgreitt viðskiftamönnunum upphæð þessa eða meginið af henni og fært bankanum það til útgjalda með því að lækka forvaxtatölur um tilsvarandi upphæð. Hinir ofreiknuðu forvextir hafa allir í fyrstu runnið í sjóð bankans, og er því útilokað, að ákærði hafi ofreiknað forvextina í þeim tilgangi, að draga sjálfum sér fé óleyfilega. Margar af hinum ofreiknuðu upphæðum eru smáar, og geta stafað frá því, að ákærði hafi haft aðra reikningsaðferð en þeir, er skrárnar hafa reiknað, eða af því að fylgt hafi verið þeirri venju, að reikna ríflega í einstökum tilfellum, eða af því að afsagnarkostnaði hafi stundum verið bætt við forvexti framlengingarvíxils. En ekki er þetta upplýst til fulls. En hins vegar eru sumar af þess-

um reiknings- eða bókunarskekkjum svo miklar og þær svo tíðar, að þær verða að teljast vítavert hirðuleysi.

Þá er það einnig upplýst, að ákærði hefir oft bókað lægri forvexti en bankanum bar. Má ætla að upphæð sú, sem fyrir þá sök hefir vangoldist bankanum, nemi alls 3145 kr. 35 aur. á tímabilinu frá 1. júlí 1909 til 5. desember 1911, og er það með framlögðum kvittunum ákærða sjálfs, sem sýna hærri tölur en hann hefir bókað, og sömuleiðis af sjóðbókum og hlaupareikningsútskriftum nokkurra viðskiftamanna sannað, að hann hefir af þessari upphæð veitt viðtöku um 1580 krónum. Hitt, sem þá er eftir, verður að telja vantalið vegna misreiknings samkvæmt skýrslu ákærða. Fyrir bókunarskekkjum þessum hefir ákærði ekki getað gert neina grein. Telur að eins líklegt, að einhverju af því, sem þær nema, hafi verið varið til endurgreiðslu ofborgaðra forvaxta, og því hafi lægri tala verið bókuð en hann hafi tekið við, en að öðru leyti muni villurnar stafa af misritun eða af því að hann hafi litið skakt á reikningsblöð sín, er hann reiknaði á forvextina, um leið og hann færði tölurnar af þeim í sjóðbókina. Telur hann þessar yfirsjónir eðlilega afleiðingu þess, að hann hafi haft of miklum og margbreyttum störfum að gegna í bankanum, og af því að síðustu árin hafi heilsa hans verið biluð. En hann neitar því staðfastlega, að bókunarskekkjur þessar hafi gerðar verið til þess að draga sjálfum honum fé og hafa fé af bankanum. Það er nú upplýst með læknisvottorði, að ákærði er haldinn sjúkdómi, sem dregur úr starfsþoli hans og vinnugæðum, og sömuleiðis að hann hefir daglega gegnt mjög miklum og margbrotnum störfum í bankanum. Verður því að álíta, að þeirri skýrslu hans, að hér sé um vangánings-

brot en ekki um ásetningsbrot í fjárdráttarskyni að ræða, sé ekki hrundið. En skekkjur þær, sem hér er um að ræða, eru hins vegar svo stórfeldar og þess eðlis, að hegningarverðu hirðuleysi með að telja sjóðinn og bera forvaxtaupphæðirnar saman við víxla dagsins verður um að kenna, að skekkjurnar ekki uppgötvuðust og voru leiðréttar á réttum tíma.

Þá er það ennfremur sannað, að ákærði hefir slept að bóka og færa bankanum til tekna forvexti af ýmsum víxlum og ávísunum. Samkvæmt málsskjölunum nema upphæðir þær, sem fyrir þessa sök vanta og ekki hafa verið greiddar í sjóð bankans:

frá 1. júlí til 31. desember 1909 . . . . kr. 501,74
— 1. janúar til 31. desember 1910 . . . — 1222,09
— 1. janúar til 5. desember 1911 . . . — 1832,14
Samtals kr. 3555,97

Minsta upphæð, sem slept hefir verið að bóka, er 1 kr., en mesta upphæðin 344 kr. 50 aur. Í upphæð þessari felast ýmsar smáupphæðir, sem greiddar eiga að hafa verið af sýningarvíxlum í krónum á Kaupmannahöfn og af ávísunum á verzlunarhús þar. En samkvæmt samningi við Landmandsbanken í Kaupmannahöfn mátti telja honum slíka víxla og ávísanir til skuldar þann dag, sem þeir eru afgreiddir til hans með bréfi, og þurfti eigi að taka af þeim forvexti, ef þeir voru afgreiddir á kaupdegi eða fáum dögum síðar. Ákærði hefir haldið því fram, að bankinn hafi oft enga forvexti tekið, þegar svona stóð á, þótt eigi hafi verið fylgt fastri reglu í þessu. Þá hefir ákærði haldið því fram, að nokkrar aukatölur, sem alls nema 161 kr. 69 aur., og ekki hefir verið hægt að heimfæra til neinna ákveðinna víxla eða ávísana, muni hafa

verið bókaðar aðallega til að leiðrétta burtfallnar forvaxtaupphæðir, sem uppgötvast hafi að vantaði. Þetta hvorttveggja getur verið rétt, en getur að eins réttlætt burtfelling lítils hluta af forvaxtaupphæðum þeim, sem slept hefir verið að færa bankanum til tekna. Að öðru leyti hefir ákærði ekki getað tilgreint neina ástæðu fyrir því, að forvaxtaupphæðunum hafi verið slept, aðra en þá, að hann hafi í ösinni og annríkinu í bankanum gleymt að bóka þær. En hann hefir hins vegar staðfastlega neitað því, að hann hafi af ásettu ráði slept að bóka upphæðir þessar í hagnaðarskyni fyrir sig og til þess að hafa fé af bankanum. Þegar tekið er tillit til þess, að ákærði hefir haft mjög annríkt í bankanum, og starfskraftar hans verða að álítast hafa verið bilaðir vegna heilsubrests hans, sem áður er getið, verður ekki talið, að þessari skýrslu hans sé hrundið. Hins vegar þurfti ekki annað til að uppgötva skekkjur þessar en að bera tölu tilfærðra forvaxta saman við tölu keyptra víxla og ávísana þann og þann daginn, og sumar hinar sleptu forvaxtatölur eru svo háar, að ákærður hlaut að uppgötva vöntunina, ef hann hefði talið sjóðinn rækilega eins og honum bar. En það verður að álítast hirðuleysi í starfsemi hans, að hvorugt hefir verið gert, svo að slíkar misfellur hafa getað átt sér stað svo oft og um svo langan tíma.

Loks er ákærður sakaður um það, að hann hafi haft fé af bankanum með því að leggja skakt saman forvaxtatölur. Um þetta er upplýst, að á tímabilinu frá 1. júlí 1909 til 5. desember 1911 hefir ákærði lagt forvextina rangt saman 79 sinnum bankanum í óhag og nema allar þær samlagningarskekkjur samtals 1148 kr. 80 aur. Aftur er á sama tíma 21 sinni lagt rangt saman ákærða í óhag

og eru þær samlagningarskekkjur samtals 127 kr. 71 e. Mismunurinn er 1021 kr. 09 aur., og hefir bankinn við þessa röngu samlagningu skaðast um þá upphæð. Ákærði hefir kannast við þetta og játað, að þetta hafi orðið af vangá sinni, er hann á kvöldin, þreyttur eftir erfitt afgreiðslustarf, hafi lagt saman. Það er nú engin sönnun fengin fyrir því, að ákærði hafi af ásettu ráði lagt rangt saman; þvert á móti bendir það, að hann einnig hefir alloft lagt saman sér í óhag, á það, að hér er um óviljaverk að ræða. En það verður að teljast hirðuleysi ákærða í starfi hans að kenna, að villur þessar hafa getað komið svo oft fyrir, sem raun hefir á orðið.

Ennfremur hefir það komið í ljós, að á árunum 1904 til júníloka 1909 eru eigi allfáar samlagningarskekkjur á forvaxtalið bankanum í óhag, um samtals 668 kr. 75 aur., en svo er ástatt um samlagningarskekkjur þessar, að bókarinn hefir annaðhvort lagt skakt saman í dagbók sinni eða slept eða bókað skakt einhverja forvaxtaupphæð, en gjaldkeri, ákærði, síðar breytt samlagningartölu sinni eftir upphæðinni hjá bókara. Þessu hefir ákærði svarað svo, að hann muni hafa breytt tölum sínum eftir samráði við bókarann og tekið án rannsóknar bókarann trúanlegan að því, að tölur hans væru réttar. Þessi skýrsla ákærða getur verið rétt, enda hefir það ekki orðið upplýst, hver atvik liggja að þessu, og heldur ekki, að gjaldkeri hafi veitt viðtöku fyrir bankans hönd upphæðum þeim, sem hér um ræðir. Verður ákærði því ekki sakfeldur fyrir þetta og heldur ekki dæmdur til að greiða bankanum upphæðirnar.

Samkvæmt því, sem hér hefir verið sagt, hefir ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og ekki hefir

áður sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt lagabrot, gerst brotlegur gegn 144. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir rétt að láta afbrot hans varða stöðumissi.

Eftir úrslitum þessum ber einnig að dæma ákærða til að bæta Landsbanka Íslands tjón það, er bankinn hefir beðið við afbrot hans. Samkvæmt því, sem hér að framan er gerð grein fyrir, nemur tap bankans við afbrot ákærða alls 10972 kr. 96 aur. Af upphæð þessari hefir ákærði, meðan á undirbúningsrannsókn málsins stóð, greitt bankanum 540 kr. 35 aur. Ennfremur telur ákærði sig hafa greitt fyrir hönd bankans þessar upphæðir:

til P. J. Thorsteinsson & Co.	kr.	95,10
- Sláturfélags Suðurlands	—	30,00
- Chouillou kaupmanns	—	130,00
Samtals	kr.	255,10

Og er það upplýst, að ákærður hefir greitt þessar upphæðir. En þar sem jafnframt er upplýst, að upphæðir þessar eru greiddar án vitundar og samþykkis bankastjórnarinnar, og bankanum hins vegar bar ekki nein skylda til að greiða þær, verða þær ekki látnar koma til frádráttar skaðabótaupphæðinni. Hins vegar þykir rétt að láta koma til frádráttar aukatölur þær, að upphæð 161 kr. 69 aur., sem getið er um hér að framan, að bankanum hafi verið færðar til tekna sem forvextir, án þess þær hafi orðið heimfærðar til neinna ákveðinna víxla eða ávísana, en geta hafa verið tilfærðar til endurgjalds sleptum forvöxtum. Þá hefir og af hendi ákærða verið haldið fram, að til frádráttar eigi að koma öll upphæð hinna ofreiknuðu forvaxta, er ákærður telur sig hafa endurgreitt og fært til útgjalda með því að lækka og breyta forvaxtatölum, en ofreiknaðir forvextir eru, eins og áður er getið,

2314 kr. 78 aur. En í málinu er ekki fengin sönnun eða viðurkenning fyrir, að meira hafi verið endurgreitt en 3 kr. 10 aur., og getur því að eins sú upphæð komið til frádráttar.

Samkvæmt þessu koma til frádráttar áðurnefndum 10972 kr. 96 aur. þessar upphæðir: kr. 540,35 + 161,69 + 3,10 = 705 kr. 14 aur., og verður þá sú upphæð, sem dæma verður ákærða til að greiða bankanum, 10267 kr. 82 aur., með 5% vöxtum frá 13. desbr. 1911 til greiðsludags.

Þess skal getið, að sækjandi málsins fyrir yfirdómi hefir krafist þess, að ákærði verði auk þessa dæmdur til að greiða bankanum 196 kr. 70 aur., og er það upphæð ávísanar, sem greidd hefir verið í bankann og ákærði á að hafa veitt viðtöku sem gjaldkeri, en ekki fært bankanum til tekna. En þessi krafa getur ekki orðið tekin til greina í þessu máli, þar sem þetta atriði hefir ekki legið fyrir við dómsuppsögn málsins í héraði. Heldur ekki verður tekin til greina krafa sækjanda um að ákærði verði dæmdur til að endurgreiða Landsbankanum nokkurn hluta launa þeirra, sem hann hefir greitt ákærða frá því mál þetta byrjaði og ákærða var vikið úr gjaldkerastöðunni um stundarsakir.

Ákærða ber einnig að greiða allan kostnað við rannsókn og meðferð málsins fyrir undirrétti og yfirdómi, þar á meðal málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirdómsmálflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 50 krónur til hvors þeirra.

Dráttur sá, sem orðið hefir á dómsuppsögn málsins í héraði, þykir oss nægilega réttlættur af héraðsdómaran-

um, og vottast, að rekstur og meðferð málsins í héraði hefir verið vítalaus og málflutningurinn við yfirdóminn lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Halldór Jónsson á að missa stöðu sína sem gjaldkeri Landsbanka Íslands. Svo greiði hann og Landsbanka Íslands í skaðabætur 10267 kr. 82 aur. með 5% ársvöxtum frá 13. desember 1911 til greiðsludags og allan kostnað við rannsókn og meðferð máls þessa í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 50 krónur til hvors þeirra.

Skaðabæturnar ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins og honum að öðru leyti að fullnægja lögum samkvæmt að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. nóvember.

Nr. 23/1913 Hjálmar Þorgilsson
gegn
ráðherra Íslands fyrir hönd
landssjóðs.

Dómur:

Samkvæmt úrskurði lögregluréttar Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 25. nóv. 1911 við sakamálsrannsókn gegn sækjanda þessa máls, Hjálmari Þorgilssyni bónda á Hofi á Hofðaströnd, var hann settur í gæzluvarðhald nefndan dag og honum haldið þar til 22. des. s. ár, er hann var látinn laus. Að rannsókninni lokinni var mál höfðað af réttvísinnar hálfu gegn sækjanda fyrir þjófnað, en því máli lauk með landsyfirréttardómi uppkveðnum 25. nóv. f. á. svo, að sækjandi var sýknaður og málskostnaður dæmdur af almannafé. Með því að sækjandi telur sýnt af dómi þessum, að hann hafi að ófyrirsynju verið frelsi sviftur með nefndum úrskurði, hefir hann höfðað mál þetta fyrir landsyfirdóminum með stefnu, dags. 12. apríl þ. á. samkvæmt lögum nr. 28, 26. október 1893 um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl., gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs, og fengið sér til þess skipaðan málfærslumann. Hefir hann krafist þess, að sækjanda verði dæmdar úr landssjóði 15,000 kr. í skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju og tjón það alt og hnekki, er hann hafi af því beðið. Svo hefir hann og stefnt héraðsdómaranum Páli V. Bjarnason sýslumanni, en engar kröfur hefir hann gert á hendur honum.

Af stefnda hálfu er þess krafist, að landssjóður verði

algerlega sýknaður í málinu og sækjandi dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati yfirdómsins eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Samkvæmt framangreindum lögum 26. okt. 1893 1. gr. getur sækjandi því að eins átt kröfu til skaðabóta fyrir gæzluvarðhald að ósekju, að álíta megi eftir málavöxtum, að hann sé saklaus af þeim glæp, er hefir gefið tilefni til þess, að hann var sviftur frelsi, en sýknudómur er í því efni eigi einhlítur, og samkvæmt 2. gr. laganna fellur réttur hans til skaðabóta niður, ef hann hefir með framferði sínu verið þess valdandi, að hann var sviftur frelsi.

Um hið fyrra atriðið hefir eigi í máli því, er nú er fyrir rettinum, verið upplýst nánar eða frekar en prófsgerðir og dómsgerðir sakamálsins sýna, atvik eða málavextir, er neitt verði ráðið af um sakleysi sækjanda af þeim sökum, er hann var kærður fyrir, og verður því í því efni eigi farið eftir öðru en skýrslum þeim, er komið hafa fram í nefndu sakamáli. Sækjandi var ákærður fyrir þjófnað, og var honum aðallega gefið að sök meðferð hans á 2 lömbum, sem aðrir menn áttu, en hann rak til slátrunar með fé sínu til Hofsóss. Um þetta segir svo í landsyfirréttardómnum 25. nóv. f. á.: »Seint í septembermánuði í fyrrahaust rak ákærði um 50 kindur til Hofsóss til slátrunar; við slátrunina kom það í ljós, að ákærði átti ekki 2 af kindunum, hvítan lambhrút og mórauðan lambhrút, er annar var eign Rögnvaldar Jónssonar, en hinn Páls Erlendssonar. Um lambhrút Rögnvaldar hefir ákærði ekki gefið aðra skýrslu en þá, að hann hafi af vangá eða í misgripum lent í sláturfé sínu, og er hann varð þess var, lét hann kalla Rögnvald til, afhenti honum

afurðir lambsins, sem þá var búið að slátra, og virðast þeir þá hafa samið þetta mál með sér. Af skýrslum málsins verður það eigi séð, hvernig þessi lambhrútur hafi lent í fé ákærða. Með tilliti til hins lambsins, mórauða lambhrútsins, sem reyndist eign Páls Erlendssonar, hefir ákærði haldið því fram, að lamb þetta hafi hann fengið hjá Sveini bónda Sveinssyni í Garðshorni og borgað verð fyrir, en að hann hafi aldrei athugað eyrnamark á því, en lambið var með marki Páls Erlendssonar. Það er nú og sannað í málinu, að ákærði hafði nokkru áður en hann rak fé til slátrunar keypt «vonina» í mórauðum lambhrút hjá nefndum Sveini Sveinssyni; í fyrstu rétt þar á eftir afhentí síðan Sveinn ákærða mórauðan lambhrút og staðhæfir ákærði, að þetta sé sama lambið og það, er við slátrunina reyndist að vera eign Páls Erlendssonar og honum var þá afhent. Það er að vísu nokkuð ósennilegt, að ákærði, er tjáist vera fjárglöggur maður, hafi vilst svo á þessum tveim lambhrútum, eins og hér hefir verið frá skýrt, en gegn eindreginni staðfastri neituu hans hefir það eigi orðið sannað, að hann hafi kastað eign sinni á lömbin með vitneskju um, að þau væru lögleg eign annara manna, og verður eigi frekara staðhæft í þessu efni en að meðferð hans á greindum kindum hafi stafað af vangá«.

Eftir því sem málsatvikum um þetta kæruatriði á hendur sækjanda hér er lýst, verður eigi álitið, að þau séu svo vaxin, að neitt álit verði á þeim bygt um það, hvort áminst kindataka sækjanda hafi verið óviljaverk eða eigi, og virðist því eigi vera fyrir hendi málavextir, þeir er lögin gera ráð fyrir, til þess að krafa sækjanda verði tekin til greina. En þó að ekkert væri að þessu leyti því

til fyrirstöðu að dæma sækjanda skaðabætur, þá yrði réttur hans til þeirra að teljast fallinn niður samkvæmt fyrtéðu ákvæði í 2. gr. laganna, þar sem sækjandi með því að leggja af stað í ferð til Akureyrar, gegn fyrirmælum dómans um að fara eigi út úr lögsagnarumdæminu meðan á rannsókninni stæði, varð þess sjálfur valdandi, að hann var sviftur frelsi.

Af framangreindum ástæðum verður eigi litið svo á, að krafa sækjanda, um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju, eigi við lög að styðjast, og ber því að sýkna stefnda af þeirri kröfu. Svo ber og samkvæmt 4. gr. nefndra laga að dæma sækjanda til að greiða honum kostnað málsins, er ákveðst 40 kr.

Málfærsla hins skipaða málaflutningsmanns sækjanda er eigi aðfinsluverð og ber honum 20 kr. í málaflutningslaun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs á að vera sýkn af kröfu stefnda, Hjálmars Þorgilssonar, í þessu máli. Skipuðum málfærslumanni sækjanda, Gísla Sveinssyni yfirréttamálaflutningsmanni, ber í málaflutningslaun 20 kr. úr landssjóði.

Í málskostnað greiði sækjandi stefnda 40 kr. áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 32/1913.

Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson fyrir hönd Landsbankans
gegn
Hinriki Jónssyni, Júlíusi Kr. Einarssyni, Einari Jónssyni og Guðbrandi Jónssyni.

Dómur:

Í máli þessu hafa bankastjórarnir Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson fyrir hönd Landsbankans að fengnu uppreisnarleyfi áfrýjað til yfirdómsins uppboðsgjörð, er fram fór í Keflavík 20. júlí 1911 á húseign Guðbrandar Jónssonar, en á uppboðinu var húseignin, að undangengnu fjárnámi eftir kröfu Hinriks Jónssonar bakara í Keflavík, seld nefndum bakara, er síðan seldi hana Júlíusi Kr. Einarssyni, sem stefndur er í þessu máli. Krefjast áfrýjendur þess, að uppboðsgjörðin verði feld úr gildi og sala húseignarinnar þar með ónýtt, og að bankanum verði dæmdur allur af málinu leiðandi kostnaður fyrir yfirdómi. Af hálfu Júlíusar Kr. Einarssonar er þess krafist, að hin áfrýjaða uppboðsgjörð verði staðfest og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu hjá áfrýjendum.

En áfrýjunarstefnan hefir eigi verið birt Hinriki Jónssyni og hann hefir eigi sjálfur né neinn fyrir hans hönd komið í réttinn til andsvara í málinu. Samkvæmt N. L. 1—4—1 ber því ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum, og verða áfrýjendur eftir kröfu stefnda Júlíusar Kr. Einarssonar að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjendur Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson fyrir hönd Landsbankans greiði stefnda Júlíusi Kr. Einarssyni 25 kr. í málskostnað, áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagði lagaaðför.

Mánudaginn 17. nóvembermán.

Nr. 21/1913. Guðmundur Magnússon
gegn
Þórði Magnússyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur áfrýjandinn Guðmundur steinsmiður Magnússon í Reykjavík gegn stefnda Þórði Magnússyni í Brekkuholti sama staðar, út af eignarrétti að bænum Brekkuholti, sem áfrýjandi gerði tilkall til, en með dómi nefnds réttar 30. nóv. 1911 var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda í málinu og hinum skipaða málaflutningsmanni áfrýjanda ákveðið 20 kr. málflutningskaup úr landssjóði, en málskostnaður að öðru leyti látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn að fengnu uppreisnarleyfi, dags. 25. marz þ. á., og gjafsóknarleyfi og skipuðum málaflutningsmanni, skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 10. apríl þ. á. og endurtekið þær kröfur sínar fyrir bæjarþinginu, að stefndi verði dæmdur til að við-

lögðum dagsektum, að selja sér (áfrýjanda) í hendur eignarumráð yfir bænum Brekkuholti (vesturhluta af norðurbænum) ásamt $^2/_3$ hlutum lóðarinnar, sem fylgir, en til vara, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér andvirði bæjarins eftir mati óvilhallra manna. Auk þess hefir áfrýjandi krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins bæði fyrir undir- og yfirdómi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og loks hefir þess verið krafist af áfrýjanda hálfu, að allir dómararnir í yfirdóminum víki sæti í máli þessu sökum þess, að þeir hafi allir verið að einhverju leyti riðnir við málið. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur allur sá kostnaður, er hann hefir haft af málinu, eftir mati yfirdómsins.

Viðvíkjandi kröfu áfrýjanda um að dómendur yfirdómsins víki allir úr dómarasæti í málinu, þá er hún bygð á því, að þeir hafi sem fátækranefndarmenn eða bæjarfulltrúar haft afskifti af sölu bæjarins Brekkuholts í hendur stefnda. En hvorki justitiarius né 1. yfirdómari voru í fátækranefndinni, þegar hún samkvæmt almennri heimild í bæjarmálefnareglugerðinni samdi um söluna við stefnda 1897 eða 1898, og til kasta bæjarstjórnar eða bæjarfulltrúanna sem slíkra kom það mál eigi. Það er því engin ástæða til þess, að þessir dómendur víki sæti í máli þessu. En annar yfirdómari, sem var bæjarfógeti og formaður fátækranefndar, er samið var um við stefnda um kaupin, hefir vikið sæti í málinu.

Bær sá eða bæjarpartur, Brekkuholt, sem þrætan er um í máli þessu, var á sínum tíma bygður af áfrýjanda Guðmundi Magnússyni og átti hann bæinn um hríð, en

árið 1887 seldi Guðmundur bæinn Gísla nokkrum Kolbeinssyni, og bjó hann í honum þar til hann dó, árið 1897, en Gísli var þá fyrir nokkru orðinn sveitarþurfi og tók því fátækranefnd Reykjavíkur bæinn, að honum látnum, sem aðra eftirlátna fjármuni hans, upp í skuld hans til sveitarinnar, og seldi nefndin bæinn þá stefnda í máli þessu, og hefir hann síðan haft full eignarráð yfir honum, óátalið af öllum, þar til mál þetta var höfðað með sáttakæru 4. júlí 1910 af áfrýjanda, og sú krafa gerð á hendur honum, að hann léti bæinn eða andvirði hans af hendi við áfrýjanda, sem hinn rétta eiganda hans. En áfrýjandi byggir kröfu sína til bæjarins á því, að hann hafi að eins selt Gísla Kolbeinssyni bæinn »með kaupsamningi«, en Gísli hafi aldrei fullnægt þeim samningi og því aldrei orðið eigandi að bænum, eða fengið afsal fyrir honum. Stefndi byggir aftur mótmæli sín gegn kröfum áfrýjanda á kaupunum við fátækranefnd Reykjavíkur og afsalsbréfi samkvæmt þeim, frá bæjarfógetanum í Reykjavík fyrir hönd nefndarinnar, dags. 7. maí 1907, — eða ef þetta þætti ekki nægileg eignarheimild, þá á hefð fyrir meira en 20 ára óslitið eignarhald á bænum. Því hefir ekki verið mótmælt af stefnda, og verður því að teljast viðurkent, að bærinn Brekkuholt hafi verið seldur Gísla Kolbeinssyni af áfrýjanda með kaupsamningi, og að í þeim samningi hafi kaupverð bæjarins verið ákveðið 500 kr., er Gísli átti að greiða með því að taka að sér 133 króna veðskuld til Brydesverzlunar, er talin var hvíla á bænum, en borga hitt í peningum. Á sama hátt er það og viðurkent í málinu, að Gísli Kolbeinsson hafi ekki greitt áfrýjanda af kaupverðinu nema einar 50 krónur, og að hann hafi aldrei tekið að sér né

greitt veðskuldina til Bryde 133 kr., en skuld þessi hafði reyndar aldrei verið þinglesin eða hvílt á bænum, og var áfrýjandi krafinn um hana árið 1908. En þó að Gísli Kolbeinsson hafi þannig ekki staðið í skilum með borgun kaupverðsins heldur stefndi því fram, að Gísli hafi þegar við söluna 1887 og afhendingu bæjarins þá, fengið full eignarumráð yfir honum og hafi engin þörf gerst frekari afsals í hendur Gísla, en bærinn hafi með sölunni algerlega horfið úr eigu áfrýjandans. Um ákvæði kaupsamningsins eða sölusamningsins um Brekkuholt að öðru leyti en fyr er greint, er ekki upplýst, enda er sá samningur sagður glataður og hefir aldrei verið þinglesinn, en skýrslur málsins sýna það, að Gísli Kolbeinsson hélt óskertum umráðum yfir bænum, óátalið af áfrýjanda allan tíð, fra því er honum var seldur hann með kaupsamningnum 1887 og til þess, er hann dó 1897, og var Gísli þó þá löngu orðinn þurfamaður bæjarins, og því útséð um borgun kaupverðsins af hans hálfu, og þegar Gísli var dáinn, og fátækranefndin tók bæinn sem eftirlátna eign hans, upp í sveitarskuld hans, lét áfrýjandinn afskiftalausa með öllu töku bæjarins og sölu á honum til stefnda. Hann vissi þó af því, er nefndin tók bæinn undir fátækrasjóðinn, en eins og hann hefir skýrt frá í málinu, »hugði hann, að lítið væri upp úr Gísla að hafa eða búi hans, er hann dó, fram yfir þær 50 krónur, er Gísli hafði borgað honum og veðskuldina til Bryde, er hann ætlaði að annaðhvort væri greidd eða hvílandi á bænum sem tryggu veði«. Verður þessi framkoma áfrýjanda öll ekki skilin á annan veg en sem ljós vottur þess, að áfrýjandi hafi ekki, er Gísli var orðinn sveitarþurfi, og einkum eftir að hann dó, talið sig eiganda að bænum,

þar sem hann annars að sjálfsögðu þá þegar hefði tekið bæinn sem sína eign, enda skifti það eigi máli, hvernig fjárhagur Gísla eða bús hans stóð að öðru leyti, ef bærinn var þá enn í eign áfrýjandans, eins og hann heldur fram. Að áfrýjandinn telur sig stöðugt hafa bygt á því, að veðskuldin til Bryde hafi hvílt á bænum, sem tryggu veði, getur auðvitað ekki gert greinda framkomu hans skiljanlegri, hafi hann talið bæinn sína eign, því að nefnd skuld var minstur hluti söluverðs bæjarins og skuldar Gísla Kolbeinssonar. Það, að áfrýjandinn bygði upp á veðréttinn virðist einmitt miklu fremur benda til hins sama og hitt, að kaupverðsskuldin hafi að öðru leyti ekki verið trygð með eign áfrýjanda í bænum; enda sést á málinu, að þá fyrst koma fram vonbrigði áfrýjanda, er hann árið 1908 var krafinn um skuldina til Bryde og hann sá, að hann hafði eigi gætt þess, að láta þinglesa hana.

Af framansögðu virðist verða að telja það eftir atvikum nægilega sannað, að stefndi í máli þessu hafi, að Gísla Kolbeinssyni látnum, fyrir sölu fátækrastjórnar Reykjavíkur og eftirfarandi afsal, dags. 7. maí 1907, orðið löglegur eigandi að hinum umþrætta bæ eða bæjarhluta, Brekkuholti, og gerist þess því ekki þörf að rannsaka varaástæðu stefnda fyrir heimild hans að bænum, að hann hafi þegar með yfir 20 ára löglegu eignarhaldi unnið hefð á bænum. Verður samkvæmt þessum úrslitum að sýkna stefnda algjörlega af kröfum og kærum áfrýjanda í máli þessu og staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig málskostnaðarákvæði hans. Málskosnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður, og greiðist málflutningskaup hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda, sem hefir flutt málið óaðfinnanlega, 25 krónur, af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður. Hinum skipaða málsfærsiumanni áfrýjanda fyrir yfirdómi, Sveini yfirdómslögmanni Björnssyni, greiðist úr landssjóði málflutningsmannskaup fyrir yfirdómi, 25 krónur.

Nr. 35/1913. Erasmus Gíslason
gegn
G. Gíslason & Hay.

Dómur:

Mál þetta höfðaði hið stefnda firma G. Gíslason & Hay fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Erasmusi Gíslasyni verzlunarmanni, til greiðslu á 233 kr. 50 a. viðskiftaskuld, en í sambandi við það höfðaði áfrýjandi gagnsök á hendur firmanu og krafðist þess, að það væri dæmt til að skila sér 1000 kr. víxli, er hann hefði að fullu innleyst, eða greiða sér upphæð víxilsins með 6% vöxtum frá sáttakærudegi gagnsakar til borgunardags, og með eða án skuldajafnaðar við kröfurnar í aðalsökinni. Málum þessum lauk á bæjarþinginu með dómi, uppkveðnum 6. marz þ. á., á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda 233 kr. 50 a. með vöxtum frá 15. júlí 1911 til greiðsludags og 30 kr. í málskostnað í aðalsökinni, en í gagnsökinni var stefndi sýknaður og málskostnaður látinn

falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. júlí þ. á. og endurtekið þar kröfur sínar fyrir bæjarþinginu og ennfremur krafist málskostnaðar fyrir báðum réttum. Af stefnda hálfu er krafist staðfestingar á dómnum í öllum atriðum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Sem heimild fyrir kröfu sinni hefir stefndi lagt fram víxil að upphæð kr. 133,50 og skuldabréf fyrir kr. 100, hvorttveggja útgefið af áfrýjanda, og fallið í gjalddaga. Víxilkrafan vefengir áfrýjandi eigi að sé rétt, en um skuldabréfið heldur hann því fram, að þær 100 kr., sem það hljóðar um, hafi áður verið greiddar stefnda, með því að þær séu í rauninni hluti af 1000 kr. víxilupphæð, er ræðir um í gagnsökinni og áfrýjandi hafi verið búinn að borga, þegar hann gaf út skuldabréfið. En frásögn áfrýjanda um þetta og ástæðunni til þess, að hann gaf út bréf þetta fyrir skuld, sem hann þóttist vera búinn að borga, hefir stefndi mótmælt og áfrýjandi eigi fært sönnur á, að hún sé rétt. Verður því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda fyrtaldar upphæðir báðar, samtals kr. 233 50 a. með vöxtum eins og segir í dómnum.

Tildrög gagnkröfunnar eru þau, að árið 1908 gaf áfrýjandi út víxil til stefnda fyrir 1000 kr., er féll í gjalddaga 25. ágúst s. á. Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, 29. júlí 1909, var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda þennan víxil, og virðist hann hafa gert það í desembermánuði s. ár; víxilinn fekk hann þó eigi jafnframt afhentan, en stefndi gaf honum kvittun fyrir greiðslunni. — Áfrýjandi heldur því fram, að sér hafi verið áríðandi að fá í hendur víxilinn, til þess að verða ekki aftur krafinn borgunar á honum. En hann gerði þó enga ráðstöfun

til að fá stefnda skyldaðan til að skila sér víxlinum eða fá hann ónýttan með dómi, fyr en hann hóf gagnsökina í máli þessu 19. nóv. f. á., en þá var víxilkrafan fyrnd samkvæmt 12. kap. víxillaganna 13. jan. 1882, og víxillinn ógildur og verðlaus, hvort heldur í höndum stefnda eða annara, og gat því áfrýjanda eigi staðið það á neinu, að ná honum til sín, en auk þess er það nú upplýst fyrir yfirdóminum, að víxill þessi er eða hefir verið í vörzlum bæjarþingsréttarins síðan hann var lagður fram í fyrgreindu víxilmáli.

Samkvæmt þessu verður að sýkna stefnda að því er gagnsökina snertir, og með því að yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Erasmus Gíslason greiði stefnda G. Gíslason & Hay 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 36/1913. L. M. Diechmann
gegn
Kristjáni Kristjánssyni.

Dómur:

Við áfrýjun máls þessa, sem farið hefir verið með og dæmt fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur, og skotið hefir verið af báðum aðilum til yfirdómsins, hefir að eins manni þeim, sem dæmdi og uppkvað hinn áfrýjaða dóm, sem settur bæjarfógeti, verið stefnt fyrir yfirdóminn »til þess að verja dóm sinn og málsmeðferð í héraði«, en hinum reglulega (skipaða) bæjarfógeta, sem fór með málið frá upphafi og alt til þess, er það var tekið undir dóm, hefir eigi verið stefnt, og hefir hann þó eigi fráfallið stefnu í málinu, og eigi hefir hann mætt né látið mæta í yfirdóminum. Með því að fyrirmælum N. L. 1—2—3, sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 18. gr., hefir þannig eigi verið fullnægt í málinu, ber að frávísa því í heild sinni. Málskostnaður virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 1. desembermán.

Nr. 51/1913. Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson f.h. Landsbankans gegn I. P. Brillouin.

Dómur:

Með bréfi dags. 10. okt. þ. á. til bæjarfógetans í Reykjavík krafðist Landsbanki Íslands fjárnáms í húseign I. P. Brillouins, fyr konsúls, í Félagstúni hér í bænum, með 19676 ferálna lóð, til lúkningar höfuðstól kr. 14250,67 samkvæmt veðskuldabréfi dags. 24. sept. 1909, ógreiddum vöxtum frá $^{11}/_{10}$ 1911 til $^{11}/_{10}$ 1913, kr. 1895,99, áfallandi vöxtum frá þeim tíma $6^{1}/_{2}$ % og 1 % dráttarvöxtum, svo og öllum kostnaði, er af aðförinni leiddi. Var fjárnámskrafa þessi tekin fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 27. og 31. s. m., og í síðara réttarhaldinu úrskurðaði fógetinn, að fjárnámið ætti ekki fram að fara.

Þessum úrskurði hafa áfrýjendurnir Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson bankastjórar fyrir hönd Landsbankans skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 1. f. m. og krafist þess, að honum verði hrundið og breytt þannig, að hið umbeðna fjárnám skuli fram fara, svo og að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdóminum.

Af hendi stefnda Í. P. Brillouins hefir eigi verið mætt í yfirdóminum, þótt honum hafi verið löglega stefnt, og ber þá samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., að dæma málið eftir skjölum þeim og skilríkjum, er framlögð hafa verið.

Hinn áfrýjaði úrskurður er bygður á því, að eigi sé heimild til að ganga að hinni veðsettu eign samkvæmt veðskuldabréfinu 24. sept. 1909 sökum þess, að í bréfi þessu sé engin tilvísun, hvorki til tilsk. 18. febr. 1849 um fé ómyndugra, né til laga 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sátta, en þetta (þ: tilvísun til laganna) sé þó gert að skilyrði fyrir aðför eftir veðskuldabréfum í niðurlagi 15. gr. síðarnefndra laga.

Það verður þó eigi talið rétt, að skilja svo 15. gr. laganna, að hún heimti tilvísun til þeirra í veðskuldabréfum sem skilyrði fyrir aðfararheimild samkvæmt þeim, og 16. gr. laganna, sem lætur aðfararheimildina einnig ná til veðbréfa, sem eldri eru en lögin og gátu því eigi vísað til þeirra, sýnir og ljóslega, að slík tilvitnun er eigi nauðsynleg, en það verður að teljast nægilegt, að frá veðskuldabréfinu sé gengið eins og ákveðið er í 15. gr. laganna, og með því að veðskuldabréfið 24. sept. 1909 fullnægir þeim ákvæðum, verður eigi synjað um fjárnám samkvæmt því í hinni veðsettu húseign. Það ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi, og leggja fyrir fógetann að framkvæma fjárnámið.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir stefndi eiga að greiða áfrýjendum og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður skal vera ógildur, og ber fógetanum að framkvæma hið umbeðna fjárnám. Stefndi I. P. Brillouin greiði áfrýjendunum

Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbankans 25 kr. í málskostnað, og greiðist upphæð þessi áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 56/1912. Ólafur Davíðsson f. h. Leonh. Tang & Söns verzlunar gegn bæjarstjórn Ísafjarðarkaupst.

Dómur:

Mál þetta er risið út af deilu milli bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar og Leonh. Tang & Söns verzlunar á Ísafirði um eignarrétt að meiri hluta svonefnds Hæstakaupstaðarins þar í kaupstaðnum. Málið er því eignarþrætumál, og bar samkvæmt N. L. 1—2—1 og tilskipun 3. júní 1796, 24. gr., að dæma það með tilkvöddum meðdómsmönnum. En það var dæmt af setudómaranum, sýslumanninum í Barðastrandarsýslu, án meðdómsmanna.

Dómur í málinu var með samþykki málsaðila uppkveðinn í aukarétti Barðastrandarsýslu á Patreksfirði, en þetta fer í bága við löggilding setudómarans, sem var skipaður til að fara með málið og dæma það sem setudómari í Ísafjarðarkaupstað, og getur samþykki málsaðila eigi gert það löglegt.

Fyrir greindar sakir verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 8. desember

Nr. 19/1913. St. Th. Jónsson, Þórarinn Guðmundsson, Sigurður Jónsson og Jón Stefánsson gegn Páli Guttormssyni fyrir hönd Árna Sigurðssonar.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði fyrir aukarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar hinn stefndi Páll bankaritari Guttormsson á Seyðisfirði fyrir hönd Árna Sigurðssonar í Krossgerði í Berufirði gegn eigendum og ábyrgðarmönnum firmans Helgi Björnsson & Co., þeim St. Th. Jónssyni, Þórarni Guðmundssyni konsúl, Sigurði Jónssyni kaupmanni og Jóni Stefánssyni útvegsbónda, öllum til heimilis á Seyðisfirði, til þess að fá þá dæmda til að greiða sér sem umboðsmanni nefnds Árna Sigurðssonar eftirstöðvar, 230 krónur, af upphæðum tveggja ávísana, er prókúruhafi firmans, Helgi Björnsson, hafði útgefið til handa Árna Sigurðssyni, en hann ekki fengið borgaðar að fullu hjá þeim, er ávísanirnar voru stílaðar til. Var málið dæmt í nefndum rétti 8. febr. þ. á. með þeim úrslitum, að áfrýjend-

urnir voru dæmdir til að greiða stefnda hina umkröfðu skuld, 230 kr., með 5 % vöxtum p. a. frá 11. desbr. 1911 til borgunardags og 30 krónur í málskostnað.

Dómi þessum hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 9. apríl þ. á., og hafa þeir krafist þess hér fyrir réttinum, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og honum breytt þannig, að þeir verði algerlega sýknaðir af kærum og kröfum stefnda í málinu og málskostnaður dæmdur þeim fyrir undir- og yfirrétti eftir mati yfirdómsins. Af stefnda hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að áfrýjendur verði dæmdir í málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Ávísanir þær tvær til handa Árna Sigurðssyni, er krafa stefnda í máli þessu á hendur áfrýjendum er risin af, voru báðar útgefnar 26. okt. 1908 af Helga Björnssyni sem prókúruhafa verzlunarfélagsins Helgi Björnsson & Co. og í þess nafni og hljóðuðu upp á samtals 312 kr., en af upphæð þessari fengust að eins borgaðar við framvísun annarar ávísunarinnar 82 kr., af því að inneign verzlunarinnar var ekki meiri þar, og af hinni ávísuninni fekst ekkert borgað sökum þess, að sá, sem hún vísaði til um borgun, var hættur að geta svarað til skulda sinna. Voru þannig eftir ógreiddar af upphæð ávísananna 230 kr., og var verzlunarfélagið krafið um borgun á því af stefnda hálfu með bréfi 24. ágúst 1909, og var þeirri kröfu tekið líklega, en þó varð ekki af borgun, hvorki þá né síðar, er krafan var ítrekuð, og hefir stefndi því höfðað mál þetta gegn áfrýjendunum.

Því hefir eigi verið neitað í málinu, að umræddar ávísanir hafi verið útgefnar af prókúruhafa verzlunarfélags-

ins Helgi Björnsson & Co., né heldur því, að áfrýjendurnir séu skyldir að svara til skuldbindinga þess félags. En þeir halda því fram, að verzlunarfélaginu beri engin skylda til að svara til þess, þótt ávísanirnar hafi ekki fengist greiddar, því að það hafi ekki skuldað Árna Sigurðssyni neitt og engin viðskifti við hann haft, og muni ávísanirnar að eins hafa verið fengnar Árna af Helga til innheimtu á inneign félagsins, er hann ætlaði vera, hjá mönnum þeim, er þær voru stílaðar til, en Helgi hafi átt að greiða Árna kaup fyrir sjóróðra á hans vegum og ætlað óleyfilega að kvitta á þennan hátt þá skuld, og hafi Árna hlotið að vera þetta kunnugt. Þessari staðhæfingu áfrýjanda hefir stefndi mótmælt og talið ósanna í öllu verulegu, og frekari rök eru ekki færð fyrir henni af hendi áfrýjenda. Það eitt er víst eða virðist viðurkent í málinu, að Árni tók við ávísunum til greiðslu á kaupi fyrir sjóróðra, sem honum bar, en það er ágreiningur um, hvort hann hafði unnið til kaupsins í þjónustu verzlunarfélagsins eða Helga Björnssonar sjálfs utan félags, en sá ágreiningur skiftir í sjálfu sér eigi máli. Úr því að ávísanirnar voru útgefnar af löglegum umboðsmanni verzlunarfélagsins og til borgunar skuldar, er stefndi átti að fá greidda, þá var félagið skylt að ábyrgjast honum borgun þeirra að fullu, nema það færði sönnur á það, eða gerði sennilegt, að öðruvísi hefði verið um samið eða atvik lægju til annars. En það hafa áfrýjendur ekki gert. Það er líka alls ósannað, en neitað af stefnda, enda ofseint fram borið af áfrýjendum, að stefndi hafi vanrækt í nokkru að ganga eftir borgun á umræddum ávísunum eða að tilkynna áfrýjendum greiðslufallið. Það verður samkvæmt þessu að fallast á niðurstöðu aukaréttardómsins bæði um

aðalefnið og málskostnaðinn í héraði og staðfesta dóm þennan í öllum greinum. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjendum að greiða stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir Stefán Th. Jónsson, Þórarinn Guðmundsson, Sigurður Jónsson og Jón Stefánsson greiði stefnda Páli Guttormssyni fyrir hönd Árna Sigurðssonar í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desember.

Nr. 42/1913. Réttvísin gegn Magnúsi Torfasyni.

Dómur:

Mál þetta er að boði Stjórnarráðs Íslands höfðað í héraði gegn Magnúsi Torfasyni, sýslumanni í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði, fyrir brot gegn 102. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og var dæmt í aukarétti Barðastrandarsýslu 2. júní þ. á. af Guðmundi Björnssyni sýslumanni í Barðastrandarsýslu sem setu-

dómara, með þeim úrslitum, að ákærði skyldi greiða 300 kr. sekt í landssjóð eða sæta 60 daga einföldu fangelsi, ef sektin ekki væri greidd á réttum tíma, og greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum hefir samkvæmt ósk ákærða verið skotið til yfirdómsins. Hefir Stjórnarráðið með þremur bréfum, dags. 20. ágúst þ. á., skipað borgarstjóra Pál Einarsson í Reykjavík sem dómstjóra, sýslumann og bæjarfógeta Magnús Jónsson í Hafnarfirði sem 1. meðdómanda og prófessor í lögum Einar Arnórsson í Reykjavík sem 2. meðdómanda, til þess að fara með málið og dæma það, í stað hinna reglulegu dómenda í landsyfirréttinum.

Í einkamáli, sem ákærður átti í við mann á Ísafirði, og flutt var fyrir yfirdómi, lét ákærði leggja fram á sína ábyrgð í yfirréttinum skjal, dags. 23. júní f. á., er hann sjálfur hefir samið og undirskrifað. Er þess þar farið á leit, að allir dómarar yfirréttarins víki ex officio sæti í málinu. Svo sem til að rökstyðja kröfu þessa gerir ákærði að umtalsefni dóm, er landsyfirrétturinn hafði kveðið upp í sakamáli 3. maí 1908 og breytt dómi í því máli, er ákærði hafði dæmt í héraði. Hefir ákærði í þessu sambandi meðal annars komist svo að orði, *að* hann þykist að óverðskulduðu hafa orðið fyrir aðkasti hjá yfirdómi síðustu árin, *að* sig hafi grunað, að hann væri persóna ingrata, og fengið fulla vissu fyrir að svo væri, *að* sig hafi furðað mjög á nefndum landsyfirréttardómi, er gerði bæði að stikla sem varlegast á misgerðum sakbornings og áfellast sig, og um orð, er landsyfirréttur hafi dæmt í sekt fyrir sem ósæmilegan rithátt, segir ákærður, *að* engum skynbærum manni muni koma til hugar, að telja þau út af fyrir sig ósæmilegan rithátt.

Með nefndu skjali lagði ákærði ennfremur fram í yfirréttinum blaðið »Þjóðólfur« 26. maí 1905, en í þessu blaði er gagnrýndur dómur, er landsyfirréttur hafði kveðið upp 22. ágústmánaðar 1904, og átti ekkert skylt við mál ákærðs, sem fyr er nefnt, og er í blaði þessu farið ýmsum óvirðingarorðum sérstaklega um einn yfirdómaranna. Bætir ákærði í fyrgreindu réttarskjali sínu 23. júní f. á. við þeirri útlistun frá sjálfum sér á ummælum greinarinnar, að þar sé dróttað meinsæri að háyfirdómaranum (þ. e. þá settum háyfirdómara) svo berlega, að ekkert barnið fær misskilið.

Loks hefir ákærði í sama máli látið leggja fram í yfirdómi athugasemdir, er hann hafði ritað 30. júní 1911 og birt á prenti, við dóm, er landsyfirréttur hafði kveðið upp 8. maí 1911. Er í athugasemdum þessum meðal annars komist svo að orði um ályktun yfirréttarins í málinu: »En út frá því ætti að mega ganga, að yfirdómurinn hafi ekki athugað, hve ósvífin hún er í garð heilbrigðisnefndar« . . . »á hún (þ. e. heilbrigðisnefndin) vísvitandi að hafa drýgt lagabrot, sýnt hreinan og beinan fantaskap« . . . »T. d. mundi jafnvel yfirdómurinn ekki hafa kunnað við slíkan haug hjá flaggstönginni á Stjórnarráðsblettinum« . . . »nema svo sé, að alt sé gott handa rakkarapakkinu á Ísafirði og þar megi alt fljóta í skít og haugum« . . . »með því hefir yfirdómurinn *vaðið* inn á starfssvið umboðsvaldsins« . . . »dróttar yfirdómurinn því að heilbrigðisnefnd, að hún annaðhvort hafi vottað það, sem hún ekki vissi og ekki hafði athugað eða hreint og beint logið því upp«.

Í yfirréttardóminum 8. maí 1911 verður ekki fundið neitt, er gefi ákærða tilefni til þessara ummæla, né

heldur er neitt það fram komið í máli þessu, er bendi til þess, að yfirrétturinn sem slíkur eða einstakir dómendur hans hafi gefið ákærða nokkra átyllu til að viðhafa orð þau og ummæli, sem að framan eru tilgreind og öll eru móðgandi og meiðandi.

Eins og sagt hefir verið, hefir ákærði viðhaft hin móðgandi og meiðandi ummæli út af embættisverkum yfirréttarins og sett þau fram í skjölum, sem hann hefir látið leggja fram á sína ábyrgð í máli, er flutt var fyrir yfirdómi, og er því afbrot ákærða af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 102. gr. hinna almennu hegningarlaga. Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir ekki áður sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt lagabrot. Þykir hegning sú, er hann hefir til unnið, eftir atvikum málsins hæfilega ákveðin 400 króna sekt, er renni í landssjóð, en ef sektin er ekki greidd innan ákveðins tíma, sæti ákærði 90 daga einföldu fangelsi. Svo ber og ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Magnúsar Sigurðssonar, 15 krónur til hvors þeirra.

Það er vítavert, að héraðsdómarinn hefir ekki rannsakað öll þau afbrot, sem bréf yfirdómsins til Stjórnarráðs Íslands, dags. 13. jan. þ. á., gefur ástæðu til að ætla, að ákærði hafi gert sig sekan í. Rannsókn málsins er einnig að öðru leyti ófullkomin, og sömuleiðis þykir það ekki rétt, að málið hefir verið dæmt fyrir aukarétti Barðastrandarsýslu, en ekki aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar. Ennfremur er það athugavert, að héraðsdómarinn hefir sett terminus executionis í dóm sinn og hvorki útvegað skírn-

arvottorð né hegningarvottorð ákærða. En þar sem meðferð málsins í héraði hefir að öðru leyti verið lögmæt, og málinu eigi áfrýjað af hálfu réttvísinnar, þykir ekki vera alveg næg ástæða til að ómerkja dóminn og vísa málinu heim í hérað aftur fyrir þessar sakir.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Magnús Torfason, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði, greiði 400 króna sekt í landssjóð, en sé sektin ekki öll greidd í ákveðinn tíma, sæti hann 90 daga einföldu fangelsi. Svo ber honum og að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málaflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Magnúsar Sigurðssonar, 15 krónur til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 daga frá lögbirtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

Hæstaréttardómur 1913.

Mánudaginn 13. október.

Nr. 324. Yfirréttarmálaflutningsmaður Knud Jarner gegn Óla Magnúsi Arngrímssyni (verjandi Möldrup),

sem kærður er fyrir brot gegn 18. kapítula almennra hegningarlaga fyrir Ísland 25. júní 1869.

Aukaréttardómur Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. marz 1911: Ákærði Óli Magnús Arngrímsson sæti 20 daga fangelsi við alment fangaviðurværi og greiði samkvæmt framansögðu Axel Andersen 843 kr., en sé að öðru leyti sýkn af skaðabótakröfum hans. Ennfremur ber ákærða að greiða allan af sökinni leiðandi kostnað.

Ídæmdar skaðabætur, kr. 843,00, greiðist innan 15 daga frá löglegri birtingu dóms þessa og ber að fullnægja honum í heild sinni með aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirréttar 3. júní 1912: Akærði Óli Magnús Arngrímsson á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun

sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Dómur hæstaréttar:

Fyrir verknað ákærða, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi og verður að teljast honum til ábyrgðar sem viljandi ofbeldisverk, verður hann að sæta refsingu samkvæmt 205. gr. hinna íslenzku hegningarlaga, og ákveðst hún eftir atvikum 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo ber honum og að greiða Axel Andersen matreiðslusveini skaðabætur, sem þykir mega ákveða 1343 krónur, og greiða kostnað sakarinnar.

Því dæmist rétt vera:

Óli Magnús Arngrímsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og greiði Axel Andersen matreiðslusveini 1343 krónur í skaðabætur. Svo greiði hann og sakarkostnaðinn, þar með talin málflutningslaun, sem ákveðin eru í landsyfirréttardómnum, og málflutningslaun fyrir hæstarétti, Jarners yfirréttarmálaflutningsmanns og Möldrups hæstaréttarmálaflutningsmanns, 50 krónur til hvors.

Astæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 718—723 í VIII. bindi þessa dómasafns.

Landsyfiréttardómar 1914.

Mánudaginn 12. janúar.

Nr. 35/1912 Þ. J. Thoroddsen
gegn
Jóni Sigurðssyni.

Dómur:

Máli þessu er stefnt til yfirdómsins samkvæmt N. L. 1—4—12, með því að stefndi var farinn af landi burt er áfrýjunarstefnan var gefin út. Stefnda hefir þó eigi verið veittur stefnufrestur sá, er tiltekinn er í greindu lagaboði sbr. tilsk. 3. júní 1796, 16. gr., með því að stefnan var ekki birt í yfirdóminum fyr en 2. desember 1912, en málið tekið fyrir samkvæmt stefnunni 1. desember þ. á. Og með því að stefndi mætti þá eigi og enginn af hans hendi, verður ex officio að vísa málinu frá yfirdómi.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi.

Nr. 37/1913 Hallgrímur Brynjólfsson
gegn
Þorvarði presti Þorvarðssyni.

Dómur:

Með skjali dags. 22. nóv. 1912, er birt var áfrýjandanum Hallgrími bónda Brynjólfssyni á Felli í Mýrdal af hlutaðeigandi stefnuvottum 16. s. m., bygði stefndi, prestur í Mýrdalsþingum Þorvarður Þorvarðsson, áfrýjandanum út af nefndri ábýlisjörð hans frá fardögum 1913. En af því að áfrýjandi sinti ekki útbyggingunni og sat á jörðinni fram yfir fardaga, leitaði stefndi aðstoðar fógeta til að fá hann borinn út af jörðinni, og úrskurðaði þá fógetinn 28. júní 1913, að framkomnum mótmælum áfrýjanda gegn útburðargerðinni, að hún ætti þó fram að ganga. Það varð þó eigi af útburði í það skifti, því að sætt komst á milli málsaðilanna þess innihalds, að stefndi leyfði áfrýjanda að vera kyrr á jörðinni til næstu fardaga (1914) gegn því að hann skuldbatt sig til að fara þá frá jörðinni, ef hann ekki fyrir þann tíma hefði gert ráðstafanir til að áfrýja úrskurðinum.

Nú hefir áfrýjandinn skotið úrskurði þessum til yfirdómsins með stefnu, dags. 26. júlí þ. á. og hefir hann krafist þess, að úrskurðurinn verði feldur úr gildi og stefndi dæmdur til að greiða sér málskostnað. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sér tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Þar sem þess ennfremur hefir verið krafist af áfrýjanda hálfu, að justitiarius Kristján Jónsson viki úr dómarasæti í máli þessu fyrir það, að hann er tengdafaðir

fógetans, er úrskurðinn feldi, þá er ekki í málinu að ræða um neina ábyrgð á hendur fógetanum, og verður því krafan ekki tekin til greina.

Rétt sinn til að segja áfrýjanda upp ábúðinni á Felli byggir stefndi á því fyrst og fremst, að þar sé löglegt prestssetur í Mýrdalsþingum, og eigi hann því sem prestur í kalli þessu full og óátalin landsdrottinsráð á jörð þessari og aðgang að henni til eigin nytja og ábúðar, hvenær sem vera skal, samkvæmt veitingarbréfi sínu frá 27. apríl 1907 og lögum 16. nóv. 1907, 4. og 5. gr., um laun sóknarpresta. En þar næst byggir hann og útbygginguna á því, að áfrýjandi hafi fyrirgert ábúðarrétti á jörðunni með því að hafa sumarið 1912 léð slægjur jarðarinnar og látið flytja burtu án síns (prestsins) leyfis, og með því að greiða ekki eftirgjald jarðarinnar fardagaárið 1912—13 á tilskildum gjalddaga (Mikaelsmessu).

Áfrýjandi byggir aftur á móti rétt sinn til að sitja kyr á jörðinni á byggingarbréfi fyrir Felli gefnu honum af fyrirrennara stefnda í Mýrdalsþingaprestakalli, séra Jes Gíslasyni, 13. júní 1904, en þar er áfrýjanda heimiluð ábúð á Felli um alveg óákveðinn tíma, eða þannig, að landsdrotni er þar ekki áskilinn neinn réttur til að segja upp ábúðinni af sinni hálfu, haldi áfrýjandi byggingarskilmálana. Heldur áfrýjandi því fram, að bréf þetta hafi verið gefið út með fullri heimild af þáverandi presti (fyrirrennara stefnda), sem hver önnur lögleg byggingarráðstöfun á kirkjujörðum kallsins, en Fell sé löngu hætt að vera prestssetur. Auk þess hafi og stefndi síðar samþykt byggingarbréfið fyrir sitt leyti óbreytt eins og það er. Hann geti því eigi bygt sér út af jörðinni fyrir þá sök eina, að hann vilji taka hana sjálfur til ábúðar, en á því,

að áfrýjandi hafi fyrirgert ábúðarréttinum geti stefndi ekki bygt útbygginguna, því að áfrýjandi hafi ekki í neinu brotið byggingarskilmálana, er settir hafi verið í byggingarbréfinu.

Þar sem áfrýjandi neitar því, að Fell sé ákveðið prestssetur í Mýrdalsþingum, þá bera málsskjölin það að vísu með sér, að ráðgert hefir verið fyrir nokkrum árum að ákveða prestssetrið annarsstaðar, vegna þess hve illa prestur hefir þótt settur á Felli, eftir að Mýrdalurinn var gerður að einu prestasalli, og að prestarnir í Mýrdalsþingum hafa síðan þessi breyting varð á prestakallinu, að minsta kosti seinni árin, ekki notað sjálfir ábúðina á prestssetrinu Felli, heldur tekið sér aðsetur á öðrum hentugri stað í prestakallinu, en það fer svo fjarri að upplýst sé í málinu, að nokkur lögleg ákvörðun hafi verið um það gerð af kirkjustjórninni, að Fell skuli ekki lengur vera ætlað prestinum til ábúðar, eins og áður hefir verið, að það sést einmitt af skjölum þess, að jörðin er skoðuð enn af kirkjustjórninni sem prestssetur og afstaða prestsins metin eftir því. Þar sem stefndi eftir þessu verður að teljast hafa átt öll umráð yfir Felli sem prestssetri sína prestsskapartíð, er það auðsætt, að áfrýjandi getur ekki bygt rétt sinn til ábúðarinnar á jörð þessari á fyrnefndu byggingarbréfi að svo miklu leyti, sem það heimilaði honum ábúð á jörðinni fram yfir þann tíma, er útgefandi þess hafði rétt til að ráðstafa henni, en það var að eins prestsskapartíð hans. En áfrýjandi hefir, eins og áður er tekið fram, haldið því fram, að stefndi hafi samþykt byggingarbréf þetta, er hann fékk hjá fyrirrennara hans, eftir að hann sjálfur var orðinn prestur í Mýrdalsþingum. Hefir áfrýjandi skýrt svo frá, að stefndi hafi á

desember 1907, fyrsta árið er hann var þar prestur, verið staddur á heimili sínu Felli, og hafi hann þá yfirlitið byggingarbréfið og ekkert fundið athugavert við það. Hafi hann sagzt ekki sjá ástæðu til að breyta neinu sem í því stæði, og tekið það fram, að sér væri það sýnilegt, að jörðinni væri svo í sveit komið, að ekki væri tiltækilegt fyrir prest að búa þar, sem ætti að þjóna prestakallinu. Stefndi hefir ekki neitað því, að hann kunni að hafa haft þessi ummæli við áfrýjanda í umrætt skifti, og verður því að telja þau rétt hermd, en áfrýjandinn virðist eins og á stóð hafa haft fulla og réttmæta ástæðu til að skilja þau svo, að stefndi hafi með þeim lýst sig samþykkan því, að byggingarbréf áfrýjanda, sem stefndi gaf ekki um að breyta í neinu, mætti standa óhaggað með öllu, þrátt fyrir prestaskiftin og hefir stefndi þá með þessu slept rétti þeim, sem honum annars bar til að fá riftað byggingu fyrirrennara hans á jörðinni og gat því ekki síðar, eftir að hann hafði látið áfryjanda sitja á jörðinni, óhreyfðan og óátalið í full 5 ár, vefengt rétt áfrýjanda til ábúðar á jörðinni samkvæmt byggingarbrefinu og bygt honum út af jörðinni og síðan fengið hann útborinn af henni, fyrir það eitt, að hann sjálfur vildi komast að henni.

Þá hefir stefndi bygt útbygginguna og útburðarkröfuna á því, að áfrýjandi hafi brotið byggingarskilmálana í byggingarbréfinu 13. júní 1904 og þannig fyrirgert ábúðarrétti sínum. Þar sem stefndi hefir í þessu tilliti talið áfrýjanda hafa léð slægjur frá jörðinni heimildarlaust, þá hefir áfrýjandi skýrt frá því í málinu fyrir fógetaréttinum, að slægjulán þetta hafi að eins verið veitt í skiftum fyrir aðfengna beit fyrir skepnur sínar, sem ábýli hans vantaði, og hef-

ir hann stutt þessa sögu sína með vottorði 2 manna, sem ekki hefir verið neitað sem ósönnu eða röngu. Virðist áfrýjandi með þessu hafa réttlætt slægjulánið nægilega, þar sem það er því að eins bannað eftir byggingarbréfinu, að ekki komi önnur hlunnindi eða landsnytjar á móti. Um hina útbyggingarsökina, er stefndi telur á hendur áfrýjanda, að hann hafi greitt eftirgjaldið eftir jörðina tæpum 2 mánuðum síðar en gjalddagi þess var, er það að segja, að stefndi hafði gefið öðrum manni skriflega ávísun á gjald þetta og tók sá maður ávísunina gilda og fekk hana greidda hjá áfrýjanda, án þess að hann eða stefndi, sem var viðstaddur, hreyfðu neinum athugasemdum um ofseina greiðslu, enda hafði ávísunarhafi ekki, svo séð verði af málinu, sýnt áfrýjanda ávísunina til innlausnar eða krafið hann um borgun á henni, en í ávísunni var ekki ákveðinn neinn gjalddagi. Verður því ekki talið, að hér hafi verið um nein vanskil á eftirgjaldinu að ræða.

Samkvæmt framanrituðu verður ekki á það fallist, að áfrýjanda hafi verið löglega bygt út af jörðinni Felli og að því hafi verið lög til þess, að bera áfrýjanda út af jörðinni samkvæmt kröfu stefnda, ber því að ónýta hinn áfrýjaða fógetaúrskurð. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður skal vera ógildur. Stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 19. janúar.

Nr. 39/1913. Jón Zoëga
gegn
Sveini Björnssyni fyrir hönd
Ernst Neumärker.

Dómur:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur uppkveðnum 5. júní f. á. var áfrýjandi þessa máls Jón Zoëga kaupmaður dæmdur til að greiða Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd Ernst Neumärker í Dusseldorf viðskiftaskuld kr. 336,91 með 5 % ársvöxtum frá 1. marz 1910 til 2. apríl 1912 og 6 % ársvöxtum frá síðarnefndum degi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefir Jón Zoëga skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. ágúst f. á., og krafist þess, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi hefir mótmælt þessum kröfum, en haldið fram kröfum sínum fyrir undirréttinum.

Umstefnd krafa er svo til komin, að í ágústmánuði 1909 sendi stefndi áfrýjanda samkvæmt pöntun hans myndalista (rammalista) í 3 rimlakössum; kom sendingin með einu af skipum »Sameinaða gufuskipafélagsins« og fylgdi henni reikningur og 4 mánaða víxill, fyrir reikningsupphæðinni, er áfrýjandi skyldi samþykkja og endursenda stefnda. En áfrýjandi neitaði að taka við listunum og bar því við, að þeir væru stórskemdir, og væri það að kenna ónógum umbúðum og illum frágangi stefnda á

sendingunni. Hafa listarnir síðan verið í vörzlum afgreiðslumanns gufuskipafélagsins. Til sönnunar því, að téð mótmæli hans gegn sendingunni væru réttmæt, lét áfrýjandi fyrir undirréttinum kveðja 2 menn til að skoða listana og komust þeir að þeirri niðurstöðu, er þeir staðfestu fyrir réttinum, að listarnir í 2 kössunum væru nokkuð skemdir, og að það væri að kenna lélegum og alveg ófullnægjandi umbúðum; í 3. kassanum telja þeir umbúðirnar óbilaðar að mestu leyti og listana í honum að líkindum lítið skemda. Stefndi hefir mótmælt þessari skoðunargerð á listunum svo löngu eftir að þeir voru fluttir hingað, en með því að hann hefir eigi bent á líkur til þess, að þeir hafi spilst í vörzlum afgreiðslumannsins, virðist mega gera ráð fyrir því, að þeir hafi komið úr flutningnum eins og skoðunarmennirnir lýsa þeim. Að öðru leyti er skoðunargerðin ófullnægjandi; af henni verður eigi séð, að skoðunarmennirnir hafi tekið listana úr kassanum og rannsakað skemdirnar á þeim hverjum fyrir sig, en þeir virðast að eins hafa athugað þá eins og þeir lágu í umbúðunum, enda hafa þeir eigi látið þess getið, hvort allir listarnir í hinum biluðu kössum hafi verið skemdir, eða hve mikið af þeim óskemt, og listana í 3. kassanum hafa þeir alls eigi skoðað. Það er því, þrátt fyrir skoðunargerðina, eigi fengin nægileg skýrsla um það, að svo mikið hafi kveðið að skemdunum, að áfrýjanda hafi fyrir þá sök verið heimilt að vísa allri sendingunni á bug.

En þó að áfrýjandi hefði haft réttmæta ástæðu til að reka vöruna aftur, bar honum að tilkynna stefnda það svo fljótt sem ástæður leyfðu, en stefndi heldur því fram, að það hafi áfrýjandi eigi gert, og að hann (stefndi) hafi eigi

fyr en með bréfi áfrýjanda 22. marz 1910 fengið vitneskju um, að hann hefði neitt út á sendinguna að setja. Áfrýjandi fullyrðir hins vegar, að hann hafi í tækan tíma sent stefnda tilkynningu um þetta; hann hefir þó eigi gegn mótmælum stefnda sannað þessa staðhæfingu sína eða gert hana sennilega, en hins vegar styður það umsögn stefnda um þetta atriði, að hann 15. des. 1909, þegar fyrgreindur víxill var kominn í gjalddaga, en ekki innleystur, gaf út nýjan víxil á áfrýjanda, og fekk hann banka til innheimtu, en það hefði verið tilgangslaust, ef hann hefði þá vitað, að áfrýjandi vildi eigi taka við sendingunni né borga hana. Í bréfinu 22. marz 1910 til stefnda getur áfrýjandi að vísu um bréf, er hann hafi áður skrifað stefnda um illan umbúnað á listunum, en stefndi kannast eigi við, að hafa meðtekið það bréf, og áfrýjandi hefir jafnvel eigi getað tilgreint dagsetningu þess.

Til vara hefir áfrýjandi krafist þess, að sér verði leyft að staðfesta skýrslu sína um þetta málsatriði með eiði, en þar sem ekkert er fram komið í málinu til stuðnings þeirri skýrslu, getur sú krafa eigi komið til álita, og verður þá að líta svo á, að áfrýjandi hafi eigi í tækan tíma tilkynt stefnda mótmæli sín gegn sendingunni, og fyrir því geti hann eigi losast við að taka á móti hinni pöntuðu vöru og borga stefnda hana. Verð listanna var samkvæmt reikningi stefnda m. 367,80 og kostnaður við fyrtéðan víxil m. 6,55, samtals m. 374,35 eða kr. 336,91 í dönskum peningum, og er þessum upphæðum eigi mótmælt af áfrýjanda. Ber því, eins og undirdómarinn hefir gert, að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 336 kr. 91 e. með vöxtum eins og segir í bæjarþingsdómnum, og

með því að einnig verður fallist á ákvæði hans um málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Stefndi hefir eigi krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi, og fellur hann því niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 44/1913. Páll Einarsson borgarstjóri f. h. bæjarstjórnar Reykjavíkur gegn Jóni Ólafssyni.

Dómur:

Með stefnu dags. 19. sept. f. á. hefir áfrýjandi, Páll Einarsson borgarstjóri fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur, skotið til yfirdómsins úrskurði uppkveðnum 11. júní f. á. í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu í þá átt, að synjað var um útburð stefnda, Jóns bónda Ólafssonar, af ábýlisjörð hans Bústöðum í Seltjarnarneshreppi, sem er eign Reykjavíkur-kaupstaðar. Krefst áfrýjandi þess, að fógetagerðinni verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að víkja af jörðinni og skyldaður til þess að greiða

málskostnað fyrir yfirdómi og fógetarétti eftir mati yfirdómsins. En í sókn hans er réttarkrafan orðuð svo, að úrskurðinum verði hrundið og stefndi skyldaður til að víkja af jörðinni, þannig að útburður fari fram, ef með þarf.

Stefndi hefir eigi komið í yfirdóminn, þótt honum hafi verið löglega stefnt og enginn af hans hendi til andsvara í málinu, og verður það þá samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilskipun 3. júní 1796, 2. gr., dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Þó að krafa áfrýjanda fyrir fógetaréttinum og krafa hans fyrir yfirdóminum sé eigi fyllilega samhljóða, þykir eigi fyrir þá sök nauðsynlegt, að vísa málinu frá yfirdóminum, með því að síðari krafan fer eigi lengra en hin fyrri og felst í henni.

Þann 30. maí 1885 fékk stefndi byggingarbréf fyrir nefndri jörð Bústöðum af þáverandi eiganda hennar H. Th. A. Thomsen kaupmanni. Árið 1897 seldi Thomsen jörðina enskum manni, H. A. Payne, en hann skifti henni við áfrýjanda með makaskiftabréfi 11. júlí 1902 gegn veiðirétti í sjó fyrir Kleppslandi. Öll þessi ár, síðan byggingarbréfið var gefið út 1885, hefir stefndi búið á jörðinni, en í júlímánuði 1912 sagði áfrýjandi stefnda upp ábúðinni til burtflutnings af jörðinni í fardögum 1913, og var útbyggingarbréf birt honum af stefnuvottum 20. s. m., en hann sinti því ekki og sat kyr; krafðist því áfrýjandi, að hann væri borinn út, en með hinum áfrýjaða úrskurði neitaði fógetinn að taka þá kröfu til greina.

Fyrir fógetaréttinum taldi stefndi þá ástæðu til þess, að honum væri óskylt að gegna útbyggingunni og víkja af jörðinni, að hann hefði lífstíðarábúð á henni, og hefði fengið þann rétt síðustu árin, sem Payne var eigandi Bú-

staða og áður en áfrýjandi eignaðist þá. Svo hélt stefndi því og fram, að þar sem hann hefði ekki fengið neitt byggingarbréf af áfrýjanda, yrði samkvæmt lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. janúar 1884, 2. gr., að líta svo á, að honum hefði verið bygð jörðin æfilangt. Og enn taldi stefndi það, að áfrýjandi hefði sjálfur alt fram að 1912 litið svo á, að stefndi sæti í lífstíðarábúð, og sönnun fyrir því væri það, að formaður bæjarstjórnarinnar hefði ávalt tekið við afgjaldi jarðarinnar fyrirvaralaust og án þess að minnast á ábúðartímann.

Í byggingarbréfinu 1885 var svo ákveðið um ábúðartímann, að leiguliði skyldi, ef hann vildi taka jörðina til byggingar eða segja henni lausri næsta ár, gera það í síðasta lagi fyrir jól ár hvert. Þetta ákvæði hélzt óbreytt í tíð Payne's sem eiganda og eigi gaf hann út nýtt byggingarbréf, en öll þau ár var ritað á byggingarbréfið frá 1885 um endurnýjun ábúðarréttarins næsta ár, og er nafn stefnda undir öllum þessum áritunum. En hann neitar því, að hann hafi ritað eða leyft að rita nafn sitt undir áritanirnar fyrir tvö síðustu árin 1901—1902 og 1902—1903 og virðist byggja á því, að nefnt ákvæði byggingarbréfsins um ársábúð í senn hafi þá gengið úr gildi, er hann hætti að rita undir endurnýjun bréfsins, og lífstíðarábúð komið í staðinn. En hvað sem líður þessari umsögn stefnda um misbrúkun á nafni hans, sem að öðru leyti eftir atvikum málsins er ósennileg, þá skiftir hún hér eigi máli, með því að stefndi hefir í yfirlýsingu dags. 8. maí 1897, um það leyti, er Thomsen seldi Payne jörðina, skuldbundið sig til að sæta sömu kjörum gagnvart hinum nýja eiganda (Payne) hvað uppsagnarfrest á leigumálanum snertir, eins og hann hafi notið eftir bygging-

arbréfinu 1885. Það sést eigi, að Payne hafi leyst stefnda frá þessari skuldbindingu, eða stefndi jafnvel nokkru sinni farið fram á það við hann.

Það er því eigi rétt, að stefndi hafi verið orðinn lífstíðarábúandi á Bústöðum áður en áfrýjandi eignaðist þá. Við makaskiftin 11. júlí 1902 var það samkomulag semjenda, að ábúandi á Bústöðum héldi ábúðarrétti sínum samkvæmt byggingarbréfi sínu, er fengið skyldi í hendur bæjarstjórninni við undirskrift makaskiftagjörningsins, og má telja víst, að stefndi hafi þá þegar verið látinn vita um þetta samningsatriði, enda hefir hann eigi neitað að svo hafi verið og fullnægt leiguskilmálum byggingarbréfsins eins eftir að áfrýjandi varð landsdrottinn sem áður. Eftir þessum málavöxtum verður nú eigi litið svo á, að ákvæði 2. gr. í fyrnefndum lögum 12. jan. 1884, eigi að koma hér til greina, með því að lagaákvæði þetta segir ekkert um það, að skylt sé eða nauðsynlegt að gefa út nýtt byggingarbréf, þegar eigandaskifti verða að jörð, enda verður eigi séð, við hvað slík skylda eða nauðsyn ætti að styðjast, þegar hlutaðeigendur eru ásáttir um, að leiguliði sitji við sömu ábúðarskilmála og áður eftir byggingarbréfi, sem hann hefir í höndum, því að með því virðist nefndu ákvæði ábúðarlaganna vera fullnægt, og verður eftir þessu að álíta, að byggingarbréfið 1885 hafi sama gildi gagnvart stefnda, eins og áfrýjandi hefði gefið það út.

Eftir að áfrýjandi varð eigandi Bústaða, bjó stefndi þar umtölulaust, og virðist af hvorugs þeirra hálfu engu hafa verið hreyft um ábúðartímann þangað til 1912, er uppsögnin var birt stefnda. Af þessu hefir hann nú, sem fyr segir, viljað leiða það, að áfrýjandi hafi ætlað honum

æfiábúð eða talið hann hafa fengið hana. Hins vegar tjáist áfrýjandi ávalt hafa litið svo á, að ákvæði byggingarbréfsins um uppsögn og endurnýjun ábúðarinnar stæðu óbreytt, og að ábúðin endurnýjaðist samkvæmt því þegjandi frá ári til árs, meðan hvorugur, landsdrottinn eða leiguliði, óskaði breytingar á henni. Þess er áður getið, að stefndi átti samkvæmt byggingarbréfinu að fala ábúðina áfram eða segja henni lausri fyrir jól ár hvert, og það að stefndi lét þetta undir höfuð leggjast gat varðað hann missi ábúðarréttarins í næstu fardögum uppsagnarlaust, ef áfrýjandi vildi svo vera láta. En þó að áfrýjandi léti þetta viðgangast óátalið um allmörg ár, er eigi heimild til að ætla, að afleiðingin af því hafi orðið sú, að stefndi hafi öðlast lífstíðarábúð, en að eins hitt, að áfrýjandi varð að segja honum upp ábúðinni, ef hann vildi fá jörðina lausa, en gat eigi látið hann fara fyrirvaralaust. Og með því að áfrýjandi bygði stefnda út af Bústöðum með löglegum fyrirvara til fardaga 1913, var stefnda skylt að víkja þá af jörðinni og fógetanum að bera hann út, er áfrýjandi krafðist þess. Það verður því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógetann að framkvæma útburðargjörðina. Eftir þessum úrslitum þykir stefndi eiga að greiða áfrýjanda málskostnað og ákveðst hann 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ógildur, og ber fógetanum að framkvæma hina umbeðnu útburðargjörð. Stefndi Jón Ólafsson greiði áfrýjanda Páli

Einarssyni borgarstjóra fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur 30 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 9. febrúar.

Nr. 41/1913. Bæjarstjórn og hafnarnefnd Reykjavíkur gegn Th. Krabbe.

Dómur:

Í bréfi dags. 9. des. 1911 fór borgarstjóri Reykjavíkur Páll Einarsson þess á leit við Stjórnarráðið, að það veitti samþykki sitt til þess, að Th. Krabbe landsverkfræðingur léti honum í té aðstoð sína við samninga um hafnargerð í Reykjavík við útlendan verkfræðing, sem þá var hér staddur, og í bréfi dags. 14. s. m. tilkynti Stjórnarráðið borgarstjóra, að hann mætti vænta aðstoðar nefnds verkfræðings við samninga um hafnargerð hér í bænum, og skyldi snúa sér til hans í því efni. Það varð þó ekki af samningum við hinn útlenda verkfræðing með því að bæjarstjórnin samþykti á fundi 28. des. s. á., að bjóða út eða auglýsa hafnargerðina til undirboðs, og fól hafnarnefndinni að annast undirbúning og framkvæmd útboðsins, en nefndin ákvað á fundi sínum 5. janúar 1912, að beiðast aðstoðar Th. Krabbe verkfræðings við samning

útboðsskilmála og sendi einn af nefndarmönnum til hans í þeim erindum. Tókst hann verkið á hendur, og fullgerði það fyrir lok marzmánaðar s. á. — Voru gögn þau til undirbúnings útboðinu, er Krabbe hafði samið, lögð fyrir hafnarnefndina í aprílmánuði s. á., og samþykt af henni með litlum breytingum, og samkvæmt þeim var svo hafnargerðin boðin út með auglýsingu borgarstjóra í maí s. á. Fyrir verk sitt krafðist Th. Krabbe borgunar úr hafnarsjóði kr. 3000,00 og sendi hafnarnefndinni reikning fyrir þeirri upphæð, en nefndin taldi 2500 kr. vera sæmilega borgun fyrir starfið, og þegar til bæjarstjórnarinnar kom, vildi hún eigi heldur borga síðarnefnda upphæð, en samþykti »eftir atvikum« að greiða Krabbe 1000 kr. fyrir starf hans. Þar sem hann nú eigi vildi láta sér lynda þessa borgun og bæjarstjórnin eigi vildi þekkjast tilboð hans um að leggja ágreininginn í gerð, hóf hann mál þetta á bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjendunum bæjarstjórn og hafnarnefnd Reykjavíkur, og lauk því svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 14. ágúst f. á., að áfrýjendurnir voru dæmdir til að greiða stefnda Th. Krabbe 3000 kr. með 5 % ársvöxtum frá 17. okt. 1912 til greiðsludags og 40 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1. sept. f. á. og krafist þess aðallega, að honum verði hrundið og breytt þannig, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnda, en til vara, að krafa hans verði lækkuð um 2000 kr. eða þá upphæð, er rétturinn telji hæfilega, og hvernig sem málið fer, krefjast þeir málskostnaðar fyrir báðum réttum.

Stefndi krefst af sinni hálfu staðfestingar á bæjar-

þingsdóminum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Aðalkröfu sína, um sýknun í málinu, byggja áfrýjendur á því, að stefndi sé ráðinn í þjónustu landsstjórnar og héraðsstjórna gegn ákveðnu föstu árskaupi, sé fjárveitingin til hans á fjárlögunum 1912—1913 orðuð svo: »til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum«, og aðstoð hans við undirbúning hafnargerðarinnar verði þannig að teljast til þessa starfa, er hann sé ráðinn til og fái borgun fyrir úr landssjóði samkvæmt tilvitnuðu ákvæði fjárlaganna, og hafi því eigi átt að kosta bæjarsjóðinn neitt.

Gegn þessari varnarástæðu áfrýjenda tekur stefndi það fram, að landsstjórnin ein ráði því, hvenær og hvar aðstoð verkfræðings sé látin í té, héraðsstjórnir ráði engu um það, en verði að snúa sér til landsstjórnarinnar í því efni, og verkfræðingnum sé því að eins skylt að veita héraðsstjórnum aðstoð, að landsstjórnin leggi svo fyrir hann, en það hafi hún eigi gert að því er kemur til undirbúnings hafnargerðarinnar. Ennfremur staðhæfir stefndi, að það hafi eigi verið tilætlunin með þessa fjárveitingu, að henni yrði varið til að útvega Reykjavíkurkaupstað aðstoð verkfræðings, enda hafi beint talast svo til milli landsstjórnarinnar og stefnda, er honum var falið starfið, að honum yrði eigi lagt fyrir að starfa í þarfir Reykjavíkur án sérstakrar borgunar.

Þó að þessar síðasttöldu staðhæfingar stefnda um að Reykjavík hafi eftir tilætlun fjárveitingarinnar og samningi eða samkomulagi stefnda við landsstjórnina, átt að fara algerlega á mis við ókeypis aðstoð hans, sem eingöngu sé ætluð öðrum héraðsstjórnum landsins, séu vé-

fengdar og ósannaðar, enda engin heimild fyrir þeim í fjárlögunum, þá er hitt rétt, að það er á valdi landsstjórnarinnar, hvar og hvenær aðstoð verkfræðingsins er notuð, og að honum er að eins skylt að láta hana í té eftir fyrirmælum hennar. Það er nú að vísu svo, að í fyrgreindu bréfi til stjórnarráðsins 9. des 1911 beiddist borgarstjóri aðstoðar stefnda til samninga um hafnargerðina við útlendan verkfræðing, og að ekkert varð af þeim samningum, en svar stjórnarráðsins virðist vera þannig orðað, að í því felist einnig heimild til að nota aðstoð stefnda til undirbúnings útboði á hafnargerðinni, enda er hér um að ræða samskonar störf við sama fyrirtækið, hafnargerðina, svo að eigi verður gert ráð fyrir, að stjórnarráðið mundi vilja heimila aðstoð stefnda til annars starfsins, en ekki hins, og eigi hefir verið bent á neina ástæðu, er geri slíkt sennilegt. Sé það rétt, sem hér er talið, að heimild sú, er stjórnarráðið veitti áfrýjendum til að nota aðstoð stefnda, hafi einnig náð til starfs þess, er hann leysti af hendi til undirbúnings hafnargerðarútboðinu, þá verður ekki annað ætlað, en að sú heimild hafi verið veitt samkvæmt fjárlögunum, þannig að eigi hafi átt að koma önnur borgun fyrir verkið, en þar er ákveðin, nema öðruvísi hafi verið umsamið við stefnda.

En nú er það viðurkent í málinu, að hafnarnefndin hafi, er hún sneri sér til stefnda eftir fundinn 5. janúar 1912, heitið honum borgun fyrir starfið, er skyldi ákveðin síðar, þegar það sæist, hversu umfangsmikið verkið yrði. Því er að vísu haldið fram af áfrýjendum, að hafnarnefndin hafi eigi verið bær um að skuldbinda hafnarsjóðinn til neinna fjárútláta í þessu skyni, því að það hafi bæjarstjórnin ein getað gert, en þar sem hafnarnefnd var

hér í bæjarstjórnarinnar stað, þar sem eigi verður talið óeðlilegt, er um svo áríðandi starf var að tefla sem undirbúning hafnargerðarútboðsins, að stefnda væri heitið sérstakri borgun, og bæjarstjórnin virðist hafa viðurkent þetta með því að samþykkja að greiða honum álitlega upphæð fyrir starfið, og þar sem eigi verður litið svo á og því er eigi heldur haldið fram, að stefndi hafi stöðu sinnar vegna eigi mátt taka á móti sérstakri borgun, þá gat hann gert sér réttmæta von um, að loforði hafnarnefndarinnar yrði fullnægt, og verður því að telja, að hann eigi tilkall til hæfilegrar aukaborgunar fyrir starf sitt.

Aðalkröfu áfrýjenda um fulla sýknun af kröfum stefnda þykir, samkvæmt því, er nú hefir verið sagt, ekki eiga að taka til greina, en varakrafan um niðurfærslu á borguninni til stefnda, kemur þá til álita.

Stefndi hefir miðað kröfu sína að nokkru leyti við borgun fyrir samskonar verk eftir verðskrá danskra verkfræðinga, en í þessari verðskrá er borgun talin í hundraðsgjöldum af þeirri upphæð, er áætlað er, að kostnaður við mannvirkið muni nema, og lætur stefndi þess getið, að það sé orðin venja verkfræðinga hér á landi, að reikna kaup fyrir verk sín á grundvelli þessarar verðskrár. Af áfrýjenda hálfu er þessu neitað, og því yfirleitt mótmælt, að neitt verði byggt á nefndri verðskrá um borgun fyrir starf stefnda, með því að kaupþæðir þær, sem þar eru taldar, séu ekki í neinu sennilegu hlutfalli við borgun, er greidd sé fyrir neitt annað starf hér á landi. Það verður nú eigi heldur eftir öllum málavöxtum talið rétt, að meta kröfu stefnda eftir þessum mælikvarða eða með hliðsjón af honum, enda virðist stefndi og maður sá, er við hann samdi fyrir hönd hafnarnefndarinnar, eigi hafa ætlast til,

að svo yrði gert, því að þeim kom saman um, að um borgun yrði eigi samið fyr en eftir á, er séð væri, hve mikið verk stefndi inti af hendi, og hafa þannig eigi gert ráð fyrir, að borgunin yrði talin í hundraðsgjöldum af áætluðum kostnaði við hafnargerðina. Það verður eftir þessu að telja réttara, að ákveða borgunina til stefnda eftir því, hve mikið verk hann hefir unnið og hve mikinn tíma og fyrirhöfn hann hefir lagt í það.

Á fundinum 28. des. 1911 samþykti bæjarstjórnin að gera höfnina og bjóða út verkið á grundvelli áætlunar Gabriels Smiths, norsks verkfræðings, um hafnargerðina. Áætlun og uppdrætti eftir þennan verkfræðing hafði stefndi fyrir sér og bygði að miklu leyti á þeim verk það, er hann afhenti hafnarnefndinni, en það var lýsing á hafnargerðinni að efni og frágangi, útboðsskilmálar almennir og sérstakir og uppdrættir af öllum mannvirkjunum. Stefndi hélt því fyrst fram, að verk Smiths hefði að mestu leyti verið gert að eins í stórdráttum (verið »skitseret Projekt«) og fyrir því hefði verk stefnda einnig að mestu leyti orðið að vera sundurliðuð greinargerð fyrir einstökum atriðum (»detailleret Projekt«), en að áliti tveggja verkfræðinga, sem fengið var að tilhlutun stefnda, fullnægði áætlun Smiths í öllum venjulegum atriðum þeim kröfum, sem gerðar eru til »detailleret Projektering« eftir launareglum danskra verkfræðinga, og verður að byggja á þessu áliti, sem stefndi hefir ekki vefengt. Starfið tók stefnda tæpa 3 mánuði, og sjálfur nefnir hann það aukavinnu, er hann þá hefir leyst af hendi við hliðina á skyldustörfum sínum í þarfir landsstjórnarinnar. Kostnað við starfið hafði stefndi engan, en borgun fyrir aðstoð, er hann áskildi sér var greidd úr hafnarsjóði. Þá verður

og á það að líta, að áfrýjendur áttu samkvæmt fjárlögunum tilkall til ókeypis aðstoðar stefnda eigi síður en aðrar héraðsstjórnir, og gat hann því eigi, þó að honum væri lofað sérstakri borgun, búist við svo fullu endurgjaldi fyrir starf sitt, sem hann hefði getað krafist af öðrum, er eigi áttu tilkall til aðstoðar hans.

Að öllu þessu athuguðu og með tilliti til þess hins vegar, að starf stefnda virðist hafa verið all-umfangsmikið, að það var mikils varðandi fyrir hafnargerðina og að hún var boðin út samkvæmt því, virðist borgun til stefnda fyrir þetta starf hans hæfilega ákveðið 1500 kr., og ber áfrýjendum að greiða honum þessa upphæð með vöxtum, eins og segir í bæjarþingsdóminum.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendurnir, bæjarstjórn og hafnarnefnd Reykjavíkur, greiði stefnda Th. Krabbe verkfræðing 1500 krónur með 5 % ársvöxtum frá 17. okt. 1912 til greiðsludags. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Dóminum að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 9. marz.

Nr. 15/1913. Bankastjórar Emil Schou og Tofte f. h. Íslandsbanka gegn Magnúsi Ásgrímssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Björn Líndal yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd útbús Íslandsbanka á Akureyri fyrir gestarétti Skagafjarðarsýslu gegn stefnda Magnúsi Ásgrímssyni hreppstjóra á Sléttubjarnarstöðum til þess að fá hann dæmdan til að greiða útbúinu skaðabætur kr. 1723,27 auk vaxta, fyrir tjón, er það hafði beðið fyrir ranga vottun stefnda á sjálfsskuldarábyrgðarskjal um nafn eins ábyrgðarmannsins, er síðar reyndist vera ritað í heimildarleysi. Var málið dæmt í nefndum rétti 12. nóv. 1912 með þeim úrslitum, að stefndi skyldi greiða útbúinu 150 kr. með 6 % vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en málskostnaður skyldi falla niður. Þessum dómi hafa áfrýjendurnir Schou og Tofte bankastjórar fyrir hönd Íslandsbanka skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 25. marz f. á. og krafist þess, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða bankanum kr. 1723,27 með 6 % vöxtum frá 29. febrúar 1912 til borgunardags og málskostnað að skaðlausu fyrir báðum dómum. Stefndi krefst af annari hálfu staðfestingar á dómnum í öllum greinum og málskostnaðar fyrir yfirdómi að skaðlausu eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að 9. jan. 1906 fekk Þorgils Hjálmarsson borgari á Óslandi í Skagafirði lán að

upphæð 1300 kr. í útbúi Íslandsbanka á Akureyri gegn sjálfsskuldarábyrgð þriggja skagfirzkra bænda, Sölva Sigurðssonar í Lónkoti, Guðmundar Sigurðssonar á Grindum og Gunnlaugs Jóhannessonar á Litlabæ, og seldi hann útbúinu í hendur ábyrgðarskjal þessara manna dags. 23. des. 1905 með undirskrifuðum nöfnum þeirra og árituðu vottorði stefnda svolátandi: »Að ofanritaðir ábyrgðarmenn hafi af fúsum vilja og alls gáðir tveir af þeim handsalað og einn ritað nafn sitt í minni og vottanna viðurvist, og að þeir eru vel stæðir, sér í lagi er Sölvi Sigurðsson talinn í mjög góðum efnum, það vottast hér með af undirrituðum hreppstjóra«. Af höfuðstól láns þessa voru greiddar 100 kr. og vextir til 9. jan. 1909, en það ár fór lántakandi alfarinn af landi burt án þess að gera frekari skil fyrir láninu. Í máli, sem útbúið eftir það í febrúarmánuði 1910 höfðaði á hendur ábyrgðarmönnunum til greiðslu á eftirstöðvum lánsins, synjaði einn þeirra, Sölvi Sigurðsson, með eiði fyrir það, að hann hefði ritað eða leyft að rita nafn sitt undir ábyrgðarskjalið 23. des. 1905, enda vitnaðist það og í því máli af skýrslu stefnda sjálfs fyrir notarius publicus, að Sölvi Sigurðsson og Guðmundur Sigurðsson höfðu eigi verið viðstaddir, þegar nöfn þeirra voru af lántakanda í viðurvist stefnda rituð undir ábyrgðarskjalið og stefndi ritaði framanskráð vottorð á það, en hann bar það fyrir sig, að hann hefði, er hann reit vottorðið, haft fyrir sér bréf frá þeim Sölva og Guðmundi, er lántakandi færði honum og þar sem þeir hefðu heimilað nafn sitt undir skjalið, en Sölvi kannaðist eigi við, að hafa skrifað neitt slíkt bréf.

Áfrýjendur halda því fram, að stefndi hafi með hinu ranga vottorði á ábyrgðarskjalið orðið valdur að því, að

Þorgilsi Hjálmarssyni var veitt lánið, sem hann annars alls ekki hefði fengið, eigi stefndi því sök á því tjóni, sem bankinn hefir beðið við lánveitinguna og sé skyldur að bæta það að fullu. En stefndi vill hins vegar eigi kannast við, að vottorðið sé rangt, og styður hann það einkum við áðurgreint bréf, er hann tjáist hafa fengið frá Sölva Sigurðssyni og hann telur hafa verið næga heimild fyrir undirskrift nafns hans; svo tjáist hann og hafa orðað og ætlast til, að vottunin um návist sína og vottanna við undirskrift ábyrgðarbréfsins yrði skilin svo, að hún ætti að eins við undirskrift þess ábyrgðarmannsins, er sjálfur ritaði nafn sitt undir skjalið. En upp úr þessum varnarástæðum stefnda verður ekkert lagt, með því að vottorð hans, eins og það er orðað, verður eigi á annan veg skilið, en að hann einnig hafi verið viðstaddur handsölun á nöfnum þeirra Sölva og Guðmundar, og þó að hann hefði fengið bréf frá þeim þess efnis, er hann heldur fram, þá mátti honum vera ljóst, að með því væri eigi fullnægt því, sem til var ætlast af honum og átti að veita útbúinu tryggingu fyrir gildi ábyrgðarskjalsins, að undirskriftirnar og handsölin hefðu farið fram í hans viðurvist. Stefndi hefir því eigi réttlætt téða athöfn sína, og kemst hann því eigi hjá að bera ábyrgð á tjóni því, er áfrýjendur hafa orðið fyrir vegna hins ranga vottorðs og greiða þeim skaðabætur fyrir það.

Skaðabótaupphæðina telja áfrýjendur eftirstöðvar lánsins með vöxtum frá 9. jan. 1909 til 22. febr. 1912 kr. 1476,02 og kostnað við lögsókn gegn ábyrgðarmönnunum kr. 247,25, samtals kr. 1723,27, sem er dómkrafan í málinu. En stefndi fer því fram, að skaðabæturnar geti eigi verið hærri en sú upphæð, er fáanleg hefði verið hjá

Sölva Sigurðssyni, ef undirskrift hans hefði verið með réttri heimild, því að útbúið eigi ekki að vera betur sett eða græða á því, að undirskrift Sölva var tekin í heimildarleysi, en það sé sannað með skýrslu Sölva, sem eigi hafi verið mótmælt, að hann hafi eigi átt meiri fjármuni en svarar 150 kr., þegar útbúið gekk að ábyrgðarmönnunum, og fyrir því geti áfrýjendur ekki átt tilkall til frekari skaðabóta, en þeirri upphæð nemur. — En við þetta athugast, að ábyrgðarmennirnir hafa í sama skjalinu skuldbundið sig einn fyrir alla og allir fyrir einn til að ábyrgjast lán Þorgils Hjálmarssonar og samkvæmt þessari orðun skjalsins og eðli slíkrar skuldbindingar verður að skilja hana svo, að enginn einn ábyrgðarmannanna hafi orðið skuldbundinn, nema hinir yrðu það einnig eða jafnframt, en af þessu leiðir það þá, að þegar undirskrift Sölva reyndist ógild, voru hinir ábyrgðarmennirnir frá upphafi lausir við ábyrgðina. Fyrir heimildarlausa undirskrift á nafni Sölva glataði útbúið því eigi að eins ábyrgð hans á láninu heldur og hinna ábyrgðarmannanna. En þegar svo er að enginn þeirra var bundinn við ábyrgðina verða skaðbætur þær, er áfrýjendur eiga rétt á, eigi metnar eftir því, hvort ábyrgðarmennirnir hefðu getað greitt lánið eða nokkuð af því, og það kemur þá eigi heldur til álita, sem stefndi hefir viljað telja sér til varnar, hvort útibúið hafi dregið um of að ganga að ábyrgðarmönnunum og efnahag þeirra hnignað á meðan.

En þar sem telja verður vafalaust, að útbúið hefði synjað um lánið, ef það hefði eigi reitt sig á, að vottorð stefnda væri rétt, verður að líta svo á, að stefndi með vottorðinu hafi orðið valdur að tjóni því, er útbúið beið við lánveitinguna og virðist því eiga að miða skaða-

bæturnar við það. Eru það fyrst eftirstöðvar lánsins kr. 1200,00 og vextir af þeim frá 9. jan. 1909 til stefnudags kr. 276,02 að frádregnum kr. 10,58, sem virðast vera oftaldir vextir (7 % fyrir 6½ % frá 9. jan. til 9. júlí 1910) og vaxtavextir, með því að eigi sést, að ákveðin hafi verið hækkun vaxtanna nefnt tímabil samkvæmt heimild í skuldabréfinu, og þar næst kostnaðurinn við málssókn gegn ábyrgðarmönnunum kr. 247,25; stefndi hefir að vísu mótmælt þessum kostnaði sem of háum og máli þessu óviðkomandi, en hann hefir eigi rökstutt þau mótmæli nægilega, svo að þau geti komið til greina. Verða þá samkvæmt þessu úrslit málsins, að dæma ber stefnda til að greiða áfrýjendunum kr. 1200,00 + kr. 265,44 + kr. 247,25 eða samtals kr. 1712,69 með 6 % ársvöxtum frá 29. febrúar 1912 til greiðsludags.

Í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi þykir rétt að stefndi greiði áfrýjendum 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Magnús Ásgrímsson greiði áfrýjendum Emil Schou og Tofte bankastjórum fyrir hönd Íslandsbanka 1712 kr. 69 a. með 6 % ársvöxtum frá 29. febr. 1912 til greiðsludags og 100 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 16. marz.

Nr. 54/1913. L. M. Diechmann
gegn
Kristjáni Kristjánssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Kristján Kristjánsson steinsmiður í Reykjavík í héraði gegn vélasmið L. M. Diechmann í Reykjavík til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér 2785 krónur með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi, sem eftirstöðvar af byggingarverði húss, er hann hafði bygt samkvæmt samningi, og 500 krónur í skaðabætur fyrir brot á byggingarsamningnum, svo og málskostnað að skaðlausu, að meðtöldu málaflutningsmannskaupi samkvæmt gjaldskrá málaflutningsmannafélags Íslands. Var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur þ. 26. júní f. á. með þeim úrslitum, að stefndi í héraði skyldi greiða stefnandanum 2600 krónur með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags að frádregnum þeim kostnaðarupphæðum samanlögðum, sem fullnægjandi endurbætur á nokkrum göllum, er á húsinu voru og tilgreindir eru í bæjarþingsdómnum, hefðu í för með sér eftir mati dómkvaddra óvilhallra manna. Málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir vélasmiður L. M. Diechmann áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 21. nóv. f. á. og krafist þess, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði að eins dæmdur til að greiða Kristjáni Kristjánssyni 883 kr. 50 a. eða allra hæst 922 kr. 50 a., en til vara að undirréttardómurinn verði staðfest-

ur, og að honum, hvernig sem málið fer, verði tildæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Kristján Kristjánsson steinsmiður hefir hins vegar gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 22. nóv. f. á. og gert þær réttarkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 2785 kr. með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og 500 kr. í skaðabætur ásamt málskostnaði að skaðlausu fyrir undirrétti og yfirdómi, en til vara, að undirréttardómurinn verði staðfestur.

Tildrögin til máls þessa eru þau, að þ. 7. sept. 1912 gerðu málsaðilar með sér samning þess efnis, að gagnáfrýjandi tók að sér að byggja fyrir aðaláfrýjanda einhæðað vélavinnuhús á lóð aðaláfrýjanda á horni Lindargötu og Vatnsstígs í Reykjavík, samkvæmt uppdrætti, er samþyktur hafði verið af byggingarnefnd Reykjavíkur. Átti gagnáfrýjandi að leggja til alt efni í húsið að fráskildum gluggum, en nota mátti hann efni úr húsi, er aðaláfrýjandi átti á lóðinni og varð eign gagnáfrýjanda um leið og byggingarsamningurinn var gerður. Gagnáfrýjandi skyldi einnig leggja til alla vinnu við húsið og skila því fullgerðu í síðasta lagi 7. okt. s. á., svo að taka mætti það til notkunar án þess aðaláfrýjandi þyrfti nokkra vinnu að leggja til eða hafa nokkurn kostnað við húsið áður en það yrði tekið til notkunar. Gagnáfrýjandi var þó ekki skyldur til að inna neitt af hendi, er snerti útbúnað fyrir vélarnar í húsinu. Samkvæmt samningnum hafði aðaláfrýjandi rétt til meðan á byggingunni stóð, að ákveða breytingar á húsinu frá því, sem ákveðið var í samningnum, en gagnáfrýjandi átti að fá aukaborgun, ef

slíkar breytingar hefðu aukinn byggingarkostnað í för með sér. Ef húsið ekki yrði afhent al-tilbúið á ákveðnum tíma, átti aðaláfrýjandi samkvæmt samningnum rétt á að lúka við það á kostnað gagnáfrýjanda. Fyrir húsið fullgert átti aðaláfrýjandi að greiða gagnáfrýjanda 3250 krónur. Þar af voru greiddar 500 krónur þegar samningurinn var undirritaður og 300 krónur þegar veggir hússins voru fullsteyptir, en afgangurinn, 2450 krónur, er aðaláfrýjandi átti að greiða, þegar byggingunni væri lokið, húsið afhent og lán fengið í banka út á það, er ógreiddur.

Gagnáfrýjandi afhenti ekki húsið fyrir 7. okt. 1912 eins og áskilið var í samningnum. Aðaláfrýjandi getur þó ekki fyrir þá sök gert neina kröfu á hendur gagnáfrýjanda, því fyrir þann tíma hafði hann ákveðið að breyta húsinu þannig, að byggja skyldi eina hæð fyrir íbúð ofan á hús það, sem um hafði verið samið 7. september. Er uppdráttur af breytingu þessari samþyktur af byggingarnefnd Reykjavíkur 28. sept. 1912. Gerðu málsaðilar þann 1. nóv. 1912 um þetta með sér skriflegan samning þess efnis, að gagnáfrýjandi skyldi steypa eina hæð, lofthæð útveggja $4^1/_2$ alin á hæð ofan á hús það, er um hafði verið samið 7. sept. og leggja til í útveggina alt efni, að undanskildum gluggum, en þá skyldi gagnáfrýjandi kosta að hálfu leyti. Átti þessu verki gagnáfrýjanda að vera lokið 24. des. 1912. Fyrir þetta viðbótarverk skyldi gagnáfrýjandi fá 896 kr. og hefir hann af þeirri upphæð fengið greiddar 600 krónur, en 296 krónur eru óborgaðar. Áttu eftirstöðvarnar af verði viðbótarverks þessa, að greiðast þegar húsið væri komið undir þak, og sömuleiðis þær 2450 krónur, er eftir stóðu samkvæmt

fyrri samningum eins og áður er sagt. Af þeim mátti þó aðaláfrýandi halda 500 kr. eftir, þar til búið væri að »pússa« húsið utan, en eftir samningnum 1. nóv. 1912, lítur svo út, sem gagnáfrýjanda hafi ekki borið skylda til að hafa lokið því fyr en í lok maímánaðar 1913.

Samkvæmt því sem hér hefir verið sagt, telur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda skulda sér fyrir byggingu hússins alls 2785 kr., sem eru áður greindar 2450 kr. + 296 kr. og að auki 39 kr. fyrir nánari tilgreind aukaverk. Hefir hinni síðastnefndu kröfu fyrir aukaverkin ekki verið nægilega mótmælt og verður hún því að teljast réttmæt.

Samninginn 1. nóv. 1912 ber að skoða sem viðbót við samninginn 7. sept. s. a. Með báðum þessum samningum hefir gagnáfrýjandi skuldbundið sig til þess fyrir samningsverðið að byggja neðri hæð hússins, ásamt smiðjuhúsinu að öllu leyti eins og segir í hinum síðarnefnda samningi, og uppdrætti þeim, er honum fylgdi og ennfremur til þess að byggja — að hálfum glugga-kostnaði frádregnum — efrihæð hússins að útveggjum, þó hvergi hærri en $4^1/_2$ alin; svo felst og í samningnum skylda á hendur gagnáfrýjanda til að leggja þak á húsið, þó þannig að hann átti rétt til endurgjalds fyrir þakið, sem aukaverk væri, að svo miklu leyti það við breytinguna og við það, að það varð íbúðarhússþak, varð dýrara en þakið á einlyfta vélahúsinu hefði orðið. Verða úrslit málsins að vera undir því komin, hvort álíta má, að gagnáfrýjandi hafi fullnægt þessari skyldu sinni, eða að hve miklu leyti hann hafi gert það.

Í því efni er það nægilega upplýst, að af verkum þeim, er gagnáfrýjanda bar að gera samningunum samkvæmt, vantaði þetta eða var ógert látið:

1. *að* múra meðfram þakinu,
2. *að* gera við gólfið í verkstæðinu,
3. *að* »kústa« nokkurn hluta austurveggsins,
4. *að* ganga frá portinu,
5. *að* steypa »sokkel« í húsið,
6. *að* innmúra glugga,
7. *að* gera smiðjuþakið vatnshelt,
8. *að* fullgera vesturvegginn,
9. *að* setja járn neðan á smiðjuþakið,
10. *að* flytja mold frá húsinu og
11. *að* fága veggi hússins að utan,

og hafði aðaláfrýjandi að byggingarfrestinum liðnum rétt til að láta gera verk þessi á kostnað gagnáfrýjanda. Er það því rétt hjá héraðsdómaranum, að hann hefir látið koma til frádráttar kröfu gagnáfrýjanda það, er kostar að vinna verk þessi eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna. Eftir að dómur var kveðinn upp í héraði, hefir aðaláfrýjandi látið meta verk þessi af tveimur dómkvöddum mönnum, og hafa þeir metið, að kosta mundi að gera þau 824 kr. Mati þessu hefir ekki verið hrundið með yfirmati og virðist því mega byggja á því. Þessar 824 krónur eiga því að koma til frádráttar verkkaupskröfu aðaláfrýjanda.

Í annan stað hefir héraðsdómarinn látið koma til frádráttar verkkaupskröfu gagnáfrýjanda þessar upphæðir:

1)	Fyrir reykháf í smiðjuhúsið	kr.	40,00
2)	— efni í gafl efri hæðar	—	30,00
3)	— glugga að hálfu leyti	—	115,00
		Samtals kr.	185,00

en þetta lagði aðaláfrýjandi til frá sér til húsbyggingarinnar. Samkvæmt byggingarsamningnum bar gagnáfrýj-

anda að gera reykháfinn og leggja til gluggana að hálfu leyti, og er það því rétt hjá héraðsdómaranum, að hann hefir látið andvirði hvorttveggja þessa, 155 kr., koma til frádráttar kröfu gagnáfrýjanda. En hins vegar getur yfirdómurinn ekki fallist á, að gagnáfrýjanda beri að endurgreiða 30 kr. fyrir efni í gafl efri hæðarinnar. Að vísu er það svo, að gagnáfrýjanda bar að byggja gaflinn í efri hæð hússins, ef aðaláfrýjandi krefðist þess, en fyrir það átti hann þá rétt til endurgjalds, sem fyrir hvert annað aukaverk, þar sem hann samkvæmt viðbótarsamningnum ekki var skyldur til að byggja útveggi efri hæðar hússins hærri en $4^1/_2$ alin. Geta því umræddar 30 kr. ekki komið til frádráttar verkkaupskröfu gagnáfrýjanda.

Loks hefir aðaláfrýjandi haldið því fram, að þessar upphæðir eigi að dragast frá dómkröfu gagnáfrýjanda:

1)	Fyrir járn í þak	kr.	324,00
2)	— klæðning í þak	—	229,50
3)	— bakstiga	—	75,00
4)	— altanhné	—	25,00
5)	— skilrúm	—	200,00
	Samtals	kr.	853,50

en það er viðurkent í málinu, að aðaláfrýjandi hafi lagt alt þetta til húsbyggingarinnar.

Hvað snertir endurgjald fyrir járn í þakið og klæðningu undir það, þá bar gagnáfrýjanda, eins og áður er tekið fram, skylda til að leggja þak á húsið og kosta efni í það, eins eftir að ákveðið var, að húsið skyldi vera tvílyft og íbúð uppi í því. En hann átti hins vegar rétt til endurgjalds á því, er íbúðarhúsþak með breyttu fyrirkomulagi kostaði meira en þak það, er hann með samningnum 7. sept. hafði skuldbundið sig til að byggja í hið

fyrirhugaða einlyfta vélavinnuhús. Nú má álíta það viðurkent í málinu, að þakið á vélavinnuhúsinu hafi átt að vera alment vinnuhúsjárnþak sett á langbönd úr tré án klæðningar undir. En af því leiðir aftur, að gagnáfrýjandi verður ekki skyldaður til að endurgreiða þær 229 kr. 50 a., sem aðaláfrýjandi krefst fyrir klæðningu undir járnið. Að vísu spöruðust gagnáfrýjanda við klæðninguna langbönd þau, er hann átti að leggja til í þakið á vélavinnuhúsinu, en í þeirra stað lagði hann til pappa í þakið undir járnið ofan á tréklæðninguna, og að dómi vitna þeirra, er borið hafa í málinu, má álíta, að sá kostnaður jafnist.

Járn í þakið ætlaði gagnáfrýjandi að hafa úr húsi því, er áður stóð á lóðinni og varð hans eign með byggingarsamningnum, og bauð hann það efni fram, en það reyndist ólöglegt af því þakið, eftir að hækkun hússins var ákveðin, átti að vera yfir íbúð. En þar sem hins vegar gagnáfrýjandi hirti þakefni þetta sem sína eign, en afhenti aðaláfrýjanda það ekki, og ekkert er upplýst um það í málinu, að þetta efni hafi verið minna virði en kröfuupphæð aðaláfrýjanda fyrir þakjárninu, er ekki hefir verið vefengd, ber að láta þennan kröfulið aðaláfrýjanda, 324 kr., koma til frádráttar kröfu gagnáfrýjanda.

Í byggingarsamningunum finst þess engin stoð, að gagnáfrýjandi hafi verið skyldur til að gera á sinn kostnað bakstigann í húsið né altanhné, og getur því krafa aðaláfrýjanda um að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða andvirði þessa með 100 kr. ekki orðið tekin til greina.

Hvað snertir þá kröfu aðaláfrýjanda, að 200 kr. verði dregnar frá verkkaupskröfu gagnáfrýjanda fyrir þá sök, að hætt var við að setja skilrúm í vélahúsið, þá var svo

áskilið í byggingarsamningnum 7. sept. 1912, sbr. uppdráttinn, að gagnáfrýjandi skyldi byggja á sinn kostnað að efni og vinnu skilrúm þessi til afhólfunar skrifstofu, er þar var fyrirhuguð, en seinna varð það að samkomulagi milli málsaðila, að skilrúm þessi yrðu ekki bygð. Hafa smiðir þeir, er unnu að húsbygginginunni matið og staðfest fyrir rétti, að skilrúm þessi mundu hafa kostað 200 kr. Verður að skilja vitnisburð þeirra á þá leið, að gagnáfrýjanda hafi sparast 200 kr. af byggingarkostnaðinum við það, að ekkert varð af byggingu skilrúma þessara. Þykir því ekki rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða þennan hluta af hinu umsamda verkkaupi, heldur ber að láta upphæðina koma til frádráttar kröfu gagnáfrýjanda.

Samkvæmt því, sem hér hefir verið sagt, ber frá dómkröfu gagnáfrýjanda, 2785 krónum, fyrir vangoldið verkkaup, að draga þessar upphæðir: kr. 824,00 + 155 kr. + 324 kr. + 200 kr. eða samtals 1503 kr. En mismuninn eða 1282 kr. ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda ásamt 5 % ársvöxtum af þeirri upphæð frá sáttakærudegi eða frá 28. febr. 1913 til greiðsludags.

Skaðabótakrafa gagnáfrýjanda verður ekki tekin til greina, því bæði verður að álíta, að hann ekki hafi haldið byggingarsamningana af sinni hálfu að öllu leyti og svo virðist, sem hann hafi afsalað sér rétti til að gera ábyrgð á hendur aðaláfrýjanda fyrir samningsrof, ef nokkur hefðu verið, með því að halda áfram vinnu við hússbygginguna fyrirvaralaust eftir að samningsrofin hefðu átt að gerast.

Eftir málavöxtum þykir rétt að láta málskostnað bæði fyrir undirrétti og yfirdómi falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi L. M. Diechmann vélasmiður greiði gagnáfrýjanda Kristjáni steinsmið Kristjánssyni 1282 kr. með 5 % ársvöxtum frá 28. febr. 1913 til greiðsludags, en á að öðru leyti að vera sýkn af kröfum hans í máli þessu.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 46/1913. Árni Jónsson
gegn
Lárusi Benediktssyni.

Dómur:

Með afsalsbréfi dags. 1. maí 1913 seldi Þorleifur Guðmundsson í Reykjavík áfrýjanda máls þessa, Árna Jónssyni skipstjóra í Reykjavík, húseignina nr. 4 við Ingólfsstræti fyrir 8000 krónur. Um greiðslu kaupverðsins var svo meðal annars um samið, að áfrýjandi tók að sér að greiða skuld til veðdeildar Landsbankans að upphæð 1044 kr. 44 a. með 1. veðrétti í eigninni og víxilskuld til sama banka að upphæð 2200 krónur, er trygð var með 2. veðrétti í húseigninni. En fyrir 4000 krónum af kaupverðinu gaf áfrýjandi seljandanum skuldabréf með 3. veðrétti í hinni seldu eign og uppfærslurétti næst á eftir

tveimur hinum framangreindu veðskuldum. Er svo ákveðið í skuldabréfi þessu, sem er dags. 2. maí 1913 og undirritað í viðurvist tveggja vitundarvotta, að skuldin skyldi endurgreiðast á næstu 10 árum með jöfnum afborgunum, í fyrsta sinn 1. maí 1914, og ennfremur að áfrýjandinn skyldi greiða alla skatta og skyldur af húseigninni á lögákveðnum gjalddögum og greiða einnig vexti og afborganir af skuldum þeim, er á eigninni hvíldu með 1. og 2. veðrétti. Er það loks berum orðum áskilið í bréfinu, að ef ekki séu greidd gjöld af húseigninni eða vextir og afborganir af veðskuldunum með 1. og 2. veðrétti, þá skuli öll skuldin þegar fallin í gjalddaga og megi þá skuldareigandi ganga að veðinu án undangengins dóms eða sáttar samkvæmt lögum 16. des. 1885, 15. gr.

Þetta veðskuldabréf seldi svo Þorleifur Guðmundsson stefnda í máli þessu, emerit-presti Lárusi Benediktssyni, sama dag og það var gefið út, og var skuldabréfið með framsali til hans þinglesið á bæjarþingi Reykjavíkur 15. maí 1913.

Þann 8. september 1913 féll víxill Landsbanka Íslands, sá er tryggður var með 2. veðrétti í húseigninni, í gjalddaga, og var hann daginn eftir eða 9. september afsagður vegna greiðslufalls. Tveimur dögum síðar eða þ. 11. sept. 1913 krafðist stefndur í máli þessu, að fjárnám yrði gert í húseigninni ásamt leigu af henni frá 1. s. m. til lúkningar skuld sinni 4000 kr., samkvæmt skuldabréfinu 2. maí 1913, og kostnaði, þar sem hann samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins taldi allan höfuðstól skuldarinnar fallinn í gjalddaga sökum þess, að nefndur víxill Landsbanka Íslands hefði verið afsagður og vegna þess, að vanrækt hefði verið að greiða opinber gjöld og skatta af

húseigninni. Fógeti Reykjavíkur gerði fjárnám þetta dagínn eftir eða þ. 12. september 1913, bæði í húseigninni og húsaleigunni samkvæmt því, er stefndur í máli þessu hafði krafist.

Fjárnámsgerð þessari hefir Árni skipstjóri Jónsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 9. okt. 1913 og krafist þess, að fógetagerðinni og fjárnáminu verði hrundið og það dæmt ómerkt, en til vara, að fógetagerðin og fjárnámið að því er húsaleiguna snertir verði dæmt ómerkt, og ennfremur að stefndur verði skyldaður til að endurgreiða alla húsaleiguna frá 1. sept., er fjárnámi var tekin, ásamt 5 % vöxtum, reiknað frá þeim degi, er húsaleigan féll í gjalddaga hvern mánuð og til greiðsludags. Loks hefir áfrýjandi krafist, að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Af hálfu stefnda hefir þess verið krafist, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Áfrýjandi byggir aðalkröfu sína um ógildingu fjárnámsins í heild sinni á því, að þegar fjárnámið var gert, hafi ekki verið liðnir 14 dagar frá því skuldin féll í gjalddaga. Telur hann skuldina hafa fallið í gjalddaga 9. sept. 1913 eða þann dag, er víxill sá, sem tryggður var með 2. veðrétti í húseigninni var afsagður. Það er rétt hjá áfrýjanda, að vegna greiðslufalls, er varð á víxli þessum, gat skuldin samkvæmt skuldabréfinu 2. maí 1913 ekki fallið í gjalddaga fyr en þann dag og mátti þar af leiðandi ekki fjárnám til lúkningar skuldinni fara fram samkv. 15. gr. í lögum 16. des. 1885 fyr en að liðnum 14 dögum frá þeim degi, ef skuldin hefði ekki af öðrum ástæð-

um verið fallin í gjalddaga. En stefndi hefir einnig stutt fjárnámskröfu sína við það, að skuldin hafi áður verið fallin í gjalddaga sökum vangreiðslu skatta og gjalda, er á eigninni hvíldu. Er það upplýst fyrir yfirdóminum, að þegar fjárnámið fór fram, voru þessi lögboðin gjöld og skattar, er hvíla á eigninni sem slíkri, áfallin og óborguð: Vatnsskattur, brunabótagjald, lóðargjald og salernishreinsunargjald, hvert gjald um sig fyrir eitt misseri. Helmingurinn af hinum áfallna og óborgaða vatnsskatti féll í gjalddaga 30. júní 1913 eða eftir að áfrýjandi keypti húseignina, og bar honum því samkvæmt afsalsbréfinu ótvíræð skylda til að greiða hann. Og er hann ekki greiddi gjald þetta á réttum gjalddaga féll skuldin samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins 2. maí 1913 þegar í gjalddaga og öðlaðist skuldareigandi þá um leið rétt til að láta gera fjárnám í eigninni til lúkningar skuldinni að liðnum 14 dögum frá þeim degi. Um hin önnur nefndu gjöld er það að vísu svo, að þau voru öll fallin í gjalddaga áður en áfrýjandi keypti húsið, og átti sá, er seldi honum það, að lúka þeim. En þar sem enginn fyrirvari eða undantekning var gerð í skuldabréfinu um gjöld þessi, verður að líta svo á, að áfrýjandi hafi gagnvart seinni eiganda þess borið skylda til að sjá um, að þau yrðu greidd og að greiðslufall á þeim hefði það í för með sér, að skuldin öll félli í gjalddaga.

Verður af þessum ástæðum að álíta, að skuldin, sem fjárnámið var gert fyrir, hafi vegna vangreiðslu opinberra gjalda af hinni fjárnumdu húseign verið fallin í gjalddaga meir en 14 dögum áður en fjárnáms var beiðst og það framkvæmt, og leiðir þar af, að aðalkrafa áfrýjanda um ógildingu fjárnámsins í heild sinni getur ekki orðið tekin til greina.

Kemur þá til álita varakrafa áfrýjanda, að fjárnámið, að því er húsaleiguna snertir, verði felt úr gildi. Í 15. gr. laga 16. des. 1885 er það berum orðum sagt, að án undangengins dóms eða sáttar megi fjárnám samkvæmt veðskuldabréfi ekki gera í öðru en veðinu. Í veðbréfinu 2. maí 1913, sem hið áfrýjaða fjárnám var gert eftir, er að eins veðsett hin fjárnumda húseign sjálf, en ekki leiga hennar eða afrakstur og brast fógeta þar af leiðandi heimild til að láta fjárnámið ná til húsaleigunnar. Ber því að fella fjárnámið úr gildi að þessu leyti.

Hins vegar verður stefndur ekki í þessu máli dæmdur til að greiða áfrýjanda hina fjárnumdu húsaleigu, enda er það ekki upplýst í málinu, hvort stefndur hafi fengið nokkuð greitt af húsaleigunni né þá hve mikið.

Eftir málavöxtum virðist rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð, að því er snertir hina fjárnumdu húsaleigu, er úr gildi feld, en að öðru leyti á fjárnámsgerðin óröskuð að standa. Málskostnaður falli niður.

Nr. 50/1913. Eymundur Guðbrandsson
gegn
Þorsteini Guðbrandssyni f. h. hreppsnefndar Kaldrananesshrepps og sýslum. Halldóri Júlíussyni.

Dómur:

Aðalvarnarað li í máli þessu er hreppsnefnd Kaldrananesshrepps. Áfrýjunarstefnan hefir þó ekki verið gefin út á hendur hreppsnefndinni, heldur á hendur Þorsteini Guðbrandssyni fyrir hönd hreppsnefndarinnar, og hefir stefnan verið birt honum einum. Af hálfu umboðsmanns hreppsnefndarinnar fyrir yfirdómi hefir því nú og verið haldið fram, að stefndur Þorsteinn Guðbrandsson hafi ekki verið oddviti Kaldrananesshrepps, er áfrýjunarstefnan var birt honum, og af birtingarvottorði stefnuvottanna, sem ritað er á áfrýjunarstefnuna, má ráða, að þetta sé rétt hermt. Verður því að álíta, að löglegum sakaraðila hafi ekki verið birt áfrýjunarstefnan í máli þessu.

Í annan stað eru dómsgerðir þær, sem lagðar hafa verið fram í yfirdómi, ólögmætar. Í þær er ekki innritað neitt af skjölum þeim, 18 að tölu, er lögð voru fram í undirrétti, og eru þó 16 af skjölum þessum þess eðlis, að þau ættu að innfærast í dómsgerðirnar. Tvö af skjölunum áttu hins vegar að innritast í sérstakar vitnagerðir, er áttu að fylgja dómsgerðunum í löglegu formi. En slíkar vitnagerðir fylgdu ekki dómsgerðunum, heldur er að eins lagt fram í yfirdómi eftirrit af réttarhaldi því, sem vitnaleiðslan fór fram í, og í eftirritið eru ekki innfærð áðurgreind tvö skjöl, sem lögð voru fram í vitnamálinu.

Af þessum ástæðum ber að vísa málin ex officio frá yfirdóminum og dæma áfrýjanda til að greiða hreppsnefnd Kaldrananesshrepps 15 kr. sem ómaksbætur.

Því dæmist rétt vera:

Málinu vísast frá yfirdómi. Afrýjandinn Eymundur Guðbrandsson greiði hreppsnefnd Kaldrananesshrepps 15 kr. í ómaksbætur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 23. marz.

Nr. 14/1909 Firmað Pétur Jónsson & sonur
gegn
firmanu P. M. Bjarnason & Co.

Dómur:

Mál þetta höfðuðu aðaláfrýjendur, firmað Pétur Jónsson & sonur í Reykjavík, með stefnu dags. 14. apríl 1908 fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn gagnáfrýjendum, firmanu P. M. Bjarnason & Co. á Ísafirði, til greiðslu á andvirði fyrir pjáturdósir, er gagnáfrýjendur höfðu fengið hjá aðaláfrýjendum árið 1907, að upphæð kr. 2656,79. Auk þess kröfðust aðaláfrýjendur kr. 1000,00 í bætur fyrir tort, tap og lánstraustsspjöll, er þeir töldu gagnáfrýjendur hafa bakað sér og kr. 3500,00 í skaðabætur fyrir

annað tjón, er gagnáfrýjendur hafi bakað þeim. Loks kröfðust aðaláfrýjendur 6½ % ársvaxta af öllum upphæðum þessum frá stefnudegi til greiðsludags. Af sinni hálfu höfðuðu gagnáfrýjendur gagnsök fyrir gestaréttí Reykjavíkur með stefnu útg. 25. sept. 1908 gegn aðaláfrýjendum, og gerðu þær kröfur, að aðaláfrýjendur yrðu dæmdir til að greiða sér alt að kr. 23900,00 fyrir beint tjón, atvinnutjón, tort og lánstraustsspjöll ásamt 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Með dómi uppkveðnum í gestaréttinum 26. marz 1909, voru gagnáfrýjendur dæmdir til þess að greiða aðaláfrýjendum kr. 2505,16 með vöxtum 6½ % frá stefnudegi og kr. 1000,00 í skaðabætur. Í gagnsökinni voru aðaláfrýjendur sýknaðir af kröfum gagnáfrýjenda. Málskostnaður aðalsakar var látinn falla niður, en í gagnsökinni skyldu gagnáfrýjendur greiða aðaláfrýjendum 30 kr. í málskostnað.

Dómi þessum skutu aðaláfrýjendur til landsyfirdómsins, með stefnu útg. 26. marz 1909, og kröfðust staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir yfirdómi. Af sinni hálfu skutu gagnáfrýjendur dómi gestaréttarins einnig til yfirdómsins með stefnu útg. 1. apríl 1909. Voru áfrýjunarmál þessi bæði að forminu til sjálfstæð, en undir rekstri fyrra málsins gerðu gagnáfrýjendur þá kröfu, að þeim yrði veitt heimild til þess að steypa sínu máli saman við mál áfrýjanda og frestur til að koma að gögnum sínum í því máli. Þessu mótmæltu aðaláfrýjendur. Var fyrra málið svo tekið undir dóm eða úrskurð 7. júní 1909 og dæmt í yfirdómi 21. júní 1909 með þeim úrslitum, að krafa gagnáfrýjenda um samsteypu málanna var eigi tekin til greina, og að gestaréttardómurinn var staðfestur eftir kröfu aðaláfrýjanda, en málskostnaður féll nið-

ur. Síðara málið hélt síðan áfram leiðar sinnar fyrir yfirdómi og var tekið til dóms 16. ágúst 1909. Var mál þetta síðan dæmt 6. sept. 1909 í yfirdómi með þeim úrslitum, að því var vísað frá dómi, með því að það var dæmt að efni til 21. júní s. á. og gagnáfrýjendur til að greiða aðaláfrýjendum 25 kr. í málskostnað.

Með stefnu útg. 22. nóv. 1909 skutu aðaláfrýjendur dómi yfirréttarins 21. júní s. á. til hæstaréttar og kröfðust þar staðfestingar á dóminum. Þessu máli gagnáfrýjuðu gagnáfrýjendur einnig með stefnu útg. 24. jan. 1912. Sömuleiðis áfrýjuðu gagnáfrýjendur dóminum 6. septbr. 1909 til hæstaréttar með stefnu útg. 24. jan. 1912. — Samkv. konunglegu leyfisbréfi 4. sept. 1912 voru mál þessi svo bæði saman dæmd í hæstarétti 21. jan. 1913 með þeim úrslitum, að bæði nefnd mál skyldu af nýju tekin fyrir í landsyfirdómi í því ástandi, sem þau voru í 7. júní 1909 og 16. ág. s. á., og skyldi gagnáfrýjendum veitast hæfilegur frestur í málunum báðum til þess að steypa máli sínu saman við mál aðaláfrýjenda.

30. júní 1913 voru svo málin bæði tekin aftur fyrir í landsyfirdóminum og sett í það ástand, sem þau voru í 7. júní 1909 og 16. ág. s. á. Hafa aðaláfrýjendur, svo sem áður er sagt, krafist staðfestingar á gestaréttardóminum og málskostnaðar fyrir yfirdómi. Gagnáfrýjendur hafa af sinni hálfu tekið út gagnáfrýjunarstefnu í málinu 2. ág. 1913, og hafa bæði málin verið sótt og varin saman. Gagnáfrýjendur hafa krafist sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í aðalmálinu, bæði kröfu um andvirði dósanna, skaðabóta- og vaxtakröfum og málskosnaðarkröfu. Í gagnsökinni hafa þeir krafist þess, að aðaláfrýjendur verði verði dæmdir til að greiða í skaðabætur alt að kr. 23900

með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, eins og áður er að vikið, og málskostnað fyrir báðum réttum. Aðaláfrýjendur hafa krafist sýknu í gagnsök.

Í marzmánuði 1907 gerðu málsaðilar þann samning með sér, að aðaláfrýjendur skyldu selja gagnáfrýjendum 100 þúsund pjáturdósir, aðallega 1 og 2 punda dósir kringlóttar. Verðið fyrir 1 punds dósir var ákveðið kr. 81.50 fyrir 1000 hvert, en kr. 102.50 fyrir 2 punda dósir 1000 hvert — alt frítt um borð á Reykjavíkurhöfn, auk umbúða. Ef gagnáfrýjendur kynnu að biðja um aðrar dósastærðir, þá skyldi verðið hækka eða lækka hlutfallslega við fyrgreint verð. Aðaláfrýjendur skyldu láta af hendi alt að 20 þús. dósum með eins mánaðar fyrirvara. Dósirnar skyldu vera gallalausar og af góðu efni. Þær skyldu greiddar gegn farmskírteini (konnossement) og skyldi þá annaðhvort greitt strax í peningum eða með ávísun upp á annanhvorn bankann í Reykjavík. Ef efni í dósirnar skyldi hækka eða lækka í verði, þá skyldi dósaverðið fara hækkandi eða lækkandi að sama skapi.

Samkvæmt nefndum samningi fór fyrsta dósasendingin fram 29. júní 1907, samkvæmt beiðni gagnáfrýjanda í bréfi 13. s. m. og var hún greidd, að undanskildum kr. 33.49, að fullu 13. sept. 1907, og höfðu gagnáfrýjendur að því leyti eigi staðið við borgunarákvæðið í greindum samningi.

Næsta dósasending fór fram 27. okt. 1907, samkv. beiðni gagnáfrýjanda í bréfi 16. sept. s. á. Sendu aðaláfrýjendur þá, samkvæmt framlögðum reikningi, dósir, sem hér segir: 1662 4 pd. dósir, 1659 3 pd. dósir, 4602 2 pd. dósir, 5750 1 pd. dósir og 1000 hálfs pd. dósir, og töldu aðaláfrýjendur gagnáfrýjendur þá skulda

sér alls kr. 1971.75. Fyrir þessari fjárhæð mestallri (eða kr. 1936.27) gáfu aðaláfrýjendur út víxil á hendur gagnáfrýjendum, en gagnáfrýjendur neituðu að samþykkja hann, »af þeirri ástæðu, að dósirnar eru að líkindum allar ónýtar«, eins og gagnáfrýjendur rökstyðja neitun sína á víxilsamþykkinu.

Þrátt fyrir þetta biðja gagnáfrýjendur í bréfi 11. nóv. 1907 aðaláfrýjendur um nýja sendingu, og 5. des. 1907 senda aðaláfrýjendur enn þá 2100 1 pd. dósir og 3950 2 pd. dósir fyrir kr. 685,04, og er þessi sending einnig enn ógreidd.

Í bréfi sínu til aðaláfrýjenda, dags. 9. des. 1907, biðja gagnáfrýjendur enn um ca. 20 þúsund dósir í marzmánuði næsta (þ: 1908). En þessar dósir hafa aðaláfrýjendur aldrei látið gagnáfrýjendur fá.

Sýknuástæður sínar í aðalsökinni, að því er dósaandvirðið snertir, þær er til greina geta komið, eins og málið liggur fyrir, byggja gagnáfrýjendur á þessum rökum:

1. Að aðaláfrýjendur hafi rofið samninginn með því að þeir hafi eigi sent svo margar dósir, sem um var beðið og þeir áttu að gera samkvæmt samningnum. Að vísu báðu gagnáfrýjendur um 20 þúsund dósir 16. júní 1907. Þessa dósatölu voru aðaláfrýjendur eftir samningnum skyldir að láta af hendi að mánuði liðnum. Þegar 29. júní 1907 létu aðaláfrýjendur af hendi á 8. þúsund dósir. En í bréfi 2. júlí 1907 segja gagnáfrýjendur, að aðaláfrýjendur skuli ekki »hasta sér neitt með dósirnar framar en verkast vill«. Eins og áður segir, sendu aðaláfrýjendur 27. okt. 1907 yfir hálft 15. þúsund dósir, enda finna gagnáfrýjendur eigi að því, að sendingarnar hafi verið of litlar, hvorki þá né síðar, fyr en í máli

þessu. Á nefndum rökum verður eigi talið, að aðaláfrýjendur hafi gerst sekir um nein rof á samningi málsaðila í þessu atriði.

2. Byggja gagnáfrýjendur sýknukröfu sína á því, að dósirnar hafi verið meira og minna gallaðar, svo að þær hafi ekki orðið notaðar til niðursuðu í niðursuðuverksmiðju gagnáfrýjenda. Það skal þegar tekið fram, að það verður að líta svo á, sem aðaláfrýjendum hafi hlotið að vera það kunnugt, eða átt að vera það kunnugt, að nota átti dósirnar til niðursuðu í verksmiðju gagnáfrýjenda, er þeir ráku þá á Ísafirði. Ennfremur er þess þegar að geta, að þessi mótbára gagnáfrýjenda getur alls eigi komið til greina um sendinguna 29. júní 1907, því að hana greiddu þeir eins og áður segir fyrirvaralaust að öllu leyti og héldu áfram pöntunum án þess að geta þess að nokkru, að dósirnar hefðu verið ónothæfar eða aðfinsluverðar. Verður því að gera ráð fyrir því, að aðfinslur gagnáfrýjenda beinist eingöngu að síðari tveimur sendingunum, 27. okt. og 5. desbr. 1907.

Aðaláfrýjendur halda því fram, að gagnáfrýjendur hafi ekki fundið að vörunum í tækan tíma, og að þeir hafi með pöntunum sínum 11. nóv. og 9. des. 1907 og annari framkomu, fyrirgert rétti sínum til þess að koma fram þeim vörnum í máli þessu, að dósirnar hafi verið gallaðar, þótt þær hefðu verið það, sem aðaláfrýjendur mótmæla einnig. Þótt gagnáfrýjendur héldu áfram pöntunum sínum, verður eigi leidd af því, út af fyrir sig, sú ályktun, að þeir hafi þar með svift sig rétti til aðfinslu við dósirnar, því að eftir samningnum áttu aðaláfrýjendur enn óskilað meiri hluta hinna umsömdu dósa, og þótt gagnáfrýjendur ætluðu að reyna að halda viðskiftunum

áfram, eins og til var stofnað í öndverðu, verður eigi litið svo á, að þeir hafi með því einu svift sig rétti til að finna að fyrri afhendingum. Eins og fyr er tekið fram, synjuðu gagnáfrýjendur samþykkis síns á víxli aðaláfrýjenda fyrir sendinguna 27. okt. 1907. Þar með sýnast þeir hafa opnað sér leið til þess að finna að vörunni, ef hún reyndist að nokkru leyti eða öllu ónothæf. Og 9. des. 1907 eða 4 dögum eftir að sendingin 5. desbr. s. á. var send til þeirra, rita gagnáfrýjendur aðfinslubréf til aðaláfrýjenda, án þess þó að synja sendingunni síðustu viðtöku. Sýnist verða að skilja þetta svo, sem gagnáfrýjendur ætli að nota það, er nothæft reynist, en skila hinu og krefjast afsláttar á kaupverðinu að því skapi. Gera gagnáfrýjendur ráð fyrir því í bréfi þessu, að aðilar semji þetta með sér, enda fóru fram samningatilraunir í þessa átt í jan. 1908, og buðu gagnáfrýjendur þá til sátta 400 (eða 900) kr. En tilraunir þessar urðu árangurslausar. Í bréfi 6. febrúar 1908 skora gagnáfrýjendur svo á aðaláfrýjendur að hirða dósirnar, með því að þær séu óbrúklegar.

Þegar litið er til þess, að nokkurn tíma virðist þurfa til fullnaðarrannsókna slíkra dósa og til þess að gagnáfrýjendur höfðu þegar slegið varnagla um sendingarnar 27. okt. og 5. des. 1907, þá virðast þeir eigi hafa fyrirgert rétti sínum til þess að finna að dósunum.

Eftir atvikum sýnist mega telja það sannað í málinu, að allmikið af dósum þeim, sem aðaláfrýjendur sendu gagnáfrýjendum hafi verið gallað svo, að þær gátu ekki talist samningshæfar. Eftir málfærslunni að dæma sýnist svo, sem dósir úr öllum sendingunum hafi getað verið gallaðar. En eins og áður er sagt geta gagnáfrýjendur

eigi komið þeirri vörn að um fyrstu sendinguna. Verður því einungis spurning um það, hversu mikið af síðustu sendingunum hafi reynst óhæft, með því að framtalning gagnáfrýjenda á gölluðum dósum getur einnig eingöngu átt við þær, þó að upplýsingum í málinu sé að þessu leyti harla ábótavant. Gagnáfrýjendur hafa kannast við, að reynt hafi verið að sjóða niður í 8000 2 pd. dósir frá aðaláfrýjendum. Þar af hafi þó að minsta kosti 31 % orðið alveg ónýtar, eða 2480. 27. okt. 1907 og 5. des. s. á. sendu aðaláfrýjendur gagnáfrýjendum alls 8552 2 pd. dósir. Verður því samkvæmt skýrslu gagnáfrýjenda í sambandi við vitnaskýrslur í málinu að gera ráð fyrir, að gagnáfrýjendur hafi alls eigi reynt að nota 8552 ÷ 8000 = 552 af 2 pd. dósunum. Virðist því svo sem 552 + 2480 = 3032 af 2 pd. dósunum hafi reynst alveg óbrúklegar. Ennfremur telja gagnáfrýjendur sig hafa reynt að nota 3000 af 1 pd. dósunum, og að af þeim 3000 dósum hafi einnig 31 % eða 930 reynst alveg óbrúklegar. Verður einnig af sömu ástæðum, sem sagt var um 2 pd. dósirnar, að leggja þessa skýrslu til grundvallar. Í sendingunni 27. okt. og 5. des. 1907 voru samtals 7850 1 pd. dósir. Virðast gagnáfrýjendur því þegar í byrjun hafa talið 7850 ÷ 3000 = 4850 1 pd. dósir alveg óbrúklegar. En alls hafa samkvæmt áðursögðu 4850 + 930 = 5780 1 pd. dósir gengið frá sem óbrúklegar. Það virðist mega ráða það af málfærslu gagnáfrýjenda og vitnaskýrslum í málinu, að þær 3, 4 og ½ pd. dósir, sem sendar voru 27. okt. og 5. des. 1907 hafi eigi orðið notaðar. Enda skora gagnáfrýjendur 6. febr. 1908 á aðaláfrýjendur að hirða dósirnar, og sýnist verða að skilja það svo, sem þeir eigi að hirða allar ónotuðu dósirnar.

Verður því að gera ráð fyrir því, að þær 1662 4 pd. dósir, 1659 3 pd. dósir og 1000 ½ pd. dósir, sem fóru í sendingunni 27. okt. 1907, hafi reynst óbrúklegar. Frá kröfu aðaláfrýjenda, eins og hún var ákveðin í gestaréttardóminum, kemur því til frádráttar andvirði hinna ónothæfu dósa, eins og hér segir:

3032	2 pd.	dósir á kr.	102,50.	1000	kr.	310,78
5780	1 pd.	dósir á kr.	81,50.	1000	kr.	471,07
1662	4 pd.	dósir á kr.	19,50.	100	kr.	324,09
1659	3 pd.	dósir á kr.	18,00.	100	kr.	298,62
1000	½ pd.	dósir á kr.	8,00.	100	kr.	80,00
				Samtals	kr.	1484,56

Fyrir því verður að skylda gagnáfrýjendur til þess að greiða andvirði dósanna, svo sem segir í gestaréttardóminum, að frádreginni áðurnefndri upphæð, eða kr. 2505,16 ÷ 1484,56 = kr. 1020,60 með vöxtum 6½ % p. a. frá stefnudegi til greiðsludags.

Því næst kemur til álita 1000 kr. skaðabótakrafan, sem gestarétturinn dæmdi aðaláfrýjendum. Hún er bygð á því, að aðaláfrýjendur hafi orðið af væntanlegum ágóða af dósasölu, með því að gagnáfrýjendum hafi verið skylt að kaupa af þeim 100 þúsund dósir, samkvæmt samningunum 1907, en eigi tekið nema 28 þúsund dósir. Eins og sýnt hefir verið, verður að líta svo á, sem aðaláfrýjendur hafi eigi fullnægt téðum samningi, enda hafa þeir eigi, svo að fram sé komið í málinu, boðið að inna af hendi pöntun gagnáfrýjenda hina síðustu, 9. des. 1907. Hafa málsaðilar að vísu hvorugir sagt hinum berlega upp samningnum, en hvorki hafa aðaláfrýjendur sint nefndri pöntun né heldur hafa gagnáfrýjendur gengið eftir henni. Má því telja samninginn brottfallinn með þagnarsamþykki

beggja aðila fyrirvaralaust, og verður skaðabótakrafa þessi því eigi tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður aðalsakar fyrir báðum réttum falli niður.

Verða þá fyrir kröfur gagnáfrýjenda í gagnsökinni. Teljast þeir, svo sem áður er sagt, hafa beðið ýmiskonar tjón af vanefndum aðaláfrýjenda á samningnum frá 1907. Sundurliða þeir kröfur sínar í þessa átt þannig:

1.	31 % af 8000 2 pd. dósum af fiskibollum á kr. 0,60	kr. 1488,00
2.	31 % af 3000 1 pd. dósum af fiskibollum á kr. 0,35	— 325,50
3.	Tap á því að geta ekki soðið niður í 59698 2 pd. dósir af heilagfiski á kr. 0,37 pr. dós	— 22088,26
	Alls	kr. 23901,26

Eins og áður segir höfðu gagnáfrýjendur sagt aðaláfrýjendum, að þeir þyrftu eigi að flýta sér með dósaafhendingu sumarið 1907 framar en verkast vildi. Þó að gagnáfrýjendur því hefði vantað dósir það ár, verður aðaláfrýjendum engin sök á því gefin. En vitni hafa jafnframt borið það, að dósaskortur hafi heft eða rofið niðursuðuna 1908. Svo er að sjá á skýrslum í málinu, sem þær 8000 + 3000 dósir, sem ætla má að gagnáfrýjendur hafi sumpart í raun og veru notað og sumpart ætlað að nota, eins og fyr er að vikið, hafi fyrst síðast í maí 1908 verið reyndar og teknar til afnota að því leyti sem unt var. En 6. febrúar 1908 skoruðu gagnáfrýjendur á aðaláfrýjendur að hirða dósirnar. Og eins og áður er tekið fram gengu gagnáfrýjendur alls ekki eftir því, að aðaláfrýjendur fullnægðu pöntuninni 9. des. 1907 og mátti

telja samningsinn úr gildi numinn sem fyr segir. Einnig kveðast gagnáfrýjendur fyrir 6. febr. 1908 hafa gengið úr skugga um það, að aðaláfrýjendur gætu ekki búið til dósir handa niðursuðuverksmiðjunni svo að í lagi væri. Þar sem nú svo er að sjá, sem gagnáfrýjendur hafi ekki einu sinni þurft að nota umgetnar 8000 + 3000 dósir fyr en síðast í maí 1908, virðast þeir hafa haft nægan tíma til þess að útvega sér dósir frá öðrum en aðaláfrýjendum svo tímanlega á árinu 1908, að þær hefðu getað verið komnar gagnáfrýjendum í hendur, þegar þeir hefðu þurft á þeim að halda. Ef þeir hafa beðið tjón af dósaskorti, þá virðist það því vera þeirra sök sjálfra, en eigi aðaláfrýjanda. Og verður því að sýkna aðaláfrýjendur af gagnkröfunum í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Þess skal loks getið, að síðan dómur var uppkveðinn í gestaréttinum í máli þessu, hefir krafan út af dósa-andvirðinu verið framseld til eignar Oddi yfirréttarmálaflutningsmanni Gíslasyni í Reykjavík með framsölum 13. desbr. 1909 og 24. ágúst 1911. Ber því samkvæmt kröfu hans, að dæma gagnáfrýjendur til að greiða honum áður umgetnar kr. 1020,60.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjendur, firmað P. M. Bjarnarson & Co., greiði Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni kr. 1020,60 með vöxtum $6^1/_2$ % p. a. frá 14. apríl 1908. Að öðru leyti séu gagnáfrýjendur sýknir í aðalsök af kröfum aðaláfrýjenda, firmans Péturs Jónssonar

& sonar. Í gagnsök eiga aðaláfrýjendur að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjenda. Málskostnaður aðal- og gagnsakar falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. apríl.

Nr. 10/1914. Valdstjórnin
gegn
Louis Charles Maillard.

Dómur:

Mál þetta hefir verið höfðað gegn kærða Louis Charles Maillard, skipstjóra á botnvörpuskipinu »Liberté« frá Fécamp, fyrir brot á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum 6. apríl 1898, og var hann með lögregluréttardómi Vestmannaeyjasýslu uppkveðnum 17. apríl f. á. dæmdur í 2160 króna eða 3000 franka sekt til landssjóðs, en öll veiðarfæri skipsins, þar með taldir dragstrengir, voru dæmd upptæk, svo og allur afli innanborðs, og skyldi andvirði þess renna í landssjóð.

Stjórnarráð Íslands hefir skotið þessum dómi til landsyfirréttarins.

Formaður á mótorbátnum »Haffari« frá Vestmannaeyjum og 3 menn aðrir af bátshöfninni hafa borið það sem vitni og unnið eið að því, að botnvörpuskip með einkennisstöfunum F. 1957 hafi verið að veiðum milli

Heimaeyjar og lands 1. marz f. á. um kl. 1 síðdegis, og sáu vitnin, að botnvörpustrengurinn lá stríður aftur af skipinu stjórnborðsmegin. Skip kærða, »Liberté« frá Fécamp, er sérkent með fyrgreindum stöfum, og það þykir eigi þurfa að gera ráð fyrir, að hér geti verið um annað skip að tefla. Fjarlægð stöðvanna, þar sem skipið var að veiðum, frá landi, hefir eftir tilsögn vitnanna verið mæld af varðskipinu »Islands Falk« og hafa þær reynst vera hér um bil $^{3}/_{4}$—$1^{1}/_{2}$ sjómíla fyrir innan landhelgismörk. Kærði kannast við það, að hann hafi verið við Vestmannaeyjar aðfaranótt 1. marz f. á., legið þar við akkeri í hlé í suðaustanveðri, en hann tjáist hafa tekið sig upp þaðan í dögun og haldið til Reykjavíkur viðstöðulaust, nema hvað hann hafi haft tal í nokkrar mínútur af skipverjum á öðrum botnvörpungi svo sem 25 sjómílur vestur af eyjunum. Hefir kærði stöðugt neitað því, að hann hafi nefndan dag eða í annað skifti verið hér að veiðum í landhelgi. Til stuðnings þessari neitun sinni lagði kærði fram í lögregluréttinum fiskidagbók skipsins, journal de pêche, og skírskotaði til þess, er þar var innfært 1. og 2. marz f. á. Bók þessi hefir þó eigi verið lögð fram í yfirdóminum, en hún var af dómaranum afhent kærða. Það virðist þó eftir atvikum eigi fyrir þetta vera nauðsynlegt, að vísa málinu frá yfirdóminum, með því að skjal þetta, sem var óundirskrifað, var afhent kærða eftir beiðni hans sjálfs, og í því virðist eigi, eftir því sem ráðið verður af réttargerðunum, hafa staðið neitt, er skifti máli annað en það, er kærði hefir sjálfur skýrt frá í réttinum.

Hins vegar hafa 1. vélameistari og 1. stýrimaður á »Liberté« borið það sem vitni og staðfest með eiði, að

eigi hafi verið veitt með botnvörpu frá skipinu nefndan dag 1. marz f. á. En við þessa vitnisburði athugast það, að annað vitnið, stýrimaðurinn, hefir eigi getað munað neitt um mikilsvarðandi atriði í málinu, það, hvenær skipið hafi komið til Reykjavíkur, hvort það hafi verið á nótt eða degi, og var vitnið þó vakandi, og það virðist því hæpið gegn hinum ákveðnu vitnisburðum í gagnstæða átt, að treysta minni þessa vitnis um það, hvort skipið hafi haft botnvörpu sína úti við Vestmannaeyjar daginn áður. Hitt vitnið, vélameistarinn, segir skipið hafa verið komið til Reykjavíkur kl. 4 um morguninn 2. marz og tekur það fram, að ferð frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur taki venjulega 16 klukkustundir, en kærði heldur því fram, að þeir hafi komið til Reykjavíkur á 6. eða 7. tímanum, og kemur það heim við 16 kl.st. ferð, ef skipið hefði farið kl. 2 daginn áður frá Vestmannaeyjum. En hvernig sem á er litið, verður hvorki skýrslu vitnisins né kærða um komu skipsins til Reykjavíkur komið heim við það, að skipið hafi farið í dögun daginn áður frá Vestmannaeyjum, því að eftir því hefði það átt að vera 20 eða 22 kl.st. á leiðinni og hélt það þó því sem næst viðstöðulaust til Reykjavíkur. Þessir vitnisburðir þykja því eigi svo ábyggilegir, að þeir geti hnekt skýrslu bátshafnarinnar á »Haffara«, og verður því að telja sannað, að kærði hafi verið að botnvörpuveiðum eins og síðarnefnd vitni hafa skýrt frá, og þannig orðið brotlegur gegn fyrgreindum lögum 6. apríl 1898, 2. gr. Telst sektin, sem hann hefir til unnið fyrir þetta brot, með tilliti til þess, að hann, eftir því sem upplýst er í skýrslu varðskipsforingjans, hefir verið sektaður 19. febr. 1911 í Vestmannaeyj-

um um 600 franka fyrir brot á 3. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 1800 kr. til landssjóðs.

Framangreint lagabrot var, eftir því sem þegar er sagt, framið 1. marz f. á. Eftir það var kærði á fiskiveiðum þangað til snemma í aprílmán. s. á. að hann fór til Seyðisfjarðar og affermdi þar allan afla sinn í annað skip, sem fór með hann til útlanda, en 15. s. m. var skipið tept af varðskipinu og mál þetta höfðað gegn kærða. Það er þannig upplýst, að ekkert af þeim fiski, er kærði kann að hafa aflað með hinni ólöglegu veiði eða þeim afla, sem skipið hafði þá innanborðs, var í því þegar það var hept. Það virðist nú eiga að skilja svo ákvæði 2. gr. nefndra laga um upptöku veiðarfæra og afla, að það eigi við veiðarfæri og afla skipsins þegar brotið, sem greinin ræðir um, var framið, og var þá eigi heimild til að gera upptækan afla þann, sem var í skipi kærða þegar það var handsamað, og eigi var fenginn með hinni ólöglegu veiði. Verður því að breyta ákvæði dómsins, er að þessu lýtur. Aftur á móti er ekkert upplýst um það, að nein breyting hafi orðið á veiðarfærum skipsins frá 1. marz til 15. apríl f. á., og verður því að ætla að þau hafi verið hin sömu þegar málið var höfðað eins og þegar brotið var framið; var það því rétt, að veiðarfærin voru með dóminum gerð upptæk.

Allan kostnað málsins fyrir undirrétti og yfirdómi ber kærða að greiða, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors þeirra.

Við meðferð málsins í lögregluréttinum er það athugavert, að ekki er í dómnum neitt ákveðið um málskostnaðinn, svo sem fyrir er mælt í N. L. 1—5—14.

Að öðru leyti hefir meðferð málsins verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Louis Charles Maillard, skipstjóri á botnvörpuskipinu »Liberté« frá Fécamp, greiði 1800 króna sekt til landssjóðs og allan sakarkostnað fyrir undirrétti og yfirdómi; þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Magnúsar Sigurðssonar, 15 kr. til hvors.

Veiðarfæri nefnds skips skulu vera upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð.

Ídæmd gjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu þessa dóms og honum að fullnægja með lagaaðför.

Mánudaginn 4. maí.

Nr. 61/1913. Ísólfur Pálsson
gegn
Eiríki Torfasyni.

Dómur:

Með konunglegu leyfisbréfi, dags. 26. ágúst 1911, var Ísólfi Pálssyni organleikara, áfrýjanda þessa máls,

veittur einkaréttur á Íslandi, til að gera og láta gera netakúlur með auga, eins og þær, er lýst var í skjali og uppdrætti, sem fest var við leyfisbréfið. Fyrir brot á nefndum einkarétti höfðaði áfrýjandi mál þetta fyrir gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn stefnda Eiríki hreppstjóra Torfasyni í Bakkakoti, til skaðabóta o. fl., en með dómi réttarins, uppkveðnum 29. ágúst f. á., var stefndi sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 17. des. f. á. og krafist þess, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að kröfur hans fyrir undirréttinum verði teknar til greina, þær, að stefnda verði með dómi bannað að búa til netakúlur slíkar, er hann hefir gert eða gera látið, og að selja þær eða hagnýta á annan hátt, að hann verði dæmdur til að greiða áfrýjanda skaðabætur fyrir brot á einkaréttinum, 5000 kr., eða til vara eftir mati þar til dómkvaddra manna, og til að greiða málskostnað allan fyrir undirrétti og yfirdómi, skaðlaust. Stefndi krefst hinsvegar sýknunar í málinu og að fá sér dæmdan hæfilegan málskostnað fyrir báðum dómum, eftir mati réttarins.

Framangreindur einkaréttur áfrýjanda er í því fólginn, að gera eða láta gera netasteina úr beton, leir eða öðru efni, kúlumyndaða með gati eða gangi gegnum kúluna miðja og í ganginum þrepi eða stalli til viðnáms hnúti á línuspotta, sem dreginn er gegnum kúluna til að að festa hana við netasteininn. Þenna rétt telur áfrýjandi stefnda hafa brotið með því að búa til netasteina í líkingu við þá, er nú var lýst. Það er nú og svo, að stefndi hefir gert netasteina úr steinsteypu þannig lagaða, að þeir eru öðrumegin kúlumyndaðir eða kollóttir, en

hinum megin með sléttum fleti kringlóttum og með gati eða gangi úr miðjum fletinum gegnum steininn í miðjan kollinn, og er gatið víðast flatarmegin, en þrengist jafnt að hinu opinu. Stefndi kannaðist við að hafa gert 1200 slíka steina og fargað 800 af þeim, án þess þó að taka borgun fyrir þá.

Til stuðnings kröfu sinni um sýknun telur stefndi það fyrst, að áfrýjandi hafi brotið af sér einkaréttinn, þar sem í leyfisbréfinu sé sett það skilyrði, að hann skuli hafa komið uppgötvun sinni í framkvæmd á Íslandi áður en ár sé liðið frá dagsetningu bréfsins og halda því áfram, en þetta hafi áfrýjandi ekki gert, með því að netasteinar þeir, sem áfrýjandi hafi gert, séu með annari gerð en ákveðið er í leyfisbréfinu. Í annan stað telur stefndi sér það til varnar, að gerðin á sínum netasteinum sé önnur en á netasteinum áfrýjanda og mismunurinn svo verulegur, að eigi geti verið um eftirlíkingu að ræða eða brot á einkarétti áfrýjanda.

Á sýnishorni af netasteinum áfrýjanda, sem fylgir gögnum málsins, er að vísu sú tilbreyting frá lýsingu leyfisbréfsins, að gatið eða gangurinn gegnum kúluna er jafnt dregið að sér eða þrengt frá öðru opinu til hins, en enginn stallur eða þrep í gatinu, eins og gert er ráð fyrir í leyfisbréfinu. En þessi afbrigði virðast eigi svo veruleg, að áfrýjandi eigi þrátt fyrir þau verði að teljast hafa fullnægt nefndu skilyrði leyfisbréfsins um framkvæmd uppgötvunar sinnar í tækan tíma með því að búa til netasteina af sömu gerð og sýnishornið, en það er viðurkent, að hann hafi gert innan árs frá dagsetningu leyfisbréfsins. Um hitt atriðið, að netasteinar áfrýjanda og stefnda séu svo ólíkir, að eigi geti verið um eftirlík-

ingu að ræða, verður eigi heldur fallist á skoðun stefnda, því að þótt sá munur sé á lögun steinanna, sem að framan er lýst, þá er ljóst, að sama hugmyndin hefir ráðið gerðinni á hvorttveggja, og enginn munur virðist heldur verða gerður á nothæfi þeirra. Það verður því að líta svo á, að tilbúningur netasteina, eins og þeirra, er stefndi hefir gert, fari í bága við einkarétt áfrýjanda.

Þá hefir stefndi ennfremur haldið því fram, að hann hafi eigi, er hann gerði netasteinana, vitað neitt um einkarétt áfrýjanda, því að ekkert hafi verið auglýst um hann í Stjórnartíðindunum eða Lögbirtingablaðinu, og stefndi hafi eigi heldur fengið vitneskju um hann á annan hátt, en enginn geti orðið sekur um brot á einkarétti, nema einkaréttur sé auglýstur á löglegan hátt, eða sá hinn sami hafi á annan hátt fengið vitneskju um innihald einkaréttarins, en hvorugu sé hér til að dreifa.

Það er viðurkent í málinu, að einkaréttur áfrýjanda hafi eigi verið auglýstur, eins og venja er til, í Stjórnartíðindunum eða Lögbirtingablaðinu. En hins vegar hefir eitt vitnið skýrt frá því, að það hafi í desembermánuði 1911 komið á heimili stefnda og sýnt honum einn af netasteinum áfrýjanda og ýms skjöl þeim viðvíkjandi, þar á meðal auglýsingu frá áfrýjanda (úrklippu úr blaði) um, að hann hefði falið Böðvari Jónssyni í Reykjavík að annast alla framkvæmd á tilbúningi og sölu netasteina þeirra, er áfrýjandi hafði fundið upp og fengið einkaleyfi fyrir hér og í Danmörku; segir vitnið, að stefndi hafi spurt mikið um gæði steinanna, hvernig þeir væru búnir til, um blöndun efnisins og talað um, hvort nokkuð mundi segjast á því, að búa steinana til með eitthvað frábrugðinni gerð. Ennfremur segir vitnið, að stefndi hafi tekið

við skjölunum og blaðað í þeim, en það tók eigi eftir því, hvort hann las auglýsinguna. Það er og sannað, að litlu eftir að vitni þetta kom til stefnda, sem nú var frá sagt, kom fóstursonur stefnda, að ætla má í hans erindum, til nefnds Böðvars Jónssonar og falaði af honum netasteina, þó að ekkert yrði af þeim kaupum. Stefndi kannast við, að vitni þetta hafi komið til sín með netastein, er það sagði tilbúinn af áfrýjanda, en það hafi verið eftir að stefndi steypti þá 1200 steina, er að framan getur, og gaf af þeim, og hafi hann ekki séð steina áfrýjenda áður en hann gerði það, en hann neitar því, að hann hafi séð nein skjöl hjá vitninu eða auglýsingu, eða að vitnið hafi minst á, að áfrýjandi hefði einkarétt til að gera netasteina eins og þá, er það sýndi stefnda, eða að hann hafi haft þau ummæli um netasteina áfrýjanda, sem vitnið hefir eftir honum.

Með þessum vitnisburði er það þannig eigi sannað gegn mótmælum stefnda, að hann hafi búið til framangreinda 1200 eða aðra netasteina eftir að honum var kunnugt um einkarétt áfrýjanda, og verður hann því eigi talinn skaðabótaskyldur fyrir tilbúning á þeim. Og sama er um afhending þeirra, að eigi er sannað, að stefndi hafi verið vitandi um rétt áfrýjanda, er hann lét þá af hendi, og verður því eigi heldur skyldaður til að greiða áfrýjanda bætur fyrir það.

Það ber eftir þessu að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í málinu og með því að yfirdómurinn felst einnig á málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 11. maí.

Nr. 47/1913.

Benedikt Benediktsson, Jón Arason, Óli J. Kristjánsson og Jóel Friðriksson
gegn
Ásgeiri Sigurðssyni fyrir hönd Edinborgarverzlunar.

Dómur:

Áfrýjendur þessa máls, þeir Benedikt Benediktsson bóndi í Breiðuvík, Jón Arason prestur, Óli J. Kristjánsson snikkari og Jóel Friðriksson á Húsavík, tókust með skjali, er þeir undirskrifuðu 4. maí 1907, á hendur sjálfskuldarábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á því, að vöruúttekt (lán) alt að 2000 kr. mest í einu, sem Þórður Ingvarsson kaupmaður á Húsavík ætlaði að fá frá Edinborgarverzlun á Akureyri, yrði skilvíslega borgað samkvæmt samningi, er Þórður gengi að við nefnda verzlun. Gegn þessari ábyrgð fekk hann vörur lánaðar hjá verzluninni, en hann stóð eigi í skilum með borgun á þeim, og var skuld hans við verzlunina í októbermánuði 1908 orðin yfir 2000 kr. Var þá mál þetta af hálfu verzlunarinnar höfðað á hendur ábyrgðarmönnunum fyrir gesta-

rétti Þingeyjarsýslu til greiðslu á alt að 2000 kr. af skuld Þórðar, og var það dæmt í nefndum rétti 7. okt. 1911 með þeim úrslitum að áfrýjendur skyldu greiða verzluninni kr. 1378.74 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 22. október 1908 til greiðsludags og 50 kr. í málskostnað. Þessum dómi hafa áfrýjendur skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 15. okt. f. á. og krafist þess, að honum verði hrundið og breytt þannig, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfu stefnda og hann dæmdur í málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Af hálfu stefnda, Ásgeirs kaupmanns Sigurðssonar fyrir hönd Edinborgarverzlunar, er þess krafist, að gestaréttardómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að áfrýjendur verði, hvernig sem málið fer, dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi, eftir mati réttarins.

Áfrýjendur halda því fram, að þeir eigi að vera sýknir í málinu, af því að ábyrgð þeirra á skuld Þórðar Ingvarssonar sé fallin burtu, því að skuldin hafi samkvæmt samningi hans við verzlunina átt að vera greidd fyrir nýár 1908, en í stað þess að ganga þá eftir henni hjá ábyrgðarmönnunum, hafi verzlunin gert nýjan samning við Þórð, veitt honum gjaldfrest án vitundar þeirra og látið hann gefa sér tryggingu fyrir skuldinni með víxli, er féll í gjalddaga 15. sept. s. á., en með þessu hafi stefndi gert áfrýjendum ómögulegt að fá neitt endurgoldið af skuldinni hjá Þórði, því að meðan hann hafði þennan gjaldfrest hafi hann orðið félaus maður; hafi stefndi því með þessari aðferð losað þá við ábyrgðina, enda muni hann hafa litið svo á sjálfur.

Það styðst þó eigi við neitt í málinu, að stefndi

hafi álitið eða viðurkent, að ábyrgð áfrýjenda á skuld Þórðar væri fallin burt. Í ábyrgðarskjalinu 4. maí 1907 var ekkert áskilið um gjalddaga á skuldinni, né um það að eigi mætti veita Þórði gjaldfrest, né heldur um það, að stefndi skyldi gera ábyrgðarmönnunum viðvart, ef Þórður stæði eigi í skilum, en þeir ábyrgðust að skuldin yrði skilvíslega greidd eftir þeim samningi, er Þórður gengi að við verzlunina. Þó að telja megi það nýjan samning, er Þórði var með fyrnefndum víxli veittur gjaldfrestur til 15. sept. 1908, þá getur eigi leikið vafi á því, að nýnefnd ákvæði ábyrgðarskjalsins eigi við þann samning eigi síður en við loforð Þórðar um að greiða skuldina fyrir nýár 1908. Það losaði því eigi áfrýjendur við ábyrgðina, að stefndi veitti áminstan gjaldfrest, og í því efni skiftir það engu, að Þórður gaf jafnframt út víxil fyrir skuldinni. Stefnda var og samkvæmt ábyrgðarskjalinu óskylt, að halda áfrýjendum vakandi um ábyrgð þeirra með því að láta þá vita, hvað liði greiðslu skuldarinnar, en það var þeirra sök að gæta hagsmuna sinna í því efni.

Sýknunarkrafa áfrýjenda verður þannig eigi tekin til greina af framantöldum ástæðum, og með því að þeir hafa eigi tilfært aðrar sýknunarástæður, verður að dæma þá eftir kröfu stefnda til þess, einn fyrir alla og alla fyrir einn, að greiða stefnda kr. 1378,74 a. Með því að einnig verður fallist á ákvæði dómsins um vaxtagreiðslu og málskostnað fyrir gestaréttinum, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þeim úrslitum þykja áfrýjendur eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 40 krónur.

Kröfu stefnda um ómerking nokkurra ummæla í sóknarskjali áfrýjenda her við réttinn þykir eigi næg

ástæða til að taka til greina eða til að láta málfærslumann þeirra sæta sekt fyrir þau.

Fyrir hinn langa drátt frá 24. okt. 1908 til 23. ágúst 1911 á fyrirtekt og framhaldi þessa gestaréttarmáls, sem dómarinn, Steingrímur sýslumaður Jónsson verður að teljast eiga sök á, en hefir eigi nægilega réttlætt, kemst hann eigi hjá að sæta sekt samkvæmt 17. gr. tilsk. 15. ágúst 1832, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 35. gr.; ákveðst sektin 40 kr. og renni í fátækrasjóð Húsavíkurhrepps.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir, Benedikt Benediktsson, Jón Arason, Óli J. Kristjánsson og Jóel Friðriksson greiði stefnda Ásgeiri Sigurðssyni fyrir hönd Edinborgarverzlunar, einn fyrir alla og allir fyrir einn, 40 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Undirdómarinn Steingrímur sýslumaður Jónsson greiði 40 króna sekt í fátækrasjóð Húsavíkurhrepps.

Dóminum að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. maí.

Nr. 52/1913 Ólafur Jónsson
gegn
Ráðherra Íslands fyrir hönd
landssjóðs.

Dómur:

Í desembermánuði 1911 tilkynti Halldór Jónsson kaupmaður í Vík hreppstjóranum í Hvammshreppi að farið hefði verið í sölubúð hans þar í kauptúninu, að ætlun hans að næturþeli, og teknir þaðan peningar, bæði úr búðarskúffu og úr peningaskáp í skrifstofunni, sem hafði verið opnaður. Um þetta hóf sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu rannsókn í marzmánuði 1912 og lauk henni í júnímánuði s. á., án þess að neitt yrði uppvíst um þjófnaðinn. En 26. sept. s. á. tilkynti nefndur kaupmaður sýslumanni, að aftur hefði verið farið í búðina þá um nóttina og tekið þar dálítið af peningum, þó eigi stórvægilegt, og enn kærði hann það fyrir sýslumanni 30. okt. s. á., að farið hefði verið í búðina aðfaranóttina 28. s. m. og þá teknir tveir 5 krónu seðlar og nokkuð af silfurpeningum, Ætlaði hann að stuldir þessir hefðu verið framdir á næturþeli, en eigi hafði hann orðið var við neinar skemdir eða merki þess, að ofbeldi hefði verið beitt. Við rannsókn, sem hafin var 1. nóv. um þjófnað þennan, þótti grunur falla á Ólaf Jónsson myndasmið þar í kauptúninu um að vera valdur að honum og var hann samkvæmt úrskurði rannsóknardómarans, uppkveðnum 14. s. m. látinn í gæzluvarðhald, og sat hann þar frá nefndum degi til 24. febr. f. á. Að rannsókninni

lokinni voru réttarprófin send til stjórnarráðsins, en það úrskurðaði, að eigi skyldi höfða mál út af þeim.

Nefndur myndasmiður hefir nú, að fenginni gjafsókn og með skipuðum málaflutningsmanni samkvæmt lögum nr. 28, 26. okt. 1893 höfðað mál þetta fyrir yfirdómi gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs og krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju og tjón það alt og hnekki, sem hann hafi af því beðið með þeirri upphæð, er dómurinn áliti hæfilega.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hann verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Það byggist eingöngu á framburði nefnds kaupmanns Halldórs Jónssonar að áminstur þjófnaður hafi verið framinn, engir aðrir hafa eftir skýrslum málsins orðið varir við það eða séð nein merki þess, og með skýrslu kærandans, sem hann hefir eigi verið látinn staðfesta með eiði, er þá eigi fengin óyggjandi sönnun þess, að þjófnaðurinn hafi átt sér stað. En þar sem ekkert er framkomið, er gefi ástæðu til að tortryggja kæranda eða vefengja framburð hans, virðist þó eiga að taka skýrslu hans hér að lútandi gilda.

Um þjófnaðinn, sem á að hafa verið framinn aðfaranótt 26. sept. 1912, er ekkert við rannsóknina upplýst, er beri böndin að sækjanda um að vera valdur að honum, en um þjófnaðinn aðfaranótt 28. okt. hefir rannsókninni sérstaklega verið beint að tveimur atriðum, að útiveru sækjanda og göngu þessa nótt í nánd við og fram hjá sölubúð kæranda, og að peningaráðum, kaupskap og fjárreiðum sækjanda næstu dagana á eftir.

Um hið fyrra atriðið er það upplýst, að um kveldið og nóttina fyrir 28. okt. var tombóla og dansleikur haldinn í kauptúninu og var þar margt manna saman komið. Sækjandi var á dansleiknum til enda, fór þaðan burtu aðeins stutta stund og var þá með öðrum manni. Að dansinum loknum var hann á gangi um þorpið með ýmsum mönnum, þangað til hann fór heim til sín og háttaði, að sögn hans um kl. 5 um morguninn. Sækjandi kannaðist við, að hann á þessari göngu sinni hefði gengið fram hjá og vestur fyrir búð kæranda og farið þar inn á náðahús, og morguninn eftir sá kærandi mannaspor í sandinum sunnan við búðina og upp að vestustu búðardyrunum; þóttu þessi spor, sem kærandi mældi, geta verið eftir sækjanda. En hann neitar því að hann hafi gengið upp að búðardyrunum og hélt því fram, að annar maður hefði verið með sér um það leyti, sem hann fór á náðahúsið, eða bæði undan og eftir; að vísu kemur vitnisburður þessa manns ekki með öllu heim við skýrslu sækjanda, en framburður hans kemur eigi heldur að öllu leyti heim við aðrar vitnaskýrslur, enda var hann við vín og eigi alls gáður. Það sem þannig vitnaðist um útiveru sækjanda téða nótt og umferð hjá sölubúð kæranda, verður eigi talið svo þungt á metunum, að á því verði bygður rökstuddur grunur gegn honum, sérstaklega verður ekkert í þessa átt lagt upp úr sporum þeim, er kærandi athugaði hjá búðinni, og sem hann segir hafi verið óskýr og erfitt að mæla. Þar sem margir menn voru á gangi fram og aftur um kauptúnið þessa nótt, enda verður eigi fortekið, að sporin hafi verið eftir einhvern, sem ætlaði í búðina í verzlunarerindum um morguninn áður en hún hún var opnuð.

Um hið síðartalda atriði kom það fram við rannsóknina, að sækjandi hafði engu meiri peningaráð eftir aðfaranóttina að 28. okt. heldur en áður, hann var peningalaus að kalla má, og gerði grein fyrir þeim smáupphæðum, sem hann hafði látið úti, svo að fáeinum aurum munaði, en ekkert vitnaðist um það, að hann hefði haft 5 krónu seðla handa á milli, en að sögn kæranda áttu 2 þess kyns seðlar að hafa verið teknir úr búðinni við síðasta innbrotið.

Þá kom það og fram við réttarprófin, að lykill að herbergi, sem sækjandi bjó í um tíma, þangað til fyrstu dagana í októbermánuði 1912, gekk að skránni fyrir vestustu hurðinni í sölubúð kæranda, en eftir vitnisburðunum um þetta málsatriði eru engar líkur til að sækjandi hafi haft þennan lykil í vörzlum sínum eftir að hann flutti úr herberginu, og tvö vitni, sem sérstaklega voru til þess kvödd, að athuga skrána fyrir búðarhurðinni; hafa látið uppi það álit, að skráin sé mjög einföld, ekkert mein í henni, og að hægt sé að stinga hana upp með mjög einföldu áhaldi.

Samkvæmt því sem nú hefir verið sagt, hefir eigi neitt komið fram við rannsóknina, er styrkir grun þann er féll á sækjanda um að vera valdur að innbrotsþjófnaði í sölubúð Halldórs kaupmanns Jónssonar í Vík, og það virðist þá eftir öllum málavöxtum mega gera ráð fyrir, að hann sé saklaus af glæp þeim, er tilefni gaf til þess, að hann var settur í gæzluvarðhald, og með því að sækjandi var þess eigi heldur valdandi með framferði sínu, á hann samkvæmt fyrgreindum lögum 26. okt. 1893 tilkall til skaðabóta úr landssjóði fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefir beðið af varðhaldsvistinni, og

þykir eftir atvikum hæfilegt að ákveða bæturnar 200 krónur.

Málskostnaður á að falla niður, með því að málið er flutt með gjafsókn af hálfu beggja aðila. Flutningur málsins fyrir yfirdóminum hefir verið lögmætur, og ber skipuðum málaflutningsmanni sækjanda 25 krónur í málfærslulaun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Sækjanda Ólafi Jónssyni myndasmið skal greiða 200 krónur úr landssjóði. Málskostnaður falli niður. Skipuðum málafærslumanni sækjanda, Gísla Sveinssyni yfirréttarmálaflutningsmanni greiðist 25 krónur í málaflutningslaun úr landssjóði.

Mánudaginn 25. maí.

Nr. 18/1914

Lyder Höydal
gegn
Jóni Laxdal
f. h. Jakobs Gunnlögssonar.

Dómur:

Þegar mál þetta átti samkvæmt áfrýjunarstefnu dags. 6. apríl þ. á., að taka fyrir í yfirdóminum 4. þ. m. kom áfrýjandi eigi í réttinn og enginn með umboð hans, en

af hendi stefnda kom þar Bogi Brynjólfsson yfirréttarmálaflutningsmaður og krafðist ómaksbóta fyrir að mæta árangurslaust í málinu. Þessa kröfu ber samkvæmt NL. 1—4—34 að taka til greina og ákveðast ómaksbæturnar 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn, Lyder Höydal greiði stefnda, Jóni Laxdal fyrir hönd Jakobs Gunnlaugssonar 6 krónur í ómaksbætur áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 15/1914

Réttvísin
gegn
Árna Fr. Jónssyni
og Kristjönu Guðmundsdóttur.

Úrskurður.

Áður en dómur er lagður á mál þetta þykir nauðsynlegt að leita með réttarrannsókn frekari upplýsinga um atriði þau, er nú skal greina;

1. Fá skýrslu ákærðu um það, hvenær henni hugkvæmdist fyrst að deyða barnið, sbr. framburð hennar um, að hún hafi ekki áður (en hún tók jóðsóttina) hugsað neitt verulega um hann o: verknaðinn, hvort hún hafi strax eftir fæðinguna reynt að klippa sundur nafla-

strenginn eða nokkur tími liðið á milli, hvort barnið hafi hreyfst eða kipst við, þegar hún beitti skærunum á það, hvort barnið hafi legið þannig milli rúmfatanna, að það hafi getað kafnað, og hvort ákærða hafi gert nokkuð til þess, að það léti lífið með þeim hætti.

2. Fá skýrslu móður ákærðu, Elínar Jónsdóttur, um alt það er fyrir hana bar, þegar hún kom að rúmi ákærðu morguninn eftir fæðingu barnsins, sérstaklega hvar og hvernig barnið hafi legið milli rúmfatanna, hvort ákærða hafi verið vakandi, hvort þær hafi talast við, og hver orð hafi farið milli þeirra.

3. Að yfirheyra annað fólk, sem var í baðstofunni í Furufirði, nóttina sem ákærða ól barnið, sérstaklega Salome systur ákærðu, sem svaf hjá henni, um hvers það hafi orðið vart um athæfi hennar þá nótt.

4. Að fá skýrslu Ragnheiðar Jónsdóttur yfirsetukonu um það, hvort hún hafi talað við ákærðu um meðferðina (áverkana) á barninu og, ef svo er, hvað ákærða hafi sagt um það.

5. Að fá skýrslu heimilisfólks í Furufirði um skærin, er ákærða notaði, hver hafi átt þau, og hvernig á því stóð, að þau lágu á borði hjá henni áminsta nótt.

Ennfremur ber að útvega giftingarvottorð ákærða Árna Fr. Jónssonar og Elínar Jónsdóttur og framhaldsskýrslu héraðslæknis um það, hvort hann hafi séð þess nokkur merki við líkskurðinn á barninu, að það hafi dáið köfnunardauða.

Ber rannsóknardómaranum að útvega skýrslur þessar og þær aðrar upplýsingar, er framhaldsprófin kunna að gefa tilefni til að leita.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreinda skýrslu svo fljótt sem verða má.

Nr. 7/1914 Ari Þórðarson
gegn
Sigríði Rósu Þorláksdóttur.

Dómur:

Mál þetta, sem er barnfaðernismál, var höfðað af hálfu hinnar stefndu Sigríðar Rósu Þorláksdóttur fyrir lögreglurétti Reykjavíkur gegn áfrýjanda AraÞórðarsyni, til þess hann yrði dæmdur til að greiða meðlag eftir úrskurði yfirvaldsins með barninu Svövu, er hún ól 7. marz f. á., en hann hafði synjað fyrir faðernið, og var málið dæmt í téðum rétti 24. des. f. á. á þá leið, að svo framarlega sem kærandinn, Sigríður Rósa Þorláksdóttir eftir löglegan undirbúning vinnur eið að því á varnarþingi sínu, að kærður Ari Þórðarson hafi haft holdlegt samræði við hana 8. júní 1912, skal hann greiða meðlag eftir úrskurði yfirvaldsins með barni því, Svövu, er kærandi ól 7. marz 1913, svo greiði kærður þá og kostnað málsins með 20 kr. En treystist kærandi eigi til að vinna eiðinn, þá á kærður að vera sýkn af kröfum hennar í þessu máli og málskostnaður að falla niður.

Dómi þessum hefir Ari Þórðarson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. febr. þ. á. og gerir þær réttar-

kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði með eða án heimvísunar hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir lögregluréttinum verði teknar til greina og hann alsýknaður af öllum kröfum kæranda þar, hinnar stefndu, án þess að úrslit málsins séu látin koma undir eið hennar, eins og ákveðið er í dómnum; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hin stefnda, Sigríður Rósa Þorláksdóttir hefir eigi mætt, þótt löglega sé stefnd, og verður málið því dæmt eftir hinum framlögðu skjölum, samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Stefnda hefir skýrt svo frá, að hún hafi haft holdlegt samræði við áfrýjanda í marzmánuði 1912, síðast í maí s. á. og enn 8. júní og 3. júlí s. á. og hafi hún eftir samfarirnar 8. júní orðið þess vör, að hún hafi verið orðin barnshafandi. Jafnframt hefir hún kannast við, að hún hafi 19. maí 1912 haft samræði við annan nafngreindan mann. Áfrýjandi hefir af sinni hálfu eigi viljað kannast við faðernið að barni hinnar stefndu, en hefir þó eigi viljað synja fyrir það, að hann hafi haft holdlegt samræði við hana á þeim tíma, sem barnið getur verið komið undir, enda viðurkennir, að hann hafi haft holdlegar samfarir við hana í marz 1912 og treysti sér eigi til að neita því, að hann hafi haft samræði við hana síðast í maí og snemma í júní f. á. En hann telur þó annan mann líklegri til að vera föður barnsins.

Þar sem stefnda afdráttarlaust hefir lýst áfrýjanda föður að barni sínu og áfrýjandi af sinni hálfu hefir kannast við, eða þó eigi synjað fyrir, að hafa haft holdlegt samræði við stefndu á þeim tíma, að hann geti verið faðir barns hennar, þá getur eigi komið til mála, að sýkna

áfrýjanda algerlega fyrir kæru hinnar stefndu. Nú hefir stefnda eigi áfrýjað málinu af sinni hálfu og verður dómnum eigi breytt henni í vil. Fyrir því verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm eins og hann er, og verður málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður eftir þessum úrslitum.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 3/1914 Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson fyrir hönd Landsbanka Íslands gegn Hinriki Jónssyni og Júlíusi Kr. Einarssyni o. fl.

Dómur:

Með bréfi dags. 29. okt. 1904 veðsetti Einar Jónsson kaupmaður í Keflavík og fyrverandi hreppstjóri þar, Gunnari kaupmanni Gunnarssyni í Reykjavík með 1. veðrétti húseign með grunnréttindum og öðru tilheyrandi, er hann átti í Keflavík og virt hafði verið 24. sept. 1904 á 5830 kr., fyrir 3400 kr. skuld. Veðbréf þetta er undirskrifað í viðurvist tveggja vitundarvotta og í því ákveðið,

að selja megi veðið án undangengins dóms eða sátta, samkvæmt 15. gr. í lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám, ef ekki sé staðið í skilum með greiðslu skuldarinnar eða önnur ákvæði veðbréfsins séu ekki haldin. Veðbréf þetta var síðan selt Íslandsbanka að handveði, og lét bankinn að undangenginni aðvörun til skuldunauts selja veðbréfið á opinberu uppboði í Reykjavík þ. 20. maí 1911. A uppboði þessu keypti Hinrik Jónsson bakari í Keflavík, stefndi í máli þessu, veðbréfið fyrir 2400 kr. og fékk sér það framselt til eignar. Er hann ekki fékk skuldina samkvæmt veðbréfinu greidda, lét hann samkv. 15. gr. í nýnefndum lögum gera fjárnám í eigninni. Var það fjárnám framkvæmt af fógeta Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. maí 1911. Er þá húseignin í fógetagerðinni talin vera eign Guðbrandar Jónssonar í Reykjavík, og lýsir Einar Jónsson því yfir í réttinum, að húsið sé Guðbrandi selt, enda má af öðrum skjölum málsins sjá, að svo hafi verið. Eftir að fjárnám þetta var gert, var húseignin samkvæmt kröfu stefnda Hinriks Jónssonar auglýst til nauðungarsölu með auglýsingu dags. 19. júní 1911, er birt var þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu. Í auglýsingu þessari er húseignin talin að vera eign Einars Jónssonar, fyrverandi kaupmanns í Keflavík, en Guðbrandar Jónssonar ekki getið sem eiganda. Samkvæmt þessari auglýsingu var svo húseignin boðin upp á þremur nauðungaruppboðum, 6., 13. og 20. júlí 1911, og á síðasta uppboðinu seld stefnda Hinriki Jónssyni fyrir 2500 kr. og afsöluð honum til eignar, óháð öllum veðböndum, að því er virðist. Hinrik Jónsson seldi svo síðar eignina Júlíusi Kr. Einarssyni í Keflavik, sem einnig er stefndur í máli þessu.

Eins og getið hefir verið, var Guðbrandur Jónsson orðinn eigandi búseignarinnar áður en fjárnámið 30. maí 1911 var gert, og með bréfi dags. 14. marz 1911 hafði hann veðsett eignina Pétri Zophoníassyni fyrir 3000 kr. skuld með öðrum veðrétti næst á eftir veðskuldinni til Gunnars Gunnarssonar, sem fyr getur um, og áður en þessi veðsetning fór fram var húseignin endurvirt á 5800 kr. Eftir að veðbréf þetta hafði gengið framsali milli nokkurra manna var það í maímánuði 1911 framselt Landsbanka Íslands til fullrar eignar og umráða. Er einnig svo ákveðið í veðbréfi þessu, að gera megi fjárnám í eigninni án undanfarins dóms eða sáttar, ef eigi sé staðið í skilum með greiðslu afborgana og vaxta. Og er ekki var fullnægt ákvæðum veðbréfs þessa um vaxta og afborganagreiðslu, krafðist Landsbanki Íslands þess í bréfi til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu dags. 29. ágúst 1912, að fjárnám yrði gert í eigninni til lúkningar skuldinni. Þessu svarar sýslumaðurinn með bréfi dags. 14. des. s. á. og skýrir þá frá því, að húseignin hafi verið seld á nauðungaruppboði 20. júlí 1911 samkvæmt kröfu 1. veðhafa fyrir upphæð, er ekki nægði til lúkningar veðskuld hans.

Er greind fjárnámsbeiðni Landsbankans var ekki tekin til greina, hafa bankastjórar Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson fyrir hönd Landsbanka Íslands, að fenginni uppreisn dags. 19. jan. þ. á. með stefnu dags. 20. janúar. þ. á. áfrýjað til yfirdómsins uppboði því, er fram fór á hinni veðsettu húseign 20. júlí 1911, og hafa þeir krafist þess, að uppboðsgerð þessari á húseigninni verði hrundið og hún úr gildi felld og salan á húsinu verði ónýtt með öllum síðari áorðnum gerningum þar að lút-

andi, og að Landsbankanum verði tildæmdur allur af máli þessu og áfrýjun leiðandi kostnaður eftir mati yfirdómsins. Hefir þeim Hinriki Jónssyni, er húseignina keyptu á uppboðinu, og Júlíusi Kr. Einarssyni, er seinna keypti eignina af Hinriki, verið stefnt til að svara til sakar í málinu, og ennfremur hefir, auk uppboðsráðanda, þeim Einari Jónssyni í Keflavík, og Guðbrandi Jónssyni í Reykjavík verið stefnt til að gæta hagsmuna sinna, ef einhverjir væru og ef þær vildu.

Af hinum stefndu hafa aðeins 2 hinir fyrstnefndu látið mæta fyrir yfirdóminum, og hefir þess af þeirra hálfu verið krafist, að uppboðsgerðin 20. júlí 1911 verði staðfest, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Afrýjendur byggja kröfu sína um ómerking uppboðsins á því, að hin selda húseign hafi verið ranglega auðkend í uppboðsauglýsingunni, þar sem húsið í henni var talið eign Einars Jónssonar í stað Guðbrandar Jónssonar, er var eigandinn. Hafi þetta orðið þess valdandi, að eignin, er Landsbankinn átti 2. veðrétt í, hafi verið seld án vitundar bankans og honum þar með fyrirmunað að gæta réttar síns við uppboðið, er hann ella mundi hafa gert, en afleiðingin af því aftur orðið, að bankinn hafi tapað skuld sinni samkvæmt fyrgreindu skuldabréfi, með því að skuldunautur bréfsins sé öreigi, er ekki hefir verið mótmælt, og veðið eitt í húseigninni hafi gefið skuldabréfinu gildi.

Eins og áður var getið, var Guðbrandur Jónsson sá, er gefið hafði út skuldabréfið 14. marz 1911 með 2. veðrétti í húseigninni, orðinn eigandi hinnar seldu húseignar þegar uppboðsauglýsingin var gefin út og nauðungar-

uppboðin fóru fram. Er það því rangt, að uppboðsráðandi hefir tilgreint annan eiganda eignarinnar í uppboðsauglýsingunni. Og þar sem eignin ennfremur í uppboðsauglýsingunni er auðkend með þessu einu, að tilgreina eiganda hennar, má líta svo á, að þetta hafi orðið þess valdandi, að bankinn ekki lét mæta á uppboðinu til þess að gæta réttar síns, sem annar veðhafi og beðið tjón við það. Er þessi galli á auglýsingunni svo verulegur, að hún getur ekki álitist vera löglegur grundvöllur til þess á henni að byggja nauðungarsölu og ber því að ómerkja hina áfrýjuðu uppboðsgerð.

Stefndi, Júlíus Kr. Einarssonar, var ekkert viðriðinn hina áfrýjuðu uppboðsgerð, og verður því að sýkna hann af málskostnaðarkröfu áfrýjanda. En eftir framangreindum úrslitum þykir rétt, að dæma stefnda, Hinrik Jónsson, til að greiða áfrýjendunum málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega ákveðinn 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð á ómerk að vera. Stefndi Hinrik Jónsson greiði áfrýjendunum Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbanka Íslands málskostnað fyrir yfirdómi, 30 krónur, áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

55/1912 Hermann Þorsteinsson og St. Th. Jónsson
gegn
Þórarni Guðmundssyni.

Dómur:

Með grunnleigusamningi 22. desember 1894 leigði Ólafur Sigurðssyni í Fjarðarseli Teiti Andréssyni lóð með tilteknum mörkum innan Seyðisfjarðarkaupstaðar. Teitur þessi bygði hús á lóðinni, og var það ýmist kallað »Teitshús« eða »Arbær«. Hús þetta og lóðarréttindin seldi Teitur síðan sótara A. E. Berg á Seyðisfirði með afsalsbréfi 26. maí 1902. Hafði Berg þegar árið 1901 bygt sútarahús eða verksmiðju á lóðinni og hafði Seyðisfjarðarkaupstaður, að því er séð verður, í tilefni af þeirri byggingu ábyrgst viðlagasjóðslán, sem Berg fékk, og fengið skuldabréf fyrir með veði í sútunarstofunni og Teitshúsi 5. febrúar 1902. Nokkrum árum seinna var Teitshúsið flutt af lóðinni, en nýtt íbúðarhús bygt í þess stað 1906 og var það veðsett «með lóðarréttindum« með 1. veðrétti með veðbréfi 16. okt. 1906 fyrir 8000 kr. skuld. Seinna var íbúðarhúsið veðsett með 2. veðrétti og loks var Þórarni Guðmundssyni veðsett sútunarstofan með 2. veðrétti og íbúðarhúsið með 3. veðrétti með veðskuldarbréfi 3. janúar 1911 fyrir 2000 kr. skuld. Afrýjendur þessa máls, Hermann Þorsteinsson og St. Th. Jónsson, urðu eigendur veðbréfsins frá 11. okt. 1906 með 1. veðrétti í íbúðarhúsinu, og með því að Berg stóð ekki í skilum með það lán, kröfðust þeir fjárnáms í húsinu með lóðarréttindum samkvæmt veðbréfinu. Var fjárnámið framkvæmt 28. des. 1911 og eignin seld á síðasta nauðungaruppboði 16. marz 1912 og slegin eigendum veðbréfsins, áfrýjendum

þessa máls. Í uppboðsskilmálunum var svo tiltekið, að lóð þeirri, sem Berg hafði haft, skyldi skift milli íbúðarhússins og sútunarstofunnar með nánar tilteknum mörkum og var að eins sá hlutinn, sem ákveðinn var íbúðarhúsinu, seldur með því á nauðungaruppboðinu. Þessari skiftingu lóðarinnar mótmælti annar áfrýjandi þessa máls, Hermann Þorsteinsson, fyrir hönd þeirra beggja og áskildi þeim allan rétt til þess hluta lóðarinnar, sem undan var skilinn. Jafnframt því að þetta gerðist, hafði stefndi í máli þessu, Þórarinn Guðmundsson kaupmaður krafist fjárnáms í sútunarstofunni samkvæmt veðbréfinu 3. júní 1911; var það fjárnám framkvæmt 20. marz 1912 og sútunarstofan seld á nauðungaruppboðum 27. apríl, 4 maí og 11. maí 1912. Í uppboðsskilmálunum voru lóðarréttindin, þau sem fylgja skyldu sútunarstofnunni, ákveðin í samræmi við uppboðsskilmálana fyrir sölu íbúðarhússins. Á öðru nauðungaruppboðinu mættu áfrýjendur þessa máls og mótmæltu því, að lóðarréttindin væru látin fylgja sútunarverksmiðjunni og kröfðust úrskurðar fógetaréttarins um það. Var úrskurður réttarins kveðinn upp 11. maí 1912 á þá leið, að mótmælin skyldu ekki tekin til greina, og var uppboðinu síðan haldið áfram og lokið. Þessum úrskurði, ásamt fjárnámsgerðinni 20. marz og þvingunaruppboðunum 27. apríl, 4. maí og 11. maí 1912 hafa áfrýjendurnir Hermann Þorsteinsson og St. Th. Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu 5. nóv. 1912, eftir að hafa fengið áfrýjunarleyfi dags. 4. s. m. Krefjast áfrýjendur þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ónyttur og úr gildi feldur, eða að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að mótmæli áfrýjenda fyrir uppboðsrétti verði tekin til greina, og að um-

rætt uppboð og fjárnám verði ónýtt og úr gildi felt, eða fjárnámsgerðinni breytt þannig, að fjárnámið verði ekki látið ná til neinna lóðarréttinda með hinni seldu sútunarverksmiðju, ennfremur að stefndi verði dæmdur til að greiða í málskostnað kostnað sem áfrýjendur hafa haft af málinu í Noregi kr. 71,40, uppreisnargjald kr. 37,33, réttargjöld kr. 16,00 og hæfileg málaflutningslaun til málaflutningsmanns þeirra.

Hins vegar krefst stefndi, kaupmaður Þórarinn Guðmundsson þess fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð og uppboðsgerðin með úrskurði verði að öllu leyti staðfest og að áfrýjendurnir verði in solidum, hvernig sem málið fer, dæmdir til að endurgjalda stefnda allan málskostnað að skaðlausu, eftir reikningi eða eftir réttarins mati og þar í málflutningslaun til málflutningsmanns stefnda.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndi á því, að spurning sú, sem hér liggur fyrir, hafi verið útkljáð með fjárnáminu í íbúðarhúsinu með lóðarréttindum og nauðungaruppboðunum á því, sem ekki hafi verið áfrýjað, og svo á því, að áfrýjendum standi það á engu, að fá ónýtt fjárnámið í sútunarstofunni sjálfri og nauðungarsöluna á henni, heldur að eins að því er snertir lóðarréttinn, sem henni var látinn fylgja. En með því að fjárnámið og nauðungaruppboðið á íbúðarhúsinu einmitt tók ekki til þess hluta lóðarréttindanna, sem hér ræðir um, en áfrýjendur geymdu sér rétt sinn til þess, þegar til kæmi, þá var þeim ekki nauðsyn að áfrýja því fjárnámi og nauðungarsölu. Og þar sem fjárnámið í lóðarréttindahluta þeim, sem hér ræðir um, ekki verður skilið frá fjárnámi og sölu sútunarstofunnar sjálfrar, þá verður áfrýjendum

að vera það réttarfarslega heimilt, að áfrýja fjárnáminu öllu og sölunni allri ásamt úrskurði þeim, sem snertir þá sérstaklega. Frávísunarkrafa stefnda verður því ekki tekin til greina.

Kröfu sína um ónýting hins áfrýjaða úrskurðar og fjárnámsins og uppboðsins á sútunarstofunni eða verksmiðjunni með lóðarréttindum samkvæmt uppboðsskilmálunum byggja áfrýjendur á því, að hinum stefnda hafi aldrei verið veðsett nein lóðarréttindi með sútunarstofunni, heldur hafi öll lóðarréttindin óskert verið veðsett þeim, áfrýjendunum, með íbúðarhúsinu. Vitna áfrýjendurnir þessu til stuðnings í, að ávalt hafi verið litið svo á á Seyðisfirði, að lóðin öll — eða lóðarréttindin — fylgdu íbúðarhúsinu, en engin lóð sútunarhúsinu, og að þetta komi berlega fram í veðbréfunum, þar sem í veðbréfi Seyðisfjarðarkaupstaðar standi að eins: »sútunarverksmiðjuhús mitt hér í bænum . . . . og hús það er eg hefi keypt af Teiti Andréssyni, og sem stendur á sömu lóð«, og í veðbréfi stefnda: «sútunarverksmiðju mína . . . . . hið sama sem Seyðisfjarðarkaupstaður hefir 1. veðrétt í«, en í þeirra (áfrýjenda) bréfi standi: »Íbúðarhús mitt Elverhöj í Seyðisfjarðarkaupstað með öllu múr- og naglföstu og lóðarréttindunum . . . . . »Hinsvegar heldur stefndi því fram, að þetta skifti ekki máli, þegar af þeirri ástæðu, að Berg hafi verið búinn að missa lóðarréttinn vegna vanskila á lóðarleigunni, hafi því bærinn, sem var orðinn eigandi lóðarinnar átt rétt á að skifta henni, og að hann hafi skift henni milli húsanna, og hafi verið farið eftir þeirri skiftingu við fjárnámið og uppboðið. En þó svo væri ekki, þá væri samt eigi hægt að byggja neitt á ordalagi veðbréfanna, því að lóð eða lóðarréttur sé sjálfsagt

accessorium veðs, sem ekki þurfi að taka fram í veðbréfinu, heldur verði að taka hið gagnstæða fram, ef ætlast sé til, að veðsett hús sé lóðarlaust.

Að því er kemur til þess atriðis, að Berg hafi verið búinn að missa lóðarréttinn vegna vanskila á leigunni, þá er upplýst, að slík vanskil hafi átt sér stað, sem réttlættu uppsögn grunnleigunnar, með því að A. E. Berg greiddi eigi leiguna, er féll í gjalddaga fyrir októberlok 1911, en við það varð leigurétturinn uppsegjanlegur af landsdrottins hálfu samkvæmt grunnleigusamningnum 22. des. 1894. Seyðisfjarðarkaupstaður var þá orðinn eigandi lóðarinnar, og á fundi 19. febr. 1912 samþykti bæjarstjórn kaupstaðarins »að skifta megi lóðarbletti þeim, er A. E. Berg sútari hefir haft á leigu, þannig að annar hluti hennar, er síðar verður ákveðinn af bæjarstjórninni í samráði við veðhafa, fylgi íbúðarhúsinu, en hinn sútunarverksmiðjunni, gegn því að eftirleiðis verði það gjald greitt fyrir báða þessa lóðarhluta hvorn um sig, sem bæjarstjórnin ákveður við skiftin». Sama daginn eftir fundinn fór bæjarstjórnin, formaður hennar og allir bæjarfulltrúarnir nema áfrýjendurnir, sem og voru bæjarfulltrúar, heim til A. E. Bergs, sagði honum upp lóðarréttindunum, skifti lóðinni milli íbúðarhússins og sútunarverksmiðjunnar, afmarkaði lóðarblettina hvorn um sig og ákvað grunnleiguna fyrir þá, eins og síðar var tekið upp í söluskilmálana fyrir húsunum. Þessar ráðstafanir bæjarstjórnarinnar hafa að vísu eigi verið færðar inn í gjörðabók hennar, en að uppsögn á leigusamningnum og skiftingu á lóðinni hafi farið fram sem nú var sagt, er sannað með yfirlýsingu bæjarstjórnarinnar dags. 3. júní f. á. og bréfi bæjarfógetans á Seyðisfirði dags. 11.

okt. f. á. til áfrýjandans Hermanns Þorsteinssonar, er áfrýjendurnir hafa lagt fram. En þeir halda því fram, að þó að lóðarréttindunum hefði þannig verið sagt upp og skift, þá sé það ekki bygt á löglegri samþykt bæjarstjórnarinnar, því að hún hafi aldrei gert ályktun um uppsögn lóðarinnar og aldrei formlega skift henni. Það verður þó eigi betur séð, en að samþykt bæjarstjórnarinnar á fundinum 19. febrúar um skiftingu lóðarinnar verði að skilja svo, að í henni felist ályktun um uppsögnina, því að meðan lóðarrétturinn, samkvæmt leigusamningnum var hjá Berg, gat bæjarstjórnin ekki framkvæmt skiftinguna, og það má einnig ætla, að áfrýjendum hafi verið kunnugt um, að bæjarstjórnin ætlaði að segja upp lóðinni, því að samkvæmt vottorði bæjarstjórnarinnar, sem áfrýjendurnir hafa eigi hnekt, þó að þeir hafi mótmælt því með almennum orðum, bauðst áfrýjandi St. Th. Jónsson til að greiða grunnleiguna fyrir Berg, en bæjarstjórnin hafnaði því boði. En auk þess verður að líta svo á, að samkoma bæjarstjórnarinnar heima hjá A. E. Berg hafi verið bæjarstjórnarfundur, þar sem meiri hluti bæjarstjórnarinnar var saman kominn, til að gera ráðstafanir um bæjarmálefni, og að þessi fundur hafi verið bær um að gera slíkar ráðstafanir. Fyrir þá sök eina, að farist hefir fyrir að geta um þessar gerðir í fundarbók bæjarstjórnarinnar verða þær eigi taldar ógildar, þar sem það á annan hátt er nægilega sannað, að þær hafi farið fram, og hvers efnis þær hafi verið.

Með því að álíta verður eftir þessu, að bæjarstjórnin hafi löglega sagt A. E. Berg upp grunnleigusamningnum frá 22. des. 1894, þá leiðir af því, að leiguréttur inn og fjárnámsréttur áfrýjenda í honum var þar með niður fallinn og

urðu þeir úr því að eiga það við lóðareiganda, bæjarstjórnina. hversu mikil lóð yrði látin fylgja íbúðarhúsinu. Á fundinum 19. febr. 1912 samþykti nú bæjarstjórnin, sem fyr segir, að skifta mætti lóðinni milli íbúðarhússins og sútunarhússins og að skiftingin skyldi gerð í samráði við veðhafa, enda verður að telja það eðlilegt, að slík skifting yrði eigi gerð að veðhöfum fornspurðum, þar sem, meðal annars jafnframt átti að hækka lóðargjaldið. En við skiftinguna, sem bæjarstjórnin gerði á fundinum hjá Berg var þessa eigi gætt; áfrýjendur staðhæfa, og því er eigi mótmælt af stefnda, að þeir hafi enga vitneskju haft um lóðarskiftinguna fyr en á uppboðinu 16. marz 1912, og áttu þeir þó, samkvæmt fyrgreindri ályktun bæjarstjórnarinnar rétt á að vera með í ráðum um hana og gæta hagsmuna sinna sem veðhafa. En á þessari skiftingu var ákvæði skilmálanna um lóðarréttindin við uppboðin 16. marz og 11. maí 1912 bygt, og verður þá þetta ákvæði eigi talið lögmætt eða bindandi fyrir áfrýjendur.

Eftir þessu verður skifting sú á lóðarréttindunum, sem er undirstaða fjárnáms þess, nauðungarsölu og úrskurðar, sem hér er áfrýjað, ekki talin heimil, og verður því samkvæmt kröfu áfrýjenda, að ónýta fjármámið, uppboðið og úrskurðinn, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð, nauðungaruppboð og uppboðsréttarúrskurður skal úr gildi felt. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 8. júní.

Nr. 48/1913 Sigurður Guðmundsson
fyrir hönd gufuskipafélagsins »Thore«.
gegn
Þorleifi Guðmundssyni.

Dómur:

Afgreiðslumaður gufuskipafélagsins »Thore«, Sigurður Guðmundsson höfðaði mál þetta fyrir hönd félagsins á bæjarþingi Reykjavíkur gegn Þorleifi Guðmundsssyni kaupmanni í Reykjavík til greiðslu á vöruflutningsgjaldi, er hann taldi félagið eiga hjá honum, en nefndur kaupmaður höfðaði þá gagnsök á hendur félaginu til skuldajafnaðar og greiðslu þess, er hann taldi til skuldar hjá félaginu umfram kröfu þess. Voru mál þessi dæmd á bæjarþinginu 14. ágúst f. á., á þá leið, að gagnstefnandi skyldi greiða aðalstefnanda kr. 311,29 með 5% ársvöxtum frá 19. sept. 1912 til greiðsludags, en málskostnaður í báðum málunum var látinn falla niður. Þessum dómi hafa báðir aðilar skotið til yfirdómsins, Sigurður Guðmundsson með stefnu, dags. 17. okt. f. á., og Þorleifur Guðmundsson

með gagnstefnu, dags. 13. des. f. á. Hefir aðaláfrýjandi krafist þess, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér kr. 1106.09 með 6% ársvöxtum frá 19. sept. 1912, og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati yfirdómsins. En gagnáfrýjandi krefst þess hinsvegar, að dóminum verði breytt samkvæmt kröfum hans fyrir undirréttinum, þannig að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1261.50 með 5% ársvöxtum frá 31. janúar f. á. til borgunardags eða að skuldajöfnuður verði gerður milli þessarar kröfu og aðalkröfunnar, sem upphaflega var fyrir undirréttinum kr. 1245.90, þannig, að gagnáfrýjanda verði dæmdur mismunurinn á þessum kröfum kr. 15.60, en til vara, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur; svo krefst hann og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Krafa sú, er mál þetta er risið af, er um flutningsgjald, sem áfrýjandi telur sér ógreitt fyrir vörur, er stefndi (gagnfrýjandi) fékk til Reykjavíkur með skipum Thorefélagsins »Mjölnir« og »Kong Helge« í maímánuði 1912. Eins og áður er sagt, var krafan upphaflega að upphæð kr. 1245.09, en fyrir undirréttinum dró áfrýjandi frá henni þessar upphæðir: afslátt á flutningsgjöldum með »Kong Helge» kr. 43.45, með Mjölnir« kr. 38.61 og með »Perwie«, skipi félagsins kr. 7.25, og ennfremur endurgjald fyrir vörur, sendar með »Perwie«, er eigi komu fram, kr. 50.50, samtals kr. 139 81, svo að krafa hans fyrir yfirdóminum er sem fyr segir kr. 1106.09.

Hins vegar hefir stefndi krafist þess í gagnsökinni, að ennfremur komi til reiknings móti kröfu áfrýjanda:

1. afsláttur á flutningsgjaldi með »Mjölnir« kr. 81.08
2. —— « —— — »Perwie« — 40.83
3. endurgjald fyrir óskilaðar vörur úr »Mjölnir« — 102,74
4. —— — —— — úr Kong Helge kr. 130.46
5. —— — —— —— »Perwie« — 41.22
6. Kostnaður við flutning á vörum frá Reykjavík til Hallgeirseyjar, þar sem áfrýjandi eftir samningi hafi átt að afferma þær . . . . kr. 725.36

Samtals kr. 1121.69

eða umfram kröfu áfrýjanda kr. 15,60, er stefndi krefst dóms fyrir. Um þessa kröfuliði verður athugað það, sem eftir segir:

1. Stefndi heldur því fram, að þessi afsláttur sé rétt talinn alls kr. 119.69, en ekki að eins kr. 38.61 sem áfrýjandinn hefir samþykt, eigi því enn að koma til frádráttar kr. 81.08. Varan, sem hér ræðir um, er 286 hundrað punda pokar af haframjöli, og telur stefndi flutningsgjaldið fyrir hvern poka kr. 1.15, en alt gjaldið fyrir þessa sendingu, að frádregnum 10% og aftur 10% eftir gjaldskrá félagsins kr. 266.41. En áfrýjandi telur flutningsgjaldið kr. 1.50 fyrir haframjölspokann, eða kr. 429.00 og að frádregnum hundraðsgjöldum kr. 347.50 fyrir alla sendinguna. Með því að flutningsgjaldið fyrir þessa vörutegund er í gjaldtaxta félagsins tilgreind eins og áfrýjandi telur það, og stefndi hefir eigi sannað, að honum hafi verið heitið frekari ívilnun í gjaldinu en áfrýjandi hefir reiknað honum, verður krafa hans um meiri afslátt á þessu gjaldi, en áfrýjandi hefir samþykt, eigi tekin til greina.

2. Áfrýjandi heldur því fram, að hér sé um sama flutningsgjald að ræða og í liðnum næst á undan og sé

það sama upphæðin, sem áfrýjandi hefir reiknað kr. 38.61 og samþykt að draga þar frá; sé þetta því tvítalið hjá stefnda. En þetta virðist eigi geta verið rétt, með því að ómótmælt er að vara sú, sem hér er átt við og nefnd er valsaðir hafrar, ekki haframjöl, hafi flutzt með öðru skipi, »Perwie«, svo að eigi getur verið um sömu sendinguna að tefla. Fyrir þessa vörusendingu hefir stefndi greitt flutningsgjald kr. 223.08, en rétt reiknað eftir kr. 1.50 taxta og 10% + 10% afslætti telur stefndi það eiga að vera kr. 182.25, og kemur þá fram mismunurinn kr. 40.83. Með því að áfrýjandi hefir eigi sérstaklega vefengt þennan reikning stefnda, verður að telja rétt, að síðastnefnd upphæð dragist frá kröfu áfrýjanda.

3. Vörur úr Mjólnir, er eigi hafa komið til skila, telur stefndi þessar: 7 rúllur af þakpappa fyrir kr. 11.20, 123 pd. pund af völsuðum höfrum fyrir kr. 15,07, 117 pund af rúgi fyrir kr. 10.47 og 6 kassa af kandís fyrir kr. 66.00, alls vörur fyrir 102.74. Áfrýjandi hefir eigi borið á móti því, að tekið hafi verið á móti þessum vörum í skipið til flutnings og eigi haldið því fram, að þær hafi verið afhentar réttum hlutaðeigendum eða á annan hátt gert grein fyrir þeim, en hann hefir hinsvegar haldið því fram, að hann hafi enga tilkynningu um það fengið, að þessar vörur vantaði, og ekkert um það vitað fyr en stefndi lagði fram mótreikning sinn í þessu máli. Stefndi hefir ekki hnekt þessari umsögn áfrýjanda, og með því að fallast verður á þá skoðun héraðsdómarans, að stefnda hafi verið nauðsynlegt til þess að varðveita rétt sinn út af þessari vöruvöntun að láta eigi dragast að gera áfrýjanda viðvart um hana og krefjast leiðréttingar á henni, og með því að einnig verður að líta svo á, að heimilt

sé eftir málsfærslunni að taka þessa málsástæðu til greina, þykir eiga að sýkna áfrýjanda af þessari gagnkröfu.

4. Vörur úr «Kong Helge« telur stefndi vanta: 4 kassa melis fyrir kr. 46.00, 1 sekk af muldum sykri fyrir kr. 43.00 og 6 tunnur af kexi fyrir kr. 41.46 eða vörur fyrir samtals kr. 130.46. Áfrýjandi kannast við, að hvíti sykurinn og kexið hafi eigi verið afhent stefnda, en sé geymt hjá afgreiðslu félagsins og geti stefndi fengið það afhent, þegar hann greiði skuld sína. Það verður nú að teljast áfrýjanda heimilt að halda þessum vörum, þangað til flutningsgjaldið er greitt, og selja þær því til lúkningar, ef á þarf að halda, en um mulda sykurinn er sama að segja og um vörurnar, er getið er í tölulið næst á undan, að áfrýjanda hefir eigi í tíma verið gert viðvart um að þessa vörusendingu vantaði, og verður hann því eigi svo löngu eftir krafinn endurgjalds fyrir hana.

5. Á vörum fluttum með »Perwie« tjáir stefndi eigi hafa komið til skila: 3 sekki rúgmjöls fyrir kr. 25.50, 2 sekki af völsuðum höfrum fyrir kr. 25.00, 110 pund af samskonar höfrum fyrir kr. 13.75 og vindla fyrir kr. 27.47. Andvirði tveggja fyrsttöldu sendinganna, samtals kr. 50.50, dró áfrýjandi frá kröfu sinni fyrir undirrétti, sem fyr segir, en hinar sendingarnar verður hann eigi gegn mótmælum hans dæmdur til að greiða stefnda af framangreindri ástæðu, að hann hefir eigi verið krafinn um skil á þeim í tækan tíma.

6. Kröfu sína um endurgjald á kostnaði við flutning á vörum frá Reykjavík til Hallgeirseyjar byggir stefndi á því, að áfrýjandi hafi skuldbundið sig til að láta afferma þessar vörur í Hallgeirsey, en í stað þess hafi skipið, «Kong Helge«, sem flutti vörurnar, lagt þær upp í

Reykjavík, og flutningurinn á þeim þaðan til Hallgeirseyjar hafi kostað alls kr. 725.36; þennan kostnað telur stefndi að áfrýjandi eigi að greiða sér. En áfrýjandi neitar því að hann hafi tekið á sig neina skuldbindingu um afferming varanna í Hallgeirsey, því hafi að eins verið lofað svo framarlega sem ástæðurnar, að dómi skipstjórans, leyfðu það, en skipstjóri hafi eigi álitið það fært, og því orðið að fara með vörurnar til Reykjavíkur. Í farmskírteinum þeim, er fylgdu vörum þessum, er réttur affermingarstaður skipsins talinn vera Reykjavík, en þar á eftir er bætt við: »Losning við Hallgeirsey Forholdende tilladende, ellers Reykjavík efter Kapt. Skjön». Stefndi hefir eigi sannað, að hann hafi fengið annað eða ríkara loforð áfrýjanda um afferming varanna í Hallgeirsey en farmskírteinið ber með sér, en eftir því virðist hann hafa látið sér lynda að hlíta dómi skipstjórans um það, hvort fært væri að koma vörunum í land í Hallgeirsey, og að skipstjóri hafi álitið það ófært, sýnir innfærsla í dagbók skipsins, sem ómótmælt er að eigi við þessa ferð, svolátandi: «Paa Grund af höj sydlig Dönning kunde der intet udrettes ved Losning paa Sydlandet og Rejsen fortsattes til Reykjavík«. Stefndi vill halda því fram, að þessi dagbókarskýrsla geti eigi verið rétt, því veður hafi verið gott til affermingar í Hallgeirsey, þegar skipið fór þar fram hjá. En þó að svo yrði litið á, að stefndi væri eigi skilyrðislaust bundinn við úrskurð skipstjórans, þá ber honum þó, er hann vill vefengja úrskurðinn, að sanna að hann sé rangur, en það hefir stefndi eigi gert. Það verður því eigi séð, að ástæður séu til þess, að áfrýjandi eigi að endurgjalda stefnda áminstan flutningskostnað

á vörum frá Hallgeirsey til Reykjavíkur, og ber því að sýkna hann af þeirri kröfu.

Samkvæmt framansögðu verða þau úrslit málsins, að frá kröfu áfrýjanda, kr. 1106.09 ber að draga kr. 40.83, en dæma stefnda til að greiða honum kr. 1065.26 með 5% ársvöxtum frá 19. sept 1912 til greiðsludags.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök þykir eftir atvikum rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Þorleifur Guðmundsson greiði áfrýjanda Sigurði Guðmundssyni fyrir hönd gufuskipafélagsins »Thore« kr. 1065,26 með 5% ársvöxtum frá 19. sept. 1912 til borgunardags. Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. júní.

Nr. 45/1913 Guðmundur Árnason
gegn
Guðna Hafliðasyni og
Magnúsi bæjarfógeta Torfasyni.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað fyrir aukarétti Ísafjarð-

arkaupstaðar af Guðmundi Hannessyni fyrir hönd Guðmundar Árnasonar gegn Guðna Hafliðasyni til lúkningar eftirstöðvum af vinnumannskaupi, að upphæð 150 kr. og var það dæmt 6. jan. f. á. með þeim úrslitum, að málinu var ex officio vísað frá réttinum, og stefnandi í héraði dæmdur til að greiða stefnda 25 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Guðmundur Arnason áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 8. okt. f. á. og gert þær réttarkröfur, að dómurinn verði úr gildi feldur og málinu vísað heim til nýrrar dómsáleggingar í héraði í því ástandi, sem það var í við upptekt þess til dóms, og að héraðsdómarinn Magnús bæjarfógeti Torfason á Ísafirði verði dæmdur til að greiða málskostnað með þeirri upphæð, er yfirdómurinn telji hæfilegan, en til vara er þess krafist að stefndi Guðni Hafliðason verði dæmdur til að greiða málskostnaðinn.

Af hálfu Guðna Hafliðasonar hefir enginn mætt fyrir yfirdóminum, en bæjarfógeti Magnús Torfason hefir látið mæta, og eru af hans hálfu gerðar þær réttarkröfur, að málinu verði vísað frá yfirdóminum, en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og hann sýknaður af öllum kærum og kröfum í málinu, og til þrautavara, að hann verði sýknaður af málskostnaðarkröfunni og loks, að áfrýjandinn verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Frávísunarkröfuna byggir stefndi á því, að áfrýjunarfresturinn hafi verið liðinn áður en yfirréttarstefnan var gefin út, en málinu þó áfrýjað án uppreisnarleyfis. Áfrýjunarfresturinn telst frá löglegri birtingu hins áfrýjaða dóms. Er það upplýst fyrir yfirdóminum, að dómurinn var birtur Guðmundi Hannessyni 11. jan. f. á., en áfrýj-

andi telur birtingu þessa þýðingarlausa, þar sem birta hefði átt dóminn fyrir Guðmundi Árnasyni sjálfum. Á þetta verður þó ekki fallist. Guðmundur Hannesson hefir samkvæmt umboði því, er honum var gefið, farið með málið í héraði að öllu leyti sem sitt eigið mál, enda hljóðar dómurinn í héraði á nafn hans. Var því nægilegt að birta honum einum dóminn, og verður þannig áfrýjunarfresturinn að teljast frá birtingu þessari, eða frá 11. janúar. f. á.

En áfrýjandi telur ennfremur þá ástæðu til þess, að eigi beri að taka frávísunarkröfuna til greina, að málinu hafi í upphafi verið áfrýjað með stefnu dags. 13. maí f. á. og hafi það átt að takast fyrir í yfirdóminum 8. sept. s. á., og þó að það færist fyrir, af því að eigi var mætt í málinu fyrir óhapp, þá hafi hin síðari áfrýjunarstefna verið gefin út áður en 3 mánuðir voru liðnir eftir 8. sept., og hafi því eigi verið þörf á uppreisnarleyfi til að áfrýja málinu. En með því að hin fyrri áfrýjunarstefna var eigi lögð fram í yfirdóminum, og málið var því eigi tekið fyrir samkvæmt henni, gat hún engu áorkað um breytingu eða lengingu hins lögboðua áfrýjunarfrests samkvæmt konungsbréfi 19. des. 1749, en lagaboð þetta leyfir því aðeins áfrýjun máls, að áfrýjunarfrestí liðnum og án uppreisnarleyfis, að frávísunardómur sé áður genginn í málinu. við yfirdóm og því sé skotið þangað aftur innan þriggja mánaða frá uppsögn þess dóms. Eftir þessu var uppreisnarleyfi nauðsynlegt til þess að málinu yrði aftur skotið til yfirdómsins og með því að þvílíkt leyfi hefir eigi verið fengið, er óhjákvæmilegt að vísa málinu frá yfirdóminum.

Málskostnað fyrir yfirdómi verður eftir þessum úr-

slitum að dæma áfrýjanda Guðmund Árnason til að greiða stefnda Magnúsi bæjarfógeta Torfasyni og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Afrýjandi Guðmundur Árnason greiði stefnda Magnúsi bæjarfógeta Torfasyni 25 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 11/1914 Sigfús Sveinbjarnarson
gegn
Hallbirni Þorvaldssyni.

Dómur:

Afrýjunarstefnan í máli þessu ber það eigi með sér, og það er heldur eigi á annan hátt sannað, að hún hafi verið birt héraðsdómaranum P. V. Bjarnasyni sýslumanni, en hann hefir eigi mætt eða látið mæta í yfirdóminum. Með því að stefnan þannig er eigi löglega birt, ber samkvæmt N. L. 1—2—3 að vísa málinu frá yfirdóminum og verður þá eftir kröfu stefnda að dæma áfrýjanda til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Afrýjandi Sigfús Sveinbjarnarson greiði stefnda Hallbirni Þorvaldssyni 15 krónur í málskostnað áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 12/1914 Sigfús Sveinbjarnarson
gegn.
Hallbirni Þorvaldssyni.

Dómur:

Áfrýjunarstefnan í máli þessu ber það eigi með sér, og það er eigi heldur á annan hátt sannað, að hún hafi verið birt héraðsdómaranum P. V. Bjarnasyni sýslumanni, en hann hefir eigi mætt né látið mæta í málinu. Með því að stefnan er þannig eigi löglega birt, ber samkvæmt N. L. 1—2—3 að vísa málinu frá yfirdóminum, og verður þá eftir kröfu stefnda að dæma áfrýjanda til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandi Sigfús Sveinbjarnarson greiði stefnda Hallbirni Þor-

valdssyni 15 krónur í málskostnað áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 13. júlí.

Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja.
gegn
Sigurði Lýðssyni.

Dómur:

Aðfaranóttina 9. febr. f. á. brotnaði mótorbáturinn »Hlíf« nr. 166 í Vestmannaeyjum við steinbryggjuna, öðru nafni sýslubryggjuna, þar í kauptúninu, svo að hann skemdist að nokkrum mun. Eftir skýrslu bátsformannsins, Kristins Ingvarssonar, er var eigandi að $^1/_3$ hluta bátsins, og tveggja háseta hans við sjóréttarpróf í Vestmannaeyjum 12. s. m. út af bátskemdunum voru atvikin þessi: Laugardaginn 8. s. m., er báturinn var úti á fiski, flæktist lína um skrúfuna svo að þeir urðu að fara í land til að lagfæra þetta. Lögðu þeir bátnum um flóðið austanvert við nefnda bryggju ofarlega, til að láta fjara undan honum, og ná burt línunni, er hann væri á þurru, og um kl. 1 um nóttina kom annar hásetinn niður að bátnum og greiddi línuna úr skrúfunni; um kl. 2 vitjaði formaðurinn bátsins í sömu erindum, vitandi eigi, að hásetinn hafði verið þar áður. Eftir það var eigi litið eftir bátnum fyr en kl. 6 um morguninn 9. febr. er formaður

kom að honum, en þá hafði brim og vindur slegið honum við bryggjuna og brotið hann sem fyr segir. Nefndur bátur var vátrygður í Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, og tilkynti bátsformaðurinn fyrir hönd eigendanna í bréfi 10. s. m. stjórn félagsins sjóskaðann, og krafðist bóta fyrir hann, en félagsstjórnin svaraði þeirri kröfu sama dag með skírskotun til 14. gr. í lögum ábyrgðarfélagsins á þá leið,, að hún sæi sér ekki fært að taka hana til greina, með því að bátstjónið hefði orðið fyrir óforsvaranlegt hirðuleysi; og málaleitun eigendanna sama dag um að félagsstjórnin tilnefndi menn til að meta skaðann, svaraði hún daginn eftir með skírskotun til fyrra bréfs síns, að henni þætti eigi ástæða til að hlutast um, að skaðinn yrði metinn. Kröfu þá, er eigendurnir töldu sig eiga á hendur ábyrgðarfélaginu fyrir kostnað við aðgerð á bátnum, sem þeir töldu nema kr. 295,00 seldu þeir 14. s, m. Sigurði Lýðssyni yfirréttarmálaflutningsmanni til fullrar eignar og umráða, en hann höfðaði síðan mál þetta fyrir gestaréttí Vestmannaeyjasýslu gegn stjórn ábyrgarfélagsins, Sigurði Sigurfinnssyni, Ólafi Arinbjarnarsyni og Árna Filippussyni fyrir hönd félagsins til greiðslu á $^4/_5$ hlutum nefndrar upphæðar eða kr. 236.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði, og var þessi krafa stefnanda tekin til greina með dómi gestaréttarins uppkveðnum 20. júní f. á., þó svo að vextir voru ákveðnir 4% og málskostnaður 40 krónur.

Þessum dómi hefir stjórn bátaábyrgðarfélagsins, Sigurður Sigurfinnsson, Árni Filippusson og Jón Einarsson, sem virðist vera kominn í staðinn fyrir Ólaf Arinbjarnarson, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. okt. f. á. og krafist þess að dóminum verði hrundið og breytt

þannig, að allar kröfur þeirra fyrir undirréttinum verði teknar til greina og þeir fyrir hönd Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja sýknaðir af öllum kröfum Sigurðar Lýðssonar, en hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir báðum réttum.

En stefndi krefst að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og sér dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stjórn bátaábyrgðarfélagsins neitaði því, sem þegar er sagt, að greiða bætur fyrir bátsskaðann og bar fyrir sig 14. grein ábyrgðarfélagslaganna, en þar segir svo: »Þótt bátur farist eða laskist á þeim tíma, er hann er í ábyrgð, þá takur félagið engan þátt í þeim skaða, er orsakast kann af sérstöku hirðuleysi á bátum eða vélinni«. Áfrýjendur halda því fram, að það hafi verið sérstöku hirðuleysi formannsins, Kristins Ingvarssonar, um að kenna að svo fór um bátinn sem fór, því að hann hafi fyrst og fremst eigi þurft að leggja bátnum við neina bryggju, en getað skorið línuna úr skrúfunni úti á sjó. Þar næst hafi hann lagt bátnum við þá bryggju, er sízt skyldi og þar sem hann var í mestri hættu, í stað þess, að leggja honum við Miðbúðarbryggjuna, þar sem afdrep var að nokkru leyti, og bátar því óhultari; og svo hafi hann gengið frá bátnum eftirlitslausum 4 klukkustundir um nótt í stórstraumsaðfalli, brimi og iskyggilegu veðri, en vanrækt að láta taka hann frá bryggjunni kl. 3—4 um nóttina, þegar sjór fór að falla undir hann.

Gegn þessu staðhæfir stefndi, að formaðurinn hafi hagað sér að öllu leyti óaðfinnanlega eftir því, sem venja sé til meðal mótorbátaformanna þar á eyjunum, án þess

að að því hafi verið fundið af stjórn bátaábyrgðarfélagsins, sem tekið hefir báta þessa í sjávarábyrgð.

Stefndi hefir ekki mótmælt því, að formaðurinn hefði getað náð línunni úr skrúfu bátsins úti á sjó, en hins vegar er það upplýst í málinu, að bátum sé oft lagt við bryggju í kauptúninu til að gera við eða lagfæra smávegis, sem að þeim verður, þó svo, að menn kjósi til þess fremur Miðbúðarbryggjuna, af því að þeim þykir þar óhultara en við steinbryggjuna. Stefndi hefir viljað afsaka það, að bátnum var eigi lagt við Miðbúðarbryggjuna, með því, að þar hafi verið 2 bátar fyrir, svo að »Hlíf« hafi eigi komist þar fyrir, en þetta virðist þó eigi hafa verið svo, því að formanninum var kunnugt um, að annar þessara báta var tekinn frá bryggjunni þegar um kveldið og lagður við festar út á höfn. En það varðar mestu, er dæma skal um breytni formannsins við þetta tækifæri, að hann skildi við bátinn eftirlitslausan við bryggjuna frá kl. 2—6 áminsta nótt, en á því tímabili var stórstraumsaðfall og háflóð um kl. 6, eða um sama leyti sem formaðurinn vitjaði bátsins um morguninn. Ýmsir bátsformenn í kauptúninu hafa verið yfirheyrðir sem vitni um þetta atriði, og töldu sum vitnin það óforsvaranlegt að láta bát liggja við steinbryggjuna náttlangt um stórstraumsflóð í febrúarmánuði, en sum vitnin sögðu þetta vera komið undir veðurútliti og sjávar. Þar á móti voru vitnin flest samdóma um það, að nauðsynlegt væri, er svo stæði á, að láta vaka yfir bát, er bundin væri við bryggjuna. Um veðrið nóttina milli 8. og 9. febrúar hefir formaðurinn skýrt svo frá, að það hafi verið lygnt og brimlaust kl. 2, þegar hann vitjaði bátsins, en hins vegar hefir vitni borið, að lygnt hafi verið um kvöldið en mikill

sjór, og annað vitni, að sérlega vond tíð hafi verið fyrri hluta febrúarmánaðar.

Því fer eftir þessu fjarri, að stefndi hafi sannað, að það sé venja í Vestmannaeyjum að láta báta liggja við bryggju eftirlitslausa eins og formaður «Hlífar» gerði 8. febr. f. á., en vitnisburðirnir virðast sýna hið gagnstæða, og sérstaklega er það upplýst, að þetta kvöld láu 2 bátar við Miðbúðarbryggju, en annar þeirra var þegar um kvöldið tekinn burtu og lagður við festar úti á höfn, af því að formanni bátsins þótti honum ekki óhætt þar um nóttina, en yfir hinum bátnum var vakað þá nótt. Það virðist þannig vera ljóst, bæði í sjálfu sér eftir atvikum og eftir framburði vitnanna, að eigi gat verið ráðlegt eða forsvaranlegt, að ganga frá bátnum »Hlíf« eins og formaður hans gerði aðfaranóttina 9. febrúar f. á., og verður því að líta svo á, að hér sé um að tefla sérstakt hirðuleysi af formannsins hálfu. Með því að eigi sýnist vera heimild til, eins og undirdómarinn hefir gert, að leggja svo þröngan skilning í orðið »hirðuleysi» í 14. gr. laga báta-ábyrgðarfélagsins, að það eigi að eins við hirðuleysi eigenda eða annara á viðhaldi báts eða vélar, en orðið verður eftir almennri merkingu þess einnig að ná til hirðuleysis eins og þess, er hér hefir átt sér stað, af formannsins hálfu, þá getur bátaábyrgðarfélagið samkvæmt hinni tilvitnuðu grein í lögum þess eigi talist skylt að bæta skemdir þær á bátnum «Hlíf« nr. 166, sem stefndi krefst í máli þessu og verður því að sýkna áfrýjendur af þeirri kröfu hans.

Málskostnaður fyrir báðum dómum þykir eftir atvikum eigi að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Afrýjendurnir, Sigurður Sigurfinnsson, Arni Filippusson og Jón Einarsson fyrir hönd Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Sigurðar Lýðssonar í þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 27. júlí.

Nr. 53/1913 Sveinn Björnsson f. h. Oluf Holm.
gegn
Lyder Höydal og Jens L. Ouse.

Dómur:

Í nóvembermánuði 1910 gerðu þeir, áfrýjandi þessa máls, Oluf Holm kaupmaður í Aalesund og hinir stefndu Lyder Höydal og Jens L. Ouse kaupmenn í Vestmannaeyjum félag með sér um lýsisbræðslu þar og útflutning á lýsi og hrognum; skyldi hver þeirra vera hluttækur í félaginu að $^1/_3$ hluta. Félagssamningur var gerður og dags. í Aalesund 3. nóv. s. á. og í Vestmannaeyjum 14. s. m. og þar tiltekið hvað semjendur hver um sig skyldu leggja fram til félagsskaparins. Um Holm var svo ákveðið, að hann skyldi leggja félaginu til peninga eftir þörfum, svo og pjáturtunnur, áhöld o. s. frv. sem á þyrfti að halda, gegn venjulegum bankavöxtum, og ennfremur, að félagið skyldi taka við pjáturtunnum, áhöldum o. s. frv.,

er Holm átti þá í Vestmannaeyjum með því verði, er tilgreint væri í bókum hans. Rúmu ári síðar var félagsskap þessum slitið, og gerði Holm þá, að því er ætla má, 5. des. 1911 lokareikning félagsins. Á þessum reikningi voru taldar með tekjum félagsins birgðir í Hafnarfirði og Vestmanneyjum af tunnum og öðrum ílátum og áhöldum fyrir samtals kr. 7936.00. Birgðir þessar allar telur Holm vera eign sína, en þeir Höydal og Ouse líta svo á, að þær séu eign þeirra allra að $^1/_3$ hluta hvers, og neituðu þeir því að láta af hendi við Holm meir en $^1/_3$ hluta birgðanna, er þeir töldu hann eiga. Holm höfðaði þá mál þetta fyrir gestaréttí Vestmannaeyjasýslu gegn hinum stefndu og krafðist þess, að þeir yrðu dæmdir in solidum, subsidiært hver fyrir sig, að viðlögðum dagsektum, til að afhenda sér ýms lýsisbræðslutæki, tuunur, verkfæri o. s. frv., samtals 7936 króna virði, til vara, að þeir yrðu dæmdir til að greiða sér andvirði þessara tækja. Svo krafðist hann og, að sér yrðu dæmdar hjá stefndu 10000 kr. í skaðabætur fyrir afnotamissi tækjanna og annað tjón út af haldi stefndu á þeim, og málskostnaður hjá þeim in solidum að skaðlasu eftir mati réttarins. Málið var dæmt í nefndum rétti 20. júní f. á., á þá leið að stefndu skyldu in solidum, að viðlögðum 5 kr. dagsektum, afhenda áfrýjanda $^1/_3$ hluta af munum þeim, er tilfærðir voru á réttarskjali nr. 5 í málinu, eins og sú upptalning væri leiðrétt í dómnum, þó þannig, að ódeilanlegir munir greiðist með því verði, sem áfrýjandi hafi sett á þá í sama réttarskjali. Svo skyldi áfrýjandi og greiða stefnda 40 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. nóv, f. á., og krafist þess, að hon-

um verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir gestaréttinum verði teknar til greina, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. En stefndu krefjast þess aftur á móti að dómurinn verði í öllum greinum staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Að því er séð verður af félagssamningnum 3. og 14. nóv. 1910 og lokareikningi félagsins, verður að fallast á það, er stefndu halda fram, að umstefndir munir hafi verið eign félagsins, eða sameign málsaðila að jöfnum hlutum. Eftir samningnum átti áfrýjandi að leggja félaginu til (holde til Forretningen) pjáturtunnum, áhöldum og s. frv., gegn venjulegum bankavöxtum, en þetta virðist eiga að skilja svo, að áfrýjandi hafi lofað að lána félaginu peninga til að kaupa þessi tæki gegn venjulegum bankavöxtum, en ekki leigja þau félaginu, enda er hvergi minst á leigu af þeim, og síðar í samningnum segir beint, að tunnur, áhöld o. s. frv., sem áfrýjandi átti þá í Vestmannaeyjum, skuli ganga til félagsins (overföres Forretningen) með því verði, er þau séu bókfærð fyrir; og reikningurinn tekur af öll tvímæli um þetta, því að þar er kaupverð áhaldanna talið félaginu til útgjalda, og í niðurlagi reikningsins eru áhaldabirgðirnar sundurliðaðar og verðlagðar, og andvirði þeirra talið með tekjum félagsins.

En þó að þetta væri svo, meðan félaginu var óslitið, þá verður eigi betur séð, en að áfrýjandi hafi orðið eigandi allra þessara birgða, þegar hann gerði hinum stefndu reikningsskil við félagsslitin, því að í þeim reikningi taldi hann, eins og þegar er sagt, andvirði birgðanna með tekjum félagsins, þannig, að þetta andvirði var falið í

tekjuafganginum, eða ágóða félagsins, en þessum ágóða skifti áfrýjandi jafnt milli þeirra þriggja félaga, og í sérreikningum stefndu við félagið gerði hann þeim full skil fyrir þeirra hluta af ágóðanum samkvæmt lokareikningnum. Hinir stefndu viðurkendu reikningsskilin að því leyti, að annar þeirra, Lyder Höydal, gaf áfrýjanda kvittun fyrir því, er hann, samkvæmt sérreikningi hans átti inni hjá félaginu, og að hinn, Jens. L. Ouse, gaf út viðurkenningu fyrir því, er hann skuldaði félaginu samkvæmt sérreikningi hans; gerðu þeir þetta báðir fyrirvaralaust. En þeir halda því þó fram, að þeir hafi eigi með þessu játað reikningsskil áfrýjanda rétt, enda séu þau að ýmsu leyti röng þeim í óhag, og það svo, að þeir eigi rétt á að fá leiðréttingu á því. En aðfinslur stefndu við reikninginn, þær er getið er í varnarskjölum þeirra, geta eigi komið til álita í þessu máli, bæði af því, að sönnun brestur fyrir þeim, og af því, að þær koma eigi við efni þessa máls, eignartilkallið til hinna umstefndu áhaldabirgða, því að stefndu hafa eigi fundið að því, að andvirði birgðanna var talið í reikningnum með tekjum félagsins og að því var skift milli þeirra félaga, né heldur hafa þeir vefengt það, að andvirðið væri rétt talið í reikningnum.

Með því að stefndu hafa þannig mótmælalaust tekið við af áfrýjanda þeirra hluta af andvirði umstefndra áhaldabirgða, verður að líta svo á, að hann sé eigandi birgðanna allra. Þó ber samkvæmt leiðréttingu áfrýjanda fyrir gestaréttinum, að telja frá birgðum þeim, sem tilgreindar eru í lokareikningnum, þessi áhöld: 20 tóm föt á kr. 4.50 hvert, 20 tómar pjáturtunnur á 6.50 hverja og 100 stórkörfur á kr. 2.75 hverja. En það sem þá er eftir af

birgðum þessum verður að dæma stefndu til að láta af hendi við áfrýjanda.

Ennfremur þykir áfrýjandi eiga rétt á endurgjaldi fyrir mist afnot af $^2/_8$ hlutum birgðanna — $^1/_8$ hluta tjást stefndu frá upphafi hafa boðið áfrýjanda að afhenda honum, og er því eigi mótmælt — og virðist það eftir atvikum og með hliðsjón af verðmæti birgðanna hæfilega ákveðið 600 krónur, er hinum stefndu ber að greiða honum einum fyrir báða og báðum fyrir einn.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að hinir stefndu greiði kostnað þess með 80 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Lyder Höydal og Jens L. Ouse, ber að selja áfrýjanda Sveini Björnssyni fyrir hönd Oluf Holm í hendur birgðir þær af áhöldum til lýsisbræðslu o. fl., sem taldar eru í félagsslitareikningi málsaðila í desember 1911, að frátöldum framangreindum ílátum. Svo greiði stefndu og áfrýjanda fyrir afnotamissi 600 kr. einn fyrir báða og báðir fyrir einn og ennfremur málskostnað in solidum með 80 krónum.

Dóminum að fullnægja á 8 vikna fresti frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 20/1914 P. J. Thorsteinsson
gegn
Jóni Magnússyni.

Dómur:

Stefndi Jón Magnússon, sem var skipstjóri á Ester, fiskiskipi áfrýjanda, P. J. Thorsteinssonar kaupmanns útgerðartíma skipsins 1912, höfðaði mál þetta á bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda til greiðslu á eftirstöðvum af skipstjórakaupi hans nefndan útgerðartíma kr. 412.11, en áfrýjandi hóf hinsvegar gagnsök á hendur stefnda, og krafðist, að hann greiddi sér nokkrar upphæðir, samtals kr. 631.37, er hásetar á skipinu voru orðnir í skuldum við útgerðina, þegar þeir fóru af því. Voru þessi mál dæmd á bæjarþingarþinginu 26. marz þ. á., og var áfrýjandi í aðalsökinni skyldaður til að greiða stefnda krónur 412.11 með 5% ársvöxtum frá 13. okt. f. á. og 25 kr. í málskostnað, en í gagnsökinni var stefndi sýknaður og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir P. J. Thorsteinsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 22. apríl þ. á., og krafist þess, að honum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi Jón Magnússon verði dæmdur til að greiða sér kr. 631.37, þó þannig, að kraía hans, kr. 412,11 komi til frádráttar og stefndi verði dæmdur til að greiða sér afganginn kr. 219.26 með 5% ársvöxtum frá 19. des. f. á. til greiðsludags; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati yfirdómsins. En stefndi krefst, að undirréttardómurinu verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir yfirdómi.

Það er samkvæmt reikningi áfrýjanda, og enginn ágreiningur um það, að stefndi átti inni hjá áfrýjanda 1. jan. f. á., kr. 712,11 af skipstjóralaunum sínum átið áður. Af þessari upphæð fékk hann greiddar 300 kr., en eftir eru kr. 412,11, og verður að sjálfsögðu að dæma honum þessa fjárhæð hjá áfrýjanda með vöxtum eins og krafist er.

Fyrir gagnkröfunni hefir áfrýjandi talið þær ástæður, að 4 af hásetum skipsins Ester, er komnir hafi verið í skuld við útgerðina, hafi farið úr skiprúminu áður en útgerðartíminn var liðinn, án þess að borga skuldir sínar, og þar sem menn þessir séu eignalausir, séu skuldirnar, samtals kr. 631.37 tapaðar útgerðinni, í stað þess að mennirnir mundu hafa unnið það af sér, ef þeir hefðu eigi verið látnir fara af skipinu í ótíma. En á þessu eigi stefndi sök, því að hann hafi slept mönnunum, þó að hann vissi, að þeir voru komnir í skuld við útgerðina, og án þess að fá til þess samþykki áfrýjanda, að því er 3 af þeim snerti, en hinn 4. hafi áfrýjandi samþykt að færi með því skilyrði, að hann greiddi skuld sína annaðhvort til stefnda eða áfrýjanda, en stefndi hafi látið hann fara, án þess að borga skuldina. Tjáist áfrýjandi hafa látið stefnda vita um leið og honum var fenginn fyrnefndur reikningur, að hann mætti búast við, að skuldir áminstra háseta kæmu til frádráttar, áður en gengið yrði frá reikningi hans til hlýtar, og hafi þá stefndi talað um, að hann ætlaði að sjá um, að skuldirnar yrðu borgaðar. Og loks heldur áfrýjandi því fram, að það sé venja útgerðarmanna hér að færa skipstjórum til reiknings skuldir háseta, er þeir láta fara af skipinu í ótíma.

Stefndi neitar því hinsvegar, að skuldir þessara há-

seta séu sér að neinu leyti viðkomandi, hann hafi enga ábyrgð á þeim tekið, og ekki lofað að borga þær né innheimta; það sé rangt, að áfrýjandi hafi getið þess við hann, að skuldirnar yrðu dregnar frá inneign hans hjá áfrýjanda, þegar reikningur hans yrði afgreiddur til fulls, eða að stefndi hafi talað um að sjá um borgun á þeim; reikningurinn frá áfrýjanda hafi þvert á móti verið fullnaðarreikningur og hafi hann þar með viðurkent, að hann ætti engar kröfur á hendur stefnda út af formensku hans á Ester.

Gegn þessum mótmælum stefnda er það eigi sannað, að hann hafi tekið á sig ábyrgð á téðum hásetaskuldum, eða lofað að sjá um borgun eða innheimtu á þeim, og eigi er það heldur upplýst, að það helgist af venju útgerðarmanna hér og skipstjóra, að stefndi eigi að standa skil á þessum skuldum, og með því að eigi verður litið svo á eftir atvikum, og eðli málsins, að stefndi hafi skapað sér ábyrgð á skuldunum með því að láta hásetana fara af skipi áður en ráðningartími þeirra var liðinn, verður krafa áfrýjanda um að stefndi verði dæmdur til að greiða honum þessar skuldir, eigi talin á nægum rökum bygð, og því eigi tekin til greina. En hvort það að öðru leyti hafi verið ábyrgðarhluti fyrir stefnda, að sleppa mönnunum úr skiprúminu, þykir eigi þörf á að rannsaka hér, með því að slíkt felst eigi í dómkröfunni; en hún tekur aðeins til þess, að fá stefnda dæmdan til að greiða fyrtéðar skuldir.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í þessu máli og með því að einnig verður fallist á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 3. ágúst.

Nr. 26/1914

Réttvísin
gegn
Júlíönu Silfu Jónsdóttur
og Jóni Jónssyni.

Dómur:

Í máli þessu er Júlíana Silfa Jónsdóttir ekkja Brekkustíg 14 hér í bænum ákærð fyrir manndráp og Jón Jónsson húsmaður sama staðar fyrir sama glæp eða hlutdeild í honum, eða fyrir brot það er ræðir um í 110. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869. Var málið dæmt 24. apríl þ. á. í aukarétti Reykjavíkur af hinum reglulega dómara með 4 meðdómsmönnum á þá leið, að ákærða skyldi sæta lífláti, og greiða allan kostnað sakarinnar, þarmeð taldar 20 kr. þóknun til talsmanns hennar Magnúsar Sigurðssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, en ákærði

var sýknaður af kæru réttvísinnar í málinu og talsmanni hans Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni dæmd 20 kr. þóknun af almannafé.

Þessum dómi er af hálfu réttvísinnar skotið til yfirdómsins.

Hvorugt hinna ákærðu hefir áður sætt refsingu. Ákærða, Júlíana Silfa Jónsdóttir er fædd 1. ágúst 1865 á Eyrarnesi í Snæfellsnessýslu og ólst þar upp til fermingaraldurs; var uppeldi hennar eins og þá gerðist venjulega í sveitum hjá alþýðu manna; hún var fermd 1880 með vitnisburði *vel* fyrir bóklestur, kunnáttu og hegðun; aðra fræðslu fékk hún ekki, en á tvítugsaldri lærði hún að skrifa. Hún var í vistum í Barðastrandarsýslu og Stykkishólmi í 5 ár eftir fermingu, fluttist þá til Elliðaeyjar og giftist þar 1892 Magnúsi Einarssyni hafnsögumanni. Með honum fluttist hún til Stykkishólms 1904 og varð ekkja 1909, og 2 árum síðar 1911 flutti hún til Reykjavíkur. Vorið 1912 tók hún saman við ákærða Jón Jónsson; bjuggu þau í Ánanaustum það ár, síðan í Vesturgötu 27 og síðast á Brekkustíg 14.

Bróðir ákærðu var Eyjólfur Jónsson lausamaður í Dúkskoti við Vesturgötu. Laugardagskvöldið 1. nóv. f. á. veiktist hann snögglega á heimili sínu og kendi um skemdu skyri, er hann hefði borðað hjá ákærðu. Fékk hann um nóttina sárar kvalir fyrir bringspalirnar með áköfum uppköstum, og glitti í spýjuna í myrkri sem í maurildi sæi. A sunnudagsmorguninn fór Eyjólfur á fætur, þó að hann væri lasinn og tvo næstu daga var hann í vinnu, en kvartaði um lasleika.

A miðvikudaginn lagðist hann aftur og úr því þyngdi honum dag frá degi; 10. nóv. var hann fluttur á Landa-

kotsspítala og þar lézt hann 13. s. m. Við fyrstu yfirheyrslu 15. s. m. játaði hin ákærða Júlíana það viðstöðulaust, að hún hefði byrlað Eyjólfi bróður sínum eitur í skyri, er hún gaf honum að borða 1. nóv. f. á., og er frásögn hennar um glæpinn og tildrög hans á þessa leið: Sunnudaginn 5. okt. f. á. kom Eyjólfur heim til ákærðu til að sækja skjal, sem hann þóttist eiga í kufforti, sem þau ákærðu höfðu geymt fyrir hann síðan um vorið, en skjalið ætlaði hann að nota í máli, er þá var höfðað gegn honum. Leituðu þau systkinin bæði í kuffortinu, en fundu ekki skjalið. Varð Eyjólfur þá reiður og bar upp á ákærðu, að þau hefðu stolið skjalinu og ef til vill fleiru úr kuffortinu. Fór hann burt í reiði og hafði í heitingum við ákærðu. Jón var þá ekki heima, en síðar sama dag kom Eyjólfur aftur til að leita að skjalinu og þá var Jón heima. Lenti í illdeilum með þeim, og síðan áflogum, er Eyjólfur vildi koma Jóni út. Akærða greip þá í handlegginn á Eyjólfi, en hann barði hana með höndum og fótum; lauk svo að þau ákærðu komu Eyjólfi út, en meðan þau áttust við, hafði Eyjólfur í heitingum að drepa þau, og Jón sagði þá einnig að rétt væri að drepa Eyjólf. Eftir þetta kom Eyjólfur tvisvar til ákærðu og þáði góðgerðir, en hún var þó hrædd við hann eftir aðfarirnar nefndan sunnudag. Út úr því og af heiftrækni við Eyjólf fyrir það, að þjófkenna ákærðu, og af því, að hún bjóst við að erfa talsvert eftir hann, svo og fyrir áeggjan meðákærða fór að vakna og magnast hjá henni ásetningur að ráða Eyjólf af dögum. Í fyrstu var hún að hugsa um að stefna Ejólfi fyrir aðfarirnar og áburðinn, en Jón vildi það eigi, sagði að það væri ilt til afspurnar, að þau systkin væru í málaferlum, en hann eggjaði hana á, að

ráða heldur Eyjólf af dögum; fann hann það ráð, að ákærða skyldi narra Eyjólf út á hafnargarðinn, sem verið var að hlaða úr í Örfirisey, hrinda honum niður af garðinum í sjóinn; sjálfur virtist hann þó ekki ætla að vera með í því verki, en hún treysti sér eigi til þess. Sagði Jón þá, að hún gæti gefið Eyjólfi inn eitur, og samsinti ákærða því; voru þau bæði jafngóð um þá ráðagerð, og er hún taldi vandkvæði á því að ná í eitur, sagði hann, að hún gæti sjálf keypt eða látið annan kaupa fyrir sig rottueitur í lyfjabúðinni. Fór hún fram á að Jón keypti eitrið, en hann sagði að hún gæti gert það sjálf. Hún fór svo 30. okt. í lyfjabúðina og keypti þar dálitla krukku með rottueitri í, að útliti líkt og vaselin, fyrir 35 aura. Daginn eftir, 31. okt., kom Eyjólfur heim til ákærðu og fékk kaffi, en í það skifti hafði hún ekki þrek til að gefa honum eitrið, kvaðst hann mundi koma daginn eftir. Laugardaginn 1. nóv. fór Jón snemma í vinnu; vissi hann, að Eyjólfur ætlaði að koma um daginn, svo og að ákærða hafði keypt eitur og ætlaði að gefa Eyjólfi það í skyri, sem henni hafði verið gefið. En áður en hann fór sagði hann við ákærðu, að nú væri bezt að gefa Eyjólfi eitrið í dag. Seinna um daginn kom Eyjólfur, eins og hann hafði gert ráð fyrir. Gaf ákærða honum fyrst kaffi inni í stofu, fór svo fram í eldhús og tilreiddi skyrið; lét hún út í það alt er var í krukkunni, sem hún keypti í lyfjabúðinni og stráði út á það nokkru sykri, en krukkunni fleygði hún í eldinn. Bar hún svo Eyjólfi skyrið og borðaði hann það alt. Ákærða var ekki í neinum vafa um, að eiturskamturinn, sem hún gaf Eyjólfi væri drepandi, ekkert hik var þó á henni og hún gaf honum skyrið í því skyni að það yrði honum að bana. Á eftir gaf

hún honum 5 bolla af kaffi með brennivíni úti, en það var eigi hugsun hennar, að stöðva með því eða draga úr verkunum eitursins. En síðar, einkum eftir að hún frétti, að Eyjólfur væri orðinn veikur, iðraði hana verksins, segist hún eftir það eigi hafa tekið á heilli sér andlega né líkamlega.

Játning ákærðu hefir verið opinská, og virðist hún eigi hafa reynt að leyna neinu eða fegra athæfi sitt. Þeir sem þekkja ákærðu, bera henni þann vitnisburð, að hún sé greiðvikin, brjóstgóð og tilfinninganæm fyrir bágindum annara, en ástríðukona og nokkuð skapstór, frekorða stundum, en hreinskilin.

Ákærða er ein til frásagna um hlutdeild meðákærða í banaráðum við bróður hennar, en að öðru leyti kemur framburður hennar í öllum verulegum atriðum heim við aðrar skýrslur og upplýsingar í málinu. Við rannsóknina var fengin í lyfjabúðinni krukka með rottueitri, 35 grömm að þyngd og seld fyrir 35 aura, og sýnd ákærðu, kannaðist hún við, að þessi krukka væri að efni og innihaldi að öllu leyti eins og krukka sú, er hún keypti í lyfjabúðinni og lét úr saman við skyrið, er hún gaf Eyjólfi.

Í skýrslu landlæknis um málið er það tekið fram, að í rottueitri, af því tagi, sem í krukkunni var, séu 2% fosfór, megnt eitur, og í 35 grömmum því 70 centigrömm af fosfóreitri. 10 centigrömm af því séu talin mjög banvænn skamtur, en 70 centigrömm, tekin í einu, hljóti jafnan að hafa dauðann í för með sér, ef ekkert er að gert samstundis, og þó lítt hugsandi, að lífinu verði borgið, þó að til læknis náist samstundis. Ennfremur bendir landlæknirinn á, að sjúkdómsferill Eyjólfs eins og honum er lýst í réttarprófunum og skýrslu héraðslæknis,

sem stundaði Eyjólf í banalegu hans, beri með sér öll einkenni fosfóreitrunar. Telur hann vafalaust, að Eyjólfur hafi beðið bana af fosfóreitri því, og engu öðru.

Ákærða gerði sér von um talsverðan arf eftir Eyjólf, og gizkaði á, að eigur hans mundu skifta þúsundum. Eftir skýrslu héraðsdómarans er talið, að bú hans muni nema að minsta kosti 2—3000 kr., og að erfingjar búsins séu 4 alsystur hans, en við uppskrift á búi hinna ákærðu reyndist svo, að þau áttu sama sem ekkert til annað en lítilfjörleg húsgögn.

Við réttarprófin kvartaði ákærða um, að hún væri hjartveik og biluð á geðsmunum, en samkvæmt skýrslu Þórðar Sveinssonar geðveikralæknis, sem athugaði ákærðu frá því hún var látin í varðhald 15. nóv. f. á. til 12. marz þ. á., hefir hann eigi getað fundið nein einkenni þess, að hún væri eða hefði áður verið geðveik, enda verður ekki af réttarprófunum annað séð, en að hún sé með óbrjálaðri skynsemi.

Með því að telja verður fullsannað eftir framansögðu, að ákærða hafi með ráðnum huga svift bróður sinn, Eyjólf Jónsson lífi á þann hátt, sem að framan er lýst, hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært tilverknað hennar undir 191. gr. alm. hegningarlaga og ákveðið refsingu hennar líflát.

Ákærði Jón Jónsson er fæddur 29. janúar 1873. Hann hefir stöðugt í öllum prófunum neitað því, að hann hafi verið í verki með ákærðu, að ráða bróður hennar bana, að hann hafi stungið upp á því, eggjað hana á það, eða verið í vitorði með henni. Allan framburð hennar um þetta lýsir hann ósannindi. Með því að engar aðrar skýrslur hafa fengist, er hnekt geti þessari neitun ákærða,

verður það eigi talið sannað, að hann hafi verið meðsekur í glæp ákærðu. Ennfremur neitar ákærði því, að hann hafi haft vitneskju um, að ákærða ætlaði að byrla Eyjólfi eitur; kveðst hann ekki hafa um það vitað fyr en við rannsóknina, að ákærða hafi keypt rottueitrið og gefið bróður sínum það í skyri. Hann hefir þó kannast við, að ákærða hafi í eitt skifti slegið upp á því, að gefa Eyjólfi eitur í kaffi, og í annað skifti hafi hún beðið sig að kaupa rottueitur í lyfjabúðinni til að byrla Eyjólfi, en hann segist hafa reynt að hafa hana ofan af þessu, eða þá sagst ekki vilja vera með henni í því, hún væri sjálfráð að gerðum sínum, en sér hafi eigi dottið í hug, að henni væri alvara að fyrirfara bróður sínum. Þó að ákærði eftir þessari skýrslu hans, hefði eigi átt að vera ugglaus um, að lífi Eyjólfs væri hætta búin af völdum ákærðu, verður eigi talið heimilt að hrinda þeim framburði hans, að hann hafi eigi álitið, að það væri alvarleg fyrirætlun ákærðu að ráða Eyjólfi bana, og að þessi ætlun hans hafi styrkst við það, að ákærða hafði og haft orð á því við hann, að fyrirfara sjálfri sér, án þess þó að þetta, að því er hún sjálf hefir játað, í rauninni væri alvara hennar. Það verður þannig eigi talið sannað, að ákærði hafi haft svo áreiðanlega vitneskju um banaráð ákærðu við Eyjólf, að hann verði talinn sekur samkvæmt 110. gr. hegningarlaganna. Verður því að sýkna hann í máli þessu af ákæru sóknarans og með því að yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, ber að staðfesta þennan dóm í öllum greinum.

Afrýjunarkostnað málsins ber hinni ákærðu að greiða,

þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda hennar við yfirdóminn, 20 kr. til hvors þeirra.

Talsmanni ákærða ber 20 kr. í málflutningslaun, er greiðist af almannafé.

Það er aðfinsluvert, að í dóminn vantar vottorð samkvæmt tilskipun 3. júní 1796, 35. gr., um að málið hafi verið löglega rekið. Að öðru leyti hefir málsmeðferðin verið vítalaus, og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærða Júlíana Silfa Jónsdóttir greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Magnúsar Sigurðssonar, 20 kr. til hvors þeirra.

Talsmanni ákærða Jóns Jónssonar, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni greiðist 20 kr. í málflutningslaun úr landssjóði.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 4/1914

Ráðherra Íslands
fyrir hönd landssjóð
gegn
hteppsnefnd Eiðahrepps.

Dómur:

Hreppsnefnd Eiðahrepps höfðaði mál þetta á bæjarþingi Reykjavíkur gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs til greiðslu á eftirstöðvum á sjúkrahússvistarkostnaði Gunnars nokkurs Sigfússonar þurfamamanns Eiðahrepps, að upphæð kr. 172.93. Var mál þetta dæmt í bæjarþinginu 31. júlí f. á., og var ráðherra f. h. landssjóðs dæmdur til að greiða hreppsnefndinni 82 kr. 50 aura með 5% ársvöxtum frá 28. febr. s. á. til greiðsludags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir ráðherra skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 31. janúar þ. á., og að fengnu leyfi til að koma fram með nýjar varnarástæður, krafist þess, að máli þessu verði vísað frá undirrétti, með því að málið heyri ekki undir úrslit dómstólanns, heldur eingöngu undir úrslit umboðsvaldsins, en til vara hefir hann krafist, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann fyrir hönd landssjóðs verði sýknaður af öllum kröfum hreppsnefndar Eiðahrepps, og hreppsnefndin dæmd til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum.

Hin stefnda hreppsnefnd hefir, að fenginni gjafsókn fyrir landsyfirréttinum, gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 19. maí þ. á., og krafist þess, að gagnstefndi verði fyrir hönd landssjóðs dæmdur til að greiða hina upprunalega umstefndu upphæð kr. 172.93, svo og málskostnað fyrir undir- og yfirdómi eftir mati réttarins, eða

til vara, að undirdómurinn verði staðfestur og aðalstefnandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi í aðalsök og gagnsök eins og málið væri eigi gjafsóknar- og gjafvarnarmál.

Tildrög málsins eru þessi:

Þurfamaður Eiðahrepps, Gunnar nokkur Sigfússon, var lagður inn á spítalann á Seyðisfirði 4. maí 1910. Var hann á þeim spítala samfleytt til 5. des. s. á. Þá var hann, að því er virðist, að tilhlutun stjórnarráðsins, fluttur á heilsuhælið á Vífilsstöðum. Var hann þar til dauðadags 22. ágúst 1911.

Kostnað við spítalavist nefnds þurfamanns telur hreppsnefnd Eiðahrepps hafa numið alls kr. 934.88, þar af hafi hreppsnefndin greitt kr. 661.88 fyrir spítalavist hans á Seyðisfirði, en kr. 270.00 fyrir veru hans á Vífilsstaðahælinu. Af kostnaði þessum telur Eiðahreppur sig eiga að greiða 200 kr. en landssjóð hitt, eða kr. 734.88, samkvæmt fátækralögum nr. 44, 10. nóv. 1905, 77. gr. Af kostnaði þessum hefir stjórnarráðið úrskurðað, að landssjóði sé skylt að greiða kr. 515.45. Af kostnaði við dvöl þurfalingsins á Vífilsstöðum falla að eins kr. 226.50 á árið 4. maí 1910 til jafnlengdar 1911, svo að mismunurinn kr. 270 ÷ kr. 226.50 = 43.50 kemur hér eigi til greina, með því að þær koma til útborgunar, að því leyti sem landssjóði er skylt að greiða þær, á tímabilinu 4. maí 1911 til 4. maí 1912, sbr. 77. gr. fátækralaganna. Mismunur þess, er Eiðahreppur telur sig eiga réttarkröfu til, og þess er stjórnarráðið hefir samþykt að greiða úr landssjóði fyrir kostnað af sjúkrahússvist nefnds þurfamanns á tímabilinu 4. maí 1910 til jafnlengdar 1911, sýnist því eftir skjölum málsins að vera kr.

934.88 ÷ 43.50 ÷ 200.00 ÷ 515.45 = kr. 175.93.
En 3 kr. af þessari upphæð dragast frá, með því að stefndandi hefir eigi gert kröfu til þeirra. Kemur þannig fram krafa stefnda kr. 172.93 og sundurliðast hún þannig:

1. Sérstök gæzla sjúklingsins meðan hann var á Seyðisfjarðarspítala . . . . . kr. 48.00
2. Ferðakostnaður sjúklingsins, er hann var fluttur frá Seyðisfirði á Vífilsstaðahælið . — 33.00
3. Útbúnaður sjúklingsins á Vífilstaðahælið . — 82.90
4. Af reikningi spítalahaldara á Seyðisfirði . — 9.03

Alls kr. 172.93

Um alla þessa liði athugast, að aðaláfrýjandi hefir eigi neitað því, að hreppsnefnd Eiðahrepps hafi í raun og veru greitt þá, heldur telur áfrýjandi þá annaðhvort óþarfa eða landssjóði að minsta kosti óviðkomandi.

Það er að vísu hvergi í löggjöfinni með berum orðum lagt á vald umboðsstjórnarinnar að skera úr ágreiningi milli sveitarstjórnar annars vegar og umboðsstjórnarinnar hinsvegar um, hve mikið landsjóði beri að greiða samkvæmt 77. gr. fátækralaganna í hverju einstöku tilfelli, en hinsvegar virðist það liggja í hlutarins eðli og allri tilhögun sveitarstjórnarmálefna hér á landi, að umboðsstjórnin hafi úrskurðarvald um það, hvort sveitarstjórn hagar framkvæmdum sínum hyggilega og forsvaranlega eftir öllum ástæðum, sem fyrir liggja í hvert skifti, og þar sem umboðsstjórninni er í 76. gr. fátækralaganna falið að úrskurða ágreining milli sveitarfélaga innbyrðis, þá virðast þær ástæður, er liggja til grundvallar fyrir þeirri tilhögun, ótvírætt benda til þess, að umboðsvaldið hafi einnig úrskurðarvald um þær kröfur, er gerðar eru á hendur landssjóði samkvæmt 77. gr. fátækralaganna

enda er ágreiningur út af þeim kröfum í eðli sínu alveg samkynja þeim ágreiningi, er rísa kann milli sveitarfélaga innbyrðis.

Það verður því að fallast á skoðun aðaláfrýjanda um, að ágreiningsefni það, er hér ræðir um, heyri undir úrslit umboðsvaldsins. Ber því að fella hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm úr gildi og vísa málinu frá dómstóluuum.

Málskostnaður á eftir atvikum að falla niður.

Að því leyti sem málið hefir verið rekið sem gjafsóknarmál vottast, að málfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt, og ber hinum skipaða málaflutningsmanni hreppsnefndarinnar 25 kr. í málflutningskaup, er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur er úr gildi feldur og vísast málinu frá bæjarþinginu. Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður. Hinum skipaða málaflutningsmanni aðalstefnda fyrir yfirdómi, Sveini yfirréttarmálaflutningsmanni Björnssyni greiðist úr landssjóði málaflutningskaup fyrir yfirdómi kr. 25.00

Mánudaginn 10. ágúst.

Nr. 16/1914 Finnbogi G. Lárusson
gegn
Daníel Bernhöft.

Dómur:

Snemma í júnímánuði 1909 fékk áfrýjandi þessa máls, Finnbogi G. Lárusson kaupmaður á Búðum send 100 rúgbrauð frá stefnda Daníel Bernhöft bakara í Reykjavík, og nam reikningur stefnda fyrir brauðin með flutningsgjaldi og pokum utan um þau kr. 64.75. En reikning þennan taldi áfrýjandi sér óskylt að borga, með því að hann ætti þessi rúgbrauð og mörg fleiri inni hjá stefnda samkvæmt ávísun á hann frá Helga Eirikssyni bakara í Keflavík, er stefndi hefði samþykt, en aðeins innleyst að nokkru leyti. Út af þessu höfðaði stefndi þetta mál fyrir gestaréttí Reykjavíkur gegn áfrýjanda og áfrýjandi jafnframt gagnsök á hendur stefnda. Voru málin dæmd í gestaréttinum 27. febrúar þ. á. þannig, að í aðalsökinni var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda kr. 64.75 með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1909 til borgunardags, en stefndi var sýknaður í gagnsökunni, og málskostnaður í aðalmáli og gagnsök látin falla niður.

Þessum dómi hefir Finnbogi G. Lárusson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 20. marz þ. á., og krafist þess, að dóminum verði breytt samkvæmt kröfum hans fyrir gestaréttinum, þannig að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, en stefndi dæmdur til að greiða sér kr. 227.55 með 6% ársvöxtum frá 2. júnímán. 1909 til borgunardags og málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi

eftir mati yfirdómsins. Stefndi krefst að undirréttardómurinn verði staðfestur og sér dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Vorið 1906 fékk áfrýjandi hjá Helga Eirikssyni bakara í Keflavík upp í viðskifti þeirra ávísun á stefnda fyrir 880 rúgbrauðum. Áfrýjandi sýndi stefnda ávísun þessa og lét hana verða eftir hjá honum; sjálfur var áfrýjandi þá að flytja í annan landsfjórðung. Árin 1906 og 1907 fékk hann hjá stefnda brauð út á ávísunina, en í apríl 1908, þegar áfrýjandi ætlaði að halda áfram úttektinni, skoraðist stefndi undan að láta fleiri brauð út á ávísunina, og gaf hann þá áfrýjanda viðurkenningu, dags. 6. apríl 1908 fyrir því, að hann, áfrýjandi, hefði aðeins fengið 354 rúgbrauð út á ávísun Helga. Áfrýjandi fékk þó í það sinn nokkuð af rúgbrauðum hjá stefnda, en þau borgaði hann um leið. Síðast fékk áfrýjandi hjá stefnda brauðasendingu þá, sem mál þetta er risið af, og hann neitaði að borga, af því að stefndi hefði átt að láta hana úti samkvæmt brauðávísuninni.

Það er krafa áfrýjanda, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér andvirði 526 rúgbrauða á 55 aura hvert, kr. 289.30 að frádregnum kr. 61.75 fyrir brauðasendinguna í júni 1909, eða kr. 227.55. Áfrýjandi styður þessa kröfu við það, að stefndi hafi samþykt að innleysa ávísun Helga Eirikssonar að fullu, því að hann hafi ekkert haft á móti að greiða hana, en að eins sagt, að hann gæti eigi fyrirvaralaust látið áfrýjanda hafa mjög mörg brauð í einu, en því til sönnunar, að stefndi hafi samþykt ávísunina, telur áfrýjandi bæði það, að stefndi tók hana til sín, og það, að hann gaf áfrýjanda fyrgreinda viðurkenningu eða vottorð, og hinsvegar heldur áfrýjandi því fram,

að þó að hann borgaði stefnda brauðin, sem hann fékk hjá honum í apríl 1908, þá hafi það verið samkomulag þeirra, að fresta í það sinn frekari úttekt á ávísunina, þangað til Helgi Eiríksson stæði í skilum við stefnda.

Þessari umsögn áfrýjanda neitar stefndi og lýsir hana ranga í öllum atriðum, ávísunina tjáist hann eigi hafa samþykt, sér hafi eigi dottið í hug að láta áfrýjanda fá fleiri brauð út í reikning Helga en þau, sem Helgi borgaði jafnharðan; en ávísunina kveðst stefndi hafa tekið við og geymt hana eftir beiðni áfrýjanda. Yfirlýsingin 6. apríl 1908 hafi alls eigi verið né átt að vera nein viðurkenning um það, að stefndi teldi sér skylt að svara út allri ávísunarupphæðinni, en að eins verið vottorð handa áfrýjanda um það, hve mikið hann hefði fengið út á ávísunina, til þess að hann gæti gengið eftir því hjá Helga, er á vantaði. Ennfremur er það rangt, að þeir áfrýjandi hafi komið sér saman um að fresta úttekt eftir ávísuninni, því að hann, stefndi, hafi beint neitað frekari úttekt, og áfrýjandi þá farið ofan af því og borgað brauðin sjálfur, er hann fékk hjá stefnda.

Margnefnd ávísun hefir eigi verið lögð fram, en það skiftir eigi máli, með því, að eigi er ágreiningur um það, hvað í henni hafi staðið, og áfrýjandi heldur því eigi fram, að stefndi hafi ritað samþykki sitt á hana. En það verður heldur eigi talið sannað á annan hátt, að stefndi hafi samþykt að svara út á alla upphæð ávísunarinnar.] Vottorðið, eða viðurkenningin, sem áfrýjandi vill byggja þetta á, er eigi þannig orðað, að í henni liggi nein skuldbinding í þessa átt, eða játning um eldri skuldbindingu, en það virðist eigi þurfa að leggja í hana annan skilning en þann, er stefndi hefir haldið fram og í

sjálfu sér er eðlilegur. Það er eigi heldur heimild til að líta svo á, að stefndi, er hann hélt eftir ávísuninni eftir beiðni áfrýjanda hafi með því samþykt hana, en hitt verður að telja sennilegra, að áfrýjandi, ef hann hefði fengið samþykki stefnda, hefði látið hann rita það á ávísunina og síðan varðveitt hana sjálfur. Þá styrkir það og málstað stefnda, að áfrýjandi tók brauð hjá honum og borgaði þau vorið 1908, án þess að hafa, svo séð verði, neinn fyrirvara um rétt sinn samkvæmt ávísuninni. Og ennfremur bendir frásögn áfrýjanda um það, að þeim stefnda hafi komið saman um að fresta úttekt á ávísuninni, þangað til Helgi stæði í skilum við stefnda, til þess, að stefndi hafi eigi lofað að láta meira út á ávísunina en hann fengi jafnóðum borgað hjá Helga.

Þar sem það, eftir því sem nú er sagt, eigi verður talið sannað, að stefndi hafi lofað áfrýjanda að svara út á áminsta ávísun frekar en stefndi hefir kannast við, getur krafa áfrýjanda um borgun á eftirstöðvum ávísunarinnar ekki tekist til greina, og verður því að dæma hann til að greiða stefnda, eftir kröfu hans, andvirði brauðanna, er hann fékk í júní 1909, kr. 64.75, með vöxtum eins og segir í gestaréttardóminum. Ákvæði dómsins um málskostnað samþykkjast einnig, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Afrýjandi Finnbogi G. Lárusson greiði stefnda Daníel Bernhöft 25 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 28/1914

Valdstjórnin
gegn
Páli Þorsteini Matthíassyni.

Dómur:

Mál þetta hefir verið höfðað gegn hinum kærða Páli Þ. Matthíassyni skipstjóra á botnvörpuskipinu Snorri goði, R. E. 141, fyrir brot á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum 6. apríl 1898, og var hann með lögregluréttardómi Vestmanneyjasýslu, uppkveðnum 31. marz þ. á., dæmdur í 2000 kr. sekt til landssjóðs, en öll veiðarfæri skipsins, þar með taldir dragstrengir, voru dæmd upptæk svo og allur afli innanborðs, eins og þetta var, þegar skipið kom til Reykjavíkur næst eftir brotið, og skyldi andvirði þess renna í Landssjóð.

Þessum dómi hefir verið skotið til landsyfirdómsins samkvæmt ósk hins kærða.

Hinn 21. marz þ. á. fór hreppstjóri Sigurður Sigurfinnsson að fyrirlagi sýslumannsins í Vestmannaeyjum á mótorbát til að athuga nokkur botnvörpuskip, er virtust

vera að veiðum með botnvörpu í landhelgi milli Heimaeyjar og lands, og hefir nefndur hreppstjóri og einn maður af skipshöfninni borið það sem vitni og unnið eið að því, að botnvörpuskipið Snorri goði R. E. 141, er kærði er skipstjóri á, hafi verið að veiðum nefndan dag í sundinu milli Heimaeyjar og lands, sáu vitnin að botnvörpuskipið hafði úti botnvörpustrengina báða, og að strengirnir stóðu stríðir aftur af skipinu eins og gerist, þegar skip dregur vörpu eftir sér. Kærði kannaðist við að hann hafi verið á umræddum stað, er vélarbáturinn var þar á eftirlitsferð nefndan dag, og um það er enginn ágreiningur að staður þessi var innan landhelgi, en kærði neitar því eindregið, að hann hafi fiskað þar í sundinu. Kannast hann að vísu við það, að hann hafi látið bakborðsvörpu falla þar í sjó í þeim tilgangi að gera tilraun til að fiska þar, en hann hafi hætt við það, og hafi hann dregið vörpuna upp án þess að leggja skipinu til dráttar. Hafa 10 menn af skipshöfninni í utanréttarvottorði, sem lagt hefir verið fram í landsyfirréttinum, vottað, að þessi framburður skipstjórans sé réttur, og er sérstaklega tekið fram í vottorðinu, að enginn fiskur hafi komið úr botnvörpunni, er hún var tekin upp. Gagnvart framburði skipstjórans hafa vitnin haldið fast við framburð sinn um það, að botnvörpuskipið hafi haldið áfram venjulegri ferð, og að strengirnir hafi staðið stríðir aftur af því, meðan þeir athuguðu það, en eftir að þeir fóru frá því, til að athuga önnur skip, er utar lágu, hafi R. E. 141 stöðvast og varpan verið dregin inn. Hvað sem rétt er í þessu, þá er það víst, að ákærði hefir haft veiðarfæri skipsins í sjó, svo að ekkert hefir þurft annað til að fara að fiska, en að halda skipinu af stað, en þetta virðist nægilegt til að

álíta, að kærði hafi gerzt brotlegur gegn fyrnefndum lögum 6. apríl 1898, og telst sektin, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin 1000 kr. til landssjóðs.

Eftir því, sem ráða verður af skjölum málsins, virðist kærði eftir að hann var staðinn að brotinu, hafa haldið áfram fiskveiðum, og því hafi verið í skipinu, er það kom til Reykjavíkur næst á eftir, til að leggja upp afla sinn, afli, sem fenginn var eftir að áminst brot var framið, og hefir því verið haldið fram af kærða hálfu, að ekki sé heimild til að gera upptækan annan afla en þann, er var í skipinu, þegar umrætt brot var framið, en til slíkrar takmörkunar virðist ekki heimild.

Það verður því að fallast á ákvæði lögregluréttardómsins um upptöku afla og veiðarfæra og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með áminstri breytingu að því er sektarupphæðina snertir.

Allan kostnað við málið fyrir undirrétti og yfirdómi ber kærða að greiða, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors þeirra.

Við meðferð málsins í lögregluréttinum er það að athuga, að ekki er í dóminum neitt ákvæði um málskostnaðinn, svo sem fyrir er mælt í N. L. 1—5—14. Að öðru leyti hefir meðferð málsins verið vítalaus, og málfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Við áfrýjun málsins er það að athuga, að yfirréttarstefnan hefir eigi verið birt undirdómaranum, en eftir að málið var tekið til dóms, hefir verið bætt úr þessu með því að afhenda réttinum yfirlýsingu undirdómarans um, að áfrýjunarstefnan sé honum kunn og að hann falli frá frekara fyrirkalli.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Páll Þorsteinn Matthíasson skipstjóri á botnvörpuskipinu Snorri goði R. E. 141 greiði 1000 kr. sekt í landssjóð og allan sakarkostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 15 kr. til hvors þeirra. Veiðarfæri nefnds skips og allur afli innanborðs, eins og þetta var, er er skipið kom til Reykjavíkur næst eftir brotið, skulu vera upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð.

Idæmd gjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. ágúst.

Nr. 14/1914 Ágúst Gíslason
gegn
Einari Erlindssyni.

Dómur:

Veturinn 1912 samdist svo með aðilum máls þessa, að stefndi Einar Erlindsson verkfræðingur í Reykjavík skyldi útvega frá útlöndum hitunartæki í hús, er áfrýjandi Ágúst Gíslason útvegsmaður í Vestmannaeyjum þá ætlaði

að byggja um vorið þar í eyjunum, og var samningur þessi að eins munnlegur. Stefndi pantaði hitunartækin með bréfi dags. 23. marz 1912 og lagði svo fyrir, að þau yrðu send hingað svo, að þau kæmu til Vestmannaeyja síðast í júnímánuði, enda virðast þau hafa komið þá um mánaðamótin júní og júlí, eða snemma í júlímánuði. Áfrýjandi vildi þó eigi taka við hitunartækjunum, er þau komu, og bar fyrir þá ástæðu eina, að þau kæmu of seint; heldur hann því fram, að þau hafi samkvæmt samningi sínum við stefnda átt að koma fyrir júnímánaðarbyrjun, og þar sem þau þannig hafi komið fullum mánuði síðar, hafi hann ekki getað notfært sér þau, og neitaði því að sér væri skylt að taka við þeim; tjáist hann hafa fengið sér önnur hitunartæki (ofna) í hús sitt, en á byggingu þess hafi verið byrjað seint í maímánuði næst á undan. Stefndi hefir af sinni hálfu haldið því fram, að hann hafi í engu vanhaldið samning sinn við áfrýjanda, og að hitunartækin hafi komið og verið til taks nægilega tímanlega og eins og um var samið, og með því að áfrýjandi eigi greiddi honum andvirði þeirra, höfðaði stefndi mál þetta gegn áfrýjanda fyrir gestaréttí Vestmannaeyjasýslu, og krafði hann þar um greiðslu á andvirðinu, 540 kr. með 6% vöxtum frá 1. júlí 1912, og um málskostnað. Hinsvegar höfðaði áfrýjandi gagnsök gegn stefnda til skaðabóta fyrir tjón það, er hann hafi beðið, vegna þess að hitunartækin komu of seint, og krafðist hann í þessu skyni 600 kr. með 6% vöxtum frá stefnubirtingu til borgunardags, en í aðalsökinni krafðist hann sýknu og í báðum málunum málskostnaðar. Þessum málum var ráðið til lykta með gestaréttardómi Vestmanneyjasýslu 24. desemberm. f. á. á þá leið, að

Ágúst Gíslason á að greiða Einari Erlindssyni 540 kr. ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1912 til borgunardags, en hinsvegar var Einar Erlindsson í gagnsökinni sýknaður af kærum og kröfum Ágústs Gíslasonar; um málskostnað var svo dæmt, að Ágúst Gíslason skyldi greiða hann með 30 kr.

Þessum dómi hefir nefndur Ágúst Gíslason skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 10. marz þ. á., og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnda í aðalmálinu fyrir undirréttinum, og að honum verði dæmdar 600 kr. skaðabætur hjá hinum stefnda með 6% ársvöxtum frá 9. nóv.br. 1912, svo og málskostnaður fyrir báðum réttum, undirrétti og yfirdómi. Af sinni hálfu hefir stefndi Einar Erlindsson krafist þess, að undirréttardómurinn verði staðfestur í öllum greinum, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Úrslit máls þessa, eins og það liggur fyrir réttinum, veltur að öllu leyti á því, hvort stefndi hafi vanhaldið svo samninginn við áfrýjanda um hitunartækin, að áfrýjanda fyrir þá sök hafi verið heimilt að líta svo á, að hann að sínu leyti hafi losnað við samninginn. Hann heldur þessu fram og ber fyrir þá einu ástæðu, eins og áður er sagt, að hitunartækin hafi komið mánuði seinna en þau áttu að koma eftir samningi þeirra aðilanna; hafi þau átt að koma fyrir 1. júnímánaðar, en eigi komið fyr en í byrjun júlímánaðar og hafi áfrýjandi því eigi getað notað þau í hús sitt á viðunandi hátt og alls ekki án mikils aukins kostnaðar. Stefndi hefir að vísu kannast við samninginn um hitunartækin, en neitað því, að samn-

ingurinn hafi haft það ákvæði, að hann ætti að skila hitunartækjunum fyrir 1. júní; hann hafi skuldbundið sig til að skila þeim um mánaðamótin júní—júlí, enda hafi hann skilað þeim þá, eða fyrst í júlí. Þessu til stuðnings vitnar hann í pöntunarbréf sitt, sem áður er nefnt, frá 25. marz 1912, og segir sem rétt er, að það sé með öllu óskiljanlegt, að hann þá skyldi panta þau á þann veg, að þau kæmu hingað um lok júnímánaðar, ef hann hefði samningslega verið skuldbundinn til að hafa þau á reiðum höndum fyrir 1. júní. En áfrýjandi hefir leitast við að sanna það með vitnisburðum, að stefndi hafi átt að skila hitunartækjunum fyrir 1. júní. Það er þó að eins eitt vitni, sem borið hefir um það, hvað í þessu efni hafi samist milli málsaðila, og er það yfirsteinsmiðurinn, Guðmundur Einarsson, er vann að byggingu hússins; hefir hann gefið skriflegar yfirlýsingar í málinu, er hann hefir síðar staðfest með eiði; er hin fyrri dags. 7. nóvember 1912 og hin síðari dags. 8. marz 1913. Lýsir hann því þar yfir, að hann hafi neitað að eiga nokkurn hlut við innsetning hitunarvélarinnar, fyrst hún var ekki komin á staðinn þegar byrja átti á húsgerðinni, »en sem hún átti þó að vera komin fyrir 1. júní þetta ár samkvæmt skýlausu loforði hra Einars Erlindssonar, og hið sama hafði hra Agúst Gíslason einnig sagt mér«, segir í vottorðinu. Og í síðara vottorðinu segir Guðmundur Einarsson, að hann taki það fram út af hitunartækjunum að »Einar (þ: stefndi) hafi sagt við sig hér í Reykjavik um miðjan maímánuð 1912, að Agúst (þ: áfrýjandi) hafi gert það að skilyrði fyrir að taka á móti tækjunum, að þau yrðu komin til Vestmannaeyja fyrir lok sama mánaðar — maí 1912 — og kvaðst Einar hafa lofað þessu«. Eins og

þessi vitnisburður liggur fyrir sannar hann eigi beint neitt um það, hvað farið hafi á milli málsaðilanna í þessu efni, en skýrir að eins frá því, hvað vitnið Guðmundur Einarsson álítur að hafi átt að vera og hvað stefndi hafi sagt við hann um hitunartækin í maí 1912 og loforð sín snertandi þau, en þessum vitnisburði hefir stefndi mótmælt og telur hann rangan. Þar sem ekkert annað er komið fram í málinu af hálfu áfrýjanda til sönnunar því, að stefndi hafi skuldbundið sig til að hafa hitunartækin til fyrir 1. júní en þessi vitnisburður, því að ekkert verður í þessu efni leitt út af vitnisburði Guðna G. Johnsens, þá þykir það ekki nægilega sannað af áfrýjanda gegn neitun stefnda, að svo hafi um samist milli þeirra, að stefndi skyldi hafa hitunartækin til á staðnum (o: Vestmannaeyjum) fyrir 1. júní 1912, eða yfirleitt sannað, að hitunartækin hafi komið of seint, en af því leiðir, að áfrýjandi getur ekki gert neina kröfu til skaðabóta, en verður hinsvegar að greiða andvirði hitunartækjanna 540 kr., en um upphæð þessa hefir eigi sérstaklega verið neinn ágreiningur. Þar sem yfirdómurinn einnig samþykkir ákvæði gestaréttardómsins um vexti og um málskostnað, verður dómur þessi staðfestur í öllum greinum, og eftir þessum úrslitum þykir það rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Ágúst Gíslason greiði stefnda Einari Erlindssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 30 krónum.

Dómi þessum skal fullnustu veita áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 27/1914 Réttvísin
gegn
Guðmundi Ingibjarti Kristjánssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 12. febrúar þ. á., var hinn ákærði Guðmundur Ingibjartur Kristjánsson dæmdur samkvæmt 232. gr. almennra hegningarlaga og með skírskotun til 58. gr. og 40. gr. sömu laga fyrir einfaldan þjófnað framinn í annað sinn til að sæta fangelsi við vatn og brauð 2 × 5 daga; svo var hann og dæmdur til að greiða málskostnað í héraði.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Hinn ákærði, sem er fæddur 4. desember 1885 og þannig kominn yfir lögaldur sakamanna, var hinn 16. maímán. f. á. dæmdur fyrir aukarétti Ísafjarðarsýslu í 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir framinn einfaldan þjófnað, og hefir hann úttekið þessa refsingu í fangahúsi Ísafjarðarkaupstaðar. Nú er hann í þessu máli aftur sakaður um þjófnað, og er það með játningu hans og öðrum skýrslum sannað, að hann hafi rétt fyrir síðastliðin jól stolið brúkaðri regnkápu úr anddyri á húsi einu á Ísafirði og selt hana daginn eftir Friðriki nokkrum Andréssyni fyrir 5 krónur. Kápan, sem upprunalega hafði kostað 20 kr.

var afhent réttum eiganda aftur. Um vitsmuni og gáfnafar ákærða hafa sóknarprestar hans vottað það, annar, »að gáfnafar hans sé svo vangefið, að honum geti tæplega ætlast sjálfstæð tilfinning fyrir eignarrétti«, og hinn, að hann hafi heyrt þess getið, «að hann væri mjög einfaldur«, og í hinu fyrra sakamálinu gegn honum kallar verjandi hans hann hálfgerðan fábjána, ef ekki bjána. Ákærði gaf þó fyrir rannsóknarréttinum greið og glögg svör, og eftir því sem fram er komið í málinu að öðru leyti, verður hann eigi kallaður bjáni eða yfirleitt tillit tekið til 40. gr. hegningarlaganna, þegar meta skal sakhæfi hans. Hann hefir eigi áður sætt refsingu, nema í þetta eina sinn, er að framan er greint, og er brot hans nú af undirdómaranum réttilega heimfært undir 232. gr. 1. málsgr. hegningarlaganna, og þykir refsingin samkvæmt henni hæfilega ákveðin 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði verður og að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Guðmundur Ingibjartur Kristjánsson sæti 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi; þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdóminum yfirrétt-

armálaflutningsmanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 15 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr, 29/1914

Hið opinbera
gegn
Valdimar Valdimarssyni.
Steingrími Árnasyni
og
Guðmundi St. Guðmundssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdsstjórnarinnar fyrir lögreglurétti Ísafjarðarsýslu gegn Valdimar Valdimarssyni, Steingrími Arnasyni og Guðmundi St. Guðmundssyni mótorbátsformönnum í Hnífsdal fyrir brot á lögum um vátryggingu fyrir sjómenn 30. júlí 1909 og voru þeir með dómi lögréttarins, uppkveðnum 2. apríl þ. á., dæmdir til að greiða vátryggingargjald fyrir vor- og sumarvertíð 1913, Valdimar 20 kr. 16 a., Steingrímur 30 kr. 96 a. og Guðmundur 25 kr. 92 a. og málskostnað einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Þessum dómi er skotið til yfirdómsins bæði af hálfu valdstjórnarinnar og eftir beiðni hinna kærðu.

Það er viðurkent af hinum kærðu og sannað með öðrum skýrslum, að þeir réðu háseta á báta sína vor- og sumarvertíð f. á. og héldu bátunum úti, án þess að senda hreppstjóranum skýrslu þá um bátshöfnina, sem fyrir er

mælt um í 2. gr. síðari málsgr. nefndra laga, eða senda honum vátryggingargjaldið, og að þeir hafi neitað að greiða það, þegar hann krafði þá um það haustið 1913. Til afsökunar hinum kærðu er því haldið fram, að þeir hafi eigi álitið sér skylt að greiða þetta gjald, bæði af því að sumar vertíðir hafi það alls ekki verið innheimt, og hreppstjórinn hafi látið í ljósi við suma menn, að hann vildi eigi fást við þá innheimtu fyr en lögunum væri breytt, og af því að þeir telji, að 1. gr. 2. málsgr. vátryggingarlaganna sé rétt skilin þannig, að eigi sé skylt að vátryggja sjómenn á vélabátum og róðrarbátum nema fyrir eina vertíð á ári, en þeir hafa greitt vátryggingargjald fyrir haust og vetrarvertíð 1913—14.

Það er að vísu upplýst, að innheimta á vátryggingargjöldum í Hnífsdal hefir eigi verið regluleg síðan nefnd vátryggingarlög komu í gildi; hafa sumar vertíðir alveg fallið undan, svo að ekkert gjald hefir verið greitt fyrir þær, og gjöldin hafa að jafnaði verið innheimt eftir ár, en ekki fyrir fram eins og fyrir er mælt í 2. gr. laganna. En þó að innheimtan væri slæleg, gat það ekki gefið kærðu ástæðu til að ætla, að þeir væru undanþegnir gjaldinu eða lausir við að senda hreppstjóra skýrslu þá, er ræðir um í 2. gr. laganna, og það verður eigi heldur ætlað eftir því sem fram er komið, að hreppstjórinn hafi gefið þeim tilefni til að líta svo á. Orðin í 1. gr. laganna, niðurlagi síðari málsgreinar »minst eina vertíð á ári«, verður að skilja svo, að þau eigi við setninguna næst á undan um úthald bátanna, en ekki við upphafssetninguna, þannig að vátryggingarskyldan taki að eins til einnar vertíðar á ári. Og þó að ónákvæm merkjasetning í þessari málsgrein geti valdið misskilningi, þá

var það á ábyrgð kærðu, að skilja þetta ákvæði laganna rétt, og misskilningur á því getur eigi komið þeim undan sök.

Það þykir nú ekki vera næg heimild til að skylda hina kærðu til að greiða vátryggingargjald fyrir áhættu, sem löngu er umliðin og innheimta það hjá hásetum, sem fyrir löngu hafa yfirgefið skipsrúmið með afla sinn, en hinsvegar verða kærðu að sæta sekt fyrir brot á nefndum lögum og þykir hún hæfilega ákveðin samkvæmt 10. gr. laganna 25. kr. fyrir hvern þeirra og renni að hálfu í sveitarsjóð Eyrarhrepps, en að hálfu í vátryggingarsjóð. Ennfremur ber hinum kærðu að greiða að $^1/_8$ hluta hverjum allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur málsins í héraði athugast, að þar hefir að ýmsu leyti verið vikið frá meðferð almennra lögreglumála, en þó eigi svo, að nauðsynlegt sé að ónýta dóminn fyrir þá sök. Að öðru leyti hefir meðferð málsins verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinir kærðu, Valdimar Valdimarsson, Steingrímur Árnason og Guðmundur St. Guðmundsson greiði 25 kr. sekt hver, helminginn í sveitarsjóð Eyrarhrepps og helminginn í vátryggingarsjóð. Þeir greiði og allan kostnað máls þessa í héraði og fyrir yfirdómi að $^1/_8$ hluta hver þeirra. Þar með talin málaflutn-

ingslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 12. okt.

Nr. 15 1914

Réttvísin
gegn
Arna Friðriki Jónssyni
og
Kristjönu Guðmundsdóttur

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu uppkveðnum 4. nóv. f. á voru hin ákærðu, Arni Friðrik Jónsson bóndi í Furufirði og stjúpdóttir hans Kristjana Guðmundsdóttir sama staðar dæmd fyrir sifjaspell samkvæmt 163. gr. alm. hegningarlaga og hún ennfremur samkvæmt 193. gr. sömu laga fyrir að hafa deytt nýfætt barn sitt, í betrunarhúsvinnu, ákærði í 12 mánuði og ákærða í 4 ár. Þau voru, eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt dæmd til að greiða allan málskostnað, þar með taldar 5 kr. til talsmanns þeirra Sigurðar Jónssonar kennara. Dómi þessum hefir af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Akærði, Árni Friðrik Jónsson, sem er fæddur 22. febrúar 1880, kvæntist haustið 1908 ekkjunni Elínu Jóns-

dóttur, átti hún 4 börn af fyrra hjónabandi, og er ákærða Kristjana Guðmundsdóttir eitt þeirra, fædd 29. sept. 1891; hefir hún alist upp með móður sinni og ávalt dvalið hjá henni nema veturinn 1911—1912, er hún var við yfirsetukvennanám í Reykjavík.

Með játningu hinna ákærðu beggja er það sannað, að þau hafi átt holdlegt samræði þrisvar sumarið og haustið 1912 og varð hún vanfær af hans völdum. Um morguninn 6. ágúst f. á. fyrir fótaferðartíma fæddi ákærða sveinbarn í baðstofunni í Furufirði, án þess að aðrir, sem í baðstofunni voru, yrðu, að sögn þeirra, varir við það. Þegar móðir ákærðu kom á fætur um morguninn, sá hún að barnið lá í rúminu fyrir framan hana milli rúmfatanna, var óskilið á milli og klipti Elín sundur naflastrenginn með skærum er lágu á borði við rúm ákærðu; var barnið að, sögn hennar, þá sýnilega liðið og orðið hálfkalt; tók hún barnið, vafði það í fat og lét það í kassa út í skemmu; sá hún, er hún tók barnið, að garnirnar lágu úti á kvið þess, og að það hafði verið sært. Sama dag um kvöldið sendi ákærða bróður sinn með bréf til Ragnheiðar Jónsdóttur yfirsetukonu á Höfðaströnd og beiddi hana um krampameðal og helzt að koma sjálf, ef hún gæti. Fór Ragnheiður þegar til Furufjarðar og var þar 1 1/2 sólarhring; veitti hún ákærðu hjálp, er hún þarfnaðist og þvoði barnslíkið; sá hún að tvö sár voru á hálsi barnsins og 1 á kvið. Yfirsetukonan sá sér eigi fært eða taldi sér eigi heimilt, kostnaðar vegna, að senda sýslumanni þegar í stað tilkynningu um þetta, en lét það bíða næstu póstferðar 20. ágúst með því að engin ferð var fyr. Brá sýslumaður þegar við og hóf rannsókn í málinu. Lét hann grafa upp barnslíkið, sem hafði verið

jarðsett við bænhúsið í Furufirði og héraðslæknirinn gera líkskoðun á því. Fundust á líkinu 2 sár á hálsinum og 3 stungur á kviðnum og lá nokkuð af görnunum úti. Komst héraðslæknirinn að þeirri niðurstöðu, *að* barnið hafi eigi verið fullburða, en þó vantað lítið á það, *að* það hafi lifað eftir fæðinguna og *að* ytri áverki hafi valdið dauða þess, segir hann, að sárin bendi á, að þau séu af mannavöldum, gerð með bitverkfæri og ekki ólíklegt með skærum. Í áliti, sem landlæknir, að tilhlutun yfirdómsins hefir látið uppi í bréfi dags. 14. maí þ. á., felst hann í öllu verulegu á skoðun héraðslæknisins, og tekur fram, að barnið hafi fæðst lítið eitt, ekki fullum mánuði fyrir tímann, að það hafi fæðst lifandi og lifað eftir fæðinguna og haft nægan þroska til að geta haldið lífi, og að það hafi mist lífið, annaðhvort af holund þeirri, sem það var sært, eða ef til vill meðfram fyrir annan tilverknað, kyrkingu eða kæfingu. Héraðslæknirinn hefir þó í framhaldsskýrslu dags. 3. ágúst þ. á. lýst því yfir, að hann hafi eigi séð nein merki þess, að barnið hafi dáið köfnunardauða.

Um fæðinguna og meðferð hennar á barninu hefir ákærða skýrt svo frá: Hún fann fyrst líf með barninu um sumarmál. Um sumarið var hún við heyskap og tók það mjög nærri sér 2—3 dagana áður en hún átti barnið. Um kvöldið 5. ágúst var hún lasin með ógleði og uppköstum; hún háttaði um miðnætti og fann þá ekki til jóðsóttar; fæðingarhríðirnar byrjuðu ekki, að því er hún hyggur, fyrir en farið var að birta og barnið fæddist kl. 5—6 um morguninn. Ákærðu fanst hjarta barnsins slá, en heyrði ekki hljóð í því. Hún ætlaði að klippa sundur naflastrenginn með skærum, er lágu á

borði við rúm hennar, og heldur hún, að við það hafi barnið særst á kviðnum og hálsinum; ætlaði hún að sér hefði tekist að klippa naflastrenginn, en vissi eigi að hún hafði sært barnið; var hún mjög óstyrk meðan hún var að þessu. Þegar ákærða tók jóðsóttina ásetti hún sér að deyða barnið og ætlaði hún að gera það með því að klippa sundur naflastrenginn. Hún hugsaði ekki neitt verulega um verknaðinn áður, af því að hún bjóst við, að talsvert væri eftir af meðgöngutímanum, og skaut því öllum hugsunum um það á frest. Skærin, sem lágu á borðinu, hafi hún áreiðanlega ekki látið þar, en þau hafi verið þar af tilviljun. Þessum framburði hefir ákærða við síðari próf breytt að því leyti, að hún fullyrðir, að sér hafi eigi hugkvæmst að deyða barnið áður en hún tók jóðsóttina, hún hafi skotið öllum hugsunum um það hvað hún hafi átt að gera út af ástandi sínu, á frest. Þessi skýrsla ákærðu um meðferð hennar á barninu, kemur heim við það, sem fram er komið við læknisrannsóknina og við framburð vitnanna Elínar Jónsdóttur og Ragnheiðar Jónsdóttur, sem einar hafa getað borið um þetta atriði. Það má því telja nægilega sannað, að barnið hafi fæðst lifandi, að það hafi lifað eftir fæðinguna og að ákærða hafi með skærum veitt því áverka á kviðinn, er varð því að bana. Það virðist og eiga að byggja á þeim framburði ákærðu, að hún hafi eigi fyr en hún tók jóðsóttina ásett sér að deyða barnið og að hún hafi ætlað að gera það með því, að klippa naflastrenginn, en eigi ætlað að særa barnið. En hinsvegar virðist eiga að líta svo á, að þó að verknaður ákærðu til að deyða barnið yrði með öðrum hætti en hún ætlaðist til, þá geti það

eigi dregið úr sekt hennar, en verknaðinn verði að telja fullnað ásetningsbrot.

Ákærða kvartaði um það í fyrnefndu bréfi til Ragnheiðar Jónsdóttur yfirsetukonu, að hún væri slæm af krampa, en yfirsetukonan varð þess eigi vör, er hún vitjaði ákærðu, að hún væri krampaveik, og eigi heldur móðir ákærðu. Það er því eigi ástæða til að ætla, að svo mikil brögð hafi verið að þeim veikleika, að ákærða hafi eigi verið með fullri rænu, þegar hún framdi verknaðinn; á það bendir og það, að ákærða hélt niðri í sér hljóðunum í fæðingarhríðunum, til þess að fólkið í baðstofunni vaknaði ekki.

Ákærði hefir lýst því yfir, að hann efist ekki um, að hann sé faðir að barni ákærðu, en hann tjáist ekki hafa vitað að hún var barnshafandi, fyr en eftir að barnið fæddist. Þá fékk hann bróður sinn til að gangast við faðerni barnsins og virðist þetta faðerni hafa verið tilkynt sóknarprestinum. Hin ákærðu hafa eigi sætt refsingu fyrir neitt brot. Framangreint afbrot ákærða ber að heimfæra undir 163. gr. fyrri málsgr. alm. hegningarlaga, og afbrot ákærðu undir 163. síðari málsgrein og 193. gr. fyrri málslið sömu laga, og þykir mega ákveða hegninguna, er þeim ber að sæta, betrunarhússvinnu, honum í 8 mánuði, henni í 3 ár. Svo verða hin ákærðu og að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði, eins og hann er ákveðinn í aukaréttardóminum, og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda þar, 15 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hin ákærðu sæti betrunarhússvinnu, Árni Friðrik Jónsson í 8 mánuði og Kristjana Guðmundsdóttir í 3 ár. Þau greiði allan kostnað af málinu og áfrýjun þess, þar með talin varnarlaun til talsmanns þeirra í héraði Sigurðar Jónssonar kennara 5 kr. og málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar yfirréttarmálaflutningsmanna 15 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. okt.

Nr. 59/1913

L'Azote organique
J. P. Brillouin & Co.
gegn
Sigurði Lýðssyni.

Dómur:

Sigurður Lýðsson yfirréttarmálaflutningsmaður höfðaði mál þetta fyrir gestaréttí Vestmannaeyjasýslu gegn Gunnari Egilsson fyrir hönd firmans J. P. Brillouin & Co. til greiðslu á skuldakröfu að upphæð kr. 743.60, er hann hafði fengið sér framselda 3. júní f. á. til eignar og umráða frá Lyder Höydal í Vestmannaeyjum, svo og til greiðslu vaxta og málskostnaðar. Með dómi uppkveðn-

um 1. des. f. á. tók rétturinn allar kröfur sækjanda til greina, þannig, að vextir af kröfunni voru ákveðnir 6% á ári frá stefnudegi til borgunardags og málskostnaður 30 kr.

Þessum dómi hefir nefnt firma, sem í áfrýjunarstefnunni og málsfærslunni við yfirdóminn er nefnt L'Azote organique J. P. Brillouin & Co., skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. des. f. á., og krafist þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði dæmd ómerk og málinu vísað heim, en til vara, að það verði sýknað af kröfum stefnda, Sigurðar Lýðssonar, en í frumsókninni er þess krafist til vara, að firmað verði aðeins dæmt til að greiða stefnda 200 kr., og hvor krafan sem verði tekin til greina, krefst áfrýjandi að fá sér dæmdan hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum.

Stefndi hefir krafist staðfestingar á gestaréttardóminum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Ómerkingar- og heimvísunarkröfu sína byggir áfrýjandi á því, að héraðsdómarinn hafi eigi leiðbeint umboðsmanni hans, sem er ólöglesinn maður, samkvæmt fyrirmælum 10. gr. í tilsk. 15. ágúst 1832, og hafi málflutningi af hendi umboðsmannsins því verið mjög ábótavant. Það sést eigi að téður umboðsmaður hafi óskað leiðbeininga dómarans og málflutningur hans virðist ekki heldur hafa gefið dómaranum tilefni til þess að leiðbeina umboðsmanninum ex officio, þar sem hann lagði fram skriflega vörn í málinu á venjulegan hátt, vottorð manna og leiddi vitni, alt án kröfu um nokkrar leiðbeiningar af hendi dómarans, og án þess að nokkuð það kæmi fram, er gæti gefið dómaranum ástæðu til þess að ætla að umboðsmaðurinn væri eigi fullfær um að fara með málið aðstoðarlaust. Heimvísunarkrafa áfrýjanda verður því eigi

tekin til greina. Og ber því að leggja dóm á málið að efni til.

Fyrgreindur Lyder Höydal var með samningi dags. 31. des. 1912 ráðinn í þjónustu firmans J. P. Brillouin & Co til að standa fyrir þorskalýsisbræðslu í Vestmannaeyjum og víðar og þaðan er hin framselda krafa runnin og af öðrum viðskiftum hans við firmað. Samkvæmt reikningi Höydals er skuldakrafan sundurliðuð sem hér segir:

1.	Kaup Höydals í maímánuði f. á. . .	Kr. 150.00
2.	Eftirstöðvar af premíu af 282 lýsistunnum á 1 kr.	— 132.00
3.	54 nýjar lifrarkörfur	— 189.00
4.	Fyrir járnbrautarteina með vagni . .	— 200.00
5.	242 kg. af járni á 0/30	— 72.60
		kr. 743.60

4 fyrstu liði þessa reiknings vefengir áfrýjandi, eða telur sér óskylt að borga.

Samkvæmt áðurnefndum samningi, dags. 31. des. 1912, átti Höydal að hafa í kaup 150 kr. á mánuði meðan hann væri í þjónustu áfrýjanda, og átti Höydal að verja öllum tíma sínum í þarfir áfrýjanda, en mátti þó setja mann í stað sinn við og við, er forstjóri atvinnunnar tæki gildan. Höydal byrjaði á vinnunni og var í þjónustu áfrýjanda þar til 19. maí 1913, er áfrýjandi sagði honum upp fyrirvaralaust, og án þess að hann hefði fengið goldið kaup fyrir maímánuð 1913. Áfrýjandi telur sér allskostar óskylt að greiða kaupkröfu þessa, 150 kr. er í 1. lið reikningsins getur. Ber hann það fyrir sig, að Höydal hafi vanefnt vinnusamninginn, með því að hann hafi alls ekkert unnið í þarfir áfrýjanda í maímán-

uði, og hafi hann því orðið að vísa Höydal brott 19. mai, enda hafi það verið fullkomlega lögmætt. Stefndi neitar því eindregið, að Höydal hafi á nokkurn hátt vanefnt samningsskyldur sínar, heldur hafi hann þvert á móti haft stöðugt eftirlit með vinnunni, alt þar til þess, að honum var sagt upp, og hafi hann ekkert af sér brotið í þessu efni. Og þá sjaldan Höydal hafi eigi sjálfur verið við vinnuna, hafi hann með samþykki forstjóra fyrirtækisins sett annan mann í stað sinn. Áfrýjandi kveður þetta aðeins hafa átt sér stað í aprílmánuði, en síðar hafi Höydal hvorki unnið verk þau, er honum bar að leysa af hendi fyrir áfrýjanda, sjálfur né heldur falið þau neinum öðrum. Eitt vitni, sem var við vinnuna frá því um miðjan apríl og þar til Höydal var sagt upp, hefir borið það fyrir rétti og staðfest það með eiði, að þann tíma hafi Höydal ekki komið á vinnustaðinn svo að vitnið yrði hans vart, nema tvisvar, en farið aftur bæði skiftin að vörmu spori. Gegn mótmælum stefnda er þó eigi með þessu fengin lögfull sönnun fyrir vanefndum Höydals á téðum vinnusamningi. Það er viðurkent, að Höydal hafi verið byrjaður á vinnu sinni í þarfir áfrýjanda, og virðist honum því bera að sanna það, að Höydal hafi síðar hætt að leysa starfann af hendi á þann hátt, er honum bar skylda til. En með því að slík sönnun er eigi framkomin í málinu, virðist áfrýjandi verða að greiða umrædda kaupkröfu, 150 krónur, eins og í gestaréttardómnum segir.

Eftir samningum átti Höydal ennfremur að fá 1 kr. premíu af hverri lýsistunnu, og hafði hann í því skyni fengið greiddar 150 kr., þegar reikningurinn var gerður, en hann taldi sér ennfremur bera premíu af 132 tunnum lýsis. Því er eigi neitað af áfrýjanda, að þetta tunnutal

sé rétt tilgreint, en hann heldur því fram, að Höydal beri eigi meiri premía en hann þegar hefir fengið, sökum þess, að mikið af lýsinu hafi verið svo óvandað og illa verkað, að firmað hafi við það beðið verulegt tjón, en Höydal hafi borið ábyrgð á lýsisbræðslunni og eigi því sök á þessu tjóni. Það er þó eigi nægilega sannað gegn neitun stefnda, að lýsið hafi verið illa brætt, svo að tjón hafi af því orðið, eða Höydal verði um kent, þó að svo hefði verið.

Áfrýjandi verður því að greiða stefnda þær kr. 132, sem taldar eru í öðrum lið reikningsins.

Þá telur áfrýjandi sér óskylt að greiða 189 kr. fyrir 54 nýjar lifrarkörfur, sem taldar eru í 3. lið reikningsins, með því að þessar körfur hafi hann keypt af Höydal ásamt bræðsluhúsi og fleiri bræðsluáhöldum með sérstökum kaupsamningi, sem ekki komi við þetta mál. En eftir því, sem upplýst er um efni téðs samnings, þá er hann eigi þannig orðaðar, að þessar lifrarkörfur verði taldar með þeim áhöldum, er seld voru með samningnum, og verða þær því að teljast honum óviðkomandi. Með því að ómótmælt er, að körfur þessar hafi verið notaðar í þarfir firmans með vitund ráðsmannsins og enginn ágreiningur er um verð þeirra, verður áfrýjandi einnig að greiða stefnda andvirði þeirra kr. 189.00.

4. lið reikningsins, kr. 200.00 fyrir járnbrautarteina með vagni hefir áfrýjandi viðurkent réttan, en þó eigi álitið sér skylt að greiða þessa upphæð, og borið því við, að hann hafi síðan um nýjár 1913 greitt Höydal yfir 2000 kr., án þess að hafa fengið valuta fyrir, og meðan svo sé, telji hann sér eigi skylt að greiða meira. En með því að áfrýjandi hefir enga ítarlegri grein gert fyrir

þessari síðarnefndu upphæð, og ekki haldið því fram, að neitt af henni hafi átt að ganga til lúkningar á hér umræddum kröfulið, verður téð varnarástæða, sem stefndi hefir mótmælt, eigi metin að neinu, og kemst áfrýjandi eigi hjá að greiða þennan reikningslið.

Síðasta reikningsliðinn, kr. 72.60 má telja viðurkendan af áfrýjanda, með því að stefndi hefir gert grein fyrir honum, er áfrýjandi hefir eigi vefengt.

Verða því úrslit málsins samkvæmt framansögðu, að áfrýjanda ber að greiða stefnda umkrafða upphæð krónur 743.60 með vöxtum eins og segir í gestaréttardómnum. Yfirdómurinn felst á ákvæði dómsins um málskostnað, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 30 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttadómur á að vera óraskaður. Afrýjandi, L'Azote orangique J. O. Brillouin & Co, greiði stefnda Sigurði Lýðssyni 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi. Dóminum ber að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 26. októbermán.

Nr. 6/1914 Friðrik Gunnarsson
fyrir hönd
L'azote organique J. P. Brillouin & Co
gegn
Lyder Höydal.

Dómur:

J. P. Brillouin konsúll gerði í Reykjavík 31. desember 1912 fyrir hönd firmans J. P. Brillouin & Co þann samning við Lyder Höydal og J. L. Ouse kaupmann í Vestmannaeyjum, að þeir seldu firmanu hús, lóðarréttindi og bryggju á Eiðinu í Vestmannaeyjum, svo og ýms lýsisbræðsluáhöld, alt fyrir 12000 kr. er greiðast skyldu með 3000 kr. þegar framlagðar væru heimildir seljanda fyrir hinum afsöluðu eignum og réttindum, og síðan með 1500 kr. 1. júlí og 1. janúar ár hvert, þar til er upphæðinni væri lokið; svo voru og tilskildir 4½% vextir af kaupverðinu, er greiðast skyldu um leið og afborganirnar. Af hálfu firmans er litið svo á, að þessi samningur sé rofinn af þeim Höydal og Ouse og höfðaði því J. P. Brillouin fyrir hönd firmans þetta mál fyrir aukarétti Vestmannaeyjasýslu á hendur Lyder Höydal til að fá hann dæmdan til að fullnægja samningnum og greiða bætur fyrir samningsrof. En hinsvegar hóf Höydal gagnsök móti firmanu til greiðslu gjaldkræfra afborgana af andvirði hins selda. Lauk þessum málum í aukaréttinum með dómi, uppkveðnum 17. janúar þ. á., á þá leið, að Höydal var sýknaður í aðalsökinni, en firmað dæmt í gagnsökinni til að greiða honum 2550 kr. með 4½%

ársvöxtum frá 1. júlí 1913 til borgunardags og 40 kr. í málskostnað.

Þessum dómi er fyrir hönd nefnds firma, sem í áfrýjunarstefnunni og málafærslunni við yfirdóminn er nefnt L'Azote organique J. P. Brillouin & Co, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 31. janúar þ. á., og þær kröfur gerðar, hinar sömu og fyrir undirrétti, *að* Lyder Höydal verði dæmdur til að sýna löglega erfðafestuheimild sína, J. L. Ouse eða þeirra beggja til 15000 ferálna lóðar á Eiðinu í Vestmannaeyjum, er þeir með fyrgreindum samningi 31. desember 1913 hafi afsalað áfrýjanda, eða til vara, geti hann eigi sýnt slíka heimild, til að greiða áfrýjanda 7500 kr. með jöfnum afborgunum á gjalddögum þeim, sem nefndir eru í samningnum, *að* stefndi verði dæmdur til að sýna heimild sína, J. L. Ouse eða þeirra beggja til að fá frekari lóð útmælda til erfðafestu á sama stað, eða til vara, geti hann eigi sýnt slíka heimild, til að greiða áfrýjanda 500 kr. á fyrsagðan hátt, og *að* stefnda verði ennfremur gert að greiða áfrýjanda 2000 kr. bætur fyrir vanefndir á samningnum. Svo er þess og krafist, að áfrýjandi verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnda fyrir aukaréttinum og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu eftir mati yfirdómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Eins og ráða má af réttarkröfum áfrýjanda, heldur hann því fram, að þeir stefndi og Ouse hafi afsalað honum erfðafesturétti á 15000 ferálna svæði á Eiðinu í Vestmannaeyjum og auk þess rétti, er þeir höfðu öðlast til aukinnar erfðafestumælingar á lóð þar á Eiðinu. En

hvorttveggja þetta telur áfrýjandi stefnda hafa vanhaldið með því að þegar til efndanna kom, hafi svo reynst, að þeir Ouse að eins áttu leigurétt til 5 ára á 1200 ferálna lóð á nefndum stað, sem hvergi náði að sjó, þó svo að 2 ár voru þegar liðin af þeim leigutíma, og að þeir áttu engan rétt eða tilkall til frekari útmælingar þar.

Þau ákvæði í umræddum samningi, er ritaður er á dönsku, sem hér koma til greina, eru á þá leið, að seljendur, þeir Höydal og Ouse, afsala áfrýjanda » De os tilhörende Rettigheder over den paa det saakaldte Eide liggende Grund paa den nordlige Side af Havnen i Vestmannöerne paa samme Betingelser som vi have dem samt til Udmaaling af större Grund, hvilken vi have anmodet om at faa . . . Endvidere den paa Grunden staaende Baadebro«. Það virðist augljóst, að kröfur áfrýjanda verða eigi bygðar á þessum samningsákvæðum eins og þau eru orðuð. En hann heldur því fram, að stefndi hafi munnlega, áður en samningurinn var bréfaður, lýst hinni seldu lóð svo, að hún væri 15000 ferálnir að stærð, lægi að sjó á tvo vegu þvert yfir Eiðið og væri seld þeim stefnda og Ouse á erfðafestu í 80 ár; svo hafi hann og látið uppi, að þeir félagar ættu tilkall til að fá útmælda allstóra lóðarspildu í viðbót, áfasta við hina lóðina. En þessi lýsing stefnda á hinu selda hafi ráðið mestu um það hjá áfrýjanda, að hann réðist í það að eiga kaup við þá stefnda og Ouse. Þennan framburð áfrýjanda um lýsing stefnda á lóðarréttindunum hefir fyrverandi forstjóri firmans J. P. Brillouin & Co Gunnar Egilsson staðfest sem vitni, þó svo að hann hefir eigi tilgreint stærð lóðarinnar, og eigi var hann viðstaddur þegar samningurinn var ritaður og undirskrifaður. Í samræmi við þetta álítur

áfrýjandi að skilja beri samninginn 31. des. 1912 og að sá skilningur sé réttur, styðjist bæði við það, að bátabryggjan hafi eftir samningnum átt að standa á hinni seldu lóð, og lóðin því hlotið að ná til sjávar, og það að kaupverðið 12000 kr., sé óhæfilega hátt og ekki nálægt sannvirði hins selda, ef eigi fylgi meiri lóðarréttindi, en reynst hefir að þeir stefndu og Ouse áttu. Um útmælingu á lóðarauka, sem getur um í samningnum, tekur áfrýjandi það fram, að seljendur hafi afsalað rétti sínum til slíkrar útmælingar og þar með ábyrgst að þeir ættu tilkall til eða hefðu fengið loforð fyrir henni, sem þó reyndist að þeir höfðu eigi átt eða fengið.

Stefndi hefir mótmælt skýrslu áfrýjanda og vitnisins Gunnars Egilssonar um, að munnlega hafi verið umsamið á annan veg, en ritað er í samningnum, eða að hann hafi sagt lóðarréttindi þeirra Ouse meiri en þau voru, og gegn þessum mótmælum er það eigi sannað, að skuldbindingar þeirra Höydals hafi verið víðtækari en skráð er í samningnum 31. des. 1912, enda verður að telja það mjög ósennilegt, að ekkert nánara en gert er, hafi verið tekið upp í samninginn um stærð og legu lóðarinnar og um lóðarréttindin, ef lýsing stefnda á þessu hefði verið svo sem áfrýjandi heldur fram og ef hann hefði því aðeins viljað gera kaupin, að þessi lýsing væri rétt. Það verður því að fara eftir hinum ritaða samningi, og það sem áfrýjandi hefir tilfært til að sanna, að hann beri að skilja samkvæmt kröfum hans, virðist eigi vera á rökum bygt. Orðið »Grunden» í setningunni um bátabryggjuna getur bæði átt við útvísaða lóð seljendanna og við lóð þá, er þeir höfðu sótt um að fá, en það er viðurkent, að bryggjan var á síðarnefndri lóð. Og af kaup-

verðinu verður ekkert ráðið um verðmæti lóðarréttindanna, með því að auk þeirra voru í kaupinu 2 hús, bátabryggja og lýsisbræðsluáhöld, en engin skýrsla er framkomin um verðmæti þessara eigna. Um réttinn til lóðarauka, sem áfrýjandi telur sér afsalaðan af stefnda og Ouse, skýrir samningurinn það sjálfur, að sá réttur var eigi annað en von um að ganga fyrir öðrum að fá lóðaraukann, af því að þeir höfðu orðið fyrstir til að biðja um hann.

Samkvæmt því sem nú hefir verið sagt og með því að eigi verður séð, að nein fyrirstaða hafi verið á því af hálfu stefnda eða annara, að þeir stefndi og Ouse afsöluðu áfýjanda samkvæmt samningnum lóðarréttindum þeim, er þeir áttu á Eiðinu í Vestmannaeyjum, verður stefndi eigi talinn sekur um samningsrof, og ber því að sýkna hann af kröfum áfrýjanda eins og undirdómurinn hefir gert.

Gagnsökina hóf stefndi með sáttakæru og stefnu á hendur Gunnari Egilsson forstjóra í Valhöll fyrir hönd J. P. Brillouin & Co. Á sáttafundinn kom enginn af hálfu kærða. Þó að Gunnar Egilsson sé talinn forstjóri firmans J. P. Brillouin & Co, þegar gagnsökin var höfðuð, sést það eigi, að hann sé á neinn hátt viðriðinn þetta mál, hafi haft heimild til eða sé bær um að vera umboðsmaður áfrýjanda, hvorki í aðalsökinni né gagnsökinni, en aðalsökina höfðaði J. P. Brillouin konsúll, eigandi eða meðeigandi firmans J. P. Brillouin & Co, mætti sjálfur á sáttafundi og fól síðan málfærslumanni að flytja málið. Það verður því að líta svo á, að lögleg sáttatilraun hafi eigi verið gerð í gagnsökinni og ber þá ex officio að ómerkja dóminn að því er gagnsökina snertir og að vísa henni frá undirréttinum.

Það þykir rétt eftir þessum úrslitum, að allur málskostnaður, bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalsökinni skal hinum áfrýjaða dómi óraskað. Um gagnsökina á dómurinn að vera ómerkur og vísast henni frá undirréttinum.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Ár 1914 mánudaginn 26. okt. var í landsyfirdóminum í

málinu 32/1914 Erasmus Gíslason
gegn
Stefáni Ólafssyni

uppkveðinn svofeldur

Dómur:

Hinn 22. febr. 1913 seldi stefndi, Stefán Olafsson bóndi í Kumbaravogi í Stokkseyrarhreppi, Jóni bónda Magnússyni í Gaulverjarbæ bæjarhús sín og nokkrar skepnur (2 kýr, 1 kvígu og 5 hross) fyrir 2050 kr., þar af voru 1050 kr. fyrir skepnurnar. Greiddi Jón andvirðið með húseign einni í Reykjavík. Atti stefndi að afhenda Jóni skepnurnar 14. maí 1913. En sú afhending fór þó eigi fram, og voru skepnurnarnar áfram í vörzlum stefnda. 18. júní 1913 gaf Jón Magnúason út skjal eitt, þar sem

hann skuldbatt sig til þess að selja stefnda umræddar skepnur fyrir 1000 kr. gegn því að andvirðið yrði að fullu greitt fyrir lok septembermánaðar s. á. Ritaði stefndi á skjalið samþykki sitt. 25. ágúst 1913 gaf Jón Magnússon því næst út skjal eitt, þar sem hann selur og afsalar Birni Gíslasyni Laugaveg 119 í Reykjavík »skepnur þær, er jeg (þ: Jón Magnússon) á samkvæmt afsalsbréfi Stefáns Ólafssonar, dagsettu 22. febrúar 1913 og kaupgjörningi, dagsettum 18. júní 1913 og samþyktum af Stefáni Ólafssyni«, og skyldi Birni Gíslasyni heimilt «að krefja Stefán Ólafsson um skepnurnar eða andvirði samkvæmt ofanskrifuðu». 10. des 1913 framseldi Björn Gíslason rétt sinn samkvæmt framsalinu 25. ág. 1913 til áfrýjanda þessa máls, Erasmusar Gíslasonar.

Stefndi greiddi eigi kaupverðið eins og til var skilið í tilboðinu 18. júní f. á., er hann hafði samþykt, eins og áður er sagt. En skepurnar héldu þó áfram að vera í varðveizlu hans, þar til hann lét selja nokkuð af þeim (2 kýr og 3 hross) á opinberu uppboði 25. nóv. f. á. Með stefnu útg. 14. jan. þ. á. höfðaði svo áfrýjandi mál þetta fyrir gestaréttí Árnessýslu, og gerði þær kröfur í dómstefnunni, að stefndi yrði dæmdur til greiðslu 1000 kr. auk málskostnaðar. Undir rekstri málsins krafðist áfrýjandi ennfremur, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða 5% vexti frá 1. okt. f. á. til greiðsludags, af nefndum 1000 kr., «eða skila hinum sömu skepnum, er hann (þ: stefndi) átti að fá fyrir hinar umstefndu 1000 kr., í sama eða betra standi en þær voru 30. sept. 1913«. Svo krafðist áfrýjandi og í málfærslu sinni að stefndi yrði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu. Málið var dæmt 2. apríl í gestaréttinum með þeim úrslitum, að stefndi

var sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda og áfrýjandi skyldaður til þess að greiða stefnda 30 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 1. júlí þ. á. Hefur áfrýjandi gert þær kröfur fyrir yfirdómi, að hinum áfrýjaða dómi verði «hrundið eða breytt þannig, að allar kröfur áfrýjanda fyrir undirrétti verði teknar til greina, og stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 1000 kr. ásamt öllum áföllnum og áfallandi kostnaði, svo sem venjulegum vöxtum frá gjalddaga til borgunardags. Svo hefur áfrýjandi og krafist málskostnaðar bæði fyrir gestaréttinum og fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir mótmælt kröfum áfrýjanda, og verður að skilja það svo sem hann krefjist staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi. Hann hefir og krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Eftir því sem kröfur áfrýjanda eru orðaðar, virðist bera að skilja þær svo, að hann krefjist þess nú að eins að stefndi verði dæmdur til þess að greiða umræddar 1000 kr. ásamt vöxtum, auk sekta og málskostnaðar, sem áður segir.

Að vísu verður að líta svo á, að með skuldbindingu Jóns Magnússonar 18. Júní f. á., og samþykki stefnda á þeirri skuldbindingu hafi á komist bindandi samningur milli Jóns og stefnda, þar sem Jón skuldbindur sig til þess að selja skepnurnar, en stefndi skuldbindur sig til þess að greiða andvirði þeirra, 1000 kr. fyrir septembermánaðarlok 1913, enda sýnist stefndi hafa skilið gjörninginn svo, þar sem hann hefir haldið því fram í málinu, að samþykki sitt hafi verið skilorðsbundið. Hins vegar kemur málsaðilum saman um það, að stefndi skyldi eigi öðlast eignarrétt yfir skepnunum fyr en kaupverðið væri

greitt, og að stefndi hafi aldrei orðið eigandi þeirra, með því að hann greiddi ekki andvirðið. Seljandi hefði því getað, eða sá, er hann setti í sinn stað, eftir almennum reglum, valið á milli þess að halda sölusamningnum að aðalefni hans til að stefndum og krefja hann andvirðis skepnanna eða rifta samninginn að aðalefni til og heimta gripina. Því er haldið fram af hálfu áfrýjanda, að 29. september f. á. hafi Björn Gíslason, er þá hafi orðið eigandi umræddrar kröfu, samkvæmt framsalinu 25. ágúst 1913, krafið stefnda um umræddar 1000 kr. eða að hann skilaði skepnunum. En gegn mótmælum stefnda er eigi komin fram lögmæt sönnun að því, að Björn Gíslason hafi sýnt stefnda skilríki fyrir því, að hann væri orðinn eigandi þeirrar kröfu. En alt til þess að sannað var fyrir stefnda, að eigendaskifti væri orðin að kröfunni var stefnda rétt að semja um hana við hinn upphaflega kröfuhafa, og þeim, er þá kynnu að hafa eignast kröfuna eða síðar kynnu að verða eigendur hennar skylt gagnvart stefnda að hlíta ráðstöfunum hins upphaflega kröfueiganda fyrir kröfunni.

Það virðist upplýst í málinu, að stefndi hafi í október 1913 hugsað til að koma á nýjum samningum út af margnefndum kaupum, og gert tilraunir við Jón Magnússon í þá átt, enda hafi Jón lofað að gera endanlega við stefnda út um þessi skifti þeirra. Virðist mega líta svo á, að Jón hafi tekið þann kostinn, að hefja sölusamninginn við stefnda og heimta sér afhentar skepnurnar á sínum tíma. Meðal annars er það fram komið í málinu, án þess að því hafi verið sérstaklega mótmælt, að Jón hafi 22. nóv. f. á. gert þá kröfu til stefnda, að hann fóðraði og varðveitti skepnurnar til 14. maí 1914, og skilaði þeim þá löglegum eiganda þeirra. En þessa kröfu

hefði hann eigi gert, nema því að eins, að hann ætlaði sér að hefja samninginn eða hefði þegar gert það. Stefndi vildi eigi ganga að þessari kröfu, og með því að skepnurnar voru eigi hirtar, tók hann þann kost að láta selja þær á opinberu uppboði 25. nóv. f. á, eins og áður segir. Þessi ráðstöfun stefnda verður að teljast lögleg eftir því sem á stóð, því að stefnda var eigi skylt að geyma og fóðra skepnurnar lengur en hann vildi, enda sýnist Jón Magnússon hefði getað hirt þær áður en salan fór fram, ef hann hefði viljað.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af 1000 kr. kröfunni, eins og héraðsdómarinn hefir gert. Og með því að yfirdómurinn felst á niðurstöðu héraðsdómarans að öðru leyti, þar á meðal málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öllu leyti. Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjandi eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda, og ákveðst hann 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur á að vera óraskaður. Málkostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi Erasmus Gíslason stefnda Stefáni Ólafssyni með 20 krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Ár 1914, mánudaginn 2. nóv. var í landsyfirdóminum

málinu 17/1914 Hálfdán Hálfdánarson
gegn
Ásgeiri I. Ásgeirssyni.

uppkveðinn svofeldur

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði fyrir gestaréttí Ísafjarðarsýslu stefndi, Ásgeir I. Ásgeirsson kaupmaður í Tröð í Alftafirði gegn áfrýjanda, Hálfdáni Hálfdánarsyni formanni í Hnífsdal, til greiðslu á skuld að upphæð 21 kr. fyrir síld, er stefndi telur áfrýjanda hafa fengið hjá sér í maí og júní 1913. Var málið dæmt í gestaréttinum 17. des. f. á með þeim úrslitum, að áfrýjandi var dæmdur til þess að greiða stefnda 12 kr. af hinni umstefndu upphæð ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og ummæli nokkur í sóknarskjali stefnda dæmd dauð og ómerk, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 27. marz þ. á., og gert þær kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og hrundið þannig, að allar kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina, þar á meðal krafa um sekt fyrir áðurnefnd meiðandi og móðgandi orð, er stefndi hafi haft um áfrýjanda í sóknarskjali fyrir gestaréttinum. Svo hefir áfrýjandi einnig krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir gert þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, nema ómerkingarákvæði hans, og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómins.

Fyrir síldarúttekt þeirri, er mál þetta er út af risið hefir stefndi gert þannig lagaðan reikning:

1. 8. maí 2 skeppur af síld á	kr.	6.00
2. 20. maí 2 1/2 skeppa af síld á	—	7.50
3. 1. júní 2 skeppur af síld á	—	6.00
4. 18. júní 4 skeppur af síld á	—	12.00
	alls kr.	31.50
En þar af eru viðurkendar greiddar . .	—	10.50
Svo að eftir verða	kr.	21.00

Hafði héraðsdómarinn dæmt áfrýjanda til þess að greiða 12 kr., þær, er í 4. lið reikningsins getur, en að öðru sýknað hann af skuldakröfunni. Með því að stefndi hefir ekki áfrýjað málinu af sinni hálfu, verður eigi talsmál um að breyta dómnum honum í vil, og eins og málið liggur fyrir yfirdóminum, er að eins, að því er skuldakröfuna snertir, um að ræða skyldu áfrýjanda til þess að greiða umræddar 12 krónur.

Eftir málflutningi aðila verður það að teljast viðurkent, að síld sú, er í 4. lið reikningsins greinir, hafi verið pöntuð af einum af hásetum áfrýjanda hjá stefnda. En áfrýjandi hefir borið á móti því fastlega, að hann hafi leyft eða boðið hásetanum að taka síldina hjá stefnda, heldur hafi hann beinlínis bannað bæði honum og öðrum hásetum sínum að eiga þesskonar kaup við stefnda fyrir sína hönd, því að málsaðilar hafi verið ósáttir út af síldarkaupum, er áður gerðust þeirra á milli. Það verður líka að líta svo á sem stefnda hafi verið kunnugt um það, að áfrýjandi ætlaði sér eigi að eiga síldarkaup við hann, enda hefir stefndi eigi sannað, að hásetinn hafi haft heimild til að taka síldina þar. Þegar áfrýjandi sá, að áðurnefndur háseti hans tók síldina hjá stefnda, þá bannaði

hann honum það, og var síldinni þá samstundis hleypt aftur úr börum þeim, er hún var látin í og áfrýjandi átti, niður í bát stefnda, er hún virðist hafa verið tekin úr. Það verður því að líta svo á, að síld þessi hafi aldrei úr vörzlum stefnda farið og að áfryjanda hafi aldrei orðið skylt að greiða andvirði hennar. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfu stefnda einnig að því er þessar 12 kr. snertir.

Þær kr. 10.50, er áfrýjandi greiddi fyrir síld þá. er hann fékk hjá stefnda, vora borgaðar eftir að málið hafði verið lagt til sátta, og hafði umboðsmaður stefnda komist svo að orði í sóknarskjali sínu, að áfrýjandi hefði gert það til þess að »þykjast ærlegri«. Þessi ummæli voru dæmd dauð og ómerk í gestaréttardómnum, og þykir eigi ástæða til að breyta honum að þessu leyti. Svo getur yfirdómurinn og fallist á málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins.

Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Hálfdán Hálfdánarson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Asgeirs I. Asgeirssonar. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði gestaréttardómur að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Ár 1914, mánudaginn 2. nóv., var í landsyfirdóminum í

málinu 34/1914 Jón Laxlal
gegn
Sigurði Lýðssyni
fyrir hönd
Lyder Höydals.

uppkveðinn svofeldur

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Jón Laxdal, kaupmaður í Reykjavík, gegn Lyder Höydal, kaupmanni í Vestmannaeyjum, fyrir gestaréttí Vestmannaeyjasýslu með stefnu útgefinni 7. sept. 1912, til greiðslu á skuld, að upphæð kr. 1710.00, er áfrýjandi hafði fengið sér framselda til eignar og umráða 6. sept. 1912 af Jóni Einarssyni í Vestmannaeyjum, ásamt 6% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Fyrir hönd Lyder Höydals höfðaði Sigurður Lýðsson yfirréttarmálaflutningsmaður í Reykjavík gagnsök í máli þessu með stefnu útgefinni 3. okt. 1912, og krafðist þess, að áfrýjandi yrði dæmdur til þess að greiða honum f. h. Lyder Höydals kr. 2009.32 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi gagnsakar til greiðsludags. Var málið dæmt í gestaréttinum 26. nóv. 1913 með þeim úrslitum, að aðalstefndur skyldi sýkn af kröfum áfrýjanda, en áfrýjandi var dæmdur til að greiða Sigurði Lýðssyni f. h. Lyder Höydals kr. 1809.32 með 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi til borgunardags og málskostnað með 40 krónum.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 16. júlí þ. á., og hefir gert þær

kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og hrundið þannig, að hann verði algerlega sýknaður af kærum og kröfum gagnstefnanda, (stefnda fyrir yfirdómi) og að honum (áfrýjanda) verði dæmd hin umstefnda upphæð kr. 1700.68 með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en til vara, að kaup Jóns Einarssonar, meðan hann var hjá Höydal, verði ákveðið af dómkvöddum verzlunarfróðum mönnum, en að öðru leyti haldist aðalkrafan. Loks hefir áfrýjandi krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi og gestaréttinum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir krafist staðfestingar á gestaréttardóminum, og málskostnaðar til handa umbjóðanda sínum fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Krafa sú, er áfrýjandi höfðaði mál þetta útaf, er risin af viðskiftum Jóns þess Einarssonar, sem áður er nefndur og Lyder Höydals. Var Jón í þjónustu Höydals frá 10. maí 1905 til 10. maí 1909, eða alls 4 ár. Er krafan um kaupgjald Jóns um þann tíma, auk þóknunar fyrir skriftir, er hann hafi unnið í þarfir Höydals eftir að hann fór úr fastri þjónustu hjá honum. Hefir krafan af hálfu áfrýjanda verið sundurliðuð þannig:

I. Laun Jóns Einarssonar meðan hann var við verzlun Höydals:

1. frá $^{10}/_{5}$ 1905 —$^{10}/_{5}$ 1906	kr.	1500.00
2. frá $^{10}/_{5}$ 1906—$^{10}/_{5}$ 1907	—	1800.00
3. frá $^{10}/_{5}$ 1907—$^{10}/_{5}$ 1908	—	2000.00
4. frá $^{10}/_{5}$ 1908—$^{10}/_{5}$ 1909	—	2000.00
II. Fyrir skriftir o. fl.		
1. frá $^{6}/_{7}$—$^{31}/_{12}$ 1909	—	35.00
2. frá $^{1}/_{1}$—$^{31}/_{12}$ 1910	—	125.00
Flyt	kr.	7460.00

	Fluttar	kr. 7460.00
3. frá $^{1}/_{1}$—$^{31}/_{12}$ 1911	—	50.00
4. frá $^{1}/_{1}$—$^{31}/_{12}$ 1912	—	50.00
III. Afsláttur, er Jón Einarsson taldi sér bera á vörum útteknum í verzlun Höydals frá $^{1}/_{1}$—$^{31}/_{12}$ 1909	—	150.00
	Samtals kr.	7710.00

Upp í þetta er það viðurkent að áfrýjandi hafi tekið í verzlun Höydals vörur, er eigi voru á annan hátt greiddar, fyrir . . . . . kr. 6009.32

Og verða þá eftirstöðvarnar . . . . kr. 1700.68 er áfrýjandi krefst sér dæmdar fyrir yfirdómi.

Þegar Jón Einarsson réðist í þjónustu Höydals, var eigi gerður um það skriflegur samningur. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að Jóni hafi verið lofað 900 kr. í kaup fyrsta árið og 100 kr. viðbót, ef vel gengi, en síðan hafi hann ekki átt að fá nema 1000 kr. á ári, nema hvað Höydal hafi dregist á það við Jón, að hann fengi síðasta árið 200 kr. viðbót, ef vel gengi. En því er haldið fram að þessi skildagi hafi ekki ræzt, því að verzlunin hafi gengið illa. Áfrýjandi heldur því fram, að engir samningar hafi verið gerðir um kaup Jóns þessi árin, og beri honum því kaup eftir venju og miðað við störf hans við verzlun Höydals. Jón Einarsson virðist hafa haft aðallega bókhaldarastörf á hendi við verzlun Höydals, og eftir því sem upplýst er í málinu, virðast bókhaldaralaun í Vestmannaeyjum hafa verið á þessu tímabili 800—1800 kr. Eitt vitni hefir og borið það, að það hafi hlustað á viðtal þeirra Jóns og Höydals, þegar Jón réð sig til Höydals, og hafi þeim samist svo um kaupið, að Jón skyldi hafa 900 kr.

og eitthvað meira, ef Höydal sæi sér fært. Svo hafa vitni borið það, að Jón hafi sjálfur sagst hafa haft 1200 kr. árskaup hjá Höydal síðasta árið, en þessi frásögn Jóns stóð í sambandi við umleitanir Vestmannaeyinga við hann um það, að hann tæki að sér forstöðu kaupfélags eins, er stofnað var þar í eyjunum, og hafði Jón þá sízt hvöt til að segja kaup sitt hjá Höydal lægra en það var í raun og veru, þar sem ætlandi var, að kaup hans við kaupfélagið yrði að einhverju leyti ákveðið með hliðsjón til þess kaups, er hann hafði áður haft. Þegar til alls þessa er litið og ennfremur til þess, að ósennilegt er, að Jón Einarsson hefði verið 4 ár samfleytt í þjónustu Höydals, án þess að ákveðið væri, hvert kaup hann skyldi hafa, þá virðist verða að leggja til grundvallar skýrslu stefnda um þetta atriði, með því að áfrýjandi hefir engar sannanir fært fyrir því, að Jóni hafi verið heitið hærra kaupi en stefndi kannast við, að hann hafi lofað honum. Stefndi hefir ómótmælt haldið því fram, að eftir síðasta árið, sem Jón Einarsson hafi verið hjá Höydal, hafi verzlun hans orðið að hætta af því, að aðalskuldheimtumaður hennar hafi gengið að henni og sýnist með þessu færð nægileg sönnun fyrir því, að verzlunin hafi eigi gengið vel síðasta árið, sem Jón var hjá Höydal, og að Jón hafi því eigi fengið krófu til umræddrar 200 kr. viðbótar við kaup sitt það ár. Það verður því að álíta, að Jóni hafi verið fullgoldið kaup með 1000 kr. hvert ár, eða með 4000 kr. alls. Þar sem viðurkent er, að Jón hafi skuldað Höydal kr. 6009.32 fyrir útteknar vörur, verður mismunurinn kr. 6009.32 ÷ kr. 4000 = kr. 2009.32.

Liðnum II, kr. 260, er áfrýjandi krefur fyrir

skriftir o. fl., er Jón Einarsson hafi int af hendi fyrir Höydal eftir að hann fór frá verzlun hans, hefir stefndi eindregið mótmælt. Telur hann Jón enga vinnu hafa látið Höydal í té, eftir áðurnefndan tíma, er borgun beri að greiða fyrir. Áfrýjandi hefir engar sannanir fært fyrir þessum lið kröfu sinnar, og verður hann því eigi gegn mótmælum stefnda tekinn til greina.

Um III. lið kröfu áfrýjanda, kr. 150.00, sem hann krefst í uppbót eða afslátt á vörum, er Jón Einarsson tók í verzlun Höydals, er sama máli að gegna sem II. lið. Áfrýjandi hefir engar sönnur leitt að því, að Jóni hafi verið þessum afslætti heitið eða að hann eigi heimtingu á honum af öðrum ástæðum, og verður þessi liður því eigi tekinn til greina.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfu áfrýjanda í aðalsökinni eins og í dómi gestaréttarins er gert.

Eins og sagt var, höfðaði stefndi gagnsök í héraði í máli þessu á hendur áfrýjanda, þar sem hann krafðist þess, að áfrýjandi yrði dæmdur til þess að greiða honum (stefnda) kr. 2009.32, sem er mismunur sá, sem áður getur, milli úttektar Jóns Einarssonar og kaupgjalds hans. Eins og áður er sagt fékk áfrýjandi kröfuna, sem aðalsökin er af risin, samkvæmt framsali kröfueigandans upphaflega, án allrar áhyrgðar á því, sem framseljandi kynni að skulda Höydal út af þessum eða öðrum skiftum. Afrýjanda var því að eins skylt að þola skuldajöfnuð, en en alls eigi þola dóm til sjálfstæðrar greiðslu áður nefnds mismunar. Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um sýknun í gagnsökinni, og breyta gestaréttardóminum að þessu leyti.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að máls-

kostnaður, bæði aðal- og gagnsakar fyrir gestaréttinum og fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurður Lýðsson fyrir hönd Lyder Höydals, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Jóns Laxdals, í aðalsök, og áfrýjandi á að vera sýkn af kröfum stefnda í gagnsök þessa máls. Málskostnaður bæði fyrir gestaréttinum og fyrir yfirdómi falli niður.

Ár 1914, mánudaginn 9. nóv. var í landsyfirdóminum í málinu 45/1914 Réttvísin gegn Jakobi Guðmundssyni.

kveðinn upp svofeldur

Dómur:

Mál þetta var höfðað af hálfu réttvísinnar gegn ákærða Jakobi Guðmundssyni þurrabúðarmanni í Hjarðarholti í Glæsibæjarhreppi fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu fyrir brot gegn 23. kapítula almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og var ákærði með dómi sama réttar, gengnum 20. marz þ. á., dæmdur í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsfærslukaup til verjanda í héraði, 10 kr. Dómi þessum hefir verið skotið til landsyfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Akærði er fæddur 24. jan. 1871 og hefir með aukaréttardómi í Þingeyjarsýslu 11. júlí 1898 verið dæmdur í 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir þjófnað. Að öðru leyti hefir ákærði eigi sætt refsingu né ákæru fyrir neitt refsivert athæfi.

Haustið 1913 hafðist Árni nokkur Jóhannesson við á heimili ákærða, Hjarðarholti svonefndu í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu. Flutti Árni þessi þangað meðal annars kúffort, og hafði geymt í því auk annars 2 50-króna seðla. Var kúffortið að vísu læst, en lykillinn að því var látinn hanga á nagla eða snaga fyrir allra sjónum í herberginu, þar sem það var geymt. En í sama herbergi hafðist ákærði við ásamt bústýru sinni, tveim börnum þeirra og Arna þessum. Dag einn í fyrri hluta nóvbr. í fyrra haust var Árni fjarverandi í vinnu þar í nánd. Hefir ákærði, sem þóttist vita, að Árni hefði þar peninga undir höndum, játað sig hafa þá tekið lykilinn að kúffortinu, er þá hékk þar uppi, sem áður segir, opnað kúffortið með lyklinum og tekið úr því umrædda 2 50-króna seðla og hagnýtt sér upphæðina. Greiddi hann sumpart með henni ýmsar smáskuldir, en sumpart keypti hann fyrir hana ýmiskonar búðarvarning, mat og föt handa skylduliði sínu. Ákærði kveður sig hafa freistast til þessa verknaðar af fátækt sinni. Hafi hann búist við því, að verða að fara á sveitina vegna efnaleysis, og svo hafi skuldheimtumenn hans haft á orði að ganga hart að honum, taka af honum kot það, er hann hafði bygt þar handa sér. Ákærði virðist vera fátækur verkamaður, er einnig átti fyrir fjölskyldu að sjá, og þykir því skýrsla hans um hvatir til verksins eigi ósennileg.

Brot ákærða, sem þannig er sannað með eigin játningu hans og öðrum gögnum, heyrir undir 230. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 2 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo ber ákærða og að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar á meðal málsvarnarlaun í héraði, 10 kr., og málfærslukaup til hins skipaða sækjanda málsins og verjanda fyrir yfirdómi, 15 kr. til hvors þeirra. Iðgjalda fyrir hina stolnu upphæð hefir eigi verið krafist í þessu máli.

Það athugast, að undirdómarinn hefir eigi, svo séð verði, látið birta ákærða aukaréttardóminn eins og boðið er í tilskipun 3. júní 1796 33. gr., einnig vantar í aukaréttardóminn vottorð um lögmæti málsmeðferðarinnar í héraði samkvæmt 35. gr. sömu tilskipunar. Að öðru leyti hefir meðferð málsins í héraði verið vítalaus og flutningur þess fyrir yfirdóminum lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jakob Guðmundsson á að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til yfirréttarmálaflutningsmanns Björns Líndals 10 kr. og málaflutningskaup til hins skipaða sækjanda og verjanda málsins fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens 15 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Ar 1914, mánudaginn 9. nóv., var í landsyfirréttinum í

málinu 21/1914 Hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps
gegn
Jóni Markússyni og
Þorláki Einarssyni.

kveðinn upp svofeldur

Dómur:

Þann 20. des. 1912 gerðu hinir stefndu, Jón Markússon og Þorlákur Einarsson, samning með sér um kaup á eignar- og ábýlisjörð Jóns Syðsta-Samtúni í Glæsibæjarhreppi, skyldi Þorlákur greiða 1700 kr. fyrir jörðina, og var samningurinn þinglesinn 20. maí f. á., án þess að hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps væri boðið að kaupa jörðina áður en sala þessi fór fram. Téðri hreppsnefnd, áfrýjanda þessa máls, þótti sem gengið væri með þessu á rétt hreppsins samkvæmt lögum nr. 30, 20. okt. 1905 um forkaupsrétt leiguliða o. fl., þar sem hún leit svo á, að hreppurinn ætti að ganga fyrir öðrum um kaup á jörðinni. Höfðaði nefndin því þetta mál fyrir gestaréttí Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar á hendur hinum stefndu til að fá jarðakaupin ónýtt og jörðina dæmda hreppnum til eignar fyrir hið umsamda verð, og stefnda Jón Markússon dæmdan í skaðabætur fyrir tjón það, er hreppurinn

hefði beðið við það, að honum var synjað forkaupsréttar á jörðinni. En í gestaréttinum urðu þau úrslit málsins, að stefndu voru með dómi, uppkveðnum 20. des. f. á., sýknaðir af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 4. maí þ. á. og gert þær kröfur, að honum verði breytt þannig, *að* kaupsamningnum milli hinna stefndu 20. des. 1912 um kaup Þorláks Einarssonar á jörðinni Syðsta-Samtúni í Glæsibæjarhreppi af Jóni Markússyni fyrir 1700 kr., þinglesnum 20. maí f. á., verði dæmdur ógildur gagnvart Glæsibæjarhreppi, *að* hreppnum verði dæmdur réttur til að ganga inn í kaup á nefndri jörð gegn greiðslu kaupverðsins á sama hátt og með sömu upphæð, sem ákveðið er í kaupsamningnum, *að* stefndi, Jón Markússon verði dæmdur til að greiða Glæsibæjarhreppi skaðabætur eftir mati dómkvaddra manna fyrir tjón það, er hreppurinn hafi beðið við það, að honum var synjað forkaupsréttar á jörðinni, og allan kostnað þessa máls fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, er hvorttveggja, skaðabætur og málskostnaður, komi til frádráttar frá kaupverði jarðarinnar. Stefndu krefjast sýknunar af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Kröfur áfrýjanda eru, eins og þegar hefir verið vikið að, bygðar á lögum nr. 30, 20. okt. 1905 um forkaupsrétt leiguliða o. fl. Heldur hann því fram, að Glæsibæjarhreppur hafi átt forkaupsrétt að jörðinni Syðsta-Samtúni, þegar Jón Markússon seldi hana með fyrgreindum samningi, og hafi hann átt að bjóða hreppnum kaup á henni, áður en hann seldi hana Þorláki Einarssyni. Vitnar áfrýj-

andi sérstaklega í 1. gr. og 4. gr. laganna máli sínu til stuðnings. En í 1. gr. segir svo: »Þegar jarðeign, sem er í byggingu, gengur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða, og í 4. gr. »nú afsalar sá sér forkaupsétti, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitafélag það, sem jörð eða jarðargögn liggja í, forkaupsréttinn«: Og þó að Syðsta-Samtún væri eigi í byggingu, þegar umrædd sala fór fram, telur áfrýjandi að þessi lagaákvæði eigi þó við hana með því að þau, rétt skilin, verði einnig að ná til jarðeigna, sem seldar eru úr sjálfsábúð, og sé þessi skilningur bæði í samræmi við tilgang laganna og styðjist við önnur ákvæði þeirra, sérstaklega 2. og 3. gr.

Það verður þó eigi séð að þessi skýring á nefndum lagaákvæðum eigi við rök að styðjast. Orðin »jarðeign í byggingu« taka eigi til jarðeigna í sjálfsábúð, og það virðist eigi vera heimild til að leggja í þau rýmri merkingu, þannig að þau eigi einnig við síðarnefndar jarðeignir. Tilgangur laganna virðist aðallega vera það tvent, að auka sjálfsábúð og varna því, að leiguliði, sem bætt hefir ábýli sitt, verði við sölu á því til annara sviftur gagni og arði af jarðarbótunum, en hvorugt þetta verður talið til stuðnings málstað áfrýjanda; og í öðrum ákvæðum laganna, hvorki í 2. eða 3. gr. né annarsstaðar verður eigi heldur neitt það fundið, er geri það nauðsynlegt eða heimilt, að leggja víðtækari merkingu í ákvæðið í upphafi 1. gr. en þá, er í orðunum sjálfum liggur. Það verður þannig eigi álitið, að Glæsibæjarhreppur hafi átt forkaupsrétt á jörðinni Syðsta-Samtúni, þegar framangreind sala á henni fór fram, og það skiftir þá eigi máli, að hinir stefndu,

svo sem þeir halda fram sér til varnar, riftu kaupunum, áður en áfrýjandi byrjaði þetta mál.

Af framangreindum ástæðum ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda og með því að yfirdómurinn felst einnig á ákvæði gestaréttardómsins um málskostað, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjandi eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda og ákveðst hann 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi, hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps, greiði stefndu, Jóni Markússyni og Þorláki Einarssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Kristján Jónsson.

Ár 1914, mánudaginn 30. nóv., var í landsyfirdóminum í málinu 33/1914 Guðmundsson & Ellis gegn Jóni Jónatanssyni fyrir hönd Kaupfélagsins »Ingólfur«, kveðinn upp svofeldur

Dómur:

Jón Jónatansson, alþingismaður á Ásgautsstöðum höfðaði þetta mál fyrir hönd kaupfélagsins »Ingólfur« á Stokkseyri fyrir gestaréttí Reykjavíkur gegn Andrési Guðmundssyni kaupmanni fyrir hönd firmans Guðmundsson & Ellis, en af hálfu firmans var þá hafin gagnsök á hendur kaupfélaginu. Í aðalsökinni var þess krafist, að firmað yrði dæmt til að greiða kaupfélaginu eftirstöðvar af andvirði fyrir saltfisk, er það hafði keypt af kaupfélaginu, kr. 2007.22, með vöxtum og kostnaði, en í gagnsökinni voru þær kröfur gerðar, að ýmsar mótkröfur firmans yrðu teknar til greina og dregnar frá aðalkröfunni, þannig að firmanu yrði að eins gert að skyldu að greiða kaupfélaginu kr. 509.12 og að firmanu væri dæmdur málskostnaður. Gekk dómur í málinu í nefndum rétti 28. jan. þ. á. og var firmað Guðmundsson & Ellis dæmt til að greiða kaupfélaginu »Ingólfur« kr. 1970.70 með 6% ársvöxtum frá 5. sept. 1913 til borgunardags. Í gagnsökinni var kaupfélagið sýknað og málskostnaður í aðalsök og gagnsök látinn falla niður.

Dómi þessum hefir nefnt firma skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 1. júlí þ. á. og gert fyrir yfirdóminum sömu kröfur og fyrir gestaréttinum, svo og krafist málskostnaðar þar, en af hálfu kaupfélagsins, er þess krafist, að dómurinn verði staðfestur að öllu leyti og félaginu dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati dómsins.

Um fiskkaup þau, sem mál þetta er risið af, fóru 2 bréf milli málsaðila dags. í Reykjavík 3. júní f. á. og voru eigi aðrir samningar gerðir um kaupin. Var bréf áfrýjanda til stefnda fyrritað, en bréf stefnda síðar sem svar við hinu eða staðfest-

ing á því. Bréfin voru að mestu leyti samhljóða, en í síðara bréfinu þó í nokkrum atriðum vikið frá hinu fyrra, og með því að áfrýjandi virðist eigi hafa haft neitt að athuga við þær breytingar, verður að ætla, að kaupin hafi gerst samkvæmt ákvæðunum í bréfi stefnda. En þau voru í aðalatriðunum á þá leið, að stefndi seldi áfrýjanda c. 400 skippund af fullverkuðum stórfiski, »röguðum af hinum opinberu fiskimatsmönnum á Stokkseyri, Spánarvöru«, nr. 1 á 80 kr. skp. og nr. 2 á 74 kr. skp., kostnaðarlaust á skip (fob) á Stokkseyri og Þorlákshöfn, »gegn borgun út í hönd við afskipun í þessum mánuði og móti hleðslu- vigtar- og rögunarskírteinum;« kæmist fiskurinn eigi í skip fyrir 30. júní, skyldi hann »veginn upp og ragaður og útborgaður gegn rögunar- og vigtarseðli», en síðan geymdur af seljanda, en á ábyrgð og áhættu kaupanda, gegn vöruhúsleigu og brunabótagjaldi, 10 au. á skp. fyrir hvern $^1/_2$ mánuð, talið frá 30. júní 1913. Af andvirði fiskjarins skyldu kr. 10000.00 greiddar fyrirfram, og þessa upphæð greiddi áfrýjandi stefnda 6. júní.

Hinn umsamda fisk lét stefndi af hendi í tvennu lagi, fyrri hlutann 10. júlí, eftir því sem ráða má af matsvottorði fiskimatsmannanna á Stokkseyri, dags. þann dag. Voru samkvæmt því o. 151 skp. af þeim fiski nr. 1 og seldi áfrýjandi hann til Kaupmannahafnar, en kaupandi þar taldi fiskinn eigi vera 1. flokks vöru og fékk menn kvadda til að meta hann, og komust þeir að sömu niðurstöðu. Varð það úr, að áfrýjandi greiddi kaupanda bætur eða uppbót 2 kr. fyrir hvert skp. kr. 302.00; svo greiddi hann og matskostnaðinn kr. 43.00 samtals kr. 345.00 og ennfremur kr. 88.50 fyrir símskeyti vegna þessarar sölu. Síðari hluti hins selda fiskjar var afgreiddur 9. ág.

s. á. og var að mati sömu fiskimatsmanna, dags. þann dag, 75 skp. 18 p. nr. 1 og 70 skp. 180 p. nr. 2 og og hefir stefndi samkvæmt samningnum reiknað sér fyrir þennan fisk kr. 11232.47. Fisk þennan sendi áfrýjandi til Reykjavíkur, og lét meta hann aftur af matsmönnum þar. Varð mat þeirra á þá leið, að 49 skp. 137 p. af fiskinum væri nr. 1, 67 skp. 208 p. nr. 2, 21 skp. 215 p., nr 3 og 6 skp. 188 p. linþur, er eigi var metinn. Eftir þessu mati telur áfrýjandi verð fiskjarins, og reiknar nr. 1 og nr. 2 samkvæmt samningnum á 80 kr. og 74 kr., nr. 3 á 54 kr. og linþuran fisk á 67 kr. skp. Andvirði þessa fiskjar telur hann því kr. 10571.65 eða kr. 660.82 minna en stefndi. Fyrir matið í Reykjavík og geymslu á fiskinum þar greiddi áfrýjandi kr. 197.06.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi eigi að endurgjalda sér kostnað þann og tjón, er hann hafi beðið fyrir það, að hinn seldi fiskur hafi eigi verið samningshæfur, og eigi því frá kröfu hans að dragast framantaldar upphæðir, kr. 345.00 + kr. 88.50 + kr. 660.82 + kr. 197.06, alls kr. 1291.38; svo beri og að draga frá toll af fiskinum kr. 120.20, vexti kr. 50.00 af fyrirframgreiddum kr. 10000.00 og vöruhúsleigu á Stokkseyri kr. 36.52, sem afrýjanda beri eigi að greiða eftir samningunum. Krafa stefnda kr. 2007.22 eigi því að færast niður um samtals kr. 1498.10 og sé rétt talin að eins kr. 509.12.

Fiskurinn skyldi, eins og áður er sagt, metinn af opinberum fiskimatsmönnum á Stokkseyri, og má telja þetta vafalaust samningsatriði. Áfrýjandi telur þó mat þessara manna á fiskinum ólöglegt og mótmælir því, en að þeim mótmælum eru eigi leidd næg rök. Í bréfi

áfrýjanda 3. júní f. á. til stefnda, var að vísu tilskilið að fiskurinn skyldi metinn af opinberum fiskimatsmönnum »tilkvöddum af stjórnarráði Íslands«, en á þessu var breyting og leiðrétting gerð í bréfi stefnda sama dag, enda var það sýnilegur misskilningur, þar sem stjórnarráðið fæst eigi við að tilnefna fiskimatsmenn, en það ber undir lögreglustjóra, sbr. lög nr. 21, 9. júlí 1909, og það er upplýst að menn þeir, sem framkvæmdu matið, voru löggiltir fiskimatsmenn af sýslumanninum í Árnessýslu. En þó að fiskimatsmenn á Stokkseyri hefðu verið bærir um að meta fiskinn, telur áfrýjandi matsgerð þeirra ranga og skírskotar í því efni til fyrnefndra matsgerða á fiskinum, er fram fór í Kaupmannahöfn og Reykjavík. En það verður eigi séð, að Stokkseyrarmatinu sé hnekt, með þessum matsgerðum, sem stefndi hefir mótmælt. Kaupmannahafnarmatið hefir eigi verið staðfest í rétti, og getur þegar af þeirri ástæðu eigi komið til álita. Og þó að Reykjavíkurmatið væri gert af lögskipuðum matsmönnum, brestur alla heimild til að eigna því meira gildi eða telja það réttara en Stokkseyrarmatið. Hið síðarnefnda mat er þannig óhrakið, og þar sem það eftir samningum átti að ráða um flokkun fiskjarins eftir gæðum og hið umsamda verð átti að miðast við þá flokkun, verður eigi litið svo á, að áfrýjandi eigi neina kröfu á hendur stefnda fyrir það, að fiskurinn hafi eigi verið samningshæfur, og verður því að fella niður allar kröfur hans, er styðjast við þá málsástæðu, en það eru kröfurnar, sem taldar eru hér að framan, samtals kr. 1291.38.

Það var umsamið, að stefndi seldi fiskinn fob á Stokkseyri eða í Þorlákshöfn, þ. e. afgreiddi hann á skipsfjöl á þessum stöðum kaupanda kostnaðarlaust. Af þessu

vill áfrýjandi leiða, að stefndi hafi átt að greiða útflutningsgjald (toll) af fiskinum, sem nam kr. 120.20. En það verður þó eigi álitið rétt, að telja þetta gjald til þess kostnaðar, er stefndi átti að bera samkvæmt téðu skilorði og með því að eigi var sérstaklega um það samið, verður þessi krafa eigi talin réttmæt og því eigi tekin til greina. Sama er um kröfu áfrýjanda um vexti, kr. 50.00 af fyrirframgreiddum kr. 10000.00, að um þá hefir eigi verið samið, og virðist áfrýjanda því bresta heimild til að krefjast þeirra.

Það er áður sagt, að áfrýjandi átti að taka á móti fiskinum í júnímánuði, en brigðist það, átti stefndi að láta vega og meta fiskinn og geyma hann á kostnað áfrýjanda, og áhættu. Það virðist eiga að skilja þetta svo, að geymslan á kostnað áfrýjanda hafi eigi átt að byrja fyr en fiskurinn var veginn og metinn, en það er eigi sannað gegn mótmælum áfrýjanda að þetta hafi verið gert fyr en 8. eða 9. ágúst eða þá daga, sem fiskurinn var fluttur á skip. Upphæðina kr. 36.52 sem stefndi hefir reiknað sér fyrir geymslu á fiskinum frá 30. júní til 9. ágúst f. á., virðist áfrýjanda því eigi skylt að greiða, og verður að draga hana frá kröfu stefnda, en mismuninn kr. 1970.70 ber samkvæmt framansögðu að dæma áfrýjanda til að greiða honum, eins og undirdómarinn hefir gert, með vöxtum eins og segir í gestaréttardómnum. Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði dómsins ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Það þykir, eftir þessum úrslitum, rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi, firmað Guðmundsson & Ellis, greiði Jóni Jónatanssyni fyrir hönd kaupfélagsins »Ingólfur» 40 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Ár 1914 mánudaginn 30. nóv. var í landsyfirdóminum í málinu 42/1914 Firmað Guðmundsson & Ellis gegn Hallgrími Benediktssyni uppkveðinn svofeldur

Dómur:

Í júlímánuði f. á. gerðu aðilar þessa máls, áfrýjendur firmað Guðmundsson & Ellis og stefndi Hallgrímur Benediktsson umboðssali samning um kaup á hvítri vorull; voru samningsatriðin ákveðin og staðfest í bréfi stefnda til áfrýjanda dagsett 24. s. m., sem hér segir: »Stefndi selur áfrýjendum 50—60 balla af príma, vestfirzkri hvítri, þveginni vorull frá Búðardal á kr. 1.82 pr. kíló, nettó fob Búðardal. Ballar eru innifaldir í verðinu. Ullin sé vegin upp og metin af þar til kvöddum óvilhöllum mönnum, er sýslumaður útnefnir og skulu þeir gefa vottorð um gæði og vigt ullarinnar. Greiðsla fer fram í

Reykjavík við annan hvorn bankann, eftir vild yðar (þ: áfrýjenda) gegn afhendingu hleðsluskýrteinis, mats- og vigtaraðils«. Hina umsömdu ull hafði stefndi keypt af kaupfélagi Hvammsfjarðar, og var hún vegin og metin daginn eftir, 25. júlí, eins og samningurinn segir fyrir, af tveimur mönnum tilnefndum af sýslumanni; er í vottorði þeirra ullin talin vera 3738 kilo að þyngd í 58 böllum, og um gæði hennar votta matsmennirnir, »að í öllum greindum 58 böllum er vel þvegin og þur príma hvít vorull«. Orðin »velþvegin« skýrðu matsmennirnir svo, er þeir staðfestu matsgerðina fyrir rétti, að með því hafi þeir átt við, »að ullin væri vel þvegin eins og venjulega gerist með verzlunarull«. Ullina létu áfrýjendur flytja til Reykjavíkur og greiddu þar 29. s. m. umsamið verð fyrir hana kr. 6803.16 gegn afhendingu hleðsluskírteinis, mats- og vigtarseðils fyrgreindra matsmanna. En er áfrýjendur athuguðu ullina, þóttust þeir sjá, að hún væri eigi svo vönduð að verkun, sem um hefði verið samið; fengu þeir næsta dag, 30. júlí 2 hæfa menn tilnefnda af bæjarfógetanum í Reykjavík til að skoða ullina og meta hana upp aftur. Í matsgerð þessara manna, dags. 1. ágúst f. á. er svo talið, að ullin sé »öll óaðgreind, því að í hverjum sekk var ull með skarnkögglum, ull með lyngi og grasrusli og ennfremur flókar innan um aðrar betri ullartegundir«, og ennfremur segir þar: »Við teljum það mjög aðfinnsluvert að setja nr. 1 á slíka ull, því að þegar hún er ekki aðgreind, getur hún ekki talist ull nr. 1«. Verkun á ullinni er talin lík ullarþvotti sunnanlands, þó sérstaklega lakleg á ullinni í 16 pokum af 58, er öll ullin var í. Með þessari matsgerð þótti áfrýjendum sannað, að ullin væri eigi svo vönduð vara, sem áskilið var í samn-

ingnum, og vildu því fá kaupunum ript og kaupverðið endurgreitt. Þetta tilkyntu þeir stefnda með bréfi dags. 2. ágúst f. á., og er hann sinti því ekki, höfðuðu þeir mál þetta gegn honum á bæjarþingi Reykjavíkur til endurgreiðslu á kaupverði ullarinnar með vöxtum, svo og kostnaði og ágóðamissi, samtals kr. 7023.99. Var málið dæmt þar 12. marz þ. á. og stefndi sýknaður af kröfum áfrýjenda og málskostnaður látinn falla niður.

Dóm þessum hafa áfrýjendur skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 5. sept. þ. á., og krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 7023,99 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu. En stefndi krefst að dómurinn verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati dómsins.

Stefndi telur þær ástæður til þess, að hann eigi að vera sýkn í málinu, að hann hafi að öllu leyti fullnægt samningnum, og að áfrýjendur hafi viðurkent það með því að greiða andvirði ullarinnar og taka við mats- og vigtarseðlum frá matsmönnum í Búðardal mótmælalaust, en það sé mat þessara manna, sem fara beri eftir samkvæmt samningnum, og það mat sýni, að ullin hafi verið fullnægjandi vara í alla staði eftir því sem áskilið var og lofað. En Reykjavíkurmatið á ullinni 1. ág. f. á. sé þar á móti þýðingarlaust og stefnda með öllu óviðkomandi.

Áfrýjendur telja það hinsvegar eins og áður er sagt, sannað með síðarnefndu mati, að ullin hafi ekki verið 1. flokks eða prima vara, og þó að þeir hafi mótmælalaust greitt andvirði hennar og tekið við mats- og vigtarskírteininu þá hamli það samkvæmt 62. gr. alm. viðskifta-

laga 11. júlí 1911 þeim ekki frá að rannsaka ullina og láta meta hana, þegar hún kom á viðtökustað. En matið í Búðardal halda áfrýjendur fram að sé ógilt, af því að matsmennirnir hafi eigi verið óvilhallir né hæfir til að dæma um ullargæði.

Það verður nú að líta svo á, að það hafi verið beint samningsatriði milli málsaðila, er þeir gerðu kaup um ullina, að dómur matsmanna þar á staðnum, er varan var afhent, skyldi vera einhlýtur um gæði ullarinnar, og að stefndi hafi eigi skuldbundið sig til að selja áfrýjendum aðra né betri ull en þessir menn teldu prima vöru, vel þvegna, og þó að þeir miðuðu mat sitt um þvott á ullinni við það er venjulega gerist um verzlunarull, þá virðast áfrýjendur eigi hafa átt kröfu til að þeir legðu strangara mat á hana. Þar sem sýslumaður tilnefndi matsmennina, verður að gera ráð fyrir, að hann hafi kosið til þess hæfa menn og óvilhalla; vefenging áfrýjenda í þessu efni getur því eigi komið til greina gegn mótmælum stefnda. Matsgerðin frá Búðardal verður þá að teljast gild að forminu til, enda virðist það viðurkent af áfrýjendum, er þeir tóku við henni mótmælalaust, og að efninu til er matsgerðinni eigi hnekt með hinu seinna mati í Reykjavík, er eigi var yfirmat og gat því eigi felt hitt úr gildi. Það leiðir af þessum málavöxtum, að 62. gr. alm. viðskiftalaga getur eigi komið hér til álita sbr. 1. gr. laganna.

Með því að stefndi þannig telst hafa fullnægt kaupsamningnum verður að sýkna hann af kröfum áfrýjenda í máli þessu eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, og ber að staðfesta dóm þennan, einnig ákvæði hans um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað. Áfrýjendur firmað Guðmundsson & Ellis greiði stefnda Hallgrími Benediktssyni 25. krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Ar 1914, mánudaginn 7. des., var í landsyfirréttinum í

málinu 22/1914 Lyder Höydal
gegn
Jóni Laxdal
fyrir hönd
Jakobs Gunnlögssonar.

kveðinn upp svofeldur

Dómur:

Mál þetta höfðaði gagnáfrýjandi Jón Laxdal kaupmaður í Reykjavík f. h. Jakobs Gunnlögssonar stórkaupmanns í Kaupmannahöfn gegn aðaláfrýjanda, Lyder Höydal, kaupmanni í Vestmannaeyjum, fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu 5. sept. 1912, til greiðslu á skuld, að

upphæð kr. 3993.20 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1912 til greiðsludags, auk málskostnaðar, sem gagnáfrýjandi krafðist og fyrir gestaréttinum. Af sinni hálfu höfðaði aðaláfrýjandi, aðalstefndi í héraði, gagnsök í málinu fyrir sama rétti með stefnu, útg. 5. des. 1912, og krafðist þess, að gagnáfrýjandi, Jón Laxdal f. h. Jakobs Gunnlögssonar yrði dæmdur til þess að greiða sér (þ: aðaláfrýjanda) kr. 40000.00 og málskostnað gagnsakar Var málinu ráðið til lykta í héraði með dómi gestaréttarins 26. nóv. 1913 á þá leið að aðaláfrýjandi var dæmdur í aðalsökinni til þess að greiða gagnáfrýjanda kr. 2662.73 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1912 til greiðsludags, og 40 kr. í málskostnað. en gagnsökinni var vísað frá dómi ex officio.

Dómi þessum hefir aðaláfrýjandi, Lyder Höydal, skotið til landsyfirdómsins með stefnu, útg. 8. maí þ. á., og hefir hann gert þá *aðalkröfu*, að dóminum verði breytt og hrundið þannig, að málinu verði vísað heim til nýrrar dómsálagningar, en *til vara*, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kærum og kröfum gagnáfrýjanda. Og loks hefir aðaláfrýjandi krafist málskostnaðar fyrir gestaréttinum og fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins. Aðalstefnandi í héraði Jón Laxdal, f. h. Jakobs Gunnlögssonar hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað téðum gestaréttardómi og gert þá *aðalkröfu*, að honum verði breytt og hrundið þannig, að aðaláfryjandi verði dæmdur til þess að greiða gagnáfrýjanda 3993.20 með vöxtum svo sem krafist var í héraði, en að öðru leyti verði gestaréttardómurinn staðfestur. En til vara hefir gagnáfrýjandi krafist staðfestingar á gestaréttardóminum. Loks hefir gagnáfrýjandi krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Krafa sú, er aðalsök þessa máls í héraði er af risin, stafar af verzlunarviðskiftum milli aðaláfrýjanda og Jakobs Gunnlögssonar. Eftir því sem séð verður af málsskjölunum hófust þessi skifti árið 1905 og héldu áfram til ársloka 1909, og skuldaði aðaláfrýjandi Jakobi Gunnlögssyni þá, samkvæmt reikningi Jakobs, kr. 5320.50, en um árslok 1911 var skuld þessi komin niður í 3993.20. Og er það sú upphæð, sem um er stefnt í aðalsök þessa máls í héraði. Nokkur hluti skuldar þessarar er þó ferðakostnaður og innheimtulaun, er Jakob tjáist hafa greitt umboðsmönnum sínum, er hann fól innheimtu og framkvæmd réttargerðar einnar, er fram fór 27. og 28. maí 1909 hjá aðaláfrýjanda.

Í janúarmánuði 1909 var aðaláfrýjandi staddur í Kaupmannahöfn, og gaf hann þá út 18. þess mánaðar skuldbindingarskjal nokkurt til handa Jakobi Gunnlögssyni. Viðurkennir aðaláfrýjandi þar fyrst og fremst, að hann skuldi Jakobi »samkvæmt höfuðbókum hans (þ: Jakobs) kr. 23588.14. En þar frá átti, samkvæmt skjali þessu, að dragast nálægt kr. 8000 og bætast við nálægt kr. 6000, svo að til frádráttar upphæðinni komu nálægt kr. 2000.00, svo að skuldin er þá viðurkend vera nálægt kr. 21588.14. Ennfremur er það viðurkent, að skuld þessi hafi verið »fallin til borgunar um nýjár 1909, með því eg (þ: Höydal) samkvæmt samningi mínum 31. jan. 1908, þá átti að hafa lokið til fulls skuld minni við hr. Jakob Gunnlögsson«. Því næst segir svo í skjali þessu: »Sem tryggingu fyrir greiðslu ofangreindrar skuldar ásamt innheimtukostnaði, afsala eg (þ: Höydal) hér með hr. Jakobi Gunnlögssyni allar þær skuldir, er eg á útistandandi á Íslandi, eins og þær eru, og bækur mínar sýna, og eru þær skuldir nálægt 60000.00 krónur. Herra

Jakob Gunnlögsson hefir einnig rétt til að innheimta allar þær skuldir, er eg á útistandandi á Íslandi«. Ef nokkuð gyldist af skuldum þessum til aðaláfrýjanda, þá skuldbatt hann sig til þess að afhenda það þegar til Jakobs Gunnlögssonar eða umboðsmanns hans. Einnig afsalaði aðaláfrýjandi, eins og það er orðað í skjalinu, Jakobi »allar þær vörur, sem eg (Höydal) hefi, unz skuldinni er að fullu lokið«. Skyldi aðaláfrýjandi afhenda Jakobi eða umboðsmanni hans skrá yfir allar þær skuldir, er hann (þ: Höydal) ætti útistandandi á Íslandi í miðjum febrúar 1909.

Vorið 1909 sendi svo Jakob Gunnlögsson mann til Vestmannaeyja í því skyni að halda ákvæðum skjals þessa til laga. Var þá settur fógetaréttur í Vestmannaeyjum 27. maí það ár, og krafðist umboðsmaður Jakobs þar 1., að »dómarinn uppáleggi honum (þ: Höydal) að gefa umboðsmanni Jakobs Gunnlögssonar aðgang til hvenær sem krafist verður, að fá útskrift úr bókunum«, 2., að aðaláfrýjanda »verði hér eftir bannað að taka móti nokkrum sem helzt skuldum, sem í bókunum eru, fyr en hann er skuldlaus við Jakob Gunnlögsson«, 3., að aðaláfrýjandi «skili umboðsmanni« Jakobs Gunnlögssonar »vikulega öllu andvirði þess, sem hann selur af vöruleyfum þeim, sem eru í hans (þ: Höydals) vörxlum«, 4., »að honum (þ: Höydal) sé bannað að lána nokkuð út af vöruleyfum, nema með samþykki umboðsmanns« Jakobs og loks 5., að Höydal »nú þegar minst innan 6 daga tæki »Beholdning« á öllum sínum vörubirgðum með aðstoð« umboðsmanns Jakobs, »og þeir í sameiningu semji skrá yfir vörurnar«. Daginn eftir 28. maí 1909, var svo kveðinn upp úrskurður í fógetaréttinum, og voru framangreindar

kröfur umboðsmanns Jakobs Gunnlögssonar teknar að öllu til greina, og jafnvel í niðurlagi úrskurðarins lögð við aðför, ef úrskurði fógetaréttarins yrði eigi hlýtt af aðaláfrýjanda.

Gerð þessa hafa málsaðilar nefnt »lögbanns«- og löggeymslugerð«, og var henni eigi haldið til laga með málssókn. Aðaláfrýjandi var að vísu staddur í fógetaréttinum og hafði eigi mótmælt þá, að gerð þessi færi fram, en eins og gerðin var löguð, að minsta kosti að sumu leyti, virðist þögn aðaláfrýjanda eigi geta hafa svift hann rétti til þess að koma fram með skaðabótakröfur út af henni, enda hefir aðaláfrýjandi í þessu máli talið hana með öllu löglega. Og þegar aðalsökin var til meðferðar fyrir gestaréttinum, höfðaði hann gagnsök þessa máls til skaðabóta og bóta fyrir »sársauka og lánstraustsspjöll«, er Jakob Gunnlögsson hafi bakað honum með gerð þessari. Gagnáfrýjandi krafðist frávísunar á gagnsökinni í héraði, af því einu, að því er virðist að sakarefnið væri sakarefni aðalmálsins óviðkomandi, og fyrir yfirdómi hefir gagnáfrýjandi ennfremur haldið því fram, að gagnsökin eigi ekki að komast að í þessu máli vegna þess að sakarefnið í aðalmálinu sé bygt á skuldabréfi þ. e. áðurnefndu skjali frá 18. jan. 1909. Virðist héraðsdómarinn þar á móti hafa frávísað gagnsökinni af því að um ólöglega málasamsteypu væri að ræða, þar sem gagnkrafan, skaðabótakrafan, væri alt annars eðlis en skuldakrafan, og lætur hann þetta varða frávísun gagnsakar ex officio.

Eins og fyr er sagt, er krafa sú, er gerð var í gagnsök þessa máls, risin út af umgetinni svonefndri »lögbanns- og löggeymslugerð« 28. maí 1909, en gerð þessi

var gerð til tryggingar kröfu þeirri, er gerð var í aðalmálinu eða nokkrum hluta hennar, og auk þess er nokkur hluti kröfunnar í aðalmálinu beinlínis risin af gerð þessari, þar sem krafist er endurgjalds af aðaláfrýjanda á kostnaði er gerðin hafði í för með sér fyrir Jakob Gunnlögsson. Kröfur aðal- og gagnsakar virðast því eigi vera hvorri annari óviðkomandi, heldur þvert á móti af sömu rót runnar, svo að af þeirri ástæðu, að kröfurnar væru hvor annari óviðkomandi sýnist eigi hafa verið ástæða til þess að vísa gagnsökinni frá dómi.

Hin mótbáran gegn gagnsökinni, er eins og sagt var, bygð á því, að aðalkrafan sé skuldabréfskrafa, og se gagnáfrýjanda því óskylt að hlíta gagnsök í málinu um umþrætta kröfu slíka sem gagnkrafan sé. Skuldbindingarskjalið 18. jan. 1909, sem gagnáfrýjandi byggir þessar mótbárur sínar gegn gagnsökinni á, verður þó fyrst og fremst eigi talið fullnægja þeim skilyrðum, er í N. L. 5—13—4 eru gerð til skuldabréfa til þess að þau útiloki það að gagnkröfur komist að, því að skjal þetta verður eigi talið »þur Haandskrift«, þar sem upphæðirnar í því eru eigi einusinni nákvæmlega tilgreindar. Í öðru lagi hefur skjal þetta aðeins verið lagt fram í eftirriti í málinu, en eigi í frumriti, er þó virðist sjálfsagt skilyrði til þess að það geti fullnægt skilyrðum N. L. 5—13—4. Í þriðja lagi er krafan í aðalmálinu eigi grundvölluð á skjali þessu, heldur afritum úr verzlunarbókum Jakobs Gunnlögssonar, og loks er nokkur hluti aðalkröfunnar runninn af »lögbanns- og löggeymslugerð« þeirri, er áður greinir. Þessi ástæða fyrir réttmæti frávísunarkröfunnar sýnist því alls eigi á rökum bygð.

Báðar kröfurnar, aðal- og gagnkrafa, eru peninga-

kröfur, og getur því alls eigi verið um neina ólöglega málasamsteypu að ræða, er héraðsdómarinn ætti að láta varða frávísun ex officio.

Samkvæmt framanrituðu verður því að líta svo á, sem aðaláfrýjanda hafi verið heimilt að höfða gagnsök í máli þessu svo sem hann hefir gert, og stefna í henni málflutningsumboðsmanni Jakobs Gunnlögssonar, samkvæmt N. L. 1—2—20, sbr. 1—4—20. En afleiðing af því verður sú, að héraðsdómaranum bar að leggja dóm á gagnsökina að efni til. Fyrir því verður eigi hjá því komist að dæma hinn áfrýjaða gestaréttardóm ómerkan og vísa málinu heim aftur í hérað til löglegri dómsáleggingar, og skylda héraðsdómarann til að leggja dóm á aðal- og gagnsök að efni til í því ástandi, er málið var í, þá er það var tekið til dóms í héraði 28. maí 1913.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim í hérað til löglegri dómsálagningar. Gagnáfrýjandi Jón Laxdal fyrir hönd Jakobs Gunnlögssonar greiði aðaláfrýjanda, Lyder Höydal, 40 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Hinn dæmda málskostnað ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Ár 1914, mánudaginn 7. des, var í landsyfirdóminum í

málinu 36/1914 Eymundur Guðbrandsson
gegn
hreppsnefnd Kaldrananesshrepps
og Halldóri Kr. Júlíussyni
sýslumanni

kveðinn upp svofeldur

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Eymundur Guðbrandsson bóndi á Bæ í Kaldrananesshreppi í héraði fyrir aukarétti Strandasýslu með stefnu, útgefinni 1. júní 1909, gegn hinni stefndu hreppsnefnd f. h. Kaldrananesshrepps, og krafðist þess í dómstefnunni, að stefndu yrðu f. h. hreppsins dæmdir til greiðslu á 51 krónu, með áföllnum vöxtum frá fardögum 1905, og andvirði einnar kúgildisær, er áfrýjandi hefir metið 19 kr., auk málskostnaðar. Í sókn málsins krafðist áfrýjandi þess ennfremur, að hin stefnda hreppsnefnd yrði fyrir hönd hreppsins dæmd til að greiða 20 kr. í mistan arð af nefndri kúgildisá árin 1905—1909 og 10 kr. fyrir færning á henni, eða samtals 100 kr., auk 5% vaxta af þessum upphæðum frá fardögum 1905 til greiðsludags. Var málið dæmt í aukarétti Strandasýslu 21. júní f. á. með þeim úrslitum, að hin stefnda hreppsnefnd f. h. hreppsins var sýknuð af kærum áfrýjanda, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. ágúst þ. á. og hefir gert þær kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og hrundið þannig, að allar kröfur hans fyrir undirréttinum verði

teknar til greina, þar undir sérstaklega um greiðslu 51 krónu og andvirðis kúgildisær, auk vaxta af 51 kr. frá fardögum 1905 til borgunardags. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Loks hefir áfrýjandi gert þá kröfu á hendur héraðsdómaranum, Halldóri Kr. Júlíussyni sýslumanni, að hann verði sektaður fyrir drátt á dómsuppsögn í máli þessu, svo og að hann verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Hvorki hefir hin stefnda hreppsnefnd né hinn stefndi undirdómari mætt né látið mæta í máli þessu, enda þótt löglega sé stefnt og ber því, að því er snertir bæði hina stefndu hreppsnefnd og hinn stefnda héraðsdómara, að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Árið 1905, 2. apríl, gerði áfrýjandi, sem þá var, eftir því sem viðurkent er, oddviti hreppsnefndarinnar í Kaldrananesshreppi í Strandasýslu, samning við þáverandi prest að Stað í Steingrímsfirði, Hans heitinn Jónsson, þess efnis, að téður prestur fal áfrýjanda byggingarráð á nokkrum kirkjujörðum tilheyrandi Staðarkirkju og liggjandi í nefndum hreppi »vegna tilmæla nokkurra manna í Kaldrananeshreppi um hluttöku í byggingar umráðum á Staðarkirkjujörðum«, eins og það er orðað í samningnum. Meðal jarða þessara var jörðin Brúará þar í hreppi. Skyldi áfrýjandi »ábyrgjast að jarðirnar séu setnar og hirtar samkvæmt síðustu byggingarbréfum og gildandi lögum um það efni, hann (þ: áfrýjandi) skal mér (þ: prestinum) að kostnaðarlausu, ábyrgjast að mér séu greiddar árlega á réttum gjalddaga leigur og landskuldir jarðanna«, þar á

meðal skyldi áfrýjandi ábyrgjast presti, að ábúandi áðurnefndrar jarðar Brúarár, Óli nokkur Guðmundsson, gyldi eftir téða ábýlisjörð sína samkvæmt byggingarbréfi sínu. Ennfremur skyldi áfrýjandi sjá um það, að prestur yrði aðnjótandi reka og útræðishlunninda, er hann hafði áskilið sér í byggingarbréfum af nefndum jörðum. Loks skyldi áfrýjandi »sjá mér (o: prestinum) fyrir fullum skilum af hendi Óla Guðmundssonar á Brúará á ógreiddu afgjaldi af Brúará og álagi jarðarinnar«, þá er Óli þessi flyttist af henni.

Að því er upplýst virðist í málinu, hafði presturinn að Stað í Steingrímsfirði bygt Óla þessum Guðmundssyni Kirkjujörðina Brúará um 1895. Sýnist Óli svo hafa búið á jörðinni þar til í fardögum 1905. Fyrir jól 1904 bygði landsdrottinn Óla út af jörðinni vegna vanskila á afgjaldi eftir jörðina, enda hafði Óli þá um haustið beiðst sveitarstyrks af Kaldrananesshreppi, þar sem hann virðist hafa verið sveitlægur. Og í fardögum vorið 1905 fór hann af jörðinni. Galt áfrýjandi þá landsdrottni umstefndar kr. 51, sem Óli skuldaði þá af afgjaldi eftir jörðina. Ennfremur galt áfrýjandi landsdrottni þá eina kúgildisá, er fylgja átti jörðinni, en Óli sýnist eigi hafa þá getað skilað. Inti áfrýjandi greiðslur þessar af hendi samkvæmt áðurgreindum samningi þeirra síra Hans heitins Jónssonar. Telur áfrýjandi sig hafa gert nefndan samning í þarfir og í þágu hreppsins í því skyni, að landsdrottinn fengi eigi bygt kirkjujarðir þar í hreppi utanhreppsmönnum, er þar í hreppnum kynnu svo að ílengjast og komast þar á sveitina. Heldur áfrýjandi því fram, að hann hafi haft sem oddviti hreppsins heimild til þess að gera slíkan samning svo að bindandi væri fyrir hreppinn samkvæmt

11. gr. sveitarstjórnartilskipun 4. maí 1872, er þá var í gildi, og svo hafi það verið samkvæmt margyfirlýstum vilja bæði hreppsmanna alment og svo hreppsnefndar í Kaldrananesshreppi. Ennfremur hafi hreppnum borið skylda til þess að greiða umrætt ógoldið eftirgjald og skila vantandi kúgildisá fyrir Óla þennan Guðmundsson, sem hafi verið þurfamaður hreppsins. Af þessum ástæðum öllum saman og hverri í sínu lagi telur áfrýjandi hreppnum skylt að greiða umstefndar upphæðir.

Það er in confesso í málinu, að áfrýjandi hafi eigi haft neitt formlega samþykt umboð af hendi hreppsnefndar eða hreppsbúa til þess að undirgangast fyrir hreppsins hönd skyldur þær, er í samningnum 2. apríl 1905 greinir. Stefndu hafa ennfremur eindregið neitað því, að hreppsnefnd eða hreppsbúar hafi lýst yfir vilja sínum í þá átt, er í samningnum getur, enda hefir eitt vitni borið það fyrir rétti og staðfest með eiði, að áfrýjandi hafi sagt, þegar samningurinn 2. apríl 1905 var gerður, að hann væri að afla sjálfum sér byggingarráðanna yfir jörðunum. Gegn mótmælum hinnar stefndu hreppsnefndar verður skylda hennar f. h. hreppsins til greiðslu umstefndrar kröfu því eigi bygð á þessari ástæðu.

Þar sem áfrýjandi telur sig hafa haft heimild samkvæmt 11. gr. sveitarstjórnartilsk. 4. maí 1872, til þess að gera slíkan samning, sem þann er hér um ræðir, frá 2. apríl 1905, þá verður eigi heldur fallist á þá ástæðu. Í téðri lagagrein segir svo, að ef hreppsnefndin ákveður ekki sérstaklega um einstök mál eða einstakar greinir mála, að einstökum nefndarmönnum skuli falið á hendur að sjá um bréfagerð um þessi efni, eða framkvæma einhverjar ályktanir, þá skal oddviti gera ráðstafanir til, að

ályktanir nefndarinnar verði framkvæmdar. Hér er því gert ráð fyrir því að hreppsnefnd hafi þegar tekið ákvörðun um eitthvert mál en að eins eigi falið neinum sérstaklega framkvæmd ákvörðunarinnar. En til þess að gera slíkan samning sem þann, er hér greinir, þar sem áfrýjandi hefir — að því er hann heldur fram, hreppsins vegna — tekist á hendur margskonar skuldbindingar, þar á meðal ábyrgð á skuldum, bæði þá gjaldkræfum og enn eigi til orðnum, hafði hreppsnefndaroddviti eigi heimild í stöðu sinni sem oddviti. En, eins og áður er sagt, er það eigi sannað að nokkur ályktun hafi verið tekin um þetta efni, er heimilaði áfrýjanda að gera ofannefndan samning, 2. apríl 1905 — fyrir hönd hreppsins.

Um þriðju ástæðuna, að hreppnum hafi borið að greiða ógoldið eftirgjald eftir jörðina Brúará fyrir þurfamann sinn, er þess að geta, að þurfamaður þessi fékk jörðina upphaflega áður en hann varð upp á hreppinn kominn, og án þess að hreppurinn tæki nokkra ábyrgð á því að hann stæði í skilum með jarðarafgjald eða skilaði löglega jarðarkúgildum, þegar hann flyttist frá jörðinni. Óli þessi Guðmundsson sagðist til sveitar á hausthreppaskilaþingi 1904, og fór frá jörðinni á næstu fardögum og er hreppnum því óskylt að svara til vanhalda hans á ábúðarsamningnum, nema hann hefði sérstaklega undirgengist það. En því virðist eigi einusinni haldið fram í málinu af hálfu áfrýjanda, að hreppsnefndin hafi undirgengist neitt slíkt fyrir hreppsins hönd, enda neitað af hálfu hennar, að svo hafi verið. Skylda hreppsins til greiðslu nefndrar upphæðar verður því eigi heldur bygð á þessari ástæðu.

Það ber því að sýkna hina stefndu hreppsnefnd f. h, Kaldrananesshrepps af kröfum áfrýjanda í máli þessu,

eins og í hinum áfrýjaða dómi er gert. Og með því að yfirdómurinn felst einnig á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, ber að staðfesta hann í heild sinni.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins þykir rétt að málskostnaður, að því er hreppsnefndina snertir, falli niður fyrir yfirdómi.

Héraðsdómarinn tók mál þetta undir dóm 22. júní 1912, en dóm í því kvað hann eigi upp fyr en 21. júní 1913. Með því að héraðsdómarinn hefir haldið málinu hjá sér undir dómi rétt á ri og engar afsakanir fært fyrir þessum drætti sínum, verður eigi hjá því komist, að dæma hann samkvæmt kröfu áfrýjanda í 200 króna sekt til landssjóðs fyrir drátt þennan, samkvæmt N. L. 1—5—8, sbr. tilsk, 15. ág. 1832, 17. gr. Hinsvegar þykir eigi ástæða til þess að taka til greina málskostnaðarkröfu áfrýjanda á hendur héraðsdómaranum, og fellur málskostnaður því einnig niður að því er hann snertir.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði aukaréttardómur á að vera óraskaður. Héraðsdómarinn, Halldór Kr. Júlíusson sýslumaður, greiði 200 kr. sekt til landssjóðs. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Ár 1914, mánudaginn 14. des., var í landsyfirdóminum í málinu 38/1914

Oddur Gíslason
gegn
Páli Einarssyni.

kveðinn upp svofeldur

Dómur:

Í bréfi dags. 9. júní 1913 til bæjarstjórnar Reykjavíkur bar áfrýjandi þessa máls, Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður, sig upp undan því, að stefndi, formaður bæjarstjórnarinnar, þá borgarstjóri, nú sýslumaður og bæjarfógeti Páll Einarsson, hefði gengið á rétt sinn með því að fela öðrum manni að flytja tvö mál af hendi bæjarins fyrir yfirdómi, þar sem hann, áfrýjandi, taldi sig vera fastráðinn málaflutningsmann bæjarins. Beiddist hann úrskurðar bæjarstjórnarinnar um þetta, og lét þess jafnframt getið, að þessi aðferð stefnda væri ef til vill sprottin af því, að honum hefði eigi líkað málfærsla áfrýjanda í máli, er bæjarstjórnin um þær mundir átti í við Th. Krabbe verkfræðing; fer áfrýjandi svofeldum orðum um þetta í bréfinu: »í máli verkfræðings Th. Krabbe, hefir það hneykslað mig, hve borgarstjóri er ósamþykkur því, að bærinn vinni það mál. Hefir borgarstjóri látið það í ljósi við mig, bæði um leið og hann fól mér málið og síðar, oftar en einusinni». »Það er ekki sem viðfeldnast að mér hefir fundist sem alúð mín við málið væri ef til vill í vanþakklæti þess manns, sem þó hafði falið mér málið«.

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 29. jan. þ. á. í meiðyrðamáli er stefndi höfðaði gegn áfrýj-

anda, voru hin tilvitnuðu ummæli í bréfi áfrýjanda til bæjarstjórnarinnar dæmd dauð og ómerk, áfrýjandi dæmdur fyrir þau í 50 kr. sekt til landssjóðs, eða til að sæta 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin væri eigi greidd í tæka tíð og dæmdur til að greiða stefnda 25 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 28. ág. þ. á. og gert þær kröfur að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í málinu og að stefndi verði dæmdur í málskostnað. Hinsvegar krefst stefndi, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Ástæður áfrýjanda fyrir sýknunarkröfu hans eru þær, að umstefnd ummæli séu eigi ærumeiðandi, og annað það að þau séu sönn.

Um hina fyrtöldu sýknunarástæðu heldur áfrýjandi því fram, að þó að sagt sé í bréfi hans til bæjarstjórnarinnar, að stefndi sé því ósamþykkur, að bærinn vinni umrætt mál og hafi látið það í ljósi við áfrýjanda oftar en einusinni, þá verði það eigi talið móðgandi eða meiðandi að segja að hann hafi látið uppi þessa skoðun sína á málinu alment, þegar það hvorki hafi skaðað málstað bæjarins, né verði skoðað sem tilraun í þá átt, en þetta sé berum orðum tekið fram í bréfinu. En verknaður, sem hvorki hafi valdið skaða né verið tilraun til að valda skaða, sé eigi vítaverður, og það sé því eigi meiðandi eða móðgandi, þótt einhver, hér stefndi, sé hafður fyrir slíkum verknaði.

Þó að áfrýjandi lýsi því yfir í bréfi sínu til bæjarstjórnarinnar, að það hafi eigi haft áhrif á málfærslu sína,

að stefndi leit þannig á mál bæjarins við Krabbe, sem áfrýjandi skýrir frá, þá er eigi með því neitt sagt um það, að það hafi ekki verið tilgangur stefnda eða tilraun af hans hálfu til að hafa áhrif á málfærslu áfrýjanda. En hitt virðist liggja nær, að skilja svo hin átöldu ummæli, að stefndi hafi eigi aðeins látið uppi alment álit um málið, en að hann hafi viljað veikja trú áfrýjanda á málstað bæjarins og draga úr honum að fylgja svo fast fram kröfum umbjóðanda eins, sem áfrýjandi áleit rétt vera. Þetta hefir og verið skilningur áfrýjanda sjálfs á ummælum stefnda um málið, því að annars hefði eigi verið ástæða fyrir hann til að hneykslast á þeim. Áfrýjandi gefur það og í skyn, sem áður er getið, að stefnda hafi mislíkað svo mjög viðleitni áfrýjanda til að vinna umrætt mál fyrir bæinn, að það (málið) verði ef til vill til þess að stefndi svifti hann starfi hans sem málaflutningsmanns bæjarins. Það felst því í hinum átöldu ummælum aðdróttun um að stefndi hafi í oftnefndu máli bæjarins við Th. Krabbe komið þann veg fram við áfrýjanda, er reið í bág við skyldur hans sem formanns bæjarstjórnarinnar, er sérstaklega er trúað fyrir að gæta hagsmuna bæjarfélagsins, en þessi aðdróttun verður að teljast meiðandi og móðgandi fyrir stefnda.

Að því er kemur til hinnar varnarástæðunnar, að hin átöldu ummæli séu sönn, þá má að vísu telja það sannað eða ómótmælt, að stefndi hafi verið því ósamþykkur, að til málssóknar kæmi milli bæjarstjórnarinnar og Krabbe og að honum hafi þótt áfrýjandi fara lengra en góðu hófi gegndi í kröfum sínum í málinu fyrir bæjarins hönd. En þetta virðist ekki geta réttlætt ummælin,

og með því að þau eru eigi heldur réttlætt á annan hátt, ber samkvæmt 220. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 að dæma þau dauð og ómerk eftir kröfu stefnda. Svo verður áfrýjandi og að sæta sekt fyrir þau samkvæmt 219. gr. sömu laga, og þykir sektin 50 kr. og vararefsingin, 8 daga einfalt fangelsi, hæfilega ákveðin af undirdómaranum. Yfirdómurinn felst einnig á málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum.

Það þykir rétt, eftir þessum úrslitum, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Oddur Gíslason greiði stefnda Páli Einarssyni 25 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Hæstaréttardómar

hæstaréttar árið 1914—1915.

Miðvikudaginn 17. febrúar.

Nr. 450 Hæstaréttarmálaflutningsmaður Dietrichson
gegn
Júlíönu Silfu Jónsdóttur
og Jóni Jónssyni.

Hún kærð fyrir manndráp en hann fyrir sama glæp eða hlutdeild í honum, eða fyrir brot það, er ræðir um í 110. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

Aukaréttardómur Reykjavíkur 24. apríl 1914: Ákærða Júlíana Silfa Jónsdóttir skal sæta lífláti. Svo ber henni og að greiða allan af sökinni leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til talsmanns síns, Magnúsar Sigurðssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, 20 kr. Ákærði Jón Jónsson á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Málflutningslaun til talsmanns hans, Odds Gíslasonar yfirréttarmálaflutningsmanns, 20 kr. greiðist af almannafé.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirréttardóms 3. ágúst 1914: Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærða

Júlíana Silfa Jónsdóttir greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn yfiréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Magnúsar Sigurðssonar, 20 kr. til hvors þeirra.

Talsmanni ákærða Jóns Jónssonar, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni greiðist 20 kr. í málflutningslaun úr landssjóði.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Með skírskotun til ástæðna þeirra, er tilfærðar eru í hinum áfrýjaða dómi

dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirréttarins á óraskaður að vera. Í málflutningslaun fyrir hæstarétti greiði ákærða Júlíana Silfa Jónsdóttir hæstaréttarmálaflutningsmönnunum Dietrichson og Lunn 60 krónur til hvors.

Astæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 322—329 í IX bindi þessa dómasafns.

Landsyfirréttardómar 1915.

Mánudaginn 11. jan. 1915.

Nr. 23/1914

Sveinn Björnsson
f. h. Vilhelm Thorkildsen
gegn
Gísla J. Johnsen
f. h. Edinborgarverzlunar

Dómur:

Mál þetta höfðaði Gísli yfirréttarmálaflutningsmaður Sveinsson f. h. aðaláfrýjanda Vilhelm Thorkildsens skipaútgerðarmanns í Bergen í Noregi, gegn gagnáfrýjanda Gísla J. Johnsen f. h. Edinborgarverzlunar í Vestmannaeyjum, fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu með stefnu útg. 2. okt. 1911, til greiðslu 143 pd. Sterl. sem endurgjald fyrir biðaukadaga, er skip áfrýjanda hafði orðið að liggja í Vestmannaeyjum til affermingar veturinn 1911 í janúar- og febrúarmánuðum, en skip þetta flutti salt til

Edinborgarverzlunar þar í eyjunum. Auk þess gerði aðaláfrýjandi kröfu til 89 : 7 : 6 pd. Sterl. sem endurgjald fyrir kolaeyðslu, er ferð skipsins til Vestmannaeyja hafði bakað honum. Vaxta 5% krafðist aðaláfrýjandi og af hvorri tveggja þessara upphæða, auk málskostnaðar. Var máli þessu ráðið til lykta með dómi gestaréttarins 17. jan. 1914 með þeim úrslitum að gagnáfrýjandi var dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda hina fyrnefndu kröfu, endurgjaldið fyrir aukabiðina með 143 pd. Sterl. ásamt umstefndum vöxtum og 40 kr. í málskostnað, en af kröfunni um endurgjald fyrir kolin var gagnáfrýjandi sýknaður.

Dómi þessum hefir aðaláfrýjandi, stefnandi í héraði, skotið til yfirdómsins með stefnu útg. 12 maí 1914, og hefir hann krafist staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir yfirdómi, eftir mati yfirdómsins.

Stefndi í héraði, Gísli J. Johnsen f. h. Edinborgarverzlunar, hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað nefndum gestaréttardómi með stefnu útg. 15 sept. 1914 og gert þær kröfur, að dóminum verði breytt og hrundið þannig, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Með því að aðaláfrýjandi hefir að eins krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi kemur biðaukagjaldskrafan 143 pd. Sterl., er honum var dæmd í gestaréttinum, að eins til álita fyrir yfirdómi, ásamt umstefndum vöxtum.

Með samningi gerðum í Lundúnum 29. nóvem-

ber 1910 tók firmað Copland & Berrie fyrir milligöngu umboðsmanna sinna á leigu eimskipið »Otto Sinding«, sem er eign aðaláfrýjanda. Skip þetta er talið vera 572 smálestir nettó, og skyldi það flytja salt, þó eigi meira en 1250 smálestir frá Íbiza til Íslands. Átti að skila saltinu sumpart á Ísafirði og sumpart í Hafnarfirði, og svo á einhverri annari höfn á Íslandi, þó eigi á höfnum á austur- eða norðurströnd landsins. Skyldu farmeigendur tiltaka þá höfn, þegar skipið væri komið til Íslands. Á ákvörðunarhöfnunum hér skyldi skipið affermt, eins og venja væri til (»As customary«, eins og það er orðað í skipaleigusamn., er aðeins hefir verið lagður fram á ensku í máli þessu) þar á staðnum, þá daga, er veður leyfði (»per weatherworking days«), að undanskildum sunnu- og helgidögum, enda skyldi affermingin hefjast jafnskjótt sem skipið væri búið þar til. Farmgjaldið var ákveðið 15 shillings fyrir hverja smálest, og skyldi greitt við móttöku farmsins. Og fyrir biðaukadaga skyldi þar að auki greiða 4 pence af hverri nettó-smálest skipsins á hverjum degi.

Skipið tók saltfarminn, eins og til var skilið í skipsleigusamningnum, og samkvæmt skipun farmsendanda átti að skila farminum til verzlana þeirra hér á landi, en ein af þeim var verzlunin Edinborg í Vestmannaeyjum. Á Ísafirði telur skipstjóri sig hafa skilað um 320 og í Hafnarfirði um 370 smálestum. Ætti þá að hafa verið óaffermt af saltfarminum, sem alls var 1250 smálestir, um 560 smálestir. Samkvæmt skipun farmsendenda eða umboðsmanna þeirra hér, fór skipið með það af farminum, sem

eigi var affermt í Hafnarfirði og á Ísafirði, til Vestmannaeyja, enda þótt skipstjóri teldi það óskylt, með því að í Vestmannaeyjum væri eigi nein höfn (port) í þeirri merkingu, er það orð væri haft í skipsleigusamningnum. Kom skipið til Vestmannaeyja á hádegi, sunnudaginn 29. janúar 1911, og verður að gera ráð fyrir því, að það hafi verið tilbúið til uppskipunar þegar næsta virkan dag. Sýnist og hafa verið byrjað á að afferma skipið næsta dag eftir, 30. jan., en eigi var uppskipun þó lokið fyr en 22. febr. næst á eftir. Telur aðaláfrýjandi að hægt hefði verið að lúka uppskipun 7. febrúar, enda hafði hann þá uppi sjómótmæli og áskildi skipseiganda óskertan rétt til bóta fyrir dráttinn á uppskipuninni, samkvæmt áðurnefndum skipsleigusamningi. Aðaláfrýjandi telur drátt þenna að kenna viðtakanda farmsins í Vestmannaeyjum, verzluninni Edinborg, og álítur því, að gagnáfrýjanda beri að greiða umstefnda skaðabótakröfu, 4 pence af hverri nettó smálest skipsins fyrir hvern dag eftir 7. febr. 1911 og þar til skipið losnaði úr Vestmannaeyjum 22. s. m. eða alls 15 daga, og verða það samtals 143 pd. Sterl. Og er þetta sú fjárhæð, er héraðsdómarinn hefir talið gagnáfrýjanda skylt að greiða, eins og áður hefir verið sagt.

Gagnáfrýjandi telur sér óskylt að greiða téða upphæð, fyrst og fremst af því, að skipstjórinn á »Otto Sinding« hafi 20. febrúar 1911 gefið honum fullnaðarkvittun fyrir öll viðskifti hans við skipið. Kvittun þessi, sem skráð er á íslenzka tungu hljóðar svo:

»Að eg undirritaður hafi í dag veitt móttöku sex þúsund níu hundruð og sautján krónum 72 aurum til fullnaðargreiðslu á fragt af salti pr. s.s. »Otto Sinding« í peningum, það vottast hérmeð og gefst kvittun fyrir. A. Gitlesen.«

Í kvittun þessari er að eins vottað um móttöku þar um ræddrar upphæðar, sem greiðslu á »fragt« af saltinu. Þessa greiðslu var viðtakanda samkvæmt skipsleigusamningum lögskylt að inna af hendi jafnskjótt sem honum hafði verið skilað farminum. Í orðum kvittunarinnar felst því alls ekkert um það, að kröfu skipstjórans um bætur fyrir biðaukann hafi verið fullnægt með greiðslu téðrar upphæðar, enda hefir aðaláfrýjandi eindregið mótmælt því, að svo hafi verið. Og þegar litið er á upphæðina, verður það ósennilegt, að greiðsla fyrir biðaukann hafi getað falist í þessari upphæð, en hins vegar ólíklegt, að skipstjóri hafi viljað eða ætlað sér að gefa þá kröfu eftir, eftir það, sem á undan var gengið. Skipstjóri telur sig hafa skilað um 560 smálestum til gagnáfrýjanda í Vestmannaeyjum, en sjálfur telur gagnáfrýjandi það hafa verið nokkru meira, eða rúmar 600 smálestir. En ef ráð er fyrir því gert, að það hafi verið að eins 560 smálestir, þá hefði fragtin fyrir þær átt að nema nokkuru meira en upphæð þeirri nemur, sem í kvittuninni greinir. Hins vegar gat skipstjórinn án þess að nokkurn réttarmissi leiddi þar af fyrir aðaláfrýanda tekið fyrirvaralaust við farmgjaldinu, þar sem hann hafði áður með sjómótmælum áskilið honum óskertan rétt til bóta fyrir biðaukann. Af þessum ástæðum virðist gagnáfrýjandi

eigi fá bygt sýknukröfu sína á nefndri kvittun. Og er því eigi nauðsynlegt að athuga aðrar ástæður er aðaláfrýjandi hefir framfært í málinu til vefengingar kvittun þessari eða gildi hennar.

Þá telur gagnáfrýjandi bera að sýkna sig af kröfu aðaláfrýjanda af því að gagnáfrýjandi beri eigi ábyrgð á drætti þeim, sem varð á affermingu skipsins í Vestmannaeyjum. Í skipsleigusamningnum sé eigi frekar áskilið af hálfu skipseiganda en svo, að afferming skipsins færi fram á þann hátt sem venjulegt væri (»as customary«) á afgreiðsluhöfninni. En afferming gufuskipsins »Otto Sinding« umrætt skifti í Vestmannaeyjum hafi eigi verr gengið en svo, að venjulegt megi kallast þar, miðað við þann tíma árs, er skipið var þar. Telur gagnáfrýjandi sig hafa gert alt, sem í hans valdi stóð og jafnvel meira en honum hafi verið lögskylt, til þess að flýta fyrir uppskipuninni.

Það er viðurkent í málinu, að eigi hafi myndast nein föst venja í Vestmannaeyjum um það, hvað hæfilegt væri að skipa miklu af vörum upp þar á dag, þá er veður leyfir það verk, eða sérstaklega af þeirri vöru, er í máli þessu greinir. Orðin: »eins og venja er til« (»as customary«) í skipaleigusamningnum virðast og eigi þurfa að eiga sérstaklega við það atriði, heldur hitt, að viðtakandi farmsins skuli hafa nægar tilfæringar til uppskipunarinnar, bæði að tölu til og í því lagi, er forsvaranlegt má teljast á hverjum þeim stað, þar er líkt hagar til og á uppskipunarstaðnum, svo og nægt fólk til þess að uppskipun

megi ganga greiðlega, eftir því sem veður á staðnum leyfir.

Málsaðilum kemur og saman um það, að á þeim tíma árs, er hér um ræðir, í janúar- og febrúarmánuðum, sé það óvenjulegt, að menn fái skipsfarma til Vestmannaeyja eða vörur, nema í þeim skipum, er fara reglubundnar ferðir milli Íslands og útlanda. Valdi því bæði það, að engin höfn er í Vestmannaeyjum, svo að skip verða að liggja þar fyrir opnu hafi, og svo það að um þetta leyti árs sé þar að byrja vetrarvertíð, eða hún standi þá yfir, en fyrir þá sök sé erfitt að fá fólk til vinnu við afferming skipa þá daga, er veðurs vegna sé unt að starfa að því verki, því að þá meti menn meira fiskiveiðarnar og aðgerð aflans en aðra atvinnu.

Eins og áður hefir verið sagt, var svo fyrir mælt í skipsleigusamningnum, að eimskipið »Ottó Sinding« skyldi skila farminum á Ísafirði og í Hafnarfirði og svo á »einhverri annari höfn« (»one other port«) á Íslandi að undanteknum höfnum á Norður- eða Austurlandi. Samningur þessi var gerður í Englandi af mönnum ókunnugum íslenzkum staðháttum og þar sem skipseigandi undirgekkst að skila farminum á Ísafirði og í Hafnarfirði og á einhverri annari »höfn« eftir tilvísun farmsendanda, þá virðist farmsendandi hafa átt að gera ráð fyrir því, að skipseigandi mundi eigi hafa undirgengist með óbreyttum skilmálum að sigla með farminn á staði er stórum væru hættulegri en þeir tveir, er nefndir voru, eða þar sem stórum væri erfiðara fyrir skip að athafna sig við uppskipun, ef umræða hefði orðið um það, þegar samning-

urinn var gerður. En það má telja alþekt hér á landi, að hættulegra sé og erfiðara fyrir skip að athafna sig við uppskipun í Vestmannaeyjum en á hinum tveim nafngreindu stöðum. Ennfremur má gera ráð fyrir því, að skipseiganda eða umboðsmönnum hans við samningsgerðina hafi verið allskostar ókunnugt um þá sérstöku erfiðleika, sem eru á uppskipun í Vestmannaeyjum um þann tíma árs, er í þessu máli greinir, og málsaðilar eru á einu máli um. En hvorttveggja þessara atriða, bæði það að Vestmannaeyjar eru ótryggara skipalægi og erfiðara til affermingar þar en á Ísafirði og í Hafnarfirði, og að sakir árstímans var sérstökum erfiðleikum bundið að fá þar fólk til þess að starfa að affermingu skipa, var skipsleigjanda kunnugt, þegar samningurinn var gerður eða hefði að minsta kosti átt að vera það. Og þegar viðtakandi farmsins bauð skipinu að fara til Vestmannaeyja til þess að skila þar af sér nokkru af farminum, gat hann eigi búist við því, að skipseigandi eða umboðsmaður hans, skipstjórinn, vildi gera það, nema því að eins að hann fengi bætur samkvæmt samningnum fyrir þann drátt, er orsakaat kynni af því, að afferming gengi stórum seinna, jafnvel þá daga sem veður leyfði vinnu við hana, en á hinum tveim stöðunum, sem nafngreindir eru í samningnum.

Það virðist upplýst í málinu, að unt sé með nægum tækjum og nægum mannafla þar úr Vestmannaeyjum að skipa upp á dag í Vestmannaeyjum 100 smálestum eða jafnvel meiru, án þess að nokkrar óvanalegar ráðstafanir hafi þurft að gera til þess,

enda sézt það á skýrslu, er fram hefir verið lögð í málinu af hálfu gagnáfrýjanda, að einn daginn, er uppskipun saltsins úr »Otto Sinding« fór fram, voru affermdar nálega 94 smálestir. Ennfremur má telja sannað í málinu, að á tímabilinu frá 29. jan. 1911, er skipið kom til Vestmannaeyja, og til 7. febrúar s. á., en þá taldi skipstjóri, að uppskipun hefði átt að vera lokið, hafi komið 6 virkir dagar, er fyrir veðurs sökum mátti alla nota til uppskipunar. Og hvort sem fylgt er skýrslu skipstjórans um það, að sá hluti farmsins, sem fluttur var til Vestmannaeyja, hafi verið um 560 smálestir, eða skýrslu gagnáfrýjanda, sem er mótmælt af aðaláfrýjanda, að þessi hluti farmsins hafi verið 608 smálestir, þá virðist svo sem gagnáfrýjanda hefði verið unt að lúka affermingunni 7. febrúar. Og þótt svo hefði verið, að eigi hefði verið unt að fá nægilegan vinnukraft til þess, að uppskipun gæti gengið svo fljótt, þá var það samkvæmt því, sem áður er tekið fram, á áhættu og ábyrgð gagnáfrýjanda. Samkvæmt þessu verður gagnáfrýjandi að bera ábyrgð á drætti þeim, er á varð affermingunni eftir 7 febr. 1911.

Enda þótt svo yrði litið á, að gagnáfrýjandi ætti að greiða bætur fyrir dráttinn á affermingunni eftir 7. febrúar 1911 að einhverju leyti, þá telur hann sér þó óskylt að greiða nokkuð fyrir tvo síðustu dagana 21. og 22. febrúar. Þetta byggir gagnáfrýjandi á því, að 20. febrúar hafi skipstjóri krafist þess, að kolum yrði skipað út í skipið úr landi, og hafi það verið gert, en ella mundi affermingu hafa orðið lokið þann dag. Því er ómótmælt haldið fram af hálfu

aðaláfrýjanda, að skipið hafi orðið að kynda vélina jafnvel þann tíma, er verið var að skipa upp, til þess að vera viðbúið að færa sig úr stað. Af þeim sökum hafi eyðst svo kol, að viðbótar þurfti. En það að skipið þurfti kolanna, og þótt uppskipun tefðist þessa tvo daga fyrir það, virðist eigi geta sýknað gagnáfrýjanda af kröfu aðaláfrýjanda um greiðslu viðaukagjalds fyrir þá daga, því að gagnáfrýjandi verður samkvæmt framansögðu að bera ábyrgð á töfinni eftir 7. febrúar, en af þeirri töf má telja kolaskort skipsins stafa.

Samkvæmt framanskráðu ber að dæma gagnáfrýjanda til þess að greiða aðaláfrýjanda 143 pd. sterl. eftir dagskúrs með vöxtum sem í gestaréttardóminum segir. Eftir málsúrslitum fyrir gestaréttinum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður. En fyrir yfirdómi virðist gagnáfrýjanda bera að greiða aðaláfrýjanda málskostnað, er þykir hæfilega metinn 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi Gísli J. Johnsen f. h. Edinborgarverzlunar greiði aðaláfrýjanda, Sveini Björnssyni f. h. Vilhelm Thorkildsen, 143 pd. sterl. eftir dagskúrs og með 5% ársvöxtum frá 2. október 1911 til greiðsludags. Málskostnaður fyrir gestaréttinum falli niður. Fyrir yfirdómi greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda 40 krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 1. febr. 1915.

Nr. 37/1914. Ólafur Davíðsson f. h. Leonh. Tang & Söns verzlunar gegn Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar.

Dómur:

Á fundi byggingarnefndar Ísafjarðarkaupstaðar 7. apríl 1909, var gerð svofeld ályktun: »Nefndin lítur svo á, að með því að tún það, sem verið hefir í eignarhaldi Leonh. Tang & Söns, hefir eigi verið notað til þess, er 3. gr. o. br. 26. jan. 1866 gjörir ráð fyrir, né heldur til atvinnureksturs verzlunarinnar sem slíkrar, hafi hún mist rétt sinn til þess að halda því. Með skírskotun til þess að bærinn þarf á túninu að halda í sínar þarfir, ákveður nefndin því að túnið skuli frá því í dag fallið til bæjarins aftur, þó þannig, að verzlunin haldi spildu næst íbúðarhúsinu, er takmarkast af línu, dreginni frá Aðalstræti 227 fet norður frá barnaskólanum sam-

síða Vonarstræti, 170 fet suður eftir túninu, þaðan sé svo feld lína með réttu horni á Fjarðarstræti, eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti. Með því að verzlunin hefir engin afnot haft af túninu yfirstandandi ár, leggur nefndin til, að henni verði endurgoldinn grunnskattur fyrir 1909 og ennfremur náist samkomulag eigi, andvirði girðinga eftir mati óvilhallra manna«. Þessa fundargjörð byggingarnefndarinnar samþykti bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á fundi 13. s. m. og fól oddvita sínum að sjá um nauðsynlegar framkvæmdir í því efni. Daginn eftir, 14. s. m. tilkynti oddvitinn þessa ráðstöfun forstjóra nefndrar verzlunar, Ólafi Davíðssyni, en hann mótmælti þegar í stað lóðartökunni og neitaði að taka borgun fyrir mannvirki og endurgreiðslu á lóðargjaldi, svo sem byggingarnefndin hafði ákveðið. 16. s. m. mældi bæjarfógetinn og 2 byggingarnefndarmenn þann hluta túnsins, er ákveðið var að taka undir kaupstaðinn, og taldist hin tekna lóð 39250 ferálnir. Forstjóri verzlunarinnar taldi lóðartökuna heimildarlausa og skeytti því eigi téðri ráðstöfun bæjarstjórnarinnar, en hélt áfram að nota túnið sem áður, og jafnvel frekar með því að auka við fiskverkunarreiti, er áður voru á túninu. Fyrir því höfðaði bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, með stefnu dags. 25. sept. 1909 þetta mál fyrir aukarétti kaupstaðarins, að fenginni gjafsókn, gegn aðaláfrýjanda, Ólafi Davíðssyni verzlunarstjóra, fyrir hönd Leonh. Tang & Söns verzlunar, og gjörði þær kröfur, að kaupstaðnum væri dæmdur eignarréttur að þeim hluta túnsins, sem tekinn var af verzluninni 7. apríl

s. á., að kaupstaðnum væri dæmdar skaðabætur fyrir »afnotasöknuð« túnsins frá þeim degi, eftir mati óvilhallra manna, og að honum væri dæmdur málskostnaður, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefndi krafðist sýknunar í málinu og málskostnaðar hjá stefnanda. Málið var dæmt í aukaréttinum 28. sept. 1912, en sá dómur var ómerktur með landsyfirréttardómi, uppkveðnum 1. desember 1913. Var málið svo aftur dæmt í héraði 23. maí f. á., og urðu úrslitin þau, að hin umþrætta lóð skyldi vera eign Ísafjarðarkaupstaðar, eins og byggingarnefndin ákvað hana á fundi sínum 7. apríl 1909. Málfærslumaður bæjarstjórnarinnar, Magnús Torfason bæjarfógeti, skyldi greiða 10 kr. til landssjóðs, og orðatiltækin í sóknarskjölum stefnanda: »Þjófur dæmir þjóf af sér«, »að einskis er af honum örvænt«, og »málsfærslumaður mótspartsins kemst eigi hjá að sæta sekt fyrir ósannindi í málsflutningnum« skyldu vera dauð og ómerk, og málskostnaður skyldi falla niður.

Dómi þessum hefir Ólafur Davíðsson fyrir hönd Leonh. Tangs & Söns verzlunar skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 18. ágúst f. á., hefir hann fyrir yfirdóminum tekið upp kröfur sínar fyrir aukaréttinum, sérstaklega kröfurnar um sýknum og málskostnað, og auk þess krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins og að sekt umboðsmanns bæjarstjórnarinnar fyrir undirréttinum fyrir ósæmilegan rithátt, verði hækkuð að mun.

Af hálfu bæjarstjórnarinnar er málinu gagnáfrýjað með stefnu dags. 23. nóv. f. á. og þess krafist *aðallega*, að dóminum verði breytt þannig, að all-

ar kröfur gagnáfrýjanda fyrir undirréttinum verði teknar til greina, og ennfremur að sekta- og ómerkingarkrafa umboðsmanns hans fyrir undirréttinum verði tekin til greina, en málfærslumaður hans sýknaður af sekt þeirri, er hann hefir verið dæmdur í með hinum áfrýjaða dómi og af ómerkingarkröfu umboðsmanns aðaláfrýjanda, en *til vara*, að undirréttardómurinn verði staðfestur og gagnáfrýjanda dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Af hálfu gagnáfrýjanda er því haldið fram, eftir því sem virðist eiga að skilja ummæli hans þar að lútandi, að aðaláfrýjanda sé óheimilt í máli þessu að færa fram varnir bygðar á því, að hann sé réttur eigandi lóðarinnar. Telur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda nú bundinn við ályktun byggingarnefndar um lóðartökuna 7. apríl 1909 og samþykki bæjarstjórnar á henni 13.s. m., með því að aðaláfrýjandi hafi eigi skotið ályktun þessari til Stjórnarráðsins samkvæmt lögum nr. 26, 16. nóv. 1907, 4. gr. sbr. 1. gr. En það verður eigi litið svo á, að téð lagagrein útiloki aðaláfrýjanda frá því að færa fram varnir í máli þessu bygðar á því, að hann sé og hafi verið eigandi umræddrar lóðar frá fornu fari og löngu fyrir 1866. Hafi aðaláfrýjandi haft skilorðslausan eignarrétt yfir lóðinni fyrir þann tíma — en um það er spurning í máli þessu — þá hefði það eigi verið á valdi byggingarnefndar eða bæjarstjórnar að svifta hann þeim rétti. Verður því að líta svo á, sem aðaláfrýjanda sé heimilt að færa fram varnir sínar í málinu, enda þótt hann skyti ályktununum 7. og 13. apríl 1909 eigi til Stjórnar-

ráðsins. og þrátt fyrir fyrirmælin í lögum nr. 26, 16. nóv. 1907.

Tún það, er mál þetta er af risið, hefir um langan aldur undanfarið fylgt verzlun þeirri á Ísafirði, er frá fornu fari hefir nefnd verið Hæstakaupstaðarverzlun eða Hæstikaupstaður og aðaláfrýjandi er nú eigandi að; keypti hann verzlunina af Hans A. Clausen stórkaupmanni, með afsalsbréfi dags. 16. apríl 1890, en Clausen keypti hana á uppboði og fekk uppboðsafsal fyrir henni 6. marz 1844. Lóð sú, er verzlunin eignar sér, liggur beggja megin Aðalstrætis og um þann hluta hennar, sem er að vestan eða ofan þessa strætis, er enginn ágreiningur í þessu máli, en neðan eða austan strætisins er hið umþrætta tún; norðan við það er Fjarðarstræti, að austan svonefndur Norðurtangi og að sunnan húslóðir við Silfurgötu. Í norðvesturhorni túnsins er íbúðarhús verzlunarinnar og eitt geymsluhús, en aðalverzlunarhúsin standa þar andspænis í lóðjnni ofan Aðalstrætis.

Þó að svo segi í fyrnefndri byggingarnefndarályktun 7. apríl 1909, að hið umþrætta tún hafi verið í eignarhaldi Leonh. Tangs & Söns verzlunar og að verzlunin hafi haft rétt til að halda því, en að hún hafi mist þann rétt fyrir þargreindar sakir, þá er því þó jafnframt haldið fram, af hálfu gagnáfrýjanda, að verzlunin hafi aldrei öðlast neina eignarheimild fyrir túninu með því að túnið sé hluti af hinni fornu lóð, er Ísafjarðarkaupstað hafi verið úthlutað samkvæmt tilskipun 17. nóv. 1786, en Hæstikaupstaður hafi aldrei fengið útmælingu eða aðra

heimild fyrir þessari lóð, hvorki frá sýslumanni fyrir 1866, né eftir það frá byggingarnefnd, er það ár var stofnuð í kaupstaðnum, og sé túnið því ólöglega gengið undan kaupstaðnum. Er krafa gagnáfrýjanda um að túnið verði dæmt eign kaupstaðarins, aðallega bygð á þessari ástæðu.

Í málinu hefir eigi komið fram nein mælingar- eða úthlutunargjörð á lóð Hæstakaupstaðar, þegar frá er skilin mælingargjörð sú, er fram fór 1886, og síðar verður vikið að, og málsaðilar virðast vera sammála um, að engin úthlutun hafi átt sér stað handa verzluninni, hvorki á efri né neðri lóðinni. En aðaláfrýjandi heldur því fram, að lóðin í heild sinni hafi frá ómunatíð fylgt Hæstakaupstaðarverzlun, eða frá því er verzlunin var stofnuð. Styðst hann í því efni við skýrslu eins vitnis áttræðs, er hefir það eftir afa sínum, að hann hafi sagst muna það skýrt, að hið svonefnda Hæstakaupstaðartún hafi verið föst eign Hæstakaupstaðarverzlunarinnar fyrir 1770 og eftir, og heyrt gamla menn segja, að svo hefði verið frá því fyrsta að þeir myndu. Gagnáfrýjandi hefir mótmælt þessari skýrslu, og það virðist athugavert við hana, að afi vitnisins, sem eftir framburði þess á að hafa verið fæddur um 1782, gat eigi sjálfur munað neitt um eignarumráð eða eignarhald á túninu fyr en mörgum árum eftir 1770. Það verður því eigi bygt á þessum vitnisburði, að túnið hafi verið orðið eign Hæstakaupstaðar skömmu eða nokkru fyrir miðja 18. öld, eða yfirleitt um það, hvenær verzlunin hafi fengið eignarhald á því.

Þegar kaupstaður var settur á Ísafirði, samkv.

tilskipun 18. ágúst 1786 og tilsk. 17. nóv. s. á., var kaupstaðnum mæld lóð úr landi prestsetursins á Eyri í Skutulsfirði, fór mælingin fram 1787, og var lóðin síðan, samkvæmt rentuk. brj. 25. ágúst s. á., fengin í makaskiftum fyrir jörðina Brekku á Ingjaldssandi, sem var konungseign, en makaskiftabréfið er dagsett 18. sept. 1790. Mælingargerð þessi hefir eigi komið fram í málinu, og í makaskiftabréfinu er lóðinni eigi lýst, svo að séð verði, hvort hin mælda lóð hafi náð yfir alla eyrina fyrir neðan prestsetrið, þar sem Hæstikaupstaður er nú, eða þar hafi þá verið lóðir, sem aðrir áttu og mælingin og makaskiftin því hafi eigi náð til. Þó virðist mega gera ráð fyrir, að lóð konungsverzlunarinnar á Ísafirði, sem þá var lögð niður, hafi eigi verið meðtalin við makaskiftin, en sú verzlun virðist hafa verið rekin þar sem nú er nefndur Neðstikaupstaður, syðst á Skutulsfjarðareyri. Þar á móti er það óvíst, þó að aðaláfrýjandi haldi því fram, að konungsverzlun hafi einnig verið rekin á Hæstakaupstað, eða að lóð sú, er síðar fylgdi Hæstakaupstaðarverzlun, hafi þá verið orðin einstaks manns eign; verður í því efni ekkert ráðið af nöfnunum Hæstikaupstaður og Neðstikaupstaður, með því að óvíst er, hvenær þessi nöfn hafi orðið til. Það er þó ómótmælt, að 1794 hafi Thorlacius nokkur átt Hæstakaupstaðarverzlun og ekkja hans og sonur eftir hann, en þau hafi selt verzlunina 1827 Jens Benediktsen, og eftir hann virðist Clausen hafa keypt hana á uppboði 1844, sem fyr er sagt. Að fráskildum ofangreindum vitnisburði, er engin upplýsing fengin um eignarhald á túninu eða hagnýting þess

af hálfu Hæstakaupstaðarverzlunar fyrir árið 1830. En samkvæmt vottorði, sem að þessu leyti virðist eigi vera nægilega mótmælt, lét Bogi Benediktsen, sonur Jens Benediktsen, sem þá stóð fyrir verzluninni, girða túnið einhverntíma á árunum 1830—1838, en óvíst er hvort túnið hefir áður verið girt, eða girðing þá sett um það fyrsta sinn, og eftir sama vottorði lét annar forstjóri verzlunarinnar, Pétur Guðmundsson, að því er virðist á árunum 1850—1860, mæla túnið. Það virðist mega telja svo, að verzlunin hafi haft eignarhald á túninu og afnot þess frá því er Bogi Benediktsen lét girða það og alt til þessa, því að það styðst eigi við neitt, sem haldið er fram af gagnáfrýjanda, að verzlunarstjórarnir en eigi verzlunin hafi eignað sér túnið og kostað til girðinga þess og ræktunar. Réttur verzlunarinnar til að halda túninu virðist eigi heldur hafa verið vefengdur fyrr en með byggingarnefndargjörðinni 7. apríl 1909. Í skýrslu byggingarnefndarinnar um útmældar lóðir á Ísafirði, er hún sendi bæjarstjórninni 18. des. 1866, telur hún að vísu lóð Hæstakaupstaðar að eins 30242 ferálnir og getur þess, að hún hafi álitið þetta nægilegt pláss fyrir verzlunina, svo og að hér í sé ekkert reiknað af túninu með Clausensgrunni. En það verður eigi séð, að í þessu þurfi að felast nein vefenging á eignarrétti verzlunarinnar að túninu, þegar þess er gætt, að skýrslan átti að eins við útmældar lóðir, en það er viðurkent, að túnið hafi aldrei verið útmælt verzluninni.

Fyrir árið 1885 eignaði verzlunin sér allmikla lóð á Norðurtanganum, sem áður er nefndur, austan

við túnið, greiddi gjald af henni og hafði látið setja girðingu um hana. En nefnt ár, bauð bæjarstjórnin verzlunarsjóra H. A. Clausens að taka burtu girðinguna, en Clausen neitaði því, með því að lóðin væri hans lögleg eign. Til samkomulags bauð hann þó í bréfi 13. júlí s. á., »að gefnu tilefni«, að afsala Ísafjarðarkaupstað þann hluta lóðar sinnar, er lægi á norðurtanganum fyrir austan túngarð hans, gegn því að honum væri endurgreitt lóðargjaldið, er hann til þess tíma hefði goldið af nefndu svæði, og að jafnframt væri nákvæmlega ákveðin mörk lóðarinnar, er hann ætti þá eftir, lóðin síðan mæld og mælingarbréf samkvæmt því fengið honum í hendur. Á fundi bæjarstjórnarinnar 21. s. m. skýrði bæjarfógetinn frá tilboði Clausens og hvers hann krefðist á móti, þ. e. endurgreiðslu lóðargjaldsins, og að hann fengi um leið tryggingu fyrir því, sem eftir væri af lóð hans. Bæjarstjórnin samþykti eigi endurgreiðslu lóðargjaldsins, en félst að öðru leyti á tilboð Clausens, og er fundargjörðin um þetta svolátandi: »Á fundinum mætti samkvæmt ósk bæjarstjórnarinnar Zöylner« — sem þá var meðeigandi verzlunarinnar — »og komst þá svofelt samkomulag á: Hans A. Clausen sleppir öllu tilkalli til hins svokallaða Norðurtanga og lætur sér lynda þótt hús S. kaupmanns Bjarnasonar hafi að nokkru verið reist á hans lóð. Aftur á móti lofar bæjarstjórnin honum útmælingu á því, sem eftir er af lóð hans«. Lóð sú á norðurtanganum, sem Clausen þannig slepti við kaupstaðinn, er talin hafa verið um 30000 ferálnir. Til að framkvæma útmælingu þá, er bæjarstjórnin lofaði Clau-

sen, kvaddi bæjarfógetinn 2 menn til að mæla Hæstakaupstaðarlóðina og er mælingargerð þeirra dags. 20. júlí 1886. Voru með gerð þessari takmörk lóðarinnar ákveðin og staurar reknir niður á hornmörkum: Var lóðin innan þessara takmarka talin 80167.6 ferálnir og er túnið þar meðtalið. Samkvæmt þessari mælingargerð gaf þvínæst bæjarfógetinn út mælingar- og heimildarbréf handa H. A. Clausen 28. febr. 1887 fyrir hinni mældu lóð.

Gagnáfrýjandi heldur því fram, að Clausen hafi eigi með þessum gjörðum öðlast eignarrétt að túninu; bæjarstjórnin hafi lofað Clausen útmælingu á lóðinni, en það sé svo að skilja, að bæjarstjórnin hafi heitið því að fá byggingarnefndina til að útvísa Clausen lóðina á venjulegan hátt, en af því hafi ekki orðið, annaðhvort af því að byggingarnefndin hafi eigi fengist til þess, eða af því að Clausen hafi eigi gengið eftir því. En sjálf hafi bæjarstjórnin enga heimild haft til að útvísa lóðina eða veita Clausen eignarheimild fyrir henni, því að slíkt hafi borið undir byggingarnefndina samkvæmt o. br. 26. jan. 1866. Mælingar- og heimildarbréf bæjarfógetans 28. febr. 1887 sé því ólöglegt og ógilt, einnig fyrir þá sök, að það fari út fyrir þau takmörk, er sett séu í tilsk. 17. nóv. 1786 og o. br. 26 jan. 1866 um stærð og notkun útmældra lóða í kaupstaðnum.

Áðurgreind fundargerð bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar verður eigi á annan veg skilin, en að þá hafi orðið sátt eða samningur milli bæjarstjórnarinnar og Clausens til miðlunar ágreiningi þeim, er risin var um nokkurn hluta Hæstakaupstaðarlóðar. Samningi þess-

um fullnægði Clausen með því að fá bænum í hendur þann hluta Norðurtangans, er hann eignaði verzlun sinni, hafði látið girða að minsta kosti að nokkru leyti og goldið lóðargjald af. Af hálfu bæjarstjórnarinnar átti mæling lóðarinnar og mælingarbréf bæjarfógeta að fullnægja samningnum. Þar sem í fundargerðinni er viðhaft orðið »útmælingu«, þá verður eigi ætlað að átt sé við úthlutun eða eignarafsal, en að eins við mæling lóðarinnar og merkjasetning, þar sem þau voru eigi glögg — en túnið virðist þó alt hafa verið girt. Þetta virðist ljóst af því, að Clausen fór eigi fram á útvísun eða afsal á lóðinni, sem hann taldi eign sína, en áskildi að eins, að bæjarstjórnin léti gera mælingu (»Opmaaling«) á lóðinni og gefa út mælingarbréf samkvæmt mælingunni til tryggingar því, sem eftir væri af lóðinni, og gat sú trygging eigi átt við annað, en að bæjarstjórnin slepti tilkalli og viðurkendi eignarrétt hans til hinnar mældu lóðar. Bæjarstjórnin virðist og í fundargerðinni telja lóðina eign Clausens sbr. orðin »þótt hús S . . . . . hafi að nokkru leyti verið reist á lóð hans« og »útmælingu á því, sem eftir er af lóð hans«, og í mælingarbréfi bæjarfógetans er það berum orðum sagt, að tilkvaddir menn hafi »*mælt upp* lóð þá, sem frá gamalli tíð og samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar á Ísafirði á fundi 21. júlí 1885 *er* eign hins svonefnda Hæstakaupstaðar á Ísafirði, tilheyrandi stórkaupmanni H. A. Clausen«. Í samræmi við þetta verður að skilja orðið »heimilast« í niðurlagi bréfsins, þ. e. að átt sé við það, að heimild Clausens til lóðarinnar sé viðurkend af bæjarstjórninni. Tilvitnun bréfsins í

tilsk. 17. nóv. 1786 og o. br. 1866 getur eigi gegn þeim rökum, sem að ofan eru talin, heimilað aðra skýringu á miðlun þeirri, er bæjarstjórnin gerði við Clausen 1885, og sé að eins um viðurkenningu að ræða á eldra rétti Clausens, virðist nefnd tilvitnun eigi hafa átt heima í bréfinu. En sama verður ofan á, þó að um afsal á lóð til Clausens hefði verið að tefla. Það er bert, að byggingarnefndin var eigi bær um að skera úr landaþrætu eða lóðaþrætu milli bæjarstjórnarinnar og verzlunareigandans, en aðilar gátu sjálfir, eins og þeir gerðu, samið það mál með sér, og þó að bæjarstjórnin hefði látið af hendi lóð, er hún taldi vera eign bæjarins, þá var eigi samþykki byggingarnefndar eða íhlutun nauðsynleg til þess, að afsalið væri gilt, með því að lóðin og þar með túnið með ákveðnum mörkum var í eignarhaldi verzlunarinnar, en byggingarnefndin hafði hinsvegar eftir sem áður óskertan rétt til að hafa öll þau afskifti af lóðinni, svo sem voru húsabyggingar, götulagningar o. s. frv., sem o. br. 1866 heimilar henni. Að tilsk. 17. nóv. 1786, sérstaklega 5. gr. hennar hefði verið til fyrirstöðu afsali, ef um það hefði verið að ræða, verður eigi heldur séð.

En eins og þegar er vikið á, verður að ætla, að bæjarstjórnin og bæjarfógetinn hafi litið svo á gerninginn 1885, að með honum hafi verið viðurkendur eldri réttur Clausens, enda hafði bæjarstjórnin eigi áður svo að séð verði véfengt rétt Hæstakaupstaðar til lóðar þeirrar, er hann um langan aldur hafði talið eign sína og notað fyr en 1885, og þá var að eins ágreiningur um Norðurtangann. Að bæjarstjórnin og

eftir þetta hafi talið hið umþrætta tún eign verzlunarinnar, má ráða af því, að verzlunin seldi lóðir úr túninu á árunum 1901—1906, og voru afsölin þinglesin athugasemdarlaust, en byggingarnefnd mældi húsastæði á hinum seldu lóðum. En það er með öllu ósennilegt, að bæjarstjórnin hefði látið þessar lóðarsölur, sem henni var kunnugt um, viðgangast átölulaust, ef hún hefði litið svo á, að lóðirnar væru eign kaupstaðarins. Að eins í eitt skifti virðist bæjarstjórnin þó hafa viljað áskilja eða geyma rétt, er kaupstaðurinn kynni að hafa til lóðar í túninu. Það var á fundi 1. ág. 1902; þá neitaði bæjarstjórnin að taka við gjafabréfi frá aðaláfrýjanda fyrir lóð til barnaskólastæðis í túninu »til þess að koma eigi í bága við þann rétt, sem bænum kann að bera til lóðar þeirrar, sem um er að ræða«. En ekkert er upplýst um, hvernig því máli hafi lyktað, og verður því engin ályktun leidd af þeirri fundargerð.

Um greiðslu lóðargjalds af túninu verður að telja það upplýst, að verzlunin hafi greitt þetta gjald að minsta kosti síðan lög 11. febr. 1876 um að leggja skatt á útmældar lóðir á Ísafirði náðu gildi, og eftir því hefir bæjarstjórnin þá talið túnið útmælda lóð verzlunarinnar. Afnot túnsins virðist verzlunin hafa haft óslitið, síðan það var girt á árunum 1830—38, en óvíst að hún hafi haft þau áður; hinsvegar er það eigi upplýst, að túnið hafi fyrir þann tíma verið notað af öðrum. Túnið hefir verzlunin aðallega og lengst af notað til heyskapar, en síðustu árinn einnig til timburgeymslu og fiskþurkunar.

Þó að eigi séu fram komin skjalleg gögn eða

vitnisburðir um það, hvort, hvenær eða hvernig Hæstakaupstaðarverzlun hafi öðlast eignarrétt að hinu umþrætta túni, og þó að langt, óátalið eignarhald verzlunarinnar og afnot túnsins og lóðargjaldsgreiðsla af því út af fyrir sig verði eigi talin næg sönnun í því efni, þá verður samkvæmt framansögðu að líta svo á, að bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hafi með framangreindri sætt eða samningi við verzlunareigandann 21. júlí 1885 og mælingar og heimildarbréfi oddvita hennar 28. febr. 1887 viðurkent eignarheimild verzlunarinnar fyrir túninu, og ber þess jafnframt að geta, að með því að um viðurkenningu eina á eldra rétti var að ræða, var samþykki landshöfðingja samkvæmt 29. gr. í lögum nr. 23., 8. okt. 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað eigi nauðsynlegt til þess að samningurinn væri gildur. Með því að bæjarstjórnin þannig á skuldbindandi hátt hefir gefið frá sér alt tilkall til hins umþrætta túns, verður krafa hennar um að túnið verði dæmt eign kaupstaðarins eigi tekin til greina, og ber því að sýkna aðaláfrýjanda af þeirri kröfu.

Yfirdómurinn felst á ákvæði héraðsdómsins um málskostnað, um sekt fyrir ósæmilegan rithátt, þó svo að sektin sé 10 kr. til fátækrasjóðs Ísafjarðarkaupstaðar og 10 kr. til landsjóðs svo og um ómerking framgreindra ummæla um málfærslumann stefnda í héraði. En eigi þykir næg ástæða til eftir kröfu gagnáfrýjanda að ómerkja þau ummæli í varnarskjali stefnda fyrir undirréttinum, að skýrsla, sem lögð var fram í réttinum, væri »búin til út í loftið«, né að sekta málfærslumanninn fyrir þau.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Að því leyti sem málið er flutt með gjafsókn í héraði vottast, að flutningur þess hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi Ólafur Davíðsson fyrir hönd Leonh. Tang & Söns verzlunar á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, í þessu máli. Um málskostnað, sekt fyrir ósæmilegan ritháttog ómerking framangreindra ummæla skal hinum áfrýjaða dómi óraskað, þó svo að sektin sé 10 kr. til fátækrasjóðs Ísafjarðarkaupstaðar og 10 kr. til landssjóðs.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Ídæmda sekt ber að greiða, áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 8. febr. 1915

Nr. 2/1915. Réttvísin
gegn
Jóni Ögmundssyni

Dómur:

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 4. desember f. á. var ákærði Jón Ögmundsson vefari, til heimilis í Reykjavik, dæmdur í 3ja ára betrunarhúsvinnu fyrir þjófnað, samkvæmt 234. gr. síðari lið almennra hegningarlaga 25. júní 1869, til greiðslu iðgjalda 300 króna, til Kristjáns bónda Vigfússonar í Vatnsdalshólum og sakarkostnaðar í héraði, þar á meðal málsvarnarlaun, 20 krónur til skipaðs verjanda síns Eggerts yfirréttarmálaflutningsmanns Claessens. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Með játningu ákærða og öðrum skýrslum er fram hafa komið í rannsókn málsins, er það löglega sannað, að ákærði hefir gerst sekur um afbrot það, er nú skal greina: Sumarið 1913 í júnímánuði var ákærði á ferð norður í Húnavatnssýslu. Að því er ákærða minnir fór hann frá Blönduósi 18. júní á leið suður til Reykjavíkur. Hafði ákærði tvo hesta og var einn á ferð. Um kvöldið áðurnefndan dag kl. á 12. tímanum, reið hann fram á hestahóp hjá bænum Hólabaki, og tók hann úr hópnum, sem var á beit þar í haganum, brúnan hest, og sló eign sinni á hann. Hest þenna kvaðst ákærði hafa tekið hinum hestunum fremur, af því að hinir hafi verið styggir, en hann eigi. Þegar ákærði sá hestahópinn, segir hann að löngun til þess að grípa þar hest hafi skyndilega gripið sig, því ekki hafi hann haft áður ásetning í þá átt. Átti hann og hest fyrir, og kveðst ekkert við hesta hafa haft annað að gera hér en skemta

sér á þeim á sunnudögum að sumrinu, því eigi hafi hann leigt út hesta. Ákærði hafði umræddan hest með sér suður til Reykjavíkur, og hafði hann hér um sumarið 1913, þar til er hann kom honum upp í sveit til fóðurs þá um haustið í októbermánuði. Um mánaðamótin marz apríl f. á. tók ákærði aftur við hestinum úr fóðrinu, og hafði hann svo hér um hríð. En 24. apríl 1914 fekk ákærði nafnlaust bréf, og vissi hann eigi hver skrifað hafði. Í bréfinu var aðvörun til hans um það að hann skyldi fara varlega, því að grunur lægi á honum um það, að brúni hesturinn væri eigi vel fenginn. Sama daginn sem ákærði fekk bréfið fór hann með hestinn suður í Garðahraun, svæfði hann þar, skar hann síðan á háls með saxi, er hann hafði með sér í því skyni, og dysjaði hann síðan í hraungjótu einni.

Eigandi hestsins, Kristján bóndi Vigfússon í Vatnsdalshólum, hefir í máli þessu krafist iðgjalda fyrir hestinn, svo og skaðabóta fyrir kostnaði við að leita hestsins og ýmsan annan kostnað, er hann hafði haft í sambandi við hesthvarfið, alls kr. 300. Hefir ákærði eigi mótmælt þessari kröfu, og ber því samkvæmt 302. grein hegningarlaganna að dæma hann til að greiða hana, eins og í aukaréttardóminum er gert.

Ákærði er fæddur 23. nóvember 1868 og hefir sætt ákæru og refsingu svo sem hér segir:

1. 9 mánaða betrunárhúsvinnu fyrir einfaldan þjófnað og stórþjófnað samkvæmt almennum hegningarlögum 230. gr. og 231. gr. 1. lið, samkvæmt aukaréttardómi Húnavatnssýslu 9. október 1888 og

8 mánaða betrunarhúsvinnu, sem hegningarauka við áðurnefnda refsingu, eftir 65. gr. hegningarlaganna, samkvæmt landsyfirréttardómi 9, september 1889, fyrir skjalafals samkvæmt 270. gr. hegningarlaganna.

2. 18 mánaða betrunarhúsvinnu fyrir skjalafals samkvæmt 270. gr. hegningarlaganna og fyrir stórþjófnað samkvæmt 231. gr. 1. lið sbr. 232. gr. sömu laga, með aukaréttardómi Árnessýslu 13. jan. 1891 og 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, sem hegningarauka eftir 65. gr. hegningarlaganna fyrir skjalafals samkvæmt 270. gr. og fyrir stórþjófnað, samkv. 232. gr. 2. málslið alm. hegningarlaga, með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar 8. júní 1892.

3. 4 ára betrunarhúsvinnu fyrir stórþjófnað og einfaldan þjófnað, samkvæmt 232. gr. hegningarlaganna og fyrir óheimila brúkun á hrossi samkvæmt 238. gr. sömu laga, með landsyfirréttardómi 15. maí 1893, og loks

4. 6 ára tyftunarhúsvinnu fyrir stórþjófnað, samkvæmt síðari lið 234. gr. alm. hegningarlaga, með landsyfirréttardómi 7. marz 1898.

Meðan málið var til rannsóknar í héraði vakti landlæknir máls á því, að ákærði mundi haldinn af geðbilun, er við og við mundi gera vart við sig og lýsa sér í tilhneigingu til stulda (kleptomania). Var ákærði því settur á geðveikrahælið á Kleppi og var þar í nokkra mánuði til rannsóknar. Hefir læknir hælisins, Þórður Sveinsson, látið það álit sitt uppi að ákærði sé eigi geðveikur, en hann álítur að áfengi hafi afbrigðileg (abnorm) áhrif á ákærða, hvort

sem hann neyti þess í smáum stíl eða stórum. Þegar ákærði sé eigi undir áhrifum áfengis, þá sé hann stiltur og prúður í daglegri umgengni og hinn áreiðanlegasti, en við vín sé hann að sama skapi útsláttarsamur, ferðalöngunin komi þá fram í honum og óviðráðanleg löngun til þess að fást við kaup og sölu (allskonar brask) og annað þvíumlíkt, er eigi þekkist annars í fari hans.

Ákærði hefir að vísu skýrt svo frá í máli þessu, að hann hafi verið »dálítið kendur« kveldið sem hann tók hest þann, er í máli þessu greinir. En það verður þó eigi talið að þau brögð hafi verið að vinnautn ákærða þá, að hann hafi eigi verið sér þess fyllilega meðvitandi, að hann framkvæmdi óréttmæta og refsiverða athöfn með hesttökunni. Verður því eigi álitið að nefnt atriði skifti að lögum máli, sem sakhæfi ákærða í þessu máli.

Samkvæmt framansögðu hefir ákærði gerst sekur um stórþjófnað, og hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært verknað hans undir 234. gr. síðari málslið almennra hegningarlaga, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 3ja ára tyftunarhúsvinna.

Ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað samþykkjast, og ber því að staðfesta hann með áðurnefndri breytingu á refsingunni.

Ákærða ber að greiða allan kostnað, er af áfrýjun málsins til yfirdómsins leiðir, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda í málinu, er ákveðast 15 krónur til hvors.

Það er athugavert, að héraðsdómarinn hefir lagt fram í máli þessu og látið fylgja skjölum þess, allar

dómsgerðir og rannsóknargerðir í öllum eldri sakamálunum, sem höfðuð hafa verið gegn ákærða, og hefir málið fyrir það orðið óþarflega umfangsmikið, því að nægt hefði að leggja fram eftirrit af hinum eldri fullnaðardómum yfir ákærða.

Að öðru leyti vottast, að meðferð málsins í héraði hefir verið vítalaus og flutningur þess fyrir yfirdómi lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Ögmundsson sæti 3 ára tyftunarhússvinnu. Að öðru leyti á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Svo greiði ákærði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens 15 krónur til hvors.

Dæmd iðgjöld greiðist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dómsins og ber yfirleitt að fullnægja dómnum með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. febr. 1915.

Nr. 23/1914.

H. Söbstad
gegn
Fr. Wathne.

Dómur:

Með gestaréttardómi Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar uppkveðnum 28. marz f. á. var áfrýjandi þessa máls H. Söbstad, síldarkaupmaðnr á Siglufirði dæmdur til að greiða stefnda Fr. Wathne kaupmanni á Seyðisfirði, eftirstöðvar af andvirði fyrir 300 tómar síldartunnur, 900 kr. með 6% ársvöxtum frá 15. sept. 1911 til greiðsludags og 25 kr. í málskostnað. En í gagnsök sem áfrýjandi höfðaði gegn stefnda, til skaðabóta fyrir vanefndir á kaupsamningi um tómar síldartunnur, var stefndi sýknaður og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 4. sept. f. á. og gert þær kröfur, að gestaréttardómnum verði hrundið og breytt og kröfur hans í gagnsókninni teknar til greina, þannig að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að upphæð 3500 krónur, þó þannig að 900 kr. af þessari upphæð gangi til skuldajafnaðar móti kröfu stefnda í aðalsökinni fyrir gestaréttinum, ennfremur vexti 6% p. a. af skaðabótaupphæðinni eða þeim hluta hennar, sem eigi gangi til skuldajafnaðar, frá gagnstefnudegi 10. jan. 1913 til greiðsludags; svo krefst hann og

málskostnaðar að skaðlausu fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Um efni aðalsakar fyrir gestaréttinum er, eins og kröfur áfrýjanda sýna, eigi ágreiningur fyrir yfirdóminum. Áfrýjandi kannast við að hafa keypt af stefnda eða umboðsmanni hans 300 tómar síldartunnur fyrir 4 kr. hverja, eða samtals fyrir 1200 kr. og og að hann eigi 900 kr. ógreiddar af þessari upphæð. Það verður því að eins þörf á að rannsaka efni og ástæður gagnsakar fyrir undirréttinum, eða skaðabótakröfu áfrýjanda á hendur stefnda. Um málavexti er þessi krafa styðst við, skýrir áfrýjandi svo frá, að 22. ág. 1911 hafi Chr. Wathne, sonur stefnda, er þá stóð fyrir verzlun hans í bili í fjarvist verzlunarstjórans, kvatt til viðtals í síma O. Tynes nokkurn á Siglufirði og beðið hann að selja fyrir föður sinn (stefnda) 1000 tómar síldartunnur, er sendar skyldu frá Seyðisfirði til Siglufjarðar með gufuskipinu »Courier«, er væntanlegt hafi verið til Siglufjarðar eftir 3—4 daga; hafi Tynes tekið þetta að sér, selt áfrýjanda tunnurnar sama dag (22. ág.) og gefið út skírteini um kaupin (Slutseddel); áttu samkvæmt því tunnurnar að kosta 4 kr. hver, sendast með »Courier« og afhendast kostnaðarlaust við bryggju áfrýjanda á Siglufirði; sama dag hafi Tynes tilkynt stefnda söluna með símskeyti. Tunnurnar hafi þó eigi komið með nefndu skipi, en með gufuskipinu »Ingólfi«, er kom til Siglufjarðar um miðjan september, hafi stefndi sent 300 síldartunnur, ekki þó til

Tynes, en til ráðstöfunar Houelands skipstjóra; tunnur þessar hafi svo áfrýjandi fengið fyrir milligöngu Tynes. Fyrir þennan drátt stefnda að senda tunnurnar, eins og um var samið, tjáðist áfrýjandi hafa beðið mikið tjón, með því að hann vegna tunnuskorts um það leyti, sem tunnurnar frá stefnda hafi átt að koma, hafi eigi getað hagnýtt sér þá síld, er hann aflaði sjálfur og skuldbatt sig til að kaupa af öðrum í von um að fá tunnurnar frá stefnda á tilteknum tíma og hafi mikið af þeirri síld orðið ónýtt. Tjónið metur hann 5 kr. á hverri tunnu, og fyrir vanefndir stefnda að skila honum 700 tunnum, telur hann sig þannig hafa skaðast um 3500 kr., sem krafa hans nemur.

Hins vegar neitar stefndi því afdráttarlaust, að O. Tynes hafi haft umboð til að selja fyrir sig tunnur á Siglufirði, en heldur því fram, að símtal þeirra Tynes og Chr. Wathne hafi verið á þá leið, að Tynes hafi spurst fyrir um það, hvort stefndi hefði tómar síldartunnur, er hann gæti fargað, og hafi sonur stefnda svarað því, að faðir sinn hefði töluverðar birgðir af tunnum á Seyðisfirði og mundi geta selt alt að 1000 tunnum; muni Chr. Wathne hafa litið svo á, að með þessu væri eigi útkljáð um sölu, enda hafi hann eigi verið bær um að semja um sölu á tunnunum. Alt um það hafi stefndi þó, er hann fékk vitneskju um símtalið, verið fús til að selja 1000 síldartunnur, ef eftir þeim yrði gengið, en þó því að eins, að tunnurnar væru afhentar á Seyðisfirði og borgaðar út í hönd. Nokkru síðar hafi Tynes spurzt fyrir um hvað tunnunum liði, sagst hafa lofað þeim

manni á Siglufirði, og beðið að senda þær sem fyrst. Þó að stefndi kannaðist eigi við að hann hefði lofað tunnum til Siglufjarðar, hafi hann þó fyrir beiðni Tynes sent þangað 300 tunnur með skipinu »Ingólfi«, en ekki til Tynes, heldur til Houelands skipstjóra, með fyrirmælum að afhenda eigi tunnurnar, nema gegn borgun út í hönd. Samtímis hafi hann með símskeyti látið Tynes vita, að tunnurnar væru sendar til Siglufjarðar »Ordre Houeland«, en að hann kannaðist eigi við að hafa lofað að senda neinar tunnur til Siglufjarðar og teldi sig lausan við alla ábyrgð í því efni.

O. Tynes hefir borið í málinu sem vitni, um símtal sitt við Chr. Wathne og önnur afskifti sín af tunnusölunni, og kemur vitnisburður hans heim við framangreinda skýrslu áfrýjanda. En þar sem hér er um það að ræða, hvort Tynes hafi haft umboð stefnda til að selja umræddar tunnur, eða hann hafi gert það í heimildarleysi, verður vitnisburður hans eigi talinn gildur gegn mótmælum stefnda. Áfrýjandi hefir eigi heldur á annan hátt hrundið framanritaðri skýrslu stefnda, eða sannað að Tynes hafi haft áminst umboð eða leitt svo veruleg rök eða líkur að því að úrslit málsins verði látin koma undir eið stefnda um þetta málsatriði. Það verður því að sýkna stefnda af skaðabótakröfu áfrýjanda, og dæma áfrýjanda til að greiða honum 900 kr. með vöxtum, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi. Yfirdómurinn felst einnig á ákvæði dómsins um málskostnað, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum. —

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjanda eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardóminum skal óraskað. Áfrýjandi H. Söbstad greiði stefnda Fr. Wathne 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að við lagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. febrúar 1915.

Nr. 43/1914. Hreppsnefnd Holtahrepps gegn Hreppsnefnd Ásahrepps.

Dómur:

Mál þetta höfðaði hreppsnefnd Holtahrepps í Rangárvallasýslu, með stefnu, útgefinni 11. janúar 1913, fyrir aukarétti nefndrar sýslu gegn hreppsnefnd Ásahrepps í sömu sýslu, til að fá hana dæmda til að viðurkenna sameignarrétt Holtahrepps með Ásahreppi að svo nefndum Holtamanna-afrétti. Var

málinu ráðið til lykta með dómi aukaréttarins, sýslumanns og 4 meðdómsmanna, uppkveðnum 24 marz f. á., á þá leið, að því var vísað frá réttinum, og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi, hreppsnefnd Holtahrepps, skotið til yfirdómsins, með stefnu dags. 14. sept. f. á. og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að efni til, eins og það var að loknu réttarhaldi 17. janúar f. á. og að hin stefnda hreppsnefnd verði fyrir hönd Ásahrepps dæmd til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, eftir mati réttarins. En af hálfu hreppsnefndar Ásahrepps og dómendanna, er dæmt hafa í málinu og látið mæta í yfirdómi, er þess krafist, að aukaréttardómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða nefndinni og dómendunum málskostnað fyrir yfirdómi, eftir mati réttarins.

Hreppar þeir tveir, Holtahreppur og Ásahreppur, er í máli þessu eiga, voru áður eitt hreppsfélag, Holtamannahreppur, og átti sá hreppur í félagi eða sameign með Landmannahreppi upprekturslönd þau norður og austur af Landsveit, er nefnd eru Landmanna-afréttur og Holtamanna-afréttur. Með landshöfðingjabréfi 11. júlí 1892 var samkvæmt 23. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872, eftir ósk hreppsnefndarinnar og tillögum sýslunefndarinnar Holtamannahreppi skift í nefnda 2 hreppa, og er í bréfinu mælt fyrir um skifting á eignum, skuldum og sveitarþyngslum hreppsins milli hinna nýju hreppa, og hinum nýju hreppsnefndum falið að

framkvæma þá skiftingu, og því næst segir í bréfinu: »verði ágreiningur út af skiftingunni skal skorið úr honum af sýslunefndinni, sem einnig ákveður um fjallskil hreppanna og afrétti«.

Sama ár, 29. nóvember, komu hreppsnefndir Landmannahrepps, Holtahrepps og Ásahrepps saman á fund, og gerðu þar samþyktir um upprekstur, úrgangsfé og refaveiðar á afréttunum, og hnígur málfærslan í héraði aðallega að því, hvernig skilja beri þessa fundargerð. En hinsvegar kom eigi fyrir undirréttinum neitt fram um það, að sýslunefndin hefði haft afskifti af afréttarmálinu, svo sem henni bar, samkvæmt landshöfðingjabréfinu. Aukarétturinn leit svo á, að það væri að taka fram fyrir hendur sýslunefndarinnar eða hins umboðslega valds að byggja dóm um skiftingu afréttarins á öðrum grundvelli en ákvörðun sýslunefndarinnar, og vísaði fyrir þá sök málinu frá dómi.

Með því að úrskurður um skifting Holtamannahrepps og afrétta þeirra, er hreppurinn átti, bar, samkvæmt löggjöfinni undir umboðsstjórnina, en engin grein var fyrir því gerð fyrir undirréttinum, að rétt stjórnarvald, sýslunefndin, hefði fjallað um málið eða gert ákvæði um það, samkvæmt landshöfðingjaúrskurðinum 11. júlí 1892, þá var það rétt að héraðsdómurinn taldi sig eigi bæran um að leggja dóm á málið og vísaði því frá réttinum. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig ákvæði hans um málskostnað.

Eftir málavöxtum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda, hreppsnefnd Ásahrepps, málskostnað fyrir

yfirdómi, og ákveðst hann 30 kr. En eigi þykir ástæða til að dæma héraðsdómendunum málskostnað, með því að þeim var eigi stefnt til ábyrgðar.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi, hreppsnefnd Holtahrepps, greiði stefnda, hreppsnefnd Ásahrepps, 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 8. marz 1915.

Nr. 39/1914. Guðmundur Jónasson
gegn
Boga Magnussen.

Dómur:

Þegar mál þetta var tekið fyrir í yfirdóminum 16. nóv. f. á. fekk áfrýjandi, með samþykki stefnda, frest til málsútlistunar til 1. þ. m. Í 2. réttarhaldi málsins síðarnefndan dag beiddi áfrýjandi aftur um frest til málsútlistunar til 12. apríl þ. á., af því að hann hefði ekki getað fengið dómsgjörðir í málinu, og studdi þá beiðni sína við símskeyti, dags. 27. f.m.

frá hinum setta sýslumanni í Dalasýslu, en þar var málið dæmt í héraði, þar sem hann (sýslumaðurinn) lýsir því yfir, að dómsgerðir í málinu verði eigi gefnar út að stöddu, af því að 2 málsskjöl séu honum óafhent. Stefndi hefir mótmælt því, að lengri frestur verði veittur, og krafist þess, að málinu verði vísað frá yfirdóminum og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað.

Með því að stefnda er eigi skylt að bíða þess í óvissu hvort eða hvenær dómgjörðir verði gefnar út í málinu og áfrýjandi komi fram með kröfur sínar og málsútlistun, á hann rétt á því, samkvæmt tilskipun 3. júní 1796, 5. og 6. gr., að kröfur hans um frávísun málsins frá yfirdómi og um málskostnað verði teknar til greina, og ákveðst málskostnaðurinn 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandi, Guðmundur Jónasson, greiði stefnda, Boga Magnussen, 15 krónur í málskostnað, áður en 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. marz 1915.

Nr. 12/1915. Réttvísin
gegn
Ara Þórðarsyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar með stefnu útg. 15. desbr. f. á. fyrir aukarétti Reykjavíkurkaupstaðar gegn ákærða, Ara Þórðarsyni búfræðingi hér í bænum, fyrir brot gegn 186 gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869. Var málið dæmt í aukaréttinum 8. jan. þ. á. með þeim úrslitum, að ákærði var sýknaður af ákæru réttvísinnar, en sakarkostnaður allur, þar með talin málsvarnarlaun skipað verjanda ákærða Eggerts yfirréttarmálaflutningsmanns Claessen, 15 krónur, skyldi greiðast af almannafé. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Sunnudagskveldið 18. okt. f. á. um kl. 11 kom ákærði að húsinu 20 a við Grettisgötu hér í bænum. Var ákærði nokkuð drukkinn. Í kjallaranum í húsi þessu bjó þá í einu herbergi kona ein, Guðrún Þorvaldsdóttur að nafni, með ungbörnum sínum fjórum á aldrinum frá 1 til 7 ára. En maður konunnar, sem er sjómaður, var ekki heima. Ákærði þekti konu þessa eigi annað en það, að hann hafði þvívegis heimtað af henni reikningsskuld, að upphæð 25 kr., er maður hennar skuldaði lækni einum hér í bænum, en ákærði hafði til innheimtu eða hafði

fengið sér framselda til eignar. Umrætt kveld, eftir að konan var gengin til hvíldar, var barið á dyrnar hjá henni, og tjáist hún fyrst eigi hafa ætlað sér að opna, en þá hafi ákærði nefnt nafn sitt, og hafi hún þá farið niður úr rúmi sínu, kveykt ljós og opnað og hleypt honum inn, því að hún hafi talið það heppilegra, af því að annars mundi ákærði hafa brotið upp dyrnar og mundi þá verða torveldara að fást við hann, er hann yrði í æstu skapi, þegar hann væri inn kominn, enda skynjaði hún þegar, að ákærði mundi vera drukkinn. Þegar inn kom tók ákærði af sér hatt sinn og kápu, en Guðrún, sem tjáist hafa farið til dyra berfætt og í skyrtu einni og morgunkjól, fór þá upp í rúm sitt. Mælti ákærði til holdlegra samfara við Guðrúnu, en hún neitaði honum um það. Segir Guðrún, að ákærði hafi þá reynt að brjóta hana á bak aftur, þar sem hún sat í rúminu og verið í þann veginn að leggjast ofan á hana. Hafi hún þá sagt, að þetta dygði eigi, þau yrðu að slökkva ljósið og læsa dyrunum. Hafi ákærði þá hlaupið upp og slökt ljósið, en í sömu svipan hljóp hún út á götu berfætt og svo búinn sem áður segir. En herbergjaskipun virðist vera sú í húsi því, sem Guðrún bjó í, að hún hafði ástæðu til að ætla, að fólk það, sem annarstaðar býr þar, mundi eigi heyra til hennar, þó að hún kallaði á hjálp þar inn. Kveðst hún hafa sagt, að ljósið þyrfti að slökkva og loka dyrunum í því skyni að sleppa undan ákærða. Á götunni náði Guðrún í tvo unglingsmenn, bað þá hjálpar með þeim ummælum, að ákærði, sem einnig fór út og elti hana, hafi ætlað að nauðga henni.

Síðan fóru þau öll fjögur inn í herbergi Guðrúnar, og bar Guðrún það þá upp á ákærða, að hann hefði ætlað að nauðga henni. Svaraði hann því með þeirri spurningu, hvers vegna hún hefði skipað honum að slökkva ljósið, en hún kveðst hafa gert það til þess að sleppa undan honum. Og vildu mennirnir fá ákærða til þess að fara út, en hann var fyrst tregur til þess, en fór þó loks með góðu.

Daginn eftir, mánudaginn 19. okt. f. á., kom ákærði aftur til Guðrúnar og vildi fá að tala við hana undir fjögur augu.

En svo hittist á, að hjón ein úr bænum voru stödd hjá Guðrúnu, þegar ákærði kom þangað að þessu sinni, og heyrðu þau á samtal ákærða og Guðrúnar. Sagðist ákærði þá vera kominn til þess að biðja hana fyrirgefningar á því, sem fram hefði farið á milli þeirra síðastliðna nótt og bauð Guðrúnu að kvitta áðurnefndan reikning, ef hún sættist við hann. En Guðrún sagði þá, að það hefði verið lítill vegur, að hún hefði fyrirgefið honum verknað hans við hana, en alls enginn að hún fyrirgæfi honum þau orð, er hann hefði haft við hana síðastliðið kveld. Ákærði þagði þá fyrst og lézt eigi muna þau orð, en mælti síðan: »Þó eg kæmist ekki í klofið á þér í nótt, þá komst eg það í fyrra«. Ákærði hefir neitað því, að hann hafi beitt nokkru líkamlegu ofbeldi við Guðrúnu í því skyni að þröngva henni til samræðis við sig, eða að hann hafi viðhaft áðurnefnd orð við hana, eða að hann hafi sagst vera kominn til þess að biðja hana fyrirgefningar. Ennfremur heldur ákærði því fram, að hún hafi ekkert haft á

móti því að leyfa honum samræði við sig, þar til hún stökk alt í einu upp úr rúminu og út á götu. Gegn synjun ákærða verður eigi heldur staðhæft, að hann hafi haft í frami líkamlegt ofbeldi við konuna í því skyni að nauðga henni, enda er sök eigi heldur höfðuð á hendur honum fyrir nauðgun. Hins vegar hefir ákærði viðurkent, að hann hafi falað konuna til samræðis. Svo verður og að telja það sannað, að hann hafi komið daginn eftir til þess að biðja hana fyrirgefningar á framkomu sinni kveldinu áður, og að hann hafi boðið henni að kvitta reikninginn til sátta við hana, svo og að hann hafi haft áðurtéð orð við hana. Bendir sú aðferð ákærða á það, að hafi sjálfur talið sig hafa misgert við konuna, svo og það, að hún flýr úr herbergi sínu á næturþeli fáklædd út á götu undan ákærða til að leita sér hjálpar gegn honum, og ákærði neitar því eigi heldur, er þau komu inn aftur, að hann hafi haft tilburði í þá átt að hafa samfarir við hana. En sýnist að eins færa sér það til varnar, að hún hafi skipað honum að slökkva ljósið og þar með óbeinlínis lýst samþykki sínu á því að hafa holdleg mök við hann. Þegar þess er gætt, að Guðrún hefir, eftir því sem fram er komið í málinu, ekkert lauslætisorð á sér, og að ákærði hafði engin þau kynni haft af henni áður, er gæfu honum ástæðu til að ætla, að hún væri fús til samfara við hann, og að það, að hún opnaði fyrir honum herbergi sitt á þessum tíma sólarhrings eða annað atferli hennar við umrætt tækifæri, verður eftir atvikum ekki skoðað samþykki frá hennar hálfu honum til handa, um samfarir eða annað sauruglegt

athæfi gagnvart henni, þá virðist ákærði með framferði sínu hafa gerst sekur um brot, er heyrir undir 186. gr. almenna hegningarlaga. Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. nóv. 1875, að því er hann hefir skýrt frá í rannsókn málsins, og hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu. Þykir refsing sú, er ákærði hefir til unnið, hæfilega metin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo ber ákærða og að greiða allan kostnað sakarinnar bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði, Eggerts yfirréttarmálaflutningsmanns Claessen, 15 krónur, og málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi 15 krónur til hvors.

Það er athugavert að héraðsdómarinn hefir eigi útvegað skírnarvottorð ákærða í þessu máli, enda þótt hægt væri án minstu tafar málinu, og eigi hefir undirdómarinn heldur látið fylgja dómsgjörðunum vottorð það um útlit ákærða, er í tilsk. 3. júní 1796, 38. gr. getur. Að öðru leyti hefir meðferð málsins í héraði verið vítalaus, og flutningur þess fyrir yfirdómi hefir verið lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ari Þórðarson, á að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo greiði ákærði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda í héraði, Eggerts yfirréttarmálaflutningsmanns Claessens, 15 krónur, og

málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 15 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. marz 1915.

Nr. 52/1914 Einar Gunnarsson
gegn
Guðmundi Magnússyni

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi, Guðmundur skáld Magnússon, í héraði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu dags. 23. maí f. á., gegn áfrýjanda, Einari Gunnarssyni fyrverandi ritstjóra, út af ummælum í blaðinu »Vísir« 18. marz f. á. er stefndi taldi meiðandi og móðgandi í sinn garð. Eru ummælin í grein með fyrirsögn: »Skíðamenn«. Var áfrýjandi þá útgefandi og ábyrgðarmaður téðs blaðs, en grein þessi er með gerfinafninu »Runólfur« undir, og ber áfrýjandi því ábyrgð á efni hennar. Í héraði var málið dæmt á bæjarþinginu 13. ágúst f. á. með þeim úrslitum, að nokkur hinna átöldu ummæla voru dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi dæmdur í 25 kr. sekt fyrir þau, en til vara skyldi hann sæta 4 daga

einföldu fangelsi ef sektin yrði eigi öll greidd í tækan tíma. Svo var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 25 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útg. 30. des. f. á., og hefir hann gert þær kröfur, að dóminum verði breytt og hrundið þannig, að hann (áfrýjandi) verði sýknaður af kærum og kröfum stefnda (stefnanda í héraði) í máli þessu og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir krafist staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Ummæli þau, er mál þetta er af risið, eru þessi:

1. »Höfundurinn (stefndi), er hér að burðast með efni, sem hann hefir auðsjáanlega ekkert vit á, og annað verra, hann ræðst með heimsku og illgirnisgetsökum á nýtt félag, sem stofnað er í bezta tilgangi . . . .«

2. »Staðlausar árásir sem þessar, ættu hvergi að koma fram án andmæla . . . .«

3. »Eg skal ekki fara mörgum orðum um greinarómynd þessa, sem hlýtur að vekja viðbjóð allra góðra manna, en þess vil jeg geta, að árás þessi er því níðangurslegri þar sem hér er ráðist á útlendan mann . . . .«

4. »Hefði grein þessi verið eftir einhvern merkan mann, gat svo farið, að hún hefði getað fælt menn frá hinu nýja félagi og komið frömuði þess til að hætta að starfa fyrir svo vanþakklátt fólk, en bót er hér í máli, að höfundurinn er kunnur áður,

einmitt þannig, að greinin mun ekki verða skaðleg. — En sama er hans fleiprið«.

Ummæli þau, sem í 1. og 2. lið greinir, taldi héraðsdómarinn ósaknæm eða nægilega réttlætt. Stefndi hefir eigi áfrýjað málinu, og verður því eigi talsmál um að breyta dóminum að því leyti. Koma því ummælin í 3. og 4. lið einungis til álita fyrir yfirdómi.

Veturinn 1913—1914 var stofnað hér í bænum félag eitt til að iðka skíðaferðir. Sýnist verzlunarstjóri einn útlendur hafa verið einn helzti forgöngumaður félagsskapar þessa. Um félag þetta ritaði stefndi grein, er birtist í blaði einu opinberu hér í bænum 14. marz f. á. Í grein þessari bar stefndi meðal annars brigður á það, að félagið mundi ná takmarki sínu eða stefna að því á heppilegan hátt. Farast honum meðal annars svo orð um félagsskap þennan, að honum (stefnda) þyki það sárast, »ef skíðaíþróttin verður *að eins* að félagsskaparhégóma hér í Reykjavík, einskis verðu leikfélagi, orsök til monts og fordildar, tímaeyðslu og peningaeyðslu, en til einskis gagns, nafnið notað til yfirskyns fyrir dansskemtanir og sumarútreiðir«.

Áfrýjandi tjáir grein þá í »Vísi«, sem mál þetta er risið út af, ritaða sem svar við nefndri grein stefnda. Telur áfrýjandi hin átöldu ummæli sumpart ósaknæm í sjálfu sér og sumpart réttmætt svar við ummælum stefnda í grein hans um skíðafélagið, enda séu þau algerlega átyllulaus og óréttmæt. En það verður þó eigi talið, að neitt það standi í margnefndri grein stefnda, er geti réttlætt meiðandi og móðgandi

ummæli í hans garð. Í »Vísis«-greininni er stefndi sakaður um það, að hann hafi unnið verk (ɔ: ritað grein), er hljóti »að vekja viðbjóð allra góðra manna«, og að árás hans á skíðafélagið sé því »níðangurslegri«, sem hún sé gegn útlendum manni, en því er jafnframt bætt við, að höfundurinn (ɔ: stefndi) sé kunnur áður einmitt á þann hátt, að grein hans muni eigi vera skaðleg, enda þótt hún hefði getað verið það, ef hún hefði verið eftir einhvern »merkari« mann. Og er með þessu dróttað að stefnda, að hann sé alment ómerkur orða sinna. Verður að telja þessi ummæli meiðandi og móðgandi í garð stefnda samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, og ber að dæma þau dauð og ómerk samkvæmt 220. gr. sömu laga. Svo getur áfrýjandi heldur eigi komist hjá því, að sæta sekt fyrir þau og til vara, ef sektin er eigi öll greidd í tæka tíð, einföldu fangelsi, og felst yfirdómurinn á ákvæði héraðsdómarans bæði um sektina og fangelsisvistina. Svo felst yfirdómurinn og á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað í héraði, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í heild sinni.

Eftir þessum málsúrslitum getur áfrýjandi eigi komist hjá því, að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og þykir hann hæfilega metinn 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdóminum skal vera óraskað. Áfrýjandi, Einar Gunnarsson, greiði stefnda, Guðmundi Magnússyni, málskostnað fyrir yfirdómi með 20

krónum. Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. marz 1915.

Nr. 13/1915. Réttvísin
gegn
Júlíusi Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 26. jan. þ. á., var ákærði í máli þessu, Júlíus Jónsson, dæmdur samkvæmt 231. gr. alm. hegningarlaga í 8 mánaða betrunarhússvinnu fyrir innbrotsþjófnað og til að greiða allan kostnað sakarinnar, að meðtöldum 12 kr. í málflutningslaun til verjanda, Sveins Björnssonar yfirréttarmálaflutningsmanns. Jafnframt var í dóminum ákveðið, að fullnustu téðrar refsingar skyldi frestað og refsing falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, samkvæmt lögum um skilorðsbundsbundna hegningardóma 16. nóv. 1907, 1. gr., ef þar greindum skilyrðum væri fullnægt. Dómi þessum er af hálfu réttvísinnar skotið til yfirdómsins.

Ákærði er fæddur 23. júlí 1896 og er vinnumaður hjá foreldrum sínum í Hafnarfirði. Hann hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu.

Ákærði kom til Reykjavíkur mánudaginn 26. okt. f. á. og dvaldi hér þangað til hann var tekinn fastur, sunnudagsnóttina 1. nóv. Það er með játningu hans og öðrum skýrslum málsins löglega sannað, að hann hafi þessa daga gjört 2 þjófnaðarinnbrot í verzlunarhús hér í bænum. Fyrra innbrotið framdi hann um kveldið daginn sem hann kom hingað eða um nóttina, aðfaranóttina þriðjudagsins. Fór hann þá yfir girðingu austan við lóð verzlunarinnar Godthaab (P. J. Thorsteinsson & Co.) í Austurstræti, og komst þannig að suðurhlið sölubúðarinnar, braut hann þar rúðu úr glugga og fór um opið inn í búðina. Í búðinni tók hann ýmsan varning, kex, buxur, peysu, skotfæri, eldspítur, cigarettukassa með vindlum, síldardósir, sykurtangir, 2 pakka af reyktóbaki og 2 af munntóbaki, póstkort, skúffuhöldur og skóreimar. Eru allir þessir munir taldir 20 kr. virði. Ákærði lét þá í poka og geymdi þá undir rúmi í úthýsi eða skúr við húsið nr. 70 við Laugaveg, þar sem hann svaf eina nóttina, þar fundust munirnir við rannsóknina, og hafði ákærði engu eytt eða fargað af þeim, nema 2 vindlum, er hann hafði reykt, og hefir mununum verið skilað eigandanum. Síðara innbrotið framdi ákærði aðfaranótt sunnudagsins 1. nóv. í skrifstofu Jes Zimsens konsúls í Hafnarstræti. Reyndi hann fyrst að sprengja hlera frá glugga á norðurhlið hússins, en er það tókst eigi, tók hann það ráð, að ná rúðu úr glugga á austurhliðinni og fara þar inn, og

er hann með þessum hætti hafði komist inn í húsið, tróð hann poka, sem hann fann fyrir innan gluggann, upp í rúðuopið, til þess að minna bæri á því. Fyrir innan gluggann er gangur og þil á milli hans og skrifstofuherbergjanna; braut ákærði með skaröxi, er hann átti og hafði tekið með sér, hlera frá opi á þilinu og fór þar inn um. Í skrifstofunum tók ákærði úr kassa í ólæstu púlti og úr peningaskúffu 165 kr. 5 a. í dönskum seðlum og mynt og 42½ shilling í enskum peningum, peningabudda, pennadós, 2 hnífa og höfuðkamb. Þegar ákærði hafði stungið á sig þýfinu, fór hann út um glugga á norðurhlið hússins, en þar voru þá næturverðir fyrir, er höfðu orðið varir við hann meðan hann var inni á skrifstofunum, og tóku hann fastan. Kölluðu þeir til eiganda hins stolna, Zimsen konsúls, og tók hann af ákærða alt þýfið. Munir þeir, er ákærði stal frá Zimsen auk peninganna, eru taldir 3ja króna virði. Kröfu um iðgjöld eða skaðabætur á hendur ákærða hefir hvorugur gjört, þeirra er fyrir þjófnaðinum urðu.

Rannsókn hefir verið gjörð að tilhlutun héraðsdómarans um sakhæfi ákærða, en við þá rannsókn virðist ekkert það hafa komið í ljós, er til greina beri að taka við ákvæði refsingarinnar.

Brot ákærða hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært undir 231. gr. alm. hegningarlaga, og er refsingin hæfilega ákveðin af honum 8 mánaða betrunarhússvinna, en eigi þykir vera heimild til þess, að lögum um skilorðsbundna hegningardóma 16. nóv. 1907, 1. gr. verði beitt í þessu máli. Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir yfir-

dómi, þar með talin málflutningslaun verjanda fyrir aukaréttinum 12 kr. og sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum 15 kr. til hvors.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmætar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Júlíus Jónsson, sæti 8 mánaða betrunarhússvinnu og greiði allan sakarkostnað fyrir báðum réttum, þar með talin málflutningslaun verjanda í héraði, Sveins Björnssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, 12 kr. og málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar yfirréttarmálaflutningsmanna, 15 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. apríl 1915.

Nr. 11/1915.

Björn Kristjánsson
og Björn Sigurðsson
f. h. Landsbankans
gegn
Einari M. Jónassyni,
Guðmundi Jónassyni,
Kristjáni Jónassyni
og Bjarna Valdasyni

Dómur:

Áfrýjendur, Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson, bankastjórar, fyrir hönd Landsbankans, höfðuðu mál þetta fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn stefnda, Einari M. Jónassyni yfirréttarmálaflutningsmanni, sem aðalskuldara og þeim Guðmundi Jónassyni kaupmanni í Frakkanesi, Kristjáni Jónassyni, kaupmanni í Borgarnesi, og Bjarna Valdasyni, bónda í Skutulsey, sem sjálfskuldarábyrgðarmönnum til greiðslu in soldidum á 2246 kr. skuld með 7% ársvöxtum frá 1. jan. 1912 til Landsbankans samkvæmt veðskuldabréfi 10. febr. 1910. Af hálfu varaaðila var málinu gagnstefnt og Jón Magnússon bæjarfógeti tilstefndur (adcitatus) til að greiða hina umstefndu upphæð. Með dómi gestaréttarins uppkveðnum 11. des. f. á., lauk þessum málum svo, *að* stefndu í aðalsökinni voru dæmdir einn fyrir alla og allir fyrir einn til að greiða áfrýjendum kr. 2246.00 með 6¼% ársvöxtum frá 1. jan. 1912 til borgunardags og 45 kr. í málskostnað, *að* áfrýjendur voru sýknaðir í gagnsökinni og *að* sökinni gegn Jóni Magnússyni bæjarfógeta var vísað frá gestaréttinum og gagnstefnendur dæmdir til að greiða honum 15 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15. febr. þ. á., og krafist staðfestingar á honum og hæfilegs málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Af varnaraðilum í aðalsökinni fyrir gestaréttinum hefir Einar M. Jónasson einn mætt fyrir yfirdómi, og hefir hann krafist þess, að málinu verði

vísað frá yfirdóminum og að sér verði dæmdur málskostnaður. Færir hann þá ástæðu fyrir þessari kröfu, að tilstefningarsök á hendur Jóni Magnússyni bæjarfógeta hafi eigi verið áfrýjað jafnframt aðalmálinu, þó að hann, bæjarfógetinn, sé »óaðskiljanlegur sakaraðili«. En það verður eigi séð, að nein rök séu til þess, að aðalsökin og tilstefningarsökin séu réttarfarslega svo tengdar, að þeim beri að áfrýja báðum í senn, og verður þessi krafa því eigi tekin til greina.

Hinir varnaraðilarnir, framannefndir sjálfskuldarábyrgðarmenn, hafa eigi komið í yfirdóminn, og enginn hefir haldið upp andsvörum af þeirra hendi, enda hefir þeim eigi verið stefnt. Að vísu hefir Einari M. Jónassyni verið stefnt fyrir hönd ábyrgðarmannanna, en það sézt eigi að hann hafi neitt umboð til að vera fyrir þeirra hönd við áfrýjun málsins, og sjálfur hefir hann lýst því yfir, að hann hafi fyrir löngu beðið ábyrgðarmennina um umboð til að áfrýja málinu, en ekki fengið. Það er því eigi sannað, að nein heimild hafi verið til að stefna Einari M. Jónassyni fyrir hönd ábyrgðarmannanna og ber því samkvæmt N. L 1—4—1 og 2 að vísa málskotinu á hendur þeim frá yfirdóminum.

Einar M. Jónasson hefir eigi hreyft neinum andmælum um efni málsins, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er til hans kemur. Svo þykir hann og eftir málavöxtum eiga að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Málskotinu á hendur Guðmundi Jónassyni, Kristjáni Jónassyni og Bjarna Valdasyni vísast frá yfirdóminum. Um stefnda, Einar M. Jónasson, skal gestaréttardóminum óraskað. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjendum Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbankans, 20 krónur.

Dóminum ber að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 26. apríl 1915.

Nr. 9/1915.

Réttvísin
gegn
Gunnari Sigurðssyni
og
Þórði Kolbeinssyni

Dómur:

Með aukaréttardómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 31. des. f. á., er ákærði, Gunnar Sigurðsson, dæmdur samkvæmt 266. grein, sbr. 48. gr. almennra hegningarlaga í 2ja ára betr-

unarhúsvinnu fyrir eftirmyndun peningaseðla, og ákærði, Þórður Kolbeinsson, samkvæmt 269. gr. í 20 daga einfalt fangelsi fyrir útgáfu eftirmyndaðra peningaseðla. Svo skyldu hinir ákærðu greiða allan sakarkostnað, Gunnar einn varðhaldskostnaðinn og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, Magnúsar umboðsmanns Blöndal 8 kr. og $^4/_5$ annars málskostnaðar, en Þórður skyldi greiða varðhaldskostnað sinn og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar prófasts Gunnarssonar, 8 kr., og $^1/_5$ annars málskostnaðar, in solidum með Gunnari. Loks skyldu hinir ákærðu greiða skaðabætur fyrir hinar útgefnu seðlaeftirmyndir, Gunnar dánarbúi Guðjóns Brynjólfssonar á Hólmavík 100 kr., Guðjóni kaupfélagsstjóra Guðlaugssyni s. st. 100 kr., Brauns verzlun á Ísafirði 100 kr. Magnúsi kaupmanni Magnússyni s. st. 10 kr., Sveini kaupmanni Sigurðssyni á Flateyri 10 kr., Jens kaupmanni Eyjólfssyni sama stað 100 kr., Steini G. Ólafssyni bakara á Þingeyri 100 kr., verzlun Hannesar B. Stephensen & Co. á Bíldudal 100 kr., Guðmundi kaupmanni Sigurðssyni s. st. 10 kr., Ólafi kaupmanni Jóhannessyni á Patreksfirði 100 kr. og M. Hansen skipstjóra á gufuskipinu »Flóra« 40 kr. eða samtals 770 kr., en 10 kr. skyldu þeir Gunnar og Þórður, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, greiða Jóni A. Ólafssyni bókh. á Patreksfirði.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdóms, að ósk beggja hinna ákærðu.

Ákærði Gunnar Sigurðsson er dæmdur sekur um hlutdeild í eftirmyndun peningaseðla þjóðbankans danska, er Jón nokkur Pálmi Jónsson, ljós-

myndasmiður á Sauðárkrók var dæmdur fyrir með aukaréttardómi Skagafjarðarsýslu 21. janúar þ. á. til $2^1/_2$ árs betrunarhúsvinnu. Þeir ákæröi og Jón Pálmi eru einir til frásagnar um eftirmyndunina, og segist að nokkru leyti sinn veg frá hvorum, enda hafa þeir eigi verið samprófaðir.

Framburður Gunnars um eftirmyndunina og afstöðu hans til Jóns Pálma um hana er á þessa leið: Á jólaföstunni 1913 höfðu þeir Gunnar og Jón Pálmi átt tal um það á myndastofu síðarnefnds, hvort hægt mundi vera að ljósmynda peningaseðla, og hafi Jón Pálmi þá tekið myndaplötu af framhlið dansks 10 kr. þjóðbankaseðils frá 1911, að Gunnari ásjáandi. Skömmu síðar hafi Jón Pálmi sýnt Gunnari eftirmynd á blaði af nefndri plötu og enn nokkru síðar 2—3 ljósmyndaðar framhliðar af 10 kr. þjóðbankaseðli. Um þetta leyti eða upp úr þessu hafi þeim Gunnari og Jóni Pálma komið saman um að halda uppteknum eftirmyndunartilraunum áfram, enda hafi Jón Pálmi í febrúarmánuði f. á. sýnt Gunnari nokkrar fullgjörðar eftirmyndir af 10 kr. þjóðbankaseðlum frá 1911, þannig gjörðar, að ljósmyndir af fram- og afturhlið rétts seðils höfðu verið límdar saman á bökunum. Hafi Jón Pálmi jafnframt að fyrra bragði leitað fulltingis Gunnars til þess að koma eftirmyndunum út sem peningaseðlum, og Gunnar gert kost á því. Þá hafi Jón Pálmi um mánaðamótin maí—júní sýnt Gunnari fullgerða eftirmynd af dönskum 100 kr. þjóðbankaseðli frá 1910 og enn hafi Jón Pálmi sýnt Gunnari um haustið á myndastofu sinni nokkrar fullgerðar eftirmyndanir af 100 kr. seðli, og hafi

þeir þá jafnframt fullráðið með sér að gefa eftirmyndirnar út. Hafi þeim komið saman um, að of áhættumikið væri að gefa eftirmyndirnar út í Skagafirði, og því fastráðið í lok októbermánaðar að Gunnar skyldi takast ferð á hendur vestur um land til Reykjavíkur með gufuskipinu »Flóra«, sem þá var væntanlegt til Sauðárkróks. Hafi Jón Pálmi svo afhent Gunnari 1. nóv. f. á. allmikið af eftirmynduðum þjóðbankaseðlum, er hvorugur taldi, en ætla má að verið hafi 16 hundraðkróna og 14 tíukróna seðlar, og hafi áður samist svo um milli Gunnars og Jóns Pálma, að hver skyldi njóta helmings af væntanlegum ávinningi af útgáfu eftirmyndanna, en ferðakostnaður Gunnars og eftirmyndunarkostnaður Jóns Pálma hafi átt að mætast.

Jón Pálmi hefir kannast við að hafa eftirmyndað danska 10- og 100 kr. þjóðbankaseðla svo sem að framan segir, en hann hefir jafnframt haldið því fram, að Gunnar hafi verið hvatamaður þess, að hann gerði það í útgáfuskyni, enda hafi Gunnar lánað sér fyrirmynd bæði að eftirmyndum af 10 kr. og 100 kr. seðlunum, og jafnvel látið sér í té lítilsháttar verklega aðstoð við sjálfa eftirmyndunina, en Gunnar hefir stöðugt og eindregið neitað framburði Jóns Pálma að þessu leyti.

Hvað sem ágreiningsatriðum þessum líður, þá má telja sannað að þeir Gunnar og Jón Pálmi hafi, þá er það kom í ljós, að hægt var að ljósmynda peningaseðil, eða um það leyti, orðið ásáttir um að reyna hvort hægt væri að eftirmynda peningaseðla með því móti og síðan nokkru síðar, líklega í febr.

mán. f. á., þá er Jón Pálmi hafði fullgjört nokkrar eftirmyndir af 10 kr. seðli, en áður en hann hafði gert nokkra tilraun til að eftirmynda 100 kr. seðil, ennfremur orðið sammála um að gefa eftirmyndirnar út sem peningaseðla, báðum til ávinnings. Auk þess er það sannað, með samhljóða framburði Gunnars og Jóns Pálma, að Gunnar hafi seinni part sumars, og þannig, áður en 100 kr. seðlagerð Jóns Pálma var lokið, fengið eina eftirmynd af 100 kr. seðli hjá Jóni Pálma, og tjáist Gunnar hafa borið hana nokkra hríð samanbrotna í buddu sinni, til þess að ganga úr skugga um það, hvort hún mundi brotna. Af þessu þykir bert, að Gunnar hefir í öllu falli hjálpað til að framkvæma eftirmyndun peningaseðla í útgáfuskyni, og skifta áðurgreind ágreiningsatriði þá ekki raunverulega máli.

Gunnar lagði af stað frá Sauðárkrók með »Flóru« 2. nóv. f. á. og var meðal annara farþega á skipinu Þórður nokkur Kolbeinsson á heimleið suður á Akranes úr sumardvöl í Skagafirði, og hafði Þórður gist hjá Gunnari, meðan hann beið skips á Sauðárkrók, enda tókst brátt kunningsskapur með honum og Gunnari. Gunnar tók, þegar er á skipsfjöl kom, að gefa út eftirmyndaða 10 kr. seðla og lét þar alls út 4 aðallega fyrir áfengi, er hann neytti með Þórði og fleirum. Ennfremur gaf Gunnar sjálfur út á ýmsum viðkomustöðum skipsins 6 eftirmyndaða 100 kr. seðla og 3 eftirmyndaða 10 kr. seðla og lét Þórð gefa út 1 eftirmynd af 100 kr. seðli, sem Þórður vissi þá eigi rétt deili á, og loks reyndi Gunnar að gefa út eina eftir-

mynd af 100 kr. seðli í Stykkishólmi, en lánaðist það ekki.

Ákærði, Þórður Kolbeinsson, lét, eins og þegar hefir verið drepið á, út eftirmynd af 100 kr. seðli á Ísafirði að undirlagi Gunnars, en vissi þó hvorki né grunaði, að seðillinn var eftirmyndaður, eða að Gunnar hefði eftirmyndaða seðla í fórum sínum. Það sagði Gunnar Þórði þá fyrst, er Þórður hafði gefið nefnda eftirmynd út, og bað Þórð þá jafnframt að fara aftur til sama lands og býtta aftur samskonar seðli, enda tók Þórður við eftirmynd af 100 kr. seðli, en gaf hana þó ekki út, heldur skilaði Gunnari henni aftur. Aftur á móti lét Þórður út eftirmynd af 10 kr. seðli fyrir Gunnar á Patreksfirði, vísvitandi þess, að seðillin var eftirmyndaður og reyndi ennfremur að láta út eftirmyndaðan 100 kr. seðil í Stykkishólmi, en það lánaðist ekki. Þá lánaði Þórður Gunnari vasabók sína, eftir að Gunnar hafði sagt honum frá eftirmynduðu seðlunum, til þess að geyma eftirmyndirnar í og neytti auk þess ýmsra góðgerða, sérstaklega áfengis, er fengnar höfðu verið, sumar hverjar með hans vitund fyrir seðlaeftirmyndir eða peninga, sem komið höfðu fyrir þær, meðal annars áfengis á Patreksfjarðarhöfn fyrir 9 kr. afgang af eftirmynduðum 10 kr. seðli, útgefnum þar í landi. Enn var Þórður sumstaðar viðstaddur útgáfu Gunnars á eftirmyndum og bar á sér oftar en einu sinni hina eftirmynduðu seðla, eftir að Gunnar hafði sagt honum sönn deili á þeim. Þórður hefir borið það, að Gunnar hafi sagt sér, að hann (Gunnar) »ætlaði að gefa út mikið af fölskum seðlum af ýmsri gerð,

þegar hann kæmi heim aftur, og gæti verið að hann tæki sér ferð á hendur með þá til Noregs eða Svíþjóðar«, enda hafi Gunnar þá um leið talað um að senda sér eitthvað af slíkum seðlum og Þórður þó ekki falast eftir þeim. Gunnar hefir ekki neitað því, að þannig lagað samtal kunni að hafa átt sér stað. Mætti þess vegna ætla, bæði af því og öðrum atvikum, meðal annars af eftirmyndafjölda þeim, sem Þórður vissi, að Gunnar hafði með sér, að Þórður hefði að minsta kosti rent grun í, að Gunnar mundi eitthvað riðinn við sjálfa eftirmyndunina, en þar sem Þórður hefir einungis verið sakaður um útgáfu eftirmyndaðra peningaseðla, þá kemur þegar af þeirri ástæðu ekki til mála að gera honum ábyrgð fyrir annað.

Auk eftirmynda þeirra, sem þeir Gunnar og Þórður kannast við að hafa gefið út á »Flóru« og ýmsum viðkomustöðum hennar vestur um land, alls 7 eftirmyndaða 100 krónuseðla og 7 tíukrónaseðla, kom fyrir eftirmynd af 10 kr. ljósmynduðum Þjóðbankaseðli dönskum á Ísafirði, meðan »Flóra« stóð þar við, og má ætla að sú eftirmynd hafi einnig stafað frá Gunnari, enda þótt ekki hafi vitnast hversu hún komst á gang. Þá ónýttist og á ferðinni 1 eftirmynd af 10 krónaseðli og 1 af 100 krónaseðli. Og loks voru teknar af Gunnari í Stykkishólmi 8 eftirmyndir af 100 krónaseðli og 5 eftirmyndir af 10 krónaseðli. Hefir Gunnar eins og þegar er vikið að, eftir því haft meðferðis 16 eftirmyndaða 100 krónuseðla og 14 eftirmyndaða 10 krónuseðla.

Það var alstaðar tekið viðstöðulaust við hinum

framboðnu eftirmyndum nema í Stykkishólmi, enda hafði sýslumaður aðvarað kaupmenn þar, áður en »Flóra« kom þangað. Eftirmyndirnar virðast og, þótt misvel séu gerðar, hafa verið til þess fallnar að blekkja grunlausa menn í vanalegum viðskiftum, enda eru danskir þjóðbankaseðlar, einkum 100 krónuseðlar ekki algengur gjaldmiðill meðal manna, sízt út um land.

Báðir hinir ákærðu hafa náð lögaldri sakamanna og hvorugur áður sætt ákæru eða dómi fyrir nokkurt afbrot, að því sleptu að Gunnar Sigurðsson hefir tvívegis verið sektaður fyrir ólöglegar vínveitingar.

Héraðsdómarinn hefir með réttu talið ákærða Gunnar Sigurðsson brotlegan gegn 266. gr. sbr. 48. gr. hegningarlaganna og Þórð brotlegan gegn 269. gr. Þykir refsing Gunnars með skírskotun til 1. málsgr. 48. gr. hegnl. og með hliðsjón af varðhaldsvist hans og fram undir $^1/_2$ árs nauðungarvist utanhéraðs hans hæfilega metin 2ja ára betrunarhúsvinna, eins og héraðsdómurinn hefir ákveðið hana. Þórði þykir hæfilega refsað með 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En þar sem ístöðuleysi virðist hafa ráðið meiru um brot Þórðar, heldur en glæpsamlegur vilji og þar sem hann virðist hafa játað sök sína svo sem hann skildi hana, hreinskilnislega og greiðlega, enda ekki kunnugt annað, en að hann hafi hagað sér sæmilega áður, þá þykir mega ákveða samkvæmt lögum 16. nóv. 1907, nr. 39, að fresta skuli að fullnægja refsingu hans og að honum gerð refsing skuli falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef fullnægt verður lögmæltum skilyrðum, enda

bæti hann fjártjón það er af broti hans hefir leitt og honum gert að endurgreiða með dómi þessum áður en dómsfullnægjufrestur er liðinn.

Um greiðslu iðgjalda og málskostnaðar í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Málsvarnarlaun í yfirdómi greiði hvor hinna ákærðu sínum verjanda, en annan málskostnað, þar með talin málsóknarlaun sækjanda, greiði Gunnar $^4/_5$ hlutum og $^1/_5$ hlut in solidum með Þórði.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus. Þó athugast, að sækja hefði átt sök á hendur Gunnari Sigurðssyni og Jóni Pálma Jónssyni í einu lagi. Sókn og vörn í yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Gunnar Sigurðsson sæti 2ja ára betrunarhússvinnu, og ákærði Þórður Kolbeinsson 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En refsingu Þórðar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilyrðum laga nr. 39, 16. nóv. 1907 verður fullnægt og hann bætir fjártjón það, sem honum er gert að bæta með dómi þessum, áður en dómsfullnægjufrestur er liðinn.

Um málskostnað og greiðslu iðgjalda skal aukaréttardóminum óraskað.

Af málskostnaði í yfirdómi greiði ákærði

Gunnar Sigurðsson, skipuðum verjanda sínum yfirréttarmálaflutningsmanni Eggert Claessen, 15 kr. málsvarnarlaun, og ákærði Þórður Kolbeinsson skipuðum verjanda sínum yfirréttarmálaflutningsmanni Lárusi Fjelsted 15 kr. málsvarnarlaun. Annan málskostnað, þar með talinn 25 kr. málssóknarlaun sækjanda, yfirréttarmálaflutningsmanns Magnúsar Sigurðssonar greiði Gunnar Sigurðsson að $^4/_5$ hlutum og $^1/_5$ hluta in solidum með Þórði Kolbeinssyni.

Dæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. apríl 1915.

Nr. 10/1915.

Réttvísin
gegn
Jóni Pálma Jónssyni

Dómur:

Með aukaréttardómi Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 21. jan. þ. á. var ákærði, Jón Pálmi Jónsson, ljósmyndasmiður á Sauðárkrók, dæmdur samkvæmt 266. gr. almennra hegningarlaga í $2^1/_2$ árs betrunar-

hússvinnu fyrir eftirmyndun peningaseðla þjóðbankans danska. Svo skyldi ákærði og greiða allan kostnað sakarinnar, meðal annars skipuðum verjanda sínum í héraði, Jóni hreppstjóra Jónssyni á Hafsteinsstöðum 12 kr. málsvarnarlaun.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdóms að ósk ákærða.

Málavextir eru, samkvæmt játningu ákærða og öðrum skýrslum, þeir, sem nú skal greina: Ákærði hefir frá því í desembermánuði 1913 og til októbermánaðar loka 1914 eftirmyndað eigi alllítið af 10 kr. og 100 kr. seðlum þjóðbankans danska, og notaði til fyrirmyndar 100 kr. eftirmyndunum seðil frá 1910 og til fyrirmyndar 10 kr. eftirmyndunum seðil frá 1911. Það er eigi staðreynt, hve margar eftirmyndir ákærði hefir búið til af hvorum seðlinum um sig, en ætla má, að eftirmyndirnar af 100 kr. seðlinum hafi verið eigi færri en 17 og eigi færri en 14 af 10 kr. seðlinum. Ákærði eftirmyndaði seðlana með því móti, að hann tók mynd á venjulega ljósmyndaplötu af fram- og afturhlið rétts seðils, framkallaði myndirnar á venjulegan hátt, en þó með líkum litum, á algengan ljósmyndapappír og límdi síðan samstæðar fram- og afturhliðar ljósmyndanna saman á bökunum, en hafði þó áður núið nokkuð uppúr afturhlið myndapappírsins, til þess að eftirmynduðu seðlarnir yrðu ekki alt of þykkir. Ákærði byrjaði með því að eftirmynda 10 kr. seðil og tók eigi til eftirmyndunar 100 kr. seðils fyrr en hann þóttist genginn úr skugga um, að sér hefði lánast að gera 10 kr. seðils eftirmyndina viðunanlega úr garði. Hann

tók 5 plötur af framhlið og 7 plötur af afturhlið 10 kr. seðla, og voru þrjár seðlafyrirmyndirnar sín með hverju númeri, en eftirmyndir þær, sem fram hafa komið, hafa þó allar upprunalega verið gerðar eftir sömu fyrirmynd, seðli nr. 9236331 E, en ákærði breytti síðar númerunum á flestum þeirra, skrifaði með bleki ofan í 1 tölustaf eða 2 í hverju númeri, á einni eftirmyndinni, sennilega af vangá, þó að eins ofan í annað númerið. Af 100 kr. seðlinum tók ákærði 1 plötu af framhlið seðils nr. 1471230, en 2 plötur af afturhlið, og er númerið óbreytt á öllum framkomnum eftirmyndum af þeim seðli, nema á einni. Á henni á öðru númerinu að hafa verið breytt, en sú eftirmynd fylgir ekki málsskjölunum, enda óvíst hver hefir breytt því númeri. Eftirmyndirnar eru misjafnlega vel gerðar, en alstaðar hafa menn vilst á þeim, þar sem þær voru gefnar út, nema á einum stað, og þar höfðu viðtakendur verið aðvaraðir. Þær virðast og allar hafa verið til þess fallnar, að blekkja grunlausa menn í venjulegum viðskiftum, enda eru danskir þjóðbankaseðlar, einkum 100 kr. seðlar, ekki algengur gjaldmiðill meðal manna, sízt út um land.

Ákærði hefir borið fyrir sig sér til afbötunar, að hann hafi eigi átt upptök að því, að eftirmynda nefnda seðla í útgáfuskyni, heldur hafi hann gert það að undirlagi Gunnars nokkurs Sigurðssonar veitingamanns á Sauðárkróki, sem dæmdur hefir verið innan lögsagnarumdæmis Snæfellsness- og Hnappadalssýslu samsekur í glæp ákærða, samkvæmt 48. gr. hegningarlaganna, í 2 ára betrunarhússvinnu. Þá

heldur ákærði því fram, að Gunnar Sigurðsson hafi hjálpað sér lítilsháttar við eftirmyndunina, meðal annars með því að lána sér rétta seðla til fyrirmyndar. Og enn telur ákærði enga fasta samninga hafa komist á milli sín og Gunnars um skiftingu væntanlegs ágóða af útgáfu eftirmyndanna. Ákærði og Gunnar hafa eigi verið samprófaðir. En Gunnar hefir stöðugt og eindregið neitað þessum varnarástæðum ákærða, og hvað sem öðru líður, þá mundu þær ekki skifta máli um ábyrgð ákærða, þótt sannaðar væru. Það má nú að vísu ætla, að ákærði hafi eigi gert fyrstu mynd af 10 kr. seðlinum í útgáfuskyni. En hitt má telja víst og sannað, að hann hafi gert allar eftirmyndirnar af 100 kr. seðlinum og megnið af eftirmyndum 10 kr. seðilsins, jafnvel eftir að hann og Gunnar voru orðnir ásáttir um að gefa eftirmyndirnar út, sem rétta peningaseðla, enda breytti ákærði númerinu á flestum eftirmyndum 10 kr. seðilsins, vitanlega til þess að gera þær útgengilegri. Ákærði hefir og játað því, að hann hafi gert eftirmyndirnar með vitund um, að gefa hafi átt þær út sem peningaseðla, meira að segja einu sinni kannast við það, að þeir Gunnar hafi þegar »í fyrravetur« — en þá hafði ákærði ekki byrjað á eftirmyndun 100 kr. seðilsins — orðið ásáttir um, að skifta væntanlegum ávinningi til helminga og aldrei neitað því, að slík skifti hafi að minsta kosti verið ráðgerð, enda tilbúningur jafnmargra eftirmynda og komið hafa fram lítt skiljanlegur nema því að eins að þær hafi verið gerðar í útgáfuskyni.

Ákærði er því sannur að sök um að

hafa eftirmyndað margnefnda danska þjóðbankaseðla í útgáfuskyni, og má telja víst að hann hafi búið til allar eftirmyndir þær er fram hafa komið í prófunum yfir honum og Gunnari, enda þó að fæstar þeirra hafi verið bornar undir hann.

Héraðsdómarinn hefir með réttu talið ákærða brotlegan gegn 266. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing ákærða, sem náð hefir lögaldri sakamanna og eigi áður sætt ákæru eða dómi fyrir nokkurt brot, hæfilega metin $2^1/_2$ árs betrunarhússvinna, eins og gert er í aukaréttardóminum. Sakarkostnað í héraði greiði ákærði, samkvæmt ákvæði nefnds dóms og að auki allan málskostnað, þar með talin málaflutningslaun sækjanda og verjanda í yfirdómi, 15 kr. hvorum.

Um rekstur málsins í héraði athugast, að samprófa hefði átt ákærða og Gunnar Sigurðsson og sækja sök á hendur báðum í einu lagi. Að öðru leyti hefir rekstur málsins þar verið vítalaus og sókn og vörn í yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Pálmi Jónsson, sæti $2^1/_2$ árs betrunarhússvinnu og greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til Jóns hreppstjóra Jónssonar á Hafsteinsstöðum 12 kr. og málaflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í

yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmanna Magnúsar Sigurðssonar og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. maí 1915.

Nr. 50/1914

St. Th. Jónsson, Sigurður Jónsson, Þórarinn Guðmundsson og Jón Stefánsson

gegn

Birni Lindal f. h. Mowinckel & Co.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi, Björn Líndal yfirréttarmálaflutningsmaður á Akureyri fyrir hönd Mowinckel & Co. í Bergen, fyrir gestarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar, með stefnu dags. 28. nóv. 1911, gegn áfrýjendum Stefáni Th. Jónssyni, Sigurði Jónssyni, Þórarni Guðmundssyni og Jóni Stefánssyni, sem eigendum firmans Helgi Björnsson & Co. í Borgarfirði eystra út af upphaflega 2709 kr. 87 aura hárri viðskiftaskuld, sem að viðbættum vöxtum til 21. nóv. 1911, þá var talin 3043 kr. 17 aur. Áfrýjendurnir gagn-

stefndu stefnda og kröfðust þess, að hann gerði þeim full reikningsskil að viðlögðum dagsektum, greiddi þeim alt að 5000 kr. skaðabætur og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Málinu lauk í héraði með gestaréttardómi nefnds kaupstaðar, gengnum 29. ágúst 1914, á þá leið, að áfrýjendurnir skyldu einn fyrir alla og allir fyrir einn greiða stefnda fyrir hönd Mowinckel & Co. 2953 kr. 69 aura, að viðbættum 6% vöxtum frá 25. nóv. 1911, en málskostnaður skyldi falla niður, bæði í aðalsökinni og gagnsökinni.

Dómi þessum hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. nóv. 1914 og krefjast þeir þess, að gestaréttardómnum verði hrundið og breytt þannig, að þeir verði algjörlega sýknaðir, en stefndi skyldaður til þess að viðlögðum dagsektum, að gera þeim full reikningsskil, að greiða þeim alt að 5000 kr. í skaðabætur og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi krefst hins vegar staðfestingar dómsins og málskostnað fyrir yfirdómi, eftir mati réttarins.

Áfrýjendurnir byggja kröfur sínar á því, að Mowinckel & Co., er árin 1906—1909 hafði selt nokkuð af íslenzkum vörum fyrir félagið Helgi Björnsson & Co., félag með fullri ábyrgð, sem áfrýjendurnir áttu, hafi eigi gert nægileg skil fyrir sölu sinni, hvorki sent skilagrein fyrir hverri vörusendingu né kaupmiða (Slutseddel), og hafi Mowinckel & Co, auk þess selt vörur félags þeirra við óhæfilega lágu verði, jafnvel sjálfum sér, og þó reiknað sér umboðslaun.

Stefndi hefir hinsvegar haldið því fram, að

Mowinckel & Co. hafi gert Helga Björnssyni & Co. rétt skil á réttum tíma og framlagði í héraði sundurliðaðan reikning yfir öll viðskifti málsaðila 1906—'09 og sérskilagrein fyrir viðskiftum þeirra 1908—1909. Skilríkjum þessum hefir áfrýjandi ekki hnekt, og verður því hvorki skila- né sýknukröfu þeirra sint, enda of seint að heimta nú skil fyrir margra ára gömlum viðskiftum.

Þá hefir stefndi neitað því, að Mowinckel & Co. hafi selt vörur Helga Björnssonar & Co. við lægra verði en hægt var að fá fyrir þær, eða keypt sjálfur og þó reiknað sér umboðslaun. Og með því að áfrýjendurnir hafa hvorki sannað að svo hafi verið, né að Mowinckel & Co. hafi bakað þeim tjón á annan hátt, þá verður skaðabótakrafa þeirra eigi heldur tekin til greina.

Ber því að staðfesta gestaréttardóminn samkv. kröfu stefnda, og þykir eftir þeim málalokum rétt, að áfrýjendurnir greiði stefnda málskostnað í yfirdómi með 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir, Stefán Th. Jónsson, Sigurður Jónsson, Þórarinn Guðmundsson og Jón Stefánsson greiði stefnda, Birni yfirréttarmálaflutningsmanni Lindal fyrir hönd Mowinckel & Co. í Bergen málskostnað í yfirdómi með 25 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum. —

Mánudaginn 10. maí 1915.

Nr. 29/1915. Jóhann Jónsson
gegn
Kristínu Pétursdóttur.

Dómur:

Mál þetta, sem rekið hefir verið fyrst fyrir löglögregluréttí Reykjavíkurkaupstaðar og síðan fyrir lögregluréttí Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, var dæmt í síðarnefndu héraði 14. nóv. f. á. og lögregluréttardóminum síðan skotið til yfirdóms til staðfestingar, með stefnu dags. 15. f. m. En þar sem héraðsdómurunum hefir ekki verið stefnt, ber að frávísa málinu ex officio. Stefnda hefir hvorki mætt né látið mæta í yfirdómi, og verða henni því ekki gerðar ómaksbætur af hendi áfrýjanda.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi.

Mánudaginn 17. maí 1915.

Nr. 25/1915.

Carl Trolle
gegn
Magnúsi Magnússyni
f. h. h/f »Alliance«.

Dómur:

Í febrúarmánuði þ. á. höfðaði áfrýjandi þessa máls, Carl Trolle kafteinn, mál fyrir sjódómi Reykjavíkur á hendur Magnúsi Magnússyni kennara sama staðar, fyrir hönd hlutafélagsins »Alliance«, til greiðslu á iðgjöldum og öðrum kostnaði við vátryggingu botnvörpuskipsins »Jón Forseti«, eignar félagsins, á ferð þess héðan til Fleetwood og hingað aftur í janúarmánuði þ. á. Samningur um vátryggingu þessa átti, að sögn áfrýjanda, að hafa gerst fyrir milligöngu Gunnars Egilson miðlara hér í bænum, og fyrir því kvaddi áfrýjandi hann til að bera vitni í málinu. En stefndi mótmælti því að sú vitnaleiðsla færi fram, fyrir þá sök, að Gunnar Egilson væri svo viðriðinn málið, að hann væri óhæfur til að bera vitni í því. Um þennan ágreining kvað réttrinn upp úrskurð 22. marz þ. á. á þá leið, að Gunnar Egilson skyldi eigi bera vitni í málinu.

Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. marz þ. á. og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að Gunnari Egilson miðlara verði

leyft að bera vitni í málinu og stefndi verði dæmdur í málskostnað.

Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir yfirdómi, eftir mati réttarins.

Fyrir sjódóminum lagði áfrýjandi fram skriflegar spurningar til vitnisins Gunnars Egilson um afskifti þess af vátryggingu »Jóns Forseta«, um viðtal hans eða saminga við stefnda, Magnús Magnússon, um vátrygginguna og um önnur atriði þar að lútandi, og krafðist þess, að vitnið væri látið svara þessum spurningum. En áður en það væri gert, skýrði vitnið eftir kröfu stefnda og samkvæmt úrskurði réttarins frá afstöðu sinni í málinu og við áfrýjanda á þessa leið: (Vitnið) er ekki beint í félagsskap við (áfrýjanda), en meðinterresseraður. Á þeim tíma, er umrædd vátrygging var stofnuð, var vitnið starfsmaður hjá stefnanda (áfrýjanda) með föstum launum og hafði þá auk þess lítilsháttar provision af slíkum forretningum sem þeirri, er málið rís út af, hér um bil 10% af bruttóágóðanum. Vitnið hefði átt að fá um 8 kr. af þeirri vátryggingu, sem hér er um að ræða.

Þó að afstaða vitnisins við áfrýjanda og hagsvon þess af umgetinni vátryggingu hafi verið slík, sem vitnið þannig skýrir frá — og það er ekki véfengt — þá verður eigi fyrir það neitt fullyrt um, hvort framburður vitnisins mundi verða ógildur og að engu hafandi í málinu; um það virðist eigi verða dæmt fyr en vitnið hefir svarað spurningunum á réttarskjali 6 í sjódómsgerðunum, sem áfrýjandi krafði það andsvara um, en það ber undir dóminn í aðal-

málinu, ef til kemur, að meta gildi vitnisburðarins, hvort hann verður að einhverju eða öllu leyti eða alls eigi tekinn til greina. Af þessum ástæðum, og með því að vitnið sjálft hefir eigi skorast undan að svara téðum spurningum virðist rétt að fallast á kröfu áfrýjanda um að ofangreindar spurningar verði lagðar fyrir vitnið Gunnar Egilson og verður samkvæmt því að breyta hinum áfrýjaða úrskurði.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal úr gildi feldur og ber að leggja fyrir vitnið Gunnar Egilson spurningarnar á réttarskjali 6 í sjódómsgerðunum.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 31. maí 1915.

Nr. 46/1914.

I. Recher f. h. eigenda og vátryggjenda botnvörpuskipsins »Imbrim«
gegn
P. R Ungerskov f. h. Em. Z. Switzers Bjergningsentreprise.

Dómur:

Mánudaginn 16. marz f. á., að því er ætla verður, strandaði botnvörpuskipið »Imbrim« frá Fécamp á skeri framundan Hvalsnesi í Miðneshreppi. Björgunarskipið »Geir« eign Em. Z. Switzers björgunarútgerðar (Bjergningsentreprise) í Kaupmannahöfn, lá þá á Reykjav.höfn, og þegar er skipstj. R. P. Ungerskov barst fregn um strandið 17. s. m. sigldi hann á strandstaðinn, en gat þá eigi komist að botnvörpungnum vegna hafróts, og sigldi því burtu aftur. Daginn eftir 18. marz, kom björgunarskipið aftur á strandstaðinn, en gat þá eigi heldur af sömu ástæðu gert neinar björgunartilraunir. Skipstjóri sigldi þá til Sandgerðis á Miðnesi, og var þar þá komin öll skipshöfnin af »Imbrim«, alls 29 manns, þar á meðal skipstjórinn I. Recher. Þeir Ungerskov fyrir hönd björgunarútgerðarinnar og Recher fyrir hönd eigenda og vátryggjenda botnvörpuskipsins gerðu þá, að viðstöddum fulltrúa vátryggjendanna, samning um björgun skipsins, og eru aðalatriði samningsins þau, að björgunarskipið veiti hjálp til að koma »Imbrim« á flot og færa hann til Reykjavíkur fyrir $^1/_3$ af verðmæti hins bjargaða, að útgerðin krafist þess, að þetta verðmæti sé metið af lögskipuðum matsmönnum og skuli hlíta því mati, að björgunarlaunin skuli greidd jafnskjótt og skipið er komið til Reykjavíkur og að allar greinir út af samningnum skuli útkljáðar eftir dönskum lögum. Er samningurinn dags. 17. marz f. á. Eftir ítrekaðar tilraunir, sem byrjuðu 19. marz tókst björgunarskipinu að koma »Imbrim« á flot 22. s.

m. og draga hann til Reykjavíkur daginn eftir. Næsta dag 24. s. m. fekk fulltrúi björgunarútgerðarinnar 2 menn kvadda til að meta til peningaverðs botnvörpuskipið »Imbrim« eins og það var þá á Reykjavíkurhöfn, með kolum, veiðarfærum og öðru er í því var, svo og til að segja álit sitt um, hvað kosta mundi að gera við það. Eftir matsgerð þessara manna, dags. s. d., telja þeir skipið eins og það var áður en það strandaði með útbúnaði og kolabirgðum hafa verið kr. 111500.00 virði en kostnað við bráðabirgðaraðgerð og fylgd á aðalviðgerðarstað kr. 10000.00 og kostnað við aðalviðgerð kr. 25000.00; telja þeir því skipið eins og það var eftir strandið með áorðnum skemdum kr. 111.500.00 ÷ (kr. 10.000.00 + kr. 25.000.00 =) kr. 35.000 = kr. 76.500.00 virði. Samkvæmt þessu mati og björgunarsamningum taldi fulltrúi útgerðarinnar björgunarlaunin eiga að vera $^1/_3$ af kr. 76.500.00 eða 25500 00. En með því að hvorki eigendur né vátryggjendur botnvörpuskipsins eða menn fyrir þeirra hönd vildu greiða þá upphæð, höfðaði Ungerskov skipstjóri fyrir hönd björgunarútgerðarinnar mál þetta fyrir sjórétti Reykjavíkur með stefnu dags. 1. apríl f. á. gegn Recher skipstjóra fyrir hönd eigenda og vátryggjenda botnvörpuskipsins »Imbrim« til greiðslu björgunarlauna kr. 25.500.00 með 6% ársvöxtum frá 24. marz til borgunardags. Í sambandi við þessa málshöfðun lét sækjandi, með fógetagerð 3. s. m. leggja löghald á skipið »Imbrim« og kyrsetja það til tryggingar björgunarlaununum og með stefnu dags. s. d. stefndi hann kyrsetningargerðinni til staðfestingar samflota aðalmálinu. Af

annari hálfu hóf stefndi gagnsök á hendur sækjanda með stefnu, dags. 15. júní f. á., til þess að fá ákveðið með dómi án tillits til björgnnarsamningsins 17. marz hve há björgunarlaun honum bæri að lögum að greiða fyrir björgun botnvörpuskipsins.

Í sjódóminum urðu þau málalok, með dómi uppkveðnum 6. nóv. f. á., að kyrsetningargerðin var staðfest og stefndi dæmdur til að greiða sækjanda kr. 24500.00 með 6% ársvöxtum frá 24. marz f. á. til borgunardags, en málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 14. nóv. f. á., og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði feldur úr gildi og honum breytt þannig, að yfirdómurinn ákveði handa stefnda hæfilega þóknun fyrir björgun botnvörpuskipsins »Imbrim«, og að stefndi verði dæmdur í málskostnað. Stefndi krefst af sinni hálfu að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Máli sínu til stuðnings telur áfrýjandi það, að björgunarsamningurinn sé ógildur, það annað, að matið, sem krafa stefnda er miðuð við, sé með öllu rangt og óábyggilegt, og að eigi hafi verið dregið frá verðmæti hins bjargaða kostnaður skipsins sjálfs, meðan það var hér til bráðabyrgðaaðgerðar, og á leið þess til útlanda til aðalviðgerðar. Þessa síðasttöldu kröfu tók sjódómurinn þó að nokkru leyti til greina, þannig, að hann taldi þennan kostnað kr. 3000.00, er dregnar voru frá andvirði hins bjargaða svo að krafa stefnda við það lækkaði um kr. 1000.00.

Eins og fyr segir, hóf áfrýjandi gagnsókn fyrir sjódóminum og skaut því samkvæmt 232. gr. siglingalaganna, til dómsins, hversu mikil björgunarlaunin skyldu vera. Telur hann björgunarsamninginn hafa fallið burtu við gagnsóknina og geta því eigi komið til greina við ákvörðun björgunarlaunanna. Gegn þessu heldur stefndi því fram, að nefnd grein siglingalaganna eigi ekki við um björgunarsamninginn 17. marz f. á, með því að hann hafi verið gerður eftir að skipshöfnin var öll komin í land, svo að þá hafi eigi lengur verið nein hætta yfirvofandi. Svo hafi og krafa áfrýjanda um dómsúrskurð um björgunarlaunin, komið of seint fram (15. júní), því nær 3 mánuðum eftir að samningurinn var gerður, þar sem slík krafa samkvæmt dönsku siglingalögunum — en eftir þeim eigi málið eftir samningnum að dæmast — eigi að koma fram áður en 2 mánuðir séu liðnir frá því er samningurinn var gerður. Þessari síðari mótbáru hefir stefndi þó fyrst hreyft fyrir yfirdóminum og verður þá að ætla, að hann hafi samþykt það fyrir sjódóminum, að víkja frá samningnum um það, að þetta málsatriði skuli dæmt eftir hinum dönsku siglingalögum, og er því of seint að hreyfa téðri mótbáru hér fyrir réttinum. En um hitt atriðið, að samningurinn hafi verið gerður eftir að hættan var um garð gengin, svo að 232. gr. siglingalaganna geti eigi átt við hann, athugast, að það er vafalaust að botnvörpuskipið var í yfirvofandi hættu, þegar samningurinn var gerður þó að menn hefðu þá allir bjargast úr því, og að eigi er heimild til að skilja svo orðið »hætta« í nefndu lagaákvæði, að það eigi

að eins við mannhættu. En þó að eigi verði litið svo á, að áfrýjanda verði af greindum ástæðum bannað að skjóta sér undan samningnum, þá virðist hann eins og stefndi einnig heldur fram, í málfærslu sinni fyrir undirrétti hafa viðurkent gildi samingsins eftir að björguninni var lokið og áður en hann hóf gagnsökina, með því að hann í fógetarétti 3. apríl f. á., þegar »Imbrim« var kyrsettur til tryggingar björgunarlaununum, lýsti því yfir, að hann hefði ekkert við kröfu gerðarbeiðanda að athuga, að því leyti sem hún væri samhljóða samningnum, og virðist hann með þessari yfirlýsingu hafa endurnýjað og staðfest samninginn og samþykt, að eftir honum skyldi útkljá kröfu stefnda um björgunarlaunin. Samningurinn verður því að koma til álita, sérstaklega að því leyti sem hann heimilar stefnda að bjarglaunum $^1/_8$ hluta af andvirði hins bjargaða.

Áfrýjandi mótmælti því fyrir sjódómnum, að matið 24. marz f. á. væri rétt, og krafðist að matsmennirnir væru látnir gera grein fyrir því. Í næsta réttarhaldi, er matsmennirnir voru viðstaddir, krafðist áfrýjandi, að þeir sundurliðuðu upphæðirnar í matsgerðinni, bæði verð á skipinu óskemdu með vélum, útbúnaði, kolum og veiðarfærum og kostnað við umbætur á skemdum, svo og að þeir gerðu mat á kostnaði skipsins sjálfs, meðan það var hér í bráðabyrgðaaðgerð, og á ferð þess héðan til aðalviðgerðar í útlöndum. Varð það til þess, að matsmennirnir sömdu framhaldsmatsgerð, dags. 17. apríl, er þeir staðfestu í rétti sama dag. Í þessari matsgerð töldu þeir verð á skipinu óskemdu með vélum og útbúnaði 104750.00

kol fyrir kr. 1350.00 og veiðarfæri fyrir kr. 6000, samtals kr. 112100.00, en þar frá töldu þeir fyrir ýmislegt, er farið hafði forgörðum kr. 600.00, varð matsupphæðin þannig kr. 111500.00 eins og í fyrri matsgerðinni. En matið á skemdunum sundurliðuðu þeir eigi eða gerðu nánari grein fyrir því, enda lýstu þeir því yfir, að því yrði eigi við komið, nema skipið væri lagt upp á dráttarbraut eða í þurkví.

Stefndi heldur því fram, að samkvæmt samningum beri að hlíta þessari matsgerð og verði henni því eigi haggað, enda verði áfrýjandi að teljast hafa samþykt hana með því að taka hana gilda án eiðfestingar, án þess að finna neitt að henni annað en það, að matsmennirnir hefðu eigi tekið með í matið áðurgreindan kostnað skipsins sjálfs hér og á leið til útlanda, — en þann kostnað álitu matsmennirnir ekki bera undir sig að meta. En við þetta síðara er það að athuga, að áfrýjandi hafði áður haldið því fram, að matið væri eigi rétt og krafist ýmsra skýringa á því, er hann eigi fékk í hinu síðara mati, og verður þá eigi, þegar af þeirri ástæðu, litið svo á, þó að hann krefðist eigi eiðs af matsmönnunum eða vefengdi þá mat þeirra að öðru leyti, að hann með því hafi slept mótmælum sínum gegn matinu. Um ákvæði samningsins, að matinu skuli hlíta, athugast, að gera verður ráð fyrir, að átt sé við mat, er bygt sé á fullnægjandi skoðun á skipinu og að öðru leyti á viðunanlegum rökum, en matið 24. marz og framhaldsmatið 19. apríl f. á. fullnægja eigi þeim kröfum, sérstaklegn að því, er lýtur að skemdum á skipinu, og matsmennirnir lýsa því og sjálfir yfir, að sundur-

liðuð greinagerð um þær verði eigi samin eftir ástæðum. Mat þetta verður því eigi talið ábyggilegt né löglegt og þykir eigi fært, að láta úrslit málsins koma undir því.

Samkvæmt skjölum málsins var »Imbrim« með vélum og allri útgerð (kolum, salti, vistum og veiðarfærum) vátrygt hjá vátryggingarfélagi í Havre 21. maí 1913 um 12 mánuði fyrir 155000 franka eða kr. 111600. Er upphæð þessi hér um bil hin sama og fyrgreind matsupphæð, og má ætla að matsmennirnir hafi haft hliðsjón af henni, er þeir ákváðu mat á skipinu óskemdu og því, sem því fylgdi. Skipið er bygt 1904, og má gera ráð fyrir, að það hafi fyrnst nokkuð frá því það var vátrygt 21. maí 1913 og þangað til það strandaði í miðjum marzmánuði f. á., en hinsvegar er það ómótmælt, að ýmsu nýju hafi verið bætt við í skipið áður en það hóf fiskiveiðar í byrjun f. á. Það þykir því mega ætla, að sannvirði skipsins með því, sem í því var, hafi verið sem næst vátryggingarupphæðinni kr. 111600.00, svo að frá því megi draga kostnað við umbætur á skipinu og annan kostnað út af strandinu, til að finna verðmæti hins bjargaða.

Um kostnað við aðgerð á skemdum skipsins er það viðurkent í málinu, að kostnaður við bráðabirgðaraðgerð á því hér og fylgd handa því til Newcastle hafi numið kr. 10080.00.

Þegar skipið kom til Newcastle lét áfrýjandi gera gagngerða skoðun á því, og gerði áður stefnda, Ungerskov skipstjóra, viðvart um skoðunargerðina. Fekk hann til þess skipasmiði og skipaskoðunar-

menn, sem vanir voru slíkum störfum. Sömdu þeir ítarlega álitsgerð um skemdir á skipinu og umbætur, er gera þyrfti á því, og unnu eið að gjörðinni frammi fyrir eiðsfulltrúa bæjarins. Stefndi telur skoðunargjörð þessara manna að engu hafandi, með því að þeir hafi eigi verið dómkvaddir, en áfrýjandi hafi fengið þá til sjálfur, og þeir því verið í hans þjónustu. En áfrýjandi hefir hins vegar skýrt frá því, að hann hafi í þessu efni hagað sér eftir enskri lagavenju og að þar í landi sé eigi önnur leið fær til að fá gert mat, slíkt er hér um ræðir. Hefir stefndi eigi hnekt þessari skýrslu áfrýjanda, sem styðst við skjöl málsins. Og nú með því að óhjákvæmilegt er að komast að fastri niðurstöðu um það, hve miklu námu skemdir á skipinu, en ekki verður bygt á hérlenda matinu um fullnaðarviðgerð á því, svo sem þegar er sagt, enda yfirmat tæplega framkvæmanlegt hér, eftir því sem áfrýjanda sagðist ómótmælt frá í héraði, sbr. og niðurlag skýrslu matsmanna 17. apríl 1914, þá hefir yfirdómurinn ekki við annað að styðjast en mat það, sem fram fór í Newcastle og stefnda var gefinn kostur á að vera viðstaddur. — Virðist því verða að byggja á matsgjörð hinna ensku matsmanna um kostnað við fullnaðarviðgerð á skipinu. En kostnað þennan meta þeir 1800—2000 pd. Sterl. Áfrýjandi hefir þó samkvæmt samningi 29. apríl f. á. við vátryggjendur skipsins látið sér lynda að fá greidd 1750 pd. Sterl. til lúkningar þessum kostnaði. Það er því rétt, að halda sér við síðasttalda upphæð, en hún er í dönskum peningum kr. 31762.00.

Það sést af fyrgreindum samningi milli eigenda og vátryggjenda skipsins, að þeir hafa bætt honum kr. 9000.00 fyrir töpuð veiðarfæri, en gegn mótmælum stefnda verður eigi álitið sannað, að þessi veiðarfæri hafi glatast við strandið, og stefndi hefir ómótmælt haldið því fram, að »Geir« hafi bjargað ýmsu af fiskiveiðaútbúnaði »Imbrims«, er flutt hafi verið í land á strandstaðnum og selt þar af vátryggjendum skipsins.

Kostnaður skipsins sjálfs, hér og á leiðinni til aðalviðgerðar í útlöndum stafar frá dvöl þess hér og heimferð, svo og kolakaupum til ferðarinnar. Kostnað þennan hefir áfrýjandi fengið greiddan hjá vátryggjendum með kr. 4608.00, sem hann krefst að dregnar séu frá verðmæti hins bjargaða. Þessi greiðsla þykir þó eigi næg sönnun fyrir upphæð þessa kostnaðar, sem ekki er nánar sundurliðaður og stefndi hefir mótmælt, en það virðist hæfilegt, eins og sjódómurinn hefir gert að telja hann kr. 3000.00.

Samkvæmt framansögðu verður að telja verð »Imbrims« með öllu verðmæti innanborðs, er hann strandaði, ... kr. 111600.00

og draga frá því fyrir bráðabyrgðaraðgerð . . . . . kr. 10080.00

fyrir fullnaðarviðgerð . . — 31762.00

kostnað skipsins sjáfs . . — 3000.00

———— — 44842.00

Varð þá eftir kr. 66758.00

er telja verður verðmæti hins bjargaða, og ber áfrýjanda samkvæmt samningum að greiða stefnda $^1/_3$ hluta þeirrar upphæðar kr. 22252.67 með

vöxtum eins og segir í hinum áfrýjaða dómi. Yfirdómurinn felst á ákvæði dómsins um staðfesting kyrsetningargerðar 3. apríl f. á. og um málskostnað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi I. Richer fyrir hönd eigenda og vátryggjenda botnvörpuskipsins »Imbrim« greiði stefnda R. P. Ungerskov fyrir hönd Em. Z. Switzers björgunarútgerðar 22252.67 með 6% ársvöxtum frá 24. marz 1914 til borgunardags. Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða dómi óraskað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 31. maí 1915.

Nr. 30/1915.

Réttvísin
gegn
Degi Gíslasyni
og
Einari Jóhannessyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 20. des. f. á., voru hinir ákærðu, Dagur Gíslason og Einar Jóhannesson dæmdir samkvæmt 200. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir að hafa af gáleysi orðið þess valdandi, að maður misti lífið, hvor um sig til að greiða 50 kr. sekt í landssjóð eða sæta 15 daga einföldu fangelsi, ef sektin væri eigi öll greidd í ákveðinn tíma. Svo skyldu þeir in solidum greiða allan af málinu leiðandi kostnað. Þessum dómi hefir af réttvísinnar hálfu verið skotið til yfirdómsins.

Þegar rannsókn var hafin í málinu 25. júní f. á. var ákærði, Einar Jóhannesson stýrimaður og ákærði Dagur Gíslason háseti á kútter »Gunnar« frá Sykkishólmi og stóð skip þetta þá á þurru í fjörunni sunnan við Súgandisey hjá Stykkishólmi. Um kveldið 24. júní lagði skipstjórinn svo fyrir að hita í fötu tjöru til að bera á skipið, á hlóðum sem voru í Súgandisey rétt fyrir ofan fjöruna, og gekk eftir það til svefns en stýrimaður tók við varðhaldi á skipinu. Dagur Gíslason, og að sögn ákærða, aðrir hásetar á skipinu töldu eigi fært, eða treystu sér ekki til að gera eld í hlóðunum, eins og skipstjóri lagði fyrir, af því að olíu vantaði til uppkveikju. Sagði stýrimaður þá svo fyrir, að hita skyldi tjöruna á eldstónni (eldavélinni) í hásetaklefa skipsins, og virðist hann, eftir því sem segir í dómnum, fyrst hafa hitað þar tjöru í fötu, er hann síðan fór með niður í fjöru og tók að bika skipið; á meðan setti Dagur upp aðra tjörufötu á eld-

stóna, en innan skamms, eftir að hann hafði gert það, laust eldi í tjöruna og varð af bál mikið og svæla í hásetaklefanum. Þar sváfu þá 4 menn af skipshöfninni, og var einn þeirra Guðmundur Lárusson, 15 vetra piltur úr Stykkishólmi; var svefnrúm hans næst eldstónni. Þegar eldur hljóp í tjöruna, flýtti Dagur sér að vekja mennina og tókst að vekja 3 af þeim, en Guðmund gat hann eigi vakið, af því að hann náði eigi til hans vegna hita af bálinu. Virðist Dagur þá hafa forðað sér upp úr klefanum með hinum þremur. Skipstjóra var þegar gert viðvart um að kviknað væri í skipinu og fekk hann hjálp til að slökkva eldinn, sem hafði læst sig í þiljur í klefanum; hann fór og sótti læknir. Að sögn stýrimanns gerði hann og hásetar, áður en skipstjóri kom til, tilraun til að fara niður í klefann og ná Guðmundi upp á þilfar, en þoldu það ekki, vegna reykjarsterkjunnar. Þegar læknirinn kom, lét hann bera Guðmund upp úr klefanum, en hann (Guðmundur) var þá örendur og urðu lífgunartilraunir læknisins árangurslausar. Skýrði hann fyrir réttinum svo frá, að líkið hefði verið talsvert brunnið á andliti, höndum og fótum og hingað og þangar á bol, alls hér um bil helmingur líkamans, og að hans áliti væri það algerlega útilokað að pilturinn hefði getað lifað, þótt hann hefði raknað við.

Hinir ákærðu hafa, að því er til þeirra kemur, skýrt svo frá málavöxtum sem að framan greinir og kemur það heim við aðrar skýrslur málsins. Sérstaklega hefir ákærði Einar Jóhannesson kannast við

að hafa sagt ákærða Degi Gíslasyni að hita tjöruna í hásetaklefanum.

Með atferli sínu, því er að framan er lýst, hafa ákærðu, sem báðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna og hvorugur áður hefir sætt refsingu fyrir lagabrot, gert sig seka í vítaverðu gáleysi, er Guðmundur Lárusson hefir hlotið bana af, og er þetta brot þeirra af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 200. gr. hegningarlaganna; þykir refsing Dags Gíslasonar hæfil. ákveðin 50 kr. sekt til landssj. eða 15 daga einfalt fangelsi ef sektin er ekki greidd á réttum tíma, og refsing Einars Jóhannessonar 80 kr. sekt til sama sjóðs, eða til vara 24 daga einfalt fangelsi. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Svo ber og hinum ákærðu in solidum að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærsla við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Einar Jóhannesson greiði 80 kr. sekt til landssjóðs eða sæti 24 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd á ákveðnum tíma. Að öðru leyti skal aukaréttardóminum óraskað. Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, Odds

Gíslasonar og Eggerts Claessens yfirréttarmálaflutningsmanna, 15 kr. til hvors.

Ídæmd gjöld greiðist áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 31. maí 1915.

Nr. 26/1915. Jes Zimsen
f. h. h/f. P. J. Thorsteinsson & Co.
gegn
Eggerti Briem.

Dómur:

Mál þetta er, samkvæmt ómótmæltri skýrslu stefnda Eggerts bónda Briem, og öðrum gögnum svo vaxið sem nú skal greina: Með skuldabréfi, dags. 3. sept. 1908, hafði áfrýjandi P. J. Thorsteinsson & Co. tekið 100000 kr. að láni hjá stefnda. Lánið skyldi afborga árlega með jöfnum afborgunum $^1/_{40}$ hluta upphaflegrar lánsupphæðar, eða, með 2500 kr. á ári. Sem vexti skyldi áfrýjandi greiða 5% á ári. auk 1% dráttarvaxta væru skil eigi gjörð á réttum tíma. Afborgun og vexti skyldi greiða 1. júní ár hvert, í fyrsta skifti 1. júní 1909. Höfuðstóllinn skyldi allur vera afturtækur, ef áskilin ársafborgun og vextir væru eigi greidd stefnda í síðasta lagi innan 3 mánaða frá því er hann hefði skriflega krafið áfrýjanda

um áfallna greiðslu. Til tryggingar nefndum skuldbindingum hafði áfrýjandi veðsett stefnda með 1. veðrétti jörðina Viðey í Seltjarnarneshreppi 261.4 hndr. ný, að undanskilinni nánar tiltekinni lóðarspildu í suðurhorni eyjarinnar, alla áhöfn á jörðinni, öll hús og alt annað sem eigninni fylgir og fylgja ber. Veðskuldabréfið var fyrirfram innritað til þinglesturs 5. sept. 1908, en um þinglestur þess er ekki getið.

Áfrýjandi greiddi áskildar afborganir og vexti til 1. júní 1913. Síðasta greiðsla hans fór fram 2. júní það ár, og hafði hann þá afborgað alls 12500 kr., en 87500 kr. stóðu eftir. Nokkru eftir gjalddaga 1914, eða 10. júní það ár, skoraði stefndi skriflega á áfrýjanda að greiða þá áfallna ársafborgun og vexti innan 3 mánaða, en er ekki varð úr greiðslu, lét stefndi gera fjárnám í veðinu og síðan setja veðið til uppboðs, og var 3. uppboð haldið 16. okt. f. á. Hæsta boð í veðið gerði málaflutningsmaður einn í Reykjavík fyrir hönd banka í Kaupmannahöfn, og nam það 60000 kr. Veðið var þó eigi slegið hæstbjóðanda, með því að stefndi hefði áskilið sér í uppboðsskilmálunum þriggja daga frest til þess, hvort heldur að samþykkja hæsta boð, eða fá veðið útlagt sér til eignar »fyrir hæsta boð«, ef eigi yrði boðið nægilega mikið í veðið til þess að fullnægja kröfum hans, og skyldi líta svo á, sem áfrýjandi hefði borgað við hamarshögg jafnmikið af skuld sinni og boðið nam. Stefndi lét leggja sér veðið út til eignar og höfðaði síðan mál á hendur áfrýjanda fyrir gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu dags. 27. janúar þ. á. til greiðslu mismunar á upphæð kröfu sinnar á

hendur áfrýjanda og nefndu hæsta boði. En 16. okt. 1914 taldi stefndi sig hafa átt hjá áfrýjanda, að meðtöldum vöxtum, dráttarvöxtum og áföllnum fjárnáms og uppboðskostnaði alls 94017 kr. 14 aura, eða, að hæsta boði í veðið frádregnu, 34017 kr. 14 aura.

Málið var dæmt í gestaréttí nefndrar sýslu 6. f. m. með þeim úrslitum, að áfrýjandi skyldi greiða stefnda 34017 kr. 14 aura með 5% ársvöxtum og 1% dráttarvöxtum frá 16. okt. f. á. og lúka málskostnað að skaðlausu.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. f. m. og krafist algerðrar sýknunar og málskostnaðar fyrir báðum réttum af hendi stefnda, en stefndi hefir af sinni hálfu krafist staðfestingar dómsins og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Áfrýjandi hefir í héraði og yfirdómi fært þá einu stæðu fyrir dómkröfum sínum, að stefndi, sem hafði ekki gert neitt boð í veðið á uppboðinu, hafi með því að láta leggja sér veðið út til eignar að svo vöxnu máli tekið það sem fullnaðarborgun á allri kröfu sinni. En sú varnarástæða á eigi við rök að styðjast, og þar sem áfrýjandi hefir eigi mótmælt kröfum stefnda að öðru leyti, hvorki upphæð skuldareftirstöðva, vaxta, dráttarvaxta né málskostnaðar, þá verður að samþykkja gestaréttardóminn í öllum greinum, en hvorki fjárnámi né uppboði hefir verið áfrýjað. Samkvæmt úrslitum þessum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Jes Zimsen f. h. h/f. P. J. Thorsteinsson & Co. greiði stefnda, Eggerti bónda Briem 25 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júní 1915.

Nr. 17/1915. Jóhann dómkirkjuprestur Þorkelsson gegn Oddi Gíslasyni f. h. Föns Örslevsveitar.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi, Oddur yfirréttarmálaflutningsmaður Gíslason, að fengna gjafsóknarleyfi, sem skipaður málaflutningsmaður Föns-Öslev-sveitar á Fjóni í Danmörku gegn áfrýjanda Jóhanni dómkirkjupresti Þorkelssyni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, dags. 1. sept. f. á., til greiðslu alt að 4000 kr. skaðabótum út af því, að áfrýjandi hafði gift Rasmus nokkurn Jörgen Knudsen, framfærsluskyldan mann í Föns Örslevsveit, er þegið hafði þar

fátækrastyrk bæði fyrir og eftir hjónavígsluna, en ekki haft samþykki nefndrar sveitar sinnar til giftingarinnar.

Málinu lauk fyrir bæjarþinginu með dómi 21. jan. þ. á. á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda f. h. Föns-Örslevsveitar 972 kr. 57 aura með 5% vöxtum frá 6. ágúst f. á. Málskostnaður var feldur niður en stefnda gerð 25 kr. málflutningslaun af almannafé.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 25. febrúar þ. á., og krefst hann algerðrar sýknunar og málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir, að fenginni gjafsókn og gjafvörn, áfrýjað bæjarþingsdóminum af sinni hálfu með gagnstefnu, dags. 1. maí, og krefst hann aðallega þess, að sér verði dæmdar alt að 4000 kr. skaðabætur, en til vara, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og málskostnaðar eftir mati yfirdómsins.

Áfrýjandi gaf nefndan Rasmus J. Knudsen og Agötu nokkra Guðmundsdóttur saman 17. maí 1911, en haustið 1909 hafði R. J. Knudsen verið hjálpað um 45 kr. af fátækrafé Reykjavíkur, og hafði Föns og Örslevsveit, sem sannað er um að sé framfærslusveit hans, endurgoldið bæjarsjóði Reykjavíkur þá upphæð snemma á árinu 1910. Þau Rasmus J. Knudsen og Agata Guðmundsdóttir höfðu, að því er áfrýjandi hefir skýrt frá, eignast 2 börn, áður en þau gengu í hjónabandið, annað 9. marz 1908 og hitt 20. júlí 1909, og þriðja barnið af völdum R. J. Kundsens hafði Agata gengið með, er

þau áttust, enda fæddist þeim barn 7. okt. 1911. Fjórða og síðasta barn þeirra hjóna fæddist 16. marz 1913. Það er enginn ágreiningur um það, að ekki hafi verið leitað samþykkis Föns og Örslevsveitar til hjónabands þeirra R. J. Knudsens og Agötu Guðmundsdóttur. Stefndi hefir haldið því fram ómótmælt, að áfrýjandi hafi jafnvel ekkert gert til þess að grenslast eftir því, hvort þau R. J. Knudsen og Agata Guðmundsdóttir hefðu þegið sveitarstyrk, ekki einu sinni spurzt fyrir um það hjá fátækranefndinni í Reykjavík, þar sem ætla má, að þau hafi dvalið nokkur ár og jafnvel búið saman, hvort þau hefðu þegið hér í bæ, og hefir stefndi því til sönnunar lagt fram bréf frá borgarstjóra Reykjavíkur dags. 16. júní 1913. Árið 1912 hafði R. J. Knudsen enn verið hjálpað af fátækrasjóði Reykjavíkur um 102 kr., 1913 um 577 kr. 57 aura og 1914 fram að 16. júlí um 293 kr. eða alls eftir hjónavíxluna um 972 kr. 57 aura, og er það upphæð sú, sem áfrýjanda er gert að greiða stefnda með bæjarþingsdómnum.

Af því sem hér er sagt þykir ljóst, að áfrýjandi hafi ekki gætt skyldu sinnar samkv. 10. lið 3. gr. tilsk. 30. apríl 1824 sbr. konungsbréf 7. des. 1827 og 62. gr. fátækralaganna 10. nóvbr. 1905. Og nú með því að svo var ástatt um hagi þeirra R. J. Knudsens og Agötu Guðmundsdóttur, að sérstök hvöt virðist hafa verið til þess að kynna sér, hvort þau stæðu í óbættri sveitarskuld, en ekkert virðist hafa verið gert í því efni, þá verður ekki komist hjá því, að dæma áfrýjanda til að bæta stefnda fyrir hönd Föns

og Örslevsveitar tjón það, sem sveitin hefir beðið af svo gallaðri hjónavixlu.

Að því er snertir upphæð skaðabótanna, þá hefir stefndi haldið því fram, að dæma beri áfrýjanda til að borga 3027 kr. 43 aura í viðbót við ofannefndar 972 kr. 57 aura og skírskotað kröfu sinni til stuðnings til lögjöfnunar frá 8. gr. ofannefndra fátækralaga, en sú viðaukakrafa á ekki við rök að styðjast, þegar af þeirri ástæðu, að svo mikill skaði er ekki sannaður af verki áfrýjanda enda slík lögjöfnun óheimil.

Og er þá að líta á það, hvern skaða Föns-Örslev sveit hefir beðið af hjónavígslu áfrýjanda. Eins og þegar er tekið fram, má telja sannað, að R. J. Knudsen hafi verið hjálpað af fátækrafé Reykjavíkur eftir að þau Agata áttust og fram til 16. júlí f. á. um alls 972 kr. 57 aura. Af upphæð þessari hefir Föns-Örslevsveit verið skylduð til að endurgreiða bæjarsjóði Reykjavíkur 450 kr. 75 aura með úrskurði innanríkisráðherra Dana gengnum 12. des. 1913, að tilhlutun Stjórnarráðs Íslands í bréfi dags. 6. sept. s. á., sbr. bréf stiftamtmannsins á Fjóni, dags. 17. des. 1913. Og þó að Föns-Örslevsveit kunni eigi enn að hafa staðið Reykjavíkurbæ skil á nefndri upphæð, svo sem haldið hefir verið fram af hendi áfrýjanda, þá kemst áfrýjandi eigi fyrir þá sök hjá að bæta stefnda hana. Hvað snertir afganginn 521 kr. 82 aura, þá lýsa málsskjölin því ekki að Föns-Örslevsveit hafi verið krafin um endurgreiðslu á honum og því síður hinu, að nefndri sveit hafi verið gert að greiða Reykjavíkurbæ hann. Og nú þó að skilja

megi ofangreint bréf stiftamtmannsins á Fjóni, sem auðsjáanlega er ófullkomið eins og það birtist í dómsgerðunum, svo sem Föns-Örslevsveit sé skylduð til þess að endurgreiða Reykjavíkurbæ eigi að eins þá áfallinn framfærslustyrk R. J. Knudsens heldur og framvegis áfallandi styrk honum til handa, þá væri þó eigi með því skorið úr lögmæti hvers viðbótarstyrks, heldur heyrir úrgreiðsla ágreinings um það efni samkv. 76. gr. fátækralaganna undir ráðherra Íslands og innanríkisráðherra Dana, en meira tjón en stefndi bíður í raun og veru verður áfrýjandi ekki dæmdur til að bæta. Verður því að sitja við það í þessu máli að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 450 kr. 75 aura, en þá upphæð verður áfrýjandi að greiða án afdráttar með því að eigi þykir fært að taka til greina þá vara-varnarástæðu hans, að honum beri, auk fulls meðlags með barni því er R. J. Knudsen gat við konu sinni í hjónabandi, að eins að greiða hálft meðlag með hverju hinna.

Um málskostnað í héraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður í yfirdómi falli niður. Skipuðum málsvara Föns- og Örslevsveitar, er flutt hefir málið forsvaranlega, greiðist 25 kr. málfærslulaun af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Jóhann Þorkelsson dómkirkjuprestur greiði stefnda, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni f. h. Föns-Örslevsveitar 450 kr.

75 aura með 5% ársvöxtum frá 6. ágúst 1914. Um málskostnað í héraði, skal bæjarþingsdómnum óraskað. Málskostnaður í yfirdómi falli niður. Yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni greiðist 25 kr. málflutningslaun af almannafé.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júlí 1915.

Nr. 27/1915.

Björn Líndal
fyrir hönd
Hólmgeirs Þorsteinssonar
gegn
Sigurjóni Friðjónssyni.

Dómur:

Með því að innsigli stefnuvottanna vantar undir vottorð um birtingu áfrýjunarstefnunnar fyrir stefnda Sigurjóni Friðjónssyni, sem hvorki mætti né lét mæta í yfirdóminum, er málið kom þar fyrir og var tekið undir dóm, verður, samkvæmt niðurlagi 20. gr. tilsk. 3. júní 1796 að frávísa stefnunni ex officio, og fellur málskostnaður þá niður, eftir því sem á stendur.

Því dæmist rétt vera:

Stefnunni í máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Mánudaginn 19. júlí 1915.

Nr. 33/1915. Jóhann Jónsson
gegn
Kristínu Pétursdóttur.

Dómur:

Mál þetta, sem frávísunardómur gekk í 10. maí þ. á., fyrir þá sök, að dómurum þess hafði eigi verið stefnt til yfirdóms, er nú að nýju komið fyrir yfirdóm samkvæmt stefnu 11. maí. En þar sem þess er eigi getið í birtingarvottorði stefnuvottanna, að staður sá, er stefndu, Kristínu Pétursdóttur, var birt stefnan á, hafi verið heimili hennar, og enginn hefir mætt af hennar hendi, þá verður ekki komist hjá því, samkvæmt N. L. 1—4—2 og 22. og 20. gr. tilsk. 3. júní 1796 að frávísa stefnunni ex officio. Og er þá ekki um ómaksbætur að ræða.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Mánudaginn 19. júlí 1915.

Nr. 34/1915. Valdstjórnin
gegn
Haraldi Jónssyni.

Dómur:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, gengnum 3. apríl þ. á. var Haraldur Jónsson trésmiður dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs fyrir brot á 7. sbr. 11. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi, og til að greiða allan kostnað sakarinnar, en dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu valdstjórnarinnar.

Það er sannað, meðal annars með játningu kærða, sem hefir trésmíðaverkstæði hér í bænum, og sem því er einn í tölu þeirra manna, sem hefir rétt til innflutnings áfengis, samkvæmt 2. gr. aðflutningsbannslaganna, að hann hafi 11. febrúar þ. á. á verkstofu sinni blandað til drykkjar $^3/_8$ hl. líters af spiritus concentratus til helminga með vatni, að hann hafi þar neytt nokkurs af blöndu þessari með 2 mönnum og farið síðan með afganginn framundir $^3/_4$ hl. líters í hús eitt í Þingholtsstræti og neytt hans þar með nefndum 2 mönnum og 2—3 öðrum, er þar voru fyrir. En á spirituseign kærða stóð svo, að hann hafði, eftir því sem hann hefir sjálfur borið, og annara skýrslna hefir ekki verið afiað, keypt fyrir síðastliðið nýár til smíða í lyfjabúðinni hér í bænum gegn læknisseðli 1500 grömm af spiritus concentratus og átti ekki annað eftir af honum nefndan mánudag

en þá $^{3}/_{8}$ l., sem í drykkjarblönduna fór. Fyrir þetta atferli var kærði sakaður um brot á 7. sbr. 11. gr. aðflutningsbannslaganna og síðan dæmdur fyrir brot á þeim greinum svo sem áður segir, en fyrir brot á 1. mgr. 8. gr. hefir hann ekki verið kærður.

Því hefir verið haldið fram af hendi kærða, að spíritusinn, sem látinn hafi verið út gegn læknisseðli og blönduna úr honum beri að skoða sem læknislyf, en læknislyf séu undanþegin flutningsbanni um landið. Þá hefir því og verið haldið fram kærða til varnar, að aðflutningsbannslögin taki ekki til flutninga án sérstakra flutningstækja, og hvað sem því líði, þá geti flutningur á milli húsa í kaupstað eða kauptúni ekki talist flutningur um landið.

Það er nú að vísu svo, að ætla má, að spiritus sá, er hér ræðir um, hafi verið fenginn gegn læknisseðli en hann getur, þegar af þeirri ástæðu, ekki talist læknislyf, að hann var, samkvæmt eigin játningu kærða, fenginn til smíða, enda alt af geymdur á verkstæði hans, og þótt flytja megi jafnvel áfeng læknislyf um landið, samkvæmt niðurlagi 7. gr., þá virðist samkvæmt hlutarins eðli, anda laganna og öllu samanhengi að eins átt við flutning áfengs læknislyfs frá lækni eða lyfjabúð til sjúklings, en ekki við flutning áfengis, er heilbrigðir menn nota sér til nautnar, þótt upprunalega hafi aflað verið — löglega eða ólöglega — fyrir meðalgöngu læknis. Ekki verður heldur fallist á það, að aðflutningsbannslögin banni að eins flutning áfengis með sérstökum flutningstækjum, enda færi lögmæti áfengisflutnings þá eftir burðarmagni hvers flytjanda, en til þess hafa

aðflutningsbannslögin vafalaust ekki ætlast, enda slíkt fráleit niðurstaða. Og að því er þriðju varnarástæðuna snertir, þá bendir ekkert í aðflutningsbannslögunum til þess, að þau taki síður til kaupstaða og kauptúna heldur en til sveita, enda er eigi að eins bannaður »flutningur um landið«, heldur og flutningur »burt af heimili eiganda« sbr. 2. málsgrein 11. gr. Og nú með því að aðflutningsbannslögin banna með tvímælalausum orðum flutning áfengis, nema alveg sérstaklega standi á, sbr. 7. gr. laganna, og það auðvitað í því skyni *að* girða svo sem kostur er á fyrir óleyfilegan innflutning áfengis í landið og óleyfilega afhendingu þess innanlands, en skoða verður spírituseign kærða 11. febr. þ. á., er stafaði frá fyrra ári, og drykkjarblöndu þá, er hann bjó til úr spíritusnum, sem venjulegt áfengi, þá verður ekki komist hjá að sekta kærða fyrir flutninginn og jafnframt leggja málskostnað á hann, svo sem héraðsdómarinn hefir gert. Ber því að staðfesta lögréttardóminn að öllu leyti. Þá ber ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun í yfirdómi sækjanda og verjanda 15 kr. hvorum.

Það athugast að eftirrit af læknisseðlinum fyrir spírituskaupum kærða fylgir ekki dómsgerðunum. Og aðfinsluvert er, að héraðsdómarinn hefir ekki vottað um lögmæti reksturs málsins, svo sem gera ber samkvæmt 35. gr. tilsk. 3. júní 1796. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í héraði verið vítalaus og flutningur þess í yfirdómi lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á óraskaður að vera. Kærði Haraldur Jónsson greiði áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun í yfirdómi sækjanda og verjanda yfirréttarmálaflutningsmönnunum Oddi Gíslasyni og Eggert Claessens 15 kr. hvorum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júlí 1915.

Nr. 6/1915. Kristín Stefánsdóttir
gegn
Skiftaráðandanum í Suður-Múlasýslu
Guðmundi sýslumanni Eggerz,
f. h. dánarbús Þórarins Hávarðsonar,
Sigfúsi Sveinssyni o. fl.

Dómur:

Ágreiningsefnið í máli þessu er risið út af líftryggingu, sem Þórarinn nokkur Hávarðsson, sjómaður í Norðfirði, keypti í maí 1907 hjá lífsábyrgðarfélaginu »Dan«. Vátryggingarupphæðin nam 2000 kr., eða 1600 kr., ef Þórarinn druknaði í sjó, og skyldi ganga til erfingja hans. 25. nóv. samæris hafði Þórarinn verið gerður gjaldþrota, en ekki hafði búið

hreyft við nefndri vátryggingu. Þórarinn druknaði í sjó 11. marz 1911, og 28. apríl s. á. var bú hans skrifað upp og virt, en vátryggingarféð var ekki talið meðal eigna búsins, og yfir höfuð ekki minst á það fyr en á skiftafundi 29. des. 1913, eina skiftafundinum, sem haldinn var í búinu. Þar er vátryggingarupphæðin, 1600 kr., talin meðal eigna búsins, er námu alls 2173 kr. 60 aur. Áfrýjandi Kristín Stefánsdóttir, ekkja hins látna, hafði sent umboðsmann á skiftafundinn, og hann krafðist þess að vátryggingarféð væri afhent áfrýjanda f. h. erfingjanna, áfrýjanda og barna þeirra Þórarins. En því mótmælti skuldheimtumaður sá, er einn hafði sótt fundinn, og skiftaráðandinn, sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu, úrskurðaði þá þegar, með skírskotun til 30. gr. í lögum nr. 7, 13. apríl 1894, að krafa áfrýjanda yrði ekki tekin til greina.

Úrskurði þessum, og skiftunum yfirleitt hefir áfrýjandi, að fengnu uppreistarleyfi 27 janúar 1915, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 2. febr. þ. á. Krefst áfrýjandi þess, að úrskurðurinn og skiftin verði ónýtt, vátryggingarupphæðin tildæmd erfingjum Þórarins og málskostnaður lagður annaðhvort á skiftaráðanda einn eða in solidum á hann og hina aðra stefndu, þá kaupmennina Sigfús Sveinsson, Stefán Stefánsson, Konráð Hjálmarsson, Pálma Pálmason, Svein Stefánsson, Ara Marteinsson og Sigurð Stefánsson, alla til heimilis á Norðfirði, og verzlun C. D. Tulinius á Eskifirði.

Hinir stefndu hafa eigi gefið sig fram í yfirdómi og var þó öllum löglega stefnt, nema Konráði Hjálm-

arssyni. Um stefnuna á hendur honum geta stefnuvottarnir þess, að hún hafi verið birt fyrir nafngreindum verzlunarstjóra hans, þar eð Konráð hafi eigi verið heima, en birtingarstaðar er eigi getið. Ber því að vísa stefnunni frá, að því er Konráð Hjálmarsson snertir, en ekki þykir rétt að frávísa málinu fyrir þá sök að öðru leyti, enda kom Konráð kaupmaður ekki fram sem málsaðili við meðferð úrskurðaratriðisins á skiftunum. Þá þykir heldur ekki þurfa að frávísa málinu vegna þess, að skiftagerðunum fylgja hvorki auglýsingar um skiftainnköllun, sem taldar eru fylgja skiftagerðunum, né um skiftafundinn. Verður málið því dæmt samkvæmt N. L. 1—2—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796 eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Þó verða skjöl þau, er fram hafa verið lögð í yfirdómi af nýju af hendi áfrýjanda, en án þess að leyfis hafi verið aflað til þess, ekki tekin til greina.

Það sést ekki beint í skiftagerðunum, hvort farið hefir verið með dánarbú Þórarins heitins Hávarðssonar eftir 3. eða 4. kap. skiftalaganna 12. apr. 1878, enda fylgja innköllunarauglýsingar ekki málskjölunum, svo sem þegar er getið. En þó að ætla megi, að farið hafi verið með búið eftir 3. kap. skiftalaganna, þá mátti samkvæmt 33. gr. gjaldþrotalaganna 13. apríl 1894 ekki beita 30. gr. nefndra laga eða yfir höfuð sérákvæðum laganna, nema því að eins, að einhver skuldheimtumanna hefði heimtað gjaldþrotaskifti á búinu, en um það finst enginn vottur í skiftagerðunum. Verður því, þegar af þeirri átæðu, að ónýta hinn uppkveðna úrskurð og ber skiftaráð-

anda að setja búið í samt lag og þá er úrskurðurinn gekk, og halda því síðan fram til löglegra skifta. Málkostnaður í yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Að því er snertir Konráð Hjálmarsson vísast málinu frá yfirdóminum. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði úrskurður og eftirfarandi meðferð búsins ómerk að vera og vísast skiftunum heim í hérað til nýrrar löglegrar meðferðar.

Málskostnaður í yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 19. júlí 1915.

Nr. 35/1915.

Gísli J. Ólafsson
gegn
Birni Kristjánssyni
og Birni Sigurðssyni
fyrir hönd Landsbankans.

Dómur:

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, gengnum 8. apríl þ. á. voru stefndu bankastjórar Landsbankans Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson, er áfrýjandinn Gísli J. Ólafsson hafði lögsótt til greiðslu 1000 kr. sparisjóðsinnstæðu í bankanum með 4% vöxtum

frá 3. júní 1913 til 22. maí 1914 og með 5% vöxtum upp þaðan til greiðsludags, sýknaðir af kærum og kröfum áfrýjanda, en málskostnaður var feldur niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdóms með stefnu dags. 25. maí þ. á. og krefst hann þess, að kröfur sínar fyrir bæjarþinginu verði teknar til greina og sér tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, en hinir stefndu krefjast þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, en um málskostnað þeim til handa í héraði verður ekki að ræða, þegar af þeirri ástæðu, að þeir hafa ekki gagnáfrýjað bæjarþingsdómnum.

Málavextir eru samkvæmt málsskjölunum, að 3. júní 1913 er skrifað í viðskiftabók áfrýjanda við Landsbankann, sem ber nr. 7348 og hljóðar á nafn hans: »Inn tvö þúsund kr.« en út undan þessum orðum í sömu línu stendur í samlagningardálki bókarinnar »1000« og nöfn tveggja starfsmanna bankans, gjaldkera og eins aðstoðarmanns bókara, undir línunni innanstriks við samlagningardálkinn. Fyrir ofan nefndar 1000 kr. stendur í samlagningardálki bókarinnar: 8200 kr. 62 aur., inneign áfrýjanda áður en inngreiðslan 3. júní 1913 fór fram, og fyrir neðan 9200 kr. 62 aur., samlögð upphæð fyrverandi innstæðu áfrýjanda og nefndrar tölustafaðrar inngreiðslu. Áfrýjandi gerði eigi vart við þessa ósamkvæmni um innritunina 3. júní 1913 hjá bankastjórunum fyr en síðast í apríl 1914, og krafðist þá um leið leiðréttingar á henni. Bankinn varð ekki við tilmælum

áfrýjanda um greiðslu 1000 kr. þeirra, er milli bar hinnar bókstöfuðu og tölustöfuðu inngreiðslu nefndan dag, enda kærði áfrýjandinn hina stefndu til sátta 22. maí 1914.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar aðallega á því, að alla áherzlu beri að leggja á bókstöfuðu upphæðina, enda hafi bókari og gjaldkeri sparisjóðs undirskrifað hana eina, og sé kvittun þeirra ein út af fyrir sig samkvæmt 28. gr. reglugerðar Landsbankans 18. okt. 1911 full sönnun fyrir greiðslunni. Hinir stefndu halda því hinsvegar fram, sér til varnar, að lægri upphæðin, 1000 kr., sé ein tilfærð í öllum bókum bankans, að bókstafaða talan í viðskiftabók áfrýjanda sé misskrift, að bankanum beri, samkvæmt 38. gr. reglugerðar sinnar að eins að svara til lægri upphæðarinnar, enda hafi áfrýjandi sagt alt of seint til ósamkvæmninnar um upphæð inngreiðslunnar 3. júní 1913.

Það verður ekki fallist á það. að bókstafaða upphæðin, ein út af fyrir sig, skeri úr, eins og hér stendur á, enda hafa þeir bókari og gjaldkeri, undirskrifað alla linuna í viðskiftabók áfrýjanda um inngreiðslu hans 3. júní 1913, og þá einnig tölustöfuðu upphæðina 1000 kr., og 28. gr. bankareglugjörðarinnar á vitanlega aðeins við kvittun undir sjálfu sér samkvæma innfærslu. Þó virðist meira leggjandi upp úr bókstafaðri upphæð heldur en tölustafaðri, er milli ber sem hér. En þó er aftur á það að líta, að áfrýjandi átaldi ósamkvæmnina ekki fyr en nálægt 11 mánuðum eftir að margumrædd inngreiðsla hafði farið fram, enda þó að oft hefði verið farið með

bókina í bankann á þeim tíma. Áfrýjandi hefir gert grein fyrir því, hvernig á þeim drætti stóð, en bókstöfun hærri upphæðarinnar, ein út af fyrir sig, sker samt ekki úr. Á hinn bóginn verður engin ályktun, bein eða óbein, dregin af 38. grein bankareglugerðarinnar, sem stefndu hafa vitnað til. Og ekki virðist hér heldur stuðningur að 6. gr. víxil-laganna 13. jan. 1882 og 6. gr. tjekklaganna 8. nóv. 1901, enda verður nafnfest viðskiftabók við sparisjóði tæpast skoðuð sem viðskiftabréf, sízt á borð við víxla og tjekka. Ekki þykir heldur leggjandi upp úr því, að tölunum í heimabókum sparisjóðs ber saman, þar sem ætla má að tölurnar séu, hver í sínu lagi, runnar úr sama stað. Og nú með því að ekki verður, samkvæmt því sem að framan segir, ráðið af áminstri innfærslu 3. júní 1913 í viðskiftabók áfrýjanda, hvort hann hafi þann dag lagt inn á bókina hina meiri eða minni þar greindra upphæða, og með því að honum hefir eigi tekist að færa sönnur á það á annan hátt, að hann hafi greitt bankanum hina meiri upphæðina, verður að fallast á það, að undirdómarinn hefir sýknað hina stefndu, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig ákvæði hans um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinir stefndu bankastjórar, Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson fyrir hönd Landsbankans, eiga að vera sýknir af kröfum áfrýjanda, Gísla J. Ólafssonar símstjóra. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi hinum stefndu með 25 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 26. júlí 1915.

Nr. 15/1915. Sturla Jónsson
gegn
Magnúsi Vigfússyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi, Magnús bóndi Vigfússon á Þingeyrum, gegn áfrýjandanum, Sturlu kaupmanni Jónssyni í Reykjavík, fyrir gestarétti Húnavatnssýslu, út af kauparétti á Þingeyrareignum, og var það dæmt í gestaréttinum 5. febrúar þ. á. á þá leið, að Sturla Jónsson var sýknaður fyrir kröfum Magnúsar Vigfússonar, og Magnús skyldaður til að greiða upp í málskostnað kr. 59.50 aura, en að öðru leyti var málskostnaður látinn falla niður. Gestaréttardómi þessum hefir Sturla Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 22. febr. þ. á. og krafist þess,

að dómurinn verði staðfestur og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Við fyrstu fyrirtekt málsins í yfirdóminum lét stefndi mæta, fekk frest og málskjölin léð, en við næstu fyrirtekt málsins, að þeim fresti liðnum, mætti stefndi ekki og enginn af hans hendi. Áfrýjandi mætti þá og krafðist dóms í málinu og var málið tekið upp til dóms. Skjöl málsins, er voru í vörslum stefnda, fekk yfirdómurinn frá honum 28. f. m. Stefndi hefir engin andsvör veitt í málinu og verður því að taka kröfur áfrýjanda til greina um staðfesting gestaréttardómsins, en það þykir eigi vera ástæða til þess að dæma stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður. Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 26. júlí 1915.

Nr. 18/1915. Jón Felixson
gegn
Einari Þorgilssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í héraði af stefnda, Einari kaupmanni Þorgilssyni, gegn áfrýjanda, Jóni bónda Felixsyni, út af verzlunarskuld, og var því ráðið til lykta með gestaréttardómi Hafnarfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 2. febr. þ. á. á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda 32 kr. 55 aura með 6% vöxtum frá 27. okt. f. á. og 6 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir Jón Felixson skotið til yfirdómsins, með stefnu dags. 5. marz þ. á., og hefir hann fengið gjafsókn til áfrýjunarinnar. Gjörir hann þær réttarkröfur fyrir yfirdóminum, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnda, og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu fyrir yfirdómi, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál. Af sinni hálfu hefir stefndi, Einar Þorgilsson kaupmaður, krafist þess í málinu, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og honum verði tildæmdur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Samkvæmt verzlunarreikningi stefnda til áfrýjanda, er virðist vera útgefinn 15. sept. 1911, telur stefndi áfrýjanda skulda sér 40 kr. 55 aura. Áfrýjandi taldi reikninginn rangan í tveimur atriðum. Í fyrsta lagi telur hann að mjólk, er hann seldi stefnda og færð er honum tekjumegin í reikningnum, sé vantalin um 124 potta, og í öðru lagi telur hann verð hvers mjólkurpotts sett 2 aurum of lágt í reikningnum, þareð verð mjólkurpottsins er sett 16 aurar, en áfrýjandi vill fá 18 aura fyrir pottinn. Að því er fyrra atriðið snertir, hafði áfrýjandi átt tal um það

við stefnda, skömmu eftir að hann fekk reikninginn og bætti stefndi honum þá upp mjólkurreikninginn með 8 kr., andvirði 50 potta á 16 aura. Kemur þá fram dómskuldin 32 kr. 55 aur. Áfrýjandi hefir nú eigi sannað það að hann hafi flutt meiri mjólk til stefnda en af honum er viðurkent, og er það engin sönnun í því efni, þó það megi teljast viðurkent, að hann hafi flutt mjólkina daglega á 10 potta brúsum, því að eigi er sannað að brúsarnir hafi jafnan verið fullir, enda segir stefndi að hið gagnstæða hafi jafnaðarlega átt sér stað, og hinsvegar er dagatalan ekki heldur ábyggilega sönnuð. Um hitt atriðið, mjólkurverðið, virðist eigi hafa verið öðruvísi samið milli málsaðila, en að áfrýjandi skyldi fá það verð, sem venjulegt væri í Hafnarfirði, en nú virðist það sannað, að venjulegt innkaupsverð mjólkur í Hafnarfirði hafi verið 16 aurar á pottinum á þeim tíma, er viðskifti málsaðila áttu sér stað. Kröfur áfrýjanda í málinu, sem eingöngu eru rökstuddar með ofangreindum vefengingum á verzlunarreikningnum, eiga því ekki við rök að styðjast, og þar sem þær að engu leyti verða teknar til greina, ber að staðfesta gestaréttardóminn í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum kemst áfrýjandi eigi hjá að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 kr.

Að því leyti málið hefir verið sótt með gjafsókn, vottast, að málfærslan hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. —

Afrýjandi, Jón Felixson, greiði stefnda, Einari Þorgilssyni, 15 kr. í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. júlí 1915.

Nr. 48/1914. Garðar Gíslason fyrir hönd verzlunarinnar »Dagsbrún« gegn Sveini Björnssyni f. h. J. Goldstein & Sön.

Dómur:

Áfrýjandi þessa máls, Garðar Gíslason kaupm. fyrir hönd verzlunarinnar »Dagsbrún«, var með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 18. júní f. á. dæmdur til að greiða stefnda, Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, fyrir hönd Goldstein & Sön í Kaupmannahöfn 225 kr. 30 aur. fyrir vörur með 5% ársvöxtum frá 1. sept. 1913 til borgunardags, og 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 25. nóv. f. á. og krafist þess, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir undirréttinum verði teknar til

greina, sérstaklega krafa hans um algerða sýknun í málinu og málskostnað fyrir undirrétti. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi krefst af annari hálfu að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi, eftir mati réttarins.

Vörur þær, sem stefndi krefst borgunar fyrir í þessu máli, keypti áfrýjandi í maí og nóvember 1911 frá verzlun stefnda og greiddi andvirði þeirra, hina umstefndu upphæð 225 kr. 30 aura, umboðsmanni stefnda hér í bænum, A. Sörensen umboðssala. Þessa greiðslu telur stefndi ógilda og heimildarlausa, af því að Sörensen, þótt hann væri umboðsmaður hans við vörupantanir, hafi ekkert umboð haft til að taka við og kvitta fyrir andvirði varanna, og með því að Sörensen hafi eigi staðið sér skil á upphæðinni, komist áfrýjandi ekki hjá að greiða sér hana,

Af hálfu áfrýjanda er því hinsvegar haldið fram, að hann hafi átt við nefndan Sörensen um vörukaupin. Hann (Sörensen) hafi pantað vörurnar eftir munnlegri beiðni sinni, honum hafi verið sendir reikningar yfir þær, og hann hafi afhent sér þá og kvittað um leið og hann tók við borguninni, en þeir, áfrýjandi og stefndi, hafi engin bréfaskifti átt um vörukaupin, enda sé það orðin föst verzlunarvenja hér á landi, að umboðssalar, jöfnum höndum og bankar hér, taki við borgun fyrir vörur, er þeir panta, fyrir hönd umbjóðenda sinna, þó að þeir hafi eigi sérstakt umboð til þess, og að umbjóðendur hafi látið sér það vel líka, eða eigi fundið að því, en

kaupendur telji sig með slíkri greiðslu lausa allra mála. Þó að áfrýjandi þannig eigi haldi því fram, að Sörensen hafi haft beint umboð stefnda til að taka á móti og kvitta fyrir andvirði umræddra vara, lítur hann þó svo á, að hann, eftir öllum málavöxtum og eftir því hvernig stefndi hagaði sér í þessum viðskiftum, hafi haft rétt til að gera ráð fyrir, að Sörensen væri bær um að taka við greiðslunni.

Það þykir nú eigi skifta máli í þessu efni, að vörurnar, svo sem telja má sannað, voru pantaður fyrir milligöngu Sörensens, eða hvort reikningar yfir vörurnar, svo sem áfrýjandi fullyrðir og stefndi hefir eigi hrakið, voru afhentar áfrýjanda af Sörensen, en eigi sendar honum beint frá stefnda. En úrslit málsins virðast velta á því, hvort vörurnar voru sendar áfrýjanda beint, eða þær voru sendar Sörensen til ráðstöfunar. Nú var það farmskírteinið, sem veitti umráð yfir vörunum, en í málfærslunni er það frá hvorugri hálfu beint tekið fram, hvorum stefndi hafi sent farmskírteinið, áfrýjanda eða Sörensen. En eftir vitnisburði þáverandi verzlunarstjóra »Dagsbrúnar«, er vörurnar komu hingað. sem taka verður gildan, fylgdi þeim ekkert skeyti frá stefnda til áfrýjanda, og verður að skilja það svo, að þeim hafi eigi heldur fylgt farmskírteini beint til áfrýjanda, enda kveðst hann eigi hafa getað fengið vörurnar frá skipsafgreiðslunni nema fyrir hjálp og tilstilli Sörensens. Stefndi fullyrðir að vísu, að farmskírteinið hafi verið stílað til áfrýjanda, og er það ómótmælt svo og að vörusendingin hafi verið merkt »Dagsbrún«. En með hvorugu þessu er það staðhæft, að farmskírteinið hafi

verið sent áfrýjanda, eða því neitað, að það hafi verið sent Sörensen. Neitun áfrýjanda um að hafa ekkert skeyti fengið frá stefnda með vörunum, er þannig eigi hrundið og verður þá að ætla, að stefndi hafi sent Sörensen farmskírteinið og þannig falið honum vörurnar til ráðstöfunar, eða trúað honum fyrir þeim, en að svo vöxnu máli virðist áfrýjandi hafa haft heimild til að gera ráð fyrir, að stefndi hafi einnig trúað Sörensen fyrir að taka við og kvitta fyrir andvirðinu, enda er það orðið algent, að minsta kosti í Reykjavík, að umboðssalar taki án sérstaks umboðs við borgun fyrir erlendar vörur, sem hjá þeim eru pantaðar.

Það þykir því eiga að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í þessu máli, og er þá rétt, að málskostnaður falli niður fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Garðar Gíslason fyrir hönd verzlunarinnar »Dagsbrún« á að vera sýkn af kröfum stefnda Sveins Björnssonar fyrir hönd J. Goldstein & Sön í þessu máli.

Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Mánudaginn 26. júlí 1915.

Nr. 53/1914. Sighvatur Bjarnason og H. Tofte f. h. Íslandsbanka gegn Oddi Gíslasyni.

Dómur:

Með landsyfirréttardómi uppkveðnum 23. marz f. á. var firmað P. M. Bjarnason & Co. á Ísafirði dæmt til að greiða stefnda, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni 1020 kr. 60 a. með $6^1/_2\%$ ársvöxtum frá 14. apríl 1908.

Til fullnægingar dómi þessum krafðist stefndi fjárnáms hjá firmanu og við fógetagerð, sem haldinn var í því skyni á Ísafirði 18. júlí f. á., krafðist hann meðal annars fjárnáms í brunabótafé hjá »Trondhjems Brandforsikring« að upphæð 40,000 kr. samkvæmt skírteini nr. 175869, dags. 29. okt. 1912, en með skírteini þessu voru vátrygðar vörur, verkefni, umbúðir og áhöld tilheyrandi niðursuðuverksmiðju firmans á Ísafirði, og höfðu hinir vátrygðu munir brunnið að miklu eða öllu leyti við eldsvoða í geymsluhúsi verksmiðjunnar í nóvembermánuði 1912, en sökum ágreinings milli firmans og vátryggingarfélagsins um upphæð brunatjónsins var brunabótafé þá enn ógreitt, er fjárnámið fór fram. Áfrýjendur Sighvatur Bjarnason og H. Tofte bankastjórar töldu Íslandsbanka eiga veðrétt í brunabótaupphæðinni og létu mótmæla því í fógetaréttinum, að fjárnám væri gert í henni fyrir kröfu stefnda, en með úrskurði

réttarins, uppkveðnum sama dag, var þeim mótmælum hrundið og fjárnám síðan gert samkvæmt kröfu stefnda.

Úrskurði þessum og fjárnámi hafa nefndir bankastjórar fyrir hönd Íslandsbanka skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 3. des. f. á., og krafist þess, að hvorttveggja verði dæmt ómerkt og felt úr gildi, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu. En stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og fjárnáminu og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Þar sem verjandi málsins hefir látið í ljósi, að hann vænti þess, að justitiarius Kristján Jónsson víki úr sæti í máli þessu, með því að hann hafi átt sæti í stjórn Íslandsbanka og tekið þátt í ákvörðun um áfrýjun málsins, þá skal það tekið fram, að justitiarius sat eigi í stjórn bankans, er málinu var áfrýjað, og hefir eigi sitið í henni síðar, og hann átti engan þátt í ákvörðun um áfrýjun málsins; það er því eigi ástæða til þess, að hann víki úr dómarasæti.

Með tryggingarbréfi, dags. 8. júní 1909, veðsetti nefnt firma P. M. Bjarnason & Co. Íslandsbanka til tryggingar því, er það skuldaði útbúi bankans á Ísafirði, alt að 40,000 kr. með 1. veðrétti allar þær birgðir af niðursoðnum vörum, er firmað kynni að hafa fyrirliggjandi á hverjum tíma sem er í Kaupmannahöfn og á Ísafirði, með vátryggingarupphæðum. Þegar tryggingarbréf þetta var gert, var þó engin vátrygging fengin á nefndum vörubirgðum, og framkvæmd á því virðist eigi hafa orðið fyr en haustið 1912, en þá voru vörubirgðirnar á Ísafirði með skír-

teini, dags. 29. okt., sem fyr getur, vátrygðar i nefndu brunabótafélagi, »Trondhjems Brandforsikring«, fyrir 40,000 kr., og tók firmað við skírteininu og varðveitti það þangað til eftir brunann, en þá var það fengið í hendur útbússtjóra Íslandsbanka á Ísafirði til afnota, sem gerðarmanni firmans um ágreining við brunabótafélagið um upphæð brunabótanna, og hefir skírteinið síðan verið í vörzlum bankans. Með skjali, dags. 27. apríl 1913, veitti P. M. Bjarnason, eigandi firmans, Íslandsbanka fult, ótakmarkað og óafturkallanlegt umboð til að taka við og kvitta fyrir brunabótafénu hjá »Trondhjems Brandforsikring«, svo að skuldbindandi væri fyrir firmað, og ennfremur segir í skjalinu: »Þegar bankinn hefir fengið útborgað brunabótafé, skal hann taka það sem borgun upp í skuld mína við útbú Íslandsbanka á Ísafirði«, og síðan hefir P. M. Bjarnason sjálfur komist svo að orði við vitnaleiðslu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 27. maí þ. á., að hann hafi »afhent Íslandsbanka brunabótaskírteinið til eignar í apríl 1913«.

Stefndi heldur því fram, að með framangreindum ráðstöfunum firmans á brunabótafénu og vátryggingarskírteininu hafi Íslandsbanki eigi öðlast neinn þann rétt eða umráð yfir brunabótafénu, er geti varnað stefnda að gera fjárnám í því til fullnægingar kröfu sinni á hendur firmanu. Veðsetning brunabótafjársins í veðbréfinu 8. júní 1909 telur hann ógilda, með því að þær vörur, er sú veðsetning gat átt við, hafi eigi lengur verið eign firmans, þegar vörubirgðir þess brunnu 1912, enda hafi veðsetning birgðanna verið ólögleg samkvæmt lögum um veð 4. nóv. 1887

og þá einnig veðsetning brunabótafjársins fyrir þær. Bankinn hafi eigi heldur átt handveð í brunabótafénu, þó að hann fengi vátryggingaskírteinið í hendur, því að það hafi eigi verið afhent honum í því skyni, heldur til annara afnota í þarfir firmans, og um skjalið 27. apríl segir stefndi, að það sé eigi annað en óafturkallanlegt umboð, bygt á þeim misskilningi, að bankinn eigi veðrétt í brunabótafénu. Stefndi telur eftir þessu, að brunabótaféð hafi verið óbundin eign firmans, þegar fjárnámið fór fram 18. júlí f. á.

Á þá niðurstöðu, sem stefndi þannig kemst að, verður þó eigi fallist, en það verður að telja svo, að bankinn, hvað sem líður gildi veðbréfsins, 8. júní 1909, hafi með skjalinu 27. apríl 1913 öðlast rétt til brunabótafjársins, sem eftir málavöxtum og orðum skjalsins verður að teljast handveðréttur, þó að það sé eigi berum orðum tekið fram, því að bankinn hafði þá vátryggingarskírteinið í höndum og fekk með skjalinu heimild, óafturkallanlegt umboð, til að taka við og kvitta fyrir brunabótafénu, og var þessi heimild veitt í bankans þarfir, til þess að hann gæti notfært sér brunabótaféð til greiðslu á skuld firmans og því eigi afturtæk. Brunabótaféð var þannig eigi óbundin eign firmans, þegar fjárnámið 18. júlí f. á. fór fram, og varð fjárnám í því að eins gert að óskertum rétti bankans. En nú var það þegar í fógetaréttinum, eins og það er hér fyrir réttinum, viðurkent, að brunabótaféð nægi eigi til lúkningar skuld firmans við bankann, og brast stefnda þá heimild til fjárnáms í því. Fyrir því ber að fella hinn

áfrýjaða úrskurð úr gildi og fjárnámsgerðina að því leyti sem henni er áfrýjað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og fjárnámsgerð, að því leyti sem henni er áfrýjað, skal úr gildi felt.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 26. júlí 1915.

Nr. 8/1915.

Sveinn Björnsson
f. h. Oluf Holm
gegn
Lyder Höydal og
Jens L. Ouse.

Dómur:

Við fógetagerð í Vestmannaeyjum 10. des. f. á., sem haldinn var eftir kröfu áfrýjanda Sveins Björnssonar yfirréttarmálaflutningsmanns f. h. Oluf Holm hjá stefnda Lyder Höydal til að fullnægja landsyfirréttardómi 27. júlí s. á. í máli milli áfrýjanda og stefnda, kvað fógetinn upp úrskurð á þá leið, að frekari aðför ætti eigi fram að fara, nema fyrir að-

fararkostnaði, 15 kr. Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 13. febr. þ. á., og krafist þess, að allar kröfur hans fyrir fógetaréttinum verði teknar til greina og honum dæmdur málskostnaður, bæði fyrir fógetaréttinum og fyrir yfirdómi, en stefndu krefjast staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Með nefndum landsyfirréttardómi voru hinir stefndu dæmdir til að selja áfrýjanda í hendur birgðir af áhöldum til lýsisbræðslu o. fl., sem taldar voru í félagsslitareikningi málsaðila í desember 1911, að frátöldum nokkrum ílátum, er tilgreind voru í dómnum; svo voru og stefndu dæmdir in solidum til að greiða áfrýjanda 600 kr. fyrir afnotamissi áhaldanna og 80 kr. í málskostnað. Um verð áhalda þeirra, sem stefndu áttu að skila áfrýjanda eftir dómnum, er enginn ágreiningur milli málsaðila, en það er í skýrslu, sem lögð er fram í yfirdóminum í máli þessu talið 7671 kr. ÷ 495 kr. (andvirði íláta þeirra er frá skyldu talin) eða 7176 kr. Í fógetaréttinum greiddi Höydal, sem einn var til andsvara við fjárnámsgjörðina, ídæmdar skaðabætur, 600 kr. og málskostnað 80 kr. og fjárnámsbeiðandi viðurkendi að hann hefði tekið við svo miklu af áhöldum, er næmi 2124 kr. virði, og voru honum þannig óafhent áhöld fyrir 5052 kr., er hann krafðist að fógetinn léti stefnda afhenda sér. En þessi áhöld tjáðist Höydal eigi geta framselt, með því að þau væru eigi lengur í sínum vörslum, en megnið af þeim mundi hafa verið selt J. P. Brillouin & Co., og það eftir samkomulagi við áfrýjanda, og nokkuð af áhöldunum

mundi hafa farið í sjóinn í ofviðri veturinn áður, og enn mundi nokkuð af þeim hafa verið í Hafnarfirði, og þegar vera komið í hendur áfrýjanda. Taldi Höydal að þeir Ouse væru lausir við alla ábyrgð af þessum áhöldum, og að þeim væri hvorki unt né skylt að afhenda þau. Þessu mótmælti áfrýjandi og hélt því fram, að samþykki sitt til að selja og afhenda firmanu J. P. Brillouin & Co. nokkuð af áhöldunum hefði verið því skilyrði bundið að firmað greiddi um leið andvirði þeirra í banka í Reykjavík, en Höydal hefði látið firmað taka áhöldin, án þess að fullnægja þessu skilyrði. Hinir stefndu bæru því fulla ábyrgð á þessum áhöldum, og eins á þeim sem kynnu að hafa farist eða kynnu að liggja eða hafa legið i Hafnarfirði, því að ekkert af þeim hefði verið sér afhent. En með því að Höydal taldi þeim Ouse ókleift að skila neinu af hinum vantandi áhöldum, krafðist áfrýjandi þess, að fógetinn gerði fjárnám í svo miklu af fjármunum Höydals sem nægði til greiðslu andvirðis áhaldanna og alls kostnaðar, og að andvirðið væri ákveðið eins og það mótmælalaust var talið í skrá yfir áhöldin, er landsyfirréttardómurinn sé bygður á og með þeirri leiðréttingu, sem þar er gjörð. En til vara krafðist áfrýjandi, að fógetinn ákvæði peningagjaldið með hliðsjón af nefndri skrá.

En stefndu líta svo á, að þó að þeir væru eigi ábyrgðarlausir um vöntun áhaldanna, þá sé það samk. landsyfirréttardóminum óheimilt og ólöglegt að gera fjárnám fyrir peningagjaldi í stað áhaldanna, með því að ekki sé í dómnum neitt ákveðið um það, að

peningagjald skuli koma í þeirra stað, verði þeim eigi skilað, og hafi þó verið gerð varakrafa um það bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, og beri samkvæmt 11. gr. sbr. 13. gr. laga um aðför, nr. 19, 4. nóvember 1887 að skilja þetta svo, að þeir hafi verið sýknaðir af þeirri kröfu.

Um ábyrgð stefndu á hinum óskiluðu munum verður að telja viðurkent, að þeir hafi mest allir verið í Vestmannaeyjum í vörzlum stefnda Höydals, og eftir skýrslu hans afhenti hann fyrnefndu firma J. P. Brillouin & Co. megnið af þeim eftir samkomulagi við áfrýjanda, »gegn því«, bætir Höydal við, »að kaupandi deponeraði andvirðinu í banka í Reykjavík, sem hann þó aldrei mun hafa gert«. Með þessu virðist það viðurkent af Höydal, að samkomulag áfrýjanda við hann, eða samþykki um afhending áhaldanna, hafi eigi verið öðruvísi en áfrýjandi kannast við, þ. e. gert eða gefið með áminstum fyrirvara. Og þó að þetta væri eigi álitið viðurkent, þá hafa stefndu eigi gegn mótmælum áfrýjanda sannað, að samþykki hans hafi verið skilyrðislaust. Stefndu eru því eigi lausir ábyrgðar við áfrýjanda á þeim hluta áhaldanna, er Höydal afhenti J. P. Brillouin & Co. Sama er um þau áhöld, er að sögn Höydals kunna að hafa glatast — farið í sjóinn — enda hefir hann enga nánari grein gert fyrir þeim áhöldum. Og loks er það upplýst með skýrslu stefnda Ouse, að ekkert af áhöldunum sé nú í Hafnarfirði, en það af þeim, sem þar hafi verið áður, séu sömu áhöldin, sem á fyrgreindri skrá eru talin afhent áfrýjanda, og hann hefir kannast við að hafa tekið á móti. Sú varnar-

ástæða stefndu, að þeir séu lausir allrar ábyrgðar á þeim áhöldum, sem þeir hafi eigi skilað áfrýjanda álíst því ekki eiga við rök að styðjast.

Að því er kemur til kröfu áfrýjanda um peningagjald fyrir áhöldin, þá er að vísu ekkert ákveðið um kröfu þessa í landsyfirréttardóminum, en í því felst þó engin heimild til að álíta, að stefndu hafi verið sýknaðir af henni, þó að varakrafa í þessa átt kæmi fram í yfirdóminum frá áfrýjanda hálfu. Af því, að í dómnum var gengið fram hjá varakröfunni, verður eigi ráðið frekar en það, að yfirdómurinn hafi litið svo á, að það, eftir ástæðum, væri réttara að fógetinn úrskurðaði um þessa kröfu og ákvæði peningagjaldið, ef til þess kynni að þurfa að taka vegna vanefnda á dómsorðinu. Þannig ber að skilja yfirréttardóminn, og 2. mgr. 11. gr. aðfararlaganna, sem ræðir um það, er peningagjald er eigi ákveðið í dómnum, »vegna þess að engin varakrafa var gerð um það við rekstur málsins«, og sem stefndu hafa vitnað í máli sínu til stuðnings, kemur þá eigi hér til greina, þar sem peningagjaldið var af öðrum ástæðum látið óákveðið, enda verður ekki leitt af hinni tilvitnuðu setningu, að ætlð beri í dómnum að gera ákvæði um slíka varakröfu. Það verður og hér að teljast í samræmi við 13. gr. aðfararlaganna, að fógetinn ákveði peningagjaldið, þar sem um afhending ákveðinna hluta er að tefla, og á þá tilvitnun þessarar greinar til 11. gr. við það, hvernig peningagjaldið skuli metið og fógetinn haga sér að öðru leyti.

Það verður þá samkvæmt framanrituðu eigi talið rétt, að áfrýjanda var synjað um fjárnám hjá

stefnda, Höydal, fyrir andvirði hinna óskiluðu áhalda, og ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna fjárnám.

Málskostnaður þykir eftir atvikum mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal úr gildi feldur, og ber fógetanum að framkvæma fjárnámið.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 6. september 1915.

Nr. 47/1915.

Réttvísin
gegn
Sigurði Gíslasyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Árnessýslu, uppkveðnum 28. maí þ. á. var hinn ákærði, Sigurður Gíslason trésmiður á Eyrarbakka, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar með talin varðhaldskostnað og málsvarnarlaun til skipaðs sækjanda Jóns hreppstjóra Einarssonar fimm

krónur. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Með eiginni játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu, er það löglega sannað, að hann hafi 9. desember f. á. kl. 3—4 e. h. stolið 5 pd. færi eða línu er talin hefir verið 5 kr. 55 aura virði, úr vörugeymsluhúsi kaupfélagsins »Ingólfs« á Eyrarbakka (Háeyri); fór hann í þessu skyni inn í ólæstan skúr, áfastan við geymsluhúsið, og úr skúrnum inn í það um opnar dyr eða lúkugat, eins og segir í prófunum. Dyrnar á skúrnum voru að vísu aftur, þegar ákærði kom að þeim en ólæstar eins og sagt var. Ákærði hafði færið heim með sér, kastaði eign sinni á það, og ætlaði að hagnýta sér það, en er uppvíst varð um tiltæki hans, borgaði hann andvirði þess réttum eiganda.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir áður eigi sætt dómi eða refsingu fyrir neinn glæp. Þetta afbrot hans hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært undir 230 gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð, eins og gert er í undirréttardóminum. Með því að ákvæði dómsins um málskostnað einnig samþykkjast verður að staðfesta hann í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslulaun við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Gíslason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfærslulaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. október 1915.

Nr. 58/1915. Réttvísin gegn Tómasi Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir aukarétti Skagafjarðarsýslu gegn hinum ákærða Tómasi Jónssyni á Hamri í Ripurhreppi og meðákærða í héraði Jóni Jónssyni í Viðvík, áður á Þönglaskála. Var hinn fyrnefndi með dómi téðs réttar, uppkveðnum 29. júní þ. á., dæmdur í 1 árs betrunarhússvinnu samkvæmt 250. gr. og 273 gr. sbr. 274. gr. (mun vera ritvilla fyrir 272. gr. sbr. 273. gr.) almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og til að greiða varðhaldskostnað sinn, málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns Jóns hrepp-

stjóra Jónssonar á Hafsteinsstöðum, 20 kr. og $^{7}/_{9}$ hluta annars sakarkostnaðar; en hinn síðarnefndi var dæmdur samkvæmt 156. gr. hegningarlaganna í 60 kr. sekt til landssjóðs, til vara einfalt fangelsi í 12 daga og til að greiða $^{2}/_{9}$ hluta af öðrum sakarkostnaði en þeim, er leitt hefir af gæsluvarðhaldi Tómasar Jónssonar.

Dómi þessum er eftir beiðni ákærða Tómasar Jónssonar og að því er til hans kemur skotið til yfirdómsins.

Tildrög málsins eru þau, að á síðastliðnum vetri kom fyrir í Viðvíkurhreppi brúnn foli með fjármarki Jóns Jónssonar á Þönglaskála, en Jón kannaðist eigi við að eiga folann og neitaði að hafa leyft nokkrum mark sitt á hann. Hreppstjórnin í nefndum hreppi auglýsti því folann sem óskilafé, en ákærði, Tómas Jónsson gaf sig þá fram sem eiganda folans og þóttist hafa fengið leyfi Jóns á Þönglaskála fyrir markinu á honum. Hreppstjórinn vildi þó eigi taka gilda þessa skýrslu ákærða um heimild hans fyrir markinu, né afhenda honum folann, og fór ákærði þá til Jóns á Þönglaskála, sagði honum, að sumarið 1913, er ákærði bjó á Syðri-Hofdölum, hefði folinn, sem þá var foleld, mismarkast hjá sér undir mark Jóns, og því til sönnunar sýndi hann Jóni tvö vottorð, annað frá Stefáni Stefánssyni í Vík, föðurbróður ákærða, hitt frá Birni Skúlasyni á Syðri-Hofdölum um að þeir hefðu verið viðstaddir mismörkun brúna folans. Fekk ákærði svo vottorð Jóns, dags. 12. febr. þ. á., um að hann hefði heimilað ákærða, þegar hann (ákærði) bjó á Syðri-Hofdölum markið á folanum, og lét hreppstjóri

folann lausan við ákærða, er hann sýndi honum vottorð Jóns. En síðar er það viðurkent af Jóni að vottorð þetta sé rangt, og að ákærði hafi aldrei nefnt við hann mark á trippinu fyr en hann kom til að fá vottorðið 12. febr. Var Jón dæmdur í héraði fyrir þetta ranga vottorð sem fyr segir.

Með játningu ákærða og öðrum skýrslum verður að telja það sannað, að ákærði hafi ritað og sjálfur undirskrifað í heimildarleysi vottorð þau frá Stefáni Stefánssyni og Birni Skúlasyni, er hann sýndi Jóni á Þönglaskála; tjáist hann hafa gert það í því skyni, að Jón yrði fúsari til að gefa honum hið ranga vottorð. Vottorð þessi hafa eigi komið fram í málinu, með því að ákærði tjáist hafa rifið þau í sundur, en honum ber saman við Jón um hvað í þeim hafi staðið, og að þau bæði hafi verið undirskrifuð nöfnum fyrgreindra manna; það eitt ber þeim á milli, að ákærði segir annað vottorðið hafa verið skrifað með blýanti, en Jón að þau hafi bæði verið skrifuð með bleki. Ákærði hefir haldið því fram, að frágangur á vottorðunum hafi verið mjög ófullkominn og er eftir atvikum eigi ástæða til að véfengja það. Í annan stað hefir ákærði játað það, að hann árið 1913, er hann bjó á Syðri-Hofdölum, hafi markað fyrgreindan brúnan fola með fjármarki Jóns á Þönglaskála í því skyni að kasta eign sinni á hann. Skýrði ákærði fyrst svo frá, að hann hefði tekið folaldið í Hofstaðaselsmýrum undan steingrárri hryssu, er Stefán föðurbróðir hans átti. En er Stefán lýsti því yfir, að hann væri sannfærður um, að brúni folinn væri eigi folald það, er hann hafði tapað undan

gráu hryssunni veturinn 1912—13, og vildi eigi taka við honum, breytti ákærði framburði sínum á þá leið, að vorið 1913 hefði hann fengið leyfi til að reka 10 trippi að Heiði í Gönguskörðum til sumargöngu, en 3 af trippum þessum hefðu strokið þaðan heim að Hofdölum, og hafi hann orðið þeirra var einhvern tíma eftir miðjan maí; með trippunum hafi komið brúnn foli veturgamall með marki heilrifað bæði eyru, hrossamarki Sigurðar Jónssonar óðalsbónda á Reynistað, og hafi trippi þessi öll gengið í heimahögum á Syðri-Hofdölum um sumarið. Þegar ákærði sá brúna folann vaknaði hjá honum löngun til að kasta eign sinni á hann, og gerði hann það þegar í stað með því að afmarka hann. Þennan framburð ákærða er ekki ástæða til að tortryggja með því að hann kemur heim við skýrslu Sigurðar Jónssonar á Reynistað, en hann hefir skýrt frá, að sér hafi horfið brúnn foli veturgamall, er hann hafi eigi spurt til síðan 1913, og hafi hann síðast sést 20. maí þá um vorið. samkvæmt þessum skýrslum var folinn afhentur Sigurði sem réttum eiganda.

Ákærði er fæddur 19. apríl 1886. Hefir hann fyrir lögreglurétti Skagafjarðarsýslu sætt 30 kr. sekt, fyrir tíundarsvik 25. marz 1908, og með landsyfirréttardómi 29. sept. 1913 verið dæmdur í 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, samkvæmt 250. gr hegningarlaganna. Framangreint brot ákærða ber að heimfæra undir 250. gr. og 272. gr. sbr. 273. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin af undirdómaranum hæfilega ákveðin 1 árs betrunarhúsvinna. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn og að

vera óraskaður. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors. Við meðferð málsins í héraði athugast, að fyrgreindur landsyfirréttardómur hefir eigi verið lagður fram í málinu, en að öðru leyti hefir málsmeðferðin verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði, Tómas Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens yfirréttarmálaflutningsmanna, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. október 1915.

Nr. 5/1915. Hreppsnefnd Helgustaðahrepps
gegn
Árna Jónassyni
fyrir hönd hvalveiðastöðvar
Ásgeirs Ásgeirssonar.

Dómur:

Haustið 1913 jafnaði áfrýjandi þessa máls, hreppsnefnd Helgustaðahrepps í Reyðarfirði, sveitarútsvari fyrir fardagaárið 1913—1914 kr. 1400,00 á hvalveiðastöð Ásgeirs Ásgeirssonar á Svínaskála þar í hreppnum. Þetta útsvar neitaði umsjónarmaður hvalveiðastöðvarinnar Árni Jónasson fyrir hönd eigandans að greiða, og beiddist hreppsnefndin þá lögtaks á því. En við lögtaksgerðina, sem fór fram 28. febr. f. á., úrskurðaði fógetinn, að hið umbeðna lögtak færi eigi fram. Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 30. jan. þ. á., að fengnu uppreistarleyfi, gjafsóknarleyfi og skipuðum málflutningsmanni, er hefir krafist þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði breytt þannig, að fógetinn verði dæmdur til að framkvæma lögtak hjá stefnda, Á. Ásgeirssonar hvalveiðastöð á Svínaskála í Reyðarfirði, á aukaútsvari til Helgustaðahrepps fyrir fardagaárið 1913—1914 að upphæð 1400 kr, svo og að áfrýjanda verði dæmdur málskostnaður eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Ágreiningurinn í máli þessu er um það, hvort stefndi hafi verið útsvarsskyldur í Helgustaðahreppi fardagaárið 1913—1914. Telur áfrýjandi að svo hafi verið, og að stefndi hafi viðurkent það með því að kæra útsvarið fyrir hreppsnefndinni og krefjast lækkunar á því niður í 300 kr. En stefndi heldur því fram, að útsvarskæruna beri að eins að skoða sem

sáttaboð frá sinni hendi til þess að vera laus við lögtak og málarekstur, og hafi tilboðið fallið burtu, er það var eigi samþykt af hreppsnefndinni. Útsvarskæran hefir eigi komið fram í málinu, svo að eigi verður séð, hvern skilning beri að leggja í hana um þetta atriði, og verður þá eigi frekar lagt upp úr henni en stefndi heldur fram, að hún hafi verið sáttaboð, og að stefndi hafi eigi með henni viljað afsala sér rétti sínum til að leita dómsúrskurðar um það, hvort hann væri útsvarsskyldur í hreppnum.

Það er viðurkent í málinu, að nefnd hvalveiðastöð hafi eigi verið rekinn og engan arð gefið eigandanum fardagaárið 1913—1914, og eigandi hennar hafi eigi átt heima í hreppnum það ár. Engu að síður telur áfrýjandi sér þó hafa verið heimilt að leggja sveitarútsvar á hvalveiðastöðina og færir til þær ástæður, *að* stefndi hafi nefnt fardagaár haft og hafi enn leiguafnot af allmiklu svæði í landi jarðarinnar Svínaskála og Svínaskálastekks, er hann hafi eigi að eins notað við rekstur hvalveiðastöðvarinnar, en einnig að nokkru leyti ræktað og haft til beitar, *að* stefndi hafi átt stóreignir í hreppnum, húseignir og miklar birgðir af ýmsum vörum og *að* á gjaldárinu hafi stefndi bæði selt og flutt burtu úr hreppnum birgðir sínar þar, og hafi þannig af hans hálfu farið fram starfsemi í hreppnum, sem vafalaust geri hann útsvarsskyldan þar.

Svæði það í landi jarðanna Svínaskála og Svínaskálastekks, sem hvalveiðastöðin er reist á, var af eigendunum með samningi 5. marz 1904 leigt »Hinu íslenzka hvalveiðafélagi« og má ráða af málfærsl-

unni að Ásgeir Áseirsson hafi síðar eignast rétt þessa félags eftir samningnum. Það verður nú af samningi þessum eigi séð, að svæðið hafi verið leigt til annara afnota en í þarfir stöðvarinnar sjálfrar, til að reisa þar hús, bryggjur og aðrar tilfæringar til afnota við hvalveiðarnar, en þetta verður eigi talið leiguliðaafnot. Á ræktun eða beit er eigi minst í samningnum, en áfrýjandi heldur því þó fram, að stefndi hafi ræktað matjurtagarð á lóðinni og notað hana til beitar. Stefndi mótmælir þessu og áfrýjandi hefir eigi sannað, að stefndi hafi haft önnur afnot af lóðinni en samningurinn bendir til. Verður því eigi sú heimild talin fyrir útsvarsálagningunni samkvæmt 36. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóvbr. 1905, að stefndi hafi haft leiguliðaafnot af lóðinni. Önnur ástæða áfrýjanda fyrir útsvarsálögunni er sú, að stefndi hafi þetta gjaldár átt stóreignir í hreppnum, er áfrýjandi telur hafa numið 200000 kr. Stefndi segir eigurnar hafa verið miklu minni, en það skiftir eigi máli hér, hvers virði eignir þessar voru, með því að eigi voru lög til að leggja á þær sveitarútsvar, er eigandi þeirra átti eigi heimili í hreppnum og hafði þeirra engin not eða arð á gjaldárinu.

Sú starfsemi stefnda, að selja og flytja burtu frá hvalveiðastöðinni, þegar hún var lögð niður, birgðir hennar t. d. af tunnum og kokes, verður eigi talin arðsamt fyrirtæki eða verzlun, og gat því eigi gert stefnda útsvarsskyldan samkvæmt hinni tilvitnuðu grein sveitarstjórnarlaganna.

Með því að framantaldar ástæður fyrir kröfu áfrýjanda eru ónógar og hann hefir eigi sýnt fram

á, að nein önnur heimild hafi verið til þess að gera stefnda sveitarútsvar í Helgustaðahreppi fardagaárið 1913—1914 verður krafa hans um ónýting hins áfrýjaða úrskurðar eigi tekin til greina, en það ber að staðfesta úrskurðinn.

Eftir þessum úrslitum þykir áfrýjandi eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 25 krónur. Skipaður talsmaður áfrýjanda fyrir yfirdóminum hefir flutt málið forsvaranlega og ber honum 25 kr. í málflutningslaun, er greiðist úr landsjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi hreppsnefnd Helgustaðahrepps greiði stefnda Árna Jónassyni fyrir hönd Hvalveiðastöðvar Ásgeirs Ásgeirssonar 25 kr. í málskostnað. Skipuðum talsmanni áfrýjanda yfirdómslögmanni Ólafi Lárussyni greiðist málflutningslaun 25 kr. úr landsjóði.

Ídæmdur málskostnaður greiðist áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 25 október 1915.

Nr. 24/1915. Sigurjón Gíslason
og Hallgrímur Bóasson
gegn
Rolf Johansen.

Dómur:

Mál þetta höfðuðu áfrýjendurnir Sigurjón Gíslason og Hallgrímur Bóasson fyrir aukarétti Suður-Múlasýslu gegn stefndum Rolf Johansen kaupmanni á Búðareyri í Reyðarfirði til þess að fá hann dæmdan til að hætta við að gera uppfyllingu í fjörunni fyrir framan lóð hans á Búðareyri. Var málið dæmt í nefndum rétti 17. júní f. á. þannig, að stefndur var sýknaður af öllum kærum og kröfum áfrýjenda og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 22. marz þ. á. og hafa þeir krafist þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að hætta við mannvirki þau, er hann hefir byrjað á í fjörunni og til að taka þau burtu; svo krefjast þeir og málskostnaðar hjá stefnda fyrir báðum réttum. Stefndi hefir hinsvegar krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til málskostnaðargreiðslu eftir mati réttarins.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 20. apríl 1898 gerðu þeir Bóas Bóasson, Gísli Nikulásson, Fr. Wathne og Carl D. Tulinius samning um að kaupa í félagi eitt hundrað að fornu

mati úr jörðinni Bakkagerði, sem, að því er samningurinn ber með sér, átti að selja sama dag á opinberu uppboði, og er tekið fram að samningsaðilar, að uppboðinu loknu, skifti hundraðinu þannig á milli sín, að Fr. Wathne og Carl D. Tulinius fái hver sín grunnstykki til eignar, eins og þeir nú hafa þau til afnota, en það sem eftir varð af hundraðinu átti að skiftast til helminga milli þeirra Bóasar og Gísla, og ennfremur skyldu þeir hafa landshlut af öllu hundraðinu. Með bréfi dags. 28. nóvbr. 1898 afsala þeir Bóas og Gísli, samkvæmt nefndum samningi, Fr. Wathne grunn þann úr Bakkagerðislandi, »sem hann hefir byggingar á og notar« með nánar tilteknum lóðarmörkum, en lóðarmörkin eru þannig ákveðin í afsalsbréfinu, að »grunnurinn takmarkast að innanverðu af grunni kaupmanns Carl D. Tulinius á Eskifirði, og er innri hlið hans 70 faðmar til fjalls frá sjó, að ofan ræður lína 43 faðma löng, paralel með firðinum og frá ytri enda þessarar línu ofan í sjó, þannig, að hliðin meðfram sjónum er 52 faðmar á lengd«.

Halda áfrýjendur því fram, að merkjalínur þessar sýni það glögt, þegar þær eru mældar upp, að lóðin nái aðeins að stórstraumsflóðfari, en af því leiði, að fjaran fyrir framan lóðina, sem stefndi nú hefir tekið að fylla upp, sé lóðinni með öllu óviðkomandi, og hafi stefndi, sem eigandi að umræddri lóð, enga heimild til að gera nokkur mannvirki á henni. Stefndi kannast við það, að marklínur þær, sem til eru teknar í afsalsbréfinu, séu allar á þurru landi, en hann heldur því fram, að línan meðfram

sjónum hafi alls ekki átt að takmarka lóðina sjávarmegin, heldur hafi hún verið mæld til þess að ákveða merkin á lóðinni við sjóinn að utan, og hafi altaf verið litið svo á af öllum hlutaðeigendum, að fjaran framundan lóðinni fylgdi henni, enda hefði Friðrik Wathne notað fjöruna til að setja þar hafskipabryggju og til annara verzlunarafnota.

Það verður nú að líta svo á, að það hafi verið tilætlunin með afsalsbréfinu frá 28. nóv. 1898, sem byggist á samningnum frá 20. apríl s. á., að afsala Fr. Wathne þá lóð eða lóðarréttindi, er hann hafði áður notað, og að það hafi ekki verið tilætlunin að minka lóðina eða lóðarréttindin með lóðarmörkum þeim, sem til er tekin í bréfinu, en nú er það viðurkent að Fr. Wathne hafði, áður en nefnt afsalsbréf var útgefið, látið gera hafskipabryggju framundan lóð sinni, og var hafskipabryggjan tengd við land, lóð stefnda, með trébryggju. Þessa hafskipabryggju hefir fyrst Fr. Wathne og síðan stefndi notað átölulaust af hálfu eigenda Bakkagerðis. Svo er því og mótmælalaust haldið fram, af stefnda hálfu, að fjaran hafi verið notuð til bátauppsáturs og annara verzlunar afnota. Þessi afnot fjörunnar virðast benda til þess, að fjaran hafi frá upphafi verið skoðuð eign lóðareiganda, og þetta styrkist ennfremur við það, að í umgetnu afsalsbréfi er sérstaklega tekið fram, að lóðin sé seld Fr. Wathne með öllum þeim rétti, er þeir, seljendurnir, áður höfðu yfir henni, »nema hvað landshlutur af síld og ufsa, veiddum fyrir grunninum, fellur til okkar«, eigenda Bakkagerðis. Því ef fjaran hefði verið eign Bakkagerðiseigenda

hefði verið óþarfi að undantaka landshlutinn, og auk þess hefði það verið óskiljanlegt, úr því farið var að undantaka landshlutinn, að fjaran var ekki jafnframt nefnd, ef hún hefði átt að vera undantekin eign eða umráðum lóðareigandans, og var þó því frekar ástæða til þess, þar sem lóðareigandinn hafði látið gera bryggju út í sjó framundan lóðinni.

Samkvæmt framansögðu verður landsyfirdómurinn að fallast á niðurstöðu þá, er héraðsdómarinn hefir komist að, að stefnda sé heimilt að halda áfram mannvirkjum þeim, er hann hefir byrjað á í umræddri fjöru, og þar sem og verður að fallast á ákvæði undirdómarans um málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessari niðurstöðu ber áfrýjendunum að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir Sigurjón Gíslason og Hallgrímur Bóasson greiði in solidum stefnda, Rolf Johansen, 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Ídæmdur málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 1. nóvember 1915.

Nr. 16/1915. H. P. Duus
gegn
Jóni Benediktssyni.

Dómur:

Stefndi, Jón Benediktsson sjómaður í Reykjavík, var árið 1913 háseti á þilskipinu »Hákon« eign firmans H. P. Duus, og ráðinn upp á hálfdrætti, en með því honum þótti firmað telja fiskhluta sinn með lægra verði en eðlilegt væri og undir almennu gangverði á fiski, höfðaði hann mál á móti firmanu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og krafðist þess, að það yrði dæmt til að greiða sér uppbót á fiskinum, kr. 84,38. Lauk máli þessu svo, að með dómi uppkveðnum 28. janúar þ. á. var áfrýjandi þessa máls, firmað H. P. Duus, dæmdur til að greiða stefnda verð það, sem óvilhallir dómkvaddir menn, er þekkingu hafa á fiskiútgerð og fiskverkun, meta eftir almennu fiskverði hér í Reykjavík sumarið og haustið 1913 afla stefnda á fiskiskútunni »Hákon« s. á., fullverkaðan og upp úr salti, að frádregnu því verði, er áfrýjandi þegar hafði greitt upp í aflann, þó svo að áfrýjandi greiði eigi meira alls. en 72 kr. 89 aur., en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 23. febrúar þ. á. og gert þær réttarkröfur *aðallega* að málinu verði vísað frá undirrétti, *til vara* að verða sýknaður af kærum og kröfum stefnda, bæði aðalkröfum og varakröfum, og

til þrautavara að verða sýknaður af kröfum stefnda viðvíkjandi fiskinum frá öðrum sumartúr og loks krefst áfrýjandi að sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir að fenginni gjafvörn og gjafsókn til gagnáfrýjunar fyrir yfirdóminum og með skipuðum málaflutningsmanni, gagnáfrýjað málinu með stefnu útgefinni 5. júní þ. á. og krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 84 kr. 38 aur. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, eða til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum greinum og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Frávísunarkrafa aðaláfrýjandans er bygð á því, að í undirréttarstefnunni og réttarkröfu gagnáfrýjanda var aðalkrafa hans kr. 84,38, en í sáttakærunni að eins krafist samtals kr. 72,89. Eftir skjölum málsins virðist samt ekki um það að villast, að krafan er hin sama í sáttakæru og stefnu, að eins upphæðin lægri í sáttarkærunni. Málinu verður því ekki vísað frá í heild sinni.

Eftir framlögðum reikningi frá aðaláfrýjanda er hálfdrætti gagnáfrýjanda og verð það er aðaláfrýjandi hefir gefið þannig:

			Vetrarverð.		
3 skpd.	158 pd.	af þorski	1	72,00 kr.	251,55
	162 —	— —	2	62,00 —	31,38
	30 —	—smáfiski	1	60,00 —	5,62

8	pd.	af	smáfiski	2	50,00	kr. 1,25
2	—	—	ýsu	1	50,00	— 0,31
1	—	—	—	2	40,00	— 0,12
3	—	—	löngu		60,00	— 0,56

Sumartúr I.

292	pd.	af	þorski	1	72,00	kr. 65,70
174	—	—	—	2	62,00	— 33,71
87	—	—	smáfiski	1	60,00	— 16,31
41	—	—	—	2	50,00	— 6,40
21	—	—	—	léttv.	50,00	— 3,28
5	—	—	ýsu	1	50,00	— 0,78
16	—	—	—	2	40,00	— 2,00
6	—	—	löngu		60,00	— 1,12
1	—	—	upsa		28,00	— 0,08

Sumartúr II.

803	pd.	af	þorski	0,12	kr. 96,36
302	—	—	smáfiski	0,10	— 32,20
22	—	—	ýsu	0,08	— 1,76
22	—	—	löngu	0,10	— 2,20

Vetrarfiskurinn og fiskurinn úr fyrri sumarferð er talinn til þurfisksverðs, en fiskurinn úr annari sumarferð er talinn til blautfisksverðs. Gagnáfrýjandi telur fiskverð þetta of lágt um 10 kr. fyrir hver 160 kíló af fiski úr vetrarferð og fyrri sumarferð, en 4 aurum of lágt fyrir hvert kíló fiskjar úr annari sumarferð. Ágreiningsefnið í máli þessu er því það, eftir hverjum mælikvarða eigi að reikna verð hálfdrættisins, en í ráðningarsamningnum milli útgerðarmanns

eða skipstjóra annars vegar og stefnda hins vegar, er ekkert sagt um þetta.

Af hálfu gagnáfrýjanda er því haldið fram, að eins og venja sé hér, hafi aðaláfrýjandi tekið að sér að selja afla gagnáfrýjanda 1913 verkaðan og með því verði, er slíkur fiskur gangi kaupum og sölum hér á staðnum hæsta verði, enda hafi myndast sú venja hér, að útgerðarmenn greiði fiskimönnum fiskhluta þeirra með því verði, sem slík kaup fara fram hér á staðnum eða afreiknað með því verði. Telur gagnáfrýjandi þetta leiða af því, að útgerðarmaðurinn, sem í rauninni sé kommissionær, noti venjulega réttinn til að kaupa sjálfur og verði þá að sjálfsögðu að gefa sama verð fyrir og aðrir hér á staðnum.

Af hálfu aðaláfrýjanda er því hinsvegar haldið fram, að þessi sé venjan, að hástar, sem ráðnir séu á þilskip, fái lánaða peninga fyrirfram hjá útgerðarmanni sínum um leið og þeir ráðist á skipin, og sumir jafnvel fyr, og þessi lán fái þeir mörgum mánuðum áður en þeir fari á skipin, og síðan haldi þeir áfram að fá peninga hjá útgerðarmanninum meira og minna allan útgerðartímann og skifti þessi lán mörgum hundruðum króna hjá hverjum háseta. Mundi útgerðarmaðurinn ekki veita þessi lán og það sérstaklega ekki mönnum, sem ekki eru fjáðari en hásetar alment, nema eitthvað komi á móti frá hásetum, en það séu loforð hásetanna, sem hálfdrættingar eru, til útgerðarmannsins um að hann skuli fá fiskinn og andvirði hans ganga til greiðslu á skuld hásetans. Sé þetta svo alkunnugt, að hver háseti viti fyrirfram, er hann ræður sig, að hans

hluti af aflanum er lofaður útgerðarmanni og útgerðarmaðurinn megi þarafleiðandi kaupa fiskinn sjálfur og viti hásetinn ennfremur fyrirfram, þegar hann ráði sig, að hann fái það verð fyrir fiskinn hjá útgerðarmanni sem aðrir kútteraútgerðarmenn greiði sínum hásetum fyrir fiskinn það útgerðartímabil; annað eða meira hafi útgerðarmaðurinn ekki lofað hásetanum í þessu efni. Sé þetta fyrirkomulag orðið almenn margra ára gömul venja, er hver einn háseti þekki. Að hásetar eigi heimtingu á að fá hæsta verð fyrir fiskinn, sem gefið er hér, nái engri átt, markaðsverð á fiski breytist daglega erlendis, og sé ekki hægt að miða við það verð, er einhver kunni að fá hér á staðnum. Að því er sérstaklega snertir fisk þann, er aðaláfrýjandi hafi fengið 1913, þá hafi hann getað gefið hásetum það verð fyrir fiskinn, sem hann gaf, sökum þess, að hann hefði þurkað mikið af vetrarfiskinum í þurkhúsi, sem honum hefði ekki borið skylda til, og selt hann smátt og smátt fyrir allgott verð. En ef hann hefði farið að spekulera með fiskinn fyrir reikning háseta og selt allan fiskinn til afhendingar á ákveðnum tíma síðar, þá mundu hásetar hafa skaðast á því vegna óþurkanna sumarið 1913. Sumarfiskurinn hafi ekki verið seldur árið 1913, en engu að síður hafi hásetumverið gefið meira fyrir hann en undanfarið og sé þó auðsætt hvað mikill kostnaður falli á fiskinn við það að geyma hann.

Þá er það tekið fram, að gagnáfrýjandi hafi fengið afhentan reikning sinn 1. desember 1913 og samtímis hafi honum verið borguð inneign hans 4 aurar. Hafi hann þá enga athugasemd gert við reikn-

inginn, hvorki um fiskverð eða annað, og þannig játað fullnaðarskil og samþykt reikninginn í öllum atriðum, *að* aðaláfrýjandi hafi greitt gagnáfrýjanda jafnhátt verð fyrir fiskinn, sem aðrir kúttera-útgerðarmenn sunnan- og vestanlands greiddu hásetum sínum, og *að* aðaláfrýjandi hafi greitt gagnáfrýjanda það verð, sem samsvari því er hann (aðaláfrýjandi) hafi fengið fyrir fiskinn, að kostnaði frádregnum. Þá mótmælir aðaláfrýjandi því að það verð, sem einstakir menn kunna að hafa fengið fyrir fisk sinn árið 1913 og vottorð hafi komið fram um í málinu, geti verið mælikvarði, er meta á alment gangverð á fiski það ár hér í bænum.

Um fiskinn úr annari sumarferð tekur aðaláfrýjandi það sérstaklega fram, að hann hafi verið seldur upp úr salti og hásetum skýrt frá verðinu, áður en fiskurinn var veginn og afhentur aðaláfrýjanda, enda hafi það verið alment verð á fiski hér, bæði hjá áfrýjanda og öðrum. Hér sé því kominn á samningur milli aðila um sölu á þessum fiski, og hljóti það verð, sem þeir hafi komið sér saman um að leggjast til grundvallar. Í þessu sambandi hefir aðaláfrýjandi lagt fram viðurkenningu frá gagnáfrýjanda um að hann hafi verið vitandi um verðið, er fiskurinn úr annari sumarferð var lagður inn, en hann bætir því við, að hásetar aðaláfrýjanda hefðu ekki fengið að selja öðrum fiskinn, þótt hærra verð væri í boði, og þar sem annars er ekki færð sönnun fyrir því að samningur hafi komist á um verðið, þá virðist þessi sýknunarástæða ekki verða tekin til greina.

Það virðist heldur ekki rétt að byggja á því, að gagnáfrýjandi hafi samþykt reikningsskilin, þótt svo

hefði verið, sem neitað er, að hann hefði tekið við þeim athugasemdarlaust í bráðina.

Hitt verður að teljast sannað að aðaláfrýjandi hafi gefið það verð fyrir fisk gagnáfrýjanda, sem útgerðarmenn sunnan- og vestanlands gáfu yfirleitt hásetum sínum, en það er ekki sannað í máli þessu gegn mótmælum gagnáfrýjanda, að það sé orðin venja hér að útgerðarmenn borgi hálfdrætti háseta með því verði, er útgerðarmenn yfirleitt gefa, án þess lagt sé alment gangverð til grundvallar.

Eftir því sem mál þetta liggur fyrir og annars eftir öllum atvikum verður að líta svo á, að aðaláfrýjandi hafi átt rétt á að kaupa umræddan afla gagnáfrýjanda án sérstakra samninga, en ekki með lægra verði en almennu gangverði það sumar og haust.

Það verð sem aðaláfrýjandi hefir greitt fyrir umgetinn afla gagnáfrýjanda er þetta, eins og áður segir, fyrir hver 160 kíló verkaðs fisks:

af þorski	nr. 1	kr. 72.00
— —	— 2	— 62.00
—smáfiski—	1	— 60.00
— öðrum	smáfiski	— 50.00
— ýsu	nr. 1	— 50.00
— —	— 2	— 40.00
— löngu		— 60.00

Fiskinn upp úr salti hefir aðaláfrýjandi borgað fyrir hvert kíló þannig:

fyrir þorsk	24 aura
— smáfisk	20 —
— ýsu	16 —
— löngu	20 —

Sönnunargögn hafa komið fram um verð á fiski hér í bænum árið 1913 annað en verð það, er útgerðarmenn hafa gefið hásetum, en gögn þessi hafa mestmegnis snert einstaka sölugerninga, og ekki svo marga eða umfangsmikla að auðið sé að byggja á þeim til þess að kveða á um hvað telja megi hafa verið algengt verð á verkuðum eða óverkuðum saltfiski 1913. Á hinn bóginn virðast færðar líkur fyrir því, að saltfisksverðið hér hafi verið hærra nefnt ár en aðaláfrýjandi hefir greitt gagnáfrýjanda fyrir aflann. Því virðist rétt að fallast á niðurstöðu þá, er undirdómarinn hefir komist að, að taka til greina varakröfu gagnáfrýjanda að láta verð aflans vera komið undir dómi óvilhallra manna, sem þekkingu hafa á fiskiútgerð og fiskverzlun, þó svo, að gagnáfrýjanda ekki séu dæmdar meira en 72 kr. 89 aurar, og þar sem ákvæði undirdómsins um málskostnað samþykkjast, ber að staðfesta hann í öllum greinum. —

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður. Að því leyti sem málið hefir verið gjafvarnar- og gjafsóknarmál vottast að flutningur þess hefir verið lögmætur. Hinum skipaða málaflutningsmanni gagnáfrýjanda Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni greiðist 35 kr. þóknun af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður. Mála-

flutningsmanni gagnáfrýjanda, Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni greiðist 35 kr. þóknun af almannafé.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 1. nóvember 1915.

Nr. 40/1915. Þorleifur Guðmundsson
gegn
G. Gislason & Hay Ldt.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í héraði af stefnda, firmanu G. Gislason & Hay Ldt. í Reykjavík gegn Þorleifi Guðmundssyni kaupmanni í Þorlákshöfn til greiðslu á 7958 kr. 43 aur., sem firmað taldi til skuldar hjá honum. Áfrýjandi taldi skuld þessa að fullu greidda í ársbyrjun 1913, en jafnframt höfðaði hann gagnsök gegn firmanu og krafðist þess til vara, að það yrði með eða án skuldajafnaðar dæmt til að greiða sér afgang skuldabréfsupphæðar 4000 kr. og fyrir vinnu 1000 kr. eða alls 5000 kr.

Málum þessum var ráðið til lykta með gestaréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 11. júní þ. á., á þá leið að áfrýjandi var dæmdur til að greiða firmanu hina umstefndu skuld 7958 kr. 43 aur. með 6% ársvöxtum af 7579 kr. 46 aur. frá 1. jan. 1914

til borgunardags og málskostnaðar með 116 kr. og G. Gíslason & Hay Ldt. sýknað af kröfum áfrýjanda gagnsökinni.

Dómi þessum hefir Þorleifur Guðmundsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15 júní þ. á. og gerir hann þær réttarkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda, eða til vara að hann verði að eins dæmdur til að greiða kr. 5067.43, en stefndi jafnframt dæmdur til að greiða honum 4000 kr., sem sé afgangur 13000 kr. skuldabréfs, er áfrýjandi afhenti stefnda, og 1000 kr. fyrir vinnu eða samtals 5000 kr. Ennfremur krefst áfrýjandi að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir undir- og yfirrétti eftir mati réttarins.

Af annari hálfu hefir stefndi, firmað G. Gíslason & Hay Ldt. krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Deiluefninu milli málsaðila er þannig varið:

Samkvæmt framlögðum viðskiftareikningi var skuld áfrýjanda til stefnda í árslok 1912 kr. 7150.43, þar við bætast svo vextir af skuldinni á árinu 1913 kr. 429.03, svo og sekt eftir samningi málsaðila dags. 22. maí 1911 kr. 378.97, eða alls kr. 7958.43, sem stefndi hefir krafist af áfrýjanda.

Upphæðinni kr. 7150.43 er í sjálfu sér eigi mótmælt af áfrýjanda, en hann hefir upphaflega haldið því fram, að skuld þessi hafi verið greidd í byrjun ársins 1913; þá hafi áfrýjandi afhent stefnda skuldabréf nafngreinds manns að upphæð 13000 kr., hafi

af því gengið rúmar 4000 kr. upp í húsakaup, er gerð voru milli málsaðila, en afgangurinn um 9000 kr. hafi átt að ganga til greiðslu á hinni umstefndu skuld. Síðar undir málinu hefir þetta verið leiðrétt af áfrýjanda á þann veg, að 9000 kr. hafi átt að ganga upp í húsakaupin en 4000 kr. upp í umstefnda skuld. Þá heldur áfrýjandi því fram, að hann hinn 24. júní 1912 hafi greitt 1965 kr. upp í umstefnda skuld með víxli samþyktum af verzluninni Dagsbrún, Þorleifur Guðmundsson & Co. fyrir 2000 kr., en forvextir hafi verið dregnir frá. Þessar 1965 kr. með 6% ársvöxtum frá 24. júní 1912 til loka þess árs eða alls 2083 kr. krefst áfrýjandi að verði dregnar frá umstefndri skuldakröfu stefnda, og loks krefst áfrýjandi að stefndi verði dæmdur til að greiða með eða án skuldajafnaðar umgetnar 4000 kr. og ennfremur 1000 kr. fyrir vinnu árið 1911.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að umgetinn 2000 kr. víxill hafi átt af ganga upp í umstefnd viðskifti, heldur hafi hann verið tekinn og átt að takast upp í viðskiftin milli stefnda og nefndrar verzlunar, sem áfrýjandi átti í félagi við annan mann og var ábyrgur fyrir. Af framlögðum viðskiftareikningi við nefnda verzlun sézt að umræddur 2000 kr. víxill hefir verið færður þessari verzlun til tekna 24. júní 1912 af stefnda. Að vísu hefir áfrýjandi haldið því fram, að þetta hafi verið heimildarlaust frá sér, en eftir því sem þeim viðskiftum var háttað virðist ekki unt að taka þau mótmæli til greina.

Að því er snertir afganginn af 13000 kr. skuldabréfinu, þá nemur þessi afgangur eftir skýrslu stefnda

3260 kr. 80 aur., og hefir þessi upphæð verið tekin upp í hin sömu viðskifti milli stefnda og verzlunarinnar Dagsbrún, Þorleifur Guðmundsson & Co. Telur áfrýjandi þetta óheimilt, enda standi sér ekki á sama í hvor viðskiftin upphæðin sé tekin, með því að á skuldum verzlunarinnar hafi og annar maður haft ábyrgð. Það verður nú eigi séð að áfrýjandi sé neitt ver settur, þótt stefndi hafi tekið þessar 3260 kr. 80 aur., upp í skuld verzlunarinnar, með því að því hefir ekki verið mótmælt, að stefndi hafi átt aðgang að fullu að áfrýjanda fyrir skuldum verzlunarinnar, enda er það ekki sannað gegn mótmælum stefnda, að áskilið hafi verið að umræddar 3260 kr. 80 aur. skyldu ganga upp í hina umstefndu skuld. Það verður því að líta svo á, að stefndi hafi haft heimild til að láta bæði víxilinn og umræddar 3260 kr. 80 aur. ganga upp í viðskiftin við verzlunina.

Þá er kröfu áfrýjanda um 1000 kr. fyrir vinnu í þarfir stefnda mótmælt. Áfrýjandi viðurkennir að mótmæli þessi séu að því leyti á rökum bygð, að það hafi verið vangá að vinnan sé talin vera í té látin á árinu 1911, því það hafi verið árið 1910. Stefndi hefir krafist frávísunar á kröfu þessari vegna þess að um hana sé ekki stefnt og hún því ekki lögð til sátta, heldur krafan fyrir vinnu 1911; auk þess er henni mótmælt sem of seint framkominni og því yfir höfuð neitað að stefndi skuldi áfrýjanda nokkuð fyrir vinnu árið 1910. Með því stefnt er fyrir vinnu í té látna árið 1911 verður að fallast á að ekki sé sannað að þessi krafa hafi verið lögð til sátta og verður hún því ekki tekin til greina.

Sektakrafan er bygð á áðurgreindri skuldbindingu áfrýjanda og virðist eftir framansögðu verða að taka hana til greina.

Þar sem kröfur áfrýjanda verða að engu leyti teknar til greina ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda að greiða stefnda 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur skal vera óraskaður. Afrýjandi Þorleifur Guðmundsson greiði stefnda G. Gíslason & Hay Ldt 20 kr. í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 8. nóvember 1915.

Nr. 39/1915. Björn Gíslason
gegn
Degi Brynjólfssyni.

Dómur:

Eftir kröfu hreppstjórans í Gaulverjabæjarhreppi, Guðmundar Þorkelssonar, sem umsjónarmanns kirkju-

eignarinnar Gaulverjabæjar, í bréfi dags. 5. júní þ. á. var fógetaréttur Árnessýslu haldinn þar 7. s. m. til þess að bera út af jörðinni áfrýjanda þessa máls Björn Gíslason. Guðmundur Þorkelsson hafði þá látið af hreppstjórn, en eftirmaður hans, Dagur Brynjólfsson, sem stefndur er í málinu, mætti við fógetagerðina og hélt fram kröfu fyrirrennara sins um útburðinn. Í réttinum nefndan dag kvað fógetinn upp 2 úrskurði, annan útaf kröfu Björns Gíslasonar um að fógetinn viki sæti í málinu á þá leið, að sú krafa yrði eigi tekin til greina, og hinn um kröfu gerðarbeiðanda á þá leið, að útburðurinn skyldi fram fara.

Úrskurðum þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins, með stefnu dags. 17. júní þ. á., og eru kröfur hans þær, að fyrri úrskurðinum verði breytt þannig, að fógetinn, Sigurður sýslumaður Ólafsson, verði dæmdur til að víkja sæti og málinu skipað í sama horf og það var í 7. júní þ. á., og að síðari úrskurðurinn verði feldur úr gildi, þannig, að synjað verði um útburðinn, svo og að áfrýjanda verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi krefst, að báðir úrskurðirnir verði staðfestir og áfrýjandi dæmdur í málskostnað og sekt fyrir þrætugirni.

Þess skal hér getið, að annar meðdómandi í yfirdómi víkur úr dómarasæti í máli þessu sökum þess, að hann hefir áður haft meðgerð með það í stjórnarráðinu.

Þann 26. júlí f. á. gerðist sá samningur milli Jóns Magnússonar, þá bónda á Gaulverjabæ, og Jóns St. Schevings fósturföður áfrýjanda, að Scheving

skyldi þann dag taka við ábúð á Gaulverjabæ og halda jörðina til fardaga 1915 og taka jafnframt á leigu af Jóni Magnússyni búslóð og hús, er hann átti á jörðinni, fyrir verð, er ákveðið var í samningnum. Þennan gerning samþykti umráðamaður jarðarinnar, fyrnefndur hreppstjóri, og 28. sept. lét hann Scheving fá lífstíðarbyggingarbréf fyrir jörðinni, er sýslumaður samþykti 30. s. m. En 12 febr. þ. á. sagði Scheving jörðinni lausri; var hún þá auglýst til ábúðar og bygð í marzmán. Skúla Thorarensen, sem nú býr þar.

Áfrýjandi telur sig hafa verið löglegan ábúanda á Gaulverjabæ síðastliðið fardagaár og hann lítur svo á, að hann eigi ábúðarrétt á jörðinni líðandi fardagaár; heldur hann því fram, að Scheving hafi verið fulltrúi sinn eða umboðsmaður, er hann samdi við Jón Magnússon um ábúðina, og rekið búskapinn fyrir sína (áfrýjanda) hönd og á sinn kostnað og hafi það verið með vitund og samþykki hreppstjórans. Svo hafi það og verið er Scheving tók byggingarbréf fyrir jörðinni, að hann hafi gert það í þágu áfrýjanda og ætlun hans verið að áfrýjandi hefði umráð og afnot jarðarinnar framvegis. Hins vegar hafi það verið að óvilja áfrýjanda og í trássi við hann, er Scheving sagði jörðinni lausri, og eftir það 20. febr. hafi hreppstjórinn bréflega heitið áfrýjanda því að byggja honum jörðina, ef hann yrði hæstbjóðandi í hana, og kveðst áfrýjandi hafa boðið 25 kr. meira en hæsta boð frá öðrum, telur áfrýjandi að þetta loforð hreppstjórans verði að teljast jafngildi byggingarbréfs fyrir jörðinni.

Áfrýjandi staðhæfir, að sýslumaðurinn hafi verið svo mjög við mál þetta riðinn, að hann hafi verið óhæfur til að fara með það sem fógeti og kveða upp úrskurð í því, það hafi verið að hans fyrirlagi eða undirlagi, að hreppstjórinn synjaði áfrýjanda um byggingu á jörðinni og brá þannig loforð sitt við hann, en bygði jörðina öðrum og krafðist útburðar á áfrýjanda; hafi fógetanum því verið skylt að víkja sæti. Þegar mótmæli þessi komu fram í fógetaréttinum af hálfu áfrýjanda lýsti fógetinn því yfir, að hann hefði á engan hátt verið við mál þetta persónulega riðinn en haft þau ein afskifti af því, er máli skifta, að hann hefði samkvæmt embættisskyldu sinni ritað samþykki sitt á byggingarbréf fyrir jörðinni handa Skúla Thorarensen og með því að eins staðfest tillögu hreppstjórans, að honum væri bygð jörðin. Áfrýjandi hefir ekki gert tilraun til að sanna, að afskifti fógetans af málinu hafi verið önnur en fógetinn skýrir frá, og var þá engin heimild eða skylda til þess að hann tæki þessa kröfu áfrýjanda til greina. Það verður því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð um að fógetinn víki eigi sæti í málinu. Krafa áfrýjanda í sambandi við þetta um að málinu verði skipað í sama horf og það var í 7. júní þ. á. verður þá eigi heldur samþykt, enda hefir ábúandanum Skúla Thorarensen eigi verið stefnt, en téðri kröfu yrði því að eins fullnægt að ábúandinn yrði borinn út eða dæmdur til að víkja af jörðinni.

Kemur þá til álits krafa áfrýjanda um ógildingu útburðarúrskurðarins. Áfrýjandi byggir kröfuna á því, að hann hafi verið ábúandi á jörðinni síðastliðið

fardagaár, en ekki fengið, eins og hann hafi átt heimtingu á, aðvörun fyrir jól um að víkja af jörðinni, og að hann hafi haft loforð hreppstjórans, jafngildi byggingarbréfs, fyrir ábúðinni frá síðastliðnum fardögum. En þessum röksemdum áfrýjanda verður eigi komið heim við framangreind óvéfengd atvik málsins, er sýna að áfrýjandi fekk aldrei ábúðarrétt á jörðinni hvorki fardagaárið 1914—1915, þó að hann þá ræki þar eða stæði fyrir búskap í nafni Schevings, né líðandi fardagaár, þó að hann fengi skriflegt loforð hreppstjóra um byggingu, með því eigi getur komið til mála, að meta loforð þetta á borð við löglegt byggingarbréf, enda var hreppstjórinn eigi einhlítur um að efna slíkt loforð, sbr. lög. 16. nóv. 1907, 9. gr. og reglugerð 5. ág. 1908, og sá sér það eigi heldur fært, þegar á skyldi herða. Að svo vöxnu máli var umboðsmanni landsdrottins rétt að beiðast aðstoðar fógeta til að láta áfrýjanda víkja af jörðinni, og kemur það eigi til álits, hvort hún sem áfrýjandi véfengir, hafi verið löglega bygð hinum nýja ábúanda, er eigi er stefnt í málinu. Það ber samkvæmt þessu að telja útburðargerðina löglega og staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð þar að lútandi.

Það er eigi alveg næg ástæða til að sekta áfrýjanda fyrir ástæðulausa málsýfingu, en eftir málavöxtum þykir rétt að hann greiði stefnda málskostnað, er ákveðst 40 krónur.

Málaflutningsmaður áfrýjanda hefir í sóknarskjölum sínum fyrir yfirdómi borið fógeta brixlyrðum og haft ósæmilegt orðbragð um málflutningsmann stefnda og óstefndan, nafngreindan mann. —

Hann brixlar fógeta um að hafa »vísvitandi hallað máli« áfrýjanda í óhag, segir um málaflutningsmann stefnda, að maður hafi »gint hann eins og þursa« með nokkru er »enginn með meðalgripsviti var vorkunn að sjá«, og um óstefnda manninn segir hann, að hann hafi »gripið til þess örþrifaráðs að rógbera áfrýjandi«, kallar manninn »óþokka«, og nefnir tiltekinn verknað, er hann eignar honum »hið versta þorparastrik« og »varmenskubragð«. Ummæli þessi öll eiga að vera dauð og ómerk og málflutningsmaður áfrýjanda, Páll Jónsson, yfirréttarmálaflutningsmaður, að greiða 30 kr. sekt fyrir þau, sinn helminginn í hvern sjóðinn, landssjóð og bæjarsjóð Reykjavíkur. Þá eiga og orðin: »vísvitandi ósannindi« í varnarskjali málflutningsmanns stefnda um málflutningsmann áfrýjanda, að vera dauð og ómerk, en ekki þykir ástæða til að sekta fyrir þau.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjuðu úrskurðum skal óraskað. Framantalin ummæli skulu vera dauð og ómerk. Málflutningsmaður áfrýjanda, yfirdómsmálaflutningsmaður Páll Jónsson, greiði 30 kr. sekt, að helmingi í landssjóð og að helmingi í fátækrasjóð Reykjavíkur. Áfrýjandi, Björn Gíslason, greiði stefnda Degi Brynjólfssyni, 40 krónur í málskostnað. Sekt og málskostnaður greið-

ist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. nóv. 1915.

Nr. 43/1915 Kristján Jónasson
gegn
Birni Kristjánssyni
og Birni Sigurðssyni
bankastj. f. h. Landsbankans.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stjórn Landsbankans, hinir stefndu gegn áfrýjandanum Kristjáni Jónassyni og tveimur öðrum mönnum út af reikningslánsskuld, er Kristján Jónasson stóð í við Landsbankann samkv. lánssamningi dags. 5. maí 1905, og var lánið upprunalega samkvæmt samningi þessum 800 kr. Var málið sótt og rekið fyrir gestaréttí Reykjavíkur og lauk því með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 22. október f. á., að áfrýjandinn var in solidum með 2 öðrum mönnum dæmdur til að greiða hinum stefndu fyrir hönd Landsbankans eftirstöðvar lánsins, eins og þær þá töldust, 780 kr. 20 au. með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1913 til borgunardags og málskostnað að upphæð kr. 45.35. Gestaréttardómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. júlí þ. á., og jafnframt úrskurði, uppkveðnum af

gestaréttinum undir rekstri málsins hinn 25. sept. f. á. og hljóðar úrskurður þessi svo: »Stefndum (o: áfrýjanda) er veittur frestur til vitnaleiðslu til 9. okt 1914 kl. 12 á hádegi«. Eru það kröfur áfrýjanda, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og gestaréttardómurinn jafnframt ónýttur, en til vara, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður. Svo krefst hann og málskostnaðar að skaðlausu, hvernig sem málsúrslitin verða.

Af annari hálfu hafa hinir stefndu krafist þess, principaliter, að málinu verði vísað frá yfirdómi og in subsidium að hinn áfrýjaði dómur verði að öllu leyti staðfestur, og að þeim verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi, hvernig sem málið fer.

Þar sem hinir stefndu halda því fram, að málinu skuli frá vísa að því er úrskurðinn snertir, af því að útrunninn sé áfrýjunarfresturinn fyrir hann, en áfrýjunin virðist, að þeirra áliti, fyrst og fremst eiga að gilda úrskurðinn, þá verður eigi á þetta fallist, því að svo framarlega áfrýjanda var opinn vegur til að áfrýja dóminum, gat hann og jafnframt áfrýjað úrskurðinum, en það er eigi vefengt, að hann hafi löglega getað áfrýjað dóminum.

Þá hafa stefndu krafist þess, að málinu verði frá vísað, með því að með stefnunni sé áfrýjað gestaréttardómi »uppkveðnum 20. okt. 1914«, en slíkur dómur liggi hér ekki fyrir. En þar sem áfrýjandinn hefir skýrt svo frá, að hann hafi samið stefnuna með hliðsjón af staðfestu dómseftirriti, þar er dóms-

uppsagnardagur hafði verið misskrifaður 20. okt. í staðinn fyrir 22. okt., og þetta er eigi vefengt af hinum stefndu, enda þeir látið mæta eftir stefnunni, þá þykir eigi ástæða til þess að frávísa málinu fyrir þessa sök.

Þá koma til álita réttarkröfur áfrýjanda, og þá fyrst krafan um ónýtingu úrskurðarins 25. seft. f. á. Áfrýjandi fór því þá fram fyrir gestaréttinum, er hann hafði stefnt vitnum til, þar á meðal málfærslumanni hins stefnda, að vísa skyldi málinu frá dómi, með því enginn mætti þá af hendi hinna stefndu, nema þessi málfærslumaður þeirra, en hann gæti eigi mætt bæði sem vitni og málsaðili eða umboðsmaður málsaðila. Á þetta verður þó eigi fallist, því áfrýjandi gat eigi með því að stefna umboðsmanninum sem vitni, gert hann óhæfan til þess að fara með málstað umbjóðenda sinna fyrir réttinum, enda varð þá ekkert af vitnaleiðslunni fyrir aðrar orsakir, sem sé þær, að vitnastefnan var ólögmæt. — Þá vill áfrýjandi fá því framgengt, að áminstur úrskurður verði feldur úr gildi og honum hrundið, með því að honum hafi eigi nægt til vitnaleiðslu 14 daga frestur sá, er honum þá var veittur, en hann hafði beiðst mánaðarfrests, og heldur hann enn fast við þá kröfu. Hann hefir þó eigi fært nein nægileg rök fyrir því, að hinn veitti frestur hafi eigi getað verið honum nægilegur, enda verður eigi svo álitið, og getur þessi krafa hans því eigi orðið tekin til greina. Þá vill áfrýjandi láta ónýta gestaréttardóminn fyrir þá sök, að hvorugur málsaðila hafi undirskrifað réttarbókina (dómsmálabókina) í gestaréttarhaldinu 18. sept. 1914,

án þess þó að neinu leyti að vefengja að rétt hafi verið bókað, en þetta virðist eigi eiga að leiða til þess, að dómurinn sé ónýttur, enda geta legið til þess þau rök, að málsaðilar hafi farið úr réttinum, áður en bókun var lokið.

Að því er aðalefni málsins snertir, verður eftir málfærslunni að líta svo á, að áfrýjandi hafi kannast við, að hann hafi undirskrifað lánssamninginn 5. maí 1915, og þegið það lán hjá bankanum sem þar um ræðir, 800 kr. að upphæð, og með því að hann hefir eigi fært sönnur á, að hann hafi borgað meira upp í lánið, en hinir stefndu hafa viðurkent, og til greina er tekið við uppgerð þess, né heldur sannað, að nýir samningar hafi verið gerðir um lánið, sérstakur frestur veittur til greiðslu þess, eða á annan veg vikið frá hinum upprunalega samningi, en eftir honum er lánið alt með vöxtum og kostnaði fallið til borgunar, verður að fallast á það, að gestaréttardómurinn hefir tekið kröfur hinna stefndu til greina, og ber samkvæmt því að staðfesta nefndan dóm að því er hann tekur til áfrýjanda, þar með einnig málskostnaðarákvæði hans. Eftir þessum úrslitum getur áfrýjandi eigi komist hjá að verða skyldaður til að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður að því er hann tekur til áfrýjanda, Kristjáns Jónas-

sonar. Áfrýjandi greiði hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, að upphæð 30 kr.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. nóvember 1915.

Nr. 20/1915: Ágúst Gíslason
gegn
Páli Sigurðssyni.

Dómur:

Áfrýjandi þessa máls, Ágúst Gíslason útvegsbóndi í Vestmannaeyjum, tók peningalán 22. nóv. 1912 í veðdeild Landsbankans, fyrir hönd og í umboði stefnda Páls Sigurðssonar ökumanns sama staðar, og greiddi lánsupphæðina að frádregnum kostnaði, kr. 933,50 inn í reikning stefnda við Edinborgarverzlun, samkvæmt ávísun dags. 16. nóv. 1912, er verzlunin hafði í höndum. Stefndi taldi þessa greiðslu til verzlunarinnar heimildarlausa, og lögsótti áfrýjanda fyrir aukarétti Vestmannaeyjasýslu til að standa sér skil á lánsupphæðinni með 5% ársvöxtum frá 22. nóvember 1912 til greiðsludags, og urðu úrslit málsins þau með dómi aukaréttarins, uppkveðnum 9. janúar þ. á., að ef stefndi synjaði fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning í varnarþingi sínu,

að hann hefði gefið neinum heimild til að skrifa nafn sitt undir fyrgreinda ávísun, skyldi áfrýjandi skila honum kr. 933.50, auk 5% ársvaxta frá 22. nóv. 1912 til greiðsludags og greiða honum 30 kr. í málskostnað, en ynni stefndi ekki eiðinn, skyldi áfrýjandi vera sýkn af kröfum hans og málskostnaður falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. marz þ. á. og gert þær kröfur, að dóminum verði breytt þannig, að áfrýjandi verði algerlega sýknaður í málinu og stefndi sektaður fyrir óþarfa þrætu. Ennfremur hefir hann í sambandi við aðalmálið áfrýjað eiðsmáli, er stefndi hóf til að vinna eið samkvæmt dómnum, en var ekki leitt til lykta, og krafðist þess að úrskurður, sem gekk í eiðsmálinu 20. marz þ. á. og öll meðferð þess verði dæmd ógild; svo krefst hann og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirrétti í báðum málunum, eftir mati yfirdómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og mótmælir kröfu áfrýjanda um ónýting eiðsmálsins. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Ávísunin, er fyr getur, hljóðar svo: »Hérmeð ávísa eg undirritaður verzluninni Edinborg upphæð þeirri, sem kann að fást úr veðdeild Landsbanka Íslands út á húseign mína hér í Eyju, nefnt Laufholt«. Undir ávísun þessa er ritað nafn stefnda handsalað »(H. S.)«, og nöfn tveggja vitundarvotta. Stefndi neitar því eindregið, að hann hafi leyft neinum eða handsalað, að skrifa nafn sitt undir ávísunina, og hann

neitar því og að hann hafi beðið áfrýjanda eða leyft honum að greiða Edinborgarverzlun lánsupphæðina.

Maður sá, sem ritaði nafn stefnda undir ávísunina, Kristmann Agnar Þorkelsson, yfirfiskimatsmaður, hefir verið yfirheyrður sem vitni í málinu og borið það, að stefndi hafi handsalað sér, í viðurvist vitundarvottanna, að rita nafn hans undir ávísunina og að ávísunin hafi verið lesin upp fyrir stefnda áður en hún var undirskrifuð. Vitni þetta vann þó eigi eið að framburði sínum, með því að dómarinn úrskurðaði samkvæmt mótmælum stefnda, að vitnið mætti ekki bera vitni í málinu og hefir þeim úrskurði eigi verið áfrýjað. Vitundarvottarnir á ávísuninni, Jes A. Gíslason prestur og Guðni H. Johnsen verzlunarmaður, báru og vitni um undirskriftirnar, samhljóða skýrslu fyrgreinds vitnis og var framburður þeirra tekinn jafngildur og staðfestur væri með eiði. Stefndi hefir þó mótmælt því, að vitnisburðir þessir komi til álita, með því að vitnunum báðum sé málið svo skylt, að þau geti eigi talist gild, þar sem Jes A. Gíslason sé mágur verzlunarstjórans við Edinborgarverzlun og hafi verið í hans stað um það leyti sem ávísunin var gefin út, og Guðni H. Johnsen sé bróðir verzlunarstjórans og hafi verið í þjónustu verzlunarinnar um sama leyti. En þessi andmæli gegn vitnunum geta eigi varðað neinu í þessu máli, því að þó vitnin séu vandabundin verzlunarstjóra Edinborgarverzlunar og þó að þau hafi verið í þjónustu verzlunarinnar, þá sýnir það eigi að þau séu á neinn hátt viðriðin þetta mál eða aðila þess, svo að heimild sé fyrir þá sök til að gera þau ræk eða

draga úr gildi vitnisburða þeirra, enda verður eigi heldur séð, eins og málið er vaxið, að úrslit þess komi að neinu leyti við hagsmuni Edinborgarverzlunar eða vitnanna sjálfra. Vitnisburði þessa verður því að telja gilda, og skýrsla Kristmanns A. Þorkelssonar styrkir þá, þótt eigi sé stafest með eiði, svo og það að stefndi hefir tvisvar, við áramót 1913 og 1914 meðtekið reikning frá Edinborgarverzlun, þar sem lánsupphæðin er tilfærð, og þó eigi, svo sannað sé, fundið neitt að því.

Samkvæmt þessu verður að telja það sannað, að áfrýjandi hafi greitt áminst veðdeildarlán í reikning stefnda við Edinborgarverzlun eftir fyrirmælum hans og ávísun, og skiftir það eigi máli, þótt nafn áfrýjanda væri eigi greint í ávísuninni eða hún stíluð á hans nafn. Það ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Það leiðir af þessum úrslitum aðalmálsins, að fella verður úr gildi samkvæmt kröfu áfrýjanda hinn áfrýjaða úrskurð í eiðsmálinu og ómerkja það mál í heild sinni.

Það þykir eigi næg ástæða til, eftir kröfu áfrýjanda, að sekta stefnda fyrir ástæðulausa málsókn, en honum ber að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, er ákveðst 60 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Ágúst Gíslason, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Páls Sigurðssonar, í þessu máli.

Hinn áfrýjaði úrskurður í eiðsmálinu og öll meðferð þess á ómerk að vera. Stefndi greiði áfrýjanda 60 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. nóvember 1915.

Nr. 37/1915. Magnús Sigurðsson
f. h. Die Pommersche-Provinzial-Zucker-Siederei í Stettin
gegn
h/f. P. J. Thorsteinsson & Co.

Dómur:

Samkvæmt kaupseðli dags. 29. jan. 1912 keypti stefndi í þessu máli, hlutafélagið P. J. Thorsteinsson & Co. hér í bænum, af áfrýjanda Die Pommersche-Provinzial-Zucker-Siederei í Stettin meðal annars 400 hálfkassa af melís, 25 kilogr. að þyngd hvern, fyrir 21,75 mörk hver 50 kilogr. komin á skipsfjöl í Stettin í marzmánuði nefnt ár, en ef það drægist fram yfir ákveðinn tíma að sykurinn yrði tekinn, skyldi verðið hækka um $^1/_8$ marks fyrir hver 50 kilogr. hverja 2 mánuði fram til septembermánaðar, að honum meðtöldum. Það fórst fyrir að stefndi tæki meira af af þessum sykri en $^{100}/_2$ kassa, og út af því höfðaði áfrýjandi þetta mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda til skaðabóta fyrir halla, er hann hafði

beðið fyrir samningsbrigði stefnda, og taldist honum til, að sá halli næmi 1016.66 kr., er hann krafðist dóms fyrir auk 6% ársvaxta frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnaðar. Lauk málinu svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 17. des. f. á., að stefndi skyldi greiða áfrýjanda 50 kr. 4 aur. með 6% ársvöxtum frá 31. okt. 1913 til borgunardags, en málskostnaður falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 14. júní þ. á, og eru kröfur hans fyrir yfirdóminum hinar sömu og fyrir undirréttinum, en til vara að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi krefst af annari hálfu, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og sér dæmdur hæfilegur málskostnaður.

Dómkrafa áfrýjanda er bygð á því, að stefndi hafi, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur áfrýjanda, látið farast fyrir að taka á móti eða ráðstafa umræddum $^{300}/_{2}$ kössum af sykri og þannig heimildarlaust riftað kaupum. Telur áfrýjandi sig því hafa verið lausan við samninginn að liðnum september 1912, en hann tjáist þó eigi hafa sagt honum upp eða losað stefnda við kaupin fyr en í ágústmán. 1913. En þá hafi gangverð sykurs af því tagi, sem um var samið, verið komið niður í 14,75 mörk. Mismunurinn á þessu verði og hinu umsamda verði 21,25 (á að vera 21,75) mörk krefst áfrýjandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér og ennfremur samkvæmt kaupseðlinum $^{1}/_{8}$ marks hverja tvo mánuði frá apríl 1912 til ágúst

1913 fyrir hver 50 kílogr., eða $1^1/_8$ marks allan tímann, svo að áfrýjanda beri samtals $7^5/_8$ mörk í skaðabætur fyrir hver 50 kílogr. og þá alls fyrir $^{800}/_2$ kassa 1143,75 mörk, eða í hérlendum peningum 1016 kr. 66 aur.

Við útreikning þessarar skaðabótaupphæðar hefir stefndi eigi athugað neitt sérstaklega, en heldur því fram, að hann sé alls eigi skaðabótaskyldur áfrýjanda; kveðst hann hafa verið viðbúinn að taka við öllum sykrinum á réttum tíma og ámint áfrýjanda um að afgreiða hann, en ekki fengið nema $^{100}/_2$ kassa. — Skýrsla áfrýjanda um gangverð á sykri í ágústmánuði 1913 telur stefndi ranga og neitar því, að verðið hafi þá verið lægra en það, sem hann átti að greiða samkvæmt kaupsamningnum.

Með bæjarþingsdómnum var stefndi dæmdur til að greiða framangreinda verðhækkun $^1/_8$ marks fyrir hver 50 kílogr. mánuðina apríl—sept. 1912 með 50 kr. 4 aur., og kemur þá, eins og málið liggur fyrir, að eins til álita, hvort honum beri að greiða þessa verðhækkun einnig fyrir mánuðina október 1912—ágúst 1913, en hann mótmælir, að heimild sé til þess samkvæmt kaupseðlinum.

Kaupseðilinn ber það með sér, sérstaklega ákvæðið um $^1/_8$ marks verðhækkun fyrir drátt á móttöku sykursins, að það var stefndi, sem átti að segja til, hvenær, innan tiltekins tímamarks (septemberloka), hann vildi láta senda sér sykurinn, en hann hefir eigi gegn neitun áfrýjanda sannað, að hann hafi gengið eftir sykrinum hjá áfrýjanda, eða verið búinn að taka við honum. Það verður því að líta svo á, að

stefndi hafi átt sök á því, að áminstir $^{800}/_{2}$ kassar af sykri voru honum eigi sendir, og að honum beri að bæta áfrýjanda samkvæmt kaupseðlinum og almennri verzlunarvenju kostnað þann og tjón, er hann hefir beðið fyrir þessi samningsbrigði.

Það eru engar skýrslur um það í málinu, hvert gangverð hefir verið á umsamdri sykurtegund í lok septembermán. 1912, þegar áfrýjandi taldi sig lausan við samninginn. Ef gangverðið hefir þá verið jafnhátt, eða hærra en um var samið, gat áfrýjandi selt sykurinn sér að skaðlausu eða með ábata, og hafi verðið verið lægra, gat hann ráðstafað sykrinum á kostnað stefnda á tíðkanlegan hátt. En í stað þessa hefir áfrýjandi miðað skaðabótakröfu sína við sykurverðið 11 mánuðum síðar, og hefir hann þannig fengið tækifæri til að færa sér í nyt verðbreytingar á sykri þennan tíma, sér í hag, en stefnda í óhag. En til þessa þykir áfrýjanda hafa brostið heimild, og auk þess hefir hann eigi gegn mótmælum stefnda fært nægar sannanir fyrir því, að gangverð á sykri í ágústmán. 1913 hafi verið lægra en ákveðið var í kaupseðlinum. Það virðist því eigi vera heimild til að taka svo vaxna skaðabótakröfu áfrýjanda til greina.

Um verðhækkunina $^{1}/_{8}$ marks á 50 kílogr. hverja 2 mánuði, sem að sögn áfrýjanda er borgun fyrir geymslu, vinnu, rentutap o. s. frv., segir í kaupseðlinum, að hún skuli ná til septemberloka. En þá taldi áfrýjandi sig lausan við samninginn og þurfti því eigi að geyma lengur sykurbyrgðir handa stefnda eða hafa annan kostnað af þeim. Eftir því verður

að telja það rétt í hinum áfrýjaða dómi, að áfrýjanda er eigi reiknuð þessi verðhækkun lengur en til septembermánaðaloka 1912.

Með því að niðurstaðan þannig verður hér hin sama og í bæjarþingsdóminum og málskostnaðarákvæði hans samþykkist, ber að staðfesta dóminn í öllum greinum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. nóvember 1915.

Nr. 21/1915. Gísli J. Johnsen fyrir hönd Icelandic Fisheries Ldt.
gegn
Svend J. Norman

Dómur:

Í máli þessu, sem höfðað var í héraði og rekið fyrir gestaréttí Vestmannaeyjasýslu, lögsótti hinn

stefndi Svend J. Norman áfrýjanda Gísla J. Johnsen fyrir hönd félagsins Icelandic Fisheries Ldt. til greiðslu á eftirstöðvum á umsömdu kaupi við vinnu að kolauppskipun kr. 180.10 og til skaðabóta fyrir samningsrof 300 kr., samtals 480 kr. 10 a. auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til borgunardags og málskostnaðar. Var málið dæmt í nefndum rétti 3. marz 1915 með þeim úrslitum, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða Svend J. Norman 180 kr. 10 a. ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og 30 kr. upp í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn Gísli J. Johnsen f.h. Icelandic Fisheries Ldt. áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu útg. 11. marz 1915 og krefst hann þess, að dómi þessum verði hrundið og breytt þannig að hann verði að eins dæmdur til að greiða stefnda 24 kr. 60 aur., en verði að öðru leyti sýknaður af öllum kröfum hans, að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu, að umboðsmaður stefnda verði dæmdur í sekt fyrir ósæmileg orð fyrir undirrétti og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 16. júlí 1915, og krefst hann þess, að undirdóminum verði breytt þannig að allar kröfur hans fyrir gestaréttinum verði teknar til greina og honum tildæmdur málskostnaður fyrir yfirrétti eftir mati réttarins.

Í janúarmánuði 1914 fekk félagið Icelandic Fisheries Ldt. kolafarm til Vestmannaeyja með gufuskipinu Victoria. Varð það að samkomulagi milli

aðaláfrýjanda Gísla J. Johnsen, sem veitti farminum móttöku, og gagnáfrýjanda Svend J. Norman að gagnáfrýjandi tæki að sér að skipa kolunum upp úr skipinu. Með því aðaláfrýjanda þótti verk það, er gagnáfrýjandi átti að vinna, — en það var fólgið í því að vinna í lestinni að því að fylla kolapokana og koma þeim niður í uppskipunarbátana við skipshlið — eigi viðunanlega af hendi leyst, þá sagði hann gagnáfrýjanda upp vinnunni og sendi annað fólk til að annast þennan starfa. Gagnáfrýjandi heldur því fram, að þegar honum hafi verið vikið úr vinnunni með símskeyti aðaláfrýjanda 4. febr. 1914, þá hafi hann verið búinn að vinna að uppskipun á 240 tonnum af kolum, hafi svo verið umsamið að hann ætti að fá kr. 1.20 fyrir hvert tonn, sem skipað væri upp úr skipinu. Fyrir þetta starf hafi sér því borið 288 kr., en þar upp í hafi aðaláfrýjandi greitt sér kr. 107.90 en eftir standi kr. 180.10.

Aðaláfrýjandi hefir að vísu ekki á móti því að greiða gagnáfrýjanda kr. 1.20 fyrir hvert tonn af kolum, sem hann hafi unnið að uppskipun á, en hann heldur því fram, að hann hafi hinn 26. janúar sagt gagnáfrýjanda upp vinnunni og þá hafi að eins verið búið að skipa upp 110 tonnum af kolum, beri gagnáfrýjanda því fyrir vinnu hans kr. 132.00 en þar upp í hafi hann fengið kr. 107.40, og sé hann fús til að greiða honum hinar eftirstandandi kr. 24.60 aur. Þessu til sönnunar hefir aðaláfrýjandi lagt fram vottorð frá skipstjóranum á gufuskipinu Victoria um að áfrýjandi hafi að morgni þess 26. jan. sagt honum, að gagnáfrýjandi hefði ekki lengur afskifti af uppskipun kolanna um

borð í skipinu, og að menn aðaláfrýjanda hafi úr því séð um uppskipunina. En þessu vottorði er mótmælt og hafa 2 vitni borið það fyrir rétti að gagnáfrýjandi hafi unnið að uppskipun kolanna til janúarmánaðarloka og að þau hafi ekki orðið vör við aðra menn utan skipshafnarinnar vinna að þessu verki í skipinu. Það verður því að líta svo á, að það sé sannað, að gagnáfrýjandi hafi unnið að uppskipun kolanna til 31. jan., en um það virðist ekki ágreiningur að þann dag hafi verið búið að skipa upp úr skipinu 240 tunnum af kolum, og þar sem eftir málfærslunni ekki er um annan mælikvarða að ræða um borgun fyrir verk gagnáfrýjanda en kr. 1.20 fyrir uppskipað tonn verður að fallast á að gagnáfrýjanda beri fyrir það 288 kr. að frádregnum 107 kr. 90 aur. eða 180 kr. 10 aur.

Þá hefir gagnáfrýjandi krafist þess að sér verði tildæmdar 300 kr. í skaðabætur fyrir það að verkið hafi verið tekið af sér að ástæðulausu, og byggir hann kröfu þessa á því, að samningur málsaðila hafi náð til alls farmsins, og þeim samningi hafi aðaláfrýjandi ekki getað riftað að ástæðulausu.

Aðaláfrýjandi heldur því hinsvegar fram, að gagnáfrýjandi hafi falast eftir vinnunni og hafi hann verið tekinn til reynslu til umgetins starfa, en brátt hafi það sýnt sig að gagnáfrýjandi hafi sökum mannfæðar ekki getað leyst uppskipun kolanna viðunanlega af hendi. Hann hafi ekki haft undan að láta í pokana og uppskipunarbátarnir hafi orðið að bíða tímunum saman við skipshlið til að fá kol, og hafi þetta tafið svo fyrir uppskipuninni að ekki hafi ver-

ið við unandi. Það verður nú að líta svo á, að þessi skýrsla aðaláfrýjanda sé sönnuð, og hafði hann þá fullan rétt til að víkja gagnáfrýjanda frá vinnunni, og getur honum því engar skaðabætur borið. Verður að fallast á niðurstöðu gestaréttardómsins í þessu atriði.

Málskostnaðarákvæði dómsins þykir og mega samþykkja, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum.

Orðið »ósvífni« í bókun málflutningsmanns gagnáfrýjanda fyrir undirrétti ber að dæma dautt og marklaust, en ekki þykir næg ástæða til að sekta málflutningsmanninn fyrir það.

Kröfu aðaláfrýjanda um að gagnáfrýjandi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu er ekki ástæða til að taka til greina, og eftir úrslitum málsins þykir rétt að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Við meðferð máls þessa er það að athuga, að það var tekið til dóms 3. apríl 1914, en dómur í því var uppkveðinn 3. marz 1915, en þar sem málsaðilar hafa eigi gert ábyrgðarkröfu á hendur undirdómaranum útaf þessu, verður hann eigi látinn sæta sekt fyrir þennan mikla drátt á dómsuppsögninni:

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður. Orðið »ósvífni« í bókun málflutningsmanns gagnáfrýjanda skal dautt og ómerkt. — Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 29. nóvember 1915.

Nr. 42/1915. Skiftaráðandinn í Reykjavík
f. h. þrotabús Filippusar Ámundasonar
gegn
Sigríði E. Ottesen.

Dómur:

Skiftaráðandinn í Reykjavík höfðaði fyrir hönd þrotabús Filippusar Amundasonar mál þetta fyrir aukarétti Vestmannaeyjasýslu gegn stefndu, frú Sigríði E. Ottesen, til greiðslu á 5000 kr. skuld til nefnds þrotabús samkvæmt skuldabréfi útgefnu af henni 14. jan. 1905, en með dómi nefnds réttar 2. marz þ. á. var málinu vísað frá rétti.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 7. júlí þ. á., og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur, málinu heimvísað til nýrrar meðferðar frá því það var tekið til dóms og undirdómarinn skyldaður til þess, að kveða upp dóm um efni málsins og að stefnda frú Sigríður E. Ottesen verði dæmd til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefnda hefir hins vegar krafist þess, að málinu verði vísað frá yfirrétti, en til vara að hinn áfrýjaði

dómur verði staðfestur og henni tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Kröfu sína um frávísun málsins frá yfirdómi byggir stefnda á því, að áfrýjunarstefnan hafi ekki verið löglega birt undirdómaranum. Stefnan var birt á heimili undirdómarans fyrir skrifara hans með því hann sjálfur var fjarverandi. Þessi birting stefnunnar verður að teljast lögleg.

Frávísun málsins frá undirrétti er bygð á því, að ekki sjáist að sátt hafi verið reynd í málinu, svo og á því, að mál um sama efni hafi samtímis verið rekið fyrir aukarétti Vestmannaeyjasýslu.

Eftir uppáskrift sáttanefndarinnar á sáttakæruna var sáttafundur haldinn 18. jan. þ. á. á þeim stað og stundu, er stefnda var kölluð til í þinghúsi sýslunnar kl. 12 á hádegi nefndan dag. Á sáttafundinum mætti kærandinn, svo og 2. sáttanefndarmaður, en kærða mætti ekki, og hafði þó fyrirkallið verið löglega birt henni og með nægum fyrirvara, en á fundinn kom maður hinnar stefndu, án þess þó að leggja fram skriflegt umboð eða geta þess á annan hátt, að hann væri mættur fyrir konu sína. 1. sáttasemjari mætti eigi, sökum snögglegra veikindaforfalla, og tók þá 2. sáttasemjari annan mann í hans stað sér til aðstoðar, en áður en sáttanefndin tók til starfa, vék maður hinnar stefndu af sáttafundinum. Var þá sáttatilraun árangurslaus og málinu, samkvæmt kröfu kærandans, vísað til aðgjörða dómstólanna.

Stefnda heldur því fram hér fyrir réttinum að maður sinn hafi ætlað að mæta fyrir hana við sáttaumleitunina, en þar sem 1. sáttasemjari hafi ekki

mætt á sáttafundinum og sáttabókin hafi heldur ekki verið til staðar í fundarbyrjun, hafi hann ætlað að ekkert yrði úr sáttafundinum og því farið af fundi.

Samkvæmt framlögðu vottorði 2. sáttasemjara var fyrst beðið eftir 1. sáttamanni, en kl. 15 mínútur yfir 12 hafi komið sendimaður frá honum með skilaboð um að hann gæti ekki mætt, sökum snöggleg ra veikinda, en með því að sáttabókin, sem var geymd hjá 1. sáttamanni, vantaði, hafi kærandinn, með leyfi 2. sáttasemjara, farið í næsta hús til að síma til 1. sáttamanns um að senda bókina þegar í stað; hafi svo kærandinn komið að vörmu spori aftur og sáttabókin rétt á eftir, eða kl. 20 mínútur yfir 12. En á meðan þessu hafi farið fram, hafi maður hinnar stefndu farið af fundinum, án þess að leggja fram skriflegt umboð frá konu sinni eða geta þess á nokkurn hátt að hann væri mættur fyrir hana eða gera nokkra ráðstöfun um málið.

Eftir því sem þannig er upplýst um það sem fram hefir farið á sáttafundinum verður að líta svo á, að hin stefnda hafi ekki mætt þar eða látið mæta þar og hafði þá sáttanefndin heimild og skyldu til þess, að vísa málinu til dómstólanna samkvæmt kröfu kæranda.

Um hina ástæðuna fyrir frávísun málsins hefir áfrýjandi gefið þá skýrslu, sem ekki hefir verið vefengd, að mál það, sem átt er við í forsendum undirdómsins, hafi verið búið að hefja frá rétti áður en hinu síðara máli var stefnt þangað, og var því heldur eigi af þeirri ástæðu rétt að frávísa málinu.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn áfrýj-

aða dóm úr gildi og vísa málinu heim til nýrrar dómsáleggingar. Svo ber stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal úr gildi feldur, og er málinu vísað heim til nýrrar dómsáleggingar.

Stefnda, Sigríður E. Ottesen, greiði áfrýjanda, skiftaráðandanum í Reykjavík, f. h. þrotabús Filippusar Ámundasonar 40 kr. í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 29. nóv. 1915.

Nr. 59/1915. Ólafur Helgason
gegn
ráðh. Íslands f. h. landssjóðs.

Dómur:

Þriðjudaginn 15. desbr. f. á. kom eldur upp í sölubúð kaupfélagsins »Ingólfur« á Háeyri á Eyrarbakka og vörugeymsluskúr, áföstum vesturhlið sölubúðarinnar. Varð eldsins vart um kl. 8 um morguninn, og brunnu bæði húsin niður til grunna. Við

rannsókn, er haldin var fyrir lögreglurétti Arnessýslu, til að komast fyrir upptök brunans, var sækjandi þessa máls, Ólafur Helgason, pakkhúsmaður við verzlun kaupfélagsins, settur í gæzluvarðhald, samkvæmt úrskurði réttarins, uppkveðnum 9. jan. þ. á., og sat hann í gæzluvarðhaldinu 6 nætur, en 15. janúar var hann látinn laus. Eftir skýrslu sækjanda, sem er óvefengd, var eigi höfðað sakamál gegn honum að lokinni rannsókninni.

Með því að Ólafur Helgason þóttist vera saklaus af broti því, er hann var grunaður um og ástæðulaust settur í gæzluvarðhald, höfðaði hann með stefni dags. 8. sept. þ. á. mál þetta gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs fyrir landsyfirdóminum samkvæmt lögum nr. 28, 26. okt. 1893, um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. og hefir skipaður málfærslumaður hans krafist þess, að honum verði dæmdar skaðabætur úr landssjóði, 3000 krónur, og fullur kostnaður málsins, eftir mati réttarins eins og eigi væri um gjafsóknarmál að ræða.

Til andsvara fyrir stefnda hefir enginn komið fram í yfirdóminum og er honum þó löglega stefnt. Málið verður því samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. dæmt eftir þeim gögnum, sem sækjandi hefir lagt fram.

Sækjandi var settur í gæzluvarðhald »með því að« eins og segir í úrskurðinum »eitt vitni hefir borið að það hafi þózt heyra málróm Ólafs úti á götu morguninn, er brann, löngu áður en Ólafur hefir borið að hann hafi farið á fætur«. Við réttarprófin bar sækjandi það fram, að hann hefði verið heima

hjá sér og eigi farið að heiman frá því kl. 7 kvöldið 14. des. þangað til morguninn eftir 15. des. kl. um 8, er brunakall var hafið í þorpinu. Þessu samhljóða skýrslu bar kona sækjanda og voru þau tvö ein á heimilinu. En, eins og getið er í varðhaldsúrskurðinum, bar eitt vitni fram skýrslu, er þótti fara í bág við framburð sækjanda og gera hann vafasaman. Vitni þetta, Sigurður Sigurðsson, vinnumaður á Stóra-Háeyri, var fyrst yfirheyrður 7. jan. og skýrði þá svo frá, að hann hefði morguninn, sem brann, kl. að ganga 6 komið út á nærklæðum til að kasta af sér þvagi; hafi hann þá áður en hann lauk upp dyrunum heyrt mannamál úti á götunni, en er hann opnaði hafi hann ekkert heyrt nema fótatak, að honum heyrðist tveggja manna, er gengu austur stíginn; hvaða menn þetta voru hafi hann eigi hugmynd um, hann hafi eigi þekt málróminn og ekkert séð, því að hann er nærri blindur. Með því að önnur vitni höfðu það eftir Sigurði að hann hefði þózt þekkja málróm annars mannsins, var hann aftur kallaður fyrir rétt 9. jan. og bar hann þá, *að* sér hafi strax komið í hug hvort verið gæti að, að Ólafur Helgason (sækjandi) væri þar á gangi, því að sér hafi ekki heyrst betur, en að hann ætti annan málróminn, en það hafi verið tveir karlmannsrómar, *að* hann sé óvenjulega glöggur á að þekkja málróm manna eða menn á málrómnum, *að* hann hafi oft talað við Ólaf og telji óliklegt að sér hafi misheyrst að þetta væri hans rödd. Tjáist vitnið hafa hikað sér við að segja frá þessu við fyrri yfirheyrsluna, af því að það vonaði, að þurfa eigi að verða neitt við

mál þetta riðinn. Þennan leiðrétta framburð hefir vitnið eigi staðfest með eiði eða drengskaparorði, enda hefir vitnið eigi getað fullyrt neitt um, að athugun þess umræddan morgun hafi verið rétt, og það er ástæða til að efast um, að vitnið hafi heyrt mannamál eða fótatak á veginum fram hjá Stóra-Háeyri á þeim tíma, er það greinir frá, því að annað vitni, Jens Sigurðsson, hefir borið það, að þennan morgun kl. 6 hafi hann gengið vestur veginn til Stóru-Háeyrar og hafi þá verið fremur bjart, föl á jörðu af nýföllnum snjó og vel sporrækt, að honum hafi dottí hug að aðgæta hvort nokkur merki sæust þar eftir umferð, en á veginum hafi eigi sést nein för eða slóð alla leið vestur að hesthúsinu, sem stendur rétt austan við Háeyrarbæinn. Það verður að ætla, að vitni þetta hefði orðið að taka eftir því, ef menn hefðu þá nýlega gengið veginn, og virðist skýrslu þess eigi verða komið heim við framburð vitnisins Sigurðar. Skýrsla þessa síðarnefnda vitnis, sem hefir borið rangt fyrir réttinum, verður að teljast óáreiðanleg og er eigi heimild til að byggja á henni neinn grun gegn sækjanda eða véfenging á frásögn hans um að hann hafi verið heima umræddan morgun til kl. um 8. Með því að varðhaldsúrskurðurinn styðst að eins við þennan vitnisburð, og eigi er að öðru leyti neitt framkomið við réttarprófin, er geri það sennilegt eða grunsamt, að sækjandi hafi verið bendlaður við brunann, má eftir málavöxtum ætla, að hann sé saklaus af glæp þeim, er gaf tilefni til að hann var sviftur frelsi, og með því að sækjandi hefir eigi með framferði sínu verið þessa valdandi, á hann samkvæmt

nefndum lögum tilkall til bóta úr landssjóði fyrir þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefir beðið af frelsissviftingunni.

Sækjandi tjáist hafa beðið skaða af varðhaldinu á margan veg, en hann hefir eigi gert nánari grein fyrir hvernig þeim skaða sé varið, og þykir þá með hliðsjón af því, að varðhaldstíminn var að eins 6 nætur, eftir málavöxtum hæfilegt að ákveða bæturnar 200 krónur.

Mál þetta er að lögum gjafsóknarmál; hefir skipaður málflutningsmaður sækjanda flutt það forsvaranlega og ber honum 25 kr. í málflutningslaun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Sækjanda Ólafi Helgasyni greiðist 200 kr. úr landssjóði og skipuðum málflutningsmanni hans, Guðmundi Ólafssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist 25 kr. í málflutningslaun úr sama sjóði.

Mánudaginn 6. desember 1915.

Nr. 52/1915. Jóhann Jónsson
gegn
Kristínu Pétursdóttur.

Dómur:

Í barnsfaðernismáli, er höfðað var af hálfu hinn-

ar stefndu, Kristínar Pétursdóttur, fyrir lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu gegn áfrýjandanum, sjómanni Jóhanni Jónssyni, var dómur uppkveðinn í nefndum rétti 14. nóvember 1914 á þá leið, að svo framarlega kærði, áfrýjandi í máli þessu, Jóhann Jónsson, innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins synjar fyrir það með eiði á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að hann hafi framið holdlegt samræði við kæranda, hina stefndu í máli þessu, Kristínu Pétursdóttur, á því tímabili að hann geti verið faðir að barni því, er hún ól 2. septbr. 1911, og skýrt var Sigurdúfa, þá á hann að vera sýkn af kröfum kæranda (stefnda) í málinu. En vinni hann eigi hinn fyrirlagða eið, á hann að greiða til uppfósturs barnsins frá fæðingu þess til þess er það er úr ómegð svo mikið, sem yfirvaldið ákveður. Málskostnaður var látinn falla niður.

Eftir skýrslu áfrýjanda var dómur þessi birtur á heimili hans að honum fjarverandi, og fekk hann eigi vitneskju um dóminn og birtingu hans fyr en eiðfresturinn var útrunninn. Fyrir því hefir hann nú skotið dómnum til yfirréttarins, með stefnu dags. 13. ágúst þ. á., eftir að hann tvívegis áður hafði áfrýjað málinu, en því þá í hvortveggja skiftið verið frávísað. Krefst hann þess nú fyrir yfirdóminum, að lögregluréttardómurinn verði staðfestur með þeirri breytingu, að nýr eiðvinningarfrestur verði ákveðinn; þá krefst hann þess og, að stefnda verði dæmd til þess að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi. Hin stefnda Kristín Pétursdóttir hefir eigi mætt, og enginn fyrir hennar hönd fyrir yfirdóminum, og

verður þá málið dæmt, eins og það er lagt fyrir réttinn af áfrýjanda. Verður að taka til greina kröfur hans um að honum sé settur nýr eiðvinningarfrestur, og að dómurinn að öðru leyti sé staðfestur. Sem eiðvinningarfrestur þykir hæfilegt að setja hinn almenna fullnægingarfrest landsyfirréttardóma. Málskostnaðarkröfu áfrýjanda þykir eigi rétt að taka til greina, því að hin stefnda verður eigi talin að eiga sök á því að áfrýjandi varð að skjóta málinu til yfirdóms, og fellur málskostnaður fyrir því niður.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo að eiðvinningarfresturinn sé 8 vikur, frá löglegri birtingu þessa yfirréttardóms. — Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 6. desember 1915.

Nr. 65/1915. Einar M. Jónasson
gegn
Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni
f. h. Landsbankans.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, yfirdómsmálaflutningsmaður Einar M. Jónasson, fyrir bæjarþingi

Reykjavíkur gegn hinum stefndu, bankastjórum Landsbankans, Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni, og krafðist þess, að þeir yrðu dæmdir til þess fyrir bankans hönd að greiða sér 47 kr. 48 aur. með 6% vöxtum frá gjalddögum til borgunardags, svo og til að gjöra sér nákvæma skilagrein fyrir 1200 kr., er maður einn fyrir hans hönd hefði greitt Landsbankanum í desember 1911, og loks krafðist hann málskostnaðar. Var málið dæmt á bæjarþinginu 29. apríl þ. á., á þá leið, að hinir stefndu voru algerlega sýknaðir, en málskostnaður var látinn falla niður. Bæjþingsdómi þessum hefir Einar M. Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 24. septbr. þ. á., og hefir hann fyrir yfirdóminum krafist þess, að dóminum verði hrundið og gerbreytt þannig, að kröfur þær, er hann gerði fyrir bæjarþinginn verði nú að öllu leyti teknar til greina, og auk þess krefst hann málskostnaðar »að skaðlausu« fyrir báðum réttum »eftir mati yfirdómsins«. Hinir stefndu hafa fyrir hönd Landsbankans mótmælt öllum kröfum áfrýjanda og annars gert þá réttarkröfu, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur í öllum greinum.

Áfrýjandi hefir gert grein fyrir og sundurliðað kröfu sína á þá leið, að hann hafi ofgreitt Landsbankanum 2 kr. 15 aura við fjárnám, er gert var hjá honum eftir dómum í víxilmálum og hafi umboðsmaður bankans viðurkent, að þessi upphæð hafi runnið inn til sín; 5 kr. 33 aur. telur hann bankann hafa reiknað sér til skuldar 17. okt. 1913 sem afsagnarkostað og prósision fyrir 1600 kr. víxil, þótt hann þegar áður í desbr. 1911 hafi látið greiða þenn-

an kostnað að fullu; og loks heldur hann því fram, að bankinn hafi eigi gjört sér skil á 40 kr., sem sé afgangur af 1200 kr., er bankanum voru greiddar fyrir áfrýjanda hönd í desember 1911, enda hafi bankinn eigi enn gjört honum neina skilagrein fyrir því, hvernig þessum 1200 kr. hafi verið ráðstafað.

Um fyrstu upphæðina skal það tekið fram, að það virðist viðurkent af stefnda að Landsbankanum hafi 17. okt. 1913 verið greitt af hálfu áfrýjanda kr. 745.53, en í viðskiftaskilagrein bankans er greiðslan eigi talin hærri en kr. 743.38, og segir umboðsmaður bankans, að hann hafi tekið mismuninn 2 kr. 15 au. til sín sem lítilfjörleg ómakslaun. Þetta var honum þó eigi heimilt að gera, og verður upphæð þessi að endurgreiðast áfrýjanda, hafi hún eigi orðið að ganga upp í önnur viðskifti bankans og áfrýjanda. Nú telur áfrýjandi að bankinn skuldi sig sama dag (ɔ: $^{17}/_{10}$) ranglega fyrir afsagnarkostnaði og provision kr. 5.33, en eftir hinni ítarlegu skilagrein bankans, sem fram hefir verið lögð í málinu, er áfrýjandi í raun og veru skuldaður fyrir 10 kr. 33 aur. svo sem áminstum kostnaði, og af þessari upphæð átti áfrýjandi ógreiddar 5 kr. Að vísu er það tekið fram og bókað við fógetagerð 15. okt. 1913, að þá við gerðina hafi greiðst allur kostnaður við 3 víxla áfrýjanda, og virðist þar í einnig felast ofangreindur kostnaður. En eftir hinni glöggu skilagrein bankans, þar sem kostnaðurinn er sýndur lið fyrir lið, virðist þetta eigi geta verið rétt, og bankinn gat, þrátt fyrir bókunina í fógetaréttinum, heimtað það, sem ógreitt var af kostnaðinum eftir réttum reikningi. Og verð-

ur niðurstaðan sú, að áfrýjandi getur eigi talið til skuldar hjá bankanum upphæðir þær, er að framan greinir, kr. 2.15 og kr. 5.33, en að hann hins vegar virðist skulda honum (5.00÷2.15=) 2 kr. 85 aur.

Um hinn þriðja kröfulið áfrýjanda, sem sé aðLandsbankinn greiði honum 40 krónur sem afgang þeirra 1200 kr., er þriðji maður á að hafa borgað bankanum fyrir áfrýjanda árið 1911, og að bankinn nú geri honum skilagrein fyrir þessari greiðslu, er það að segja, að stefndi hefir eindregið mótmælt þessum kröfum áfrýjanda, neitað því, að áfrýjandi eigi 40 kr. eða nokkra aðra upphæð hjá bankanum og jafnframt tekið það fram, að hann hafi þegar áður fengið fullnægjandi skilagrein fyrir ráðstöfun nefndrar upphæðar. Gegn þessari neitun hefir áfrýjandi eigi sannað, að hann eigi 40 kr. kröfu á hendur bankanum, og það verður eigi heldur álitið, að hann nú eftir nærfelt 4 ár hafi rétt til þess að heimta af bankanum skilagrein, er bankinn án efa hefir látið af hendi í desember 1911.

Samkvæmt hinu framanritaða verða kröfur áfrýjanda eigi teknar til greina að neinu leyti og verður því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm eftir kröfu hinna stefndu. Eftir þessum úrslitum fellur málskostnaður niður, með því að hinir stefndu hafa eigi gert kröfu um hann.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 6. desember 1915.

Nr. 60/1915. Kristján Jónasson
gegn
Birni Kristjánssyni og
Birni Sigurðssyni
f. h. Landsbankans og
Jóni Magnússyni bæjarfógeta.

Dómur:

Hinir stefndu, Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson bankastjórar fyrir h. Landsbankans, höfðuðu mál þetta fyrir gestaréttí Reykjavíkur gegn Einari M. Jónassyni yfirréttarmálaflutningsmanni sem lántakanda og þeim Guðmundi Jónassyni kaupmanni í Frakkanesi, Kristjáni Jónassyni kaupmanni í Borgarnesi og Bjarna Valdasyni bónda í Skutulsey sem sjálfskuldarábyrgðarmönnum til greiðslu in solidum á 2246 kr. skuld til Landsbankans samkvæmt skuldabréfi 10. febr. 1910. Af hálfu lántakandans Einars M. Jónassonar var málinu gagnstefnt og Jón Magnússon bæjarfógeti tilstefndur (adcitatus) til að greiða hina umstefnda upphæð. Með dómi gestaréttarins uppkveðnum 11. desbr. f. á. lauk málum þessum svo, að Einar M. Jónasson og nefndir sjálfskuldarábyrgðarmenn fyrir láninu voru dæmdir in solidum til að greiða hinum stefndu fyrir hönd Landsbankans eftirstöðvar lánsins eins og þær þá töldust 2246 kr. með $6^1/_4$% ársvöxtum frá 1. jan. 1912 til borgunardags og 45 kr. í málskostnað, að stefndu voru sýknaðir í gagnsökinni og málinu gegn Jóni Magnússyni bæjarfógeta visað

frá gestaréttinum og gagnstefnandi Einar M. Jónasson dæmdur til að greiða honum 15 krónur í málskostnað.

Þessum dómi hefir einn af ábyrgðarmönnunum, Kristján Jónasson kaupmaður í Borgarnesi, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. sept. þ. á., og krafist þess, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum hinna stefndu bankastjóra og áfrýjanda tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, eða til vara að Landsbankinn eða veðdeild hans verði dæmd til að skila aftur eigninni Grettisgötu 58 B ásamt leiguafnotum hennar frá 22. júlí 1911 til þess afhending fer fram. Svo krefst hann þess, að hinir stefndu verði sektaðir fyrir brot á lögum og rétti.

Hinir stefndu bankastjórar Landsbankans og Jón Magnússon bæjarfógeti hafa hinsvegar krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur að öllu leyti og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Með skuldabréfi, dags. 10. febr. 1910, fékk Einar M. Jónasson lán í Landsbankanum að upphæð 2500 kr. gegn sjálfskuldarábyrgð framannefndra 3. manna og ennfremur var lán þetta trygt með 2. veðrétti í húseigninni 58 B við Grettisgötu næst á eftir 2 lánum til veðdeildar Landsbankans. Samkvæmt kvittun á skuldabréfinu voru 254 kr. greiddar uppí lánið 14. sept. 1911, svo og vextir til 1. janúar 1912, þannig að eftir stóð af láninu 2246 kr. með vöxtum frá 1. janúar 1912.

Eftir því sem séð verður af skjölum málsins hafa hinir stefndu bankastjórar fyrir hönd veðdeildar Landsbankans sumarið 1911 krafist sölu á húseigninni 58 B við Grettisgötu sökum vanskila á skuldum til veðdeildarinnar, er hvíldi á eigninni með 1. veðrétti. Fór uppboð fram á eigninni 22. júlí 1911, voru þá 2 boð gerð í hana 2000 kr. og 3000 kr., en hvorugt boðið nægði að því er virðist til greiðslu á 1. veðréttarskuldum til veðdeildarinnar, og var eignin afsöluð veðdeild Landsbankans með uppboðsafsali útgefnu 22. mars 1912 fyrir 2000 kr.

Um það er nú enginn ágreiningur í máli þessu, að lán það, er hér ræðir um, hafi verið fallið til borgunar, er málið var höfðað, og áfrýjandi hefir og viðurkent að hafa undirritað veðskuldabréfið 10. febr. 1910 sem sjálfskuldarábyrgðarmaður, og hann efar ekki, að lántakandi eða aðrir hafi greitt meira uppí skuldina en hinir stefndu bankastjórar hafa viðurkent, en hann virðist halda því fram hér fyrir réttinum, að bankastjórunum hafi verið óheimilt hinn 14. sept. 1911 að taka á móti vöxtum af láninu til 1. jan. 1912 og þannig framlengja það eftir að búið var að selja húseignina 58 B á Grettisgötu til lúkningar 1. veðréttarlánunum og þar með hafði komið í ljós, að 2. veðrétturinn í eigninni, er umrætt lán var trygt með, var burtfallinn, en á þetta verður eigi fallist, þareð svo er tekið fram í skuldabréfinu, að sjálfskuldarábyrgð ábyrgðarmannanna gildi, þótt lánið verði framlengt eða einhver hluti þess.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að uppboðsgjörðin 22. júlí 1911 hafi verið ólögleg og bankastjórarnir

hafi með því að taka á móti afsali fyrir húseigninni tekið á sig ábyrgð á veðskuldum þeim, sem á eigninni hvíldu, þar á meðal skuld þeirri er hér ræðir um, og hvíldi á húseigninni með 2. veðrètti.

Þessi sýknunarástæða getur ekki tekist til greina þegar af þeirri ástæðu, að uppboðsgerðinni hefir eigi verið áfrýjað, og stendur hún því óhögguð, enda hefir áfrýjandi ekki höfðað gagnsök í undirrétti gegn hinum stefndu til skaðabóta fyrir uppboðið, ef ólöglegt væri. — Af sömu ástæðum getur varakrafa áfrýjanda um, að stefndu verði dæmdir til að skila aftur umræddri húseign, eigi orðið tekin til greina.

Krafa áfrýjanda um sekt á hendur hinum stefndu bankastjórum er ekki ástæða til að taka til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig málskostnaðarákvæði hans, að því er til áfrýjanda kemur, og ber honum að greiða hinum stefndu bankastjórum málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 kr.

Krafan á hendur bæjarfógeta Jóni Magnússyni er að öllu leyti órökstudd, og með því að áfrýjandi þessa máls hefir ekki höfðað mál gegn honum fyrir undirrétti ber að vísa málsskotinu á hendur honum frá yfirdómi ex officio, og ber áfrýjanda að greiða honum í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal óraskaður að því er áfrýjanda Kristján Jónasson snertir. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði hann hinum stefndu,

Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni, fyrir hönd Landsbankans, 20 kr.

Málsskotinu á hendur Jóni Magnússyni bæjarfógeta vísast frá yfirdóminum. og greiði áfrýjandi honum í málskostnað 20 kr.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 13. des. 1915.

Nr. 4/1915: Sveinn Björnsson f. h.
C. F. Müller, Seligmann & Nathan
gegn
Jóni Laxdal.

Dómur:

Í febrúarmánuði 1913 pantaði stefndi, Jón Laxdal kaupmaður í Reykjavík skófatnað hjá firmanu C. F. Müller, Seligmann & Nathan í Kaupmannahöfn. Tæpir $^2/_3$ hlutar af hinum pantaða skófatnaði voru stefnda sendir í marzmánuði s. á., en eftirstöðvarnar í apríl s. á. Stefndi veitti þeirri sendingunni móttöku, sem send var í marzmánuði, en neitaði að taka á móti hinum síðari sendingum, af því að þær hefðu komið of seint, og sendi þær aftur. — Firmað neitaði því að stefndi hefði rétt til að neita móttöku á sendingum þessum, og virðist ekki hafa tekið á móti þeim. Höfðaði svo umboðsmaður firmans, Sv. Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður, mál gegn

stefnda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til greiðslu á andvirði hins endursenda skófatnaðar kr. 1480.85, ásamt vöxtum og málskostnaði. Var málið dæmt í bæjarþinginu 6. ágúst f. á. á þá leið, að ef stefndi ynni eið að því á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að hann hefði gert það að beinu skilyrði við pöntun á skófatnaðinum hjá firmanu C. F. Müller, Seligmann & Nathan, að skófatnaðurinn skyldi allur sendur með gufuskipinu Botnia, sem átti að fara frá Kaupmannahöfn 8. marz 1913, þá skyldi hann vera sýkn af kröfum áfrýjanda og málskostnaður falla niður, en treysti hann sér ekki til að vinna eiðinn skyldi hann greiða áfrýjanda 1480 kr. 85 aura með 5% ársvöxtum frá 19. marz 1914 og málskostnað með 30 kr.

Bæjarþingsdómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 16. jan. 1915, og hefir hann fyrir yfirdóminum krafist þess að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 1480,25 með 5% ársvöxtum frá 19. marz 1914 til borgunardags og málskostnað bæði fyrir undirrétti og yfirdómi að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefndi hefir hins vegar krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Sýknun sína byggir stefndi á því, að við pöntun sína hafi hann áskilið að allur skófatnaðurinn yrði sendur með gufuskipinu Botnía, sem átti að fara frá

Kaupmannahöfn 8. marz, og með þeirri ferð var sú skófatnaðarsending send, sem stefndi tók á móti.

Áfrýjandi játar að vísu að stefndi hafi í fyrstu farið fram á það, að hin pantaða skóvara væri send öll í einu með umgetinni ferð Botníu, en hann heldur því fram, að sá af forstjórum firmans, sem stefndi átti tal við, hafi þegar í stað skýrt stefnda frá því, að með því að allur hinn pantaði skófatnaður væri eigi tilbúinn gæti firmað eigi lofað þessu, en að það hinsvegar skyldi gera alt, sem það gæti til að afgreiða pöntunina með umræddri Botníuferð, og hafi stefndi látið sér það lynda. Þessu til sönnunar hefir firmað lagt fram í málinu eftirrit af bréfi til stefnda, dags. 11. febr. 1913, þar sem svo er tekið til orða, að skófatnaðurinn muni, »saa vidt muligt«, verða sendur með Botníu í marz, og segir áfrýjandi að þessu bréfi hafi fylgt eftirrit af pöntunarlista (Ordrekopi), þar sem hin sama athugasemd hafi verið rituð. Ennfremur hefir firmað að fengnu kgl. leyfisbréfi til að leggja fram ný sönnunargögn, lagt fram hér fyrir réttinum eiðfestan framburð eins af starfsmönnum sínum, um hvað fram hafi farið milli þess og stefnda, og er skýrsla þessa vitnis samhljóða skýrsla áfrýjanda um vörupöntunina.

Stefndi neitar því eindregið að hann hafi fengið nefnt bréf frá 11. febr., en viðurkennir þó að hann hafi fengið afrit af pöntunarlista yfir vörurnar frá firmanu í febrúar, en segir um lista þenna, að hann minnist þess eigi, að á þeim lista hafi staðið nokkuð, sem gæti raskað hinum fyrri samningum um sendingu skófatnaðarins, og hann neitar því að þar hafi

staðið orðin »saa vidt muligt«; framburði vitnisins neitar hann einnig sem röngum og mótmælir að nokkurt tillit sé tekið til hans, þar sem vitni þetta sem verandi í þjónustu firmans, verði að teljast vilhalt í þessu máli.

Það verður nú að líta svo á, að firmað hafi ekki gegn neitun stefnda fært nægar sannanir fyrir því að það hafi áskilið sér frest til afgreiðslu á umgetnum skófatnaði fram yfir ferð Botníu 8. marz, en hins vegar hefir firmað fært svo miklar líkur fyrir þessu, að rétt virðist, svo sem undirdómarinn hefir gert, að láta úrslit þessa máls vera komin undir eiði stefnda þannig, að synji hann fyrir það með eiði á varnarþingi sínu eftir löglegan undirbúning, að firmað C. F. Müller, Seligmann & Nathan, er hann (stefndi) gerði skófatnaðarpöntun sína hjá því í febrúar 1913, hafi takmarkað loforð sitt um að senda skófatnaðinn með gufuskipinu Botnia, sem átti að fara frá Kaupmannahöfn 8. marz 1913, með orðunum »saa vidt muligt« þá á hann að vera sýkn af kröfum áfrýjanda í málinu og málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi að falla niður, en ef hann vinnur ekki eiðinn, þá greiði hann umstefndar 1480 kr. 25 aura með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 19. marz 1914 til borgunardags, og málskostnað fyrir báðum réttum með 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Svo framarlega sem stefndi, Jón Laxdal, eftir löglegan undirbúning synjar fyrir það með eiði

á varnarþingi sínu, að firmað C. F. Müller, Seligmann & Nathan, er hann (stefndi) í febrúar 1913 pantaði skófatnað hjá firmanu, hafi takmarkað loforð sitt um að senda skófatnaðinn með gufuskipinu Botnia, sem átti að fara frá Kaupmannahöfn 8. marz s. á., með orðunum »saa vidt muligt«, þá á hann að vera sýkn af kröfum áfrýjanda Sveins Björnssonar f. h. nefnds firma í þessu máli, og fellur málskostnaður niður, en vinni stefndi ekki eiðinn skal hann greiða áfrýjanda 1480 kr. 25 aur. með 5% ársvöxtum frá 19. marz 1914 til borgunardags og málskostnað með 80 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 20. desember 1915.

Nr. 50/1915.

A. Obenhaupt
gegn
Einari Þorgilssyni.

Dómur:

Með gestaréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 23. júlí þ. á., var áfrýjandi þessa máls A. Obenhaupt umboðssali hér í bænum, dæmdur til að greiða

stefnda, Einari Þorgilssyni kaupmanni í Hafnarfirði, 450 kr. með 6% ársvöxtum frá 11. marz þ. á. til borgunardags í skaðabætur fyrir riftingu á kaupum um 150 kassa af kandíssykri, og málskostnað 30. kr. Þessum dómi hefir A. Obenhaupt skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 31. júlí þ. á. og krafist þess, að verða sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, og að fá sér dæmdan málskostnað, fyrir gestaréttinum að skaðlausu og fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar á gestaréttardóminum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Viðskifti málsaðila þau, er mál þetta er risið af, eru þannig til orðin, að 11. nóv. f. á. lét áfrýjandi stefnda vita, að hann gæti kann ske útvegað 800 kassa af kandíssykri í janúar, febrúar og marz, samtals 2400 kassa, cif á íslenzkar hafnir, sem skipin kæmu við á, gegn borgun fyrirfram undir eins og stefndi bæði um það, sem sé 3 vikum áður en vörurnar koma til Íslands. Samkvæmt þessu tilboði pantaði stefndi hjá áfrýjanda með símskeyti 13. nóv. 75 hálfkassa af rauðum kandíssykri í janúar, febrúar og marz 1915, samtals 225 kassa. Áfrýjandi krafði stefnda um borgun fyrir fyrstu sendinguna með svolátandi símskeyti dags. 27. jan.: »Þar eð þessir 75 kassar til yðar í janúar eru farnir af stað og eiga borgast núna einhvern daginn, leyfi eg mér að biðja yður að borga upphæðina 791 kr. 25 aura í seinasta lagi á laugardaginn kemur á skrifstofu minni«, og greiddi stefndi þessa upphæð 3. febr. Um næstu greiðsluna, fyrir febrúarsendinguna krafði áfrýjandi

stefnda 24. febrúar með svolátandi símskeyti: »Gerið svo (vel) innborga í dag fyrir kandísinn febrúar kr. 791,25«. og næsta dag, 25. febrúar staðfesti áfrýjandi þetta skeyti með bréfi til stefnda, en lét hann jafnframt vita, að með því að hann hefði eigi borgað þessa 75 kassa, er farnir væru af stað frá verksmiðjunni, yrði hann (áfrýjandi) að afturkalla þessa pöntun ásamt marzpöntuninni. Stefndi var eigi heima í Hafnarfirði dagana 24. og 25. febr., en 26. febr. gerði hann ráðstöfun til, að áfrýjanda yrði þann dag greidd upphæðin fyrir 2. sykursendinguna, en áfrýjandi hafnaði borguninni af því eigi hefði verið greitt sama dag og hann krafði.

Við rifting áfrýjanda á kaupunum um 2. og 3. sykursendinguna, samtals 150 kassa, 25 kilogr. hvern að þyngd, alls 3750 kilogr. eða 7500 pund, taldi stefndi sig hafa farið á mis við verzlunarhagnað er næmi 6 aur. á hverju pundi sykursins, eða alls 450, kr. og var honum dæmd sú upphæð í skaðabætur hjá áfrýjanda.

Áfrýjandi lítur svo á, að stefndi hafi eigi greitt eða boðið fram greiðslu fyrir 2. sykursendinguna í tækan tíma, og hafi áfrýjandi því haft rétt til að segja upp kaupunum, eigi aðeins á þeirri sendingu, heldur á 3. sendingu.

Hins vegar hefir stefndi haldið því fram, og undirdómarinn fallist á það, að eigi hafi eins og á stóð, verið um drátt að ræða, þó að greiðsla, sem áfrýjandi krafðist 24. febr. væri eigi framboðin fyr en 26. s. m. Telur hann fyrst til það, að honum hafi eigi verið skylt að greiða andvirði hverra send-

ingar fyr en 3 vikum áður en þær kæmu til Íslands, en engar sannanir eða líkur hafi legið fyrir um það, að 2. sendingin yrði komin til Islands 3 vikum eftir 24. febrúar, enda hafi þá verið liðnar 4 vikur frá því er áfrýjandi krafðist borgunar fyrir 1. sendinguna, en hún þó enn ókomin. Þá tekur áfrýjandi það fram, að hann hafi haft ástæðu til að skilja svo kröfu áfrýjanda um borgun fyrir 2. sendinguna, að nægilegt væri að hún færi fram »einhvern daginn« eftir að krafan barst stefnda, því að þannig hafi krafan um borgun fyrir 1. sendinguna verið orðuð. Enn hefir stefndi bent á það, að þó að hann hefði verið heima og meðtekið kröfuskeyti áfrýjanda 24. febr., þá hefði honum eigi verið skylt að senda peningana öðruvísi en á venjulegan hátt með pósti, en þá hefði borgunin, þó að hún hefði verið afgreidd tafarlaust, eigi, eins og póstgöngum milli Reykjavíkur og Hafnarfjarar er háttað, getað komið í hendur áfrýjanda fyr en 26. febr. sama daginn, sem stefndi bauð hana fram.

Orðin »sem sé 3 vikum áður en vörurnar koma til Íslands« í tilboði áfrýjanda 11. nóv. f. á. virðist eigi rétt að skilja svo, að með þeim hafi átt að tiltaka ákveðinn eindaga á greiðslum fyrir sykurinn, með því ekkert víst varð um það vitað, hve lengi skip gætu tafist á leið hingað vegna ófriðarins, en eindaginn virðist, eftir því sem ráðið verður af málsskjölunum, sbr. símskeyti 21. jan. og bréf 25. febr. frá áfrýjanda til stefnda, hafa verið miðaðar við það, hvenær sykurinn væri afgræddur frá útlöndum eða sendur frá verksmiðjunni, þannig að greiðslu varð

eigi krafist fyr. — Það verður því að fallast á það, sem áfrýjandi heldur fram, að með hinum tilvitnuðu orðum hafi hann aðeins viljað ætlast á um, hve langur tími mundi líða frá því er borgunar væri krafist þar til er sykurinn kæmi hingað. Svo verður og að fallast á það, að orðin: »og eiga að borgast núna einhvern daginn« eigi ekki að koma hér til greina, enda virðist þessi orð eiga við greiðsluna frá áfrýjanda til hins útlenda seljanda, en ekki við greiðsluna frá stefnda til áfrýjanda.

Hins vegar er það ekki tekið fram í kröfuskeyti áfrýjanda 24. febrúar, að upphæðin skuli send símleiðis eða rakleitt sama dag né heldur hvað við liggi, ef það sé eigi gert. Það verður því að líta svo á, að kröfu áfrýjanda hefði verið fullnægt í tækan tíma, ef stefndi hefði sent borgun sama dag í ábyrgðarbréfi með pósti. Stefndi var, sem fyr segir, eigi heima þann dag, né daginn eftir, en hann hefir gert það sennilegt, að upphæðin fyrir aðra sykursendinguna mundi eigi hafa komið í hendur áfrýjanda fyr en 26. febrúar, þó að hún hefði verið send með pósti 24. febrúar. Jafnhliða þessu virðist það eiga að koma til álita, að áfrýjandi gat eigi, samkvæmt því sem fyr segir, krafið stefnda um borgun fyrir sykursendingarnar fyr en sykurinn væri sendur af stað frá útlöndum og að stefnda því eigi var skylt að greiða fyr en áfrýjandi tilkynti honum það. Slíka tilkynningu sendi áfrýjandi stefnda um 1. sykursendinguna um leið og hann krafðist greiðslu, og taldi það ástæðu fyrir kröfunni að sykurinn væri

kominn af stað, sbr. símskeytið 27. jan. En í skeytinu 24. febr. var ekkert tjáð um þetta, og stefnda því ókunnugt um, hvort sykurinn væri afgreiddur frá seljanda, og var honum þá, að svo stöddu, eigi skylt að greiða andvirði þeirrar sendingar. Að vísu tjáði áfrýjandi stefnda í bréfinu 25. febrúar að sendingin væri farin af stað frá verksmiðjunni, en í því bréfi sagði hann sig lausan frá pöntuninni, svo sem áður er getið.

Það verður eftir þessu að líta svo á, að eigi hafi neinn sá dráttur orðið á umsamdri greiðslu af hálfu stefnda, er honum verði sök á gefin, og að áfrýjanda því hafi verið óheimilt af þeirri ástæðu að segja sig frá kaupunum. Ber honum því að greiða stefnda skaðabætur og með því að enginn ágreiningur er um skaðabótaupphæðina, ber eftir kröfu stefnda að ákveða hana eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, 450 kr. með vöxtum eins og þar segir. Yfirdómurinn felst einnig á málskostnaðarákvæði dómsins og má því staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal óraskaður. Afrýjandi A. Obenhaupt greiði stefnda Einari Þorgilssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja áður liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 20. desember 1915.

Nr. 61/1915. Einar M. Jónasson og Sigurjón Ólafsson gegn Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni þeim sjálfum og f. h. Landsbankans og Jóni Magnússyni bæjarfógeta.

Dómur:

Í máli þessu hafa áfrýjendurnir Einar M. Jónasson og Sigurjón Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 11. sept. þ. á, uppboðsréttargerð Reykjavíkur á húseign hér í bænum, er fram fór 22. júlí 1911, og hafa þeir krafist þess, að uppboðsgerðin ásamt eftirfylgjandi afsali verði úr gildi feld, og að uppboðsráðandinn, hinn stefndi bæjarfógeti og hinir stefndu Landsbankastjórar verði sektaðir og dæmdir í hæfilegar skaðabætur; svo krefjast þeir og málskostnaðar eftir mati yfirdómsins.

Hinir stefndu bankastjórar og bæjarfógeti hafa af annari hálfu krafist þess, principaliter, að málinu

verði vísað frá yfirdóminum og in subsidium, að uppboðsgerðin verði staðfest og þeir að öllu leyti sýknaðir; svo krefjast þeir og, hvor um sig, málskostnaðar hjá áfrýjendum, hvernig sem málið fer.

Þegar áfrýjunarstefnan var útgefin í máli þessu, voru liðin 3 ár og nærfelt 7 vikur að auk frá þeim tíma, er hin áfrýjaða uppboðsgerð fram fór, en hún var framkvæmd af hinum reglulega uppboðsráðanda á venjulegan hátt, og var áfrýjandinn Einar M. Jónasson sjálfur við uppboðsgerðina og undirskrifaði hana. Áfrýjendur hafa eigi fengið uppreist til áfrýjunar, en telja sér hana heimila fyrir þá skuld, að uppboðsgerðin »líði af quærela nullitatis insanabilis«, eins og þeir komast að orði. En þetta er rakalaust og hefir enga stoð í lögum. Sérstaklega skal það tekið fram, að uppboðsráðandanum var samkvæmt uppboðsskilmálunum heimilt að samþykkja boð í húseignina, þótt annað hærra boð væri gert í hana á uppboðinu. Það verður fyrir því að vísa máli þessu frá yfirdóminum, og eftir þessum úrslitum verða áfrýjendurnir in solidum að greiða hinum stefndu málskostnað, er ákveðst 25 kr., til handa bankastjórunum og 25 kr. til handa bæjarfógetanum.

Í sóknarskjölum sínum fyrir yfirdóminum hefir áfrýjandinn Einar M. Jónasson meðal annars sagt þetta: »Jafnframt þessu krefst eg, að bankastjórarnir ásamt uppboðsráðanda Reykjavíkur Jóni Magnússyni verði sem slíkir sektaðir fyrir vísvitandi að vilja valda öðrum tjóns, sem er sannanlegt um þá alla«. »Mér kom ekki til hugar slík ósvífni uppboðsráðanda og bankastjórnar sem orðið hefir«. »Annars er

ástæðulaust að rífast um þetta; á þessum aðförum valdhafanna, er að engu hafa virt lög og rétt«, o. s. frv. »og þeim háu herrum helzt uppi hinar sviksamlegu aðfarir þeirra«, og virðist þessu vera sveigt til hinna stefndu. Ennfremur ritar hann á þessa leið í framhaldssókn sinni: »Mikil er trú andstæðinga minna og traust þeirra um verndun landsyfirréttarins, þar sem mótpartur að eins af þeirri ástæðu, að *eg* er *áfrýjandi* málsins, álítur nægilegt að ekki hefði verið mætt í málinu. Eg ætla hvorki að fallast á eða reyna að hrekja skoðun mótpartsins, þar sem á engan hátt verður komist hjá því að fá álit réttarins, ef maður ekki vill una rangindunum og koma málinu lengra áleiðis, hefi eg ráðist í að áfrýja því og læt mér standa á sama um persónulega vild eða óvild. Eg er nú orðinn svo vanur dómum þessa réttar, að eg verð að halda því fram að ekki muni um »en Pölse i Slagtetiden«. Fyrir þennan ósæmilega ritháttt verður Einar M. Jónasson að sæta sekt, er ákveðst 40 kr., og renni hún að helmingi í fátækrasjóð Reykjavíkur og að helmingi í landssjóð.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá dómi. Áfrýjendur Einar M. Jónasson og Sigurjón Ólafsson greiði hinum stefndu bankastjórum Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni in solidum 25 kr. og hinum stefnda bæjarfógeta Jóni Magnússyni in solidum 25 kr. hvorttveggja sem málskostnað.

Einar M. Jónasson greiði sekt 40 kr., er að helmingi renni í landssjóð, en að helmingi í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Málskostnaður og sekt greiðist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. desember 1915.

Nr. 78/1915. Réttvísin gegn Sigfúsi Sveinbjörnssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur er lagður á mál þetta þykir nauðsynlegt að leita með réttarrannsókn frekari upplýsinga um þau atriði, er nú skal greina:

1. Fá skýrslu konu Kjartans Þorkelssonar á Litlu-Hnausum um samtal Hallbjörns Þorvaldssonar í Gröf, við mann hennar vorið 1913, er ræðir um í prófunum, og yfirheyra Hallbjörn á ný hér að lútandi, eftir því sem framburður konunnar kann að gefa tilefni til.

2. Fá upplýsingar um hvernig fyrir hafi verið komið læsingu á búðarhurðinni í húsi ákærða, sérstaklega um það, hvort hægt hafi verið að loka hurðinni að utan.

3. Fá skýrslu Magnúsar Jónssonar um skotfæri

þau og púður, sem ákærði hefir borið að geymd hafi verið í skáp í eldhúsinu, og Magnús hafi haft meðgerð með.

4. Fá nánari skýrslur um, hvar fatnaður ákærða hafi verið geymdur uppi á loftinu, hvernig gluggum hafi verið komið fyrir á geymsluherberginu uppi á loftinu, hvað langt frá glugga skrifpúlt ákærða hafi staðið og yfirleitt um það, hvort dagsbirtu hafi getað lagt að skilrúmi því á loftinu, er skrifpúltið stóð við.

5. Fá ítarlega og nákvæma skýrslu ákærða um það, hvernig hann hafi farið með eldspýtur þær, sem hann kveðst hafa kveikt á uppi á loftinu, hvernig hann hafi slökt á þeim og hvar lagt þær frá sér og hvort hann hafi gætt þess, að eigi gæti kviknað í neinu á loftinu af eldspýtunum.

6. Fá skýrslu um efnahag ákærða.

Ber rannsóknardómaranum að útvega skýrslur þessar og þær aðrar upplýsingar, er framhaldsprófin kunna að gefa tilefni til að leita.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur og upplýsingar, svo fljótt sem verða má.

Hæstaréttardómar

hæstaréttarárið 1915—1916.

Föstudaginn 28. maí 1915.

Nr. 156. Verkfræðingur Th. Krabbe (Levy)
gegn
bæjarstjórn og hafnarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar (Ulf Hansen)

um ágreining um borgun fyrir aðstoð verkfræðings við samning útboðsskilmála fyrir Hafnargerð Reykjavíkur.

Bæjarþingsdómur Reykjavíkur 14. ágúst 1913:

Stefndu, bæjarstjórn og hafnarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar, greiði sækjanda, verkfræðing Th. Krabbe 3000 kr. með 5% ársvöxtum frá 17. október 1912 til greiðsludags og 40 kr. í málskostnað. Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirréttar 9. febr. 1914: Áfrýjendurnir, bæjarstjórn og hafnarnefnd Reykjavíkur, greiði stefnda, Th. Krabbe verkfræðing, 1500 krónur með 5% ársvöxtum frá 17. október 1912 til greiðsludags. Málskostnaður fyrir báðum dómum

fellur niður. Dóminum að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Dómur hæstaréttar:

Eftir því sem málið er lagt fyrir hæstarétt er ágreiningurinn milli málsaðila aðeins um það, hvort áfrýjandinn hafi rétt til hærri borgunar fyrir verk það, er hann hefir unnið og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi, en upphæðar þeirrar, 1500 kr., er honum hefir verið dæmd með dómi landsyfirréttarins.

Eftir því sem upplýst er um það í hverju verk áfrýjanda hefir verið fólgið og hvað umfangsmikið og með tilliti til málsins að öðru leyti, verður borgun sú, 3000 kr., er hann hefir krafist, ekki talin ósanngjörn, og ber því að dæma honum þessa fjárhæð.

Með því að bæjarþingsdómurinn hefir komist að sömu niðurstöðu og fallast má á ákvæði hans um vexti og málskostnað, ber að staðfesta hann.

Málskostnað fyrir yfirréttinum og fyrir hæstarétti ber stefndu að greiða áfrýjanda með 400 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. — Málskostnað fyrir yfirrétti og hæstarétti greiði stefndu, bæjarstjórn og hafnarnefnd Reykja-

víkurkaupstaðar, áfrýjanda, verkfræðingi Th. Krabbe, með 400 kr. Svo greiði stefndu og 10 kr. í dómsmálasjóð

Ástæður landsyfirréttarins eru prentaðar á bls. 227—233 hér að framan.

Landsyfirréttardómar 1916

Mánudaginn 10. janúar 1916.

Nr. 1/1915. Þorbergur Tómasson
gegn
Jóhannesi Þórarinssyni.

Dómur:

Með bréfi, dags. 28. maí 1912 bygði hreppstjórinn í Öxarfjarðarhreppi sem umráðamaður Skinnastaðakirkjujarða eftir fyrirmælum prófastsins í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi stefnda í þessu máli Jóhannesi Þórarinssyni á Ærlækjarseli kirkjujörðina Akur fardagaárið 1912—1913, og samþykti sýslumaður byggingarbréfið 20. júlí s. á. Jörð þessi var húsalaus og hafði verið í eyði mörg ár, gat stefndi því eigi flutt á hana, en bjóst við að nytja hana samkvæmt byggingarbréfinu. En þegar stefndi að áliðnum túnaslætti ætlaði að fara að slá túnið, hafði áfrýjandi, Þorbergur Tómasson bóndi á Skinnastöðum, slegið það og hirt. Stefndi krafðist bóta af áfrýjanda fyrir þetta tiltæki, en hann synjaði um þær og bar fyrir

sig byggingarbréf frá umráðamanni Skinnastaða, Halldóri prófasti Bjarnasyni. Stefndi höfðaði þá þetta mál gegn áfrýjanda fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu til skaðabóta fyrir tjón það, er hann hafði beðið fyrir sjálftöku áfrýjanda, og taldi hann bæturnar ekki geta verið minni en fult verð heysins, er áfrýjandi hafði fengið af Akurtúni eða að minsta kosti 150 kr. Af hálfu áfrýjanda var í aukaréttinum engu svarað til um efni málsins, og lyktaði því svo, með dómi réttarins uppkveðnum 20. júní 1914, að áfrýjandi var dæmdur eftir kröfu stefnda til að greiða honum 150 kr. og að auki 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Þorbergur Tómasson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 2. janúar f. á., og að fengnu kgl. leyfisbréfi til að koma að nýjum málsgögnum og málsástæðum, hefir hann fyrir yfirdóminum gert þær kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Samkvæmt lögum nr. 46 um laun sóknarpresta 16. nóv. 1907, 6. gr., var prestsetrið Skinnastaðir metið til afgjalds af dómkvöddum mönnum 11. nóv. 1908. Eru í matsgerðinni taldar þrjár hjáleigur, er fylgi Skinnastöðum, og er afgjald tilgreint af tveimur, en um hina þriðju, Akur, er þess getið, að hún hafi staðið í eyði í mörg ár. Frá fardögum 1910

tók presturinn í Skinnastaðaprestakalli laun úr prestlaunasjóði og uppí þau heimatekjur samkvæmt áminstu mati. Við fráfall hans var Skinnastaða- og Presthólaprestaköllum steypt saman, og tók presturinn í hinu samanlagða prestakalli, síra Halldór Bjarnason, þá einnig við heimatekjum af Skinnastöðum eftir hinu sama mati. Með byggingarbréfi 18. maí 1912 bygði hann áfrýjanda prestsetrið Skinnastaði fardagaárið 1912—1913, og líta báðir svo á, að Akur fylgdi með í þessari byggingu, þó að hann væri eigi nefndur í bréfinu, enda taldi presturinn, að eyðijörðin Akur væri hjáleiga frá Skinnastöðum og heyrði þá undir afnot sín og umráð, en ekki hreppstjóra. Hélt hann þessu fram í bréfi til prófasts 12. júní s. á., og var málinu eftir það skotið til stjórnarráðsins og úrskurðaði það í bréfi til biskups 19. marz 1913 að fengnu áliti biskups og sýslumannsins í Þingeyjarsýslu og yfirlýsingu matsmannanna frá 1908 um, að þeir eigi hefðu tekið Akur með í matinu, að prestinum skyldi gerður kostur á að taka nefnda eyðijörð undir sín umráð frá fardögum 1913 að telja, gegn því að eftirgjald staðarins hækkaði um 15 kr. á ári.

Það hefir einkum borið aðilum á milli í máli þessu, hvort rétt sé að telja Akur sjálfstæða kirkjujörð eða hjáleigu Skinnastaða, og hvort afgjald af jörð þessari hafi verið talið í matinu 1908. Áfrýjandi telur Akur vera hjáleigu, sem eigi að fylgja prestsetrinu, þegar heimatekjur prests eru metnar. því verði að gera ráð fyrir, að Akur, sem í matsgerðinni er talin með hjáleigum, felist í matinu, þó

að eigi sé talið sérstakt afgjald af honum, enda hafi hann þá og mörg undanfarin ár verið í eyði og land hans notað eins og annað heimaland Skinnastaða, svo að telja megi, að býli þetta hafi verið lagt niður og land þess runnið saman við land staðarins. Þessu til stuðnings bendir áfrýjandi á, að í hreppskilabók Öxarfjarðarhrepps og tíundarskýrslun 1909—1911 sé Akur eigi nefndur, en hundraða tala hans lögð saman við hundraðatölu Skinnastaða.

Hinsvegar heldur stefndi því fram, að Akur sé kirkjujörð, sjálfstætt býli, og hefir hann þar fyrir sér brauðamatið 1854, jarðabókina 1861 og skrifað brauðamat 1878 við biskupsdæmið; þar er Akur talinn kirkjujörð; svo telur og prófasturinn í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi 1896, en í brauðamati 1899 er Akurs eigi getið. Eftir þessu telur stefndi, að jörðin heyri undir umráð hreppstjóra samkvæmt prestslaunalögunum og hafi því eigi verið talin með í matinu 1908, þótt hún þar sé nefnd hjáleiga, enda sé hún eigi metin til afgjalds, og engin úttekt eða afhending á henni hafi farið fram 1912 í hendur núverandi prests og hann eigi krafist þess.

Þó að sannað sé í málinu, að býlið Akur hafi verið í eyði og land þess notað af prestinum á Skinnastöðum um allmörg ár, þá er ekkert framkomið um það, að býlið hafi löglega verið lagt niður eða verið numið úr tölu sérstakra býla, en það verður ekki álitið, að prestur hafi heimild til, þó að um hjáleigu væri að ræða, að leggja hana niður fyrir fult og alt án samþykkis kirkjustjórnarinnar, en það sézt eigi, að slíks samþykkis hafi verið leitað um

þetta býli. Það verður því eigi litið svo á, að umgetið býli sé löglega runnið saman við prestsetrið.

Um það, hvort jörðin Akur sé kirkjujörð eða hjáleiga, verður að fara eftir jarðabókinni 1861, sem er lög í því efni, sbr. tilsk. 1. apríl 1861, og með því að Akur þar er talin sjálfstæð jörð, verður að hlíta því, og þar sem áfrýjandi hefir stutt þá staðhæfingu sína, að jörð þessi hafi verið látin fylgja staðnum í matinu 1908, aðallega við það að jörðin sé hjáleiga, þá er sú ástæða ófullnægjandi, en svo verður að líta á, að matsmennirnir hefðu eigi, nema fyrirmæli kirkjustjórnarinnar kæmu til, getað tekið jörðina með í mati heimateknanna, enda lítur kirkjustjórnin svo á, og matsmennirnir hafa lýst því yfir, að matsgerðin taki eigi til nefndrar jarðar; svo er það og viðurkent í málinu, að jörðin hafi eigi verið afhent eða tekin út í hendur núverandi presti 1912. Eftir þessu hafði presturinn ekki byggingarráð á Akri fardagaárið 1912—1913, en þau voru samkvæmt prestlaunalögunum rétt komin hjá hlutaðeigandi hreppstjóra, og verður því bygging hans á jörðinni 28. maí 1912 til handa stefnda að teljast gild, en byggingarbréf prestsins 18. s. m. til áfrýjanda ógilt að því leyti sem ætlað yrði gegn mótmælum stefnda, að það taki til jarðarinnar Akurs, en eftir málavöxtum gerist eigi þörf að athuga það. Yfirdómurinn kemst því að sömu niðurstöðu og aukarétturinn um það, að áfrýjanda hafi verið óheimilt að slá og hirða tún jarðarinnar Akurs sumarið 1912, að hann hafi með því gengið á rétt stefnda og eigi að greiða hon-

um bætur fyrir. Þær hefir stefndi metið 150 kr., en áfrýjandi telur þá upphæð of háa. Með tilliti til þess að skaðabótakrafan virðist vera miðað við verð heysins, er það var slegið og hirt, þykir hæfilegt að meta bæturnar 120 kr., er áfrýjandi greiði stefnda. Vaxta hefir stefndi eigi krafist. Málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist.

Áfrýjandi þykir og eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Þorbergur Tómasson, greiði stefnda Jóhannesi Þórarinssyni 120 krónur. Um málskostnað í héraði skal aukaréttardóminum óraskað. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi stefnda 30 kr.

Dóminum skal fullnægja, áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. janúar 1916.

Nr. 22/1915. Ágúst Gíslason, Jón Jónsson, Guðmundur Helgason, Sigríður Johnsen og Þóranna Ögmundsdóttir gegn Jóni Jónssyni, Bergmundi Arnbjörnssyni, Arnbirni Ögmundssyni og Sigurði Ólafssyni.

Dómur:

Hinn 3. febr. 1914 kom vélarbáturinn Geysir í Vestmannaeyjum úr fiskiróðri, en með því að vélin í bátnum var í ólagi, hafði formaðurinn á bátnum, Sigurður Jónsson, orðið að skilja eftir nokkuð af lóð sinni. Þegar í land kom, fekk Sigurður Guðmund Guðmundsson formann á vélarbátnum Ísak til að fara út til að ná lóðinni, og fór Sigurður á bátnum með honum til að vísa á lóðina. — Síðan hefir ekki spurzt til báts þessa, og verður því að ætla, að hann hafi farist með allri áhöfn þar á meðal formönnunum báðum. Vélarbáturinn Ísak var óvátrygður fyrir sjótjóni. Eigendurnir að $^7/_{10}$ hlutum í bát þessum, hinir stefndu Jón Jónsson, Bergmundur Arnbjörnsson, Arnbjörn Ögmundsson og Sigurður Ólafsson héldu því fram, að eigendur vélarbátsins Geysis, áfrýjendur þessa máls, þau Ágúst Gíslason, Jón Jónsson, Guðmundur Helgason, Sigríður Johnsen og Þóranna Ögmundsdóttir, ættu að bera ábyrgð á því tjóni, sem varð við það, að báturinn Ísak fórst — bæði beinu og óbeinu. — Höfðuðu þeir því skaðabótamál gegn áfrýjendum fyrir aukarétti Vestmannaeyjasýslu og kröfðust þess, að þeir væru dæmdir til þess in solidum að bæta þeim tjón þeirra með 4200 kr. ásamt vöxtum og málskostnaði að skaðlausu. Lauk máli þessu svo með dómi aukaréttarins 3. marz þ. á., að áfrýjendurnir voru dæmdir til að greiða hver fyrir sig 420 kr. ásamt 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hafa áfrýjendur skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 13. marz f. á., og hafa þeir krafist þess, að aukaréttardóminum verði hrundið og breytt þannig, að þeir verði sýknaðir af kærum og kröfum hinna stefndu og að þeim verði tildæmdur málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi eftir mati réttarins.

Hinir stefndu hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 15. júlí f. á., og krefjast þeir þess, að dóminum verði breytt þannig, að kröfur þeirra fyrir undirrétti verði að öllu leyti teknar til greina og þeim tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Dómkröfu sína byggja gagnáfrýjendur á því, að Sigurður heitinn Jónsson hafi fengið vélarbátinn Ísak lánaðan til að sækja veiðarfæri þau, er Geysir varð að skilja eftir, og að formannsstaðan hafi veitt Sigurði heitnum heimild til þess að fá bátinn lánaðan til umræddrar ferðar á ábyrgð eigendanna. Það sé venja í Vestmannaeyjum, að bátar séu lánaðir ókeypis til slíkra ferða, en eins og lántakendur beri alla ábyrgð á lánuðum hlut, eins verði aðaláfrýjendur, sem bundnir séu við ráðstöfun formanns þeirra, að greiða skaðabætur fyrir hinn týnda bát svo og skaðabætur fyrir aflatjón, er af bátstapanum hafi leitt.

Um það, hvað formönnum hefir farið á milli, er eigi annað upplýst en það, að tveir menn hafa gefið vottorð, er þeir síðan hafa staðfest fyrir rétti, um það, að Sigurður Jónsson, formaður á Geysi, hafi beðið Guðmund Guðmundsson, formann á Ísak, að lána sér bátinn til að sækja fyrir sig línu; segir í

öðru vottorðinu, að Guðmundur hafi svarað, að hann hefði ekki umráð yfir bátnum í annara þarfir nema að fá leyfi hjá eigendunum; hvort slíkt leyfi hafi verið fengið er eigi sannað, en nokkru á eftir lagði Guðmundur af stað á Ísak og Sigurður með honum. Þótt í vottorðum þessum sé talað um, að Sigurður hafi beðið formanninn á Ísak um að lána sér bátinn, verður þó eigi álitið, að hér hafi verið um lán að ræða í eiginlegum skilningi, heldur verður að líta svo á, að formaðurinn á hinum týnda bát hafi tekið að sér með bát sínum og mönnum að gera tilraun til að bjarga veiðarfærum Geysis. En þótt hér væri um eiginlegt lán að ræða á hinum týnda bát, þá yrði þó ekki á þeim lagareglum, sem gilda um lán, bygð nein ábyrgð á hendur Sigurði heitnum og þá enn síður á hendur öðrum eigendum bátsins og það þegar af þeirri ástæðu, að ekkert er fram komið í málinu, sem bendi til, að báturinn hafi farið undan stjórn og umsvari Guðmundar heitins Guðmundssonar í umræddri ferð.

Ekkert er upplýst um það í máli þessu, að Sigurður Jónsson hafi sérstaklega lofað að taka ábyrgð á vélarbátnum í þessari ferð, en slík ábyrgð lá engan veginn í því að biðja formanninn um að gera umrædda tilraun til að bjarga veiðarfærum Geysis, en þótt Sigurður heitinn fyrir hönd eigenda bátsins hefði tekist slíka ábyrgð á hendur, verður að líta svo á, að formannsstaðan hafi ekki gefið honum neina heimild til þess að skuldbinda meðeigendur sína á þennan hátt, og átti formanni Ísaks að vera það ljóst, að Sigurður hafði enga heimild til þess án sérstaks umboðs, en það liggur ekki fyrir hér, þar sem það er

viðurkent, að eigendum Geysis var alveg ókunnugt um þessa ráðstöfun formannsins.

Þar sem samkvæmt framansögðu engin heimild var til þess að dæma aðaláfrýjendur til skaðabóta fyrir bátstapann, ber að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna aðaláfrýjendur af kærum og kröfum gagnáfrýjenda. Eftir þessum úrslitum virðist rétt, að gagnáfrýjendur greiði þeim málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, er ákveðst 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Ágúst Gíslason, Jón Jónsson, Guðmundur Helgason, Sigríður Johnsen og Þóranna Ögmundsdóttir, eiga að vera sýkn af kærum og kröfum gagnstefndu Jóns Jónssonar, Bergmundar Arnbjörnssonar, Arnbjörns Ögmundssonar og Sigurðar Ólafssonar í máli þessu.

Í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti greiði gagnstefnendur aðaláfrýjendum 80 kr. in solidum, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. janúar 1916.

Nr. 73/1915. Lyder Höydal
gegn
Gunnari Egilson.

Dómur:

Með dómi aukaréttar Vestmannaeyjasýslu uppkveðnum 31. desbr. 1914 var J. P. Brillouin fyrir hönd félagsins L'azote organique J. P. Brillouin & Co. dæmdur til að greiða stefnda í þessu máli Gunnari Egilson skipamiðlara 11000 kr. með 5 % ársvöxtum frá 1. sept. 1913 til borgunardags og 40 kr. í málskostnað. Til að fullnægja þessum dómi lét dómhafi gera fjárnám 18. maí f. á. í eignum hins dæmda félags í Vestmannaeyjum. Í annan stað var sama félag með gestaréttardómi sömu sýslu uppkveðnum 9. júní f. á. dæmt til að greiða áfrýjanda Lyder Höydal kaupmanni í Vestmannaeyjum og Jens L. Ouse 7050 kr. með 4 ½ % ársvöxtum af 1050 kr. frá 19. marz 1913, af 1500 kr. frá 1. júlí 1913, af 1500 kr. frá 1. janúar 1914, af 1500 kr. frá 1. júlí 1914, af 1500 kr. frá 1. jan. 1915 og í málskostnað 40 kr. Fyrir þessum dómsupphæðum var svo eftir kröfu dómhafanna fjárnám gert 6. júlí f. á. í húseignum félagsins í Vestmannaeyjum hinum sömu, er stefndi lét gera fjárnám í 18. maí og að auki í íbúðarhúsi með áföstu lifrarbræðsluhúsi á Eyðinu í Vestmannaeyjum. Með því að áfrýjanda Lyder Höydal þótti sýnt með þessu síðara fjárnámi, að þeir Ouse mundu eigi fá fullnægt dómkröfum sínum á hendur félaginu, ef

fyrgreindur dómur og fjárnám stefnda í eignum félagsins stæði óraskað, hefir hann með stefnu dags. 15. júlí f. á. skotið síðastnefndum dómi og fjárnámi til yfirdómsins, og eru kröfur hans þær, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að félagið L'azote organique J. P. Brillouin & Co. verði algerlega sýknað af öllum kærum og kröfum stefnda, eða til vara, að dómurinn verði dæmdur ómerkur gagnvart sér, svo að hann sé því ekki til fyrirstöðu að hann fái fullnægt fyrgreindum dómkröfum sínum á hendur félaginu, svo og að fjárnámið 18. maí f. á. verði felt úr gildi og að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Stefndi, Gunnar Egilson, hefir gagnáfrýjað málinu »til vara« og gert sömu aðalkröfur og fyrir aukaréttinum, að félagið verði dæmt til að greiða sér 17930 kr. í skaðabætur með 5% ársvöxtum frá 1. september 1913, en til vara að félagið sé skyldað til að greiða honum 497 kr. 50 aura á mánuði frá 1. september 1913 til 30. apríl 1917, gegn því að hann sé til taks að vinna þau störf, sem ræðir um í samningi hans við félagið, dags. 1. nóv. 1911 og fullnægi honum að öðru leyti. Ennfremur krefst hann þess að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir aukaréttinum eftir kröfu hans og fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Um gagnsökina má þegar taka það fram, að hún getur eigi komið til álita, og ber að vísa henni frá yfirdóminum, með því að félaginu L'azote organique J. P. Brillouin & Co. hefir eigi verið stefnt við áfrýjun þessa.

Stefndi hefir meðal annars fært til þær varnarástæður *að* áfrýjandi einn sé eigi réttur aðili kröfu þeirrar er hann og Jens L. Ouse hafa fengið dóm fyrir á hendur téðu félagi, en þeir séu það báðir saman og verði að fylgjast að í öllum málssóknum út af henni, og *að* nýnefndur dómur sé ólöglegur og ógildur, af því að réttum aðila hafi eigi verið stefnt, en málinu verið beint á hendur manni, sem ekkert umboð hafði til andsvara fyrir félagið, enda hafi enginn mætt í málinu af þess hendi. Þessa síðarnefndu varnarástæðu verður þó eigi fallist á, með því að dómnum 9. júní f. á., sem stefndi á hér við, hefir eigi verið áfrýjað.

Að því er kemur til fyrtaldrar varnarástæðu, sést það af málsfærslunni, að þeir áfrýjandi og Jens L. Ouse hafa selt oftnefndu félagi fyrgreint íbúðarhús og lifrarbræðsluhús á Eyðinu í Vestmanneyjum með ýmsum áhöldum fyrir 12000 kr., er greiðast skyldu með afborgunum á tilteknum gjalddögum, og höfðu þeir fengið greiddar kr. 1950.00, er þeir hófu málssókn gegn félaginu um kr. 7050.00 af kaupverðinu, er þá voru einnig komnar í gjalddaga; fengu þeir, sem fyr getur, dóm 9. júní fyrir þeirri upphæð, og er dómurinn stýlaður á nöfn þeirra beggja og sama er um fjárnámsgjörðina 6. júlí. Þeir, áfrýjandi og Ouse voru eftir þessu sameigendur að hinum seldu húsum, og síðan að kaupverðinu fyrir þau. Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi fengið umboð Ouse til þessa málskots, en það hefir hann eigi sannað, og stefndi hefir neitað því, enda hefir áfrýjandi hafið íhlutunarmálið í sjálfs síns nafni eins,

en ekki fyrir hönd þeirra Ouse beggja. Áfrýjandi hefir og tekið það fram, að með íhlutunarmáli þessu sé engin ráðstöfun gerð á kröfu þeirra Ouse gegn félaginu. Þetta virðist að vísu vera rétt, en skiftir ekki máli, því að þess ber að gæta, að þar sem Ouse verður eigi talinn aðili í þessu máli, geta úrslit þess eigi haft dómgildi gagnvart honum eða um hans hluta af kröfunni gegn félaginu, og væri honum því frjálst að hefja annað íhlutunarmál gegn stefnda á sama grundvelli og þetta mál. En það virðist eigi rétt, að stefndi þurfi að sætta sig við að sæta málssókn oftar en einu sinni um það, hvort réttur hans í eignum félagsins eigi að víkja fyrir rétti þeirra áfrýjanda og Ouse í sömu eignum. Þeir verða því að teljast samsakaraðilar (litis consortes), og er þá aðild áfrýjanda í málinu ófullnægjandi.

Það er þannig engin heimild til að breyta hinum áfrýjaða dómi eftir kröfu áfrýjanda, og með því gagnsóknin, samkvæmt því sem áður er sagt, getur eigi heldur valdið neinni breytingu á dómnum, ber að staðfesta hann eins og stefndi hefir krafist til vara. Þá verður og fjárnámið 18. maím. f. á. að standa óraskað.

Málskostnaður fyrir yfidómi í aðalsök og gagnsök þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámsgjörðinni 18. maí f. á. skal óraskað. Gagnsökinni vísast frá yfirdómi.

Málskostnaður fyrir yfirdómi í aðalsök og gagnsök falli niður.

Mánudaginn 17. janúar 1916.

Nr. 80/1915. Valdstjórnin
gegn
Carla Olsen.

Dómur:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 24. sept. f. á., var kærða í máli þessu, Carla Olsen sætindasali hér í bænum, dæmd samkvæmt 12. gr. sbr. 1. gr. og 14. gr. laga nr. 44 um aðflutningsbann á áfengi 30. júlí 1909 í 200 kr. sekt til landssjóðs og til að greiða allan kostnað málsins. Svo voru og áfengir drykkir, er fundust við húsleit hjá kærðu, gerðir upptækir og dæmdir eign landssjóðs. Þessum dómi er eftir beiðni kærðu skotið til yfirdómsins.

Kærða neitar því, að hún sé sek um brot það, er hún er dæmd fyrir. En um atvik málsins er það upplýst, er nú skal greina: Kveldið 27. júlí f. á., sá einn af næturvörðum bæjarins 2 drukna menn hér á götu, og fór annar þeirra inn í sætindabúð kærðu í Austurstræti; þegar hann kom út aftur virtist næturverðinum barmur hans vera fyrirferðarmeiri en áður; hann réðist því að manninum, stakk hendinni

í jakkabarm hans og dróg þaðan upp flösku, fulla af rommi. Þetta varð til þess, að áfengisleit var gerð í húsum kærðu samkvæmt dómsúrskurði og fundust þá hjá henni $11^1/_2$ fl. af whisky, og 10 fl. af rommi og 2 fl. af rauðvíni.

Það verður að teljast sannað, að rommflaska sú, er næturvörðurinn tók af manninum hafi verið keypt í búð kærðu, og að vinnukona hennar eða búðarstúlka hafi selt flöskuna, en að flaskan hafi verið eign stúlkunnar, og kærða eigi verið við þá sölu riðin, enda er hún eigi átalin fyrir það eða dæmd. Um áfengisbirgðir þær, er fundust hjá kærðu við húsleitina, hefir hún skýrt svo frá, að maður hennar hafi í fyrrahaust (1914) keypt fyrir hana 50—60 fl. af vínföngum hjá kaupmönnum hér í bænum og þóttist hún muna með vissu að 11 fl. hefðu verið frá Thomsensverzlun og hún nefndi 2 aðra kaupmenn, er hún hugði vínið hafa verið keypt hjá. Vínföng þessi tjáðist kærða nota við sætindagerð, er hún hefir að atvinnu, og er eigi neitt það framkomið að ástæða sé til að vefengja það. En skýrsla ákærðu um það, hvernig hún hefði aflað áfengisins, þótti eigi ábyggileg, og var hún með dómnum, samkv. 12. gr. nefndra laga talin brotleg gegn 1. gr. eins og hún hefði enga skýrslu um þetta gefið.

Maður kærðu, er að sögn hennar keypti áminst vínföng fyrir hana, var erlendis, þegar rannsókn í málinu var hafin, og var, eftir því sem frá er skýrt, ókominn, þegar málið var tekið til dóms í yfirdóminum. Hefir því eigi gefist kostur á að yfirheyra hann. En fengin hafa verið vottorð hjá kaupmönnum, er síðast höfðu vínsöluleyfi hér í bænum, um að

þeir hefðu eigi selt whisky eða romm með því merki eða af því tagi er fanst hjá kærðu.

Í 12. gr. fyrnefndra laga hljóðar síðari málsgrein svo: »Komi það í ljós við heimilisrannsóknina að áfengi sé í vörzlum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur að skýra frá því, hvernig standi á byrgðunum. Geri hann það ekki skal hann talinn sekur um brot gegn 1. gr.« — Kærða hefir nú, sem þegar er sagt, skýrt frá því hvernig hún hafi eignast áfengi það, er hjá henni fanst, og við rannsókn málsins er ekkert framkomið, er sanni að skýrsla hennar sé röng eða að hún hafi eigi sagt frá öllu því, er hún vissi um vínföngin. Hitt, að maður kærðu kann að hafa skýrt henni rangt frá um það, hvar og hvernig hann fekk áfengið, verður eftir hinni tilvitnuðu lagagrein ekki talið kærðu til ábyrgðar, enda er það eigi heldur sannað, að það, sem kærða hefir eftir manni sínum í þessu efni, sé rangt, með því að fyrgreind kaupmannavottorð, sem þetta einvörðungu styðst við, eru eigi staðfest fyrir rétti og af kærðu hálfu mótmælt sem röngum. Það skal sérstaklega tekið fram, að í vottorðum þessum er rauðvíns eigi getið, en af kærðu hálfu er því haldið fram fyrir yfirdóminum, að þær 11 vínflöskur, sem hún þóttist muna með vissu að fengnar hefðu verið frá Thomsensverzlun, hefðu verið rauðvínsflöskur, og er þá framburður hennar að þessu leyti eigi í ósamræmi við vottorðin.

Með því kærða, samkvæmt því sem nú hefir verið sagt, verður að teljast hafa fullnægt hinu tilgreinda lagaákvæði, er eigi heimild til að láta hana

sæta ábyrgð samkvæmt 1. gr. laganna, fyrir ólöglegan innflutning áfengis, og ber því að sýkna hana af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli. Svo verður og að ómerkja ákvæði dómsins um upptöku áfengis þess, er hjá kærðu fanst, og skila henni því aftur.

Allan kostnað sakarinnar ber að greiða af almannafé, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og skipaða verjanda við yfirdóminn, 20 kr. til hvors.

Það er aðfinsluvert, að eigi er í dómnum vottorð um löglega meðferð málsins í lögregluréttinum, svo sem fyrir er mælt í tilskipun 3. júní 1796, 35. gr., en að öðru leyti hefir rekstur málsins verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Carla Olsen, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli. Ákvæði dómsins um upptöku framangreinds áfengis hjá kærðu eiga að vera ómerk, og ber að skila henni því aftur. Allan sakarkostnað fyrir báðum réttum skal greiða af almannafé, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens yfirréttarmálaflutningsmanna, 20 kr. til hvors þeirra.

Mánudaginn 17. janúar 1915.

Nr. 53/1915 Oddur Gíslason f. h. Arbejderforsikringsraadet í Khöfn
gegn
Pétri J. Thorsteinsson.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Oddur Gíslason, yfirréttarmálaflutningsmaður, fyrir hönd Arejderforsikringsraadet í Kaupmannahöfn gegn stefnda, Pétri J. Thorsteinsson kaupmanni í Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og krafðist þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða sér, eða Arbejderforsikringsraadet, vegna eftirnefndra sjómanna, Kristmundar Eysteinssonar skipstjóra, Jóns P. Jónatanssonar háseta og Hallgeirs Arnbjörnssonar matsveins, sem druknuðu af fiskiskipinu »Argo«, 2800 kr. fyrir hvern hinna drukknuðu sjómanna, eða samtals 8400 kr. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 21. janúar 1914 til borgunardags og málskostnað eftir mati réttarins. Lauk máli þessu svo á bæjarþinginu að stefndi var sýknaður af kærum og kröfum stefnanda fyrir hönd Arbejderforsikringsraadet, og stefnandi dæmdur til að greiða honum 30 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir Oddur Gíslason f. h. Arbejderforsikringsraadet skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 24. ágúst f. á., og krefst hann þess fyrir yfirdómi, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 8000 kr. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og málskostnað eftir mati rétt-

arins. Stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum tildæmdur málskostnaður fyrir yfird., eftir mati réttarins.

Snemma á árinu 1909 keypti stefndi skipið »Argo«, sem átti heima í Esbjerg í Danmörku. Var stefndi þá búsettur í Danmörku. Gerði hann skipið út til fiskiveiða á vetrarvertíðinni 1910, og hinn 8. febrúar s. á. skráði áðurnefndur skipstjóri í viðurvist lögskráningsstjóra í Reykjavík 8 menn á skipið. Meðal þeirra er lögskráðir voru, voru framannefndir sjómenn, Jón P. Jónatansson og Hallgeir Arnbjörnsson. Báðir þessir menn, svo og skipstjórinn sjálfur, Kristmundur Eysteinsson, voru vátrygðir samkvæmt lögum nr. 53, 30. júlí 1909 í vátryggingarsjóði sjómanna, og hefir eftirlifendum þeirra verið borgað lögmætt tryggingargjald eftir þeim lögum, 400 kr. fyrir hvern hinna vátrygðu, með því skipið fórst með allri áhöfn síðast í febrúar 1910.

Með því skipið var skrásett í Danmörku áleit Arbejderforsikringsraadet í Kaupmannahöfn að stefnda hefði verið skylt að vátryggja skipshöfnina samkvæmt hinum dönsku slysaábyrgðarlögum nr. 54, 1. apríl 1905, og ákvað 12. septbr. 1911 að stefndi skyldi greiða eftirlifendum hvers hinna þriggja sjómanna, samkvæmt nefndum lögum, 2800 kr. Stefndi mótmælti að nefnd dönsk lög ættu hér við, með því að skipið hefði verið íslenzkt og gert út héðan til fiskiveiða hér við land, af íslenzkum borgara hér búsettum.

Fyrir undirrétti var það talið viðurkent að stefndi hefði verið búsettur hér á landi er skipið fórst, en

hér fyrir réttinum hefir því verið haldið fram af áfrýjanda, að stefndi hafi komið hingað frá Danmörku um mánaðamótin marz—apríl 1910 og fjölskylda hans 2. maí s. á., og þar sem þessari skýrslu hefir eigi verið sérstaklega mótmælt, verður að leggja hana til grundvallar í málinu. En þar sem skipið var skrásett í Danmörku og útgerðarmaður þess einnig búsettur þar, er umræddir sjómenn voru lögskráðir á það 8. febrúar 1910 og það fórst í sama mánuði, verður að fallast á þá skoðun áfrýjanda, að stefnda hafi verið skylt að vátryggja skipshöfnina eftir hinum dönsku slysaábyrgðarlögum 1. apríl 1905, og þar sem hann hefir vanrækt það, ber honum samkvæmt 23. gr. nefndra laga að greiða hinar ákveðnu tryggingarupphæðir.

Stefndi hefir að vísu undir rekstri málsins haldið því fram, að þótt skipshöfnin hefði getað haft einhvern rétt samkvæmt nefndum lögum 1. apríl 1905, þá hafi ekkjur og aðstandendur þeirra þriggja manna af skipshöfninni, sem hér um ræðir, slept þessum rétti, með því að taka við vátryggingarfé úr hinum íslenzka vátryggingarsjóði, samkvæmt lögum 30. júlí 1909, en á þetta verður eigi fallist, sbr. 40. gr. hinna dönsku slysaábyrgðarlaga, en þar sem stefndi greiddi iðgjöld fyrir skipshöfnina — þar á meðal fyrir umrædda 3 sjómenn — til hins íslenzka vátryggingarsjóðs, og þar sem engin líkindi eru til þess að hann hefði trygt sjómennina á þennan hátt, ef honum hefði verið það ljóst, að honum bæri að tryggja þá samkvæmt nefndum dönskum lögum, virðist rétt að þær upphæðir, sem greiddar hafa

verið eftirlifendum umræddra sjómanna úr vátryggingarsjóðnum, komi til frádráttar hinni umstefndu kröfu, enda hefir áfrýjandi að nokkru leyti viðurkent þetta, þar sem hann hefir fallist á, að frá hinni upphaflegu kröfu verði dreginn $^1/_3$ hluti af þeim upphæðum, er eftirlifendum umræddra sjómanna hafa verið greiddar úr hinum íslenzka vátryggingarsjóði. Færist því krafa áfrýjanda niður í 7200 kr., en þá upphæð ber stefnda að greiða með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags.

Eftir málavöxtum virðist rétt að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Pétur J. Thorsteinsson, greiði áfrýjanda, yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni, fyrir hönd Arbejderforsikringsraadet í Kaupmannahöfn 7200 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 17. janúar 1915.

Nr. 36/1915. Sveinn Björnsson f. h. firmans Emil Andersen gegn Andr. Figved.

Dómur:

Með bréfi dags. 16. marz 1910 pantaði stefndi Andr. Figved kaupmaður á Eskifirði vörur hjá hlutafélaginu »Handelsselskabet Isafold« í Kaupmannahöfn. Vörupöntun þessa fól nefnt hlutafélag áfrýjanda, firmanu Emil Andersen í Kaupmannahöfn, að afgreiða. Vörur þessar sendi nefnt firma í öndverðum aprílmánuði s. á.; farmskírteini eða önnur skjöl fylgdu eigi sendingu þessari, en 22. s. m. fekk stefndi reikning yfir vörurnar frá Emil Andersen að upphæð kr. 554,13.

Með því stefndi hafði fengið aðrar vörur en hann hafði beðið um, ritaði hann 23. apríl hlutafélaginu »Ísafold« umkvörtun yfir þessu, og svaraði nefnt hlutafélag því bréfi 4. júní s. á., og segir þar meðal annars, að Emil Andersen hafi eftir áskorun þess lofað bótum fyrir þetta, og tók þá stefndi að því er virðist vörurnar til sín.

Um aðfinslur stefnda virðist hlutafélagið ekki hafa látið áfrýjanda neitt vita, og ekkert aðhafst síðan annað en það, að það skoraði á stefnda með símskeyti 27. okt. 1910 að borga vörurnar.

Með því áfrýjandi fekk engin skil á andvirði hinnar umgetnu vörusendingar, þá höfðaði hann mál

á hendur stefnda fyrir gestaréttí Suður-Múlasýslu til greiðslu á kr. 554,13 ásamt 6 % ársvöxtum frá stefnudegi 13. jan. 1914 til borgunardags og til greiðslu málskostnaðar. Lauk máli þessu svo, með dómi nefnds réttar 19. febr. 1915, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Sveinn Björnsson yfirrèttarmálaflutningsmaður fyrir hönd firmans Emil Andersen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 5. júní f. á. og krafist þess, að dómi þessum verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur umbjóðenda sins fyrir gestaréttinum verði teknar til greina og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi krefst þess hins vegar að verða sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda eða til vara að dómkrafa hans verði færð niður um 120 kr. og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Það er viðurkent, að stefndi hefir ekki greitt andvirði umræddrar vörusendingar, en hann heldur því fram, að hann eigi eingöngu við hlutafélagið »Ísafold« um greiðsluna, en krafa áfrýjanda sé sér alveg óviðkomandi. Þetta byggir hann á því, að hann hafi pantað vörurnar frá »Isafold« sem seljanda, að nefnt félag hafi komið fram gagnvart sér sem seljandi, það hafi lofað sér (stefnda) bótum fyrir ranga vörusendingu og það hafi krafið sig um borgun.

Áfrýjandi heldur því hins vegar fram að hann eigi aðganginn að stefnda, hlutafélagið »Isafold«

hafi gagnvart sér að eins komið fram sem umboðsmaður, það hefi aldrei óskað kaups á umræddum vörum sér til handa, heldur hafi það sent sér (áfrýjanda) pöntun stefnda, og samkvæmt þessu hafi vörurnar verið sendar beint til stefnda og honum sendur reikningur, eins og venjulegt sé er vörur eru keyptar með aðstoð umboðsmanns.

Það skiftir nú eigi máli þótt stefndi hafi pantað vörurnar hjá hlutafélaginu »Isafold«, því það er engin sönnun fyrir því að »Isafold« hafi verið seljandi.

Í málinu er nú ekkert framkomið er bendi til þess að hlutafélagið »Isafold« hafi sjálft keypt umræddar vörur. Eftir að það fekk vörupöntun stefnda sendi það pöntunina til áfrýjanda og bað hann að afgreiða hana gegn 3ja mánaða gjaldfresti, og ætlast til að frumrit af reikningi sé sent kaupanda, en óskar að eins að fá eftirrit af honum. Hlutafélagið »Isafold« virðist heldur eigi síðar vera í neinum vafa um afstöðu sína, þar sem það í bréfi sínu 4. júní 1910 til stefnda kveðst hafa fengið Emil Andersen til að lofa að greiða stefnda bætur fyrir það, sem hann í bréfi sínu 23. apríl hafði haft út á vörusendinguna að setja, og segist búast við að Andersen riti honum (stefnda) um þetta og ef hann reyni að ganga frá þessu o: að greiða bætur, þá skuli stefndi láta félagið vita, þareð það muni þá fá það leiðrétt.

Alt þetta bendir ótvírætt til þess, að »Isafold« hafi talið áfrýjanda seljanda en ekki sig, og þessi afstaða getur ekki breyzt við það, að »Isafold« krafði stefnda um greiðslu 27. okt., enda verður ekki annað séð af nefndu bréfi stefnda frá 23. apríl, en

að hann þá hafi skoðað firmað Emil Andersen sem seljanda, þar sem hann tekur fram, að hann að svo stöddu geymi nokkurn hluta af vörusendingunni á kostnað sendanda — for Afskiberens Regning —, en þá var honum kunnugt um að Andersen var sendandi.

Það verður því að líta svo á, að áfrýjandi hafi rétt til að ganga eftir andvirði umræddrar vörusendingar hjá stefnda.

Þá kemur til álita varakrafa stefnda um að dómkrafa áfrýjanda verði færð niður um 120 kr. Þessa kröfu rökstyður stefndi þannig, að hann hafi pantað $^{20}/_{2}$ kassa af melís og hafi hann ætlast til að þetta væru $^{20}/_{2}$ kassar af höggnum melís, en í stað þess hafi hann fengið 20 kassa af steyttum melís (strausykri) mismunandi að stærð og þyngd, alls kringum 1100 pd. Þessi sykur hafi verið reiknaður á 22 aura pundið og kassarnir á 50 aura hver. Telur stefndi að hann hefði getað fengið þessa vörutegund annarstaðar frá fyrir 16—18 aura pundið, og sé því verðmunurinn 44—66 kr. eða að meðaltali 55 kr. Fyrir kassana séu reiknaðar 10 kr., en með því slíkur sykur sé vanalega sendur í pokum, hafi hann rétt til að draga verð kassanna 10 kr. frá kröfunni. Auk þess hafi hann farið á mis við verzlunarhagnað af því að fá ekki hinn umbeðna höggna sykur, er ekki geti talist minni en 50—60 kr.

Það er að vísu svo, að pöntun stefnda gat naumast skilist öðruvísi en að hann ætlaðist til að fá $^{20}/_{2}$ kassa af höggnum melís, en áfrýjanda verður þó ekki gefin sök á þessu, með því að tilkynningin

frá »Isafold« til áfrýjanda gaf honum ástæðu til að ætla að þar væri átt við steyttan melis. — Þetta hefði að vísu gefið stefnda fulla heimild til þess að neita móttöku á umræddum sykurkössum, eins og hann gerði ráð fyrir í bréfi sínu 23. apríl 1910, en þar sem hann þó síðar tók þá til sín og ekki er sannað gegn neitun áfrýjanda, að hið setta verð sé óeðlilega hátt, virðist ekki verða hjá því komist að dæma stefnda til að borga sykurinn, með því verði, er á hann var sett. Áfrýjandi hefir og neitað því, að hlutafélagið »Isafold« hafi nokkurn tíma látið sig vita um aðfinslur stefnda gegn umræddri sykursendingu, og hefir honum því ekki gefist kostur á að ráðstafa sykrinum á annan hátt.

Kröfu um skaðabætur fyrir vansendan sykur getur stefndi enga haft á hendur áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda hina umstefndu upphæð 554 kr. 13 au. með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi 13. jan. 1914 til borgunardags. Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber honum og að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, er ákveðst 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Andr. Figved greiði áfrýjanda Sveini Björnssyni f. h. firmans Emil Andersen 554 kr. 13 au. með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og í málskostnað 80 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 24. janúar 1916.

Nr. 84/1915. Valdstjórnin
gegn
Tönnes Frederiksen f. h.
h/f Timbur og Kolaverzlun Reykjavík.

Dómur:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur kaupstaðar uppkveðnum 9. júlí f. á. var kærði Tönnes Frederiksen forstjóri h/f Timbur og Kolaverzlunin Reykjavík dæmdur samkvæmt 4. gr. í hafnarlögunum fyrir Reykjavík 11. júlí 1911 fyrir að hafa gert í heimildarleysi dráttarbraut fyrir báta í sjó fram út af leigulandi sínu nyrst á Arnarhólslóð hér í bænum í 10 kr. sekt til hafnarsjóðs Reykjavíkur og til að greiða fyrir hönd félagsins allan kostnað sakarinnar; svo var og hafnarnefnd Reykjavíkur gert heimilt að láta taka dráttarbrautina burt á kostnað hlutafélagsins.

Þessum dómi er af hálfu valdsstjórnarinnar skotið til yfirdómsins.

Í nefndri lagagrein er svo fyrir mælt, að meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina megi ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta mannvirkjum þeim, er nú eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi nema með

samþykki bæjarstjórnar; í sömu lagagrein er og ákveðið, að brot gegn þessu varði sektum, og að hafnarnefnd sé heimilt að láta nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Það er í máli þessu sannað, að nefnt hlutafélag hefir, eftir að hafnarlögin komu í gildi, látið gera dráttarbraut úr timbri fyrir báta í fjörunni framundan leigulóð þess í Arnarhólstúni og eigi fengið til þess leyfi bæjarstjórnarinnar. Er brautinni lýst svo, að hún sé 40 metrar að lengd, nái út í sjó um flóð, en sjór falli alveg út af henni um stórstraumsfjöru, og efsti hluti hennar sé fyrir ofan stórstraumsflóðmál.

Kærði hefir viðurkent, að hann beri ábyrgð á þessu verki, en hann heldur því fram, að honum hafi það heimilt, með því að hlutafélagið eigi fullan rétt til slíkrar notkunar á fjörunni fram undan leigulóð sinni, án þess að leyfi hafnarnefndar eða bæjarstjórnar þurfi að koma til; auk þess sé mannvirki þetta eigi gert í sjó fram, er það sé alt á þurru um stórstraumsfjöru, enda eigi átalað fyr en nú, meir en tveimur árum eftir að það var stofnað.

Nefnt ákvæði hafnarlaganna er sett vegna fyrirhugaðrar hafnargerðar í Reykjavík í því skyni að varna því, að tálmanir verði gerðar á henni eða kostnaðarauki. Það virðist því ljóst, að ákvæðið á aðallega við þá hluta fjörunnar umhverfis höfnina, sem einstakir menn hafa til umráða eða afnota.

Samkvæmt þessu verður og að skilja orðin »í sjó fram«, að þau eigi við öll mannvirki á umgetnu svæði, sem eru til tálmunar hafnargerðinni, einnig þau, sem eins og dráttarbrautin eru að nokkru eða

öllu leyti á þurru um fjöru. Með því að gera áminzt mannvirki án samþykkis bæjarstjórnarinnar verður kærði því að teljast orðinn brotlegur gegn fyrgreindu lagaákvæði, og samkvæmt því er hafnarnefndinni þá og heimilt að láta taka mannvirkið burtu á kostnað eiganda. Með því eigi verður álitið, að refsingarábyrgð fyrir brot kærða sé fyrnd, verður hann að sæta sekt fyrir það, sem þykir hæfilega metin af undirdómaranum 10 kr., er renni í hafnarsjóð Reykjavíkur. Yfirdómurinn felst einnig á ákvæði dómsins um upptöku dráttarbrautarinnar og um málskostnað og ber því að staðfesta dóminn í öllum greinum.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors.

Undirdómarinn hefir eigi vottað um löglegan rekstur málsins fyrir lögregluréttinum svo sem fyrir er mælt í tilsk. 3. júní 1796, 35. gr., en að öðru leyti hefir meðferð málsins verið vítalaus. Málfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Kærði Tönnes Frederiksen fyrir hönd hlutafélagsins Timbur og Kolaverzlunin Reykjavík greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar 15 kr. til hvors.

Ídæmd gjöld greiðist áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. janúar 1916.

Nr. 70/1915. Lyder Höydal
gegn
Sveini Björnssyni f. h.
Oluf Holm.

Dómur:

Með dómi landsyfirréttarins uppkveðnum 27. júlí 1914 var áfrýjandi þessa máls Lyder Höydal ásamt Jens L. Ouse dæmdur til þess meðal annars að selja stefnda, Sveini Björnssyni f. h. Oluf Holm, í hendur birgðir af áhöldum til lýsisbræðslu, sem taldar voru í félagsslitareikningi málsaðila í desember 1911. Við fógetagerð í Vestmannaeyjum 10. desbr. 1914, sem haldinn var eftir kröfu stefnda hjá Lyder Höydal til að fullnægja nefndum landsyfirréttardómi, greiddi Höydal ídæmdar skaðabætur, 600 kr. og málskostnað 80 kr., og fjárnámsbeiðandi Sveinn Björnsson viðurkendi, að hann hefði tekið við svo miklu af áhöldunum, er næmi 2124 kr. verði, en honum voru þá óafhent áhöld fyrir 5052 kr. Krafðist fjárnámsbeiðandi, að fógetinn léti stefnda afhenda þessa muni eða andvirði þeirra, en fógetinn kvað þá upp úrskurð

á þá leið, að frekari aðför ætti ekki fram að fara nema fyrir aðfararkostnaði. Þessi úrskurður fógetans var úr gildi feldur með dómi landsyfirréttarins 26. júlí f. á., og var fógetinn skyldaður til að framkvæma fjárnám hjá áfrýjanda fyrir andvirði hinna óskiluðu áhalda.

Hinn reglulegi fógeti í Vestmannaeyjasýslu, Karl Einarsson sýslumaður, sat á alþingi sumarið 1915, en samkvæmt beiðni hans hafði yfirréttarmálaflutningsmaður Sigurður Lýðsson verðið löggiltur af stjórnarráðinu til að gegna sýslumannsembættinu á hans ábyrgð á meðan. Með því nú Sigurður Lýðsson hafði flutt fyrir áfrýjanda mál þau milli hans og Sveins Björnssonar f. h. Oluf Holm, er dómar höfðu gengið í í landsyfirdóminum 27. júlí 1914 og 26. júlí 1915, og hafði mætt fyrir áfrýjanda hönd við fjárnámið 10. desbr. 1914 og þar mótmælt fjárnáminu, fór Sveinn Björnsson þess á leit, að stjórnarráðið skipaði setufógeta í Vestmannaeyjasýslu til þess að framkvæma fjárnám samkvæmt yfirréttardóminum 26. júlí f. á., og var þá yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason settur af stjórnarráðinu 7. ágúst s. á. til þess sem setufógeti að framkvæma nefnt fjárnám.

Við fjárnám það, er því næst fór fram samkvæmt kröfu stefnda 14. ágúst f. á. til að fullnægja nefndum dómi landsyfirréttarins 26. júlí f. á., mætti enn yfirréttarmálaflutningsmaður Sigurður Lýðsson fyrir hönd áfrýjanda og mótmælti því, að setufógetinn framkvæmdi fjárnámið með því, að hvorki hinn reglulegi fógeti í Vestmannaeyjasýslu né sá maður, er í hans

stað gegndi embættinu, hefði vikið úr dómarasæti, og í annan stað krafðist hann þess, ef setufógetinn ætlaði engu að síður að framkvæma gerðina, að fógetinn léti þá framfara mat um það, hvers virði það væri nú fyrir dómhafa, Oluf Holm, að fá dóminum fullnægt.

Setufógetinn, Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður, kvað þá þegar upp 2 úrskurði: Í hinum fyrri neitaði hann að taka til greina hin framkomnu mótmæli gegn því, að hann framkvæmdi gerðina, og með hinum síðari neitaði hann að taka til greina kröfu áfrýjanda um málið, en ákvað sjálfur, að úr því áfrýjandi gæti eigi látið af hendi hin óskiluðu lýsisbræðsluáhöld, skyldi hann standa gerðarbeiðanda skil á andvirði þeirra með 5052 kr. og gerði síðan fjárnám í eigum áfrýjanda fyrir þeirri upphæð.

Fjárnámi þessu ásamt umgetnum úrskurðum hefir áfrýjandi, Lyder Höydal nú skotið til yfirdómsins, með stefnu dags. 4. okt. f. á. og krefst hann þess, að fjárnámið og hinir uppkveðnu úrskurðir verði úr gildi feldir, að stefndi Sveinn Björnsson f. h. Oluf Holm verði dæmdur til að endurgreiða kostnaðinn við fjárnámsgerðina og til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Kröfu sína um ógildingu fjárnámsins byggir áfrýjandi í fyrsta lagi á því, að setufógetinn hafi framkvæmt fjárnámið þótt hinn reglulegi fógeti hafi eigi vikið sæti eða hafi verið forfallaður. Að vísu sé það eigi tekið fram í skipunarbréfi stjórnarráðsins til setufógetans, að löggildingin sé því skilyrði bundin að hinn reglulegi fógeti víki sæti við fógeta-

gerðina, en bæði sé umboðsvaldinu óheimilt að skipa setufógeta án þess að hinn reglulegi fógeti hafi vikið sæti, enda hafi það fráleitt verið meining þess, heldur hafi stjórnarráðið einungis ætlast til, að setufógetaskipunin væri fyrir hendi, ef hinn setti sýslumaður og fógeti viki sæti við gerðina.

Eins og þegar hefir verið tekið fram, sat hinn reglulegi dómari, Karl Einarsson sýslumaður, á alþingi, er fjárnámið fór fram, og þar sem Sigurður Lýðsson, yfirréttarmálaflutningsmaður, er gegndi embættinu í hans stað og á hans ábyrgð, hafði sem umboðsmaður áfrýjanda flutt mál það, er leitt hefir til hins áfrýjaða fjárnáms, bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, og einnig hafði mætt við fjárnámið 11. desbr. 1914 og þar hafið mótmæli gegn framkvæmd þess, og með þessum afskiftum sínum af málinu fyrirfram hafði gert sig óhæfan til að fara með fjárnám þetta sem fógeti, virðist eins og á stóð ekki nauðsynlegt til þess að setufógetinn, Oddur Gíslason, tæki fjárnámskröfuna til meðferðar að umboðsmaður hins reglulega fógeta viki sæti með úrskurði.

Þá hefir áfrýjandi krafist þess, að fjárnámið verði felt úr gildi fyrir þá sök, að setufógetinn hafi bókað nokkurs konar inngang að fjárnáminu áður en hann (áfrýjandi) hafi komið vörnum fyrir sig, og þar tekið afstöðu til þeirra atriða, er ágreiningur varð um, en þar sem fógetagerðin ber það með sér, að úrskurðirnir um ágreiningsmálin vóru ekki uppkveðnir fyr en sókn og vörn aðila fyrir fógetaréttinum var lokið, er ekki ástæða til að ógilda fjárnámið af þessari ástæðu.

Svo sem fram hefir verið tekið neitaði setufógetinn með hinum síðari úrskurði að taka til greina kröfu áfrýjanda um að láta fara fram mat á því hvers virði það væri fyrir dómhafa að fá dóminum frá 27. júlí 1914 fullnægt. Þetta telur áfrýjandi ólöglegt og eigi að varða ógildingu fjárnámsins. Heldur hann því fram, að fógetinn hafi verið skyldur til að meta peningagjald það, er koma átti í stað hinna óskiluðu lýsisbræðsluáhalda annaðhvort með aðstoð réttarvottanna eða sérstaklega tilkvaddra manna, enda sé hið ákveðna verð áhaldanna svo hátt sett, að það ekki nái neinni átt.

Í dómi landsyfirréttarins 26. júlí f. á., er hið áfrýjaða fjárnám byggist á, er tekið fram, að enginn ágreiningur hafi verið milli málsaðila um verð áhalda þeirra, er áfrýjandi átti að skila stefnda, hafi verð þeirra verið, samkvæmt framlagðri skýrslu 7671 kr. ÷ 495 kr. eða 7176 kr. Í fógetaréttinum 10. desbr. 1914 viðurkendi stefndi, að hann hefði tekið við svo miklu af áhöldunum, sem næmi 2124 kr., og var honum þannig óafhent áhöld fyrir 5052 kr., og segir ennfremur í dómnum, að það verði ekki talið rétt, að stefnda var við fógetagerðina 10. desbr. 1914 synjað um fjárnám hjá Höydal fyrir nefndu andvirði hinna óskiluðu áhalda. Þar sem þannig í yfirréttardómnum í raun og veru var sett peningagjald í stað hinna óskiluðu áhalda og engum áhöldum síðar var skilað, þurfti ekkert mat á áhöldum þessum fram að fara, og hafa því mótmæli áfrýjanda gegn fjárnáminu, er að þessu lúta, ekki við rök að styðjast.

Loks heldur áfrýjandi því fram, að fógetinn hafi gengið lengra en hann hafði vald til, með því að taka af honum (áfrýjanda) réttinn til að leigja út húseignir þær, er fjárnámi voru teknar, en til þessa hafði fógetinn fult vald, samkvæmt 21. gr. aðfararlaganna 4. nóvbr. 1887.

Samkvæmt framansögðu ber því að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð og úrskurði, og ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð skal óraskað. Áfrýjandi Lyder Höydal greiði stefnda Sveini Björnssyni fyrir hönd Oluf Holm málskostnað með 40 kr., er greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 31. janúar 1916.

Nr. 82/1915.

Réttvísin
gegn
Skúla S. Thoroddsen.

Dómur:

Í máli þessu er hinn ákærði, yfirréttarmála-

málaflutningsmaður Skúli S. Thoroddsen, sakaður um brot gegn 298. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. 3. og 6. gr. lögreglusamþyktar fyrir Reykjavík 15. nóvember 1890, en með dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 26. okt. f. á. var hann dæmdur sýkn af þessari ákæru, og málskostnaður dæmdur af almannafé. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Atvik máls þessa eru þau, að aðfaranótt 1. ágústmánaðar f. á. voru 2 næturverðir bæjarins á gangi í Kirkjustræti hér í bænum, og var klukkan þá liðið eitt yfir 2. Hittu þeir þá hinn ákærða, er var talsvert ölvaður, og slózt hann þá í för með þeim. Urðu þeir samferða austur í Pósthússtræti, en þar skildi ákærði við þá og fór aftur vestur Kirkjustræti, en næturverðirnir gengu norður Pósthússtræti og staðnæmdust við Landsbankarústirnar. Sáu þeir að ákærði gekk vestur Kirkjustræti og að hann hvarf fyrir hornið á lyfjabúðinni. Kom þar þá samstundis til þeirra næturvörður kaupmannanna, og heyrðu þeir allir rétt á eftir hvell mikinn, eins og hurð væri skelt, og einn þeirra þóttist og heyra hringl í glerbrotum, en hinir tveir tóku ekki eftir neinu brothljóði. Fór þá einn þeirra á reiðhjóli vestur Austurstræti, suður Aðalstræti og austur Kirkjustræti, og sá hann þá, er hann kom að húsinu nr. 10 að stór rúða var brotin í sölubúð Lúðvígs Andersen skraddara, en búð hans var í nefndu húsi.

Rúðan virtist vera brotin með steini, er lá inni á búðargólfinu. En næturverðirnir fullyrða það, að rúðan hafi verið óbrotin, er þeir skömmu áður gengu

framhjá búðinni austur Kirkjustræti og hittu hinn ákærða. Næturverðirnir urðu eigi varir við nokkurn mann á þessum slóðum um þetta leyti, nema hinn ákærða. Fyrir því féll grunur á hann, um, að hann væri valdur að rúðubrotinu, og var mál þetta höfðað á hendur honum fyrir það, en hann hefir þverneitað því, að hann hafi framið verkið. Hann tjáist hafa gengið vestur Kirkjustræti, er hann skildi við næturverðina, vestur að baðhúsganginum, og um hann að húsi föður síns, þar sem hann átti heima. Þótt það nú verði að teljast sannað með framburði næturvarðanna að ákærði hafi farið lengra vestur í Kirkjustræti en að Baðhúsganginum, og gengið eitthvað vestur með húsinu nr. 10, þá er það þó eigi sannað gegn ákveðinni og eindreginni neitun hans, að hann hafi brotið áminsta rúðu, því að engir voru sjónarvottar að verkinu, og eigi er loku fyrir það skotið að einhver annar hafi brotið rúðuna, og leynst svo í næstu húsum eða húsagörðum, án þess að næturverðirnir yrðu hans varir. Það verður því að sýkna hinn ákærða í máli þessu, bæði af refsingu og málskostnaði og staðfesta aukaréttardóminn í öllum greinum. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 15 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors.

Mánudaginn 31. janúar 1916.

Nr. 62/1915. Guðmundur Jóhannesson
gegn
Guðmundi Eggerz.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af sýslumanni Guðmundi Eggerz gegn Guðmundi kaupmanni Jóhannessyni, fyrir meiðyrði, og var það dæmt í aukarétti Suður-Múlasýslu 28. júnímánaðar f. á. á þá leið, að hin meiðandi orð voru dæmd ómerk, Guðmundur Jóhannesson var dæmdur í 30 kr. sekt, en til vara í 6 daga einfalt fangelsi, og ennfremur til að greiða 15 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Guðmundur kaupmaður Jóhannesson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15. sept. f. á. og gert þær réttarkröfur, principaliter, að aukaréttardómurinn verði ó-

merktur og málinu vísað frá undirréttinum og in subsidium að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu. Þá krefst hann þess og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, hvernig sem málið fer. Stefndi, sýslumaður Guðmundur Eggerz, krefst þess hinsvegar að aukaréttardómurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Ómerkingar- og frávísunarkrafa áfrýjanda er rökstudd aðallega með því, að málið hafi eigi verið lagt löglega til sátta, því að eigi sé sannað að málsaðilar hafi mætt á sáttafundi. Það er nú að vísu svo, að sáttanefndin hefir eigi getið þess í áteiknun sinni á sáttakæruna, að aðilar hafi mætt á fundinum, en aðeins vottað, að sættir hafi eigi komist á, en í þessu vottorði virðist það liggja, að sátt hafi verið reynd með málsaðilum, er hafi mætt, enda hefir áfrýjandi enga athugasemd gert í héraði um málsmeðferð stefnda, að því er þetta atriði snertir, og minnist hann þó sérstaklega á sáttakæruna í 1. varnarskjali sínu þar. Það verður því ekki fallist á þessa ómerkingarástæðu áfrýjanda, og eigi verður heldur neitt tillit tekið til þess, að hann nú tekur það fram, til þess að ónýta málatilbúnað stefnda, að áteiknun stefnuvottanna á sáttakæruna beri það eigi með sér að hún hafi verið birt á heimili kærða (áfrýjanda) og stefnuvottarnir í áteiknun sinni á aukaréttarstefnuna, kalla hana gestaréttarstefnu, því að hann gerði engar athugasemdir hér að lútandi fyrir aukaréttinum og eftir báðum stefnunum mætti hann.

Aðalefni málsins er það, að stefndi bar á áfrýjanda og kærði hann fyrir að hafa beint til sín orðunum: »Þessi helvítis sýslumaður«; segir stefndi svo frá, að þetta hafi skeð 14. janúar f. á,; hafi áfrýjandi þá ekið grjóti í heimildarleysi á lóð sína, og er stefndi bannaði honum það, hafi hann svarað ónotum einum, og sagt þá ofangreind orð. Áfrýjandi skýrir svo frá þessum viðskiftum þeirra, að hann hafi alls ekki viðhaft við stefnda hin tilgreindu orð, heldur hafi hann, er hann fór frá þeirra samfundi í geðshræringu, út af fáheyrðum ójöfnuði stefnda, sagt hátt við sjálfan sig út í loftið: »Helvítis sýslumaðurinn«. Þykist hann eigi hafa beint þessum orðum að stefnda né sagt þau við hann. En þetta er augljóslega þýðingarlaust í málinu. Það gerir engan greinarmun hvort hann hefir sagt: »Þessi helvítis sýslumaður«, eða aðeins: »helvítis sýslumaðurinn«, sem hann hefir kannast við að hafa sagt, og þó hann hafi eigi sagt orðin beint við stefnda, þá er þó eftir öllum málsatvikum enginn vafi á því, að hann hefir sagt þau um stefnda, svo að nokkrir vottar heyrðu. Orðin eru skammaryrði, er varða við lög, eftir 219. grein hegningarlaganna, 25 júní 1869, og verður áfrýjandi því, jafnframt og orðin eru dæmd dauð og ómerk, að sæta sektum fyrir þau, og þykir sekt sú 30 kr., er ákveðin er með aukaréttardóminum, sem eigi hefir verið gagnáfrýjað, eigi of há, og þar sem ákvæði dómsins um vararefsinguna og um málskostnað samþykkjast, ber að staðfesta dóminn í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi, Guðmundur Jóhannesson, greiði stefnda, Guðmundi Eggerz sýslumanni, málskostnað fyrir yfirdómi, 25 kr. — Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 31. janúar 1916.

Nr. 77/1915. Kristgeir Jónsson
gegn
Jónínu Hannesdóttur.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefnda, Jórunn Hannesdóttir, til heimilis á Laugavegi 76 B hér í bænum, gegn áfrýjanda, Kristgeiri Jónssyni, bónda í Lækjarhvammi í Reykjavík, til greiðslu á sumarkaupi 1914, kr. 27.14, en áfrýjandi hóf hinsvegar gagnsök á hendur stefndu til skaðabóta-greiðslu fyrir rifting á vinnusamningi, og voru þessi mál dæmd á bæjarþinginu 17. júní f. á. á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða stefndu kr. 24.00 með 5% ársvöxtum frá 31. des. 1914 til borgunardags, og 20 kr. í málskostnað. Svo var hann og dæmdur í 8 kr. sekt til landssjóðs fyrir óþarfa þrætu. Í gagnsökinni var stefnda sýknuð og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 18. nóvbr. f. á. og gert þær kröfur, að honum verði breytt þannig, að áfrýjandi verði sýknaður í aðalsök, og stefnda dæmd í gagnsök til að greiða honum 40 krónur og málskostnað fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins, en málskostnaður í aðalsök verði látinn falla niður fyrir báðum réttum.

Af hálfu stefndu er krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Samkvæmt reikningi, er stefnda lagði fram á bæjarþinginu, vann hún sumarið 1914 hjá áfrýjanda í kaupavinnu, fyrst 17 tíma fyrir 20 aura hvern eða fyrir alls kr. 3.40, og eftir það í 3 vikur fyrir 8 kr. kaup um vikuna, samtals 24 krónur. Þessar 24 kr. var áfrýjandi með bæjarþingsdóminum skyldaður til að greiða stefndu með vöxtum sem fyr segir, en krafa hennar um tímaborgun kr. 3.40 var eigi tekin til greina og kemur því eigi til álita fyrir yfirdóminum, eins og málið liggur fyrir.

Skýrsla áfrýjanda um málið, er hann byggir á kröfur sínar, er á þá leið, að stefnda hafi ráðist til sín í kaupavinnu um 8 vikur, eða allan heyskapartímann sumarið 1914, gegn 8 kr. kaupi um vikuna, en er hún hafði unnið í 3 vikur, hafi hún hætt vinnunni og farið burtu algjörlega að ástæðulausu, og þannig rofið vinnusamninga. Hafi hún gert sér stórtjón með því að hlaupa þannig úr vinnunni, þegar hæst stóð á heyönnum og fólk var alt ráðið, svo að hann hafi engan getað fengið í stað stefndu. Hefir

hann metið tjónið með hliðsjón af hjúalögunum jafnt hinni umsömdu kauphæð, kr. 64.00, er hann krefst að stefnda verði dæmd til að greiða sér, að frádregnu kaupi því, kr. 24.00, er hún vann fyrir, eða 40 kr. Því er hinsvegar haldið fram af hálfu stefndu, að áfrýjandi hafi eigi samið um neinn ákveðinn tíma, er hún skyldi vera í kaupavinnunni, og hafi henni því verið frjálst að fara þegar hún vildi, enda hafi áfrýjandi fundið að vinnubrögðum hennar og atyrt hana út af þeim, svo að hún hafi eigi getað sætt sig við að vinna lengur hjá honum.

Stefnda hefir engar sönnur fært á það, að áfrýjandi hafi atyrt eða misboðið henni svo, að hún fyrir þá sök hafi haft réttmæta ástæðu til að hætta vinnunni hjá honum. En af áfrýjanda hálfu er það heldur eigi sannað, gegn mótmælum stefndu, að hún hafi verið ráðin hjá honum 8 vikur eða annan ákveðinn tíma; og þó að nokkrar líkur séu til þess að ráðningartíminn hafi eigi verið óákveðinn eru þær eigi svo verulegar, að úrslit málsins verði látin koma undir eið áfrýjanda um það atriði, svo sem hann hefir krafist til vara. Það verður því að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda og dæma hann til að greiða henni 24 kr. með vöxtum, eins og segir í bæjarþingsdóminum. Yfirdómurinn felst einnig á ákvæði dómsins um málskostnað og sekt fyrir brot á sáttalöggjöfinni, þó svo að upphæð sektarinnar ákveðst 4 kr., samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819, sbr. tilsk. 24. jan. 1838, 3. gr., og rennur hún í landssjóð. Með þessari breytingu ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo að sektin til landssjóðs sé 4 krónur. Áfrýjandi Kristgeir Jónsson greiði stefndu Jórunni Hannesdóttur 15 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 14. febrúar 1916.

Nr. 79/1915. Eggert Briem
gegn
Jes Zimsen
f. h. h/f. P. J. Thorsteinsson & Co.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Eggert Briem frá Viðey gegn stefnda Jes Zimsen f. h. h/f. P. J. Thorsteinsson & Co. fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og gekk dómur í því 15. nóvbr. f. á., á

þá leið, að málinu var vísað frá merkjadómnum og áfrýjanda gjört að greiða meðdómsmönnum 75 kr. en málskostnaður að öðru leyti feldur niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdóms með stefnu, dags. 19. nóv. f. á., og krafist þess að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim til dómsáleggingar að efni til og stefndi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati dómsins. Stefndi hefir á hinn bóginn krafist staðfestingar dómsins og málskostnaðar sér til handa bæði fyrir merkjadómi og yfirdómi.

Tildrög máls þessa og málavextir eru á þessa leið: 9. nóvbr. 1907 leigði áfrýjandinn, sem þá var eigandi jarðarinnar Viðeyjar, hinu stefnda hlutafélagi P. J. Thorsteinsson & Co. til 99 ára lóðarspildu á sunnanverðri eynni og er lóðin afmörkuð á 2 uppdráttum, er fylgja merkjadómsgjörðunum, réttarskjölunum nr. 11 og nr. 22. En 1. sept. árið eftir seldi áfrýjandi stefnda alla eyna. Borgaði stefndi þá þegar nokkuð af söluverðinu, en fékk áfrýjanda 2 skuldabréf, dags. s. d., með veði í eynni fyrir megninu af söluverðinu. Hljóðaði annað skuldabréfið um 40.000 kr., og var sett að veði fyrir þeirri upphæð lóðarspilda sú, er stefndi hafði leigt af áfrýjanda árið áður og sagt er um í veðskuldabréfinu að takmarkist af »beinni línu milli Þórsness og Háanefs og að öðru leyti af sjó«. Veðinu fylgdu hús og önnur mannvirki, er stóðu á lóðinni. Hitt skuldabréfið hljóðaði um 100.000 kr., og var sett að veði fyrir þeirri upphæð öll eyjan með allri áhöfn og öllu öðru sem eigninni fylgir og fylgja ber, að undanskilinni ný-

nefndri lóðarspildu, og sérstaklega afmörkuðum litlum bletti norðanvert við áðurnefnda merkjalínu, milli Háanefs og Þórsnefs og hafði verið undanþegin veðsetningunni fyrir 40.000 kr.

Stefndi leysti til sín 40.000 kr. skuldabréfið og lét aflýsa því. En 16. oktbr. 1914 var veðið fyrir 100.000 kr. upphæðinni boðið upp á nauðungaruppboði, með því að stefndi hafði ekki gjört skil fyrir þeirri skuld, og var það daginn eftir útlagt áfrýjanda samkvæmt kröfu hans fyrir upphæð þá, er hæst hafði verið boðin í það á uppboðinu.

Um alt þetta eru málsaðilar sammála, þar á meðal um mörkin milli nefndrar lóðaspildu og nefnds bletts, er báðum kemur saman um að stefndi eigi, og Viðeyjar að öðru leyti, sem áfrýjandi eignaðist aftur með nýnefndu afsali uppboðshaldara. Aðila greinir aðeins á um það, hver réttur að lögum fylgi lóðarspildu stefnda gengt sjó; heldur áfrýjandi því fram, að stefndi hafi engan rétt neðan stórstraumsflóðs, hvorki til að nota þar mannvirki né til annara fjörunytja, né heldur til nokkurra sjávarnytja og telur merkjadóminn skyldan að dæma sér öll þau réttindi, með því að stórstraumsflóð séu merki landeignar stefnda gegn suðri. Stefndi heldur hinsvegar fram því, að hann hafi öll venjuleg eignar- og afnotaréttindi yfir landeign sinni og útaf henni í sjó út, en merkjadómi varnað að skera úr þannig löguðum ágreiningi.

Í skjölum málsins. leigusamningi 9. nóvbr. 1907 og veðskuldabréfum 3. sept. 1908, 13. janúar 1909 og 10. júní 1912 segir, að spilda sú úr landi Viðeyj-

ar, sem ræðir um í máli þessu, og stefndi er enn eigandi að, takmarkist að suðaustanverðu af sjónum. Agreiningsefnið í málinu er það, hvernig skilja beri þessi orð »af sjónum«, hvort réttari sé skilningur áfrýjanda, að átt sé við stórstraumsflóðmál, eða stefnda, að átt sé við stórstraumsfjörumál, eða með öðrum orðum, hvort fjörusvæðið milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls hafi verið leigt með leigusamningnum 9. nóvember 1907 og veðsett með fyrgreindum veðbréfum. En úrlausn þessarar spurningar verður samkvæmt landamerkjalögunum 17. marz 1882 eigi talin bera undir merkjadóm, enda er auðsætt, að merkjaganga væri með öllu tilgangslaus til upplýsingar og skýringar í því efni. Yfirdómurinn felst því á það, að merkjadómurinn hefir vísað málinu frá sér, og ákvæði hans um málskostnað. Og eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu er vísað frá merkjadóminum. — Ákvæði dómsins um málskostnað skal óraskað. Áfrýjandinn, Eggert Briem frá Viðey, greiði stefnda, Jes Zimsen f. h. h.f. P. J. Thorsteinsson & Co. 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Íðæmdan málskostnað ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. marz 1916.

Nr. 83/1915. Fiskiveiðahlutafélagið »Bragi« gegn Jóni Einarssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði hinn stefndi, Jón Einarsson sjómaður hér í bænum, fyrir sjóréttí Reykjavíkur, gegn áfrýjanda, fiskiveiðahlutafélaginu Braga út af riftingu á ráðningarsamningi, og lauk því máli fyrir sjóréttinum 14. apríl f. á. þannig, að nefnt fiskiveiðahlutafélag var dæmt til að greiða stefnda 76 kr. 67 aura með 5% ársvöxtum frá 12. nóvember 1914 til greiðsludags, og málskostnað með 20 kr.

Þessum dómi hefir fiskiveiðahlutafélagið skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 3. desbr. f. á. og krefst það þess, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að það verði sýknað af kröfum stefnda og því dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi krefst þess hins vegar að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirrétti, eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að stefndi, Jón Einarsson, var ráðinn háseti á botnvörpuskip áfrýjanda, »Baldur«, til fiskiveiða, og var lögskráður á skip þetta fyrir tímabilið frá 5. febr. til 1. okt. 1914 gegn 70 kr. mánaðarkaupi. Skipið stundaði þorskveiðar frá byrjun ráðningartímans og fram á sumar, en fór síðan norður fyrir land á síldarveiðar og rak

þær til mánaðamótanna ágúst—september. Þá hætti skipið veiðum þessum og hélt heimleiðis til Reykjavíkur. Eftir að skipið var hingað komið fór það ekki eins og venjulegt er á fiskiveiðar, heldur hætti veiðum um stund, og var stefndi, ásamt 7 öðrum af skipshöfninni, lögskráður úr skiprúmi 7. september 1914 og honum greitt kaup til þess dags. Með því stefndi áleit sig beittan órétti, höfðaði hann mál þetta fyrir undirrétti og gerði þar þá kröfu, að fiskiveiðahlutafélagið yrði dæmt til að greiða honum kaup frá 7. sept. til 1. okt. kr. 53.67 og auk þess fæðispeninga fyrir sama tíma 23 kr. eða alls kr. eða alls kr. 76.67.

Af áfrýjanda hálfu er því haldið fram, að það sé föst venja, að úr því septembermánuður byrji sé afli sá, er fæst á botnvörpuskip, ekki lagður hér á land til verkunar, heldur sé aflinn ætíð fluttur til Bretlands jafnóðum og nægilegur farmur sé fenginn, en í septembermánuði 1914 hafi siglingar til Bretlands verið svo hættulegar, sérstaklega vegna tundurdufla, að útgerðarmönnum hafi verið heimilt að telja hina miklu styrjöld, er byrjaði í ágúst s. á. hindrun á þeim siglingum, og hafi útgerðarmenn því haft heimild til þess, samkvæmt 96. gr. siglingalaganna 22. nóvbr. 1913, að rifta ráðningu skipshafnar, sem átti að stunda botnvörpuveiðar.

Af hálfu stefnda er því hinsvegar haldið fram, að áfrýjandi hafi því aðeins haft heimild til að rifta ráðningu skipshafnarinnar eftir 96. gr. siglingalag anna, ef skipið hefði átt það á hættu að verða hernumið sakir þjóðernis síns, farms eða fararstefnu, en ekk-

ert af þessu hafi hér getað komið til greina að því er »Baldur« snerti. Um hættu af tundurduflum hafi aðeins verið að ræða í sunnanverðum Norðursjónum, en þessi hætta hafi ekki hindrað skipið »Baldur« að halda áfram síldveiðum sama tíma og önnur botnvörpuskip héðan, nefnilega til loka septembermánaðar, og ekki hafi ófriðurinn eða tundurduflahættan hindrað siglingar hlutlausra þjóða til Bretlands, sérstaklega ekki til vesturstrandar þess, enda hafi það sýnt sig að margir enskir botnvörpungar hafi fiskað hér við land í september 1914, og að minsta kosti 2 íslenzk botnvörpuskip hafi stöðugt haldið uppi ferðum til Bretlands.

Þótt litið væri svo á, að fiskiveiðar með botnvörpuskipum geti því að eins átt sér stað hér við land í september, skaðlaust, að veiðin sé flutt til Bretlands til sölu jafnóðum, þá verður þó eigi álitið að ófriðurinn eða tundurduflahættan umhverfis Bretland hafi getað talist hindrun samkvæmt 96. grein siglingalaganna fyrir slíkum veiðum hér við land í september 1914, með því það er vitanlegt að siglingum hefir stöðugt verið haldið uppi til og frá Bretlandi, bæði héðan og frá öðrum löndum, enda hafa í máli þessu eigi verið leidd rök að því, að siglingar hafi verið hættulegar héðan til vesturstrandar Bretlands.

Það verður því að fallast á niðurstöðu þá, er sjórétturinn hefir komist að og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda eftirstöðvar af launum hans til septemberloka og fæðispeninga frá 7. sept. til 1. okt., samtals kr. 76 67, og þar sem ákvæði undirdómsins

um málskostnað einnig samþykkjast, ber að staðfesta hann. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Að því leyti er málið í héraði var sótt með gjafsókn, vottast, að málsmeðferðin þar var lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, fiskiveiðahlutafélagið Bragi greiði stefnda, Jóni Einarssyni, í málskostnað fyrir yfirdóm 30 kr.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. marz 1916.

Nr. 69/1915. Sigurður Hjörleifsson gegn Árna Jóhannssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Sigurður Hjörleifsson læknir, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda, Árna Jóhannssyni bankaritara, til greiðslu á kr. 33.33, auk 5% ársvaxta, en sú upphæð er $^{8}/_{12}$ hlutar af 50 kr.

árstillagi, er stefndi með samningum í febrúar og marz 1912 hafði heitið áfrýjanda um 6 ár frá 1. júlí s. á. til ritstjórnar- og stjórnmálastarfa. Lauk málinu svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 19. febr. 1914 að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 30. sept. f. á., og haldið þar fram sömu kröfum sem á bæjarþinginu, svo og krafist málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar á dómnum og að stefnda verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Málsókn þessi er bygð á samningi eða skuldbindingu, er stefndi og nokkrir fleiri menn bundust við áfrýjanda í febrúar og marzmánuði 1912 um fjárframlag af þeirra hendi til að tryggja komu hans, sem þá átti heima á Akureyri, til Reykjavíkur til að takast á hendur ritstjórnarstörf við blaðið »Ísafold«, svo og til að styrkja blaðið »Norðurland« á Akureyri. Var þetta tekið fram með almennum orðum í fyrri samningnum, sem dags. er 26 febr., en í síðari samningnum, sem gerður var í marzmán. en er ódagsettur, var það nánar ákveðið, að fjártillagið frá stefnda og öðrum, er undir samninginn rituðu, skyldi vera 50 kr. á ári frá hverjum og greiðast áfrýjanda í 6 ár frá 1. júlí 1912 til 1. júlí 1918 með helmingsgreiðslum 1. janúar og 1. júlí, svo var og áskilið, að frá hálfu áfrýjanda skyldi það koma á móti fjárframlaginu, *að* hann flytti til Reykjavíkur á sama

ári (1912), *að* hann frá júlíbyrjun s. á. gæfi sig við stjórnmálum, og tæki þátt í ritstjórn »Ísafoldar«, og *að* hann sæi blaðinu »Norðurlandi« á Akureyri fyrir efni, sérstaklega stjórnmálagreinum, að því leyti sem þörf gerðist og fyrir yrði komið; fyrir þetta sérstaka starf (til stuðnings »Norðurlandi«) voru áfrýjanda ætlaðar 300 kr. árlega af hinu samanlagða árgjaldi, og legðist »Norðurland« niður, mátti áfrýjandi verja þessum 300 kr. árlega til að greiða skuldir blaðsins, er eigur þess hrykkju ekki fyrir.

Áfrýjandi flutti bústað sinn til Reykjavíkur, eins og tilskilið var í samningnum og gerðist stjórnmálaritstjóri »Ísafoldar« og ábyrgðarmaður 1. júlí, og hélt þeim starfa til 1. marz 1913, er eigandi blaðsins sagði honum upp stöðunni; er hin umstefnda upphæð tiltöluiegur hluti fyrir þennan tíma af umsömdu árgjaldi stefnda.

Stefndi lítur svo á, að áfrýjandi hafi rofið samninginn með því að hann hefði bæði sem blaðamaður og stjórnmálamaður brugðist algerlega því trausti, er stefndi og aðrir meðsemjendur báru til hans og samningurinn var bygður á, og að sérstaklega hafi framkoma hans í sambandsmálinu og afskifti hans af »Norðurlandi verið þannig vaxin, að hann hafi fyrirgert rétti sínum eftir samningnum til fjárframlaga af hendi stefnda.

Það er að vísu alkunnugt, að blaðið »Ísafold« og að því er ætla verður, allir aðstandendur fyrgreindra samninga voru fylgjandi í stjórnmálum hinum svonefnda sjálfstæðisflokki, en á þetta er þó ekki minst í samningnum og ekkert áskilið um það, hverri stefnu

áfrýjandi eða blaðið undir stjórn hans skuli halda fram. Það var því eigi brot á ákvæðum samningsins, þó að framkoma áfrýjanda í stjórnmálum hefði orðið á annan veg en meðsemjendur hans gerðu ráð fyrir, er þeir sömdu við hann. Hitt er annað mál hvort áfrýjandi hafi breytt á móti augljósum en þegjandi fyrirvara um ákveðna stefnu í stjórnmálum af hans hendi. En að því verður síðar vikið.

Um blaðið »Norðurland«, sem var eign hlutafélags, heldur stefndi því fram, að áfrýjandi hafi selt það í heimildarleysi við árslok 1912, og með þeirri sölu tefit því í hendur einum ákveðnasta andstæðingi sjálfstæðisflokksins og hafi þannig algerlega haft að engu þriðja skilyrði samningsins. En um þetta skýrir áfrýjandi svo frá, að stjórn hlutafélags þess, er blaðið átti, hafi selt það en hann eigi, hafi félagsstjórnin eigi séð sér annað fært, með því að blaðið hafi verið alveg fjárþrota og hluthafar ófáanlegir til að leggja því meira fé, og áfrýjandi mótmælir því að salan hafi verið ólögleg. Þessari umsögn áfrýjanda hefir ekki verið hrundið, og með því að samningurinn leggur ekki á hann neina skyldu til að halda blaðinu út á sinn kostnað, en heimilar honum hins vegar, ef blaðið leggist niður, fé til að greiða skuldir þess, ef á þurfi að halda, þá verður eigi séð, að téð ráðstöfun á blaðinu »Norðurlandi« verði talin áfrýjanda til saka, svo að hann fyrir hana hafi glatað rétti sínum eftir samningnum.

En stefndi telur ennfremur og aðallega þá ástæðu til þess, að hann sé laus allra skuldbindinga við áfrýjanda eftir samningnum, að áfrýjandi hafi alger-

lega brugðist trausti sínu og annara sjálfstæðismanna í sambandsmálinu, því máli, er þá réði flokkagreiningu í stjórnmálum, en það hafi verið sjálfgefið og ekki getað dulist áfrýjanda, að loforð stefnda og annara sjálfstæðismanna um fjárframlög til áfrýjanda, hafi verið gefin með þeim fyrirvara, sem óþarft hafi þótt og jafnvel móðgandi fyrir áfrýjanda að taka fram, að hann fylgdi stefnu sjálfstæðisflokksins í því máli. Sú stefna telur stefndi hafi verið ákveðin með sambandslagafrumvarpi meiri hluta alþingis 1909, en frá henni hafi áfrýjandi algerlega vikið, fyrst með því, að taka þátt í og vera mjög fylgjandi samkomulagstilraunum við mótflokkinn í sambandsmálinu og samkomulagstillögum, er ýmsir menn úr báðum flokkum síðan urðu ásáttir um, hinum svonefna bræðingi, en þó einkum með því að aðhyllast hið svonefnda »nýja uppkast«, sambandskosti, er danska stjórnin tjáði sig mundu ganga að, er ráðherrann hafði flutt henni fyrnefndar samkomulagstillögur frá stjórnmálaflokkunum hér.

Áfrýjandi hefir hins vegar neitað því, að hann hafi með samningum bundið stjórnmálastefnu sína, hvort heldur í sambandsmálinu eða í öðrum málum, og að stefndi hafi haft neina ástæðu til að gera ráð fyrir slíku, eða telja það þegjandi samþykt af áfrýjanda, að hann fylgdi neinni annari stefnu í sambandsmálinu en hann sjálfur taldi rétta, og sízt það, að áfrýjandi ætti að verða af fjártillaginu frá stefnda, þó að skoðanir þeirra í nefndu máli færi eigi saman. Og þó að svo yrði litið á, að hann hefði bundist því að fylgja stefnu sjálfstæðisflokksins í

nefndu máli, þá hefði hann ekki vikið frá eða gengið á móti stefnu flokksins, því að samkomulagstillögurnar í sambandsmálinu, sem áfrýjandi tók þátt í, hafi eigi breytt stefnu flokksins, en aðeins verið önnur bardagaaðferð, og henni hafi allir foringjar sjálfstæðisflokksins verið fylgjandi. Áfrýjandi neitar og því, að hann hafi aðhylst »nýja uppkastið« óbreytt, en kvaðst hafa viljað fá umbætur á því, og halda áfram samningstilraunum í því skyni, í stað þess að leggja málið á hylluna, eins og aðrir sjálfstæðismenn hafi viljað, og hverfa þannig frá frumvarpinu frá 1909, er stefndi telji afmarka stefnu flokksins.

Það verður að vísu að telja vafalaust, að stefndi og þeir menn aðrir, er hétu áfrýjanda fjárstyrk, sem fyr segir, hafi gert það í því skyni að styðja stjórnmálaflokk þann, er þeir sjálfir töldu sig til, en það var, sem fyr getur, sjálfstæðisflokkurinn, og verður því að fallast á það, er stefndi heldur fram, að það hafi verið að vísu óskrifað, en þó áfrýjanda auðsætt skilorð fyrir fjárframlögunum, að áfrýjandi styddi þann flokk, eða gengi að minsta kosti eigi á móti honum í áhugamálum hans.

En það virðist eigi vera sannað í málinu, að áfrýjandi hafi breytt á móti þessum fyrirvara.

Þó að miðlunartilraunir þær, sem ýmsir menn úr báðum stjórnmálaflokkum, þar á meðal áfrýjandi, komu sér saman um vorið 1912, hefðu, eins og stefndi heldur fram, verið fortakslaust brot á hinni fyrri sjálfstæðisstefnu, þá er það eigi sönnun þess, að áfrýjandi hafi brugðist nefndum fyrirvara, með því að engin heimild er til að leggja í hann þann skiln-

ing, að hann eigi sérstaklega við neina ákveðna fyrri stefnu, heldur við stefnu flokksins á hverjum tíma sem er. En nú er það í málinu upplýst, að stefna sjálfstæðisflokksins í sambandsmálinu hafi um það leyti, er samningar gerðust um fjárframlag stefnda til áfrýjanda, verið orðin nokkuð önnur en hún var á alþingi 1909, þar sem flestir atkvæðamenn flokksins þá hölluðust að fyrgreindum samkomulagstilraunum, og þó að áfrýjandi væri fylgjandi þessari stefnubreytingu, þá verður það eigi talið brot á fyrirvaranum, eða þegjandi loforð áfrýjanda um að styðja sjálfstæðisflokkinn.

Um afskifti áfrýjanda af »nýja uppkastinu«, sem fyr er nefnt, hefir hann að vísu kannast við að hann hafi eigi viljað vísa því algerlega á bug, en halda áfram miðlunartilraunum til að fá umbætur á því, í stað þess að taka upp það ráð, að leggja málið á hylluna, sem flestir sjálfstæðismenn virðast hafa tekið eftir að miðlunartilraunirnar reyndust árangurslausar. Hinsvegar má telja það viðurkent, að áfrýjandi hafi ekkert gert til að fylgja fram þessari sérskoðun sinni. Hann hélt henni eigi fram í Ísafold og reyndi eigi að afla henni fylgis á annan hátt, en lét eiganda og meðritstjóra blaðsins ráða því, að blaðið hélt fram hinni skoðuninni, að hætta öllum samningatilraunum um sambandsmálið.

Þótt nú að áfrýjandi væri að þessu leyti annarar skoðunar en samflokksmenn hans, þá virðist það, eins og komið var, eigi skifta máli, þar sem sú var orðin niðurstaðan, er áfrýjandi lét sér lynda, að láta ágreiningsmálið, sambandsmálið, óhreyft. Áfrýj-

andi gat þá, þrátt fyrir þennan ágreining, haldið áfram að vera stjórnmálaritstjóri Ísafoldar og styðja áhugamál sjálfstæðisflokksins.

Það verður þannig eigi séð, að framkoma áfrýjanda í sambandsmálinu hafi verið þannig vaxin að hún hafi kipt burtu undirstöðu samnings hans við stefnda, og með því að eigi verður lagt neitt upp úr öðrum sýknunarástæðum stefnda, verður samkvæmt framansögðu að dæma hann samkvæmt kröfu áfrýjanda til að greiða honum 33 kr. 33 aura með 5% ársvöxtum frá 27. marz 1913 til greiðsludags. Um málskostnað í héraði á dóminum að vera óraskað, en málskostnað fyrir yfirdómi þykir stefndi eftir atvikum eiga að greiða áfrýjanda, og ákveðst hann 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Árni Jóhannsson greiði áfrýjanda Sigurði Hjörleifssyni 33 kr. 33 a. með 5% ársvöxtum frá 27. marz 1913 til greiðsludags og 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi. Málskostnaður fyrir undirrétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 27. marz 1916.

Nr. 67/1915. Sigurður Hjörleifsson
gegn
Ólafi Björnssyni.

Dómur:

Tildrög máls þessa eru þau, að 29. marz 1912 gerðu aðilar þess, stefndi Ólafur ritstjóri Björnsson, eigandi og útgefandi blaðsins »Ísafold«, og áfrýjandi Sigurður læknir Hjörleifsson, ritstjóri blaðsins »Norðurland« á Akureyri, samning með sér þess efnis, að áfrýjandi réð sig til að vera ritstjóri »Ísafoldar« um 6 ára tíma frá 1. júlí 1912 til 30. júní 1918 og lengur, ef eigi kæmi til uppsögn frá annari hvorri hálfu. Efni samningsins var að öðru leyti á þá leið, að stefndi skyldi sem áður vera útgefandi blaðsins og ritstjóri með áfrýjanda, en áfrýjandi skyldi sérstaklega vera stjórnmálaritstjóri þess og jafnframt ábyrgðarmaður. Þó skyldi blaðið sjálft, en ekki áfrýjandi, greiða kostnað þann, sektir og málskostnað, er leiða kynni af málshöfðun gegn ábyrgðarmanni fyrir greinar þær, er blaðið flytti. — Að öðru leyti skyldu ritstjórarnir skifta verkum með sér við ritstjórn og útgáfu blaðsins eftir samkomulagi. Fyrir þessi störf skyldi áfrýjandi hafa að árslaunum 2400 kr., er greiddust mánaðarlega með 200 kr. í byrjun hvers mánaðar. Frá þessari launaupphæð skyldi þó draga laun, er fást kynnu fyrir eins klukkutíma vinnu á dag í banka eða lítið meira. Samningurinn skyldi vera bindandi fyrir áfrýjanda, þegar gerður væri og

undirskrifaður samningur við félag nokkurra manna, sem ætlast var til að tækju að sér að tryggja áfrýjanda 800 kr. á ári í sömu 6 ár, til þess að hann gæti unnið hér að stjórnmálum, og auk þess 300 kr. á ári um sama tímabil, er hann skyldi verja til að leggja blaðinu »Norðurlandi« til efni. Um sama leyti eða skömmu fyrir og eftir að samningur þessi gerðist, fékk áfrýjandi bréfleg loforð ýmsra manna um fjárstyrk handa honum til að gefa sig við stjórnmálum og taka þátt í ritstjórn »Ísafoldar« og til að sjá blaðinu »Norðurlandi« fyrir efni. Numu fjárloforð þessi 1100 kr., er greiðast skyldu árlega frá 1. júlí 1912 til 1. júlí 1918, og skyldu 300 kr. af þeim vera til stuðnings »Norðurlandi«.

Áfrýjandi flutti sig til Reykjavíkur sumarið 1912, tók við ritstjórn »Ísafoldar« 1. júlí og hélt þeim starfa þangað til seint í febrúar 1913, en þá sagði stefndi honum upp samningnum í bréfi 28. s. m. og hætti að greiða honum umsamin laun. Áfrýjandi taldi þetta samningsrof og lét stefnda vita að hann væri til taks að halda áfram störfum sínum við blaðið og krafðist þess að stefndi gerði sér kost á því. En er þetta gat eigi samist með þeim, höfðaði áfrýjandi þetta mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda, og voru það kröfur hans aðallega: 1. að viðurkent verði með dómi, að áfrýjandi sé ritstjóri blaðsins »Ísafoldar«, til 30. júní 1918, með valdi til þess að ákveða, hvað blaðið flytji um stjórnmál og rita í blaðið það, sem hann vill um þau mál. 2. að stefndi verði, að viðlögðum dagsektum, dæmdur til að veita áfrýjanda þann aðgang að blaðinu

»Ísafold« og ritstjórn þess, sem nauðsynlegur er til þess að hann geti framkvæmt ofangreint ritstjórnarstarf við blaðið. 3. að stefndi verði, að viðlögðum dagsektum, dæmdur til þess að prenta eða láta prenta á blaðið »Ísafold«, að áfrýjandi sé ritstjóri blaðsins á sama hátt og gert hefir verið undanfarið, það er, á því tímabili, sem áfrýjandi starfaði við ritstjórn blaðsins til 1. marz 1913. 4. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda laun hans samkvæmt fyrnefndum samningi, dags. 29. marz 1912, fyrir marzmánuð 1913 með 200 kr. 5. að viðurkent verði með dómi, að stefnda beri framvegis til 30. júni 1918 að greiða áfrýjanda laun hans, samkvæmt nefndum samningi, 200 kr. á mánuði í byrjun hvers mánaðar, gegn því að áfrýjandi sé til taks að vinna störf þau við blaðið »Ísafold«, sem honum eru ætluð í samningnum, og fullnægji samningi þessum að öðru leyti. 6. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda í skaðabætur vegna missis 1100 kr. árgjalds frá ýmsum mönnum, þess er ræðir um í 5. gr. ofannefnds samnings og áfrýjanda var trygt með 4 samningum, einum dags. 1. marz 1912, við síra Guðmund Helgason o. fl., öðrum dagsettum 3. apríl s. á. við Björn Kristjánsson og Jón Björnsson, þriðja dags. 28. febr. s. á. við Pétur A. Ólafsson o. fl. og fjórða dags. 25. marz s. á. við síra Jens Pálsson, $^1/_{12}$ af nefndu 1100 kr. árgjaldi frá 1. marz 1913 að telja fyrir hvern af mánuðunum marz—júní s. á., eða 366 kr. 66 aur. 7. að viðurkent verði með dómi að eftir greiðslu téðra 366 kr. 66 aur. beri stefnda að greiða áfrýjanda framvegis, frá og með 1. júlí 1913 að telja til

30. júní 1918 framannefnt árgjald 1100 kr. á ári í 2 helmingagreiðslum, 1. janúar og 1. júlí árs hvers, sakir þess að áfrýjandi, fyrir samningsrof stefnda, missi kröfurétt sinn til þess árgjalds á hendur téðum mönnum, samkvæmt fyrnefndum fjórum samningum, sem veitt hafi áfrýjanda rétt til nefnds árgjalds, ef hann tæki þátt í ritstjórn »Ísafoldar«. 8. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 5% ársvexti frá sáttakærudegi 13. marz 1913 til borgunardags af þeim 200 kr., sem ræðir um undir 4. kröfulið, og af þeim 366 kr. 66 aur., sem um ræðir undir 6. lið. Til vara krafðist áfrýjandi að stefndi yrði dæmdur til að greiða sér í eitt skifti fyrir öll 8566 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og þar með sé öllum viðskiftum þeirra lokið. Svo krafðist áfrýjandi og málskostnaðar fyrir bæjarþinginu.

Málinu lauk með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 29. júlí f. á. svo, að stefndi skyldi greiða áfrýjanda 2800 kr. og að auki þá upphæð, er kostnaður við flutning á áfrýjanda og fjölskyldu hans frá Reykjavík til Eskifjarðar sumarið 1913 eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna hefði numið, þó eigi meir en 1169 kr., báðar upphæðirnar með 5% ársvöxtum frá 13. marz 1913. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. sept. f. á., og hefir hann haldið fram fyrgreindum sömu kröfum eins og fyrir undirréttinum, og auk þess krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi, eftir mati réttarins.

Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefna, útgefinni 13. des. f. á., og er það aðalkrafa hans, að verða sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda. En til vara krefst hann þess, að 5. aðalkrafa áfrýjanda verði eigi tekin til greina frekar en svo, að stefndi verði eigi dæmdur til að greiða áfrýjanda laun um lengri tíma en þann, er telja megi hæfilegan uppsagnartíma á slíkum samningi, og þó aldrei meir en fyrir 6 mánaða tíma, ennfremur að frá þeirri upphæð, er hann kynni að verða dæmdur til að greiða áfrýjanda, verði dregið alt það, er áfrýjandi hefir unnið og kann að vinna sér inn fyrir störf sín frá 1. marz 1913, svo og að mánaðarlaun, er stefndi kynni að verða dæmdur til að greiða áfrýjanda, verði aldrei talin hærri en 150 kr. Að því er til kröfuliðanna 6. og 7. kemur, er það varakrafa stefnda að frá þar nefndum árgjöldum verði dregið það, sem áfrýjandi hefir unnið eða kann að vinna sér inn frá 1. marz 1913. Gegn varakröfu áfrýjanda krefst stefndi þess til vara, að frá kröfuupphæðinni, sem áfrýjandi telur kr. 18566 ÷ 10.000 = kr. 8,566,00, komi ennfremur til frádráttar alt það, sem áfrýjandi hefir unnið sér inn og kann að vinna sér inn frá 1. marz 1913. Þá krefst stefndi og að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Áfrýjandi lítur svo á að hann, með því að vera ráðinn stjórnmálaritstjóri »Ísafoldar« hafi öðlast sjálfstæðan rétt til að ráða stjórnmálastefnu blaðsins og rita í það um stjórnmál eftir vild sinni umsaminn tíma, og verði honum því að vera heimill aðgangur að blaðinu til að neyta þess réttar. Telur hann því

að stefndi hafi rofið samning þeirra 29. marz 1912 með því að víkja honum frá ritstjórn blaðsins, og er 1.—3. liður aðalkröfunnar bygður á þessum skilningi hans á samningnum. Með þessum samningsrofum telur áfrýjandi og að stefndi hafi orðið þess valdandi, að menn þeir, sem hétu áfrýjanda fjárstyrk, sem fyr segir, til stjórnmálastarfa og til að gerast ritstjóri »Ísafoldar«, hafi losnað við skuldbindingar sínar, og eigi stefndi að bæta sér fjártjón, er hann líði við það. Að þessu lúta 6. og 7. liður aðalkröfunnar.

Stefndi hefir haldið því fram, að áfrýjandi hafi sjálfur fallist á það við stefnda að upphefja samninginn, og hafi samningurinn verið upphafinn þegar, löngu áður en áfrýjandi byrjaði mál þetta. En þessi umsögn stefnda er ósönnuð og vefengd af áfrýjanda og kemur því eigi til álita.

Gegn fyrgreindum skilningi áfrýjanda á samningnum frá 1912 heldur stefndi því fram, að samninginn beri að skoða sem vinnusamning milli sín og áfrýjanda, þannig vaxinn, að áfrýjandi hafi verið ráðinn til tiltekinnar vinnu, meðritstjórnar á Ísafold, þar í fólgið sérstaklega að rita í blaðið stjórnmálagreinir, en stefndi einn hafi átt að ráða stjórnmálastefnu blaðsins.

Þó að áfrýjandi væri ráðinn stjórnmálaritstjóri Ísafoldar og ákveðið, að sú ráðning skyldi standa í 6 ár, þá virðist eigi næg heimild til að líta svo á þessi ákvæði samningsins, að stefndi með þeim hafi viljað afsala sér öllu valdi til að ráða neinu um stjórnmálastefnu blaðsins hinn umsamda tíma. Það

verður eftir eðli málsins eigi talið sennilegt, þegar athugað er, að stefndi var eigandi, útgefandi og ritstjóri blaðsins eftir sem áður, hafði allan fjárhagslegann vanda af því og ábyrgð sekta og kostnaðar, er orsakast kynnu af greinum, er blaðið flytti. Það sést og af skjölum málsins, að þegar ágreiningur varð milli áfrýjanda og stefnda um sambandsmálið, lét áfrýjandi sér lynda, að stefndi léti blaðið flytja skoðun sína (stefnda) á málinu en eigi áfrýjanda, og virðist áfrýjandi með þessu hafa viðurkent, að stefndi ætti að ráða mestu í því efni. Með því nú að stefndi leit svo á og virðist hafa haft nokkra ástæðu til þess, er hann sleit samningnum, að fjárhag blaðsins og fylgi hjá stuðningsmönnum þess væri hætta búinn, ef áfrýjandi héldi áfram ritstjórninni, þá þykir eigi afleiðingin af því, að stefndi vék áfrýjanda frá blaðinu, eiga að vera önnur en sú, að stefndi verður að greiða þær bætur og bera þann kostnað, er af riftingu samningsins leiðir, ef hún reynist ólögmæt. Verða aðalkröfuliðirnir 1—3 samkvæmt þessu eigi teknir til greina. En jafnhliða þessum kröfum hefir áfrýjandi í töluliðum 4 og 5 aðalkröfunnar gert tilkall til kaups eftir samningnum fyrir allan hinn umsamda tíma, og það hvort sem kröfurnar 1—3 verða teknar til greina eða eigi, ef hann að eins verði til taks til að halda áfram störfum sínum við »Ísafold«. Verður þá að rannsaka, hvort stefnda beri að fullnægja þessari kröfu,

Stefndi mótmælir því, að honum beri að greiða áfrýjanda neitt af þessari kröfu og heldur því fram, að samningurinn sé fallinn úr gildi af því, að undir-

staða hans, er báðir aðilar hafi talið sjálfsagða, að gagnkvæmt traust þeirra hvor til annars héldist eins og það var, þegar samningurinn var gerður, hafi fallið burtu, því að áfrýjandi hafi þá verið búinn að fyrirgera svo trausti stefnda, að öll samvinna milli þeirra hafi verið óhugsanleg.

Það má að sönnu telja það víst, að aðilar hafi borið traust hvor til annars, er þeir gerðu samninginn, og að þeir hafi gert ráð fyrir, að traustið mundi haldast, meðan samningurinn stæði, en hafi þetta átt að vera skilyrði fyrir gildi samningsins, þá varð að taka það fram, því ella hafði hvor samningsaðila það á valdi sínu að rifta samningnum, þegar honum bauð svo við að horfa, með því að lýsa vantrausti sínu á hinum. En slíkt skilyrði er ekki skráð í samningnum og ekki sannað gegn mótmælum áfrýjanda, að á það hafi verið minst. Verður því þessi varnarástæða eigi tekin gild.

Þá heldur stefndi því fram, að áfrýjandi hafi í ýmsum verulegum atriðum breytt gegn skyldum þeim, er hann tók á sig með samningnum, svo sér fyrir þá sök hafi verið heimilt að rifta samningnum. Hefir stefndi fyrst talið það, að áfrýjandi hafi núna tvo síðustu mánuðina, sem hann hafði á hendi ritstjórn blaðsins, neitað að skrifa í það um sambandsmálið á þann hátt, er stefndi vildi, og er það viðurkent af áfrýjanda, að hann hafi eigi skrifað neitt í blaðið um það mál á nefndu tímabili. En áfrýjandi skýrir svo frá, að hann hafi verið fús til að gera það, en leitt það hjá sér eftir beiðni stefnda. Þessari umsögn áfrýjanda er eigi hnekt, enda starfaði hann við blaðið

og fekk kaup sitt goldið hjá stefnda þessa tvo mánuði, að því er ætla má, fyrirvaralaust. Þessi ástæða verður því og að teljast ónóg til að heimila stefnda að rifta samningnum.

Enn telur stefndi þá ástæðu, er hafi heimilað að segja upp samningnum, að áfrýjandi hafi í verulegum atriðum vikið frá fyrri stjórnmálastefnu sinni, en samningurinn hafi verið gerður á þeim grundvelli, að áfrýjandi héldi fram óbreyttri þeirri stefnu, stefnu sjálfstæðisflokksins.

Með því að áfrýjandi var sérstaklega ráðinn stjórnmálaritstjóri »Ísafoldar«, verður að telja það sjálfgefið, að stjórnmálaskoðanir hans hafi ráðið miklu eða mestu um það, að stefndi réð hann til blaðsins, en hann fylgdi þá og hafði undanfarin ár fylgt sjálfstæðisflokknum að málum, eins og stefndi og blað hans »Ísafold«, sérstaklega í sambandsmálinu. Það verður því að fallast á, að fylgi áfrýjanda við sjálfstæðisflokkinn hafi verið undirstaða samningsins og áfrýjanda hlotið að vera það ljóst, þó að það væri eigi tekið fram í samningnum. — Verður því næst fyrir til úrlausnar sú spurning, hvort áfrýjandi hafi vikið frá stefnu sjálfstæðisflokksins eða brugðið fylgi sínu við hann. Stefndi fullyrðir, að áfrýjandi hafi gert þetta og nefnir til fyrst það, að hann hafi viljað aðhyllast hið svonefnda »nýja uppkast« í sambandsmálinu, er ráðherra kom með frá Danmörku í desember 1912, svo og að áfrýjandi hafi eigi viljað hætta öllum samkomulagstilraunum um það mál að svo stöddu, en það hafi verið mjög verulegt atriði, er samkomulagsmönnum hafi komið ásamt um, að málið

skyldi lagt á hylluna að svo stöddu, ef eigi yrði óskorað gengið að miðlunartillögunum.

Nokkru áður en samningurinn 29. marz var gerður, voru ýmsir fremstu menn beggja stjórnmálaflokka byrjaðir á miðlunartillögum til að jafna ágreining flokkanna í sambandsmálinu, og voru aðilar þessa máls meðal þeirra manna. Varð árangurinn af þessu sá, að samþyktar voru tillögur, er halda skyldi fram af báðum flokkum, sem lágmarkskröfu af hálfu Íslendinga í sambandsmálinu. Af hálfu hins samningsaðilans, Dana, var eigi gengið að þessum tillögum, en í stað þess flutti ráðherrann hingað í desbr. 1912 »nýja uppkastið« svonefnda, er flestir stjórnmálamenn sjálfstæðisflokksins virðast hafa talið óaðgengilegt. Áfrýjandi hefir neitað, að hann hafi viljað taka þetta »uppkast« óbreytt, hann hafi þó eigi viljað vísa því á bug, en halda áfram samningstilraununum. Út af þessu greindi hann á við stefnda, sem vildi hafna »uppkastinu« og leggja málið á hylluna, og urðu þær lyktur á, að áfrýjandi ritaði eigi um sambandsmálið í »Ísafold« frá því í desbr. 1912, en stefndi hélt fram í blaðinu skoðun sinni um málið. En þó að áfrýjandi þannig eigi vildi hafna »uppkastinu« algerlega án frekari samningstilrauna eða leggja það á hylluna við svo búið, þá virðist það upplýst í málinu, að hann hafi ekkert gert til að halda fram þessari skoðun sinni eða afla henni fylgis, en látið stefnda ráða því, hvernig blaðið snérist við málinu. Með þessu álízt áfrýjandi eigi hafa brotið bág við stefnu sjálfstæðisflokksins, svo að hann fyrir þá sök eigi að glata rétti sínum eftir samningnum. Þá telur stefndi,

að samningurinn hafi ennfremur verið bygður á því, að áfrýjandi skyldi vera fulltrúi sjálfstæðisflokksins þ. e. forvígismanna hans við »Ísafold«, og hafi það meðfram verið fyrir tilmæli þeirra, að stefndi réði áfrýjanda ritstjóra við blaðið til að tryggja því stuðning bæði þeirra manna, sem heitið höfðu áfrýjanda fjárstyrk, og annara sjálfstæðismanna. En trausti þessara manna hafi áfrýjandi algerlega brugðist og með því kipt burtu undirstöðu samningsins. Áfrýjandi hefir mótmælt þessu, og er eigi eftir málavöxtum heimild til að ætla, að hann hafi vitað eða átt að vita, að hér væri um að tefla þegjandi fyrirvara af hálfu stefnda fyrir gildi samningsins, enda virðist 5. gr. samningsins benda á, að það hafi eigi verið skilyrði af hálfu stefnda, að áfrýjandi fengi fjárframlög frá þarnefndu félagi, en að hann hafi verið bundinn við samninginn, hvort sem fjárstyrkurinn fengist eða ekki. Það verður því ekki fallist á þessa málsástæðu.

Stefndi hefir ennfremur viljað sýna fram á, að áfrýjandi hafi vikið frá stefnu sjálfstæðisflokksins með því að styrkja stjórn þá, er hér sat að völdum, meðan áfrýjandi hafði á hendi ritstjórn »Ísafoldar« og með því að snúast öndverður öðrum sjálfstæðismönnum í máli um stofnun veðbanka, er þá var hér á döfinni. En um þetta síðara atriði er það að athuga, að eigi er sannað gegn mótmælum áfrýjanda, að nein almenn eða ákveðin stefna hafi verið meðal sjálfstæðismanna í áminstu veðbankamáli, og að því er til fyrgreinds atriðis kemur ber þess að gæta, að ráðherra sá, er sat að völdum í ritstjórnartíð áfrýj-

anda, var einn af þeim mönnum, er ásamt stefnda og áfrýjanda unnu að fyrgreindum miðlunartillögum, og var trúað fyrir að koma þeim á framfæri og verður þá að ætla, að það hafi verið með samþykki stefnda, að áfrýjandi hóf eigi andróður gegn stjórninni meðan svo stóð, enda er það eigi sannað, að áfrýjandi hafi með því vanrækt skyldur sínar sem stjórnmálaritstjóri. Verður þá eigi heldur fallist á þessar ástæður.

Með því að stefnda samkvæmt framansögðu hefir eigi tekist að réttlæta það, að hann sleit samningnum við áfrýjanda og neitaði að greiða honum umsamið kaup, verður hann að greiða áfrýjanda bætur fyrir samingsrof. Í 4. og 5. lið aðalkröfunnar hefir áfrýjandi farið fram á, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum umsamið kaup fyrir marzmánuð 1913 og að það verði viðurkent með dómi, að stefnda beri þar eftir að greiða honum í byrjun hvers mánaðar sama kaup það sem þá er eftir hins umsamda tíma, og eru þessar kröfur bygðar á því, að áfrýjandi taki aftur við ritstjórn »Ísafoldar« eða sé til taks að gera það. Svo sem áður er sagt verður áfrýjanda eigi dæmdur réttur til að taka aftur við ritstjórn »Ísafoldar«, og þar sem áfrýjandi hefir tekist á hendur læknisembætti í fjarlægu héraði, virðist hann með því hafa horfið frá því, að vera til taks að halda áfram ritstjórn blaðsins. Það þykir því ekki vera heimild til að samþykkja aðalkröfu hans undir 4. og 5. lið og vaxtakröfum undir tölulið 8, að því leiti sem hún kemur við þessa kröfuliði.

Í 6. og 7. lið og í 8. lið aðalkröfunnar hefir áfrýj-

andi ennfremur krafist endurgjalds frá stefnda fyrir missi 1100 kr. árgjalds frá ýmsum mönnum, þess er að framan getur, krefst hann að fá sér dæmdan 1/8 þessa árgjalds fyrir mánuðina marz—júní 1913 kr. 366.66 og viðurkenda með dómi skyldu stefnda til að greiða árgjöldin, það sem þá er eftir hins umsamda tíma. En með því eigi er sannað gegn neitun stefnda, að áfrýjandi hafi átt rétt til þessa árgjalds, þegar stefndi vísaði honum úr þjónustu sinni, eða að vanefndir stefnda á samningnum hafi, þótt svo væri, valdið því, að áfrýjandi hafi mist þann rétt, þá verður eigi fallist á þessar síðasttöldu kröfur áfrýjanda.

Til vara hefir áfrýjandi krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér eitt skifti fyrir öll 8566 kr. Þessi krafa virðist eftir reikningi áfrýjanda vera þannig til orðin, að hann telur kaup sitt 200 kr. á mánuði eftir samningnum og framangreind fjárframlög, er aðrir höfðu heitið honum, 1100 kr. á ári, frá 1. marz 1913 til 30. júní 1918 samtals 17066 kr. og fallið í gjalddaga við samningsrof stefnda, og auk þess krefst hann að stefndi endurgjaldi sér með 1500 kr. kostnað við flutning sinn og fjölskyldu sinnar frá Akureyri til Reykjavíkur 1912 til að taka við ritstjórn »Ísafoldar« og frá Reykjavík til Eskifjarðar 1913 til að taka við læknisembætti þar. Frá nefndum 17066 kr. + 1500 kr. = 18566 kr. lætur áfrýjandi ganga tekjur, er hann áætlar sér af störfum sínum á sama tímabili, 10000 kr. og verða þá eftir 8566 kr. sem er upphæð varakröfunnar.

Af áðurgreindum ástæðum verður það eigi talið heimilt að áfrýjandi telur í varakröfu sinni endur-

gjald fyrir umgetin 1100 kr. fjárframlög, og kemur þá aðeins til greina kaup áfrýjanda eftir samningnum, en það verður að fallast á, að það kaup fyrir allan tímann frá 1. marz 1913 til 30. júní 1918 kr. 12800.00 hafi fallið í gjalddaga við samningsrofin, og að eigi sé heimild til að lækka það í 150 kr. á mánuði eftir kröfu stefnda. Virðist stefndi eiga að greiða áfrýjanda hina samanlögðu kaupupphæð, að frádregnum starfslaunum sínum umrætt árabil. Stefndi heldur því fram, að upphæð starfslaunanna sé of lágt talin af áfrýjanda 2000 kr. á ári, því að áfrýjandi hafi haft og muni framvegis hafa meiri árstekjur af vinnu sinni en svari þeirri upphæð. Auk embættistekna áfrýjanda telur stefndi laun hans fyrir umsjón með Helgustaðanámum í Reyðarfirði og bankaráðsfulltrúalaun hans frá Íslandsbanka. Það er eigi sannað að embættistekjur áfrýjanda séu eða verði meiri en hann telur þær, 2000 kr. á ári, og það er eigi heimild til að telja með til frádráttar bankaráðsfulltrúalaun áfrýjanda, með því að áfrýjandi hafði það starf á hendi þegar hann gerði samninginn við stefnda, og eigi er neitt áskilið um, að launin fyrir það ættu að koma til greina til skerðingar umsömdu kaupi. Aftur á móti virðast laun áfrýjanda fyrir umsjón með nefndum námum 1914 og 1915, sem ómótmælt hafa verið samtals 1150 kr. fyrir bæði árin eiga að dragast frá upphæð varakröfunnar auk embættislauna áfrýjanda. Launin fyrir síðari ár koma þar á móti eigi til álits með því að óvíst er að áfrýjandi hafi þessa umsjón framvegis á hendi.

Í samningnum 1912 er ekkert ákveðið um kostn-

að við flutning áfrýjanda til Reykjavíkur til að taka við umsömdum störfum, né við flutning hans þaðan, að samningstíma liðnum, og verður að skilja það svo, að áfrýjandi hafi sjálfur átt að bera þennan kostnað. Þar sem áfrýjandi í þessu máli á eigi tilkall til frekari skaðabóta af hendi stefnda en samningurinn heimilar, verður krafa hans um endurgjald á téðum flutningskostnaði eigi tekin til greina.

Samkvæmt því, er að framan segir ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 12800 kr. ÷ 11150 kr. = 1650 kr. með 5% ársvöxtum frá 13. marz 1913 til borgunardags.

Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Ólafur ritstjóri Björnsson greiði áfrýjanda Sigurði lækni Hjörleifssyni 1650 kr. með 5% ársvöxtum frá 13. marz 1913 til borgunardags.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 27. marz 1916.

32/1915 Hálfdán Hálfdánarson
gegn
Ó. F. Davíðssyni
fyrir hönd
verzlunar Leonh. Tang & Sön.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Hálfdán Hálfdánarson útvegsbóndi í Hnífsdal fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn stefnda Ó. F. Davíðssyni verzlunarstjóra fyrir hönd verzlunar Leonh. Tang & Sön á Ísafirði til greiðslu á kr. 920.01 auk 5% ársvaxta frá stefnudegi 10. desbr. 1914 til borgunardags. Lauk máli þessu svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 13. apríl f. á., að stefndi var dæmdur til að greiða áfrýjanda 406 kr. 86 aur. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 6. maí f. á., og krefst hann þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 941.01 með 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir hinsvegar gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 4. okt. f. á., og krefst hann þess, að verða sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda gegn því að greiða kr. 79.89 eða til vara kr. 129.80 og til þrauta-

vara kr. 139.94. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Krafa áfrýjanda sundurliðast þannig:

I.	Eftirstöðvar af borgun fyrir móttöku á blautfiski og á fiski upp úr salti .	kr. 737.94
II.	Eftirstöðvar af húsaleigu	— 165.00
III.	Uppbót á innlögðum fiski	— 38.07
		kr. 941.01

Hvað hinn fyrsta lið snertir byggir áfrýjandi þessa kröfu sína á því, að hann hafi tekið á móti fiski fyrir verzlun Leonh. Tang & Sön frá 11. sept. 1912 til 27. jan. 1914. Heldur hann því fram, að hann á þessu tímabili hafi tekið á móti 25867½ kg. af blautfiski og 125657 kg. af fiski upp úr salti. Fyrir móttöku á blautfiski hafi sér verið lofað 5 kr. fyrir hver 400 kg. eða kr. 322.50, fyrir móttöku á saltfiski hafi sér borið 3 kr. fyrir hver 250 kg. eða kr. 1528.50. Uppí þessar samtals kr. 1851.00 hafi stefndi að eins greitt sér kr. 1113.06, og eigi hann því til góða kr. 737.94.

Stefndi neitar því ekki, að áfrýjandi hafi verið ráðinn til að taka á móti fiski fyrir verzlun Leonh. Tang & Sön umrætt tímabil, en hann heldur því fram, að svo hafi verið umsamið, að áfrýjandi skyldi fá 3 kr. fyrir hver 400 kg. af fiski, sem hann tæki á móti, hvort heldur væri blautfiskur eða saltfiskur, en að því er snertir blautfiskinn hafi áfrýjandi auk þess átt að fá borgun fyrir flatning og þvott eftir sundurliðuðum reikningi yfir vinnuna, þó ekki yfir 2 kr. fyrir 400 kg., en fyrir þessu hafi hann engan

reikning gert, þarnæst heldur stefndi því fram, að áfrýjandi hafi alls tekið á móti 22357½ kg. af blautfiski og 129183½ kg. af fiski úr salti. — Að þessi skýrsla um þyngd fisksins sé rétt samkvæmt bókum verzlunarinnar er staðfest með vottorði notarii, og þar sem henni er ekki hnekt af hálfu áfrýjanda, verður að leggja hana til grundvallar í máli þessu.

Engar frekari upplýsingar hafa fengist um samning málsaðila, en eftir því sem fram er komið í málinu verður krafa áfrýjanda um 5 kr. fyrir móttöku á hverjum 400 kg. af blautfiski ekki talin ósanngjörn, og með því að hinn umræddi fiskur var 22357,5 kg. ber stefnda, svo sem ákveðið er í undirdóminum, að greiða áfrýjanda fyrir móttöku á þessum fiski kr. 279.47. — Frá þessari upphæð krefst stefndi að verði dregnar kr. 65.35, er hann hafi orðið að greiða fyrir flatning og uppþvott á umræddum fiski, en þar sem þessari kröfu er mótmælt, og stefndi hefir engar sannanir fært fyrir henni verður hún ekki tekin til greina.

Fyrir móttöku á söltuðum fiski krefst áfrýjandi, svo sem fram hefir verið tekið, að fá 3 kr. fyrir hver 250 kg. Þessa borgun telur stefndi alveg ósanngjarnlega háa. Skýrir hann svo frá, að verzlunin greiði venjulega ekki meira en 2 kr. fyrir móttöku á 400 kg. af slíkum fiski, en til þess að gera áfrýjanda ánægðan hafi honum verið lofað 3 kr. fyrir 400 kg. — Þar sem þessi borgun virðist eftir framkomnum upplýsingum hæfileg og áfrýjandi hefir ekki sannað að honum hafi verið lofuð hærri borgun, þykir eigi ástæða til að dæma stefnda til að greiða hærri borgun fyrir saltfisksmóttökuna. Þar sem hinn

móttekni fiskur var 129183,5 kg. ber áfrýjanda á þessum lið kr. 966.38.

Þá hefir áfrýjandi krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 285 kr. sem húsaleigu eftir skúr, sem notaður var við móttöku á umræddum fiski. Telur áfrýjandi að skúrinn hafi verið notaður í þágu verzlunarinnar í 19 mánuði, og hefir hann sett húsaleiguna 15 kr. á mánuði. — Uppí þessa kröfu hefir stefndi þegar greitt 120 kr., heldur hann því fram að svo hafi verið um samið, að verzlunin skyldi greiða 10 kr. mánaðarleigu meðan ekkert hlé væri á fisktökunni, en frá septemberbyrjun hafi mjög orðið hlé á fisktökunni; sé því hin greidda upphæð nægileg borgun.

Því hefir ekki verið mótmælt að umræddur skúr hafi verið notaður í þarfir verzlunarinnar í 19 mánuði og verður hún því að greiða húsaleigu fyrir umræddan tíma allan, en þar sem því hefir eigi verið mótmælt af áfrýjanda að umræddur skúr sé eigi meira en 400 kr. virði, virðist ekki ástæða til að dæma stefnda til að greiða hærri mánaðarleigu en 10 kr., sem hann hefir boðið fram, og ber þá stefnda að greiða áfrýjanda í húsaleigu alls 190 kr.

Loks hefir áfrýjandi krafist 38 kr. 7 aur. sem uppbót á innlögðum fiski. Með því áfrýjandi hefir eigi sannað, að honum hafi verið lofað hærra verði fyrir fisk sinn, en honum hefir verið reiknað, og hann hefir heldur eigi sannað, að hann hafi fengið lægra verð en aðrir fyrir samskonar vöru á sama tíma, ber að fallast á ákvæði undirdómsins um að krafa þessi geti eigi tekist til greina.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda að greiða áfrýjanda kr. 279.47,+966.38,+190.00 . kr. 1435.86
Þar upp í er þegar greitt . . . . . — 1233.06
En eftirstöðvarnar . . . . . kr. 202.79
ber stefnda að greiða áfrýjanda með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags.

Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Málaflutningsmaður áfrýjanda Skúli S. Thoroddsen yfirréttarmálaflutningsmaður hefir fyrir undirrétti krafist þess, að undirdómarinn víki úr dómarasæti í máli þessu sökum þess, að hann hafi veitt öðrum málsaðila óheimila lögfræðislega aðstoð og þar með gjört sig óhæfan að dæma í málinu. Héraðsdómarinn neitaði að víkja sæti í málinu og dæmdi málaflutningsmanninn til að sæta 20 kr. sekt fyrir að drótta þessu að dómaranum. — Krafa málaflutningsmannsins um að undirdómarinn víki úr dómarasæti í máli þessu er á engum rökum bygð, en hins vegar þykir eigi næg ástæða til að sekta málaflutningsmanninn fyrir framkomu sína eða ummæli fyrir réttinum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Ó. F. Davíðsson verzlunarstjóri fyrir hönd verzlunar Leonh. Tang & Sön á Ísafirði greiði áfrýjanda Hálfdáni Hálfdánarsyni 202 kr. 79 aura með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til

borgunardags. Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 3. apríl 1916.

68/1915 Sigurður Hjörleifsson
gegn
Birni Kristjánssyni.

Dómur:

Með skjali dags. 3. apríl 1912 skuldbatt Björn bankastjóri Kristjánsson sig til að greiða áfrýjanda Sigurði Hjörleifssyni ritstjóra næstu 6 ár frá 1. júlí s. á. til 1. júlí 1918, 300 kr. á ári, er greiðast skyldu fyrirfram með 150 kr. 1. júlí og 1. jan. ár hvert. Var þessi greiðsla þeim skilyrðum bundin, *að* áfrýjandi flytti sig sama ár til Reykjavíkur, *að* hann frá 1. júlí gæfi sig við stjórnmálastörfum og gerðist pólitískur ritstjóri blaðsins »Ísafold« um greint 6 ára bil og *að* hann sæi blaðinu »Norðurlandi« á Akureyri fyrir efni, sérstaklega stjórnmálagreinir, að svo miklu leyti sem þörf gerðist og fyrir yrði komið um sama tímabil. Áfrýjandi flutti sig til Reykjavíkur í júní 1912, og tók við ritstjórn »Ísafoldar« 1. júlí s. á., en slepti þeim starfa aftur 1. marz 1913. Stefndi greiddi ekkert af fé því, sem hann hafði heitið áfrýj-

anda og taldi sér það óskylt; höfðaði áfrýjandi því mál þetta á bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér hið lofaða fjártillag fyrir þá 8 mánuði, er áfrýjandi starfaði við »Ísafold« $^{8}/_{12}$ af 300 kr. eða 200 kr. Var málið dæmt á bæjarþinginu 8. jan. 1914 (þessi dagsetning virðist þó vera misrituð í dómsgerðunum) með þeim úrslitum, að stefndi skyldi greiða áfrýjanda 150 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 28. marz 1913, en málskostnaður skyldi falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 30. sept. f. á. og krafist þess, að dómnum verði breytt þannig, að kröfur hans fyrir undirréttinum verði að fullu teknar til greina og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir eigi gagnáfrýjað málinu, en krafist staðfestingar á dómnum í öllum greinum og málskostnaðar fyrir báðum dómum, eftir mati réttarins.

Eins og málið þannig liggur fyrir kemur að eins til álita hvort stefnda beri að greiða áfrýjanda þær 50 kr., er hann var sýknaður af í undirrétti. Þessar 50 kr. eru tiltölulegur hluti hins umsamda árgjalds fyrir mánuðina janúar og febrúar 1913.

Stefndi heldur því fram, að þó honum yrði talið skylt að greiða árgjaldið fyrir missirið 1. júlí til 31. des. 1912, þá hafi sú skylda fallið niður úr því, með því að áfrýjandi hafi þá eigi lengur getað fullnægt því skilyrði samningsins, að sjá blaðinu »Norðurlandi« fyrir efni, sérstaklega stjórnmálagreinum, en það skilyrði sé svo að skilja, að áfrýjandi héldi

»Norðurlandi« uppi með sömu stjórnmálastefnu og áður, sjálfstæðisstefnunni. En í stað þess hafi áfrýjandi selt blaðið fyrir árslok 1912 í algerðu heimildarleysi í hendur ákveðnum stjórnmálaandstæðingi, og þannig gert sér ómögulegt að sjá blaðinu fyrir efni eða ráða neinu um stefnu þess.

Áfrýjandi telur hinsvegar enga heimild fyrir þeirri skýringu á nefndu skilyrði, sem stefndi heldur fram; áfrýjandi hafi átt að sjá »Norðurlandi« fyrir efni, að svo miklu leyti sem þörf gerðist og fyrir yrði komið, en þessi orð séu svo óákveðin, að auðsætt sé að engin áhersla hafi verið lögð á þetta skilyrði, og hvað sem því liði, bresti alla heimild til að líta svo á, að áfrýjandi hafi tekið á sig neina skuldbindingu til að halda blaðinu úti greindan 6 ára tíma, enda hefði það verið fásinna, eins og fjárhagur blaðsins þá var; blaðið hafi stjórn hlutafélags þess, er átti blaðið, selt, en eigi áfrýjandi, og hafi félagsstjórnin eigi séð sér annað fært vegna fjárskorts, og hafi henni þótt réttara að selja blaðið en láta það leggjast niður svo, að ekkert hefðist upp úr því til lúkningar skuldum, sem það var komið í. Heldur áfrýjandi því fram, að salan hafi verið lögmæt, og þótt svo hefði ekki verið, þá hefði hann eigi getað komið í veg fyrir hana.

Blaðið »Norðurland« var hlutafélagseign, og var áfrýjandi einn af þremur í stjórn félagsins. Á aðalfundi félagsins 18. ágúst 1912 var því hreyft, að mikilsvert væri fyrir framhald blaðsins að ná samningi við forráðamenn blaðsins »Norðra« um niðurlagning þess, og áfrýjandi með öðrum manni kosinn

til að leita samninga um sameiningu blaðanna. Það var á fundi þessum, að því er virðist, talið óvíst að blaðið »Norðurland héldi áfram, en ef svo yrði, var gert ráð fyrir tekjuhalla á rekstri þess, og áfrýjanda var heimilaður forgangsréttur að útistandandi skuldum blaðsins fyrir tekjuhallanum á því ári, ef það héldi áfram til ársloka. Að öðru leyti voru ekki ráðstafanir gerðir á fundinum til að rétta við fjárhag blaðsins. Tilraunir virðast hafa verið gerðar til þess að ná samningnum við umráðendur »Norðra« um sameining blaðanna, en orðið árangurslausar, og eftir það seldi hlutafélagssjórnin »Norðurland«, þannig að salan taldist frá 1. jan. 1913. Á fundi í félaginu sumarið 1913, er eigendur og umboðsmenn eigenda að meiri hluta hlutafjárins sóttu, var sala blaðsins að visu talin ólögmæt, en þó samþykti fundurinn hana eftir atvikum.

Af því sem nú hefir verið sagt svo og af framlögðum efnahagsreikningi blaðsins »Norðurlands« virðist mega ráða það með nægri vissu, að blaðið hafi verið komið í fjárþrot við árslok 1912 eða fyr, og að hluthafar hafi eigi talið sér fært að leggja fram meira fé til að halda því uppi. Þar sem nú framangreint skilyrði um að áfrýjandi skyldi sjá blaðinu fyrir efni, verður eigi skilið svo, að hann hafi átt að annast um útgáfu blaðsins á sinn kostnað, þá verður honum ekki um kent, þó að útkoma blaðsins stöðvaðist sökum féleysis. Honum verður þá eigi heldur gefin sök á því, að hann gat ekki lengur fullnægt nefndu skilyrði og kemur þá eigi hér til greina, hvort það ráð, er félagsstjórnin

tók, að selja blaðið, hafi verið heimilt eftir lögum félagsins.

Eftir því sem áminst 3ja skilyrði í skjalinu 3. apríl 1912 er orðað, sbr. orðin »að svo miklu leyti sem þörf gerist og fyrir verður komið«, verður það eigi álitið svo ákveðið og fortakslaust, að skuldbinding stefnda eigi að falla niður, þó að því verði eigi fullnægt af ástæðum, er áfrýjandi á eigi sök á. Það verður því eigi litið svo á, að stefndi hafi losast við greiðsluskyldu eftir skuldbinding sinni, þó að svo færi, að áfrýjandi, eins og að framan er sagt, gæti eigi fullnægt settu skilyrði um blaðið »Norðurland«, og verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda fyrgreindar 50 kr. auk 150 kr. samkvæmt hinum áfrýjaða dómi eða samtals 200 kr. með 5% ársvöxtum frá 28. marz 1913 til greiðsludags. Málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast. Málskostnað fyrir yfirdómi þykir stefndi eftir atvikum eiga að greiða áfrýjanda og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Björn Kristjánsson, greiði áfrýjanda, Sigurði Hjörleifssyni, 200 kr. með 5% ársvöxtum frá 28. marz 1913 til greiðsludags. Málskostnaður í héraði falli niður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda 25 kr.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 3. apríl 1916.

Nr. 76/1915. Jón Magnússon
gegn
Skúla G. Thorarensen
og Degi Brynjólfssyni.

Dómur:

Eftir kröfu áfrýjanda Jóns Magnússonar frá Gaulverjabæ var fógetaréttur Árnessýslu haldinn að Gaulverjabæ 21. sept. f. á. til þess að bera út af jörðinni núverandi ábúanda þar Skúla G. Thorarensen og setja áfrýjanda inn í umráð og afnot jarðarinnar. Í réttinum nefndan dag kvað fógetinn upp þann úrskurð, að hin umbeðna útburðar- og innsetningargerð skyldi ekki fara fram. Úrskurði þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. nóvbr. f. á. og hefir stefnt ábúanda jarðarinnar Skúla G. Thorarensen og umráðamanni jarðarinnar, hreppstjóranum í Gaulverjabæjarhreppi, Degi Brynjólfssyni, og krafist þess, að nefndum úrskurði verði hrundið og breytt þannig, að »Skúli Grímsson Thorarensen verði borinn út af jörðinni og áfrýjandi settur inn í afnot hennar«, svo og að umráðamaður jarðarinnar verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Hinir stefndu krefjast þess hins vegar, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað eftir mati réttarins og áfrýjandi sektaður fyrir þrætugirni.

Með byggingarbréfi dags. 19. maí 1910 var áfrýj-

anda bygð kirkjujörðin Gaulverjabær; bjó hann þar til fardaga 1912. Þann 3. okt. 1911 veitti þáverandi umráðamaður jarðarinnar, Guðmundur hreppstjóri Þorkelsson, leyfi til þess, að Jón nokkur Steingrímsson settist í byggingu áfrýjanda í fardögum 1912; sat hann jörðina fardagaárið 1912—1913, en í fardögum 1913 tók áfrýjandi aftur jörðina til ábúðar með samþykki umráðamanns jarðarinnar og bjó á henni fardagaárið 1913—1914, en þann 26. júlí 1914 gerði hann þann samning við Jón St. Scheving, að hann skyldi þann dag taka við ábúð á Gaulverjabæ og halda jörðinni til fardaga 1915. Þennan samning samþykti umráðamaður jarðarinnar fyrnefndur hreppstjóri, og 28. sept. lét hann Scheving fá lífstíðarbyggingarbréf fyrir jörðinni frá fardögum 1915, er sýslumaður samþykt; 30. s. m. Hinn 12. febr. f. á. sagði Scheving jörðinni lausri; var hún þá auglýst til ábúðar og bygð í marzmán. hinum stefnda Skúla G. Thorarensen.

Áfrýjandi heldur því fram, að samningurinn við Jón St. Scheving hafi að eins heimilað honum jörðina til fardaga 1915, og hafi því áfrýjandi haft rétt til að taka við jörðinni í fardögum 1915; hafi því byggingarbréf það, er Scheving hafi fengið fyrir jörðinni 28. sept., verið ólöglegt og gert að honum fornspurðum. — Áfrýjandi kannast að vísu við það, að honum hafi verið kunnugt um, að jörðin hafi verið auglýst til ábúðar í febr. 1915, án þess að hann hafi andmælt því, en þetta skýrir hann þannig, að áður en hann hafi komið því við að andmæla þessari meðferð á jörðinni, hafi Björn Gíslason, fóstursonur

Jóns St. Scheving, komið til hans og sýnt honum skriflega yfirlýsingu umráðamanns jarðarinnar um það, að hann skyldi byggja Birni jörðina frá fardögum 1915, hafi Björn farið þess á leit við sig, að hann slepti kröfu til ábúðarréttarins. Hafi þá samist svo með þeim, að áfrýjandi skyldi eigi neyta ábúðarréttar síns, ef Björn fengi byggingarbréf fyrir jörðinni, en því hafi áfrýjandi gengið út frá sem vísu, ef hann andmælti því eigi, en þar sem nefndur Björn Gíslason hafi ekki fengið ábúð á jörðinni heldur verið borinn út af henni 7. og 8. júní, hafi þessi samningur þeirra fallið úr gildi, og áfrýjandi þá haft óskertan rétt til ábúðar á Gaulverjabæ samkvæmt byggingarbréfi sínu 19. maí 1910.

Þessi skýrsla áfrýjanda um afskifti hans af Gaulverjabæ getur eigi talist rétt. Samningur áfrýjanda við Jón St. Scheving 26. júní 1914 verður eigi skilinn á annan veg, en að áfrýjandi hafi þá afsalað sér ábúð á Gaulverjabæ að fullu og öllu. Þannig hefir umráðamaður jarðarinnar skilið samninginn, þar sem hann veitti Scheving lífstíðarábúð á jörðinni í sept. næst á eftir. Að áfrýjandi hafi einnig litið á þetta á sama hátt, er ljóst af því, að með bréfi dags. 10. jan. f. á. seldi hann nokkrum tilgreindum mönnum öll hús og mannvirki, sem hann átti »á fyrverandi ábýlisjörð sinni Gaulverjabæ«, kallar sig í bréfinu fyrrum bónda þar og áskilur, að kaupendur skuli bjóða réttum ábúanda jarðarinnar forkaupsrétt að hinum seldu munum. Áfrýjandi hreyfði og engum mótmælum við rétta hlutaðeigendur, þótt honum væri kunnugt um, að jörðin væri auglýst til ábúðar og

nokkru síðar bygð Skúla G. Thorarensen. Hann lét mæta við úttekt jarðarinnar 9. júní 1915, en þangað var hann boðaður sem afhendandi. Við úttektina gerði umboðsmaður hans enga kröfu til ábúðar á jörðinni fyrir hans hönd, heldur mætti fyrir hönd áfrýjanda sem afhendandi og neitaði meðal annars að afhenda kúgildi jarðarinnar, með því að áfrýjandi hefði afhent þau umráðamanni jarðarinnar nefndum Guðmundi Þorkelssyni 10. okt. árið áður og hélt því fram, að þau hefðu þá komist úr ábyrgð umbjóðanda síns (þ. e. áfrýjanda).

Samkvæmt framansögðu getur áfrýjandi ekki talist að hafa neinn rétt til ábúðar á Gaulverjabæ og ber því samkvæmt kröfu hinna stefndu að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Áfrýjanda ber að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 kr. til hvors þeirra.

Þar sem málsókn þessi er bersýnilega ástæðulaus, getur áfrýjandi ekki komist hjá að sæta sektum samkvæmt tilsk. 11. ágúst 1819 sbr. tilsk. 24. jan. 1838, 3. gr. og ákveðst sektin 20 kr., er renni í landssjóð.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandinn Jón Magnússon greiði hinum stefndu Skúla G. Thorarensen og Degi Brynjólfssyni hvorum um sig 25 kr. í málskostnað. Svo greiði áfrýjandi og 20 kr. sekt í landssjóð.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 3. apríl 1916.

Nr. 48/1915. Jón Laxdal f. h. Jakobs Gunnlögssonar gegn Lyder Höydal.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Jón kaupmaður Laxdal í Reykjavík fyrir hönd Jakobs Gunnlögssonar stórkaupmanns í Kaupmannahöfn fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu 5. sept. 1912 gegn stefnda Lyder Höydahl kaupmanni þar í eyjum út af 3993 kr. 20 aura viðskiftaskuld, er fyrnefndi kallaði eftir hjá síðarnefndum. Nokkru síðar höfðaði Höydal gagnsök á hendur áfrýjanda f. h. Jakobs Gunnlögssonar til greiðslu 40000 kr. bóta fyrir skaða, er fyrnefndur þóttist hafa orðið fyrir af völdum síðarnefnds. Málið var dæmt í gestaréttinum 26. nóvbr. 1913 með þeim úrslitum, að stefndi skyldi greiða áfrýjanda f. h. Jakobs Gunnlögssonar 2662 kr. 75 aura með 6% vöxtum frá 1. jan. 1912 og 40 kr. málskostnað. Gagnsökinni var aftur á móti vísað frá dómi. En dómur þessi var ómerktur af landsyfirdómi 7. desember 1914 og málinu vísað heim til dómsáleggingar að efni til f.

gagnsök. Var síðan af nýju kveðinn upp dómur í málinu fyrir gestaréttinum 9. júní 1915. Úrslitin í aðalmálinu urðu hin sömu og í fyrra skiftið, að því sleftu að málskostnaður var nú feldur niður, en í gagnsökinni var áfrýjandi nú dæmdur, f. h. Jakobs Gunnlögssonar, til þess að greiða stefnda 40000 kr. skaðabætur, en málskostnaður var og þar látinn falla niður.

Dómi þessum hafa báðir aðilar skotið til yfirdóms, Jón Laxdal fyrir hönd Jakobs Gunnlögssonar með stefnu dags. 20. júlí 1915 og Lyder Höydal með gagnstefnu dags. 4. sept. samæris.

Afrýjandi krefst í aðalsökinni þess, að sér verði dæmdar 3993 kr. 20 aur. með 6% vöxtum frá 1. jan. 1912 og málskostnað eftir mati réttarins, en í gagnsökinni krefst hann algerðar sýknunar og málskostnaðar í yfirdómi. Stefndi krefst á hinn bóginn þess, að hann verði sýknaður í aðalsökinni og sér dæmdur málskostnaður í henni fyrir báðum dómum, en að dómurinn í gagnsökinni verði staðfestur.

Krafan í aðalmálinu stafar af því, að Jakob Gunnlögsson hafði birgt stefnda að erlendum vörum og selt fyrir hann íslenzkar vörur á árunum 1905—1909. Kannaðist stefndi við það með vottföstu bréfi, útgefnu í Kaupmannahöfn til handa Jakobi Gunnlögssyni 18. jan. 1909, að hann skuldaði þá 23588 kr. 14 aur. »samkvæmt höfuðbókum« Jakobs. Frá upphæð þessari átti þó, samkvæmt bréfinu, að dragast nánar tilgreind sjóvátryggingarupphæð »nálægt« 8000 kr., en aftur við að bætast nánar tilgreind ábyrgðarupphæð »nálægt« 6000 kr., svo að fyrstnefnda upp-

hæðin var í raun og veru ekki alveg fastákveðinn vegna breytileika beggja síðarnefndu upphæðanna. Þess er getið í bréfinu, að skuldarupphæðin, sem talin er netto (réttar »nálægt«) 21588 kr. 14 aur., hafi verið fallin í gjalddaga um nýjár 1909. Þess er enn getið, að Jakob Gunnlögssyni beri 6% p. a. af skuldinni unz henni sé að fullu lokið. Og loks skuldbindur stefndi sig til að greiða allan kostnað, sem leiðir af innheimtu skuldarinnar. Sem tryggingu fyrir greiðslu ofannefndrar skuldar ásamt innheimtukostnaði »afsalar« stefndi — eins og það er orðað í bréfinu — Jakob Gunnlögssyni »allar þær skuldir, sem eg (þ. e. stefndi) á útistandandi á Íslandi . . . . og eru téðar skuldir nálægt 60000 kr.«, enda átti stefndi að afhenda Jakob skrá yfir allar skuldirnar í miðjum febrúar 1909. Og enn »afsalar« stefndi Jakob Gunnlögssyni »allar þær vörur, sem eg (þ. e. stefndi) hefi, unz skuldinni er að fullu lokið«.

Væntanlega til fullnægju þessa bréfs lét Jakob Gunnlögsson fógetann í Vestmannaeyjasýslu framkvæma fógetagerð hjá stefnda 27. og 28. maí 1909, og hefir skuld stefnda um það leyti samkvæmt undirréttarskjali 2 a sennilega numið um 17000 kr. En í árslok 1911 var skuldin, samkvæmt undirr.skj. 2 d, þó að viðbættum vöxtum og nokkrum innheimtukostnaði, sem ágreiningur er um, komin ofan í umstefnda upphæð 3993 kr. 20 aura.

Úrskurður fógeta, sem gekk síðarnefndan dag, er samkvæmt útskrift staðfestri af fógetanum 6. júní 1909, á þessa leið: »Með því afsalsbréf það, sem rekvirenten leggur fram í réttinum, ber það með sér

að rekvisitus hefir afsalað í Jakobs Gunnlögssonar hendur öllum skuldum, sem bækur rekvisiti sýna, að hann á útistandandi á Íslandi og öllum vöruleifum, sem hann hefir undir höndum, og þar sem rekvisitus, Lyder Höydahl, sem var til staðar í réttinum, hreyfði ekki mótmælum gegn kröfu rekvirentens (sic) úrskurðast: Rekvisitus Lyder Höydahl skal gefa rekvirenten eða umboðsmanni hans greiðan aðgang til að fá útskrift úr verzlunarbókum sínum, hvenær sem hann krefst þess. Rekvisitus er bannað að taka á móti skuldum eftir téðum bókum, fyr en hann er skuldlaus við Jakob Gunnlögsson. Rekvisitus skal vikulega standa rekvirenten eða umboðsmanni hans skil á andvirði vöruleifa þeirra, sem hann selur. Hann má ekki lána vörur nema með samþykki rekvirentens eða umboðsmanns hans. Rekvisitus skal taka »Beholdning« á öllum vörubirgðum sínum innan sex daga. Þessu að fullnægja undir lagaaðför.«

Áfrýjandi byggir kröfu sína í aðalmálinu að miklu leyti á framannefndu bréfi 18. jan. 1909 og á því að stefndi hafi í hvert skifti fengið skilagreinir fyrir því, er Jakob Gunnlaugsson keypti og seldi fyrir hann, og aldrei hreyft neinum athugasemdum fyr en mál þetta var höfðað gegn honum, löngu eftir viðskiftaslit þeirra. Nokkurn hluta kröfu sinnar, 148 kr., byggir áfrýjandi jafnframt að nokkru leyti á fógetagerðinni 28. maí 1909, með því að nefnd upphæð, sem er ferðakostnaður umboðsmanns Jakobs Gunnlögssonar í þeirri ferð, er fólginn í hinni umstefndu upphæð.

Stefndi heldur því fram, að ekki sé leggjandi

mikið upp úr bréfi hans 18. jan. 1909, með því að hann hafi einmitt með orðunum: »samkvæmt höfuðbókum Jakobs Gunnlögssonar«, viljað gera fyrirvara um réttmæti bæði heidarupphæðar skuldarinnar og einstaka liði hennar, enda sé bréfið ógilt sem veðbréf, þar sem veðmunirnir séu ekki sundurliðaðir og bréfinu hafi aldrei verið þinglýst. — Því verður nú að vísu að játa, að margnefnt bréf, sem nánast verður að teljast tryggingarbréf, er ónýtt sem veðbréf af nýnefndum ástæðum, en þar með er ekki hnekt gildi þess sem sönnunargagni fyrir þáverandi skuld stefnda, sízt í sambandi við önnur atvik, enda er skýring áfrýjanda á hinum tilfærðu orðum, að þau eigi aðeins að tákna mótstæði til upphæða þeirra tveggja, er síðar eru nefndar í bréfinu, eðlilegri heldur en skýring stefnda. — Að öðru leyti hefir stefndi, að sleptum skuldajöfnuði út af gagnkröfu sinni, aðallega bygt sýknukröfu sína í aðalmálinu á ýmsum véfengingum á ýmsum liðum í reikningum Jakobs Gunnlögssonar og kröfu áfrýjanda. Þannig heldur stefndi því fram, að Jakob Gunnlögsson hafi vanreiknað sér: 1) 268 kr. og 3 aura + 31 kr. 64 aur., eða 299 kr. 67 a. afslátt á farmgjaldi, 2) 500 kr. afslátt á steinolíumótor frá 1905, 3) 4% af allri viðskiftaupphæð þeirra, er hann telur að hafi numið alls um 140000 kr. og 4) að sér hafi verið vanreiknað söluverð á íslenzkum afurðum, en verðleggur þó ekki það tap. En engar af þessum útásetningum stefnda verða teknar til greina, þar sem ætla má, jafnvel eftir málfærslu stefnda, sbr. vörn hans í héraði 6. apríl 1913, 6. og 7. lið, að Jakob Gunnlögsson hafi sent

stefnda skilagreinir með hverri afgreiðslu, og ekki sést að stefndi hafi hreyft neinum andmælum gegn þeim, fyr en undir rekstri málsins, nokkrum árum eftir viðskiftaslit þeirra, miklu fremur staðfest þær með fyrirvaralausri undirskrift sinni undir tryggingarbréfið 18. jan. 1909, enda ekkert framkomið, er sanni réttmæti þessara útásetninga.

Þá hefir stefnda heldur ekki tekist að sanna það gegn mótmælum áfrýjanda, að umboðsmenn síðarnefnds hafi tekið á móti nokkrum greiðslum, samtals 21 kr. 45 aur., er hafi ekki verið tekjutaldar stefnda, né heldur að þeir hafi gefið nafngreindum manni upp 43 kr. 81 eyr., enda ekki rétt hermt í gestaréttardóminum að áfrýjandi hafi ekki mótmælt umsögn stefnda um eftirgjöf þessa, sbr. 5. lið í sókn áfrýjanda 8. jan. 1913. Þessar aðfinningar stefnda verða því ekki heldur teknar til greina.

Enn hefir stefndi haldið því fram, að koma eigi til frádráttar umst. upphæð: 148 kr. + 151 kr. 55 aur. + 638 kr. 66 aur, + 500 kr., eða alls 1438 kr. 21 aur. Fyrsta upphæðin er fyrir ferðakostnað umboðsmanns Jakobs Gunnlögssonar frá Reykjavík til Vestmannaeyja í maí 1909, er margnefnd fógetagerð fór fram. Önnur upphæðin er 7% innheimtulaun til umboðsmanns Jakobs Gunnlögssonar af 2165 kr. peningagreiðslu stefnda til umboðsmannsins. Þriðja upphæðin er 7% innheimtulaun til umboðsmanns Jakobs af 16266 kr. 60 aura vörusendingu, sem málsaðilum kemur saman um að stefndi hafi sent Jakobi Gunnlögssyni beina leið og Jakob reiknað sér venjuleg sölulaun af, en þó skuldfært stefnda 7% innheimtu-

laun af, eins og stefndi hefði borgað upphæðina hérlendum umboðsmanni Jakobs. En fjórða upphæðin er þóknun til heimilisfasts manns í Vestmannaeyjum, er áfrýjandi telur nauðsynlega, af því orðið hafi að hafa eftirlit með því að stefndi fullnægði skyldum sínum. Héraðsdómarinn leysti stefnda undan að svara til 1., 3. og 4. upphæðar hér að ofan, samtals 1286 kr. 66 aur., en gerði honum hinsvegar að greiða 2. upphæðina. Yfirdómurinn er í öllu verulegu samþykkur röksemdaleiðslu héraðsdómarans hér að lútandi, og ber því að draga nefndar 1286 kr. 66 aura að viðbættum 6% vöxtum af hverri sérupphæð frá því er hún var skuldfærð stefnda til 1. jan. 1912, frá hinni umstefndu upphæð. En í því efni athugast, að 500 kr. eru skuldfærðar stefnda 27. september 1909 og 638 kr. 66 aur. + 148 kr. 19. febr. 1910, sbr. undirréttarskjal 2 c og d, og nema þeir vextir alls 155 kr. 40 aur. Koma þá til frádráttar hinni umstefndu upphæð í aðalsök 3993 kr. 20 aur. áður umgetnar kr. 1286.66 + nýnefndum vöxtum kr. 155.40 alls kr. 1442.06. en afgangurinn 2551 kr. 14 aur. með 6% vöxtum frá 1. janúar 1912 verður stefndi að greiða áfrýjanda.

Og kemur þá til álita gagnkrafa stefnda á hendur áfrýjanda. Stefndi heldur því fram, að fógetagerðin frá 28. maí 1909 hafi verið með öllu ólögmæt og hafi auk þess bakað sér tjóns beinlínis og óbeinlínis. Tjáist hann eigi aðeins hafa orðið að hætta verzlun sinni vegna hennar, heldur hafi bæði útistandandi skuldir og vörubirgðir, er fógetagerðin meinaði honum að hagræða sér, orðið sér miklum

mun verðminni en ella mundi orðið hafa, og loks hafi hann orðið að selja verzlunarhús sín með miklum afföllum. Hann telur skaða sinn á vörubirgðum hafa orðið um 20000 kr. og um 10000 á útistandandi skuldum, og hefir því til styrktar lagt fram sundurliðaða skýrslu um eignir sínar og skuldir 15. október 1908 og ýms önnur skjöl, er eiga að sýna að hann hafi þá átt um 43000 kr. umfram skuldir.

Áfrýjandi hefir á hinn bóginn haldið því fram í yfirdómi, að margnefnd fógetagjörð hafi verið réttmæt fullnæging á »afsalsbréfi« stefnda 18. jan. 1909, og að hún hljóti, hvað sem öðru líður, að teljast formlega réttmæt — og þá ekki geta valdið skaðabótum, þar sem henni hafi ekki verið hrundið með lögmæltu móti, hvorki með þar að lútandi málssókn í héraði, né með áfrýjun til æðra dóms, enda hafi áfrýjandi ekki haldið gerðinni að stefnda, og stefndi jafnvel játað réttmæti hennar óbeinlínis, bæði með því að mótmæla henni ekki, þá er hún fór fram og svo með því að borga meginið af skuldinni áður en til málssóknar kom. Í annan stað hefir áfrýjandi haldið því fram í yfirdómi, að stefndi hafi ekki beðið nokkurt tjón við fógetagerðina eða út af henni, enda hafi stefndi í rauninni verið gjaldþrota, áður en til gerðarinnar kom, og geti því ekki verið að ræða um bætur fyrir gjaldtraustsspjöll eða skapraun honum til handa, og allra sízt neitt svipaðar því, sem hann fari fram á.

Það er nú að vísu svo, að formlegt réttmæti oftnefndrar fógetagerðar hefir ekki verið lagt beinlínis undir úrskurð dómstólanna, þar sem hvorki var leit-

að staðfestingar á henni í héraði, þó að hún kalli sig öðrum þræði »lögbann« né henni skotið til æðri réttar. En það getur eigi talist því til fyrirstöðu, að dómstólarnir meti hvort hún, jafnvel útaf fyrir sig og einkum í sambandi við önnur atvik eigi að varða gerðarhafa skaðabótum til gerðarþola. En nokkur vafi getur leikið á því til hvaða tegundar fógetagerðar telja beri umrædda fógetagerð 28. maí 1909, er fer jafnvel að sumu leiti út fyrir lögheimilað vald fógeta.

Fógetinn, sem framkvæmdi gerðina, virðist, þótt hann sjálfur nefni hana lögbann og löggeymslu, hafa skoðað hana alténd að nokkru leiti sem nokkurskonar innsetningargerð í vörubirgðir og útistandandi skuldir stefnda, sem stefndi er talinn að hafa »afsalað« Jakobi Gunnlögssyni með bréfinu frá 18. jan. 1909. En eins og það bréf ber ljóslega vott um sjálft, sbr. ummæli þess um að útistandandi skuldir stefnda séu afsalaðar »sem trygging fyrir greiðslu ofannefndrar skuldar« og vörubirgðir hans séu afsalaðar »unz skuldinni sé að fullu lokið«, þá getur bréfið með engu móti talist eignarafsal hvort heldur fyrir útistandandi skuldum eða vörubirgðum stefnda, en svo langt hefir fógetinn ekki gengið að hann hafi sett gerðarhafa inn í þessi réttindi sem eiganda. Fógetagerðin fer ekki lengra en það, að banna gerðarþola að ráða yfir eignum sínum á vissan hátt, sem sé að innheimta útistandandi skuldir, að selja af vörubirgðum sínum á annan hátt en að hann standi gerðarhafa vikuleg skil á andvirði hins selda og að lána út vörur nema með samþykki gerðarhafa, þar til

hann (gerðarþoli) sé búinn að greiða skuld sína til gerðarhafa, en þetta er ekki innsetning inn í umræddi réttindi, heldur gengur gerðin aðallega út á það, að útiloka gerðarþola frá því að selja umræddar eignir af hendi eða fela þær gerðarhafa til skaða. Verður því að álíta að fógetagerð þessi sé í raun og veru kyrrsetningar- eða löghaldsgerð, og verður þá lögmæti hennar að metast eftir þeim lagafyrirmælum, er gilda um slíkar gerðir.

Svo sem tekið hefir verið fram, skuldaði stefndi áfrýjanda hinn 28. maí 1909, er margnefnd fógetagerð fór fram, samkvæmt viðskiftareikningi þeim, er lagður hefir verið fram í máli þessu, um 17000 kr. Þessa skuld hefir stefnda eigi tekist að véfengja, og þar sem hún einnig var fallin í gjalddaga voru lögmæt skilyrði fyrir hendi til þess að gerðarhafi gæti fengið kyrsettar eignir stefnda til tryggingar fullri greiðslu eða fjárnámi á sínum tíma.

Fógetinn krafðist engrar tryggingar af gerðarbeiðanda fyrir fógetagerðinni, en þetta gat aðeins bakað fógetanum persónulega ábyrgð, en getur ekki haft áhrif á lögmæti gerðarinnar.

Fremur gæti það valdið ónýtingu gerðarinnar, að ekki fór fram nein uppskrift og virðing á eignum stefnda, sem kyrsettar voru eða lögbann lagt á, en þar sem engin krafa kom fram í þessa átt af hendi stefnda, getur þetta ekki gert gerðina ólöglega eða orðið þess valdandi, að áfrýjandi þess vegna verði skaðabótaskyldur gagnvart stefnda, enda verður að álíta, eftir því sem fram er komið í málinu, það rétt hermt hjá áfrýjanda, að umræddri fógeta-

gerð hafi ekki verið haldið að stefnda, þar sem hann skýrir svo frá, að hann sjálfur hafi innheimt nokkuð af útistandandi skuldum sínum sumarið 1909 og að hann hafi sjálfur innt af hendi allar afborganir af skuldinni til áfrýjanda, en þetta hefði hann auðvitað ekki getað, ef umráð útistandandi skulda og annara eigna hefðu í raun og veru verið af honum tekin. Loks verður að líta svo á, að stefndi hafi samþykt lögmæti gerðarinnar, þó ólögleg hefði verið að einhverju leiti, með því fyrirvaralaust að greiða áfrýjanda meginhluta skuldarinnar sumarið og haustið 1909.

Það skal tekið fram, að fógetinn hafði ekki lagaheimild til þess að skylda stefnda til að taka »Beholdning« á vörubirgðum sínum, en þessa skipun virðist stefndi eigi hafa tekið til greina, enda ekki verið eftir því gengið og verður ekki álitið, að hún hafi gert stefnda slíkt óhagræði að ástæða sé til þess vegna að dæma stefnda skaðabætur hjá áfrýjanda.

Eftir því sem að framan segir ber að sýkna áfrýjanda í gagnsökinni, en í aðalsök ber stefnda að greiða áfrýjanda 2551 kr. 14 aur. með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1912 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir eftir atvikum rétt að falli niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Krafa áfrýjanda um sekt á hendur héraðsdómaranum, Karli sýslumanni Einarssyni, fyrir drátt á dómsuppsögn verður eigi tekin til greina, með því ekki sést hvenær hans hefir verið leitað útaf fyrgreindum ómerkingardómi landsyfirréttar, enda hefir honum eigi verið stefnt til ábyrgðar.

Þá hafa málaflutningsmenn aðila í yfirdómi heimtað hvorn annan sektaðan fyrir ósæmileg rithátt. Málaflutningsmaður áfrýjanda átelur þau ummæli málaflutningsmanns stefnda, að áfrýjandi »hafi reynt að kúga L. Höydahl til að ganga að hverjum þeim kostum, sem han byði« og að fógetagerðin væri: »löglaus hrottaskapur«. Málaflutningsmaður stefnda hefir átalið ýmsar aðdróttanir málaflutningsmanns áfrýjanda um fjársvik og annað refsivert athæfi af hendi stefnda, sérstaklega að stefndi hafi »svikið stórfé út úr áfrýjanda« og að stefndi heyri til »slíkra svikara« (þ. e. stórsvikara). Þá hefir málaflutningsmaður áfrýjanda brugðið málaflutningsmanni stefnda um »ósvífin ósannindi«, um »ósvífin og helberan uppspuna«, og um »tilhæfulausan og blygðunarlausan uppspuna«, og segir um bótakröfuna að hún sé »smurð upp gegn betri vitund«. Átalin ummæli málaflutningsmanns stefnda þykja ekki ómerkingar eða sektarverð. Hins vegar eiga framantalin ummæli málaflutningsmanns áfrýjanda að vera dauð og ómerk, og þykir eigi verða komist hjá að sekta hann um 20 krónur, 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. til fátækrasjóðs Reykjavíkur, fyrir fjársvikaaðdróttanir í garð stefnda.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Lyder Höydahl greiði áfrýjanda Jóni Laxdal f. h. Jakobs Gunnlögssonar 2551 kr. 14 aura með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1912 til greiðsludags. Í gagnsökinni á áfrýjandi að vera

sýkn af kröfum stefnda Yfirréttarmálaflutningsmaður Bogi Brynjólfsson greiði 20 kr. sekt, 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi fellur niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. apríl 1916.

Nr. 88/1915. Margrét Árnason
gegn
skiftaráðandanum í Árnessýslu
f.h. dánarbús Ólafs Árnasonar o fl.

Dómur:

Á skiftafundi 17. sept. f. á. í dánarbú Ólafs Árnasonar framkvæmdarstjóra frá Stokkseyri kom fram meðal annara verðmætra skjala búsins, lífsábyrgðarskírteini frá lífsábyrgðarhlutafélaginu Hafnia Litra A, nr. 33009, útgefið 12. marz 1902, þar sem Ólafur heitinn var líftrygður fyrir 10000 kr., og er í lífsábyrgðarskírteini þessu ákveðið, að það tilheyri sem séreign konu hins trygða Margréti f. Möller.

Ekkja Ólafs heitins frú Margrét Árnason krafð-

ist þess á skiftafundinum að skírteini þetta væri sér afhent til fullrar eignar og umráða, en afhending þess var mótmælt fyrir búsins hönd af yfiréttarmálaflutningsmanni Eggert Claessen, sem hélt því fram að upphæð lífsábyrgðarskírteinisins væri eign dánarbúsins. Um ágreining þennan kvað skiftaráðandinn í Árnessýslu, sem hefir búið til skiftameðferðar, upp úrskurð 4. okt. f. á. á þá leið, að umrætt lífsábyrgðarskírteini skyldi afhendast frú Margréti Árnason sem eign hennar.

Þessum úrskurði hefir frú Margrét Árnason skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 21. des. f. á. og hefir hún stefnt skiftaráðandanum í Árnessýslu fyrir hönd dánarbús manns hennar Ólafs Árnasonar, svo og yfirréttarmálaflutningsmanni Eggert Claessen og bankastjóra Birni Sigurðssyni sem forráða- og meðráðamönnum hinna ómyndugu og ófullveðja erfingja búsins og Eggert Claessen einnig sem forráðamanni Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur. Krefst hún þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og stefndu dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Af hinum stefndu hefir að eins mætt yfirréttarmálaflutningsmaður Eggert Claessen f. h. hins stefnda minningarsjóðs og hefir þeim þó verið löglega stefnt. Hefir hann gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 28. jan. þ. á. og krafist þess, að hinn áminsti skiftaréttarúrskurður verði úr gildi feldur, að hið umþrættaða lífsábyrgðarskírteini verði dæmt eign dánarbúsins og skiftaráðandanum gert skylt að innheimta

upphæð þess, 10000 kr., handa búinu. Svo krefst hann og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Gagnáfrýjandi heldur því fram, að ákvæði lífsábyrgðarskírteinisins um það að það skuli vera séreign frú Margrétar sé ógilt og ekki bindandi fyrir búið, fyrst og fremst af því að þessi séreign er ekki stofnuð með kaupmála, og í annan stað heldur hann því fram, að þó þessi ráðstöfun hafi upphaflega verið lögleg, þá hafi henni verið breytt með kaupmála þeim, er hjónin gerðu með sér rúmum 5 árum síðar, hinn 10. júní 1907, staðfestum 17. ágúst s. á. I kaupmála þessum sé lífsábyrgðarskírteinisins alls eigi getið, þótt þar sé talið upp hvað vera skuli séreign hvors hjónanna og síðan bætt við, að »að öllu öðru leyti« skuli vera helmingafélag með hjónunum. Og loks bendir gagnáfrýjandi á, að þegar hjónin skildu að borði og sæng árið 1909, hafi þess eigi verið getið að til konunnar ætti að renna lífsábyrgðarfé það, er hér ræðir um. Hafi þetta stafað af því, að Ólafur heitinn Árnason hafi talið umrætt skírteini viðkoma sér einum, enda hafi hann eftir fjárskiftin verið umráðamaður lífsábyrgðarinnar og greitt iðgjöldin úr sínum vasa. Hefði lífsábyrgðin hins vegar átt að vera eign frú Margrétar, hefði verið sjálfsagt, að þau útgjöld hefðu verið borin af henni.

Af hálfu frú Margrétar er því hins vegar haldið fram, að mál þetta skifti alls eigi skuldheimtumenn dánarbús manns síns, með því engin líkindi séu til þess, að þeir fái eigi skuldir sínar að fullu greiddar úr búinu, þó umrætt lífsábyrgðarfé gangi frá. Með því nú að lífserfingjar Ólafs sáluga hafa eigi áfrýjað

úrskurðinum og vilji því við hann una, geti einn af skuldheimtumönnum búsins eigi verið aðili í málinu og gagnáfrýjað því. Krefst hún því gagnsökinni vísað frá rétti.

Til vara heldur aðaláfrýjandi því fram, að Ólafur sál. hafi árið 1902 keypt hina uppþráttuðu lífsábyrgð með það fyrir augum að sjá konu sinni borgið eftir sinn dag, og því hafi ákvæðið um, að lífsábyrgðarféið skyldi vera séreign konunnar, verið sett í sjálft skýrteinið. Heldur hún því fram, að þessi ráðstöfun sé lögleg samkvæmt 24. gr. laga 12. jan. 1900 um fjármál hjóna; hafi Ólafi sál. aldrei komið til hugar að rifta eða ónýta þessa ráðstöfun, en hins vegar hafi ekki þótt nein nauðsyn á að geta um þessa séreign í kaupmála þeirra hjóna 10. júní 1907 eða við fjárskiftin 1909.

Með því að erfingjar búsins hafa ekki tekið ábyrgð á skuldum þess, og með því að ekkert verður að svo stöddu séð um hag búsins, verður krafa aðaláfrýjanda um frávísun gagnsakarinnar ekki talin á rökum bygð.

Í 24. gr. laga 12. jan. 1900 um fjármál hjóna er ákveðið, að kaupmálaaðferðar þurfi eigi við, þegar um gjafir milli hjóna sé að ræða, er séu »lífeyrir, forlagseyrir eða þess konar framfærslueyrir af hendi bónda fyrir konu sína«, en þó lífsábyrgðarfé falli ekki undir bein ákvæði greinarinnar verður þó að telja slíka gjöf, er hér ræðir um, meðal þeirra, sem bóndi geti gefið konu sinni kaupmálalaust, með því hér að eins er að ræða um aðra aðferð til þess að sjá konu sinni borgið, aðferð, sem nú er orðin eins algeng eins og

að kaupa lífeyri handa konu sinni, enda verður eigi séð af undirbúningi laga þessara að ætlast hafi verið til í þessu atriði að víkja frá hinum dönsku lögum um sama efni, sem íslenzku lögin eru sniðin eftir.

Það verður því að álita, að ráðstöfun Ólafs heitins Árnasonar á umræddu lífsábyrgðarfé til konu sinnar hafi verið lögleg. — Þótt lífsábyrgðarféð samkvæmt skýrteininu sé eigi nefnt né talið til séreigna í kaupmála þeim, er hjónin gerðu með sér 10. júní 1907 og þess heldur ekki getið í fjárskiftasamningi þeirra 20. marz 1909, þá verður þó eigi af því ályktað, að skírteinið hafi þá hætt að vera séreign frú Margrétar Árnason, enda virðist það eðlilegur skilningur, að lífsábyrgðarinnar hafi eigi verið getið í umræddum skjölum af því, að það hafi þótt óþarft, þar sem það áður hafði verið löglega ákveðið hverjum hún tilheyrði.

Með því að ekkert er komið fram, er bendi á að Ólafur heitinn hafi breytt ákvörðun sinni um að skýrteinið skyldi vera séreign konu hans, ber að fallast á úrskurð skiftaréttarins um, að afhenda beri frú Margréti Árnason umrætt skýrteini sem séreign hennar. Eftir málavöxtum þykir rétt að stefndi, Eggert Claessen, f. h. Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi með 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða skiftaréttarúrskurði skal órask-

að. Stefndi, Eggert Claessen, f. h. Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, greiði áfrýjanda, frú Margréti Árnason, í málskostnað 40 kr.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 10. apríl 1916.

Nr. 6/1916. Sveinn Björnsson fyrir hönd Guðmundar Sigurðssonar o. fl. gegn E. Morthens, Ásgeiri Sigurðssyni o. fl.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður, fyrir sjódómi Reykjavíkur, samkvæmt umboði Guðmundar Sigurðssonar, skipstjóra á mótorskipinu »Reaper«, fyrir skipstjóra sjálfan og aðra skipverja, er voru við síldveiðar á nefndu skipi frá júlí til september 1914, gegn E. Morthens útgerðarmanni skipsins, til greiðslu á ógoldnu kaupi skipshafnarinnar, samtals 690 kr. 48 aur., svo og gegn eigendum skipsins, Ásgeiri Sigurðssyni konsúl, O. Ellingsen skipstjóra og Tryggva Gunnarssyni bankastjóra, til að fá viðurkendan með dómi veðrétt í skipinu fyrir kaupkröfum samkvæmt 236. gr.

2. tölulið siglingalaganna 22. nóv. 1913. Málið var dæmt í nefndum rétti 27. des. f. á. á þá leið, að E. Morthens skyldi greiða Guðmundi Sigurðssyni 281 kr. 40 au. með 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1914 til greiðsludags, og skyldi stefnanda (Guðmundi Sigurðssyni) vera heimilt að láta selja skipið »Reaper«, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar ídæmdri upphæð, með kostnaði við aðför og uppboð, en málskostnaður skyldi falla niður. — Þessum dómi hefir nefndur yfirréttarmálaflutningsmaður, fyrir hönd skipshafnarinnar á »Reaper«, Guðmundar Sigurðssonar skipstjóra, Valdemars Bjarnasonar stýrimanns, Péturs Ásbjarnarsonar matsveins, og hásetanna Ingva Jónssonar, Gunnars Kristóferssonar, Elíasar Pálssonar, Jóhanns Jónssonar, Hjartar Kristjánssonar, Jóns Runólfssonar og Egils Jónssonar, skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 21. jan. þ. á., og krafist þess að dómnum verði breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir sjódómnum verði teknar til greina og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins.

Stefndi E. Morthens hefir eigi komið í yfirdóminn eða haldið þar uppi vörn, og enginn af hans hendi, en fyrir hönd eigenda skipsins »Reaper« hefir þess verið krafist að málinu verði vísað frá rétti, og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi. Fyrir þessari kröfu er talin sú ástæða, að í þessu máli sé steypt saman kröfum margra manna, er engin lög séu til, svo að óhjákvæmilegt sé að vísa málinu frá dómi.

Skipshöfnin á »Reaper« var lögskráð í skiprúm

á nefnt skip 21. júlí 1914, til síldveiða við norðanvert Ísland, og með samningi dags. sama dag við stefnda E. Morthens réði áfrýjandi Guðmundur Sigurðsson sig skipstjóra á skipið í sömu ferð. Var það í samningnum ákveðið, *að* skipstjóri skyldi hafa rétt (dispositionsrétt) yfir þeim hluta af afla skipsins, er honum bæri eftir samningum, svo og þeim hluta aflans, er hásetarnir íslenzku ættu að hafa, *að* skipstjórinn hefði rétt til að kvitta fyrir hönd allrar hinnar íslenzku skipshafnar fyrir greiðslu kaupsins, er henni bæri, og *að* skipstjóri hefði heimild til, ef samningurinn yrði eigi haldinn, að leggja löghald á svo mikinn hluta af afla skipsins, sem nægði til greiðslu á þeim hluta aflans, er hann og hinir íslenzku hásetar (áfrýjendur) ættu. Skipshöfnin skrifaði eigi undir þennan samning, og var svo álitið af sjódóminum, að því er ætla verður með réttu, að skipstjórann hafi brostið umboð til þessarar málssóknar, og að samningarnir væri í því efni eigi næg heimild. Var því enginn dómur lagður á kröfu áfrýjendanna, annara en skipstjórans, fyrir undirréttinum. En fyrir yfirdóminum hefir komið fram umboð handa fyrnefndum málaflutningsmanni, til að flytja málið fyrir hönd allra áfrýjendanna.

Þó að skipshöfnin væri lögskráð og skipstjórinn ráðinn sama dag á skipið »Reaper« og til sömu ferðar, verður eigi litið svo á, að við það hafi skapast efnissamband eða svo vaxið samhengi milli krafa áfrýjendanna, er geri þeim það heimilt, samkvæmt konungsbréfi 3. janúar 1755, að sækja stefndu allir í senn með einni málsókn til að fullnægja kröfunum,

og í því efni verður það ekki heldur talið neinu skifta, þó að áfrýjendurnir hafi falið sama manni að sækja málið. Málshöfðunin verður því að teljast ólögleg, og með því að þess hefir eigi verið krafist til vara að dómur verði lagður á neina einstaka af hinum umstefndu kröfum fremur en aðra, verður ex officio að fella úr gildi undirréttardóminn og vísa málinu í heild sinni frá sjódóminum. — Málskostnaður fyrir nefndum rétti falli niður.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjendurnir, einn fyrir alla og allir fyrir einn, greiði hinum stefndu eigendum skipsins »Reaper« og ákveðst hann 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Undirréttardómurinn er úr gildi feldur og vísast máli þessu frá sjódóminum. Málskostnaður fyrir sjódóminum falli niður. Áfrýjendurnir Guðmundur Sigurðsson, Valdemar Bjarnason, Pétur Ásbjörnsson, Ingi Jónsson, Gunnar Kristófersson, Elías Pálsson, Jóhann Jónsson, Hjörtur Kristjánsson, Jón Runólfsson og Egill Jónsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn hinum stefndu, Ásgeiri Sigurðssyni, O. Ellingsen og Tryggva Gunnarssyni 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. apríl 1916.

Nr. 9/1916. Réttvísin
gegn
Karl Alfred Petterson og
Katrínu Kjartansdóttur.

Dómur:

Með aukaréttardómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 31. desbr. f. á., voru hin ákærðu, Karl Alfred Petterson og Katrín Kjartansdóttir dæmd fyrir brot gegn 250. gr. sbr. 48. gr. 1. málsgr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 hvort um sig til að sæta 5 daga fangelsishegningu við vatn og brauð, en með því skilorði að því er Katrínu snertir, að fullnustu refsingar hennar skuli frestað og skuli refsingin falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef skilyrðum laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907 verði fullnægt. Svo voru þau og dæmd til in solidum að greiða allan sakarkostnað í héraði.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Um afbrot hinna ákærðu er það sannað í málinu með eigin játningu þeirra og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið, að þau hafi 8. desbr. f. á. síðdegis lagt launung á og kastað eign sinni á peningabuddu með 30 kr. og 15 aurum og einum erl. smápeningi í, er gestkomandi stúlka hafði þá um daginn af vangá skilið eftir hjá þeim. Ákærða, Katrín, tók fyrst eftir peningabuddunni, en hún lá á rúmi þeirri, þar sem stúlkan hafði skilið hana eftir,

og hafði þá orð á því, að þau skyldu skila eigendanum henni, en ákærði, Petterson, gerði sig þá byrstan við Katrínu, sagði að hún skyldi ekki gera það, og að stúlkan, sem budduna átti, mundi eigi muna hvar hún hefði gleymt henni. Urðu þau þá sammála um að kasta eign sinni á budduna, földu peningana og voru bæði í því verki. Þegar eigandinn og síðar annar maður fyrir hennar hönd, spurðu þau ákærðu um, hvort þau hefðu orðið buddunnar vör, svöruðu þau því bæði með afdráttarlausri neitun, og sömu neitun héldu þau fyrst fram við lögreglustjóra, uns Katrín, eftir að árangurslaus húsrannsókn hafði fram farið hjá þeim, játaði verknaðinn fyrir lögreglustjóra. Var Petterson þá fangelsaður, og kannaðist hann þá einnig við afbrotið. — Peningabuddan og peningarnir hafa verið afhentir eigandanum.

Hin ákærðu hafa búið saman og kallast vera trúlofuð, en eru eigi gift. Ákærði Petterson er útlendingur, kom hingað til lands fyrir 5 árum, og hefir dvalið hér síðan. Hann er kominn yfir lögaldur sakamanna, eftir eigin sögn 27 ára að aldri, og hefir eigi áður sætt refsingu hér á landi. Ákærða Katrín er einnig komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 8. ágúst 1893,og hefir eigi áður sætt ákæru né refsingu fyrir neinn glæp. Afbrot hinna ákærðu heyrir undir 250. gr. sbr. 48. gr. almennra hegningarlaga,og þykir refsingin fyrir ákærða Petterson hæfilega ákveðin af héraðsdómaranum 5 daga fangelsi við vatn og brauð. En er ákveða skal refsinguna fyrir ákærðu Katrínu, þykir verða að taka tillit til 57. gr.

2. málsgreinar hegningarlaganna, og virðist þá refsingin fyrir hana hæfilega ákveðin 4 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnægingu dómsins að því er þessa refsingu snertir, skal fresta samkv. lögum nr. 39, 16. nóvbr. 1907, eins og segir í aukaréttardóminum. Ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað samþykkjast, og verður samkvæmt þessu að staðfesta nefndan dóm með áminstri breytingu á refsingu Katrínar. Hin ákærðu verða in solidum að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málaflutningslaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15 kr. fyrir hvorn þeirra. — Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo að refsing ákærðu, Katrínar Kjartansdóttur, sé 4 — fjögra — daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu þessarar refsingar skal frestað eins og segir í dómnum, og telst frestunin frá uppsögn þessa landsyfirréttardóms. Hin ákærðu greiði og in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálaflutningsmannanna E. Claessens og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. apríl 1916.

Nr. 12/1916 Kristján Kristjánsson
gegn
ráðherra Íslands f. h. landssjóðs.

Dómur:

Samkvæmt úrskurði lögregluréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 20. nóv. f. á., var sækjandi þessa máls, Kristján Kristjánsson steinsmiður, Njálsgötu 22 hér í bænum, settur í gæzluvarðhald þann dag út af grunsemd um að hann væri valdur að meiðingum, er stúlkan Marsilía Jónsdóttir varð fyrir 10. s. m. Var rannsókninni gegn sækjanda haldið áfram til 24. desember f. á., en þá úrskurðaði rétturinn, meðfram eftir bendingu þarað lútandi frá stjórnarráðinu, að sækjandi skyldi leystur úr gæzluvarðhaldi, og var þeim úrskurði þegar fullnægt. Af þessu virðist mega ráða, og sækjandi hefir og tekið það fram, að sakamál hafi eigi verið höfðað gegn honum að lokinni rannsókn. Hefir Kristján Kristjánsson nú með stefnu dags. 26. febr. þ. á. höfðað mál þetta fyrir landsyfirdóminum, og með gjafsókn samkvæmt lögum nr. 28 um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. 26. okt. 1893, 3. gr., gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs, og hefir skipaður málaflutningsmaður hans krafist þess, að stefnanda verði dæmdar 1000 kr. úr landsjóði í skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju og að sér verði dæmd málsfærslulaun eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Af hendi stefnda hefir ekki verið mætt í málinu og verður samkvæmt

N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. að dæma það eftir skýrslum þeim, er fram eru komnar af hendi stefnanda. Þessar skýrslur eru aðallega prófsgerðir frá fyrgreindri rannsókn gegn stefnanda, og eru málavextir samkvæmt þeim svo sem nú verður sagt.

Miðvikudaginn 10. nóvember f. á. var stúlkan Marsilia Jónsdóttir, til heimilis í húsinu nr. 13 B á Njálsgötu, við fataþvott, fyrir konu Einars Einarssonar, sem þar býr, í þvottaherbergi í kjallara hússins. Hafði hún lokið þvottinum um kl. 5 síðdegis og gekk þá upp úr kjallaranum til eldhúss, fór svo aftur út til þess að sækja öxi í kjallaranum og til að læsa honum að því búnu. Þegar hún kom í kjallarann heyrði hún að einhver var þar niðri og hugði að það væri fyrnefndur Einar Einarsson, og kallaði hvort hann væri þar, en fekk ekki svar. Hélt hún þá áfram inn í þvottaherbergið, og varð henni þá að orði: »Það eru þó ekki þjófar núna«, en það sagði hún af því að vart hafði orðið við hvarf á munum úr kjallaranum. En í því bili er hún sagði þetta, var tekið fyrir vit hennar með stórri hendi, svo henni lá við köfnun og sagt með karlmannsrómi: »Haltu kjafti«. Og er hún þreif til mannsins til að losa takið, rak hann hnéð fyrir bringspalir hennar neðanverðar, svo hún kendi mikils sársauka og misti máttinn. Svo sló maðurinn hana högg fyrir brjóstið og hratt henni svo að hún féll, fór svo út úr kjallaranum og sagði um leið: »Hafðu nú þetta«. Dimt var í kjallaranum, svo að stúlkan sá ekki manninn né þekti, en þegar hann fór út úr kjallaranum sá

hún þó, að hann var hár vexti, í hvítum buxum og dökk-klæddur að ofanverðu. Stúlkan var svo máttfarin eftir þessa meðferð, að hún átti bágt með að koma upp orði og treysti sér ekki til að kalla á hjálp. Hún gat þó með harmkvælum skriðið upp úr kjallaranum og inn í eldhúsið, en þar hné hún í ómegin og gekk upp úr henni blóð. Var hún síðan undir læknishendi, en það sést ekki af prófunum hve lengi það hafi verið, eða hvort hún hafi náð aftur fullri heilsu eftir þessar misþyrmingar. Stefnandi geymdi hest, er hann átti, í útihúsi bak við húsið nr. 13B við Njálsgötu, hafði hann fengið leyfi til þess hjá Ágúst nokkrum Jónssyni, er hafði leigt útihúsið og hýsti þar annan hest. Frameftir síðastliðnu hausti var þeim stefnanda og Ágúst leyft að taka vatn handa hestunum í kjallara íbúðarhússins, en er þess þótti verða vart að farið væri að hverfa úr kjallaranum, var nýr lás látinn fyrir kjallaradyrnar og Ágúst látinn vita, að þeir stefnandi mættu eigi framar sækja vatn í kjallarann, og tjáist Ágúst hafa skýrt stefnanda frá því. Stefnandi annaðist sjálfur hirðingu á hesti sínum og gerði það venjulegast þegar hann kom frá vinnu um kl. 5 síðdegis. Svo var og 10. nóvember að stefnandi vitjaði um hestinn á þeim tíma eða um sama leyti og ráðist var á Marsiliu Jónsdóttur, sem fyr segir. Hefir stefnandi skýrt frá því, að hann hafi í þetta sinn farið niður í kjallarann með fötu, til þess að sækja vatn handa hestinum, því að kjallarinn hafi þá verið opinn, og hafi stefnandi skilið Ágúst svo, að eigi væri þeim bannað að taka þar vatn, er svo stæði á, en engan mann hafi hann orðið

var við í kjallaranum, og farið heim til sín, er hann hafi hirt um hestinn.

Við rannsóknina var Marsilía Jónsdóttir látin sjá stefnanda og tala við hann, og lýsti hún því þá yfir að hún gæti eigi staðhæft að hann væri maðurinn, sem á hana hefði ráðist, en stærð og búningur stefnanda gæti líkst því að svo hefði verið. Málrómur stefnanda þótti henni ekki beint líkur, en maðurinn hefði talað í reiðulegum og digrum róm, svo að það væri eigi vel að marka. Fyrnefndur Einar Einarsson bar það sem vitni að hann grunaði stefnanda um að vera valdan að meiðingum á Marsiliu, bæði af því að hann hafði verið í kjallaranum um svipað leyti og af því að lýsing stúlkunnar á manninum, sem misþyrmdi henni, kæmi vel heim við stefnanda. því hann gengi jafnaðarlega þannig klæddur, sem stúlkan lýsti, sé með stærstu mönnum hér, og höndin að minsta kosti samsvari stærðinni. Svo kvaðst vitnið eigi hafa átt von á því að stefnandi færi niður í kjallarann, þar sem vitnið þá eigi fyrir löngu hefði dróttað að honum að hann væri valdur að hvarfi á kartöflum o. fl. úr kjallaranum, en því grunaði vitnið stefnanda um þetta, að hann hafði séð hann seint að kvöldi til oftar á ferli kringum húsið, en því þótti líkindi til að hann þyrfti að vera vegna gæzlu á hestinum.

Samkvæmt því sem að framan er sagt verður það eigi talið ástæðulaust að stefnandi var grunaður um meiðingar á stúlkunni Marsilíu Jónsdóttnr og að hann var látinn í gæzluvarðhald út af þeim grun. Hins vegar hefir eigi við réttarprófin eða á annan hátt komið neitt það fram, er eytt hafi þessum grun,

eða sýnt að hann væri ástæðulaus, og verður því eftir málavöxtum eigi kveðið upp neitt álit um það, hvort stefnandi sé saklaus af þeim glæp, er tilefni gaf til þess að hann var sviftur frelsi. Skaðabótakrafa hans verður því eigi tekin til greina, og ber að sýkna stefnda af henni.

Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður, með því að eigi hefir verið mætt af hálfu stefnda.

Flutningur málsins af hendi hins skipaða málaflutningsmanns stefnanda hefir verið lögmætur, og ákveðst honum 20 kr. í málflutningslaun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Kristjáns Kristjánssonar, í þessu máli. Málskostnaður falli niður. Skipuðum málflutningsmanni stefnanda, Guðmundi Ólafssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist málflutningslaun 20 kr. úr landssjóði.

Mánudaginn 10. apríl 1917.

Nr. 54/1915 Guðmundur Ísleifsson
gegn
Einari Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði hinn stefndi Einar Jónsson járnsmiður á Eyrarbakka gegn áfrýjanda Guðmundi Ísleifssyni útvegsbónda sama staðar, fyrir aukarétti Árnessýslu, út af ærumeiðandi áburði, sem var í því fólginn, að hann í votta viðurvist hinn 16. febr. f. á. bar það á stefnda, að hann væri valdur að bruna Ingólfsverzlunarhússins á Háeyri, 15. desember 1914, og var það dæmt í aukaréttinum 24. júlí f. á. á þá leið, að áfrýjanda var gert að greiða 150 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara að sæta 35 daga einföldu fangelsi og greiða stefnda 30 kr. í málskostnað, en hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 24. ág. f. á. og krafðist þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda og stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir aftur á móti gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 21. sept. f. á., og krafist þess, að hin ídæmda hegning verði þyngd eftir því sem lög frekast leyfa, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér alt að 5000 kr. í skaðabætur fyrir hnekki þann í áliti og atvinnu, er hann hafi beðið af áburði þessum og sér dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, en til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Hin átöldu ummæli, sem áfrýjandi hefir ekki

getað réttlætt á neinn hátt, eru mjög meiðandi fyrir stefnda og saknæm eftir 217. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, er áfrýjandi hefir til unnið, með tilliti til þess að stefndi var slökkviliðsstjóri á Eyrarbakka, hæfilega metin af undirdómaranum 150 kr. sekt, eða til vara 35 daga einfalt fangelsi. Að því er snertir skaðabótakröfu stefnda á hendur áfrýjanda, þá hefir hún eigi verið lögð til sátta, og verður fyrir því að vísa henni frá aukaréttinum.

Þar sem ákvæði héraðsdómsins um ómerking hinna átöldu ummæla og um málskostnað samþykkjast, ber að staðfesta hann með áminstri breytingu.

Málskostnað fyrir yfirdómi ber stefnda að greiða áfrýjanda með 40 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Skaðabótakröfu stefnda vísast frá aukaréttinum, en að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Áfrýjandi, Guðmundur Ísleifsson, greiði stefnda, Einari Jónssyni, málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 10. apríl 1916.

Nr. 89/1915 Karl Olgeirsson
f. h. Edinborgarverzlunar
gegn
Pétri Oddssyni og Friðriki Ólafssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Karl Olgeirsson verzlunarstjóri, fyrir hönd verzlunarinnar Edinborg á Ísafirði, fyrir gestaréttí Ísafjarðarkaupstaðar, gegn stefndu, Pétri Oddssyni kaupmanni í Bolungarvík og Friðriki Ólafssyni bónda á Ósi, út af skuld fyrir útteknar vörur í reikning vélbátsins Guðbjörg í Bolungarvík, að upphæð kr. 741, 42. Lauk málinu svo fyrir gestaréttinum, að hinir stefndu voru dæmdir til að greiða áfrýjanda f. h. Edinborgarverzlunar 219 kr. 32 aura með 5% árs-vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 31. desbr. f. á. og krafist þess, að hinir stefndu verði dæmdir til in solidum að greiða umstefnda úttektarskuld, 741 kr. 42 aura með 6% ársvöxtum frá 20. ágúst 1914 til greiðsludags, og málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Hinir stefndu hafa ekki mætt í yfirdómnum eftir áfrýjunarstefnunni, þótt þeim hafi verið löglega stefnt.

Við 1. fyrirtekt málsins fyrir gestaréttinum mætti yfirréttarmálaflutningsmaður Guðmundur Hannesson, fyrir hönd áfrýjanda, svo og hinir stefndu sjálfir. — Eftir að stefna og sóknarskjöl höfðu verið lögð fram

var sátta leitað árangurslaust »milli málsparta«, eftir því sem segir í dómsgerðunum, en þar sem þess er hvergi getið að sækjandi Karl Olgeirsson hafi sjálfur mætt við sáttaumleitunina fyrir réttinum, verður að skilja bókunina fyrir gestaréttí þannig, að umgetinn málaflutningsmaður hafi mætt við sáttaumleitunina fyrir hönd sækjanda. Þar sem það er bannað í 25. gr. tilsk. 20. jan. 1797 um sættastiftanir, að senda málaflutningsmenn á sáttanefndarfundi, og þar sem þetta fyrirmæli eftir eðli sínu gildir einnig um sáttatilraunir fyrir gestaréttí, verður sáttatilraunin fyrir gestaréttinum að teljast ólögleg og ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ex officio og vísa málinu frá undirréttinum. Þar sem stefndu hafa ekki mætt hér fyrir réttinum fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera ómerkur, og vísast málinu frá undirréttinum.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 10. apríl 1916.

Nr. 64/1915. Jóhannes H. Jóhannsson
gegn
Þórarni Guðmundssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Jóhannes H. Jóhannsson, verkamaður á Seyðisfirði, fyrir aukarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar, gegn hinum stefnda, kaupm. Þórarni Guðmundssyni samastaðar, út af vinnulaunum árið 1914, er hann taldi sig eiga hjá stefnda, og var málinu ráðið til lykta með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 28. júní f. á. á þá leið, að stefndi var algerlega sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. Aukaréttardómi þessum hefir nefndur Jóhannes H. Jóhannsson skotið til yfirdómsins, með stefnu dags. 23. sept. f. á., og hefir hann krafist þess hér fyrir réttinum, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum áminst vinnulaun, að upphæð kr. 385.32 með 5% vöxtum p. a. frá sáttakærudegi 14. nóvember 1914 til borgunardags, og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hins vegar hefir stefndi, Þórarinn kaupm. Guðmundsson, krafist þess að aukaréttardómurinn verði staðfestur, þó svo að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir undirrétti. En þessari síðast greindu kröfu verður ekki gaumur gefinn, með því að hann hefir ekki gagnáfrýjað málinu; þá krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi, eftir mati réttarins.

Það er enginn ágreiningur um það í málinu að áfrýjandi hafi unnið hjá stefnda akstursvinnu árið 1914, frá ársbyrjun og fram í októbermánuð, og að kaupið fyrir vinnu þessa sé rétt reiknað 385 kr. 32 aurar. En stefndi heldur því fram, að áfrýjandi hafi verið vinnumaður móður sinnar, og hafi nefnt

kaup því verið ritað í reikning hennar og talið henni til inntektar. Hafi þessu verið þannig varið 3 undanfarin árin, 1911—1913, og hafi stefnda verið ókunnugt um að nokkur breyting hafi orðið á þessu árið 1914, fyr en áfrýjandi fór að heimta reikning sinn seint í október eða snemma í nóvember nefnt ár. Áfrýjandi kannast og við að þessu hafi verið þannig varið til ársloka 1913, en þá hafi orðið breyting á því. Hafi hann þá gerst lausamaður og farið að vinna fyrir sjálfan sig. Hafi hann gefið stefnda þetta greinilega í skyn með því að senda honum reikninga yfir vinnu sína við hver mánaðarlok 3 fyrstu mánuði ársins, enda hafi stefndi hins vegar kannast við þetta með því að stýla til hans, áfrýjanda sjálfs, reikning eða »nótu« yfir vinnukaup hans í júlí 1914. Um þetta segir stefndi að á síðastnefnda »nótu« hafi af vangá verið ritað nafn áfrýjanda, svo sem hún væri stýluð til hans; »nótan« hafi í raun og veru verið stýluð til móður hans, og sjáist það glögglega af síðustu innfærslunni í henni: »sjálf 69¼ tíma vinna á 0.25«, þar sem hér sé talin vinna móður hans, og virðist það eftir þessu rétt vera að »nótan« hafi í raun og veru verið stýluð til hennar. Um vinnureikninga áfrýjanda segir stefndi að það hafi verið eðlilegt að áfrýjandi gæfi skýrslu um vinnutíma sína til vinnuveitanda, og á annan veg hafi hann ekki litið á þessa reikninga. Það verður og að líta svo á, að áfrýjandi geti eigi lagt frekar upp úr þessum reikningum en að þeir hafi verið tilkynning til stefnda um upphæð vinnu áfrýjanda. Þar sem það er nú viðurkent í málinu, að áfrýjandi vann fyrir móður

sína til ársloka 1913, og að hún þá átti vinnu hans þann tímann, ennfremur að hann hélt áfram að hafa húsnæði og fæði hjá henni árið eftir, hélt áfram sömu atvinnunni og notaði við hana sama hestinn, sem vitanlega hefir verið eign móður hans, og það á hinn bóginn er alls ósannað að stefndi hafi fengið vitneskju um, eða haft nokkra ástæðu til að ætla, að breyting hafi orðið á þessu um áramótin 1913 til 1914, enda gat að minsta kosti gengið út frá því sem vissu, að engin breyting yrði á högum áfrýjanda að því er vistráð snertir fyr en á næsta vinnuhjúaskildaga, — þá verður að líta svo á, að það hafi verið stefnda ábyrgðarlaust að halda áfram að telja vinnulaun áfrýjanda móður hans til inntektar og færa þau í reikning hennar, þangað til að hann fekk vitneskju um það, að áfrýjandi var orðinn sjálfs sín maður, en það var ekki fyr en um mánaðamótin október—nóvember, eins og áður var sagt. Krafa áfrýjanda verður því ekki tekin til greina, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í öllum greinum. — Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðast 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. — Áfrýjandi Jóhannes H. Jóhannsson greiði stefnda Þórarni Guðmundssyni málskostnað fyrir yfir-

dómi 25 krónur, og lúkist upphæð þessi innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. maí 1916.

Nr. 8/1916. Eggert Claessen fyrir hönd British North Western Syndicate Ltd. gegn Birni Bjarnarsyni.

Dómur:

Á erfingjaskiftum 14. ágúst 1904 eftir Benedikt Sveinsson sýslumann, var börnum hans, Einari Benediktssyni fyrverandi sýslumanni og Kristínu Benediktsdóttur úthlutað í arf, henni m. a. jörðin Gröf í Mosfellssveit, og honum m. a. »veiðiréttindi búsins í vötnum og ám fyrir ofan Elliðaár, með Hólmsá og Bugðu«. Með afsalsbréfi dags. 6. marz 1905 seldi Kristín Benediktsdóttir jörðina Gröf stefnda í þessu máli, Birni hreppstjóra Bjarnarsyni, er þar býr nú, og með afsalsbréfi útgefnu í september 1910 seldi Einar Benediktsson fyrnefnd veiðiréttindi áfrýjanda þessa máls, félaginu British North Western Syndicate Ldt. í London. Leit félagið svo á, að það með afsali þessu hefði eignast veiðiréttindi fyrir Grafarlandi, en stefndi hélt því hinsvegar fram, að veiðiréttur

fyrir Grafarlandi hefði fylgt jörðinni, er hún var honum seld með fyrgreindu afsalsbréfi Kristínar Benediktsdóttur. Út af þessum ágreiningi höfðaði áfrýjandi mál gegn stefnda fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, til þess að fá viðurkendan með dómi eigarrétt sinn að nefndum veiðirétti, og var það mál dæmt í merkjadómnum 9. okt. f. á. á þá leið, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda, en áfrýjandi skyldi greiða merkjadómsmönnum lögákveðið gjald, 90 kr., og stefnda 30 krónur í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 16. febr. þ. á. og krafist þess, að viðurkendur verði með dómnum eignarréttur áfrýjanda að öllum veiðirétti í efri hluta Elliðaánna í svo nefndri Bugðu og Hólmsá með Kirkjuhólmsá, og þar með eignarréttur félagsins (áfrýjanda) að öllum veiðirétti í téðum ám fyrir öllu landi jarðarinnar Grafar í Mosfellssveit, svo krefst hann og málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi heldur fram kröfum sínum fyrir undirrétti, aðallega að málinu verði vísað frá merkjadóminum, en til vara að hann verði sýknaður í málinu og ennfremur krefst hann málskostnaðar að skaðlausu fyrir báðum réttum.

Í 7. gr. landamerkjalaga 17. marz 1882 er svo ákveðið: »Ef eigendur eða umráðamenn jarða skilur á um landamerki eða ítök, skal sá er þrætu vill lúka stefna hinum« o. s. frv. Skipa lögin svo fyrir að merkjadómur skuli fara með slík mál, og er verksvið dómsins afmarkað með hinu tilvitnaða ákvæði.

En nú er það svo, að annar af málsaðilum, áfrýjandi, er eigi eigandi eða umráðamaður neinnar jarðar, er til greina getur komið í sambandi við þetta mál, og verður því að líta svo á, að merkjadómur sé eigi bær um að fara með það.

Það verður því eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá merkjadóminum.

Eftir þessum úrslitum þykir áfrýjandi eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá merkjadóminum. Áfrýjandi, Eggert Claessen, fyrir hönd British North Western Syndicate Ldt. greiði stefnda, Birni Bjarnarsyni 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. maí 1916.

Nr. 56/1915. Snorri Jónsson
gegn
G. Gíslason & Hay Ltd.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Snorri Jónsson kaupmaður á Akureyri, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda, firmanu G. Gíslason & Hay Ldt., til greiðslu á 1970 kr. 49 aur. viðskiftaskuld ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1913 til borgunardags og málskostnaði. — Stefndi höfðaði þá gagnsök á hendur áfrýjanda og krafðist þess að verða sýknaður af kröfum hans og dæmdur til að greiða sér 598 kr. 46 aur. ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnaði. Lauk málum þessum svo fyrir bæjarþinginu 29. júlí f. á. að stefndi G. Gíslason & Hay Ldt. var dæmdur til að greiða áfrýjanda 597 37 aur. með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1913 til borgunardags, en að öðru leyti voru málsaðilar sýknaðir af hvors annars kröfum, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. ág. f. á. og krafist þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir bæjarþinginu verði teknar til greina og að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnda. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 23. nóv. f. á. og krafist þess að dóminum verði breytt þannig, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 598 kr. 46 aur. ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Svo krefst hann og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi, eftir mati réttarins.

Eftir skýrslu aðaláfrýjanda eru málavextir í aðalmálinu þessir: Haustið 1912 seldi hann stefnda ýmsar íslenzkar vörur fyrir samtals kr. 12317.52, en upp í þetta hefir hann aðeins fengið greiddar kr. 10347.03. Um vörur þessar og andvirði þeirra er eigi ágreiningur um aðrar tegundir en þessar:

I. Labradorfisk, sem nam $42^{90}/_{320}$ skpd., telur áfrýjandi seldan fyrir 55 kr. skippundið eða fyrir kr. 2325.46, en stefndi telur fisk þennan seldan fyrir 51 kr. hvert skippund eða fyrir kr. 2156.34. Á fiskverðinu er þannig ágreiningur milli aðila um kr. 169.12.

II. Dilkakjöt, 60 tunnur, telur áfrýjandi selt fyrir 3375 kr. en stefndi fyrir 3336 kr. 21 aur. Er þannig ágreiningur um kr. 38.79.

III. Keilu, $32^{260}/_{320}$ skippund, telur áfrýjandi selda fyrir 43 kr. hvert skippund, alls á 1410 kr. 94 aur. Stefndi telur hana selda fyrir 1313 kr. 40 a. Ágreiningur er því um 97 kr. 90 aur.

IV. Fiskumbúðir. Um hinn selda fisk voru umbúðir, sem stefndi átti að skila aftur eða borga með 204 kr. Ágreiningur er um það milli málsaðila hvort umbúðum þessum hefir verið skilað aftur eða ekki. Stefndi heldur því fram að þeim hafi verið skilað, en áfrýjandi neitar því.

Þessi ágreiningsatriði koma þá fyrst til athugunar:

I. Um Labradorfiskinn. Með samningi dags. 11. sept. 1912 seldi áfrýjandi stefnda 50—125 skpd. af Labradorfiski, án þess að verð sé tiltekið. Heldur áfrýjandi því fram, að munnlega hafi verið svo um

samið að verðið skyldi vera hæsta verð, sem borgað yrði þá um haustið á Akureyri, fyrir slíkan fisk, en það hafi verið 55 kr. fyrir skpd. Stefndi heldur því hinsvegar fram að verðið hafi verið umsamið 51 kr. Þessi skýrsla stefnda styðst við símskeyti, sem farið hafa milli skrifstofu hans hér og í Leith, og við skeyti, er skrifstofan hér sendi umboðsmanni firmans á Akureyri, en sérstaklega við það, að í bréfi til áfrýjanda, dags. 16. sept. 1912 telur stefndi verðið á Labradorfiskinum 51 kr. skpd., og í svari sínu upp á þetta bréf hreyfir áfrýjandi engum mótmælum gegn þessu verði. Verður því, svo sem undirdómarinn hefir gert, að líta svo á, að áfrýjandi hafi samþ. það. Ber því að draga 169.12 frá kröfu áfrýjanda.

II. Dilkakjötið. Í símskeyti 18. sept. 1912 býður áfrýjandi stefnda 60 tunnur af dilkakjöti til sölu í Kaupmannahöfn fyrir 60 kr. tunnuna, þó þannig, að kostnaður fari eigi yfir kr. 3.75, krefst hann því að fá fyrir hverja tunnu kr. 56.25. Þessu skeyti svaraði stefndi með símskeyti samdægurs á þann veg, að hann hefði selt fyrir áfrýjanda 60 tunnur gegn $2^1/_2\%$ ómakslaunum og óumflýjanlegum kostnaði, og var óskað staðfestingar á sölunni. Það sést ekki á skjölum málsins að áfrýjandi hafi mótmælt þessum skilyrðum fyrir sölunni, og þar sem hann síðar sendi stefnda umrætt kjöt án frekari samninga, verður að líta svo á, að hann hafi samþykt skilyrði þau, er stefndi setti í skeyti sínu. Þar sem stefndi í skilagrein sinni fyrir kjötsölunni virðist eigi hafa farið út fyrir þessi skilyrði, ber að draga kr. 38.79 frá kröfu áfrýjanda.

III. Keilan. Aðilar eru sammála um það, að keilan hafi átt að kosta 43 kr. skpd. eða, alls kr. 1410.94, eins og áfrýjandi gerir kröfu til, en stefndi hefir dregið frá þessari upphæð kr. 97.90 fyrir þá sök, að keilan hafi verið of smá, en með því það er eigi sannað gegn mótmælum áfrýjanda að keilan hafi verið svo smá, að hún hafi ekki getað talist góð verzlunarvara, verður þessi frádráttarkrafa stefnda eigi tekin til greina.

IV. Fiskumbúðirnar. Það verður að telja það viðurkent að fiskur sá, er umbúðirnar voru um, hafi eigi komið til Leith fyr en í desember, og að umbúðirnar hafi verið sendar til Akureyrar rétt eftir áramótin. Svo verður og að telja það sannað, að áfrýjandi hafi fengið vitneskju um það snemma á árinu 1913 að umbúðirnar væru komnar til Akureyrar, og að hann hafi getað fengið þær afhentar. Verður því ekki álitið að áfrýjandi hafi haft rétt til að neita að taka á móti fiskiumbúðum þessum, svo sem hann hefir gert í bréfi sínu 8. apríl 1913, og verður því þessi kröfuliður í reikningi áfrýjanda að falla burtu.

Þá hefir stefndi krafist þess, að frá kröfu áfrýjanda verði dregnir vextir af skuld hans við stefnda árið 1911 £ 8—10—2 eða kr. 156.52. Þessi krafa var eigi tekin til greina í undirrétti með því henni var mótmælt og eigi var gerð grein fyrir henni öðruvísi en á ensku. Hér fyrir réttinum hefir verið lögð fram þýðing á íslenzku af viðskiftareikningi málsaðila 1911. Þar sem hér er um kaupmannaviðskifti að ræða verður að álíta að stefndi hafi haft rétt til að

reikna sér vexti af inneign sinni hjá áfrýjanda og með því að áfrýjandi hefir eigi sýnt fram á að vaxtaútreikningur stefnda sé rangur, ber að draga umræddа vaxtakröfu frá kröfu áfrýjanda í aðalmálinu.

Samkvæmt framansögðu ber að draga frá kröfu áfrýjanda kr. 169.12+38,79+204.00+156.52=kr. 568.43 og er þá krafa hans í aðalmálinu, sem tekin verður til greina kr. 1970.49÷568.43 = kr. 1402.06.

Í gagnsökinni krefst stefndi skaðabóta hjá áfrýjanda fyrir það, að hann hafi sumpart riftað samningi um sölu á fiski, sumpart látið af hendi minna en selt var og seinna en vera átti.

Sumarið 1912 kom það til tals að áfrýjandi seldi stefnda 200 skpd. af stórfiski og 50 skpd. af keilu. Stefndi vildi eigi kaupa stórfiskinn óséðann, og óskaði eftir sýnishorni af honum. Þetta sýnishorn sendi áfrýjandi til skrifstofu stefnda í Leith, og eftir að það var komið fram, sendi stefndi áfrýjanda hinn 7. október 1912 svohljóðandi símskeyti: »Samkvæmt tilboði í dag staðfestum við að hafa selt fyrir yður 200 skpd. stórfisk eftir sendu sýnishorni á 61 kr., 50 skpd. keilu á 43 kr. Hvorttveggja pr. skpd. innpakkað f. o. b. afhendist í okt., umbúðir endursendist. Staðfestið«. Í skeyti áfrýjanda daginn eftir 8. okt. segir svo: »Samkvæmt símtali viðurkenni eg að selja yður 200 skpd. stórfisk sekunda 61 kr. skippundið, keilu 40/50 skippund 43 krónur f. o. b. umbúðir skilist. Borgun hér strax eftir afskipun«. — Verður að líta svo á, að með þessu hafi komist á samningur um söluna. Áfrýjandi heldur því að vísu fram, að svo hafi þó ekki verið, með því að sím-

skeytin séu ekki samræmileg, þar sem hið síðara símskeyti vísi ekki til símskeytis heldur til símtals, og í síðara símskeytinu sé gert að skilyrði að borgun fari fram á útskipunarstað, en þetta hafi ekki verið samþykt af stefnda. Þessar mótbárur áfrýjanda virðast þó eigi verða teknar til greina, meðal annars af þeirri ástæðu, að í símskeytum þessum, sem samið er um söluna á stórfiskinum, er einnig samið um sölu á keilunni, og sá samningur hefir verið látinn gilda, enda er ekkert ósamræmi á milli skeytanna, að því er snertir greiðslu á fiskinum, þar sem ekkert er talað um borgunartíma eða stað í símskeyti stefnda, og hann með því virðist hafa falið áfrýjanda að ákveða það.

Samninginn um stórfiskinn uppfylti áfrýjandi ekki, heldur lét stefnda vita með símskeyti 10. okt. að »tilboð« sitt stæði eigi lengur frá sinni hlið. — Krefst stefndi bóta fyrir þessi samningsrof. — Þá krefst stefndi bóta fyrir það, að samningur um sölu á 40/50 skippundum af keilu, sem hafi átt að sendast í október, hafi ekki verið haldinn; keilan hafi komið of seint, verið minni en vera átti og verri vara. Það verður nú að telja það sannað að samningur hafi komist á milli aðila um sölu á að minsta kosti 40 skippundum af keilu með áðurnefndum símskeytum aðila 7. og 8. okt. 1912, en af fiskitegund þessari skilaði áfrýjandi tæpum 33 skpd. — Loks gerir stefndi kröfu til skaðabóta fyrir það, að Labradorfiskurinn hafi komið of seint og verið minni en um var samið, en vansent var af þessari fiskitegund $7^{230}/_{320}$ skpd.

Fyrir ofangreindar vanefndir hefir stefndi gert kröfu til skaðabóta, að upphæð alls stpd. 103—10—7, og hefir hann sundurliðað skaðabótaupphæð þessa þannig:

1. Fyrir riftingu á samningum um stórfiskinn, pd.sterl. 86—0—0.

2. Fyrir vansendingu á keilunni m. m. 13—11—1.

3. Sömuleiðis út af Labradorfiskinum 3—19—6.

Hvað skaðbæturnar snertir fyrir riftingu samningsins um stórfiskinn skýrir stefndi frá því, að hann í trausti til samningsins við áfrýjanda hafi verið búinn að selja nokkuð af fiskinum, en með því að hann sökum vanefnda áfrýjanda hafi ekki getað staðið í skilum við viðskiftamenn sína, hafi hann neyðst til að ganga að því að greiða þeim sterl.pd. 41—0—0 í skaðabætur, og hefir hann lagt fram í málinu kvittun frá 2 mönnum þessu til sönnunar. Þessa upphæð virðist þó ekki heimild til að dæma áfrýjanda til að greiða, með því að sölusamningar þeir um fiskinn, er stefndi varð að greiða bætur fyrir, eru gerðir 17. og 23. okt., eða eftir að áfrýjandi með símskeytinu 10. október hafði tjáð stefnda að hann teldi sig eigi bundinn við að selja honum stórfiskinn.

Af skaðabótakröfunni út af samningnum um keiluna virðast sterl.pd. 12—0—0 vera fyrir of seina sendingu á henni, en þar sem enginn afhendingartími er nefndur í símskeyti áfrýjanda 8. okt. 1912, getur það ekki talist sannað að áfrýjandi hafi skuldbundið sig til að senda keiluna fyr en gert var, og verður því þessi upphæð ekki tekin til greina.

Á hinn bóginn hefir stefndi fært miklar líkur fyrir því. að hann hafi beðið tjón við samningsrof áfrýjanda, og að þetta tjón hafi verið alt að 1—10 10 sterl.pd. fyrir hvert tonn af stórfiski, og með tilliti til þess ennfremur að það virðist koma fram í málfærslu málsaðila að fiskverð hafi farið heldur hækkandi haustið 1912, virðist tjón það, er stefndi hefir beðið við vanefndir áfrýjanda, hæfilega metið í hinum áfrýjaða dómi 900 kr. Það ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 900 kr. skaðabætur, og dregst þessi upphæð frá kröfu áfrýjanda í aðalmálinu, og ber stefnda því að greiða áfrýjanda kr. 1402.06÷900.00=kr. 502.06 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1913, en að öðru leyti séu aðilar sýknir af hvors annars kröfum, bæði í aðalsök og gagnsök.

Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi G. Gíslason & Hay Ltd. greiði áfrýjanda Snorra Jónssyni 502 kr. 6 aur. með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1913 til borgunardags. Að öðru leyti séu málsaðilar sýknir af hvors annars kröfum.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 19. júní 1916.

Nr. 90/1915. Tómas Jónsson
gegn
Ólafi Briem.

Dómur:

Mál þetta höðfaði áfrýjandinn, Tómas bóndi Jónsson, í héraði fyrir gestarétti Skagafjarðassýslu, út af forkaupsrétti eða kauparétti á jörðinni Syðri-Hofdölum í Viðvíkurhreppi, eign Landsbankans, og stefndi hann í málinu Ólafi Briem alþingismanni, sem umboðsmanni bankans, enda kemur það fram í málinu síðar, að Landsbankastjórnin hafði falið Ólafi Briem umsjón með jörðinni og umboð með sölu á henni. Gestaréttrurinn dæmdi málið 29. júní f. á. á þá leið, að stefndi var fyrir hönd Landsbankans og »sjálfur persónulega« sýknaður að öllu leyti, og málskostnaður látinn falla niður. Nú hefir Tómas Jónsson skotið þessum gestaréttardómi til yfirdómsins, með stefnu dags. 31. desbr. f. á., og er það aðalréttarkrafa hans, að stefndi Ólafur Briem verði fyrir hönd Landsbankans eða sjálfur persónulega dæmdur til að selja honum nefnda jörð, Syðri-Hofdali, fyrir nánar tiltekið verð og jafnframt skyldaður til að gefa honum, áfrýjanda, afsalsbréf fyrir jörðinni; hefir áfrýjandi stefnt Ólafi Briem einum til að svara í sökinni. Hinn rétti málsaðili er þó eigandi jarðarinnar, Landsbankinn, og með því að honum hefir eigi verið stefnt til að gæta hagsmuna sinna í sökinni hér fyrir réttinum, og hann hinsvegar eigi hefir veitt stefnda umboð til þess, verður eigi hjá því komist að taka til greina kröfu

stefnda um frávísun málsins; svo verður og eftir þessum úrslitum að dæma honum málskostnað samkvæmt kröfu hans, og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Málinu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandi, Tómas Jónsson, greiði stefnda, Ólafi Briem, 25 kr. í málskostnað, og skal lúka upphæðinni áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 19. júní 1916.

Nr. 1/1916. Bogi Brynjólfsson
gegn
Gísla Guðmundssyni
og Einari Gíslasyni.

Dómur:

Með bréfi dags. 20. jan. 1909 gáfu hinir stefndu Gísli Guðmundsson og Einar Gíslason, bændur á Urriðafossi í Árnessýslu, Gesti Einarssyni á Hæli umboð til þess að selja, leigja eða á annan hátt koma í verð eign þeirra Urriðafossi í Þjórsá, ásamt tilheyrandi landsspildu meðfram ánni, sem nánar er ákveðin í umboðinu, og með yfirlýsingu dags. sama

dag skuldbundu þeir sig til þess að greiða Gesti í ómakslaun 5% af söluverði fossins, sem ekki mátti vera lægra en 14000 kr., og auk þess $^2/_3$ hluta af þeim hluta söluverðsins, er færi yfir þessa upphæð, ennfremur, ef um leigu yrði að ræða, 42 kr. af árlegri leigu eftir fosssinn. Réttindi sín og skyldur eftir nefndri yfirlýsingu og umboði framseldi Gestur Einarsson Þorleifi Guðmundssyni frá Háeyri, 24. febr. 1911, en hann seldi umræddan foss með tilheyrandi landsspildu, Sturlu kaupmanni Jónssyni í Reykjavík, með kaupsamningi dags. 19. jan. 1914 fyrir 14000 kr., þannig, að kaupandi átti að greiða 1000 krónur af kaupverðinu 31. ágúst s. á. og síðan 1000 kr. ár hvert á sama gjalddaga næstu 3 ár, og þar eftir 2000 kr. á ári í næstu 5 ár, einnig á sama gjalddaga. — Þorleifur Guðmundsson, sem taldi sig hafa rétt til 700 kr. sölulauna, samkvæmt framannefndri yfirlýsingu hinna stefndu, framseldi þennan rétt sinn sjálfum fosskaupandanum, Sturlu Jónssyni, 30. jan. 1915, en hann aftur áfrýjanda, með framsali dags. 1. febr. þar á eftir. Höfðu hinir stefndu þá þegar veitt móttöku fyrstu afborgun af kaupverði fossins og gefið viðurkenningu fyrir með áritan sinni á eftirrit af kaupsamningi þeim, sem áður er getið. Hinn 31. ág. f. á. greiddi kaupandi áskilda afborgun af fossverðinu, og höfðu stefndu þannig tekið á móti 2000 kr. upp í fossverðið, er þetta mál var höfðað.

Með því að stefndu töldu sér eigi skylt að greiða nefnd sölulaun, höfðaði áfrýjandi mál þetta fyrir gestaréttí Árnessýslu, og lauk málinu með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 17. des. f. á., á þá leið

að stefndu voru dæmdir til að greiða nú þegar 100 kr. af sölulaununum, en það var 5% af þeim 2000 kr., er kaupandi hafði greitt upp í söluverð fossins, svo og 75 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 6. jan. þ. á. og krafist þess, að stefndu verði dæmdir til in solidum að greiða honum 700 kr. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, málskostnað fyrir gestaréttinum með 300 kr., eða til vara eftir mati yfirdómsins, svo og málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Hinir stefndu hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu, útg. 20. marz þ. á., og hafa þeir krafist þess að verða algjörlega sýknaðir af kröfum áfrýjanda, eða til vara að verða sýknaðir að svo stöddu af kröfum hans; til þrautavara krefjast þeir þess að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða áfrýjanda 100 kr. En hvernig sem málið fer, krefjast þeir þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, eftir mati réttarins.

Kröfu sína um algjörða sýknun byggja stefndu á því að heimildarmann áfrýjanda, Þorleif Guðmundsson, hafi skort rétt til að selja Sturlu kaupmanni Jónssyni hinn umrædda foss, með því að hann hafi gert félagi nokkru í Paris tilboð um kaup eða leigu á fossinum, og við þetta tilboð hafi hann verið bundinn, er hann gerði samninginn við Sturlu Jónsson. Samningur þessi hafi því verið ógildur, enda hafi stefndu, er þeir fengu að vita um hann, mótmælt honum sem gerðum í heimildarleysi. Þá taka stefndu það fram,

að þá er þeir veittu móttöku fyrstu afborgun kaupverðsins, hafi það verið samkvæmt nýjum og sjálfstæðum samningi þeirra við Sturlu Jónsson, að vísu sama efnis, en án allrar milligöngu Þorleifs.

Eftirrit af tilboði því, er stefndu eiga við, hefir verið lagt fram í máli þessu. Það er dagsett 24. febr. 1911, og er stýlað til konsúls I. P. Brillouin, en að því er virðist síðar framselt af honum til félags nokkurs í París. Samkvæmt skjali þessu hefir tilboð þetta eigi verið bindandi fyrir tilboðsgefanda lengur en til 24. febr. 1913, en þar sem ekkert er framkomið í máli þessu um að áminst félag hafi innan tiltekins tíma int af hendi þær greiðslur, er áskildar voru, eða fengið tilboðsfrestinn lengdan, verður ekki séð að sölusamningur Þorleifs Guðmundssonar við Sturlu Jónssonar um fossinn, hafi verið ógildur vegna samningstilraunanna við hið frakkneska félag, en þar sem stefndu halda því fram, að þeir hafi veitt fyrstu afborgun kaupverðsins móttöku, ekki samkvæmt samningi Þorleifs, heldur eftir nýjum, sjálfstæðum samningi við Sturlu Jónsson, án milligöngu hans, þá getur þetta ekki talist rétt, því þeir hafa með berum orðum tekið það fram í áritunsinni á hið framlagða eftirrit af kaupsamningnum milli Þorleifs og Sturlu, að þeir hafi veitt 1. og 2. afborgun kaupverðsins móttöku, samkvæmt þeim samningi og engum öðrum.

Aðalkrafa hinna stefndu getur því eigi tekist til greina.

Til vara hafa hinir stefndu krafist sýknunar að svo stöddu, af því krafa áfrýjanda sé eigi gjaldkræf.

Skírskota þeir þessu til stuðnings til þess, að í umboðinu til Gests Einarssonar og í yfirlýsingunni til hans um sölulaunin, sem áfrýjandi leiðir rétt sinn frá, sé lögð áherzla á það, að afsal megi ekki gefa fyr en kaupverðið sé greitt að fullu, en í þessu felist bæði það, að um fullnaðarsölu geti ekki verið að ræða fyr en kaupverðið sé að fullu greitt, og að starfi umboðsmannsins sé ekki lokið fyr en afsal hafi farið fram, hann hafi átt að sjá um afsalið, og þá jafnframt um að kaupverðið sé greitt, sé því verk það, er umboðsmaðurinn hafi átt að inna af hendi til þess að fá sölulaunin, eigi unnið fyr en kaupverðið sé greitt og afsal gefið, og því geti hann ekki krafist sölulaunanna að svo stöddu. Þetta liggi beinlínis í orðum umboðsins og yfirlýsingarinnar um sölulaunin og liggi auk þess í hlutarins eðli, því annars hefði umboðsmaðurinn getað haft fé af þeim (stefndu), með því að gera kaupsamning um fossinn til málamynda, t. d. fyrir 50000 kr., heimta svo af þeim 5% af 14000 kr. og þess utan $^2/_3$ af 36000 kr. eða samtals 24700 kr. án þess neitt væri greitt upp í andvirðið, eða þá að kaupandinn losaði sig við samninginn með því að greiða t. d. 200 kr. eins og Sturlu Jónssyni sé heimilað með 4. gr. hins umrædda samnings.

Áfrýjandi heldur því hins vegar fram, að það sé föst venja, ef ekki sé öðruvísi um samið, að sölulaun séu greidd, þá er kaupsamningur um eign sé gerður, og samkvæmt þessari venju hafi sölulaun þau, er hér ræðir um, orðið gjaldkræf við undirskrift kaupsamningsins við Sturlu Jónsson.

Með tilliti bæði til þess að ákveðið er í umboðinu og yfirlýsingunni um sölulaunin, að afsalsbréf megi ekki gefa út fyr en kaupverð fossins sé að fullu greitt, og til þess að sölulaun þau, er stefndu hafa lofað að greiða fyrir sölu á fossinum, eru óvanalega há, 5% af 14000 kr. og auk þess $^2/_3$ hlutar af þeirri upphæð, sem fossinn kynni að seljast þar yfir, verður að álíta að stefndu hafi, svo sem þeir halda fram, miðað sölulaunin við borgun kaupverðsins út í hönd eða við að það væri greitt að fullu, og þar sem hins vegar ekki virðist næg heimild til þess, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi, að láta sölulaunin falla í gjalddaga smátt og smátt, eftir því sem afborganir eru greiddar upp í kaupverðið, verður að sýkna hina stefndu af kröfum áfrýjanda að svo stöddu.

Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir undirrétti falli niður, en málskostnað fyrir yfirrétti ber áfrýjanda að greiða stefndu með 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinir stefndu, Gísli Guðmundsson og Einar Gíslason, eiga að svo stöddu að vera sýknir í máli þessu af kærum og kröfum áfrýjanda Boga Brynjólfssonar, og ber honum að greiða stefndu í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur, en málskostnaður í héraði fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 26. júní 1916.

Nr. 13/1916: Sveinn Jón Einarsson
gegn
borgarstjóra Reykjavíkur
f. h. bæjarsjóðs.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Sveinn Jón Einarsson, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, gegn stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs til greiðslu á 953 kr. fyrir aukahreinsanir salerna bænum tilheyrandi, á árunum 1912—1914. Stefndi krafðist þess að verða sýknaður af kröfum og kærum áfrýjanda, en höfðaði jafnframt gagnsök á hendur honum til þess að fá hann dæmdan til að endurgreiða bæjarsjóði kr. 258.18, er honum (áfrýjanda) hefði verið ofgreitt úr bæjarsjóði fyrir salernahreinsun árið 1913. Lauk málum þessum svo fyrir bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 10. febr. þ. á. að málsaðilar voru sýknaðir hvor af annars kröfum, málskostnaður í aðalmálinu var látinn falla niður, en í gagnsökinni var áfrýjandinn dæmdur í 10 kr. sekt, fyrir óþarfa þrætu, og 20 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 28. febr. þ. á. og krafist þess, að stefndi, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, verði dæmdur til að greiða honum 953 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og málskostnað fyrir bæjarþingi og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi hefir hins vegar gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 14. apríl þ. á., og hefir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði, að því aðalmálið snertir, staðfestur, en að því gagnsökina snertir, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða bæjarsjóði 258 kr. 18 aura ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, svo og til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum.

Tildrög máls þessa eru þau, að áfrýjandi hafði á hendi hreinsun salerna fyrir Reykjavíkurbæ árin 1912—1914, samkvæmt samningum við borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarstjórnar, dags. 6. júní 1912 (framlengdum 6. sept. 1913 til 1. jan. 1914) og 20. nóv. 1913. Samkvæmt samningnum frá 6. júní 1912 skyldi hreinsunarmaður hreinsa hvert salerni einusinni á viku og fá fyrir hverja hreinsun úr bæjarsjóði 6 aura fyrir hvert salerni, sem notað er af 3 mönnum eða færri, 9 aura fyrir hvert salerni, sem notað er af 4—10 mönnum, og $13^1/_2$ eyrir fyrir hvert salerni, er fleiri en 10 manns nota. Samkvæmt samningum 20. nóvbr. 1913 skyldi hreinsunarmaður hreinsa hvert salerni einusinni á viku, mánuðina janúar, febrúar, marz, apríl, október, nóvember og desember, en hina mánuði ársins einusinni á hverjum 14 dögum, og fá fyrir hreinsun hvers salernis um árið kr. 1.50 fyrir hvert salerni, er 3 menn nota, kr. 2.25 fyrir hvert, sem notað er af 4—10 mönnum og kr. 3.50 fyrir hvert sem notað er af 11 mönnum eða fleiri, og samkvæmt viðauka við samning þennan 30. maí 1914, tók áfrýjandi að sér að hreinsa salerni bæjarins frá 1. maí til loka septembers einnig vikulega

fyrir 700 kr. aukaborgun. Í 8. gr. þessara samninga er hreinsunarmanni gert að skyldu að framkvæma aukahreinsanir eftir sérstakri beiðni. Þessi grein, sem er samhljóða í báðum samningunum, að öllu öðru leyti en gjaldhæðinni, hljóðar þannig: »Nú krefst húseigandi aukahreinsunar, og er þá hreinsunarmanni skylt að framkvæma hana gegn 50 aura — 20 aura í samningnum frá 20. nóvbr. 1913 — endurgjaldi fyrir hverja hreinsun frá húseiganda«. Samkvæmt þessari grein samninganna kveðst áfrýjandi hafa að fyrirlagi borgarstjóra framkvæmt aukahreinsun á salernum barnaskólans og á salernum á stakkstæðinu gegnt sölubúð Gunnars Gunnarssonar, þænum tilheyrandi, telur hann að hann hafi á tímabilinu frá 1. október 1912 til 31. desember 1913 framkvæmt 390 aukahreinsanir á salernum barnaskólans, er hann reiknar á 50 aura hverja eða 195 kr., og árið 1914 280 aukahreinsanir á 20 aura hverja eða 56 kr. Á stakkstæðissalernunum hafi hann á tímabilinu frá 1. júlí 1913 til 31. desember s. á. framkvæmt 780 aukahreinsanir á 50 aura hverja eða á 390 kr., og árið 1914 1560 aukahreinsanir á 20 aura hverja eða 312 kr., og er krafa áfrýjanda þannig fyrir allar aukahreinsanirnar 953 kr.

Það verður nú að telja sannað eða eigi mótmælt að áfrýjandi hafi framkvæmt aukahreinsanir þær, er hann gerir reikning fyrir, en ágreiningurinn er aðallega um það, hvort honum beri borgun fyrir þessar aukahreinsanir úr bæjarsjóði, og þá hve mikla.

Af hálfu stefnda er því neitað, að þáverandi

borgarstjóri hafi krafist þess að áfrýjandi framkvæmdi umræddar aukahreinsanir, og þegar af þeirri ástæðu geti hann ekki gert neitt tilkall til borgunar úr bæjarsjóði fyrir þær, en þótt þær hefðu verið framkvæmdar að tilhlutun réttra hlutaðeigenda, þá ætti áfrýjandi þó ekki að fá neina borgun fyrir þær.

Þetta hafi áfrýjanda verið ljóst frá upphafi og sjáist af því, að þá er hann gerði bæjarsjóði reikning fyrir salernahreinsununum árin 1912 og 1913 hafi hann ekki gert kröfu til neinnar borgunar fyrir umræddar aukahreinsanir, en þó átti hann eftir samningunum að fá borgun fyrir hreinsanir salerna mánaðarlega eftir á. Á hið sama bendi það og að áfrýjandi hafi í júní 1914 endurborgað bæjarsjóði orðalaust kr. 478.39, sem honum hafi verið ofborgað fyrir salernahreinsanir árið 1913.

Áfrýjandi hefir að vísu ekki getað sannað að borgarstjóri sjálfur hafi fyrirskipað umræddar aukahreinsanir, en þar sem því hefir eigi verið mótmælt, að áfrýjandi hafi framkvæmt hreinsanirnar á barnaskólasalernunum eftir fyrirlagi skólastjóra, og hreinsanirnar á stakkstæðissalernunum eftir fyrirlagi heilbrigðisfulltrúans, verður að álíta að áfrýjandi hafi haft ástæðu til að ætla að þessar fyrirskipanir væru gerðar með samþykki borgarstjóra og að það væri skylda hans að framkvæma þær. Það skiftir því ekki máli þótt borgarstjóri hafi ekki sjálfur fyrirskipað þær.

Það, að áfrýjandi hefir eigi gert bæjarsjóði mánaðarlega reikning fyrir þessum aukahreinsunum og hefir fyrst komið fram með kröfu sína eftir að hann var hættur að annast salernahreinsunina fyrir bæ-

inn, án þess að færa neina sennilega ástæðu fyrir þessum drætti, bendir að vísu til þess, að hann hafi upphaflega ekki álitið að sér bæri sérstök borgun fyrir þær. En þetta verður þó eigi talin nægileg sönnun þess, að áfrýjandi hafi tekið að sér að framkvæma þær endurgjaldslaust. Það verður því að álíta að hann hafi rétt til að fá borgun fyrir þetta verk úr bæjarsjóði.

Svo sem fram hefir verið tekið reiknar áfrýjandi sér borgun fyrir hverja hreinsun, svo sem ákveðið er í 8. gr. framanumgetinna samninga, 50 aura fyrir hverja hreinsun á tímabilinu frá 1. október 1912 til 31. desember 1913, og 20 aura fyrir hverja hreinsun árið 1914. Skýrir hann frá, að í barnaskólanum hafi hann hreinsað 9 salerni (= saurkyrnur) einusinni á viku og á stakkstæðinu 6 salerni (= saurkyrnur) 5 sinnum í viku.

Gagnvart þessu heldur stefndi því fram, að ákvæði 8. gr. samninganna eigi ekki við í þeim tilfellum, er hér ræðir um. Ákvæði greinarinnar um borgun fyrir aukahreinsun eigi einungis við þegar hreinsunarmaður þurfi að gera sér ferð til þess að hreinsa eitt og eitt salerni hingað og þangað út um um bæinn, en þar á móti geti greinin ekki átt við, þar sem svo mörg salerni séu á einum stað, og geti engin sanngirni mælt með því að borga meira fyrir aukahreinsanir á nefndum salernum bæjarins en sem svarar því, sem borgað er fyrir almennar hreinsanir.

Það verður nú að fallast á þá skoðun stefnda, að í 8. gr. samninganna sé aðeins átt við þau venju-

legu tilfelli að hreinsunarmaður þurfi að gera sér ferð til þess að hreinsa eitt og eitt salerni hingað og þangað um bæinn, en að svo viðtækar hreinsanir, sem hér ræðir um, hafi ekki verið hafðar fyrir augum, er borgunin fyrir aukahreinsanir var ákveðin. En þar sem borgunin fyrir verk þetta getur ekki talist samningsbundin, leiðir þar af að áfrýjandi getur ekki átt kröfu til hærri borgunar en þeirrar, er álitin verður sanngjörn og hæfileg, en sé hún borin saman við borgunina fyrir almennar hreinsanir og sérstaklega við það, að áfrýjandi með viðbótarsamningnum 30. maí 1914 tók að sér að hreinsa öll salerni bæjarins mánuðina maí, júní, júlí, ágúst og september einu sinni á viku fyrir 700 kr. aukaborgun, þá virðist það ljóst, að borgun sú, er áfrýjandi fer fram á í máli þessu, er ósanngjörn og óhæfileg. Þar sem hreinsun umræddra salerna bæjarins virðist ekki að neinu leyti hafa verið erfiðari eða hreinsunarmanni kostnaðarsamari en hin almenna hreinsun, virðist rétt að borgunin til áfrýjanda verði ákveðin eftir sama mælikvarða, þó þannig að hvert salerni verði skoðað sem notað af fleiri mönnum en 10 eða eftir hæsta taxta. Eftir reikningi áfrýjanda voru 1170 hreinsanir framkvæmdar á því tímabili, er samningurinn 6. júní 1912 gilti, og ber honum þá fyrir hverja hreinsun $13^1/_2$ eyrir eða kr. 157.95. Árið 1914 bar honum samkvæmt samningunum 20. nóvbr. 1913 að hreinsa hvert salerni 41 sinni; fyrir stærstu salernin átti hann að fá 3 kr. 50 aur. fyrir hvert. Telst þá svo til að fyrir hverja hreinsun hafi honum

borið $8^1/_2$ eyrir eða fyrir 1840 hreinsanir kr. 156.40 eða alls kr. 314.35.

Hvað gagnsökina snertir, þá er henni svo varið, að endurskoðunarmenn bæjarreikningsins fyrir 1913 gerðu meðal annars þá athugasemd við reikninginn, að salernahreinsunarmaður (þ. e. áfrýjandi) hefði reiknað sér fyrir hreinsun salerna frá 1. júlí 1912 til ársloka 1913 kr. 11649.69 og telji hann salerni þau, er hann hafi hreinsað jafnmörg bæði árin, 180 fyrir 3 menn, 1196 fyrir 4—10 menn og 229 fyrir 11—15 menn, telja þeir salernin rétt tilfærð 1912, en 1913 sé tala þeirra eftir salernaskránni 182, 1222 og 174. Telja þeir því að gjaldið eigi að reiknast þannig:

árið 1912	kr.	3883.23
árið 1913	—	7508 28
Samtals	kr.	11391.51

eða 258 kr. 18 aur. lægra en það sé talið í reikningi áfrýjanda. Lagði fjárhagsnefnd bæjarstjórnarinnar til að umræddar kr. 258.18 væru innheimtar hjá áfrýjanda. Mun reikningurinn hafa verið úrskurðaður á þann veg. Áfrýjandi hefir neitað að endurgreiða þessa upphæð, telur hann reikning sinn um tölu salernanna réttann, einnig fyrir árið 1913.

Hér fyrir réttinum hefir verið lögð fram salernaskrá bæjarins 1913 samin af borgarstjóra og dags. 27. marz 1913, og kemur hún heim við athugasemd endurskoðenda um tölu salernanna. Áfrýjandi hefir að vísu mótmælt skjali þessu sem óábyggilegu, en þar sem hann hefir ekki vefengt skrá þessa í neinu einstöku atriði eða bent á galla á henni, verður ekki hjá því komist að leggja hana til grundvallar við út-

reikning á borgun þeirri, er áfrýjanda ber úr bæjarsjóði og verður því að skylda áfrýjanda til að endurgreiða bæjarsjóði umræddar 258 kr. 18 aur.

Í aðalmálinu átti áfrýjandi samkvæmt framansögðu að fá úr bæjarsjóði kr. 314.35 en hinsvegar ber honum að endurgreiða bæjarsjóði 258 kr. 18 aur. Mismuninn 56 kr. 17 aur. ber að dæma stefnda f. h. bæjarsjóðs að greiða áfrýjanda með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 11. júní 1915, til borgunardags. Um málskostnað í undirrétti og um sekt fyrir brot á sáttalöggjöfinni á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður, þó svo að áminst sekt sé 4 kr., sbr. tilsk. 11. ágúst 1819 2. gr. og tilsk. 24. jan. 1838 3. gr. Eftir málavöxtum á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Sveini Jóni Einarssyni, 56 kr. 17 aur. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags.

Í málskostnað fyrir undirrétti greiði áfrýjandi stefnda 20 kr. svo og 4 kr. sekt í landssjóð fyrir óþarfa þrætu. Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 26. júní 1916.

Nr. 11/1916. Lyder Höydal og Jens L. Ouse gegn Gunnari Egilson.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað af stefnda Gunnari Egilson skipamiðlara fyrir aukarétti Vestmannaeyjasýslu gegn félaginu L'azote organique J. P. Brillouin & Co. og var dómur í því kveðinn upp 31. des. 1914. Var dómurinn birtur umboðsmanni félagsins 15. apríl 1915 og fjárnám gert samkvæmt honum í eignum félagsins 18. maí s. á.

En með því áfrýjendur þessa máls, Lyder Höydal kaupmaður í Vestmannaeyjum og Jens L. Ouse kaupmaður í Hafnarfirði telja dóm þennan vera ólöglegan, og að hann sem og fjárnámið sé því til fyrirstöðu að þeir fái fullnægt fjárkröfum, er þeir hafa fengið dóm fyrir á hendur nefndu félagi, hafa þeir skotið fyrnefndum dómi og fjárnámsgerð til yfirdómsins með stefnu dags. 25. febr. þ. á. til þess að fá þessum réttargerðum hrundið eða dæmdar ómerkar gagnvart áfrýjendum.

Með því að áfrýjunarfrestur til yfirdómsins í máli þessu var, eftir því sem þegar er sagt, liðinn þegar áfrýjunarstefnan var gefin út og áfrýjendur hafa ekki lagt fram uppreisnarleyfi, verður ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum og dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað eftir kröfu hans, og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjendur, Lyder Höydal og Jens L. Ouse greiði stefnda Gunnari Egilson 25 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 3. júlí 1916.

Nr. 17/1916. Guðmundur Kristjánsson
gegn
G. Gíslason & Hay Ltd.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi, firmað G. Gíslason & Hay Ltd., fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Guðmundi Kristjánssyni skipstjóra til greiðslu á 1319 kr. 27 aur. Lauk máli þessu svo fyrir bæjarþinginu hinn 23. desbr. f. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda hina umstefndu upphæð 1319 kr. 27 aur. með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1911 til borgunardags og 40 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. marz þ. á. og krafðist þess aðallega, að málinu verði vísað frá undirréttinum, en til vara að verða algerlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda og að hann verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi krefst þess hins vegar að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Frávísunarkrafa áfrýjanda byggist á því, að þá er sáttakæran í málinu var birt, var áfrýjandi, sem er skipstjóri á gufuskipi í förum erlendis, fjarverandi ásamt konu sinni í útlöndum og kom ekki hingað til lands frá því í september árið áður og þar til eftir hinn ákveðna fyrirtektardag sáttarkærunnar. Heldur áfrýjandi því fram, að hann hafi ekki getað vitað svo snemma um sáttakæruna að hann hafi haft ráðrúm til að láta mæta á sáttarfundi; hafi því engin lögleg sáttatilraun getað farið fram í málinu.

Í birtingarvottorði stefnuvottanna er þess getið, að sáttakæran hafi verið birt »í forstofugangi stefnda, Guðmundar Kristjánssonar skipstjóra, í húsinu nr. 22 við Vesturgötu, að honum og öðrum þar á heimilinu, sem alt var lokað og læst, fjarverandi (í útlandinu) fyrir Þorgrími Guðmundssyni kennara, sem býr þar í húsinu«. Birting kærunnar hefir samkv. þessu farið fram á heimili áfrýjanda þ. e. í forstofunni við herbergisdyr hans, og verið birt fyrir manni, sem býr í sama húsi. Með því krafa sú, sem N. L. 1—4—4 gerir til stefnubirtingar, þegar svo stendur á sem hér, verður að teljast uppfylt með því að birta kæruna manni, sem býr í húsinu, verður frávísunarkrafa áfrýjanda ekki tekin til greina.

Kemur þá aðalefni málsins til álita.

Stefndi skýrir svo frá, að verzlunin »Framtíðin« á Dýrafirði og Flatey hafi haft mikil viðskifti við

sig, en eigendur téðrar verzlunar hafi verið Guðni Guðmundsson kaupmaður í Flatey, og áfrýjandi. Hafi þeir hvor um sig borið fulla ábyrgð á skuldum verzlunarinnar, og hafi hvor um sig getað skuldbundið firmað með undirskrift sinni. Um áramótin 1909 og 1910 hafi skuld verzlunarinnar við stefnda verið orðin kr. 1346.83, en þá hafi Guðni heitinn, þegar hann var staddur hér í bænum, undirritað skuldabréf fyrir þessari upphæð. Á þessu skuldabréfi eða yfirlýsingu, sem er útgefin í Reykjavík 15. ágúst 1910, í sambandi við firmatilkynningu frá nefndri verzlun, byggir stefndi rétt sinn í þessu máli. Í yfirlýsingu þessari segir svo: »Hér með lýsi eg því yfir að verzlunin Framtíðin á Dýrafirði og Flatey, sem er eign mín og herra Guðmundar Kristjánssonar í Haukadal (þ. e. áfrýjanda) skuldaði G. Gíslason & Hay í Leith, við síðastliðin áramót, kr. 1346,83 — þrettán hundruð fjörutíu og sex krónur áttatíu og þrjá aura, — sem eg skuldbind okkur til að borga jafnskjótt og okkur er mögulegt, ásamt 6% ársvöxtum«. Í firmatilkynningu frá skrifstofu Ísafjarðarsýslu, dags. 28. maí 1908 er það auglýst, að nefndur Guðni Guðmundsson og áfrýjandi »reka verzlun í fimm verzlunarstöðum með firmanafninu: Verzlunin Framtíðin. Hafa þeir báðir fulla ábyrgð og rita hvor um sig firmað«. Stefndi heldur því fram, að með skjali þessu í sambandi við firmatilkynninguna hafi Guðni skuldbundið áfrýjanda sem meðeiganda firmans »Framtíðin« á Dýrafirði og í Flatey.

Áfrýjandi heldur því hinsvegar fram, að skjal þetta geti ekki haft þessa þýðingu, með því Guðni

hafi ekki undirritað skuldbindingu þessa í nafni firmans, heldur í eigin nafni. Skjalið sé því eigi bindandi fyrir firmað »Framtíðin« sem skuldabréf, en að svo miklu leyti sem þetta skjal eigi að skoðast sem vottorð Guðna um það, að skuldin lægi á firmaninu, þá geti það ekki haft aðra þýðingu en óstaðfest utanréttarvottorð, sem missi gildi sitt við mótmæli, en en fyrir undirrétti hafi því verið mótmælt sem röngu, með því firmað »Framtíðin« eða áfrýjandi hafi ekki átt nokkurn þátt í stofnun umræddrar skuldar, og auk þess hafi firmað aldrei rekið neina verzlun í Flatey. Þessu til sönnunar hefir áfrýjandi lagt fram hér fyrir réttinum vottorð frá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu, um, að engin verzlun hafi verið rekin í Flatey undir firmanafninu »Framtíðin«, og að Guðni Guðmundsson hafi rekið þar verzlun í eigin nafni þau ár, er hann dvaldi í Flatey. Hann bendir og á það, að það sé óvéfengt í málinu, að bú Guðna og verzlun sú, er hann rak í Flatey, hafi verið tekin til skifta og skift sem eign hans, enda hafi stefndi lýst skuldinni í bú hans. Telur áfrýjandi þetta nægja sönnun þess, að Guðni heitinn hafi verið einn eigandi verzlunarinnar í Flatey, og áfrýjandi hafi eigi verið meðeigandi í henni, eða á neinn hátt verið við hana riðinn.

Stefndi heldur því hinsvegar fram, að það geti enga þýðingu haft, þótt Guðni ritaði eigi undir skuldarviðurkenninguna »pr. firmað Framtíðin«, með því að innihald skjalsins sýni það ótvírætt, að hann hafi gert það í nafni »Framtíðarinnar«. — Um vottorð sýslumannsins í Barðastrandarsýslu tekur hann fram,

að það sýni það eitt, að firmað »Framtíðin« hafi eigi verið tilkynt í Barðastrandasýslu, og sérstaklega tekur hann fram, að í skuldbindingarskjali Guðna sé talað um verzlunina »Framtíðin« á Dýrafirði, og því hafi áfrýjandi eigi reynt að hnekkja að þeir Guðni og áfrýjandi hafi rekið þar verzlun með nafninu »Framtíðin«.

Það verður nú að fallast á þá skoðun stefnda, að umgetið vottorð sýslumannsins í Barðastrandarsýslu sanni það eitt, að firmað »Framtíðin« hafi eigi verið tikynnt til verzlunarskrár í Barðastrandarsýslu, og að Guðni hafi ekki rekið þar verzlun undir því nafni. Hitt sannar það engan veginn að Guðni heitinn hafi verið einn eigandi verzlunar þeirrar, er hann rak þar. Í annan stað er það eigi sagt í yfirlýsingu Guðna, að skuldin til stefnda sé stofnuð í Flatey eða stafi frá viðskiftum milli stefnda og þeirrar verzlunar, er hann rak þar. Yfirlýsingin segir ekki annað en það, að verzlunin »Framtíðin« á Dýrafirði og í Flatey, sem sé eign Guðna og áfrýjanda, skuldi stefnda hina umstefndu upphæð, en því hefir eigi verið mótmælt að þeir Guðni og áfrýjandi hafi rekið verzlun á Dýrafirði undir nafninu »Framtíðin«.

Það er að vísu svo, að í firmatilkynningunni er eigi sagt, að firmað reki verzlun á Dýrafirði og í Flatey, en viðurkenning Guðna í hinni umgetnu yfirlýsingu hans í sambandi við firmatilkynninguna verður að nægja stefnda í þessu efni, og það því fremur sem áfrýjandi hefir eigi orðið við áskorun stefnda um að tilgreina þá fimm staði, er firmað hafi rekið verzlun á.

Þótt Guðni hafi eigi ritað undir oftnefnda yfirlýsingu »pr. firmað Framtíðin«, verður þetta, eins og hér stóð á, ekki talið nauðsynlegt til þess að skuldbinda firmað, með því sjálft innihald skjalsins sýnir það ótvírætt, að það er útgefið í nafni firmans og til þess að skuldbinda það. Þar sem Guðni, samkvæmt firmaauglýsingunni, sem áfrýjandi að sjálfsögðu ber fulla ábyrgð á, hafði rétt til að skuldbinda firmað, verður að álíta að Guðni hafi með oftnefndu skjali skuldbundið firmað, og þar með áfrýjanda, til að svara til hinnar umstefndu skuldar.

Hin almennu mótmæli áfrýjanda gegn því, að firmað hafi stofnað umstefnda skuld, verða eigi tekin til greina, og þetta getur eigi talist viðurkent af stefnda, þótt hann á sínum tíma hafi gert kröfu um borgun á henni í dánarbú Guðna Guðmundssonar, með því hvor sameigandi átti að hafa fulla ábyrgð á skuldum firmans, og var stefnda því heimilt að velja um, hvort hann gekk að firmainu í heild eða hvorum aðila fyrst.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig málskostnaðarákvæði hans. — Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, Guðmundur Kristjánsson, greiði stefnda, firmainu

G. Gíslason & Hay Ldt., 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. júlí 1916.

Nr. 41/1915. Magnús Vigfússon gegn Sturlu Jónssyni.

Dómur:

Sturla kaupmaður Jónsson, sem stefndur er í máli þessu, bygði eignarjörð sína, Þingeyrar í Húnavatnssýslu, með bréfi dags. 23. febr. 1911, áfrýjanda Magnúsi Vigfússyni, þá vinnumanni á Vatnsdalshólum. Var Magnúsi samkv. 6. gr. byggingarbréfsins heimiluð ábúð á jörðinni í 5 ár, frá fardögum 1911, en flytja skyldi hann þegar af henni, ef jarðeigandi seldi hana á þessu 5 ára tímabili, þó skyldi þetta ákvæði um skyldu hans til að sleppa ábúðinni »því að eins gilda, að jarðeigandi gæti ekki selt jörðina, nema með því skilyrði, að hann láti kaupanda í té ábúðarréttinn«. Í fardögum 1911 flutti áfrýjandi að Þingeyrum og bjó þar til fardaga 1915. En vorið 1914 seldi stefndi jörðina Jóni S. Pálmasyni fyrverandi verzlunarstjóra, og var svo tilskilið í afsalsbréfinu,

sem er dags. 11. apríl, að jörðin skyldi vera laus til ábúðar í fardögum 1915, og átti seljandi að sjá um það. Með tilvísun til þessa ákvæðis í afsalsbréfinu og fyrgreinds ákvæðis í 6. gr. byggingarbréfs áfrýjanda, sögðu þeir seljandi og kaupandi áfrýjanda upp ábúðinni á Þingeyrum frá fardögum 1915, með skjali dags. 23. nóv. 1914, er var birt honum 9. des. s. á. Áfrýjandi taldi sér þó eigi skylt að sleppa ábúðinni fyr en umsaminn ábúðartími væri á enda í fardögum 1916, og tilkynti hann stefnda með símskeyti 11. maí f. á. að hann, þrátt fyrir útbygginguna, neitaði að fara frá Þingeyrum og hætta ábúð þar í næstu fardögum. Og þegar ábúandi sýndi ekkert snið á sér að flytja burtu í fardögum, krafðist stefndi að sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu bæri hann út af jörðinni. Var fógetaréttur haldinn í því skyni að Þingeyrum 5. júní f. á.; hélt stefndi því þar fram, að áfrýjanda væri skylt að sleppa ábúðinni samkv. 6. gr. byggingarbréfsins, og auk þess kvað hann áfrýjanda hafa rofið byggingarskilmálana í ýmsum greinum, svo að útbyggingu varðaði, þar sem hann hefði tekið húsfólk án leyfis landsdrottins, selt og léð öðrum landsnytjar, hey, slægjur og eldsneyti, án þess að aðrar landsnytjar, er leigujörð hans þyrfti, kæmi í staðinn, og eigi skilað eftirgjaldi eftir jörðina á réttum tíma. Lauk fógetarétturinn sama dag þeim úrskurði á málið, að áfrýjandi skyldi borinn út af jörðinni Þingeyrum, gegn 8000 kr. ábyrgð stefnda fyrir öllum afleiðingum gerðarinnar, og var áfrýjandi samkvæmt þessu borinn út af jörðinni.

Þessum úrskurði hefir áfrýjandi nú skotið til yfir-

dómsins með stefnu dags. 3. júlí f. á. og krafist þess að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og stefndi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir fógetaréttinum og fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi krefst þess að úrskurðurinn verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir fógetarétti og yfirdómi eftir mati dómsins.

Stefndi hefir haldið fram við yfirdóminn sér til varnar sömu ástæðum, sem hann taldi fyrir kröfum sínum fyrir fógetaréttinum. Um ákvæðið í 6. gr. byggingarbréfsins hefir hann tekið það fram, að enginn annar kaupandi hafi verið í boði en Jón S. Pálmason, og hann hafi sett það skilyrði fyrir kaupunum, að jörðin væri laus til ábúðar í næstu fardögum.

Afrýjandi neitar þessu að vísu eigi, en heldur því þó fram, að stefndi hefði getað selt jörðina að óskertum ábúðartíma áfrýjanda, enda hafi hann eigi sannað, að honum hafi verið þetta ómögulegt, en hið eina sem sönnunargildi gæti haft í því efni, væri að stefndi hefði boðið jörðina opinberlega út til kaups, og enginn kaupandi fengist nema jörðin yrði jafnframt laus úr ábúð. Er það þannig skoðun áfrýjanda að stefndi hefði átt að leita fyrir sér um kaupanda, er eigi léti það standa fyrir kaupum á jörðinni, að áfrýjandi héldi ábúðinni 5 árin full, ganga úr skugga um hvort nokkur slíkur kaupandi væri fáanlegur; ef svo reyndist eigi, færa sönnur á það, til þess að áfrýjanda væri skylt að standa upp af jörðinni, er hún væri seld.

Eftir skýrslu stefnda var það í upphafi svo, að hann vildi eigi byggja áfrýjanda jörðina lengur en

til eins árs, af því honum lék hugur á að selja hana. En fyrir eftirgangsmuni áfrýjanda varð það úr, að stefndi samþykti 5 ára byggingu, en með þeim fyrirvara, að áfrýjanda væri skylt að flytja þegar af jörðinni, ef hún seldist á þessu tímabili. Þegar þetta var fullsamið, fór áfrýjandi enn fram á það, að hann fengi að halda ábúðinni 5 árin út, þó að jörðin seldist áður en þau væru liðin, ef væntanlegur kaupandi óskaði eigi að fá ábúð á henni eða bindi kaupin því skilyrði, að jörðin yrði þegar í stað laus úr ábúð. Gekk stefndi að þessu með því honum stóð á sama, þótt áfrýjandi héldi ábúðinni áfram, ef það stæði eigi fyrir sölu á jörðinni.

Eftir þessari skýrslu stefnda, sem áfrýjandi hefir eigi mótmælt, verður framangreindur skilningur áfrýjanda á 6. gr. byggingarbréfsins eigi talinn réttur. Með því að stefnda eðlilega var frjálst hverjum og hvenær hann seldi jörðina að þeim frágengnum, er forkaupsrétt áttu, verður eigi gert ráð fyrir, að hann hafi viljað binda sig þannig eða áfrýjandi ætlast til þess, að honum væri óheimilt að selja jörðina, nema því aðeins að kaupandi samþykti ábúð áfrýjanda, það sem eftir væri ábúðartímans, eða full sönnun kæmi fyrir því, að enginn slíkur kaupandi væri fáanlegur. Það verður því eigi litið svo á, að stefndi hafi verið bundinn að þessu leyti, og orðið »kaupandi« í niðurlagi 6. gr. byggingarbréfsins verður að teljast eiga við hvern þann, er stefndi næði samningum við um kaup á jörðinni, en það, hvort kaupandi vildi láta sér lynda ábúð áfrýjanda áfram, verður að skoðast aukaatriði, er eigi gat tafið eða hindr-

að söluna. En hinsvegar er sú skýrsla stefnda óhrakin, að hann hafi ekki átt völ á neinum öðrum kaupanda, en þeim er að framan greinir, og að kaupandi þessi hafi sett það skilyrði fyrir kaupunum, að fá jörðina þegar lausa úr ábúð.

Yfirdómurinn verður samkvæmt þessu að komast að þeirri niðurstöðu, að stefnda hafi verið heimilt að láta áfrýjanda standa upp af Þingeyrum í fardögum 1915 og fá til þess aðstoð fógeta, ef áfrýjandi beitti þrásetu. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð af framantöldum ástæðum eftir kröfu stefnda, og verður þá eigi nauðsynlegt að rannsaka hinar aðrar ástæður, sem hann hefir tilfært fyrir útburði áfrýjanda af jörðinni.

Eftir þessum úrslitum og öllum málavöxtum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, og ákveðst hann 60 kr.

Það athugast, að nokkrum skjölum málsins, er lögð voru fram í yfirdóminum og voru lánuð málsfærslumanni áfrýjanda, hefir eigi verið skilað aftur, eins og vera bar, en með því að skjöl þessi hafa verið innfærð í vitnagerðir, er lagðar voru fram á síðara stigi málsins, er eigi ástæða til að vísa því frá yfirdóminum fyrir þessa sök.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi Magnús Vigfússon greiði stefnda Sturlu

Jónssyni 60 krónur í málskostnað áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 10. júlí 1916.

Nr. 74/1915: A. T. Möller & Co.
gegn
Bergi Rósinkranzsyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í héraði fyrir gestarétti Ísafjarðarsýslu af firmanu A. T. Möller & Co. í Leith, gegn stefnda Bergi Rósinkranzsyni kaupmanni á Flateyri, út af verzlunarviðskiftaskuld, að upphæð 3110 kr., og var því ráðið til lykta með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 6. febr. f. á. á þá leið, að stefndi var algerlega sýknaður, og málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefir nefnt firma A. T. Möller & Co. áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 3. nóv. f. á., og hafa þeir gert þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim áminsta skuld 3110 kr. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi 4. febr. 1914 til borgunardags, og málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins, en síðar hafa þeir gert þá varakröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða skuldina, að frá dreginni þeirri upphæð, sem hann með eiði synjar fyrir

að hafa viðurkent fyrir nafngreindum manni (Carl Proppé) árið 1911. Af annari hálfu hefir stefndi, Bergur Rósinkranzson, krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Þar sem hann einnig hefir heimtað sér tildæmdan hæfilegan málskostnað fyrir undirrétti, getur krafa þessi eigi komið til álita, með því að hann hefir ekki gagnáfrýjað málinu.

Sýknunarkröfu sína rökstyður stefndi með því, að hin umstefnda skuld sé fyrnd samkvæmt 3. gr. í lögum um fyrning skulda 20. okt. 1905, enda hefir gestaréttardómurinn fallist á þessa ástæðu. Samkvæmt reikningi áfrýjanda til stefnda, er fram hefir verið lagður fyrir gestaréttinum, hefir skuldin öll verið til orðin 1. jan. 1909, að öðru leyti en því, að síðan hefir vöxtum verið bætt við hana árlega. Hinn 8. marz 1909 hefir stefndi greitt upp í skuldina nokkra upphæð með fiski. Síðan hefir stefndi hvorki aukið skuldina með nýrri úttekt, né greitt nokkuð af henni eða upp í hana. Skuldakröfuna lagði áfrýjandi til sátta hinn 4. febr. 1914, áður en hann höfðaði mál þetta, og var fyrningarfrestur þá liðinn, að því er þessa skuld snertir, samkv. 3. gr. fyrningarlaganna. Áfrýjandi heldur því þó fram, að skuldin hafi ekki fyrnst, með því að stefndi hafi árlega fengið reikning fyrir henni. Í reikningunum hafi verið tilfærðir vextir af skuldinni, og hafi skuldin og vextirnir hækkað ár frá ári. Hafi stefndi með því að taka á móti reikningunum, þannig úr garði gjörðum, viðurkent skuldina. Þá hafi hann og beint viðurkent skuldina fyrir Carl Proppé

árið 1911, er Proppé átti tal við stefnda um hana. Af annari hálfu mótmælir stefndi því, að hann hafi nokkru sinni viðurkent skuldina, hann hafi þvert á móti mótmælt henni sem rangri. Hann neitar því, að hann hafi árlega fengið reikninga frá áfrýjanda, og hefir það eigi sannast gegn neitun hans. Hann kannast við, að hann hafi fengið reikning frá áfrýjanda síðast 31. desember 1911, án þess þó að hafa viðurkent hann, enda er engin sönnun fram komin fyrir því. Og að því er samtalið við Carl Proppé snertir, þá sé svo langt frá því að hann hafi kannast við skuldina fyrir honum, að hann hafi þvert á móti gefið honum í skyn eða sagt við hann, að skuldin væri röng, og kemur þetta að nokkru leyti heim við vottorð Proppé í málinu.

Eins og áður er ávikið, hafa málsaðilar engin viðskifti átt síðan 8. marz 1909 og það er augljóst að áfrýjandi gat eigi með því einu að rita vexti árs árlega í reikning stefnda varnað því að fyrning félli á skuldina; þó að stefndi tæki á móti reikningi yfir skuldina 31. desbr. 1911, verður alls eigi ályktað af því, að hann hafi viðurkent hana, og þó að hann samkvæmt vottorði Carl Proppé hafi árið 1911 í samtali þeirra kannast að nokkru leiti við skuldina, sem hann að öðru leiti sagði ranga, þá er hér eigi um svolagaða viðurkenningu að ræða, sem 1. gr. fyrningarlaganna gerir ráð fyrir og nákvæmar er ákveðin í 6. gr. laganna með orðunum: »Nú viðurkennir skuldunautur skuld sína við kröfueiganda annaðhvort með berum orðum eða á annan hátt — t. d. með því að lofa borgun eða greiða vexti« o. s. frv.

Það verður því að fallast á það, að skuldin hafi verið fyrnd, er málssókn þessi var hafin; gestaréttardómurinn er því réttur og verður að staðfesta hann, einnig málskostnaðarákvæði hans, en eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi firmað A. T. Möller & Co. greiði stefnda Bergi Rósinkranzsyni málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr., er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 31. júlí 1916.

Nr. 78/1915. Réttvísin
gegn
Sigfúsi Sveinbjarnarsyni.

Dómur:

Hinn ákærði Sigfús Sveinbjarnarson á Arnarstapa, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og hefir ekki áður sætt ákæru fyrir neinn glæp, var saksóttur fyrir aukarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrir brot gegn 28. kapítula hinna almennu hegningarlaga,

og féll dómur aukaréttarins í sakamálinu 17. ágúst f. á. á þann veg, að ákærði var sýknaður af ákærum sóknarans í málinu, og skyldi allur kostnaður málsins — þar á meðal 10 kr. málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda í héraði, yfirréttarmálaflutningsmanns Þorsteins Þorsteinssonar — greiðast af almannafé.

Þessum dómi hefir af réttvísinnar hálfu verið skotið til yfirdómsins.

Hinn 31. marz 1915 brann íbúðarhús ákærða á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Hús þetta með tilheyrandi útihúsum og lóð hafði ákærði keypt 19. febr. 1912 fyrir 4000 kr. og flutti hann í það þá um vorið og bjó í því síðan. Þegar ákærði keypti húsið var það vátryggt fyrir 3000 kr., en vorið 1912 hækkaði ákærði vátryggingu þess upp í 4000 kr. og 20. apríl 1914 hækkaði ákærði enn á ný vátryggingarupphæð hússins upp í 12000 kr. Innanstokksmuni hafði ákærði vátrygða fyrir 2500 kr. og fiskiveiðaáhöld fyrir 1500 kr. eða samtals 4000 kr. Í hinu brunna húsi bjó auk ákærða og konu hans og tveggja ungra barna þeirra, aðeins Magnús Jónsson vinnumaður ákærða og mágur hans, en hann hafði róið til fiskjar snemma morguns brunadaginn ásamt flestöllum karlmönnum úr Arnarstapaplássi. — Eftir skýrslu ákærða og konu hans varð eldsins fyrst vart kl. að ganga 1 eftir hádegi, voru þau þá ein í húsinu með börnin. Konan kveðst þá hafa verið í eldhúsinu og hafa orðið vör við reykjarstybbu og skýrt manni sínum frá, er þá var staddur í búðarherbergi, er var í húsinu. Kveðst ákærði þá hafa opnað hurð á kompu

nokkurri, er var við hliðina á eldhúsinu, og lá þaðan stigi upp á loft; þar bjó enginn uppi, en ákærði geymdi þar fiskiveiðaáhöld, nokkuð af benzini o. fl., og hafði yfirleitt enginn umgang um loftið nema hann. Þegar ákærði opnaði téða kompu kveður hann reykjarkóf hafa gosið á móti sér og tjáist hann þá strax hafa látið aftur hurðina að kompunni án þess að rannsaka nánar upptök eldsins, sem hann telur muni hafa verið uppi á lofti hússins við eða nálægt skilrúmi, sem lá yfir þvert loftið nærri miðju hússins. Ákærði kveðst fyrst hafa beðið konu sína að fara út með börnin og fór svo að bjarga rúmfatnaði og öðrum innanstokksmunum með aðstoð konu sinnar og færa muni þessa frá húsinu með aðstoð þriggja kvenmanna, er komu að eftir að kona ákærða hafði hringt skipsbjöllu, er var við húsið, til að kalla á hjálp. — Um þetta leiti komu að tveir bátar, sem róið höfðu til fiskjar úr Stapaplássi um morgunin, og fór þá ein af konunum, sem komið höfðu að brunanum, ofan til sjávar og skýrði konan manni sínum Bjarna Kjartanssyni og skipverjum hans frá því, að kviknað væri í húsi ákærða. Fóru þeir Bjarni Kjartansson og Kjartan Þorkelsson, faðir hans, svo og Magnús Jónsson, vinnumaður ákærða, sem róið hafði á sama bát, upp að húsi ákærða. — Eftir því sem ákærði segir sjálfur frá hafði ein af konum þeim sem fyrst komu að brunanum, talað um hvort ekki væri hægt að fara inn í húsið og bjarga, en þá hafi hann (ákærði) ráðið frá því, af því að í eldhúsinu væru nokkur hlaðin skot og laust púður svo og nokkuð af benzini. Þegar þeir feðgar Kjartan Þorkelsson

og Bjarni Kjartansson komu að, kveður ákærði að Bjarni hafi að fyrrabragði spurt sig hvort eigi væri hægt að bjarga, en hann hafi þá svarað því, að hann héldi að það væri eigi hættulaust af sögðum ástæðum.

Magnús Jónsson vinnumaður ákærða hefir borið að hann hafi viljað fara inn í húsið til að bjarga, en ákærði hafi þá sagt, að hann kærði sig ekki um það og vildi ekki að vitnið færi inn í húsið, og varð þá ekki af því.

Þeir feðgar Kjartan Þorkelsson og Bjarni Kjartansson gengu alt í kringum húsið, og skygndust inn um glugga; þeir sáu engan eld en nokkurn reyk upp um herbergin niðri, en sáu þó til veggja niður við gólf. Á húsinu voru 3 útidyr. Hurðin fyrir forstofudyrum hafði verið negld aftur um veturinn, en aðallega var gengið um eldhúsdyr, en á hurðina fyrir þeim dyrum vantaði handfang að utan og hafði nagli verið notaður í þess stað, en naglinn var nú ekki í teininum og hafði teinninn auk þess ýzt svo langt inn að ekki varð náð í hann og því heldur ekki hægt að opna þá hurð utanfrá. Hina þriðju útidyrahurð á húsinu, búðarhurðina, reyndi Bjarni Kjartansson í viðurvist vitnisins Magnúsar Jónssonar að opna án þess að það tækist. Ákærði stóð fyrir utan húsið og hafðist ekki að, og þar sem þeir feðgar voru eigi kvaddir til að bjarga og þeir komust hvergi inn, gengu þeir frá. Hafði Bjarni orð á því að hér væri ekkert hægt að gera, þar sem alt væri lokað og læst. Magnús Jónsson fór einnig burtu eftir að ákærði hafði tjáð honum að bezt væri að hann færi, með því að hann gæti ekkert gert þar við húsið.

Klukkan að ganga 2 bar þar að Jónas Samúelsson sjóróðramann. Ávarpaði hann ákærða, sem stóð aðgerðalaus fyrir utan húsið og spurði hann, hvort ekki væri hægt að bjarga úr húsinu, því yfirheyrði sá engan eld og heyrði ekkert eldsnark og leist því vel hægt að bjarga, en ákærði svaraði því þá til, að hann þyrði ekki að láta neinn fara inn í húsið. Fór Jónas þá í burtu, þegar ákærði tók þannig í málið.

Klukkan að ganga 3 kom að brunastaðnum Jón bóndi Sigurðsson í Pétursbúð og bauð hann ákærða aðstoð sína til að bjarga. Þáði ákærði það og fóru þeir inn í húsið um búðardyrnar. Var þá nokkur reykur í herbergjum hússins niðri en enginn eldur. Téður Jón Sigurðsson hefir borið það, að hann hafi komið inn í umgetna geymslukompu, þar sem stiginn lá upp á loftið. Var þar þá töluverður reykur en enginn eldur eða eldsnark heyranlegt neinstaðar í húsinu. Eftir að þeir ákærði og Jón Sigurðsson höfðu bjargað mestöllu lauslegu úr húsinu niðri, spurði hann ákærða hvort ekki ætti að gera meira, og neitaði ákærði því. Fór vitnið þá heim til sín kl. rúmlega 3.

Kl. langt gengin 5 kallaði ákærði á Bjarna Kjartansson og annan mann til að bjarga hurðum hússins, en það var þá of seint. Það var fyrst kl. um 5 að húsið var svo brunnið að það hrundi, og hafði bruninn þá staðið yfir frá því um hádegi.

Fyrnefndur Magnús Jónsson befir borið það, að hann hafi haustið 1914 í viðtali við Kristínu Jónsdóttur systur sína, konu ákærða, spurt hana að því,

hvers vegna ákærði hefði hækkað vátrygginguna á húsi sínu á Arnarstapa, þar sem hann þyrfti að borga mikið hærra brunabótagjald af húsinu, og hafi þá systir sín sagt: »Ætli hann ætli sér ekki að kveikja í því«, eða eitthvað á þá leið. Nefnd Kristín Jónsdóttir hefir við samprófun þeirra systkina um þetta atriði játað það rétt, að samtalið hafi gengið eitthvað á þessa leið, en að spurð um það, hvað hún hafi haft fyrir sér í þessu, svaraði hún að það hafi aðeins verið einhver grunur eða hugmynd, en ekki kveðst hún hafa haft neitt sérstakt til að byggja þennan grun á, og þegar hún hafi spurt mann sinn að því, hversvegna hann hafi hækkað vátrygginguna á húsinu, hafi hann svarað því til að húsið væri þá útgengilegra. — Er ákærði var spurður um það hvers vegna hann hefði hækkað vátrygginguna á húsinu úr 4000 kr. upp í 12000 kr., þar sem hann þó hefði keypt það fyrir 4000 kr. og eftir sinni eigin skýrslu engu kostað til endurbóta á því eftir að hann keypti það, svaraði hann því, að hann hefði álitið húsið þess virði, það hefði verið af peningaeklu að hann vátrygði það ekki strax fyrir þessa upphæð, eftir að hann keypti það, en meðfram hafi hann hækkað vátrygginguna til að geta fengið hærra lán út á húsið og til að gera það útgengilegra.

Þá hefir ennfremur í sambandi við einkennilegt bréf frá ákærða til Hallbjörns Þorvaldssonar bónda í Gröf í Breiðuvík, dags. í Reykjavík 23. febr. 1912, er fram hefir verið lagt í málinu, komið upp grunur um það, að ákærði muni hafa hugsað sér að láta hús sitt á Arnarstapa brenna þegar vorið 1912. Í

bréfi þessu lagði ákærði ríkt á við Hallbjörn að koma til fundar við sig til Reykjavíkur og bauð að ábyrgjast honum ferðakostnað. Ekki er getið um erindið í bréfi þessu annað en það, að það væri mikilsháttar hagnaðarspursmál fyrir Hallbjörn að láta ekki ferðina hjá líða. Fór Hallbjörn þá suður til fundar við ákærða í marz s. á. — Við ítarlega rannsókn út af bréfi þessu er það sannað, að Hallbjörn sagði Kjartani Þorkelssyni og konu hans Sigríði Kristjánsdóttur frá því vorið 1913, er hann gisti hjá þeim á þáverandi heimili þeirra Hellissandi, að erindið með suðurferðinni hefði verið það, að Sigfús hefði viljað fá sig til að taka að sér útsölu á vörum, er ákærði ætlaði að hlutast til um að sendar yrðu vestur að Arnarstapa, í hið þá nýkeypta hús hans. Ætlaði ákærði þá að hækka vátryggingu á húsi sínu og jafnhliða vátryggja vörurnar, en Hallbjörn skyldi taka að sér að sjá um að Arnarstapahúsið með vörunum brynni áður en ákærði kæmi vestur um vorið 1912; hefði Hallbjörn afsagt með öllu að hafa nokkur afskifti af þessu og hefði þetta valdið fáþykkju Sigfúsar til sín. Í annan stað hefir eitt vitni, Magnús Blöndal hreppstjóri og umboðsmaður í Stykkishólmi borið og unnið eið að því, að í ágústmánuði 1913 hafi Hallbjörn sagt vitninu frá því, að þá er hann, Hallbjörn, fann Sigfús í marz 1912, samkvæmt áðurnefndu bréfi hans, hafi það verið erindið að fá Hallbjörn til að standa fyrir verzlun í Arnarstapahúsinu, er ákærði hafi keypt þá skömmu áður, húsið og vörurnar ættu að vera í góðri vátryggingu, en Hallbjörn ætti að sjá um að

húsið og vörurnar brynnu. Hallbjörn hefir verið ítarlega prófaður um viðskifti hans og ákærða í nefndri suðurferð. Hefir hann að vísu eftir töluverða vafninga viðurkent, að hann kunni að hafa látið í ljósi einhverjar dylgjur um erindið suður, og að það kunni að hafa verið meiningin að Stapahúsið brynni þegar vörurnar að sunnan væru komnar, en hann neitar að ummæli sín hafi verið í ákveðnara formi, og hann heldur því fram, að hvað sem hann kunni að hafa sagt, þá hafi þeim ákærða ekkert það á milli farið í Reykjavíkurferð hans, sem hafi gefið sér tilefni til að segja það, er vitnin hafa eftir honum, því í þeirri ferð hafi ekkert beinlínis eða óbeinlínis verið vikið að íkveikju í Arnarstapahúsinu.

Í máli þessu hefir verið lögð fram útskrift af brunaprófum í Reykjavík um bruna svo nefnds Nýjabæjar á Grímsstaðaholti. Upplýsa prófin að ákærði keypti bæ þennan 19. janúar 1911, en 2 mánuðum síðar, 21. marz s. á., brann bær þessi, án þess nokkuð hafi orðið upplýst um tildrög brunans. Hafði bærinn þó staðið í eyði um langan tíma og enginn vitað til að farið hefði verið þar með eld.

Eftir því sem fram er komið í málinu verður að telja það vafalaust, að eldurinn hefir komið upp uppi á loftinu, líklega um miðbik hússins. Svo sem þegar hefir verið tekið fram bjó enginn upp á loftinu og hafði enginn umgang um loftið daginn sem brann, nema ákærði. Kveðst hann hafa farið upp á loftið kl. að ganga 10 þann dag, til að athuga skjalaplögg, er hann hafi átt í skrifpúlti þar á loftinu, og til að ná skóm, er hann hafi ætlað að hafa

með sér í ferð til Ólafsvíkur, er til hafi staðið næstu daga. En með því skuggsýnt hafi verið á loftinu hafi hann kveikt á nokkrum eldspýtum til að lýsa sér. Annað kveðst hann ekki hafa farið með eld þar uppi. Kveðst hann hafa farið niður að vörmu spori og ekki komið upp á loft aftur. Heldur ákærði því fram, að hann hafi farið gætilega með eldspýturnar og hann fortekur að nokkur eldfim efni hafi verið þar á loftinu, þar sem hann var með eldspýturnar.

Eftir því sem upplýst er í prófunum hafa eldfærin í húsinu og reykháfurinn verið í góðu lagi, og brunadaginn var ekki kveiktur upp eldur annarsstaðar en í eldavélinni í eldhúsinu og var þennan dag aðeins lítill eldur í vélinni.

Eldurinn virðist hafa verið lítill í fyrstu og verið hægfara, þar sem hans varð vart um hádegi en tveimur til þremur tímum seinna eða kl. að ganga 3, er Jón Sigurðsson í Pétursbúð kom á brunastaðinn, var eldurinn ekki orðinn magnaðri en það, að ganga mátti um alt húsið niðri og hvergi sást þar eldur eða heyrðist snark í eldi, ekki einu sinni í kompu þeirri við hliðina á eldhúsinu, þar sem stiginn lá upp á loftið.

Það verður að telja það sannað, að ákærði hefir dregið úr því eða aftrað því að gerðar væru í tæka tíð tilraunir til að athuga eldsupptökin og slökkva eldinn. Hefir hann borið því við, að hann hafi ekki álitið það hættulaust að fara inn í húsið sökum þess að nokkur hlaðin skot og eitthvað lítilfjörlegt af lausu púðri var geymt á skáp í eldhúsinu. En þessi ástæða verður ekki talin ábyggileg, með því að ákærði

hefir ekki komið fram með þessa ástæðu við þá feðgana Kjartan Þorkelsson og Bjarna son hans, er þeir buðu fram hjálp sína og jafnvel reyndu til að komast inn í húsið, en fundu alt lokað og læst, í annan stað verður að telja að það hefði verið innan handar, eftir því sem eldurinn hagaði sér, að bjarga þessum hlutum og í þriðja lagi setti ákærði þetta ekki fyrir sig, er hann fór með Jóni Sigurðssyni inn í húsið sjálfsagt klukkustund seinna en þeir Kjartan, Bjarni og Magnús Jónsson buðu fram aðstoð sína, og þetta hefir hann ekki skýrt á annan veg en þann, að þá hafi honum ekki dottið skotfærin í hug.

Efnahagur ákærða hefir verið mjög þröngur. Húsið veðsett fyrir eins miklu og hægt var að fá lánað út á það, og lausafé hans alt veðsett fyrir skuldum. Sjálfur virðist hann enga atvinnu hafa haft á Arnarstapa, þar sem hann hafði ekki aðra áhöfn á jörðina en 1 kú og kvígu og 2 ær.

Í réttarprófunum er það þannig upplýst:

að ákærði hafi farið með eld uppi á lofti í húsinu þar sem eldurinn kviknaði, skömmu áður en eldsins varð vart, og að enginn annar hafi á þeim tíma komið upp á loftið,

að þegar kona ákærða gerði honum viðvart um, að reykjarstybba væri í eldhúsinu og hann fann að reykurinn kom úr klefa þeim við hliðina á eldhúsinu, er stiginn væri í upp á loftið, lokaði hann klefanum, en gerði enga tilraun til að grenslast eftir, hvar eldurinn væri eða hvort hann yrði ekki þegar slöktur,

að allar dyr hússins voru lokaðar, svo að ekki varð

inn í það komist, þegar menn komu að, sem vildu reyna að slökkva eldinn, einnig þær dyr, er ákærði hafði bjargað út um rúmfatnaði og öðrum innanstokksmunum,

að ákærði hafðist við í nánd við húsið allan hinn langa tíma, sem á brunanum stóð og hafðist ekkert að til þess að slökkva eldinn, en varnaði aðri því að aðrir reyndu það, ýmist með því beint að afbiðja það, ýmist með því að ráða frá því vegna hættu af skotfærum og benzini, sem átti að vera í húsinu, hættu sem ákærði trúði ekki sjálfur á, með því að hann fór síðar inn í húsið með öðrum manni og náði út því, er lauslegt var í herberjunum niðri,

að ákærði hafði vátrygt húsið gegn eldsvoða fyrir fjárhæð, er var þrefalt hærri en kaupverð hússins, og hafði hann þó eigi bætt það neinu, og

að ákærði er félaus maður og skuldugur, allar eigur hans veðsettar, svo að skuldheimtumaður hans einn, fyrnefndur Hallbjörn Þorvaldsson, taldi eigi tilvinnandi að reyna fjárnám fyrir dómkröfu á hendur honum.

Í sambandi við þessi atvik málsins verður það eigi talið þýðingarlaust, að þeir ákærði og Hallbjörn Þorvaldsson hafa enga fullnægjandi grein gert fyrir hinu dularfulla bréfi, er ákærði skrifaði Hallbirni 23. febr. 1912. Skýrsla þeirra um erindi það, er ákærði hafi átt við Hallbjörn og við hafi verið átt í bréfinu, er mjög ósennileg, og framburður 3 vitna um það, er Hallbjörn hefir sagt um þetta erindi, gerir bréfið næsta tortryggilegt, þó að Hallbjörn hafi stöðugt neit-

að því, að ákærði hafi reynt að fá sig til að kveikja í húsinu.

Þá hefir og framburður ákærða verið óhreinskilinn og í ýmsum greinum ósennilegur og farið í bág við það, sem á annan hátt, er upplýst í málinu.

Með því að alt, sem fram er komið í málinu þannig bendir eindregið til þess, að ákærði hafi viljandi kveikt í húsinu á Arnarstapa og viljað láta það brenna, til að komast yfir brunabótafé, þykir eigi ísjárvert að telja það löglega sannað, að ákærði hafi orðið sekur um brot það, er hann er ákærður fyrir.

Brot hins ákærða heyrir undir 283. gr. 2. lið hinna almennu hegningarlaga og þykir hegningin hæfilega ákveðin 18 mánaða betrunarhússvinna. Svo greiði ákærði allan af málssókn þessari leiðandi kostnað bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málaflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, sem ákveðst 25 kr. til hvors.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Sigfús Sveinbjarnarson skal sæta 18 mánaða betrunarhúsvinnu. Svo greiði hann allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málaflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi

málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 25 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. júlí 1916.

Nr. 10/1916. Stjórnendur hlutafélagsins »Herjólfur« gegn firmanu Copland & Berrie (1908) Ldt.

Dómur:

Stjórnendur h./f. »Herjólfur« í Vestmannaeyjum höfðuðu mál þetta í héraði gegn firmanu Copland & Berrie (1908) Ldt., og var það eftir samkomulagi málsaðila rekið fyrir gestarétti Reykjavíkur. Voru það kröfur hlutafélagsins að firmað yrði dæmt til að greiða sér eftirstöðvar af andvirði fyrir fisk, er félagið seldi firmanu sumarið 1912 og kostnað út af sölu fiskjarins samtals 1019 kr. 56 a. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi (þ. e. stefnudegi) til borgunardags. Af hálfu firmans var hins vegar höfðuð gagnsök gegn hlutafélaginu til greiðslu á skaðabótum fyrir vanefndir á kaupsamningi um fisk nefnt sumar, 6000 kr. að frádregnum 818 kr. 31 e., er firmað viðurkendi réttar eftirstöðvar af fiskverðinu. Með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 6. ág. f. á.,

lyktaði þessum málum svo, að firmað var í aðalsökinni dæmt til að greiða hlutafélaginu 818 kr. 31 e. með 6% ársvöxtum frá 16. júlí 1914 til borgunardags, og að öðru leyti sýknað af kröfum félagsins, en í gagnsökinni var félagið skyldað til að greiða firmanu 2000 kr. með 6% ársvöxtum frá 17. júlí 1914 til borgunardags, en að öðru leyti sýknað af kröfum firmans og málskostnaður í aðalsök og gagnsök látinn falla niður.

Dómi þessum hefir af hálfu hlutafélagsins »Herjólfur« verið skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 21. febr. þ. á. og þær kröfur verið gerðar að dómnum verði breytt þannig, að kröfur áfrýjanda fyrir undirréttinum um greiðslu á 1019 kr. 56 a. með vöxtum og um sýknun af skaðabótakröfu firmans verði teknar til greina. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Af annari hálfu hefir firmað Copland & Berrie gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 13. marz þ. á. og krafist þess aðallega, að kröfum þess í gagnsökinni fyrir gestaréttinum um 6000 kr. skaðabætur með vöxtum frá 17. júlí 1914 og málskostnað í aðalsök og gagnsök verði teknar til greina, en til vara, að gestaréttardómurinn verði staðfestur. Þá krefst firmað og málskostnaðar í aðalsök og gagnsök fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Málflutningsmaður stefndu (gagnáfrýjanda) lætur þess getið, að hann vænti þess, að Halldór Daníelsson yfirdómari víki dómarasæti í málinu sakir of náins skyldleika við umboðsmann »Herjólfs«, þann er annaðist sölu á fyrgreindum fiski fyrir félagið.

En til þess þykir eigi vera nein heimild, með því eigi verður séð af því, sem fram er komið í málinu, að úrslit þess komi við hagsmuni umboðsmannsins.

Kröfur aðila í aðalsök og gagnsök eru runnar af sömu rót, kaupsamningi (Slutseddel) um kaup á fiski, gerðum í Kaupmannahöfn 29. júní 1912 af umboðsmönnum aðila fyrir milligöngu brakúna Simmelhag & Holm. Er það efni samnings þessa, það er hér kemur til greina, að áfrýjendur (h/f. »Herjólfur«) selja stefndu (Copland & Berrie) allan þann stórfisk, sem áfrýjendur kynnu að fá (maatte faa) þá um sumarið frá 1. júlí til 30. sept., þó eigi minna en 800 skippund og eigi meir en 1500 skippund, skyldi fiskurinn vera til reiðu handa stefndu frá 1. júlí þegar þeir gengu eftir honum, og þeir skyldu ráða því hvort þeir tækju fiskinn allan í senn eða smám saman.

Samkvæmt þessum samningi létu áfrýjendur úti til stefndu alls 921½ skippund af fiski, 300 skippund í júlímánuði, 500 skippund í ágústmánuði og 121½ skippund í septembermánuði, og greiddu stefndu umsamið kaupverð fyrir fiskinn, alt nema 818 kr. 31 e., er áfrýjendur telja enn standa eftir í skuld hjá stefndu. Til að krefja stefndu um þessar eftirstöðvar hafa áfrýjendur borgað manni 100 kr. og út af þessari innheimtu hafa þeir ennfremur varið 101 kr. 25 a. til símskeyta, telja þeir að stefndu beri að endurgjalda þeim þennan kostnað og verður þannig krafa þeirra alls að upphæð 1019 kr. 56 a.

Stefndu hafa viðurkent það, að þeir hafi eigi greitt áfrýjendum meira af andvirði fiskjarins en

það, sem áfrýjendur telja, og samþykt að eftirstöðvarnar, 818 kr. 31 e., verði dregnar frá skaðabótakröfu þeirra í gagnsökinni á hendur áfrýjendum. Verður þá að taka kröfu áfrýjenda um þessa upphæð til greina og dæma stefndu til að greiða þeim hana með vöxtum frá 16. júlí 1914. En kröfu áfrýjenda um endurgjald fyrir áðurnefndan innheimtukostnað hafa stefndu mótmælt, og er eigi eftir málavöxtum næg rök til að fallast á hana. Verður því að sýkna stefndu af þeirri kröfu.

Hinir stefndu líta svo á, að áfrýjendur hafi vanhaldið samninginn 29. júní 1912 og með því bakað þeim tjóni, halda þeir því fram, að þeir eftir samningnum hafi átt rétt á að fá frá áfrýjendum 800 skippund af fiski 1. júlí eða þegar eftir þann dag, en þegar skip þeirra, sem átti að taka fiskinn, kom til Vestmannaeyja snemma í júlímánuði og þess var krafist að áfrýjendur létu fram 800 skippund, hafi þeir að eins skilað 300 skippundum, en þá hafi þeir þó haft önnur 300 skippund í húsum sínum, er þeir hafi neitað að afhenda stefndu. Telja stefndu þetta beint samningsrof og hafa þeir miðað skaðabótakröfu sína við þessi 300 skippund, er þeir telja, að áfrýjendur hafi haldið ranglega fyrir sér, og gert grein fyrir henni á þessa leið:

Hagnaðartap 5 kr. á skippundi . . .	kr.	1500.00
Flutningsgjaldstap 7 kr. á skippundi .	—	2100.00
Fyrir tafir skipsins við tilraunir til að fá fullfermi í 10 daga á 180 kr. . . .	—	1800.00
Ferð skipsins til Patreksfjarðar . . .	—	360.00
Fyrir símskeyti og annan kostnað . .	—	240.00
Samtals	kr.	6000.00

Það er ómótmælt í málinu, að áfrýjendur hafa eignast áminst 300 skippund fiskjar, sem ágreiningur er um, áður en þeir gerðu samninginn 29. júní við stefndu, og að þeir þá hafi verið búnir að selja öðrum þennan fisk, en um hann var eigi getið í samningnum og hann var í húsum áfrýjenda og vörzlu, þegar skip stefndu kom til Vestmannaeyja snemma í júlímánuði, sem fyr segir. Stefndu halda nú fram þeim skilningi á samningnum, að áfrýjendum hafi verið óheimilt að láta af hendi fisk af hinni umsömdu tegund á fyrgreindu tímabili til nokkurs annars en þeirra, fyr en áfrýjendur hefðu fullnægt samningnum við þá að öllu leyti, nema slíkt væri beint áskilið, en það hafi eigi verið gert í samningnum. Þennan skilning á samningnum segja stefndu vera í samræmi við fasta verzlunarvenju í Kaupmannahöfn, þar sem samningurinn var gerður, og eftir henni ber því að fara. Fyrnefndir vörubrakúnar, sem stýluðu samninginn, hafa í bréfi dags. 26. okt. 1914 staðfest þennan skilning stefndu, talið hann vafalaust réttann og bætt því við, að í slíkum samningum verði ætið að geta um eldri sölu, og á þessa skoðun brakúnanna hefir Kaupmannaráð Reykjavíkur algerlega fallist.

Þessari skýringu stefndu á samningnum hafa áfrýjendur mótmælt, telja þeir hana með öllu ranga og þvert ofan í orð samningsins, því að í honum sé skýrt tekið fram, að hann taki að eins til fiskjar, er áfrýjendur fái frá 1. júlí til 30. sept. og hafi það þá verið óþarft að setja í samninginn ákvæði um að annar fiskur væri undanskilinn. Þeir mótmæla því

og, að nein slík verzlunarvenju, sem stefndu geta um, sé til í Kaupmannahöfn svo og því, að nein heimild sé í samningnum fyrir því, að þeir hafi átt að hafa til reiðu neina ákveðna skippundatölu í hvert skifti, ef stefndu létu vitja fiskjarins oftar en einu sinni, en þeim hafi að eins borið að láta af hendi þann fisk, sem þeir áttu til, og samningnum hafi verið fullnægt af þeirra hendi, ef þeir létu úti til stefndu að minsta kosti 800 skippund ekki síðar en 30. sept.

Gagnkrafan er, sem þegar er sagt, bygð á því, að áfrýjendur, héldu eftir 300 skippundum af fiski, er þeir höfðu í húsum sínum, þegar skip stefndu kom til Vestmannaeyja í byrjun júlímánaðar 1912. Það skiftir því eigi máli, hvort áfrýjendum hefir verið skylt að láta þá af hendi 800 skippund af fiski, eins og stefndu halda fram, eða eigi, enda er eigi gegn mótmælum áfrýjenda sannað, að stefndu hafi krafist þess. En úrslit málsins velta á því, hvort heimilt sé að leggja þá merkingu í orð samningsins »kynni að fá . . . frá 1. júlí til 30 september«, að þau taki til alls þess fiskjar af því tagi, sem samningurinn greinir, er var í vörzlu áfrýjenda eða húsum frá 1. júlí, jafnt þess fiskjar, er þeir höfðu fengið fyrir þann dag sem eftir. Með því að þessi orð samningsins eru ljós og ótvíræð, verður eigi litið svo á, að þau leyfi þannig skilning, sem stefndu vilja leggja í þau, og þess virðist ekki hafa verið þörf að taka það skýrar fram í samningnum en gert er með hinum tilvitnuðu orðum, að kaupin tækju eigi til fiskjar, er áfrýjendur hefðu fengið fyrir 1. júlí.

Til þess að víkja frá berum orðum samningsins er það eigi einhlítt, að brakúnarnir, sem stýluðu hann, skilja hann á sama hátt og stefndu, því þessir menn eru ekki löggiltir til að skýra slíka samninga á skuldbindandi hátt fyrir semjendur. Gegn mótmælum áfrýjenda er það eigi heldur sannað, að til sé verzlunarvenja í Kaupmannahöfn, er heimili annan skilning á umgetnu ákvæði samningsins en beint liggur í orðunum.

Þar sem það er ómótmælt, að áfrýjendur hafi fengið hin umþráttuðu 300 skippund af saltfiski fyrir 1. júlí 1912, verður samkvæmt því, sem nú hefir verið sagt, eigi litið svo á, að þeir hafi rofið samninginn 29. júní 1912, þó að þeir létu eigi þenna fisk af hendi við stefndu og ber því að sýkna þá af skaðabótakröfu stefndu í þessu máli.

Eftir málsvöxtum þykir rétt að málskostnaður í báðum málunum falli niður fyrir undirrétti og yfirdómi.

Því dæmist rétt vera:

Hinir stefndu, firmað Copland & Berrie (1908) Ltd, greiði áfrýjendum, stjórnendum hlutafélagsins »Herjólfur« 818 kr. kr. 31 e. með 6% ársvöxtum frá 16. júlí 1914 til borgunardags. Að öðru leyti skulu aðilar vera sýknir hvor af annars kröfum í aðalsök og gagnsök.

Málskostnaður fyrir báðum réttum í aðalsök og gagnsök falli niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 7. ágúst 1916.

Nr. 22/1916. Benedikt S. Þórarinsson
gegn
ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs

Dómur:

Mál þetta höfðaði Benedikt S. Þórarinsson kaupmaður hér í bænum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn ráðherra Íslands f. h. landssjóðs til skaðabóta fyrir atvinnuspjöll, er hann hefir orðið fyrir við lög nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi. Lauk máli þessu svo fyrir bæjarþinginu 9. marz þ. á., að stefndi var fyrir hönd landssjóðs sýknaður af kröfum áfrýjanda og var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Benedikt S. Þórarinsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 20. marz þ. á. og hefir krafist þess, að ráðherrann fyrir hönd landssjóðs verði dæmdur til að greiða honum eða konu hans, ef hún lifir lengur, skaðabætur 5000 kr. á ári frá 1. jan. 1915 að telja og til dauðadags þess þeirra hjóna sem lengur lifir, eða til vara að honum verði dæmdar skaðabætur 50000 kr. einu sinni fyrir alt. Auk þess krefst hann málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi hefir, frá sinni hálfu krafist þess, að hinn

áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Hinn 28. ágúst 1894 leysti áfrýjandi borgarabréf samkvæmt 2. gr. í lögum 7. nóvbr. 1879, um breytingu á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi, til að reka verzlun í Reykjavíkurkaupstaðar, og öðlaðist hann með þessu bréfi rétt til að verzla með allar þær vörutegundir, sem þá var heimilt að hafa í almennri kaupmannsverzlun hér á landi, þar á meðal að verzla með áfenga drykki.

Með lögum nr. 26, 11. nóvbr. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja var ákveðið, að þeir menn, sem höfðu rétt til að verzla með áfenga drykki, er lögin öðluðust gildi, héldu þessum rétti gegn því að greiða árlegt gjald í landssjóð samkvæmt 1. gr. laganna. Áfrýjandi var nú einn meðal þeirra, sem höfðu rétt til að verzla með áfenga drykki, er nefnd lög öðluðust gildi, og greiddi hann hið lögboðna vínsölugjald, 500 kr. árlega, síðast fyrir árið 1914. Áfrýjandi bauð og fram árgjaldið fyrir 1915, en því var synjað móttöku af lögreglustjóra, með því að vínsölumönnum hefir verið bönnuð öll verzlun með áfenga drykki eftir 1. jan. 1915 með 9. gr. í lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Samkvæmt borgarabréfi sínu rak áfrýjandi almenna verzlun hér bænum, þar á meðal verzlun með áfenga drykki, en eftir að lögin frá 11. nóvbr. gengu í gildi verzlaði hann aðallega með áfenga drykki. Er hann nú varð að hætta þessari verzlun um áramótin 1914—1915 telur hann að sér beri bætur úr landssjóði fyrir þetta atvinnutjón. Heldur

áfrýjandi því fram, að réttur sá til að reka verzlun með áfenga drykki, sem hann hafi öðlast með fyrgreindu borgarabréfi sínu, verði ekki löglega af sér tekinn bótalaust, en aðallega byggir þó áfrýjandi rétt sinn til skaðabóta á hinum aukna rétti, er hann hafi öðlast með lögunum frá 11. nóvbr. 1899. Heldur hann því fram, að með þeim lögum hafi ekki aðeins ótvírætt verið viðurkent, að réttur hans til að verzla með áfenga drykki væri lífstíðarréttur, heldur hafi lögin eða það fyrirkomulag á verzlun með áfenga drykki, sett var með þeim lögum í raun og veru gert áfengisverzlun að lífstíðareinkarétti þeirra kaupmanna, er verzlunarleyfi höfðu fyrir þann tíma og kusu að greiða árgjald það, sem sett var í 1. gr. laganna.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að í borgarabréfi áfrýjanda felist engin hindrun fyrir löggjafarvaldið til þess að svifta áfrýjanda réttinum til að verzla með áfenga drykki, án þess að hann hafi nokkurn rétt til skaðabóta samkvæmt 50. gr. stjórnarskrárinnar 5. janúar 1874, og hann neitar því, að lögin 11. nóvbr. 1899 hafi aukið eða trygt rétt áfrýjanda til áfengisverzlunar að neinu leiti, þennan rétt hafi löggjafinn þá látið afskiftulausan, en þar með hafi vínverzlunarréttur áfrýjanda ekki verið viðurkendur sem lífstíðarréttur eða lífstíðareinkaréttur fyrir áfrýjanda, heldur hafi löggjafarvaldinu eins eftir sem áður staðið opið að svifta áfrýjanda réttinum til að verzla með þessa vörutegund. Þar sem nú aðflutningsbannslögin frá 1909 geri ekki ráð fyrir neinum skaðabótum til vínsala fyrir missi á þessum at-

vinnurekstri, geti heldur eigi komið til mála að áfrýjandi geti fengið dóm fyrir neinum skaðabótum.

Í 2. gr. nefndra laga 11. nóvbr. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja segir svo: Þeir menn og verzlunarfélög, sem hafa rétt til að reka verzlun með áfenga drykki, er lög þessi öðlast gildi, halda þessum rétti gegn því að borga gjald það, sem segir í 1. gr. — Þar sem nú lögin setja ekkert tímamark fyrir þessum rétti til áfengisverzlunar verður að álíta, að þessi réttur hafi verið veittur eða viðurkendur sem lífstíðarréttur þeirra, er hlut áttu að máli, og þetta verður því ljósara, þegar litið er til þess að í næstu setningu á eftir er í mótsetningu við áðurnefnda menn og verzlunarfélög ákveðið, að hlutafélög, samlög og aðrar stofnanir, er eigi verði eigendaskifti að, haldi þessum rétti (þ. e. réttinum til að reka verzlun með áfenga drykki) þó eigi lengur en næstu 15 ár.

Það verður því að líta svo á, að áfrýjandi hafi með lögunum frá 11. nóvbr. 1899 öðlast lífstíðarrétt til þess að verzla með áfenga drykki, en hinsvegar getur þessi réttur ekki talist neinn einkaréttur fyrir áfrýjanda eða aðra, er vínsöluheimild höfðu, þegar nefnd lög 11. nóvbr. 1899 gengu í gildi. — En þá kemur til álita hvort löggjöfin hafi getað svift áfrýjanda þessum rétti bótalaust. Aðflutningsbannslögin gera hvergi ráð fyrir neinum bótum til þeirra vínsölumanna, er orðið hafa að hætta þessari atvinnu sinni vegna ákvæða nefndra laga, en þetta getur þó eigi ráðið úrslitum í máli þessu, ef svo væri, sem áfrýjandi heldur fram, að þessi réttur falli undir á-

ákvæði 50. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. janúar 1874. Í nefndri grein segir svo: Eignarrétturinn er friðhelgur; engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almennings þörf krefji; þarf til þess lög, og komi fult verð fyrir.

Þótt nú álíta megi að orðin eignarréttur og eign í þessari grein stjórnarskrárinnar merki eigi aðeins eignarrétt í þrengri merkingu orðsins, heldur einnig önnur verðmæt réttindi, svo sem afnotarètt, kröfurétt, rithöfundarétt, einkarétt, verður þó hinsvegar ekki álitið að atvinnuréttur sá, er hér ræðir um, falli undir ákvæði nefndrar greinar stjórnarskrárinnar, og heldur eigi virðist næg heimild til þess að heimfæra nefndan rétt per analogiam undir fyrirmæli greinarinnar.

Það verður því eigi hjá því komist að sýkna hinn stefnda af kröfum áfrýjanda í máli þessu, svo sem undirdómarinn hefir gert, og þar sem einnig má fallast á ákvæði undirdómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann. Eftir ástæðum virðist rétt að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 7. ágúst 1916.

Nr. 5/1916: N. B. Nielsen
gegn
Tryggva Gunnarssyni

Dómur:

Haustið 1913 seldi áfrýjandi þessa máls, N. B. Nielsen, kaupmaður hér í bænum, stefnda Tryggva Gunnarssyni fyrrum bankastjóra, bátsvél, »Gideon-mótor« 12 hesta kraft, sem ekkert vantar í og sem á að geta gengið vel, er hann verður reyndur eftir innsetningu í bát«, eins og segir í samningnum, sem gerður var um kaupin og dagsettur er 30. október. Verðið var ákveðið 1700 kr. og greiddi kaupandi 100 kr. af því við undirskrift samningsins, en 1600 kr. skyldi hann greiða í maímánuði 1914. Með því að vélin eigi reyndist nothæf í bát, er hún var sett í til reynslu, lét stefndi taka hana úr bátnum aftur og sagði sig frá kaupunum. En áfrýjandi leit svo á, að vélin væri í alla staði fullnægjandi eftir samningnum og að stefndi hefði riftað kaupunum að ástæðulausu. Höfðaði hann því þetta mál gegn stefnda á bæjarþingi Reykjavíkur til borgunar á ógreiddu kaupverði fyrir vélina, 1600 kr. með 6% vöxtum frá 1. júní 1914 til greiðsludags. En stefndi krafðist sýknunar af þessari kröfu og hóf jafnframt gagnsök á hendur áfrýjanda til að fá hann dæmdan til að bæta sér fjárútlát, er hann hefði orðið að hafa við árangurslausar tilraunir til að notfæra sér vélina, 250 kr., og til að endurgreiða fyrnefndar 100 kr.,

samtals 350 kr. með 6% vöxtum. Með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 28. okt. f. á. voru aðilar sýknaðir hvor af annars kröfum í þessum málum, og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hafa báðir aðilar skotið til yfirdómsins, áfrýjandi með stefnu, dags. 21. jan. þ. á., og stefndi með gagnstefnu dags. 3. júní þ. á. Krefst áfrýjandi dóms í aðalsökinni fyrir kröfu sinni 1600 kr. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og sýknudóms í gagnsökinni, svo og málskostnaðar í báðum málunum fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins. En stefndi krefst sýknudóms í aðalsökinni, en dóms fyrir kröfu sinni í gagnsökinni, 350 kr. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi gagnsakar til borgunardags, og ennfremur málskostnað í báðum málunum fyrir undirrétti og yfirdómi, eftir mati réttarins.

Stefndi krefst sýknunar í aðalsökinni af þeirri ástæðu, að hin selda gangvél hafi eigi verið samningshæf, að hún hafi eigi haft 12 hesta afl, að vantað hafi í hana og að hún að öðru leyti hafi verið svo léleg, að eigi hafi verið unt að nota hana.

Það hafa að vísu eigi verið færðar sönnur á það af áfrýjanda, að vélin hafi haft hið áskilda 12 hesta afl, enda er það viðurkent í málinu, að hér séu eigi til tæki til að prófa eða mæla afl slíkra véla. En hins vegar er ekkert komið fram í málinu, er bendi til þess, að vélin hafi eigi í upphafi getað haft það afl, sem um var samið, því að þótt eitt vitni, sem reyndi vélina, hafi borið, að vélin að sinni hyggju mundi eigi geta skilað 12 hesta afli í því ástandi er

hún var þá í, er eigi með því sagt að vélin, er hún væri í góðu lagi, hafi eigi getað framleitt þetta afl. Í málsfærslu stefnda er og gert ráð fyrir að vélin mundi hafa getað knúið áfram með sæmilegum hraða bát þann, er hún var sett í, ef hún hefði eigi verið mjög slitin og gölluð að öðru leyti. Það virðist því eftir þessum málavöxtum eigi vera næg ástæða til að taka þessa aðfinslu stefnda við vélina til greina.

Þegar vélin var sett í bátinn, kom það í ljós, að nokkra hluti, þó eigi stórvægilega, vantaði í hana. En smiðir þeir, sem unnu að innsetningu vélarinnar í bátinn, hafa borið það sem vitni, að áfrýjandi hafi látið gera á sinn kostnað og lagt til þessa hluti í vélina, og þó að stefndi haldi því fram, að þessi vöntun hafi samt verið brot á samningnum og að hún hafi tafið fyrir því að vélin yrði notuð, þá virðist hann ekki hafa talið þetta svo mikið atriðismál, að hann þess vegna vildi sleppa kaupunum, þar sem eigi sést að hann hafi hreyft neinum mótmælum út af þessu við áfrýjanda, en hafði þó vélina í sínum vörslum til reynslu all-lengi eftir að áminstir hlutir voru fengnir. Stefndi þykir því eigi fyrir þessa sök eiga að vera laus við skuldbindingar sínar eftir samningnum.

Eftir að samningurinn var gerður lét stefndi setja vélina í bát, og gekk vélin þá meðan báturinn stóð uppi á dráttarbrautinni, þar sem hún var sett í hann, en er báturinn kom á flot, fékkst vélin eigi til að ganga. Áfrýjandi tók þá við, og fekk M. E. Jessen vélfræðiskennara við stýrimannaskólann til að koma vélinni í gang. Tókst það svo, að farin var

reynsluferð með bátinn í góðu veðri hér um höfnina, og hefir Jessen borið það sem vitni, að vélin hafi þá gengið vel, báturinn farið fullar 4 sjómílur á vöku, og annað vitni er og var á bátnum í þessari reynsluferð, hefir einnig borið, að vélin hafi gengið vel, að því er vitnið varð vart við, þó ekki meira en hérumbil 3 sjómílur á vöku, en að reynsluferðin hafi verið of stutt. Stefndi var eigi í bátnum í þessari ferð, og að því er virðist, enginn af hans hendi, en eftir hana tók hann við bátnum og vélinni og leigði bátinn, sennilega í því trausti að vélin væri komin í lag, útgerðarmanni á Akranesi til flutninga, en sá skilaði bátnum aftur eftir 4 daga, tjáðist ekki geta notað hann, af því vélin væri óhæf. Stefndi telur að ekkert mark sé takandi á reynsluferðinni hér á höfninni, því að hún hafi verið of stutt og farin í góðu veðri og logni, og það virðist eigi eins og á stóð, þurfa að líta svo á, að stefndi, með því að taka við vélinni eftir reynsluferðina, hafi viðurkent að vélin væri fullreynd, svo sem nothæf, samkvæmt kaupsamningnum.

Stefndi hefir mótmælt vitnisburði Jessens, af því hann er kvongaður stjúpdóttur áfrýjanda, og getur þá þessi vitnisburður samkvæmt N. L. 1-13-17 eigi komið til greina. Þeir menn, sem önnuðust innsetning vélarinnar í bátinn, hafa borið sem vitni um ástand hennar þá; telja þeir allir vélina lélega og lítt nothæfa, og komast meðal annars svo að orði: »Var (mótorinn) svo lélegur, að eg taldi óráðlegt að láta hann í bát«. »Að vélin er ómöguleg til brúkunar fyrir stórgöllum sem á henni eru«. »Sá eg strax að mótor-

inn var ekki brúkandi og réði frá að nota hann«. Hinsvegar hafa 2 menn, er kvaddir voru af bæjarfógeta eftir beiðni stefnda til að skoða vélina, 4. júlí 1914, látið uppi það álit og staðfest sem vitni, að vélin virðist ekki mjög slitin, og að ætla megi að hún væri viðunanlega vinnufær, ef hæfileg rannsókn (Eftersyn) sé á henni gerð, ráða þeir til, ef fullnægjandi aðgerð á vélinni fáist ekki hér, að láta verksmiðjuna, er vélin kom frá, annast aðgerðina, sem mundi kosta 200—300 kr. auk flutningskostnaðar. Þeir taka og fram, að þeir hafi eigi getað komið vélinni i gang, en kenna því um, að hún hafi staðið lengi óhreyfð og muni vera orðin ryðguð innan.

Það verður að skilja svo ákvæði kaupsamningsins, að vélin hafi, er kaupin gerðust, átt að vera í svo góðu lagi, að hún án verulegrar viðgerðar, gengi vel, er hún væri reynd eftir innsetningu í bát. En framburður 3 framangreindra vitna virðist sýna að þetta hafi eigi verið svo, og þessum framburði er eigi hnekt með skýrslu 2 síðarnefndu vitna, enda er framburður þeirra um ástand vélarinnar eigi jafn eindreginn eða ákveðinn sem hinna vitnanna, og þau virðast eigi hafa haft jafngóð tök á að rannsaka vélina, eftir að hún var komin í bátinn, eins og þau vitnin, er unnu að innsetning hennar. — Áfrýjandi heldur því reyndar fram að vélin hafi verið í góðu lagi eftir að Jessen gekk frá henni í bátnum, en að hún hafi farið aflaga fyrir illa meðferð og vankunnáttu þeirra manna, er stefndi eftir það lét fara með bátinn og að báturinn hafi verið illa lagaður og of stór fyrir slíka vél sem þessa. En þetta verður eigi

talið nægilega sannað og hins vegar virðist mega ráða það af vitnaskýrslunum og öðrum málsskjölum, að vélin hafi, er kaupin gerðust, verið í ólagi og þurft talsverðrar lagfæringar við, sem, eftir skýrslu skoðunarmannanna, óvíst var að fengist hér á landi. Eftir þessu verður eigi litið svo á, að vélin hafi verið í svo góðu lagi, sem stefndi átti kröfu til eftir samningnum, og var honum þá heimilt að segja sig frá kaupunum, fyrir því ber að sýkna hann af kröfu áfrýjanda.

Krafa stefnda í gagnsökinni er í 3 liðum: 1. endurgreiðsla á upphæð þeirri, er hann galt við undirskrift samningsins, 100 kr., 2. kostnaður við að setja vélina i bátinn og gera við hana og taka hana úr honum aftur, 215 kr., og 3. endurgjald fyrir ýmislegt, er kaupa hafi þurft til vélarinnar, 35 kr.

Í samningnum er svo ákveðið, að ef kaupandi greiði eigi síðari afborgun (1600 kr.) í tæka tíð séu eigi afturkræfar þær 100 kr., er hann hefir greitt. Þetta ákvæði virðist aðeins eiga við það, að kaupandi ranglega lætur farast fyrir greiðslu á réttum tíma, en ekki við það, er eigi verður af greiðslunni fyrir það, að stefnda var heimilt að hafna kaupunum. Það þykir því rétt, að áfrýjandi endurgreiði stefnda þær 100 kr., sem stefndi greiddi honum við undirskrift samningsins, með 6% ársvöxtum frá 6. nóv. 1914 til greiðsludags.

Í samningnum segir ekkert um það, hvor þeirra áfrýjandi eða stefndi, skuli leggja fram kostnað við innsetningu vélarinnar í bátinn og úrtöku, ef til kæmi, en það sést af málsskjölunum, að þeir hafa báðir

kostað nokkru til í því skyni, og það má telja sannað, að áfrýjandi hafi lagt til alt það, sem vantaði í vélina. Eftir þessum málavöxtum verður eigi fallist á, að stefndi eigi tilkall til að fá endurgoldinn þann kostnað, er talinn er við 2. og 3. lið hér að framan, og ber að sýkna áfrýjanda af þeirri kröfu.

Yfirdómurinn felst á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað. Fyrir yfirdómi þykir málskostnaður eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalsökinnni á stefndi Tryggvi Gunnarsson að vera sýkn af kröfum áfrýjanda N. B. Nielsen. Í gagnsökinni skal áfrýjandi greiða stefnda 100 kr. með 6% ársvöxtum frá 6. nóvbr. 1914 til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Dóminum að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 7. ágúst 1916.

Nr. 34/1916.

Páll Jónsson
yfirréttarmálflutningsmaður
gegn
Einari Arnórssyni ráðherra.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Páll Jónsson yfirréttmálaflutningsmaður á bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda, Einari Arnórssyni ráðherra til refsingar fyrir meiðyrði og skaðabóta fyrir mannorðsrán, lántraustsspjöll og atvinnuhnekki. En með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 11. maí þ. á. var málinu vísað frá dómi og áfrýjandi dæmdur í sekt fyrir að hafa í sókn sinni viðhaft orðin »ill vættur og örg« og »calumniator« um stefnda, 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. til bæjarsjóðs Reykjavíkur og til að greiða stefnda 15 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags 3. júní þ. á., og krafist þess, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að málinu verði vísað heim til nýrrar og löglegrar meðferðar og dómslagningar í undirrétti eða að stefndi án heimvísunar verði dæmdur samkvæmt frumstefnunni í hegningu og skaðabætur og hin átöldu ummæli dæmd dauð og ómerk svo og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eða báðum réttum. — Stefndi krefst staðfestingar dómsins og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Í sókn sinni fyrir yfirdómi hefir áfrýjandi krafist þess, að jafnframt og málinu sé heimvísað verði undirdómarinn, settur bæjarfógeti Björn Þórðarson ex officio úrskurðaður til að víkja dómarasæti í málinu, sakir þess að hann er aðstoðarmaður í stjórnarráðinu. Fyrir bæjarþinginu hreyfði áfrýjandi eigi mótmælum gegn dómaranum og eigi heldur í áfrýjunarstefnunni; eftir kröfu hans verður dómaranum

því eigi hrundið og ex officio þykir eigi heldur vera nein ástæða til þess.

Hin átöldu ummæli eru þessi: »og sérstaklega benda hinni háttvirtu bankastjórn á, framvegis að vera vandari að vali sínu um menn, er hún lætur starfa fyrir sína hönd«. Eiga orð þessi að sögn áfrýjanda, að hafa staðið í bréfi frá stefnda til stjórnar Landsbankans, er hann skrifaði henni út af kæru, sem stjórnarráðinu hafði borist um framkomu áfrýjanda sem málafærslumanns fyrir Landsbankann.

Frávísunarkröfuna hefir stefndi bygt á því, að hin átöldu ummæli, sem hann neitar að hafa viðhaft, hafi átt að vera í embættisbréfi til stjórnar Landsbankans og um embættismál og sé því um embættisverk að ræða, er stefndi hafi framkvæmt innan valdsviðs síns, er almennir dómstólar séu eigi bærir að dæma um.

Áfrýjandi neitar því að bréf þetta hafi eftir formi þess og innihaldi verið embættisbréf, enda sæki hann í máli þessu stefnda persónulega en ekki sem ráðherra. En það, að áfrýjandi beinir kröfum sínum gegn stefnda sjálfum, en eigi gegn honum sem embættismanni, er engin sönnun þess að um embættisbréf geti eigi verið að ræða.

Nefnt bréf hefir eigi verið lagt fram í málinu né afrit af því; skýrir áfrýjandi svo frá, að stefndi hafi bannað bankastjórninni að láta áfrýjanda í té afrit af bréfinu. Þó að vafalaust megi ætla, eftir skýrslum málsins, að bréfið hafi verið embættisbréf, þá verður ekkert um það fullyrt, að eigi hafi alt að einu fyrir það getað verið í því ummæli um

áfrýjanda, er saknæm væru samkvæmt meiðyrðalöggjöfinni, en með því bréfið er eigi komið fram í málinu, verður ekkert um þetta vitað, og þá eigi heldur um það, hvort hin átöldu ummæli, ef þau hefðu staðið í bréfinu mundu varða við lög. Málið er þannig eigi nægilega upplýst til þess að dómur verði á það lagður og verður fyrir þá sök að vísa því frá dómi.

Yfirdómurinn fellst á sektarákvæði bæjarþingsdómsins og málskostnaðarákvæði, og ber því að staðfesta þann dóm.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjanda eiga að greiða stefnda og ákveðst hann 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður greiði stefnda Einari Arnórssyni ráðherra 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Ídæmd gjöld greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 7. ágúst 1916.

Nr. 28/1916. Jensen-Bjerg kaupmaður
gegn
Sigfúsi Péturssyni.

Dómur:

Stefndi Sigfús Pétursson á Grænuborg í Reykjavík höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda kaupmanni Jensen-Bjerg í Reykjavík út af skuld fyrir hey, er hann tjáðist hafa selt áfrýjanda veturinn 1914 fyrir jól, og lauk málinu með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 27. apríl þ. á. á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda 89 kr. með 5% ársvöxtum frá 15. nóvember 1915 til borgunardags og 25 kr. í málssóknarlaun til skipaðs málfærslumanns stefnda, en hann hafði fengið gjafsókn fyrir bæjarþinginu og skipaðann málfærslumann, Svein Björnsson yfirréttarmálaflutningsmann. Dómi þessum hefir Jensen-Bjerg skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. maí þ. á. og gert þær réttarkröfur, að dóminum verði hrundið og algerlega breytt þannig, að hann verði sýknaður gersamlega í málinu af öllum kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi, Sigfús Pétursson, hefir fengið gjafvörn í málinu og skipaðann málflutningsmann, og hefir hann látið gera þær réttarkröfur, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að honum verði tildæmdur málskostnaður eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Stefndi gerir svofelda grein fyrir kröfu sinni, að veturinn 1914 fyrir jól hafi Eyjólfur nokkur Eyjólfsson komið til sín, og falað af sér hey; hafi hann

sagst hafa umboð áfrýjanda til þessa, og væri heyið ætlað hestum, sem Eyjólfur hafi keypt fyrir áfrýjanda; seldi hann svo Eyjólfi sem umboðsmanni áfrýjanda 2475 pund af heyi fyrir 4 aura pundið — eða alls fyrir 99 kr. Gaf stefndi síðan áfrýjanda reikning fyrir heyinu, og vottaði Eyjólfur á reikninginn að hann væri réttur. Síðan krafði stefndi áfrýjanda um reikningsupphæðina, en hann var þá eigi viðlátinn að borga, kvaðst þurfa að athuga málið, og er stefndi síðar krafði hann um upphæðina var hann ófáanlegur til að greiða nema einar 10 krónur af henni, er krafa stefnda því nú 89 kr., og hefir hann fengið dóm undirréttarins fyrir henni. — Af annari hálfu heldur áfrýjandi því fram í málinu, að hann hafi eigi keypt neitt hey af stefnda, ekki beðið hann um neitt hey og ekki látið biðja hann um það, og ekkert hey fengið frá honum, og þetta hafi hann tjáð stefnda, er hann krafði hann um heyverðið. Þá hafi stefndi beðið sig að lána honum 10 kr., og það kvaðst áfrýjandi hafa gert, af því hann hafi aumkvast yfir stefnda. Áfrýjandi neitar því, að Eyjólfur Eyjólfsson áðurnefndur hafi haft umboð eða nokkra heimild til að kaupa hey fyrir sig, og jafnframt hefir hann neitað því, að hann (Eyjólfur) hafi keypt hesta fyrir áfrýjanda. Skýrsla Eyjólfs þessa hefir verið fengin fyrir rétti og hafa málsaðilar tekið vitnisburð hans gildan án eiðfestingar, en skýrslan er á þá leið, að hann (Eyjólfur) hafi verið í hestakaupum fyrir áfrýjanda árið 1914 og þá einnig keypt hey fyrir hann, meðal annars af stefnda hey það, er nú er krafist borgunar fyrir. Hey þetta hafi ekki

verið gott, og hafi hann því gjört það að skilyrði fyrir heykaupunum, að »þau giltu ekki, ef heyið yrði ekki tekið vegna þess það þætti ekki nógu gott handa hestum á leiðinni héðan út«. Það er þó ekki sannað í málinu, að heyið hafi verið svo vont, að það hafi verið ónothæft, og það er eigi heldur sannað, að neitað hafi verið að taka á móti því, sem fóðri fyrir útflutningshesta, en til þess var það ætlað. Hitt er víst að áfrýjandi tók eigi við heyinu, virðist eigi hafa haft þess þörf, með því að hann hafði fengið nóg hey úr annari átt, og svo virðist hann eigi hafa getað notfært sér heyið, með því að hestunum var þá skipað út frá Hafnarfirði en eigi frá Reykjavík.

Eins og mál þetta þannig liggur fyrir velta úrslit þess á því, hvort heyið hafi verið keypt til handa áfrýjanda eftir umboði hans, en um þetta eru engar skýrslur í málinu aðrar en skýrslur málsaðila og áður tilvitnaður vitnisburður Eyjólfs Eyjólfssonar. Þessi vitnisburður styrkir þó svo mjög skýrslu stefnda, að það þykir rétt að láta úrslitin vera komin undir eiði áfrýjanda, þannig, að hann sé sýkn í málinu af kröfum stefnda, ef hann synjar fyrir það með eiði, að hann hafi veitt Eyjólfi Eyjólfssyni áðurnefndum umboð eða heimild til þess að kaupa hey fyrir sig fyrripart vetrar 1914—1915, og skal málskostnaður þá falla niður, en málskostnaður hins skipaða talsmanns stefnda, bæði fyrir bæjarþinginu og yfirdóminum, sem ákveðast 45 kr., greiðast úr landssjóði, en vinni áfrýjandi ekki þennan synjunareið, skal hann greiða stefnda 89 kr. með 5% ársvöxtum frá 15. nóvbr. 1915 til borgunardags. Svo skal hann þá og

greiða 45 kr. sem málsfærslukaup, bæði fyrir bæjarþinginu og yfirdómi til talsmanns stefnda. Að öðru leyti skal málskostnaður falla niður. — Að því leyti sem málið hefir verið rekið með gjafsókn í héraði og gjafvörn í yfirdómi vottast að málsfærslan hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Svo framarlega áfrýjandi, kaupmaður Jensen-Bjerg, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, synjar fyrir það með eiði, að hann hafi veitt framannefndum Eyjólfi Eyjólfssyni umboð eða heimild til þess að kaupa hey fyrir sig fyrri part vetrar 1914—1915, skal hann vera sýkn í máli þessu, og skal málskostnaður þá falla niður, en málsfærslulaun hins skipaða talsmanns stefnda yfirréttarmálaflutningsmanns Sveins Björnssonar, fyrir bæjarþingi og yfirdómi, 45 kr., greiðist úr landssjóði. — En vinni áfrýjandi eigi eið þenna, skal hann greiða stefnda, Sigfúsi Péturssyni, 89 kr. með 5% ársvöxtum frá 15. nóvember f. á. til borgunardags, og yfirréttarmálaflutningsmanni Sveini Björnssyni 45 kr. í málsfærslukaup fyrir bæjarþingi og yfirdómi, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 21. ágúst 1916.

Nr. 14/1916. Jón Árnason
gegn
Sveini Björnssyni
fyrir hönd
Sigurðar Jónssonar.

Dómur:

Mál þetta höfðaði yfirréttarmálaflutningsmaður Sveinn Björnsson f. h. Sigurðar Jónssonar útvegsbónda á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, gegn Jóni Árnasyni frá Heimaskaga, nú til heimilis í Reykjavík, til greiðslu á skaðabótum fyrir rof á samningi um kaup á fiski, að upphæð 585 kr. 99 aur. En undir rekstri málsins fyrir bæjarþinginu stefndi sækjandi ennfremur kaupmanni Pétri J. Thorsteinsson í Reykjavík, og gerði þá kröfu á hendur honum til vara, ef Jón Árnason yrði sýknaður, að hann yrði dæmdur til að greiða nefndar skaðabætur, 585 kr. 99 a.

Lauk máli þessu svo fyrir bæjarþinginu 23. des. f. á. að málinu var vísað frá dómi að því er Pétur J. Thorsteinsson snerti, en Jón Árnason var dæmdur til að greiða Sveini Björnssyni f. h. Sigurðar Jónssonar 421 kr. 96 a. með 6% ársvöxtum frá 3. nóv. 1914 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Jón Árnason skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 4. marz þ. á. og krafist þess, að verða sýknaður af kröfum stefnda Sig-

urðar Jónssonar og sér dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir réttarins mati.

Af annari hálfu hefir Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður f. h. Sigurðar Jónssonar gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 29. maí þ. á. og hefir hann jafnframt áfrýjað bæjarþingsdóminum að því er snertir Pétur J. Thorsteinsson, og krefst hann þess að kröfur hans fyrir bæjarþinginu verði teknar til greina og honum dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi, eftir mati réttarins. Til vara krefst hann að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Að því er snertir málsskotið gegn Pétri J. Thorsteinsson hefir gagnáfrýjandi ekki fært neina ástæðu fyrir því að breyta beri hinum áfrýjaða dómi að því er snertir frávísun málsins frá undirréttinum, eða gert neina kröfu um að málinu verði vísað heim til dómsáleggingar að efni til að því er til hans tekur, og ber því samkvæmt kröfu stefnda P. J. Thorsteinsson, að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er hann snertir, og verður gagnáfrýjandi að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 20 kr.

Að því er aðalmálið snertir eru málsatvik eftir skýrslu stefnda Sigurðar Jónssonar þessi:

Haustið 1913 kom áfrýjandi á heimili hans og kvaðst vera að kaupa fisk fyrir Pétur J. Thorsteinsson, og falaði af honum fisk. Varð það úr að stefndi seldi honum nokkuð af svokölluðum Labradorfiski. Verðið var ákveðið 38 aura fyrir kíló, og skyldi borgun fara fram við afhendingu. Þegar stefndi

samkvæmt þessum samningi kom með fiskinn til Seyðisfjarðar, sagði áfrýjandi honum að búið væri að selja fiskinn aftur, og ætti Th. Imsland að veita honum móttöku fyrir hinn nýja kaupanda. Imsland þótti fiskurinn eigi nógu þur, og neitaði því að taka á móti honum, en engu að síður lét áfrýjandi vega fiskinn og gaf út vigtarviðurkenningu fyrir honum 13. okt. 1913, og var fiskurinn samkvæmt henni 5691½ kíló. Fiskinum var svo hlaðið inn í hús hjá Imsland.

Stefndi Sigurður Jónsson krafði áfrýjanda um verðið fyrir fiskinn, en hann færðist undan að borga. Símaði þá stefndi til Péturs J. Thorsteinsson og krafði hann um kaupverðið. Skiftust þeir á nokkrum símskeytum, en svo fór að P. J. Thorsteinsson neitaði að áfrýjandi hefði keypt fiskinn í sínu umboði og neitaði að borga hann.

Þegar komið var fram í desembermánuð og stefndi fékk enga borgun hjá áfrýjanda, fiskurinn lá undir skemdum og áfrýjandi hirti ekkert um hann, tók stefndi það ráð að selja fiskinn fyrir það verð, er hann þá gat fengið fyrir hann, en það var 31 eyrir kilóið eða 7 aurum lægra hvert kíló, en áfrýjandi hefði selt fiskinn fyrir, og reyndist fiskurinn þá 76 kíló léttari, en hann var, er hann var seldur áfrýjanda. Samkvæmt þessu var söluverð fiskjarins í síðara skiftið

7×5615,5	kr. 393.08
38×76	— 28.88
	Kr. 421.96 lægra en

við fyrri söluna.

Þennan mismun að viðbættum 8 kr. 70 a. fyrir símskeyti og 150 kr. fyrir óþægindi, miska og lánstraustsspjöll krefst stefndi að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða.

Áfrýjandi byggir sýknukröfu sína aðallega á því, að hann sé ekki réttur sakaraðili, með því hann hafi keypt fiskinn í umboði Péturs J. Thorsteinsson kaupmanns og þessu til sönnunar hefir hann lagt fram nokkur símskeyti, er sýna að um það hefir verið að ræða, að hann keypti fisk þetta haust fyrir austan fyrir nefndan kaupmann, en þessi símskeyti sanna þó eigi, að áfrýjandi hafi haft umboð til að kaupa hinn umrædda fisk eða að hann hafi verið umboðsmaður nefnds Péturs J. Thorsteinsson til fiskkaupa yfirleitt, og með því að áfrýjandi hefir eigi sannað umboð sitt á annan hátt, verður hann að teljast réttur aðili í þessu máli, og sú staðhæfing áfrýjanda að stefndi hafi samið um fiskkaupin beint við Pétur J. Thorsteinsson verður heldur eigi talin á rökum bygð.

Til vara hefir áfrýjandi krafist sýknunar af kröfu stefnda um kr. 421.96 og af því að hann (stefndi) hafi tekið fiskinn í heimildarleysi og selt hann öðrum og af því að hafi ekkert tjón beðið, þareð hann hafi fengið jafn hátt verð fyrir fiskinn og upphaflega var lofað, hann neitar því og að fiskurinn hafi nokkuð léttst og loks mótmælir hann kröfu stefnda um endurgjald á símskeytakostnaði og 150 kr. skaðabótakröfunni, með því að þessar kröfur séu gersamlega ástæðulausar og órökstuddar.

Sú sýknunarkrafa áfrýjanda að fiskurinn hafi

óleyfilega verið tekinn úr vörzlum áfrýjanda verður ekki tekin til greina, með því þetta er í beinni mótsögn við það, sem áfrýjandi hefir annars haldið fram í málinu, að hann hafi ekki verið kaupandi fiskjarins heldur Pétur J. Thorsteinsson, er þá eftir staðhæfingu áfrýjanda átti að hafa fiskinn í vörzlum sínum, enda hefir áfrýjandi breytt þessari sýknunarástæðu þannig, að það hafi eiginlega verið úr vörzlum Péturs J. Thorsteinsson, er fiskurinn var tekinn, en þá átti áfrýjandi ekki rétt á að fara með þá sök.

Það verður að álítast sannað í málinu að fiskurinn hafi verið seldur á 31 e. kilóið og að það hafi verið hæfilegt verð fyrir fiskinn á þeim tíma.

Mótmæli áfrýjanda gegn því að fiskurinn hafi lést svo sem sagt er, verður heldur eigi tekin til greina, því eftir atvikum virðist ekki efi á því, að það hafi verið allur fiskurinn, sem seldur var í síðara skiftið.

Áfrýjandi hefir haldið því fram, að loforð hans um að greiða 38 aura fyrir kilóið af fiskinum hafi verið því skilyrði bundið að hann fengi allan þann fisk, er stefndi hafði lofað honum, en sá fiskur, er stefndi hafi látið af hendi, hafi verið tæpur helmingur af því, sem lofað var, en gegn neitun stefnda er engin sönnun færð fyrir þessari staðhæfingu, og verður því að líta svo á, að fiskurinn hafi verið seldur á 38 aura kilóið, eins og stefndi heldur fram.

Samkvæmt þessu verður að dæma áfrýjanda, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi, til að greiða stefnda verð fiskjarins, sem lofað var í fyrstu, að frádregnu verði því, er fiskurinn seldist síðar, eða 421

kr. 96 aur. með 6% ársvöxtum frá 3. nóvbr. 1914 til borgunardags, en hins vegar virðist ekki næg ástæða til að dæma áfrýjanda til að greiða hinn umkrafða símskeytakostnað, og svo er heldur eigi færð nægileg rök fyrir 150 kr. skaðabótakröfunni og ber því að sýkna áfrýjanda af þeim kröfum.

Þar sem yfirdómurinn felst á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum málsins virðist rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandi Jón Árnason, greiði stefnda Sveini Björnssyni fyrir hönd Sigurðar Jónssonar málskostnað fyrir yfirdómi með 30 kr.

Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður f. h. Sigurðar Jónssonar greiði stefnda Pétri J. Thorsteinsson í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 21. ágúst 1916.

Nr. 43/1916. Réttvísin
gegn
Sigurði Gunnarssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 3. júní þ. á., var ákærði Sigurður Gunnarsson, húsmaður frá Siglufirði, dæmdur fyrir nauðgunartilraun samkvæmt 169. gr. sbr. 46. gr. og 177. gr. almennra hegningarlaga og með tilliti til 40. gr. þeirra til að sæta 6×6 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo var ákærði og dæmdur til að greiða allan sakarkostnað. Þessum dómi hefir af réttvísinnar hálfu verið skotið til yfirdómsins.

Það er með játningu ákærða og öðrum skýrslum málsins löglega sannað, að hinn 10. maí þ. á., um kl. 6 síðdegis varð ákærða gengið fram hjá húsi Jóns Ebenezersonar á Ísafirði. Sá hann þá unglingsstúlku Sigríði Magnúsdóttur, 18 ára að aldri, við gólfþvott í inngönguskúr við húsið. Fékk ákærði leyfi stúlkunnar til að koma inn í skúrinn og hallaði hann hurðinni aftur. Falaði ákærði þvínæst eftir samræði við stúlkuna, en hún neitaði því og hló við. Tók ákærði þá stúlkuna, sem lá á hnjánum við gólfþvottinn, lagði hana upp í loft, og lagðist ofan á hana og hafði aðra samræðistilburði. A meðan á þessu stóð orgaði Sigríður og varðist ákærða. Kom þá kvenmaður að, sem heyrði hljóðin, og reyndi til að opna skúrinn, en gat þó ekki opnað skúrhurðina svo

að hún kæmist inn, en ákærði hélt áfram samræðistilraununum þar til annar kvenmaður kom að og rak hann ofan af stúlkunni. — Ekki kom ákærði vilja sínum fram og ekkert sást á stúlkunni eftir þessa viðureign þeirra. Sigríður þessi hefir ekki verið yfirheyrð sjálf, með því að hún er talin hálfviti og ekki fær um að mæta fyrir rétti, en um þetta ástand hennar var ákærða ókunnugt.

Afbrot ákærða, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir ekki sætt refsingu eða ákæru fyrir neitt lagabrot, ber að heimfæra undir 169. gr., sbr. 46. gr. almennra hegningarlaga, en með því hann var töluvert drukkinn, er hann framdi brotið verður og að taka tillit til þess, er refsingin er ákveðin. Þykir þá refsing ákærða með tilliti til 40. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðst 15 kr. til hvors þeirra.

Hvað meðferð málsins í héraði snertir er það að athuga, að í réttarhaldi 22. maí þ. á., var kveðinn upp úrskurður um að ákærði skyldi leystur úr gæzluvarðhaldi, en eftir að úrskurðurinn var uppkveðinn bókar rannsóknardómarinn að ákærði sé geymdur í fangahúsinu þar til yfir lýkur um mál þetta án þess getið sé neinnrar ástæðu fyrir þessari ráðstöfun, og er það aðfinnsluvert. Þá er það og aðfinnsluvert, að rannsóknardómarinn hefir eigi tekið eða eða reynt að taka skýrslu Sigríðar Magnúsdóttur, eða

einu sinni látið hana koma fyrir rétt, til þess að ganga sjálfur úr skugga um, hvort framburður hennar gæti eigi verið nokkurs virði, þrátt fyrir greindarleysi hennar.

Eins og getið er um að framan, dæmdi undirdómarinn ákærða í 6×6 daga fangelsi við vatn og brauð, og er slík refsing ekki heimiluð í hegningarlögum. En í óstaðfestu og óundirskrifuðu símskeyti til stjórnarráðsins segir »sýslumaður« (þ. e. dómarinn), að í dómi Sigurðar Gunnarssonar eigi refsingin »að vera 5×6 daga, hitt misritun«. Hinum staðfestu dómsgerðum verður þó eigi breytt eftir símskeyti þessu, og getur undirdómarinn ekki komist hjá að vera víttur fyrir þessa hroðvirkni. Málið hefir annars í héraði verið rekið með nægilegum hraða og málsfærslan fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Refsing ákærða, Sigurðar Gunnarssonar, skal ákveðin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti skal aukaréttardóminum óraskað. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 2. okt. 1916.

Nr. 27/1916 Björn Líndal
f.h. Hólmgeirs Þorsteinssonar o.fl.
gegn
Sigurjóni Friðjónssyni.

Dómur:

Árið 1897 var stofnað fjárræktarfélag Suður-Þingeyinga sem hlutafélag. Rak félag þetta sauðfjárbú um nokkur ár, en á aðalfundi félagsins 17. maí 1913 kom fram tilboð frá 6. félagsmönnum um kaup á sauðfé búsins; var samþykt á fundinum með 17 atkvæðum gegn 13 að selja fjárbú félagsins, og síðan var samþykt með 19 atkvæðum gegn 10 að taka hinu framkomna tilboði, og var á fundinum kosin 3 manna nefnd til að »fá upp atkvæði þeirra félagsmanna, er eigi voru mættir á fundinum og sjá um hag Fjárræktarfélags Suður-Þingeyinga gagnvart hinu nýja félagi (þ. e. kaupendum), afhenda féð í fardögum og sjá um fjárgreiðslu til hlutaðeigenda«.

Minni hlutinn á fundinum virðist hafa verið mjög óánægður með þessi málalok, og höfðuðu 9 af þeim, er greiddu atkvæði gegn umgetnu kauptilboði, þeir Hólmgeir Þorsteinsson, Gissur Hólmgeirsson og Glúmur Hólmgeirsson í Vallakoti, Sigurður Baldvinsson og Benedikt Baldvinsson í Garði, Jón Kristjánsson í Glaumbæ, Björn Sigtryggsson á Hallbjarnarstöðum, Sören V. Jónsson í Glaumbæjarseli og Jón Sigurðsson á Hjalla, mál þetta fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu; beindu þeir málshöfðun sinni gegn stefnda

Sigurjóni Friðjónssyni bónda á Litlu-Laugum, þareð hann hafði verið formaður félagsins, er salan fór fram, fundarstjóri á fundinum 17. maí 1913 og hafði átt mestan þátt í undirbúningi sölunnar. Kröfðust þeir fyrir aukaréttinum að Sigurjón yrði dæmdur til að greiða þeim sem hluthöfum í Fjárræktarfélagi Suðurþingeyinga skaðabætur fyrir sölu á sauðfjárbúi félagsins, 10 kr. hverjum þeirra, eða samtals 90 kr. Ennfremur kröfðust þeir þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða þeim allan málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins. — Dómkröfur sínar bygðu sækjendur á því, að þeir sem hluthafar í fjárræktarfélaginu hefðu beðið fjárhagslegt tjón við sölu fjárbúsins, þareð söluverðið hafi verið altof lágt, en söluna telja þeir ólöglega með því að ekki hafi fullur helmingur atkvæðisbærra félagsmanna greitt atkvæði með henni á fundinum.

Stefndi, Sigurjón Friðjónsson, krafðist þess hins vegar að verða sýknaður af öllum kröfum og kærum sækjenda eða til vara að málinu yrði vísað frá dómi, þareð hann sé eigi réttur sakaraðili. — Lauk máli þessu svo fyrir aukaréttinum með dómi uppkveðnum 30. nóvbr. 1914, að stefndi var sýknaður af kröfum sækjenda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir yfirréttarmálaflutningsmaður Björn Líndal á Akureyri fyrir hönd sækjenda í héraði skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 8. maí þ. á.; hefir hann fyrir hönd umbjóðenda sinna lagt fram uppreisnarleyfi til áfrýjunar og gert þær kröfur að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt

þannig, að stefndi, Sigurjón Friðjónsson, verði dæmdur til að greiða honum 90 kr. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og allan málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. — Hinn stefndi hefir ekki mætt eða látið mæta í yfirdóminum, þótt honum hafi verið löglega stefnt, og verður því málið dæmt eftir framlögðum gögnum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Stefndi, sem var einn meðal þeirra 6 manna, er gerði tilboð um að kaupa sauðfjáreign fjárræktarfélagsins, viðurkennir það, að hann hafi verið því fylgjandi að félagið seldi fjárbú sitt, og að hann hafi greitt atkvæði með sölunni á fundinum 17. maí 1913, en hann hafi haldið því fram, að salan á fjárbúi félagsins hafi verið lögleg. En þótt salan hefði verið ólögleg, þá neitar hann því að áfrýjendur hafi nokkurn rétt til bóta fyrir það frá sinni hálfu, fremur en frá hverjum öðrum félagsmanni, er atkvæði hafi greitt með sölunni; ef hér væri um nokkra ábyrgð að ræða, þá verði aðalábyrgðin að hvíla á framkvæmdarnefnd þeirri, er kosin var á fundinum 17. maí 1913 og framkvæmdi söluna.

Stefndi var formaður félagsins þar til á fundinum 1913, en þá var hann, að því er virðist, leystur frá þeim starfa, með því að þá var kosinn sérstök framkvæmdarnefnd til þess að annast sölu á fjáreign félagsins og sjá um skiftingu á eignum félagsins milli hluthafanna.

Það verður nú að fallast á þá skoðun stefnda, að hann hafi ekki bakað sér neina ábyrgð gagnvart á-

frýjendum, þótt hann sem formaður á fundinum 17. maí 1913 leyfði eða léti atkvæðagreiðslu fram fara um fram komna tillögu um sölu á fjárstofni félagsins, og þótt hann hafi reynt að afla þeirri tillögu fylgis og greitt henni atkvæði á fundinum, og þar sem ekki verður séð af málsskjölunum að stefndi, eftir fundinn 17. maí, hafi haft nokkur afskifti af stjórn félagsins eða framkvæmt söluna, verður ekki álitið að hann beri neina ábyrgð á henni gagnvart áfrýjendum. Ber þegar af þessari ástæðu að sýkna hinn stefnda, og er þá ekki þörf að rannsaka það atriði málsins, hvort umgetin sala á fjárbúi fjárræktarfélagsins hafi verið lögleg eða ekki.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, bæði í aðalefninu og um málskostnað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal óraskað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 2. október 1916.

Nr. 37/1916: Björn Líndal
gegn
Árna Jónatanssyni
og Valgeiri Árnasyni.

Dómur:

Björn Líndal yfirréttarmálaflutningsmaður höfðaði mál þetta fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar fyrir hönd Ólafs Tryggvasonar bónda í Dagverðartungu, gegn hinum stefndu, Árna Jónatanssyni og Valgeiri Árnasyni á Auðbrekkn, til þess, samkvæmt lögum 20. okt. 1905 um forkaupsrétt leiguliða o. fl., að fá dæmt ógilt, að nokkru eða öllu leyti, gagnvart Ólafi Tryggvasyni afsal frá stefnda Árna Jónatanssyni til stefnda Valgeirs Árnasonar fyrir jörðinni Auðbrekku með hjáleigunni Bláteig, er gert var með bréfi 17. apríl 1914, og til skaðabóta fyrir það, að Ólafi Tryggvasyni var bægt frá ábúð á Bláteig árið 1914. Með dómi aukaréttarins, uppkveðnum 7. febr. þ. á. var málinu vísað frá dómi og áfrýjanda, Birni Líndal, gert að greiða hinum stefndu 15 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Björn Líndal skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 9. júní þ. á., og krafist þess, að dóminum yrði hrundið og breytt þannig, að málinu verði vísað heim til nýrrar dómsáleggingar um aðalefnið og að áfrýjanda verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi, efir mati réttarins.

Áfrýjunarstefnan hefir verið löglega birt hinum stefndu, en þeir hafa ekki sjálfir komið eða látið neinn koma til andsvara fyrir sig í yfirdóminum, og verður málið þá samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., dæmt eftir framlögðum skjölum áfrýjanda.

Tildrög málsins eru þau, að með bréfi, dags. 17.

apríl 1914, þinglesnu 22. maí s. á., afsalaði stefndi, Árni Jónatansson, stefnda Valgeiri Árnasyni, til eignar jörðina Auðbrekku, með hjáleigunni Bláteig í Skriðuhreppi, en hjáleiguna hafði Árni bygt nefndum Ólafi Tryggvasyni með byggingarbréfi, dags. 7. ágúst 1909, og sat Ólafur enn í þeirri byggingu, þegar afsalið fór fram. — Með þessu afsali taldi hann brotin á sér fyrgreind lög um forkaupsrétt leiguliða, þar sem honum hafði eigi verið gerður kostur á að neyta forkaupsréttar síns, eins og lögin mæla fyrir, og fól hann því áfrýjanda, Birni Líndal yfirréttarmálaflutningsmanni, umboð, dags. 19. nóvember 1914, til að höfða þetta mál, þar með talið að stefna því til sátta og sættast á það. Áfrýjandi gaf út og undirskrifaði sáttakæru í málinu, en lét skrifara sinn mæta á sáttafundi fyrir sína hönd. Í sáttakæru og réttarstefnu krafðist hann forkaupsréttar að nefndum jörðum til handa Ólafi Tryggvasyni.

Þó að það sé eigi berum orðum tekið fram í umboðsskjalina 19. nóv. 1914, að áfrýjanda sé fengið fult vald yfir málinu og heimild til að reka það í sínu nafni sem mandatarius Ólafs Tryggvasonar, verður þó að líta svo á, að Ólafur hafi falið honum slíkt umboð, enda mætti hann (Ólafur) við fyrstu fyrirtekt málsins með umboð frá áfrýjanda. Það verður nú eigi talið, að neinar réttarfarslegar reglur séu því til fyrirstöðu, að áfrýjandi geti tekið að sér þetta umboð, þó að réttindi þau, forkaupsréttur leiguliða, sem um er að tefla í málinu, séu eigi framseljanleg, en tengd við persónu leiguliðans Ólafs Tryggvasonar, með því að áfrýjandi hefir krafist þessara

réttinda til handa umbjóðanda sínum, en ekki sjálfum sér. Og með því áfrýjandi hafði fengið slíkt vald yfir málinu, sem fyr segir, var honum rétt að kæra það til sátta og mæta sjálfur við sáttatilraun, eða, ef forföll bönnuðu honum það, að senda umboðsmenn fyrir sig á sáttafundinn. Nú hefir áfrýjandi að vísu eigi sannað forföll þau, er hann tjáir hafi bannað sér að koma sjálfur á sáttafundinn, en stefndu hafa eigi véfengt forföll áfrýjanda, er þeim, að sögn hans, var kunnugt um að voru lögmæt, enda virðist stefndu, svo og sáttanefndin, hafa tekið skrifara áfrýjanda gildan sem umboðsmann hans við sáttaumleitunina. Það verður því að álíta að sáttatilraunin hafi verið lögmæt, og verður eigi fallist á það að málinu var vísað frá undirréttinum fyrir þá sök, að það hafi eigi verið lagt löglega til sátta. Það ber því að taka til greina kröfu áfrýjanda um ómerkingu hins áfrýjaða dóms og heimvísun málsins til dómsálagningar að efni til.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim til dómsálagningar um efni þess.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 16. okt. 1916.

Nr. 44/1916. Kr. P. Briem f. h. Önnu Pálsdóttur
gegn
Hirti A. Fjeldsted.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Kristinn P. Briem kaupmaður á Sauðárkróki fyrir hönd ekkjunnar Önnu Pálsdóttur á Auðnum á Vatnsleysuströnd, sem umboðsmaður hennar og skipaður lögráðamaður, fyrir aukarétti Gullbringu og Kjósarsýslu gegn Hirti A. Fjeldsted á Auðnum, og krafðist hann þess að stefndi yrði dæmdur til að greiða sér kr. 2134.00. Af skuld þessari, er hann undir rekstri málsins í héraði færði niður um kr. 410.00, eða niður í kr. 1724.00, krafðist hann 5% vaxta frá 1. des. 1915 til borgunardags, auk þess sem hann krafðist málskostnaðar.

Málið var dæmt í nefndum rétti 5. júlí þ. á. með þeim úrslitum að ynni stefnandi Anna Pálsdóttir eið að því á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að hún eigi sé eða hafi verið læs á skrift, skyldi stefndi Hjörtur A. Fjeldsted greiða henni kr. 1321.00 með 5% vöxtum frá 1. des. 1915 til borgunardags, en ynni hún eigi eiðinn skyldi stefndi að eins greiða henni kr. 496 00 með 5% vöxtum frá 1. des. 1915 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Kr. P. Briem f. h. Önnu Pálsdóttur áfrýjað til landsyfirdómsins, með stefnu

útgefinni 21. júlí þ. á. og krafðist þess að kröfur sínar fyrir undirréttinum verði teknar til greina, þar undir sérstaklega um greiðslu kr. 1724.00 auk vaxta og málskostnaðar. Svo hefir hann og krafist þess, að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. — Stefndi Hjörtur A. Fjeldsted hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu, með stefnu útg. 12. ágúst þ. á. og krafist þess að kröfur sínar fyrir undirréttinum verði að öllu leyti teknar til greina, en þar hafði hann krafist algerðar sýknunar af kröfum sækjanda og málskostnaðar. Gagnáfrýjandi krefst þess og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Í júnímánuði 1915 flutti gagnáfrýjandi sig að Auðnum, en þar hafði aðaláfrýjandi Anna Pálsdóttir búið að undanförnu. Um líkt leyti kvæntist gagnáfrýjandi (laungetinni) dóttur látins manns Önnu Pálsdóttur, en fósturdóttur hennar. Gagnáfrýjandi hefir skýrt svo frá í málinu, að umsamið hafi verið með sér og Önnu Pálsdóttur, að hann tæki jörðina Auðna til ábúðar fardagaárið 1915—1916, gegn kr. 200.00 landsskuld, og keypti af Önnu skepnur þær, er hún átti á Auðnum. Með skriflegum samningi 8. júní 1915 selur Anna gagnáfrýjanda ýmislegt lausafé. Gagnáfrýjandi, sem sýnist hafa dvalið á Auðnum þar til í maí þ. á., virðist hafa ráðið mestu um búsforráð þar. Aðaláfrýjandi, sem hefir neitað því, að Anna hafi veitt gagnáfrýjanda ábúðarrétt á Auðnum, telur gagnáfrýjanda fyrir ráðstafanir sínar á eignum Önnu vera komin í kr. 1724.00 skuld við hana, með því að gagnáfrýjandi hafi, sumpart í

heimildarleysi, tekið undir sig ýmsar eignir hennar, skepnur og annað lausafé, er hann samtals telur að vera kr. 2874.00 virði, og hefir hann sundurliðað þá upphæð nánar á reikningi, er hann hefir lagt fram í málinu. Til frádráttar nefndum kr. 2874.00 telur aðaláfrýjandi kr. 1150.00, sumpart kr. 650.00 í peningum, er gagnáfrýjandi hafi greitt Önnu, og sumpart kr. 500.00, er hann telur gagnáfrýjanda í kaup fyrir umsjón með búi hennar frá 1. júní til 1. des. 1915.

Af gjaldahlið nefnds reiknings er enginn ágreiningur í málinu um 7 liði, er samtals nema kr. 597.00, og eru aðilar sammála um að gripi þá og muni, sem taldir eru í nefndum 7 liðum, hafi gagnáfrýjandi keypt af Önnu Pálsdóttur með umgetnum samningi 8. júní 1915, og með því verði, er í reikningnum greinir. Þá verður og að ætla að aðaláfrýjandi telji gagnáfrýjanda réttilega til skuldar hey að vorinu með kr. 120.00, með því að gagnáfrýjandi hafi kannast við að hafa fengið nefnt hey hjá Önnu og samþykt nefnt verð þess. 6 kálfskinn og eina kýrhúð, er aðaláfrýjandi telur gagnáfrýjanda til skuldar með samtals kr. 57.00, kannast gagnáfrýjandi að vísu við að hafa fengið, en segir að verð kýrhúðarinnar hafi verið umsamið 28 kr., og kálfskinnin hafi hann átt að borga í sama, og neitar hann að greiða þau með meiru en 2 kr. hvert. Verð kýrhúðarinnar telur gagnáfrýjandi sig þegar hafa greitt, og skýrir hann svo frá, að það hafi verið innifalið í kr. 300.19 peningagreiðslu, er hann hefir lagt inn í sparisjóðsbók tilheyrandi Önnu Pálsdóttur, sem borgun fyrir ýmsan varning, er hann hafi keypt af henni. Gagnáfrýjandi hefir eigi gegn mótmælum aðaláfrýjanda

sannað að skýrsla sín um að verð það, er hann greinir, hafi verið umsamið, sé rétt, og verður því einnig að taka þennan kröfulið til greina, þó svo að nefndar kr. 28.00 komi til frádráttar upphæð liðsins með því aðaláfrýjandi hefir kannast við að gagnáfrýjandi hafi greitt umgetnar kr. 300.19, en eigi gert frekari grein fyrir hvað í þeirri greiðslu hafi falist.

Aðaláfrýjandi telur gagnáfrýjanda ennfremur til skuldar sauðfé og ull með samtals kr. 1725.00, er hann telur að gagnáfrýjandi hafi tekið undir sig í heimildarleysi úr búi Önnu Pálsdóttur. Gagnáfrýjandi hefir kannast við að rétt sé að telja sér til skuldar sauðfé, er hann kveðst hafa keypt af Önnu, en að því er kemur til tölu fjárins er ósamræmi í skýrslu hans og aðaláfrýjanda, því þar sem aðaláfrýjandi telur hann hafa tekið undir sig 25 sauði, kveðst gagnáfrýjandi aðeins hafa tekið við 22 sauðum tvævetra og eldri og 2 sauðum yngri, og verður að leggja skýrslu gagnáfrýjanda um töluna til grundvallar, með því að aðaláfrýjandi eigi hefir sannað skýrslu sína að þessu leyti. Að öðru leyti hefir gagnáfrýjandi mótmælt þessum liðum, þar sem hann hafi keypt umrætt sauðfé af Önnu Pálsdóttur með umgetnum samningi 8. júní 1915 með mun lægra verði en aðaláfrýjandi greinir í reikningi sínum, og auk þess sé óheimilt að telja sér ull af fénu og lömb undan ánum sérstaklega til skuldar, þar sem hann hafi keypt féð í ullu og ærnar með lömbum. Með nefndum samningi selur Anna Pálsdóttir gagnáfrýjanda, auk áður umgetinna gripa og muna, alt sauðfé sitt eftir þeirri tölu, er heimtist af fjalli á næstkomandi hausti. Er féð alt selt í ullu og ærnar með

lömbum. Aðaláfrýjandi hefir nú haldið því fram, að ákvæði nefnds samnings um sölu sauðfjárins séu eigi skuldbindandi fyrir sig, með því að Anna Pálsdóttir hafi aldrei samþykt þau ákvæði hans og hafi henni verið ókunnugt um að samningurinn hafi haft slíkt ákvæði að geyma, er hún handsalaði nafn sitt undir hann, enda sé hún óskrifandi og ólæs á skrift. Samningur þessi, sem lagður hefir verið fram í málinu, er undirritaður með nafni gagnáfrýjanda og handsöluðu nafni Önnu Pálsdóttur, og gegn því hefir gagnáfrýjandi eigi sannað að hún alt að einu sé skrifandi eða læs á skrift. Að vísu hefir eitt vitni, Sigurður Jónsson, borið það í málinu að það hafi séð Önnu líta í og hafa fyrir sér skrift, en vitnið kveðst eigi hafa getað af því ráðið hvort hún væri læs á skrift. Þá hafa vitnin, síra Árni Þorsteinss. og Guðm. Guðmundss. borið það, að Anna hafi sjálf sagt þeim, að hún hin síðari árin eigi hafi haft sjón til að lesa skrift, og vitnið Guðmundur Guðmundsson hefir ennfremur borið að hún hafi sagt sér, að hún á fyrri árum hafi komist að meiningunni í skrift manns síns heitins og Bjargar fósturdóttur sinnar, en konu gagnáfrýjanda, en umræddur samningur er ritaður með hendi Bjargar. Gagnáfrýjandi hefir ennfremur lagt fram í málinu sendibréf, er hann telur vera frá Önnu til konu sinnar, og telur skrifað með eigin hendi Önnu. En eigi verður talið að bréf þetta, sem er dags. á Auðnum 2. október og undirritað »mamma«, og sem aðaláfrýjandi neitar að Anna Pálsdóttir hafi skrifað, sanni neitt um skriftkunnáttu hennar. Enda þó að nefndir vitnaframburðir virðist gefa nokkrar líkur fyrir því að

Anna Pálsdóttir hafi verið læs á skrift, þá virðast þær líkur þó eigi geta valdið því, að þetta málsatriði verði látið koma undir eiði Önnu Pálsdóttur, og það því síður sem önnur sönnunargögn, er fram hafa komið í málinu, benda til hins gagnstæða, þar á meðal framburður margra vitna, er öll má ætla að hafi haft náin kynni af Önnu og það hafa borið, að þau aldrei hafi séð hana skrifa eða heyrt hana lesa skrift, og að þau eigi viti til þess á annan hátt að hún hafi verið eða sé læs á skrift eða skrifandi. — Með því að það virðist viðurkent í málinu að samningurinn eigi hafi verið lesinn fyrir Önnu við undirskrift hans, og gagnáfrýjandi eigi, gegn mótmælum aðaláfrýjanda, hefir sannað að henni á annan hátt hafi þá verið kunnugt um ákvæði hans um sölu sauðfjárins, né að hún síðar hafi samþykt þá sölu, þá verður að telja að nefnt sauðfé og ull sé réttilega fært gagnáfrýjanda til skuldar á reikningi aðaláfrýjanda með því verði, er þar greinir, þó svo, að tala sauðanna, samkvæmt því er áður er sagt, sé aðeins 24, og lækkar þá sá liður um 25 kr. og aðalupphæð þessara liða verður þá kr. 1700.00.

Loks hefir aðaláfrýjandi fært gagnáfrýjanda til skuldar 20 tunnur af kartöflum með 300 kr. og hey að sumrinu fyrir 75 kr., er hann hafi selt í heimildarleysi úr búinu á Auðnum en sem gagnáfrýjandi hvorttveggja telur sér hafa verið heimilt sem afurðir jarðarinnar, er hann hafi haft í ábúð. Alt sem komið er fram í málinu um þetta atriði, virðist benda til þess, að gagnáfrýjandi hafi skoðað sig sem ábúanda jarðarinnar, og að aðrir út í frá hafi litið svo á stöðu

hans þar, sýnir meðal annars að hann er af hreppsnefndinni í Vatnsleysustrandarhreppi gert að greiða ellistyrktarsjóðsgjald fyrir vinnufólkið á Auðnum, að sóknarnefndin gerir honum að greiða gjöld til prests og kirkju fyrir vinnufólkið og að hann á kjörskrám til alþingis er talinn bóndi á Auðnum. Auk þess er það upplýst í málinu að Anna Pálsdóttir, um það leyti er gagnáfrýjandi kemur að Auðnum, selur honum að því er virðist allar skepnur sínar nema sauðfé, og ýmsa nauðsynlega búsmuni, og að hún síðar á fardagaárinu miðju selur ýmsa búsmuni á uppboði og virðist þetta benda til þess að hún hafi ætlað sér að bregða búskap í fardögum 1915. Og þegar þess er gætt að gagnáfrýjandi virðist þegar í júnímánuði taka við stjórn og umráðum búsins og hann ráðstafar afurðum þess sem sinni eign, án þess að séð verði að þau afskifti hans, fram til þess að mál þetta er höfðað hafi sætt nokkrum mótmælum af hálfu Önnu Pálsdóttur, þá virðist þetta alt skapa svo miklar líkur fyrir því að skýrsla gagnáfrýjanda um þetta málsatriði sé rétt, að taka verði hana til greina og verður þá eigi álitið að aðaláfrýjandi hafi réttilega fært gagnáfrýjanda umrætt hey og kartöflur til skuldar.

Samanlögð upphæð gjaldliða þeirra, er aðaláfrýjandi samkvæmt framansögðu, verður talinn reikna gagnáfrýjanda réttilega til skuldar, verður því kr. 2446.00. Frá þessari upphæð koma til frádráttar kr. 650.00, er viðurkent er að gagnáfrýjandi hafi greitt. Aftur á móti sýnast þær kr. 500.00, er aðaláfrýjandi taldi gagnáfrýjanda til tekna, sem kaup fyrir umsjón með búinu á Auðnum eiga að falla niður, enda mót-

mælti gagnáfrýjandi því að sér bæri slíkt kaup og aðaláfrýjandi virðist hafa talið honum það til tekna með þeirri forsendu að álitið yrði við dóm í málinu, að gagnáfrýjandi hefði eigi haft ábúðarréttinn á Auðnum. Af afgangi skuldarinnar kr. 1796.00 getur gagnáfrýjandi þó eftir því sem málið liggur fyrir, aðeins orðið dæmdur til að greiða kr. 1724.00.

Samkvæmt þessu verður því að breyta hinum áfrýjaða dómi þannig að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 1724.00 með 5% vöxtum frá 1. desbr. 1915 til borgunardags, en ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað þykir bera að staðfesta. Svo þykir og rétt að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi Hjörtur A. Fjeldsted greiði aðaláfrýjanda Kristni P. Briem f. h. Önnu Pálsdóttur 1724 kr. með 5% ársvöxtum frá 1. desbr. 1915 til borgunardags.

Málskostnaður fyrir undirrétti falli niður, en í málskostnað fyrir yfirdómi greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda 40 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. október 1916.

Nr. 3/1916. Hjörtur A. Fjeldsted
gegn
Stefáni Sigurfinnssyni
og Önnu Pálsdóttur
með lögráðamanni hennar
Kr. P. Briem.

Dómur:

Með símskeyti dags. 17. desember 1915 seldi stefndi Kr. P. Briem kaupmaður á Sauðárkróki f. h. ekkjunnar Önnu Pálsdóttur á Auðnum á Vatnsleysuströnd sem umboðsmaður hennar og lögráðamaður, stefndum Stefáni Sigurfinnssyni í Bakkakoti, ær þær, 61 að tölu, er nefnd ekkja ætti og væru á Auðnum og markaðar væru fjármarki ekkjunnar. Krafðist stefndi Stefán Sigurfinnsson þess síðan, með beiðni dags. 6. janúar þ. á, að fógeti með innsetningargerð afhenti sér umrætt fé, og var samkvæmt þeirri beiðni í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 8. jan. þ. á. kveðinn upp úrskurður á þá leið, að hina umbeðnu innsetningargerð beri að framkvæma og skuli ær þær, 61 að tölu með marki gerðarþola, sem viðurkendar séu að vera í hennar vörzlum, þar með afhentar gerðarbeiðanda Stefáni Sigurfinnssyni, en um tryggingu sé eigi að ræða.

Við áminsta fógetagerð var áfrýjandi Hjörtur A. Fjeldsted mættur og lét hann bóka mótmæli sín gegn kröfum gerðarbeiðanda. Hefir hann nú áfrýjað nefndum úrskurði til yfirdómsins, með stefnu útg. 11. jan.

þ. á. og krafist þess að úrskurðinum verði algerlega hrundið, hann úr gildi feldur svo og að hann fái afhent það í greindum úrskurði umrædda sauðfé og tildæmdar fullar skaðabætur og málskostnað allan eftir mati yfirdómsins. Stefndu hafa krafist þess, að hinn áfrýjaði fógetaúrskurður verði staðfestur og sér tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Kröfur sínar í málinu byggir áfrýjandi á því, að fé það, er ræðir um í hinum áfrýjaða úrskurði, sé sín eign og kveðst hann hafa keypt það af stefndu Önnu Pálsdóttur með samningi dags. 8. júní 1915. Í samningi þessum, er fram hefir verið lagður í málinu, og undirritaður er með handsöluðu nafni stefndu Önnu Pálsdóttur og nafni áfrýjanda, selur nefnd Anna áfrýjanda, meðal annars, alt sauðfé sitt með þeirri tölu, er heimist af fjalli á næstkomandi hausti. Því er nú haldið fram í málinu af hálfu hinna stefndu að þau ákvæði nefnds samnings, er ræða um sölu á sauðfé, séu eigi skuldbindandi fyrir Önnu Pálsdóttur, þareð hún aldrei hafi samþykt slíka sölu, og hafi henni, er hún handsalaði nafn sitt undir samninginn, verið ókunnugt um að hann hefði slíkt ákvæði að geyma, enda sé hún óskrifandi og ólæs á skrift. Eftir sönnunargögnum þeim, er fram eru komin í málinu og sem að nokkru leyti felast í dómsgerðum í máli nokkru milli stefnda Kr. P. Briem f. h. Önnu Pálsdóttur og áfrýjanda, er rekið var fyrir aukarétti Gullbringusýslu, verður eigi talið að áfrýjandi hafi sannað, gegn því að Anna Pálsdóttir hefir undirritað samninginn fyrir handsal, að hún alt að einu sé skrifandi og iæs á skrift, því þær líkur, er framburður nokkurra vitna,

er leidd voru í nefndu máli, kynnu að gefa fyrir því að Anna Pálsdóttir hafi verið læs á skrift veikjast svo mjög við önnur framkomin sönnunargögn, þar á meðal vitnisburði margra vitna, sem öll má ætla að hafi haft náin kynni af Önnu, og borið hafa að þau hafi aldrei séð hana skrifa eða heyrt eða séð hana lesa skrift, né viti til þess á annan hátt að hún sé eða hafi verið skrifandi eða læs á skrift, að eigi verður álitið, að nein sönnun sé framkomin fyrir því að Anna sé eða hafi verið læs á skrift eða skrifandi. Áfrýjandi hefir eigi heldur, gegn mótmælum stefndu, sannað að umgetinn samningur hafi verið lesinn upp fyrir Önnu áður en hún handsalaði nafn sitt undir hann eða henni á annan hátt hafi verið kunnugt um nefnd ákvæði samningsins, né að hún síðar hafi samþykt þau eða hann á annan hátt hafi orðið eigandi kinda þeirra, er umræðir í hinum áfrýjaða úrskurði. Verður því að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaúrskurð og kröfur áfrýjanda um skaðabætur verða ekki teknar til greina. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði hinum stefndu 20 krónur hvoru.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður, og skulu hin stefndu Stefán Sigurfinnsson og Anna Pálsdóttir með lögráðamanni sínum Kr. P. Briem vera sýkn af kröfum áfrýjanda í málinu. Áfrýjandi Hjörtur A. Fjeldsted greiði hin-

um stefndu Stefáni Sigurfinnssyni og Önnu Pálsdóttur með lögráðamanni hennar Kr. P. Briem í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr. hvoru, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 16. október 1916.

Nr. 48/1916. Frímann Einarsson
gegn
Lofti Loftssyni.

Dómur:

Málsaðilar gerðu með sér svofeldan samning 22. desember 1914, að Frímann Einarsson réði sig sem hlutamann á mótorbát, eign Lofts Loftssonar, næstkomandi vetrarvertíð eða frá 2. febrúar til 11. maí 1915 með þeim kjörum, að Frímann fengi $^1/_{22}$ part af afla bátsins, en borgi hlutfallslegan kostnað ($^1/_{22}$ part), er kann að leggjast á aflann, svo sem salt, síld o. s. frv. Ennfremur skyldi hann borga »fyrir veðleigukostnað« 3 kr. pr. viku, og leggja sér sjálfur til sjóföt, stígvél og annað, er hann þarfnaðist. Þegar vertíðin byrjaði og áfrýjandi ætlaði að fara í skiprúmið, var mótarbátur sá, er hann átti að fara á, ekki tilbúinn vegna einhverrar bilunar, og var eigi látinn ganga í febrúarmánuði. Með því að stefndi eigi útvegaði áfrýjanda annað skiprúm eða gat hon-

um kost á annari atvinnu þenna tíma, telur áfrýjandi sig hafa orðið fyrir atvinnutjóni, er stefndi eigi að bæta honum, og höfðaði hann því þetta mál fyrir gestaréttí Reykjavíkur gegn stefnda og krafðist þess, að hann yrði dæmdur til að greiða sér kaup fyrir febrúarmánuð 1915 annaðhvort með ákveðnum hluta $^1/_{22}$ af afla miðað við meðaltalsfiski á bát hjá stefnda umgetinn tíma í Sandgerði, en þar gengu bátar hans þá, eða til vara 4 kr. á dag frá og með 2. febrúar og út mánuðinn, ennfremur krafðist áfrýjandi þess, að stefndi væri skyldaður til að gera honum full reikningsskil fyrir vetrarvertíðina, er hér um ræðir. Með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 4. ágúst þ. á., var málinu ráðið til lykta á þá leið, að stefndi var sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda út af umræddri ráðningu, og var málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefir Frímann Einarsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 20. ágúst þ. á., og gert hér fyrir réttinum sömu kröfur og fyrir undirréttinum, svo og krafist málskostnaðar; þó verður að líta svo á, að hann hafi fráfallið kröfu sinni um reikningsskil af hálfu stefnda, því hann minnist ekki á þau í sókn sinni fyrir yfirdóminum, enda hafði stefndi fyrir gestaréttinum látið leggja fram skilagrein fyrir viðskiftum hans og áfrýjanda þeim, er hér um ræðir. Af annari hálfu hefir stefndi Loftur Loftsson krafist þess, að hann verði algerlega sýknaður í málinu, það er að segja að gestaréttardómurinn verði staðfestur, og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Þar sem áfrýjandi eftir nefndum samningi var

skuldbundinn til þess að vera í skiprúmi á mótorbát stefnda vetrarvertíðina 1915, og koma í skiprúmið í byrjun vertíðar, þá var stefndi hins vegar skuldbundinn til þess að hafa skiprúmið til og bátinn sjófærann, þegar áfrýjandi eftir samningnum vitjaði skiprúms síns. Það er nú eigi nein efasemd um það, að báturinn var eigi sjófær og skiprúmið eigi á reiðum höndum, er áfrýjandi vitjaði þess 2. febrúar 1915, og verður að telja þetta á ábyrgð stefnda, en þar af leiðir að hann verður að greiða áfrýjanda bætur fyrir það atvinnutjón, er hann með þessu móti hefir orðið fyrir, er það óvéfengt í málinu að hann hafi orðið fyrir atvinnutjóni fyrir þessi atvik. Með því að engin gögn eru fyrir hendi til þess að ákveða meðaltalsfiski á bát hjá stefnda í Sandgerði áminsta vetrarvertíð, verður aðalkrafa áfrýjanda í þessu efni eigi tekin til greina, en hins vegar virðist mega meta skaðabæturnar eftir varakröfunni, er eigi hefir verið sérstaklega andmælt af stefnda, og verða þá bæturnar 4 kr. fyrir hvern dag frá 2.—28. febr., eða alls 108 kr.; þessa upphæð verður þá að tildæma áfrýjanda hjá stefnda með 5% vöxtum frá gestaréttarstefnudeginum 20. marz þ. á. til borgunardags, og eftir þessum úrslitum þykir og verða að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er ákveðst 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Loftur Loftsson greiði áfrýjanda Frímanni Einarssyni 108 kr. með vöxtum 5 af

hundraði frá 20. marz þ. á. til borgunardags og uppí málskostnað 50 kr. og lúkist upphæðir þessar áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 23. október 1916.

Nr. 57/1916. Réttvísin
gegn
Jóni Magnússyni.

Dómur:

Við dómsgerðir þær, er yfirréttinum hafa borist í máli þessu, er það að athuga, *að* skjöl þau, er fram hafa verið lögð í aukaréttinum, hafa ekki fengið áteiknun dómarans um framlagningu né fengið tölunúmer, svo ekki verður séð hvort þau skjöl, er nú fylgja dómsgerðunum, eru hin sömu og fram hafa verið lögð, *að* áfrýjunarstefna undirdómarans til ákærða er ekki rituð á dómsgerðirnar in originali og *að* sama er að segja um vottorð stefnuvottanna um birtingu stefnunnar, og með því undirdómarinn auk þess hefir vanrækt að rita á dómsgerðirnar yfirlýsingu sína um að hann fyrir sitt leyti láti sér nægja stefnu þá, er út hefir verið gefin í málinu, svo sem fyrir er mælt í tilskipun 31. maí 1805 4. gr., þá ber að vísa málinu frá yfirdóminum.

Því dæmist rétt vera:

Málinu vísast frá yfirdóminum.

Mánudaginn 30. október 1916.

Nr. 15/1916. Páll Stefánsson
gegn
Boga Brynjólfssyni og Sturlu Jónssyni.

Dómur:

Hinn 12. nóvember 1915 innleysti stefndi, Bogi Brynjólfsson yfirréttarmálaflutningsmaður, í Landsbankanum 2100 kr. víxil útgefinn 19. febr. s. á. af Sturlu Jónssyni kaupmanni hér í bænum og fekk hann þá jafnframt hjá bankanum framselt veðskuldabrjef útgefið 11. marz 1912 af Oddi Oddssyni gullsmið á Eyrarbakka til Jóhanns Jóhannessonar fyrir 5731 kr., trygt með öðrum veðrétti í húseigninni nr. 56 við Laugaveg hér í hænum, en veðskuldarbréf þetta hafði verið sett bankanum að handveði til tryggingar ofannefndum víxli. Eftir að stefndi var orðinn eigandi þessa veðbréfs lét hann hinn 11. jan. 1916 gera fjárnám í hinni veðsettu eign nr. 56 við Laugaveg fyrir kr. 2129.05 af veðskuldinni svo og kostnaði við fjárnámið; krafðist stefndi síðan að húseignin væri seld til lúkningar skuldinni, en við hið þriðja og síðasta uppboð á húseigninni mótmælti áfrýjandi Páll Stefánsson uppboðinu sem ólöglegu, en með úrskurði uppboðshaldara, uppkveðnum í uppboðsrétti Reykjavíkur 3. marz þ. á., var ákveðið að

uppboðinu skyldi haldið áfram, og var húseignin því næst seld sama dag.

Umgetnu fjárnámi og úrskurði uppboðsréttarins hefir áfrýjandinn Páll Stefánsson, eigandi húseignarinnar nr. 56 við Laugaveg, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. marz þ. á. Hefir hann stefnt fjárnáms- og uppboðsbeiðanda Boga Brynjólfssyni svo og Sturlu kaupm. Jónssyni. og krefst þess hér fyrir réttinum að fjárnámið og nefndur úrskurður uppboðshaldara verði úr gildi felt og nauðungarsalan dæmd ómerk svo og að stefndu Bogi Brynjólfsson og Sturla Jónsson verði in solidum dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu.

Stefndi, Bogi Brynjólfsson, sem hefir mætt fyrir sig og Sturlu Jónsson, krefst þess hins vegar að hin áfrýjaða fjárnámsgerð og úrskurður uppboðshaldara, ásamt nauðungaruppboðinu verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum og Sturlu Jónssyni málskostnað fyrir yfirdómi, eftir mati yfirdómsins. Loks krefst stefndi að áfrýjandi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu.

Tildrög máls þessa eru þau, að Þorvarður Þorvarðarson prentsmiðjustjóri seldi kaupmanni Sturlu Jónssyni húseignina nr. 56 við Laugaveg með afsalsbréfi dags. 22. apríl 1914. Er meðal annars tekið fram í afsalsbréfinu, að kaupandi hafi tekið að sér að greiða víxilskuld þá, að upphæð 2500 kr. — upphaflega 3200 kr. — er hvílir á eigninni með 2. veðrétti til Landsbankans. Bréf þetta var þinglesið á bæjarþingi Reykjavíkur 5. nóv. 1914 og var þá gerð athugasemd á það, um að á hinni seldu eign hvíldi

5731 kr. til Jóhanns Jóhannessonar með 2. veðrétti samkvæmt veðskuldabréfi dags. 11. marz 1912.

Þvínæst seldi Sturla Jónsson Guðmundi nokkrum Einarssyni nefnda húseign með afsali dags. 1. marz 1915, en með því víxilskuldin var þá komin ofan í 2100 kr., er, að því er 2. veðréttarskuldina snertir, ákveðið í afsalsbréfinu að kaupandi taki að sér veðskuld þá — víxilskuld — nú að upphæð kr. 2100.00 — upphaflega 3300 kr. (en það er ritvilla í stað 3200 kr.), er hvílir á eigninni með 2. veðrétti til Landsbankans.

Nefndur Guðmundur Einarsson seldi eignina aftur áfrýjanda Páli Stefánssyni með afsalsbréfi dags. 11. maí 1915, og eru þar sömu ákvæði um 2. veðréttarskuldina og í afsalsbréfi Sturlu.

Þá er Þorvarður Þorvarðarson átti hina umræddu húseign nr. 56 við Laugaveg, fekk hann hinn 16. apríl 1912 3200 kr. víxillán í Landsbankanum og til tryggingar víxlinum setti hann bankanum að handveði skuldabréf, útgefið 11. marz 1912, af Oddi Oddssyni gullsmið á Eyrarbakka, til Jóhanns Jóhannessonar, að upphæð 5731 kr., trygt með öðrum veðrétti í umræddri húseign, en veðbréf þetta hafði Þorvarður fengið framselt til eignar frá Jóhanni hinn 15. apríl 1912. Þá er Sturla keypti nefnda húseign og tók að sér víxilskuldina, fékk hann einnig framsal á téðu skuldabréfi Odds hinn 19. desember 1914, og hélst veðsetningin til Landsbankans fyrir víxilskuldinni óbreytt, þannig, að víxilskuldin var áfram trygð með handveði í nefndu 2. veðréttarskuldabréfi 11. marz 1912.

Stefndi, Bogi Brynjólfsson, skýrir nú svo frá, að Guðmundur Einarsson hafi átt samkvæmt ákvæðum afsalsbréfsins frá Sturlu 1. marz 1915 að taka að sér að greiða víxilskuldina til Landsbankans, og hefði hann þá að sjálfsögðu fengið framselt skuldabréfið frá 11. marz 1912, en þetta hafi Guðmundur vanefnt, og sama sé að segja um síðari eigendur húseignarinnar. Hafi þá eigi verið um annað að gera en að innleysa víxilinn, og það gerði stefndi 12. nóvember 1915, en þó voru fallnir á hann vextir frá gjalddaga víxilsins 19. ágúst kr. 29.05, er stefndi einnig varð að greiða. Jafnframt fekk hann hjá bankanum veðskuldabréfið 11. marz 1912 framselt til sín, og fekk stefndi síðan fjárnám í hinni veðsettu húseign, svo sem áður hefir verið sagt, fyrir upphæð víxilsins kr. 2100.00, að viðbættum áðurgreindum vöxtum, kr. 29.05, eða samtals kr. 2129.05.

Áfrýjandi, Páll Stefánsson, heldur því fram, að veðskuldabréfið 11. marz 1912 hafi verið fallið úr gildi áður en stefndi Bogi Brynjólfsson fekk það framselt hjá Landsbankanum, og þetta hafi stefnda verið fullkunnugt um. Það hafi því eigi verið lögmætur grundvöllur fyrir fjárnáminu 11. janúar 1916, og það sé því gersamlega ólögmætt. Þetta skýrir áfrýjandi á þann veg, að nokkru eftir að Þorvarður Þorvarðarson eignaðist veðskuldabréfið hafi hann einnig orðið eigandi að hinni veðsettu húseign, en við það hafi veðskuldabréfið að sjálfsögðu fallið úr gildi, með því að enginn geti skuldað sjálfum sér. Við þetta komi það og heim, að þessarar veðskuldar sé hvergi getið í síðari afsölum fyrir húsinu, heldur

sé þar aðeins talað um víxilskuld, er hvíli á húseigninni með öðrum veðrétti. Í afsalsbréfi Sturlu til Guðmundar Einarssonar sé þannig eigi minst á að skuldabréfið 11. marz 1912 sé til, en í því felist það, að Sturla hafi tekið ábyrgð á því að það sé ekki til.

Þessar aðfinslur áfrýjanda verða þó ekki teknar til greina.

Svo sem þegar hefir verið tekið fram, setti Þorvarður Þorvarðarson Landsbankanum að handveði umrætt veðskuldabréf 11. marz 1912 til tryggingar 3200 kr. víxilláni, er hann fekk í bankanum 16. apríl 1912, og þessi veðsetning stóð óhögguð þar til Bogi Brynjólfsson innleysti 2100 kr. víxilinn 12. nóvember 1915, og fekk veðskuldabréfið framselt af bankanum til eignar. Þessi ráðstöfun á bréfinu var nægileg til þess að halda því í fullu gildi, og þar sem Bogi hafði fengið það framselt til eignar, var það nægilegur grnndvöllur fyrir hinu áfrýjaða fjárnámi. Í annan stað verður eigi álitið að Sturla hafi tekið ábyrgð á því að veðskuldabréfið 11. marz 1912 væri eigi til, þótt það væri eigi beinlínis nefnt í afsalsbréfinu til Guðmundar Einarssonar, heldur aðeins ábyrgð á því, að ekki hvíldi hærri veðskuld á öðrum veðrétti í húseigninni en til var tekið í afsalsbréfinu, 2100 kr., og þar sem stefndur Bogi Brynjólfsson hefir eigi gert fjárnám í hinni umræddu húseign fyrir hærri upphæð að viðbættum vöxtum, verður eigi séð að réttur áfrýjanda hafi að neinu leyti verið fyrir borð borinn.

Hið ónákvæma orðalag í afsalsbréfi Sturlu til

Guðmundar Einarssonar, þar sem talað er um að á 2. veðrétti í hinni seldu eign hvíli 2100 kr. víxilskuld, í stað þess að taka það fram að víxilskuldin sé trygð með handveði í veðskuldabréfinu 11. marz 1912, getur enga þýðingu haft í þessu máli, þar sem álíta verður að áfrýjanda hafi verið innanhandar að fá nægilegar upplýsingar um 2. veðréttarskuldina, með því að snúa sér til Landsbankans eða Sturlu Jónssonar.

Samkvæmt framansögðu ber því eftir kröfu hinna stefndu að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð og nauðungaruppboðið. Eftir atvikum virðist eigi næg ástæða til að sekta áfrýjanda fyrir óþarfa þrætu, en eftir málsvöxtum þykir rétt að hann greiði stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr. til hvors þeirra.

Í skjali, er umboðsmaður áfrýjanda, yfirréttarmálaflutningsmaður Páll Jónsson, hefir lagt fram í uppboðsréttinum, viðhefir hann þau ummæli um Sturlu Jónsson, að hér sé um glæpsamlegt athæfi frá hans hálfu að ræða, og um stefnda Boga Brynjólfsson segir málaflutningsmaðurinn að hann verði að teljast meðsekur um verknaðinn, þar sem hann vísvitandi beiti röngu skjali til að sölsa undir sig eign áfrýjanda, og í sóknarskjali sínu hér fyrir réttinum endurtekur hann aðdróttun sína til Boga um að hann vísvitandi beiti rangri kröfu til að ráðast á eign annars manns. Fyrir þennan ósæmilega rithátt verður hann að sæta sekt, er ákveðst 10 krónur til landssjóðs og 10 krónur til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Hinni áfrýjuðu fjárnámsgjörð og nauðungaruppboði skal óraskað. Áfrýjandi Páll Stefánsson greiði stefndu, Boga Brynjólfssyni og Sturlu Jónssyni, málskostnað fyrir yfirdómi, 30 kr. til hvors þeirra.

Yfirréttarmálaflutningsmaður Páll Jónsson greiði sekt til landssjóðs 10 kr. og til bæjarsjóðs Reykjavíkur 10 kr. Ídæmdur málskostnaður og sekt greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 30. október 1916.

Nr. 16/1916: Erlendur Erlendsson
gegn
Boga Brynjólfssyni
og Sturlu Jónssyni.

Dómur:

Hinn 12. nóvember 1915 innleysti Bogi Brynjólfsson yfirréttarmálaflutningsmaður í Landsbankanum 2100 kr. víxil, útgefinn 19. febr. s. á. af Sturlu Jónssyni kaupmanni hér í bænum og fekk hann þá jafnframt hjá Landsbankanum framselt veðskuldabréf, útgefið 11. marz 1912, af Oddi Oddssyni gull-

smið á Eyrarbakka til Jóhanns Jóhannessonar, fyrir 5731 kr., trygt með 2. veðrétti í húseigninni nr. 56 við Laugaveg hér í bænum, en veðskuldabréf þetta hafði verið sett bankanum að handveði til tryggingar ofannefndum víxli. Eftir að stefndi var orðinn eigandi þessa veðbréfs, lét hann hinn 11. janúar 1916 gera fjárnám í hinni veðsettu eign nr. 56 við Laugaveg fyrir kr. 2129.05 af veðskuldinni svo og kostnaði við fjárnámið; krafðist stefndi síðan að húseignin væri seld til lúkningar skuldinni, en við hið 3ja og síðasta uppboð á húseigninni mótmælti áfrýjandi, Erlendur Erlendsson, uppboðinu sem ólöglegu, en með úrskurði, uppkveðnum 3. marz þ. á., var ákveðið að uppboðinu skyldi haldið áfram, og var húseignin síðan seld sama dag.

Umgetnu fjárnámi og úrskurði hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. marz þ. á. Hefir hann stefnt fjárnáms- og uppboðsbeiðanda Boga Brynjólfssyni svo og Sturlu Jónssyni kaupmanni og krefst hann þess hér fyrir réttinum principaliter að fjárnámið sé upphafið og nauðungarsalan sé dæmd ómerk, en til vara að rétti hans sem 3ja veðhafa í hinni seldu eign verði skipað sæti næst á eftir veðskuld til veðdeildar Landsbankans, sem hvílir á eigninni með 1. veðrétti, eða á undan veðrétti Boga Brynjólfssonar. Ennfremur krefst hann þess, að stefndu Bogi Brynjólfsson og Sturla Jónsson verði in solidum dæmdir til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefndi Bogi Brynjólfsson, sem hefir mætt bæði fyrir sig sjálfan og Sturlu Jónsson, krefst þess hins

vegar að hin áfrýjaða fjárnámsgerð og úrskurður uppboðsréttarins svo og nauðungaruppboðið verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum og Sturlu Jónssyni málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Svo krefst hann og að áfrýjandi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu.

Tildrög máls þessa eru þau, að Sturla kaupmaður Jónsson seldi Guðmundi nokkrum Einarssyni húseignina við nr. 56 við Laugaveg hér í bænum með afsalsbréfi dags. 1. marz 1915. Kaupverðið átti að greiðast þannig, að kaupandi átti að taka að sér eftirstöðvar af veðdeildarláni að upphæð kr. 3896.60 er hvíldi á eigninni með 1. veðrétti; ennfremur átti hann að taka að sér að greiða »veðskuld þá — víxilskuld — nú að upphæð 2100 kr. — upphaflega 3300 kr. (misritun fyrir 3200 kr.) — er hvílir á eigninni með 2. veðrétti til sama banka (þ. e. Landsbankans)«. Ennfremur afsalaði kaupandi seljanda húseign í Hafnarfirði, en fyrir eftirstöðvum kaupverðsins gaf Guðmundur Einarsson út til seljanda Sturlu Jónssonar skuldabréf að upphæð 1200 kr., trygt með 3. veðrétti og uppfærslurétti í hinni seldu eign. Á undan 3ja veðrétti átti þannig að hvíla á eigninni kr. 3896.60+2100.00. — Veðbréf þetta seldi Sturla Jónsson 3. ágúst 1915 Halldóri nokkrum Jónssyni, en hann framseldi skuldabréfið 24. nóv. s. á. Birni nokkrum Gíslasyni, er síðan framseldi áfrýjanda það 27. s. mán.

Sturla hafði keypt téða húseign af Þorvarði Þorvarðarsyni prentsmiðjustjóra, en þá er hann átti húseignina hafði hann fengið 3200 kr. víxillán hjá Lands-

bankanum og til tryggingar víxlinum setti hann bankanum að handveði áðurnefnt skuldabréf útgefið 11. marz 1912 af Oddi Oddssyni til Jóhanns Jóhannessonar trygt með 2. veðrétti í eigninni. Þetta víxillán tók Sturla að sér að greiða, en tryggingin fyrir því hélst óbreytt. Meðan Sturla átti eignina færðist víxillánið niður í 2100 kr., og við þetta víxillán er átt í afsalsbréfi Sturlu til Guðmundar Einarssonar. Með því nú Guðmundur og seinni eigendur húseigninnar vanræktu að greiða víxilinn, féllu á hann vextir frá gjalddaga hans 19. ágúst til 12. nóv., er stefndi Bogi Brynjólfsson innleysti hann.

Þá er Bogi innleysti víxilinn fékk hann hjá bankanum, svo sem fyr er sagt, veðskuldabréf Odds framselt til eignar, og gerði Bogi síðan fjárnám í hinni veðsettu húseign samkvæmt veðbréfi þessu fyrir upphæð víxilsins kr. 2100.00 að viðbættum vöxtum kr. 29.05, eða samtals kr. 2129.05.

Áfrýjandi heldur því fram, að veðskuldabréfið 11. marz 1912, er fjárnámið var gert eftir, hafi verið fallið úr gildi áður en Bogi Brynjólfsson fékk það framselt hjá Landsbankanum og að honum hafi verið fullkunnugt um þetta. Skýrir áfrýjandi þetta á þann veg, að eftir að Þorvarður Þorvarðarson eignaðist téð veðskuldarbréf hafi hann orðið eigandi að hinni veðsettu húseign, en við það hafi skuldabréfið að sjálfsögðu fallið úr gildi. Í öðru lagi heldur hann því fram, að þótt veðbréfið hefði ekki verið fallið úr gildi 1. marz 1915, er Sturla seldi eignina, þá hafi Sturla með því að selja eignina svo og með því að selja 3. veðréttarbréfið, án þess að geta um tilveru

þess, tekið að sér ábyrgð á því að það væri úr sögunni. Þar sem nú umrætt veðskuldabréf hafi verið gengið úr gildi, og þar sem víxilskuldin, sem nefnd er í afsalsbréfi Sturlu, aldrei hafi hvílt sem veðskuld á húseigninni nr. 56 við Laugaveg, þá hafi 1200 kr. veðbréf áfrýjanda færst upp, þannig að það hafi öðlast veðrétt næst á eftir veðskuldinni til veðdeildar Landsbankans.

Þessar aðfinslur áfrýjanda verða þó ekki teknar til greina. Svo sem þegar hefir verið sagt, veðsetti Þorvarður Þorvarðarson Landsbankanum með tryggingarbréfi dags. 16. apríl 1912 umrætt veðskuldabréf 11. mars 1912 og þessi veðsetning stóð óbreytt þar til Bogi Brynjólfsson innleysti 2100 kr. víxilinn og fékk veðskuldabréfið framselt 12. nóv. 1915, en þessi ráðstöfun á bréfinu var nægileg til þess að halda veðréttinum í fullu gildi, og þennan rétt, veðréttinn, hefir Bogi Brynjólfsson eignast við framsal bréfsins hjá bankanum.

Í annan stað verður eigi álitið að Sturla Jónsson hafi hvorki með sölu húseignarinnar eða með því að selja 1200 kr. veðskuldabréfið tekið að sér ábyrgð á því, að umrætt veðskuldabréf Odds væri eigi til, heldur einungis ábyrgð á því að eigi hvíldi hærri veðskuld á 2. veðrétti en 2100 kr., og þar sem stefndi Bogi Brynjólfsson hefir eigi gert fjárnám í húseigninni nr. 56 við Laugaveg fyrir hærri upphæð að viðbættum áföllnum vöxtum, verður eigi séð að réttur áfrýjanda hafi að neinu leyti verið fyrir borð borinn.

Samkvæmt framansögðu ber því eftir kröfu hinna stefndu að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð svo

og úrskurð uppboðsréttarins og nauðungaruppboðið. Eftir atvikum virðist eigi næg ástæða til þess að sekta áfrýjanda fyrir óþarfa málsýfingu, en eftir málavöxtum þykir rétt að hann greiði stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr. til hvors þeirra.

Í skjali, er þeir áfrýjandi og umboðsmaður hans, yfirréttarmálaflutningsmaður Páll Jónsson, hafa báðir undirskrifað og lagt fram í uppboðsréttinum, viðhafa þeir þau ummæli um stefndu Sturlu Jónsson og Boga Brynjólfsson, að atferli þeirra sé svo átakanlega í fjárdráttarskyni gert, að þeir verði að krefjast þess að stefndu verði teknir fastir, og hér fyrir réttinum áréttar yfirréttarmálaflutningsmaður Páll Jónsson þessi ummæli með því að bera stefndu á brýn, að þeir vísvitandi hafi beitt rangri kröfu til að sölsa undir sig eign annars manns og þrykkja rétti áfrýjanda. Fyrir þennan ósæmilega ritháttt verður áfrýjandi Erlendur Erlendsson og málaflutningsmaður Páll Jónsson hvor um sig að sæta sekt, er ákveðst 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð og nauðungaruppboði skal óraskað. Áfrýjandi Erlendur Erlendsson greiði stefndu Boga Brynjólfssyni og Sturlu Jónssyni málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr. til hvors þeirra.

Áfrýjandi Erlendur Erlendsson og yfirréttarmálaflutningsmaður Páll Jónsson greiði hvor um

sig sekt til landssjóðs 10 kr. og til bæjarsjóðs Reykjavíkur 10 kr.

Ídæmdur málskostnaður og sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 30. október 1916.

Nr. 32/1916. Margrét Árnason
gegn
skiftaráðandanum í Árnessýslu f. h. dánarbús Ólafs Árnasonar, Eggert Claessen f. h. Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur og Birni Sigurðssyni f. h. ómyndugra erfingja Ólafs Árnasonar og f. h. Landsbankans.

Úrskurður:

Áfrýjandi máls þessa, frú Margrét Árnason, hefir farið þess á leit, að henni verður veittur 6 vikna frestur til vitnaleiðslu og andsvara. Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður, sem hefir mætt fyrir hönd hins stefnda skiftaráðanda og fyrir hönd minningarsjóðsins, hefir mótmælt svo löngum fresti, en hins vegar samþykt að áfrýjanda verði veittur 14 daga frestur til andsvara.

Hinn 10. júlí þ. á. var áfrýjanda veittur frestur til vitnaleiðslu til 11. september þ. á. og síðan framhaldfrestur til 16. þ. m. Þá lagði áfrýjandi fram framhald sóknar í málinu en engar vitnagerðir. Þá fékk umboðsmaður hinna stefndu viku frest til andsvara. Er málið þvínæst var tekið fyrir 23. þ. m. bað áfrýjandi, svo sem fram hefir verið tekið, enn um 6 vikna frest til vitnaleiðslu, og getur sú frestbeiðni eigi staðið í sambandi við hin síðast framlögðu varnargögn, með því þar er engum nýjum málsástæðum haldið fram.

Með því áfrýjandi hefir engin fullnægjandi rök fært fyrir því, að henni hafi ekki nægt frestir þeir, er henni hafa verið veittir frá 10. júlí til 16. okt., eða alls 14 vikur, til að koma fram fyrirhuguðum vitnaleiðslum í Árnes- og Rangárvallasýslum, verður hinn umbeðni frestur til vitnaleiðslu eigi veittur gegn mótmælum stefndu, en áfrýjanda veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur til vitnaleiðslu verður eigi veittur, en áfrýjanda veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu.

Mánudaginn 6. nóvember 1916.

Nr. 20/1916. Þorvarður Þorvarðarson
gegn
Stefáni Guðmundssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Þorvarður Þorvarðarson prentsmiðjustjóri hér í bæ fyrir gestaréttí Reykjavíkur gegn Stefáni Guðmundssyni bónda í Vörsabæjarhjáleigu í Gaulverjabæjarhreppi til greiðslu á 2800 kr. með 6% ársvöxtum frá 15. jan. 1913, svo krafðist hann og málskostnaðar eftir mati réttarins. Með dómi gestaréttarins uppkveðnum 28. jan. þ. á. var málinu ráðið til lykta á þá leið, að stefndi var sýknaður af kærum áfrýjanda og var málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 20. marz þ. á. og gert hér fyrir réttinum sömu kröfu eins og fyrir undirréttinum svo og krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi. — Frá annari hálfu hefir stefndi Stefán Guðmundsson krafist þess, að verða algerlega sýknaður af kröfum áfrýjanda í málinu, það er að segja að gestaréttardómurinn verði staðfestur, og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins, en til vara hefir hann krafist þess, að úrslit málsins verði látin koma undir eið, þannig að hann verði sýknaður, ef hann synjar fyrir það með eiði að hann nokkru sinni hafi verið sér þess meðvitandi að hann hafi tekið að sér eða ætlað að taka að sér umstefnda veðskuld 2800 krónur til áfrýjanda og hann staðfestir það með eiði að hann hafi handsalað nafn sitt undir umboð til sölu á Leiðólfsstöðum í Stokkseyrarhreppi einungis í þeirri trú,

að slíkt umboð væri naucsynlegt til að sýna að hann sem 1. veðhafi væri væntanlegri sölu á jörðinni samþykkur og að hann með þessari undirskrift aldrei hafi hugsað eða ætlað að taka á sig nokkra ábyrgð á greiðslu veðskuldarinnar til áfrýjanda.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar á veðskuldarbréfi útgefnu 15. jan. 1913 af Guðmundi nokkrum Magnússyni fyrir 2800 kr. með 2. veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir 3000 kr. 1. veðrétti í jörðinni Leiðólfsstöðum í Stokkseyrarhreppi, en veðskuldarbréf þetta hefir áfrýjandi fengið framselt til eignar 13. febr. 1913. Heldur áfrýjandi því fram, að stefndi hafi tekið að sér að greiða veðskuld þessa þá er hann eignaðist hina veðsettu jörð Leiðólfsstaði með afsalsbréfi nefnds Guðmundar Magnússonar dags. 12. jan. 1915, en í afsalsbréfi þessu, sem ekki hefir verið þinglesið, segir að kaupandi, Stefán Guðmundsson, hafi tekið að sér að greiða skuldabréf það, er hér um ræðir, að upphæð 2800 kr. — Veðið hefir síðan verið selt til fullnustu 1. veðrétti og hefir ekkert fengist upp í umstefnda skuld, en áfrýjandi heldur því fram að stefndi beri engu að síður ábyrgð á greiðslu skuldarinnar, með því hún hafi orðið hans skuld um leið og hann varð eigandi jarðarinnar.

Stefndi heldur því hins vegar fram að hann hafi í rauninni ekki orðið eigandi umgetinnar jarðar, Leiðólfsstaða, því hann hafi neitað að taka á móti afsalinu, þegar hann sá að þar með fylgdi skuldbinding til að taka að sér greiðslu á umstefndri skuld. Að vísu hefir stefndi 14. jan. f. á. gefið út umboð til þriðja manns til að semja um kaup »á eignarjörð minni

Leiðólfsstöðum«, en þetta umboð telur stefndi ekki gefið vegna þess að hann teldi sig eiganda jarðarinnar, heldur hafi hann gefið það einungis í þeirri trú að slíkt umboð væri nauðsynlegt til þess að sýna að hann sem 1. veðhafi væri sölu á jörðinni samþykkur, en jafnframt hafi hann tekið það skýrt fram, að hann tæki enga ábyrgð á greiðslu 2800 kr. skuldarinnar. Loks hefir stefndi hér fyrir réttinum haldið því fram, að umrætt afsal Guðmundar Magnússonar hafi verið markleysa ein, með því að hann hafi enga búfu átt í jörðinni eftir fardaga 1914, er hann flutti af henni.

Eftir skýrslum málsaðila og gögnum málsins yfirleitt verður það að teljast viðurkent, að stefndi hafi ekki beint tekið að sér að greiða hina umstefndu skuld, hvorki með áritun á sjálft skuldabréfið eða með annari beinni viðurkenningu til áfrýjanda, en þá kemur til álita hvort stefndi hafi með aðferð sinni að öðru leyti, sérstaklega með því að láta af hendi umboðið frá 14. jan. f. á. í sambandi við afsalið, óbeint skuldbundið sig persónulega til að greiða hina umstefndu skuld.

Áfrýjandi hefir ekki hnekt skýrslu stefnda um það, að hann við móttöku afsalsins hafi neitað að taka að sér skuldina til áfrýjanda, og með því að hún að öðru leyti styðst við það, sem fram er komið í málinu um tilorðingu afsalsins og umboðsins, verður að leggja hana til grundvallar í málinu, en það atvik að stefndi tók við afsalinu virðist útaf fyrir sig ekki nægilegt til að baka honum persónulega ábyrgð á greiðslu hennar, þar sem hann gerði

það með áminstu fororði, og með því hvorki er afsalið þinglesið né neitt ritað á skuldabréfið um ábyrgð stefnda, verður ekki álitið að áfrýjandi hafi öðlast neinn rétt á hendur stefnda persónulega til greiðslu hinnar umstefndu skuldar.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig málskostnaðarákvæði hans, en rétt virðist að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða gestaréttardómi skal óraskað. Áfrýjandi Þorvarður Þorvarðarson greiði stefnda Stefáni Guðmundssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr., er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 13. nóvember 1916.

Nr. 38/1916: Magnús Gíslason f. h. Jakob Lützen gegn St. Th. Jónssyni.

Dómur:

Áfrýjandinn yfirdómsmálaflutningsmaður Magnús

Gíslason höfðaði mál þetta í héraði fyrir hönd Jakob Lützens kaupmanns í Færeyjum gegn stefnda kaupmanni St. Th. Jónssyni á Seyðisfirði til greiðslu á viðskiftaskuld að upphæð samtals 3587 kr. 56 au., og var dómur uppkveðinn í málinu í gestarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar 27. nóv. f. á. á þá leið, að stefndi var sýknaður að öllu leyti, og málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 15. júní þ. á., og gerir nú þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 2616kr. 43 au. + 119 kr. + 552 kr. 13 au., samtals 3287 kr. 56 au. með 5 % ársvöxtum frá 5. febr. 1912 til greiðsludags, og 300 kr. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi 21. okt. 1914 til greiðsludags, svo og málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi hefir eigi mætt eða látið mæta í málinu fyrir yfirdóminum, en í héraði gerði hann þá kröfu að verða sýknaður að fullu og öllu; málið verður nú dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32, og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Áfrýjandi hefir gert svofelda grein fyrir kröfum umbjóðanda síns, Lützens kaupmanns, að hann hafi árið 1901 tekist á hendur eftir beiðni stefnda að hafa umsjón með útgerð fiskiskipsins C. M. Slater, sem stefndur átti í félagi með 2 mönnum öðrum, Páli Árnasyni og Hans P. Hansen, hafi hann annast útgerð skipsins frá Færeyjum alt til ársloka 1907, gert stefnda árleg reikningsskil, og greitt honum að jafnaði einum allan árságóðann, með því að hann hafi litið svo á, að stefndur mundi aftur greiða meðeigendum sínum þeirra hluta af ágóðanum. Þetta

hafi stefndur eigi gert, og hafi áðurnefndur Páll Árnason þá höfðað mál gegn kaupmanni Lützen fyrir sjórétti í Færeyjum til greiðslu á hans hluta af arðinum af C. M. Slater árin 1906 og 1907, og fengið dóm sjóréttarins, uppkveðinn 12. desbr. 1911 fyrir því, að Lützen skyldi greiða honum nefndan ágóðahluta, að upphæð 2243 kr. 48 au., enda hafi upphæð þessi verið greidd samkvæmt dómnum með áföllnum vöxtum og ídæmdum málskostnaði, og hafi hún alls orðið 2616 kr 43 au. Þá tjáist áfrýjandi hafa litið svo á, að dómur þessi væri einnig res judicata eða skuldbindandi fyrir hann gagnvart hinum meðeigandanum að C. M. Slater, Hans P. Hansen, og hafi hann því fært honum til tekna í viðskiftareikningi hans hluta af árságóðanum árin 1906 og 1907, og hafi innieign Hansens hjá honum þá orðið 552 kr. 13 au. Þessar hér töldu upphæðir tjáist Lützen hafa greitt stefnda fyrir löngu og telur sig nú hafa rétt til að fá þær endurgoldnar ásamt kostnaði þeim, 119 kr., er hann hafði af málinu í Færeyjum. Loks krefst áfrýjandi 300 kr. hjá stefnda sem þóknunar til Lützens fyrir fyrirhöfn hans við að láta taka upp skipið »Svanen«, eign stefnda, sem sökk við Færeyjar árið 1905.

Viðskifti þau milli málsaðila, er skuldakrafa áfrýjanda er sprottin af, hafa að öllu leyti verið til lykta leidd eigi síðar en árið 1907, eftir því sem skjöl málsins sýna, og hefir skuldakrafan þá verið tilorðin að svo miklu leyti, sem áfrýjandi kann að hafa eignast kröfu á hendur stefnda. En þá var og fyrningarfrestur kröfunnar liðinn, er mál þetta var

höfðað 21. okt. 1914 samkvæmt 3. gr. laga nr. 14, 20. okt. 1905, eins og stefndi hefir af sinni hálfu haldið fram í héraði. Þetta er og vafalaust að því er síðasta lið kröfunnar, áburnefndar 300 kr., snertir. Að því er hina 3 kröfuliðina snertir, heldur áfrýjandi því fram, að þeir hafi eigi orðið til fyr en dómur færeyiska sjóréttarins var uppkveðinn 12. desbr. 1911; hafi hann tilkynt stefnda málshöfðunina með litis denuntiatio, dags. 28. febr. 1911, og birtri honum af stefnuvottum 18. apríl 1911, en stefndi hafi ekkert skeytt tilkynningunni. Þessi tilkynning virðist þó vera orðin þýðingarlaus, með því að mál þetta er ekki höfðað fyr en næstum þrem árum eftir að sjóréttarmálinu var lokið, sjá lög nr. 14, 20. okt. 1905, 14. gr. Og yfirleitt verður eigi fallist á það, að krafan hafi orðið til við færeyska sjóréttardóminn; eins og áður er vikið að, hefir hún verið tilorðin fyrir árslok 1907, því að síðan hafa málsaðilar engin viðskifti átt saman. Skuldarkrafa þessi er þannig fyrnd samkvæmt fyrningarlögunum, og verður þá að taka sýknukröfu stefnda til greina og staðfesta gestaréttardóminn; málskostnaðarákvæði hans samþykkist einnig, og málskostnaður fyrir yfirdómi fellur eftir málavöxtum niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 13. nóvember 1916.

Nr. 25/1916. Bjarni Grímsson
gegn
hreppsnefnd Ölfushrepps.

Dómur:

Vorið 1905 lagði hin stefnda hreppsnefnd auka-útsvar til Ölfushrepps, að upphæð 26 kr., á áfrýjanda Bjarna Grímsson og háseta hans, er stundað höfðu bátfiski í Þorlákshafnarveiðistöð vetrarvertíðina næst á undan; var áfrýjandi þar formaður á skipi sínu, en heimili hans var í Stokkseyrarhreppi, og þaðan og úr öðrum hreppum Árnessýslu virðast hásetar hans og hafa verið. Í lögtaksbeiðni sinni segir hreppsnefndin, að gjaldið sé á lagt samkvæmt lögum 2. nóvbr. 1914 (nr. 33). Áfrýjandi þóttist þó eigi vera gjaldskyldur til sveitarsjóðs í Ölfushreppi, og neitaði útsvarskröfunni. Var útsvarið síðan eftir kröfu stefnda, hreppsnefndarinnar, tekið lögtaki hjá áfrýjanda af hreppstjóra Stokkseyrarhrepps hinn 3. sept. 1915, og var tekið í lögtakið hlutabréf í kaupfélaginu »Ingólfur«, að nafnverði 50 kr. Áfrýjandi mótmælti þá gjörðinni, og kom lögtaksgjörðin þannig undir úrskurð fógeta, sýslumannsins í Árnessýslu. Fyrir fógetaréttinum var málsaðilum gerður kostur á að láta uppi álit sitt um mótmælin, sem þeir og gerðu, og var síðan, hinn 24. jan. þ. á., kveðinn upp úrskurður í fógetarétti Árnessýslu á þá leið, að lögtaksgjörðin var staðfest. Þessum fógetaréttarúrskurði, svo og lögtaksgjörðinni frá 3. sept. f. á., hefir Bjarni

Grímsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 29. apríl þ. á., og hefir hann fengið uppreistarleyfi til þess, dags. 27. s. m. Hefir hann gert þá réttarkröfu, að fógetaréttarúrskurðinum verði hrundið þannig, að lögtaksgjörðin verði algerlega úr gildi feld og að hin stefnda hreppsnefnd verði dæmd til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi og fógetarétti eftir mati réttarins. Hin stefnda hreppsnefnd hefir fengið gjafvörn í málinu, og skipaðan málaflutningsmann, og hefir hann krafist þess fyrir nefndarinnar hönd, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, og að hreppsnefndinni verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður bæði fyrir fógetarétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Eins og fram hefir verið tekið, var áfrýjandi heimilisfastur í Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu, og um háseta hans er það tekið fram, að þeir hafi allir verið úr Árnessýslu, og eigi er því mótmælt, að áfrýjandi og hásetarnir hafi greitt aukaútsvar í heimilishreppum þeirra, hver í sínum hreppi, eins og áfrýjandi hefir staðhæft. Hreppsnefnd Ölfushrepps hefir nú haldið því fram, að hún hafi heimild til útsvarsálögunnar í áðurnefndum lögum nr. 33, 2. nóvember 1914, 2. gr. 1. málslið, en hinsvegar heldur áfrýjandi því fram, að álöguheimildin sé takmörkuð með niðurlagsákvæði greinarinnar svo að eigi sé heimilt að leggja útsvar á fiskimenn úr öðrum hreppum í sama sýslufélagi, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfélagi þeirra. Það verður nú að fallast á það, að orðið útvegsmenn í síðustu málsgrein 2. gr. laganna merki fiskimenn yfirleitt, er útveg stunda í

veiðistöðinni, gegn því að eignast aflann eða ákveðinn hluta af honum, eða gegn peningakaupi, og þannig virðist og hafa átt að skilja þetta orð útvegsmenn í 2. gr. laga nr. 6, 19. júní 1888 og í lögum nr. 43, 10. nóvember 1905, 37. gr., en eftir þessum lögum er ákvæðið tekið upp í yngstu lögin frá 2. nóvember 1914. Útvegsmenn úr öðrum hreppum (sveitarfélögum) þýðir þá hið sama sem orðin: aðkomumenn er bátfiski stunda á útveg annara en þar sveitarmanna (»nú stundar aðkomumaður bátfiski á útveg annara en þar sveitarmanna«) í upphafi lagagreinarinnar. Eftir þessu var hreppsnefnd Ölfushrepps óheimilt að leggja aukaútsvar á áfrýjanda og háseta hans, er allir voru úr öðrum hreppum í sama sýslufélagi (Árnessýslu), og verður fyrir því að fella úr gildi úrskurð fógetaréttarins og lögtaksgerðina, sem áfrýjað hefir verið. Málskostnaður þykir rétt að falli niður, og með því að hinn skipaði málflutningsmaður hreppsnefndarinnar hefir eigi gert kröfu um málflutningskaup sér til handa, verður honum eigi dæmt það, en það vottast að hann hefir flutt málið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og undanfarin lögtaksgerð skal úr gildi feld. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 13. nóvember 1916.

Nr. 42/1916. Sigurður Bárðarson
gegn
Eggert Claessen f. h. Leonh. Tang & Sön á Ísafirði.

Dómur:

Stefndi Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður höfðaði mál þetta fyrir hönd Leonh. Tang & Söns-verzlunar á Ísafirði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjandanum sjómanni Sigurði Bárðarsyni til greiðslu á skuld að upphæð 366 kr. 13 aur., er sumpart var fyrir útteknar vörur sumpart eftir víxli, samþyktum af áfrýjanda, með kostnaði, og var málið dæmt í bæjarþingsréttinum 8. júní þ. á. á þá leið, að áfrýjandi var sýknaður af skuldarkröfunni fyrir útteknar vörur, en dæmdur til að greiða víxilskuldina 300 kr. með vöxtum og kostnaði 22 kr., samtals 322 kr., ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1913 til borgunardags, svo var honum og gert að greiða 20 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Sigurður Bárðarson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. júlí þ. á., og krafist þess, að hann verði algerlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda í héraði, og að áfrýjanda verði tildæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Hins vegar hefir stefndi Eggert Claessen fyrir hönd Leonh. Tang & Sön krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi

verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi.

Áfrýjandi mætti eigi fyrir bæjarþinginu og lét enga vörn koma fram af sinni hendi, en nú hefir hann framlagt konungsleyfi dags. 7. f. m., til að koma fram með nýjar málsástæður og leggja fram ný skjöl í málinu, og samkvæmt því hefir hann auk annara málsskjala lagt fram skírnarseðil sinn, útgefinn af sóknarprestinum í Eyrar- og Hólsprestakalli, en eftir honum er hann fæddur 5. jan. 1888, og varð því eigi fullveðja fyr en 5. jan. 1913. En nú er víxillinn, sem bæjarþingsdómarinn hefir dæmt áfrýjanda til að greiða, gefinn út af Leonh. Tang & Sön á Ísafirði 30. marz 1911 til greiðslu 30. júní s. á., víxillinn er samþyktur af áfrýjanda, og verður að gera ráð fyrir, að samþykkið hafi verið ritað á hann fyrir greiðsludag, en þá var áfrýjandi ófullveðja maður. Hann gat því eigi skuldbundið sig með áskriftinni á víxilinn, og með því að ekkert er komið fram um það, að hann hafi síðar, eftir að hann varð fullveðja, kannast við skuldina, verður eigi hjá því komist að taka sýknukröfu hans til greina og fella bæjarþingsdóminn úr gildi. En þó að málið fái þessi úrslit, þykir eigi ástæða til þess, að dæma áfrýjanda málskostnað hjá stefnda, og verður málskostnaður því látinn falla niður fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Sigurður Bárðarson á að vera sýkn

af kröfum stefnda Eggert Claessen f. h. Leonh. Tang & Sön á Ísafirði í þessu máli. Málskostnaður fyrir bæjarþingi og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 13. nóvember 1916.

Nr. 51/1915. H. Söbstad
gegn
Valdemar Thorarensen
f. h. T. Bakkevig.

Dómur:

Mál þetta var í héraði rekið sem aðalsök og gagnsök. Aðalsökina höfðaði Stefndi V. Thorarensen fyrir hönd T. Bakkevig útgerðamanns á Siglufirði fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar gegn áfrýjanda H. Söbstad útgerðamanni á Siglufirði, en áfrýjandi gagnsökina á hendur stefnda. Lauk þessum málum með dómi gestaréttarins uppkveðnum 16. júlí f. á., svo, að áfrýjandi var í aðalsökinni dæmdur til að greiða stefnda 14058 kr. 36 aura með 5% ársvöxtum frá 3. ág. 1911 til greiðsludags, en í gagnsökinni var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda og kostnað í báðum málunum skyldi áfrýjandi greiða stefnda með 300 kr.

Þessum dómi hefir H. Söbstad skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 7. ág. f. á., og krafist þess, að allar kröfur hans fyrir undirréttinum í aðal-

sök og gagnsök verði að öllu leyti teknar til greina, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. En kröfur hans fyrir undirréttinum voru þær, að verða algerlega sýknaður í aðalsökinni nema um 280 kr., og að stefndi yrði í gagnsökinni dæmdur til að greiða sér 50987 kr. 50 aura auk 5% ársvaxta af 20987 kr. 50 au., eða þann hluta af þessari upphæð, sem eigi gengi til skuldajafnaðar.

Stefndi krefst staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Þegar mál þetta var höfðað 1911 voru aðilar útgerðarmenn á Siglufirði. Var það aðallega atvinna áfrýjanda að veiða og kaupa síld til útflutnings, og fekk hann tunnur og salt og fleira, er til þess þurfti hjá stefnda, og hafði svo verið um nokkur undanfarin ár. Auk þess ráku málsaðilar í félagi útgerð flutningaskipa, þannig, að þeir tóku þátt í henni að helmingi hvor, þó svo að stefndi annaðist allan rekstur þeirrar útgerðar fyrir beggja hönd; kemur það fram í málinu, að þeir ráku þannig í félagi útgerð skipanna »Dana« og »Glyg« 1910. Við byrjun þessa árs voru viðskifti aðila slétt, þannig, að hvorugur skuldaði öðrum, og héldu viðskifti þeirra og félagsskapur áfram það ár; hafði áfrýjandi þá við árslok tekið út hjá stefnda vörur og annað fyrir 52617 kr. 42 aur. eftir reikningi hans, og hefir áfrýjandi ekki athugað neitt við þá úttektarupphæð. — Hins vegar voru áfrýjanda í reikningnum taldar til tekna þessar upphæðir:

1. Andvirði fyrir síldarfarm sendan með skipinu »Dana« frá Siglufirði 19. sept. 1910 (kr. 10889,12 + kr. 843,00 =) kr. 11732,12
2. Andvirði fyrir síldarfarm sendan með skipinu »Glyg« frá Siglufirði 4. sept. s. á. . . . . — 9822,62
3. Helmingur ágóða af útgerð skipanna »Glyg« og »Dana« . . . . — 6127,82
4. Andvirði fyrir endurskilaðar tunnur og salt . . . . . — 10542,50

Samtals kr. 38225,06

og var þannig úttektin talin 14392 kr. 36 aur. meiri en greiðslan og krafðist stefndi þessarar upphæðar fyrir gestaréttinum hjá áfrýjanda, en með dómnum voru 334 kr. dregnar frá kröfunni, svo að eftir verða 14058 kr. 36 aur., sem stefndi fekk sér dæmdar í gestaréttinum, og því að eins koma til álita í yfirdóminum, með því að stefndi hefir ekki áfrýjað málinu.

Um 2. og 3. framantalda reikningsliði ber aðilum eigi á milli, en þá greinir á um 1. og 4. lið.

Síldarfarminn, sem getur um í 1. reikningslið, sendi áfrýjandi með skipinu »Dana« til útlanda og fól umboðsmanni sínum í Stokkhólmi að selja hann. Voru það 1800 tunnur síldar, og seldust þær í tvennu lagi, 1256 tunnur og 544 tunnur fyrir þá upphæð er reikningurinn greinir, og var andvirðið greitt stefnda. Í málinu hefir komið fram frumrit af farmskírteini skipsins úr þessari ferð og er þar tilgreindur viðtakandi Gerdsjö & Bakkevig, en það er firma

stefnda. Einnig hefir verið framlagt eftirrit af farmskírteininu, en þar er enginn viðtakandi tilgreindur.

Áfrýjandi heldur því nú fram, *að* farmskírteinið hafi verið gefið út með eyðu fyrir nafni viðtakanda (in blanco), *að* stefndi, sem fór frá Siglufirði með þessari ferð »Dana«, hafi á leiðinni ritað nafn firma síns sem viðtakanda í það eintak farmbréfsins, sem fram er komið í málinu, *að* stefndi hafi gert þetta í heimildarleysi, án samþykkis áfrýjanda og *að* hann fyrir það hafi orðið skuldbundinn að kaupa síldina því verði, er áfrýjandi hafi látið honum hana fala fyrir áður en skipið fór frá Siglufirði, en það hafi verið 14 kr. fyrir hverja tunnu. Áfrýjandi telur því að andvirði síldar þessarar hafi átt að nema 14 × 1800 kr., eða 25200 kr. eða 13467 kr. 88 a. meira en talið er í reikningi stefnda.

Stefndi kannast eigi við, að það hafi komið til tals milli þeirra áfrýjanda, að stefndi keypti »Dana«-síldina af honum. Stefndi neitar því og að hann hafi ritað nafn viðtakanda í farmbréfið, og heldur því fram, að viðtakandi hafi verið þar tilgreindur eins og hið framlagða farmbréf sýnir, en það hafi áfrýjandi afhent sér í því skyni, að hann hefði í hendi sér andvirði farmsins til lúkningar innieign sinni hjá áfrýjanda, enda hafi hann samkvæmt samningum þeirra átt rétt á að fá andvirðið sér greitt, og það hafi áður verið venja, að áfrýjandi fengi honum farmskírteini til tryggingar því, að hann fengi greitt andvirði farmsins, en áfrýjandi hafi í þetta skifti, eins og áður, látið umboðsmann sinn erlendis selja síldina fyrir sinn reikning.

Eftir því hvernig viðskiftum málsaðila samkvæmt framansögðu var háttað, virðist verða að fara í öllu verulegu eftir skýrslu stefnda um þetta málsatriði. Að sögn áfrýjanda sjálfs var það samningur þeirra stefnda, að áfrýjandi fengi borgunarfrest á skuldsinni til stefnda, þangað til síld sú, er aflaðist að sumrinu, væri komin í peninga. Þegar »Dana« fór frá Siglufirði 19. sept., hafði áfrýjandi þegar sent út nokkur þúsund tunnur af síld, en aðeins ráðstafað andvirði farmsins með »Glyg«, 1500 tunna, til stefnda, en þetta andvirði náði aðeins skamt til lúkningar skuld áfrýjanda. Það er því eðlilegt, að stefndi vildi fá og fengi tryggingu fyrir því, að andvirði »Dana« farmsins gengi til hans. Það virðist eigi skifta máli hvort farmbréfið var stýlað til stefnda eða nafn viðtakanda látið ótilgreint, með því að gera verður ráð fyrir, að áfrýjandi hafi fengið honum það í hendur, að vísu hefir áfrýjandi neitað þessu fyrir gestaréttinum, en fyrir yfirdóminum virðist hann ekki halda fast við þá neitun, en þessi afhending farmbréfsins til stefnda verður eigi á annan veg skilin en hún hafi átt að tryggja honum það, að hann fengi andvirði síldarinnar greitt upp í skuld áfrýjanda, og þó að áfrýjandi, að því er hann segir, hafi ætlað að verja einhverju af andvirðinu öðruvísi, getur það engu breytt um þetta eða skert rétt stefnda til að fá alt andvirði greitt upp í skuldina; sama er um þá mótbáru áfrýjanda, að skuldin hafi eigi verið gjaldkræf fyr en um árslok, því að eftir samningi aðila átti hún, eins og fyr segir, að greiðast þegar síldin væri komin í peninga. Síldarfarm þennan seldi um-

boðsmaður áfrýjanda í Stokkhólmi eftir hans ráðstöfun og fyrir hans reikning, og verður eigi séð, að stefndi hafi ráðið neinu um það, hvar og hvenær farmurinn var seldur, eða átt neina sök á því, að eigi fekst hærra verð fyrir hann. Áfrýjandi á því eigi kröfu til þess, að reikningsliður sá, er hér ræðir um, verði hækkaður, og verður sú krafa eigi tekin til greina.

Í annan stað er ágreiningur um verð á tunnum og salti, er ræðir um í 4. lið í reikningi stefnda. Þetta málsatriði er þannig vaxið, að haustið 1910, er síldveiðar voru úti, átti áfrýjandi afgang af síldartunnum og salti, er hann hafði fengið hjá stefnda, og var þetta látið inn í geymsluhús stefnda og geymt þar um veturinn. Voru flestar tunnurnar tómar en salt í sumum. Um vorið 1911, í maímánuði að því er ætla má, vildi áfrýjandi fá tunnurnar og saltið, en umboðsmaður stefnda, sem varðveitti lykla að geymsluhúsinu, synjaði afhendingar, af því hann leit svo á, að stefndi ætti hvorttveggja, tunnur og salt. Þegar stefndi var kominn til Siglufjarðar í júlímánuði, krafðist áfrýjandi aftur að sér væru afhentar tunnurnar, en stefndi neitaði því og bannaði mönnum áfrýjanda, er sendir voru eftir þeim, að taka þær, með því að áfrýjandi hefði skilað þeim aftur og þær væru sín eign. En áfrýjandi mótmælti því þá, að stefndi hefði rétt til að halda tunnunum fyrir honum, en kvaðst þó eigi mundu koma aftur til að sækja þær, en lét stefnda vita, hvað þær kostuðu, og að hann (stefndi) yrði að bera alla ábyrgð af tunnuhaldinu.

Áfrýjandi neitar því eindregið, að hann hafi skil-

að stefnda tunnum þessum, en tjáðist hafa komið þeim fyrir í geymslu hjá stefnda gegn umsömdu geymslugjaldi, og telur hann stefnda hafa verið algerlega óheimilt að halda þeim fyrir sér.

Stefndi taldi áfrýjanda vörur þessar til inngjalda í reikningi sínum með sama verði, sem áfrýjandi hafði keypt þær fyrir af honum, þó svo að hann dró frá verðrýrnun á 700 tunnum, er botn hefði vantað í, 25 aura fyrir hverja, og fyrir rýrnun á salti í 318 tunnum, 50 aura fyrir hverja, og að hann reiknaði 150 tunnum færra skilað en áfrýjandi telur rétt vera.

Það er nú að vísu ósannað, að áfrýjandi hafi afhent tunnurnar í því skyni að skila stefnda þeim aftur eða veita honum neinn haldsrétt á þeim, en ágreiningur um þetta virðist eigi þurfa að koma hér til álita, með því að ætla verður að áfrýjandi, er hann lýsti því yfir við stefnda 25. júlí, sem fyr segir, að hann ætlaði ekki að vitja tunnanna aftur, hafi samþykt, að stefndi héldi tunnunum gegn því að hann greiddi verð þeirra. Áfrýjandi gjörði eftir það enga gangskör að því að ná tunnunum úr vörslum stefnda, og í þessu máli hefir hann að eins krafist verðs fyrir þær, en ekki að stefndi skilaði þeim aftur.

Um verðið, er talið er í reikningi stefnda á þessum vörum, kemur málsaðilum ekki saman. Ber þar á milli bæði tala tunnanna og verð á þeim. Áfrýjandi telur þær hafa verið 2655 tómar og 330 fyltar salti, en stefndi að eins 2517 tómar og 318 með salti. Með því að eigi er sannað, að stefndi hafi tekið við fleiri tunnum af áfrýjanda haustið 1910

en hann kannast við, verður að fara eftir skýrslu hans um þetta atriði.

Tunnurnar keypti áfrýjandi af stefnda fyrir 3 kr. 50 a. hverja tóma tunnu og fyrir 6 kr. 50 a. hverja saltfylta tunnu, en hann krefst þess að verð þeirra verði ákveðið 4 kr. fyrir tómar tunnur og 7 kr. fyrir saltfyltar, og byggir það á því, að sumarið 1911 hafi verð á tunnum og salti verið venju fremur hátt á Siglufirði, og samkvæmt því sé hæfilegt að reikna verðið eins og hann nú krefst. Stefndi hefir mótmælt þessari kröfu og neitað því að verð á þessum vörum hafi alment verið hærra á Siglufirði 1911 heldur en 1910, og með því áfrýjandi hefir ekki hrundið þessum mótmælum, virðist eiga að taka þau til greina. Hinsvegar hefir stefndi eigi gegn mótmælum áfrýjanda sannað, að rýrnun hafi orðið á vörunum, svo að honum hafi verið heimilt að draga frá verðinu fyrir hana, en þessi frádráttur var, sem fyr segir, á 700 tunnum tómum 25 a. á hverri og á 318 saltfyltum tunnum 50 aura á hverri, eða alls 334 kr., og lækkar þá framantalin krafa stefnda um þessa upphæð, svo að hún verður 14058 kr. 36 a., eins og hún er ákveðin í dómnum, og ber áfrýjanda að greiða stefnda þá upphæð með vöxtum, eins og þar segir.

Af kröfu áfrýjanda í gagnsökinni telur hann 20957 kr. 50 a. vera gagnkröfu, en 30000 kr. skaðabótakröfu.

Fyrir gagnkröfunni færir hann þá ástæðu, að stefndi hafi með því að halda fyrir honum fyrgreindum tunnum og salti orðið valdur að því, að áfrýj-

anda hafi eigi gagnast 2525 fullpakkaðar tunnur eða 1787 mál af síld, er hann hafi sumt aflað og sumt verið skuldbundinn að kaupa, en orðið að fleygja í sjóinn, vegna þess að hann fekk ekki tunnurnar hjá stefnda, en tunnur og salt hafi þá verið næstum ófáanlegt á Siglufirði, og of seint orðið að fá þær frá útlöndum, enda mjög erfitt fyrir áfrýjanda að fá lán erlendis, af því stefndi hafi verið búinn að spilla svo mjög lánstrausti hans. Þessar 2525 tunnur síldar gerir áfrýjandi ráð fyrir að mundu hafa selst fyrir 8 kr. 30 a. hver, að frádregnum öllum kostnaði, eða alls fyrir 20957 kr. 50 a., sem hann telur að stefndi eigi að greiða sér.

Þó að gert sé ráð fyrir því, sem þó ekki er sannað, að stefnda hafi brostið heimild til að halda fyrir áfrýjanda hinum umþrættu tunnum, verður eigi álitið, að hann með því hafi skapað sér ábyrgð til fjárútláta, slíka, sem áfrýjandi heldur fram. Afrýjanda var þegar um miðjan maí 1911 eða fyr synjað um að fá tunnurnar framseldar, og hann vissi þá, að stefndi hafði hætt öllum viðskiftum við hann og taldi til hárrar skuldar hjá honum; honum mátti því vera ljóst, að stefndi mundi eigi óneyddur sleppa tunnunum, er hann taldi sína eign, og að hann (áfrýjandi) gat eigi reitt sig á að fá þær til afnota, þegar hann þyrfti á að halda, nema hann fengi til þess aðstoð fógeta, en það virðist hann mundu hafa getað með stuttum fyrirvara, ef hann hefði leitað þess. Þá var og nægur tími fyrir áfrýjanda að útvega sér aðrar tunnur í stað hinna. Hann gat þannig varnað því að hann biði nokkurt tjón af haldi stefnda á

tunnunum, en hann lét það farast fyrir, og verður þá að kenna það fyrirhyggjuleysi hans eða getuleysi, ef hann hefir brostið fé, en á því bar stefndi eigi ábyrgð —, að hann gat eigi hagnýtt sér alla þá síld, er hann hafði aflað og keypt. Það er af þegar greindum ástæðum engin heimild til að taka þessa kröfu áfrýjanda til greina, og er þá eigi þörf á að athuga önnur mótmæli, er fram hafa komið gegn henni.

Til stuðnings kröfu sinni á hendur stefnda um 30000 kr. skaðabætur hefir áfrýjandi talið það, að stefndi hafi með ólöglegum og ástæðulausum málatilbúnaði gegn sér orðið þess valdur, að áfrýjandi glataði lánstrausti og áliti og beið atvinnuhnekki, með því að stefndi hafi kært hann fyrir sáttanefnd í Noregi í desembermánuði 1910, og um sama leyti eða litlu síðar beiðst kyrsetningar á eignum hans á Siglufirði, hvorttveggja fyrir skuld, er eigi hafi verið gjaldkræf, og auk þess talin miklu hærri en rétt var. Hafi þessar ráðstafanir stefnda þegar orðið hljóðbærar og raskað lánstrausti hans, atvinnu og fjárhag.

Það sézt nú og af skjölum málsins, að stefndi kærði áfrýjanda til sátta í Noregi út af skuldaskiftum þeirra og að það mál féll niður, af því að varnarþing áfrýjanda áleizt vera á Siglufirði, svo og að stefndi leitaði til málafærzlumanns á Akureyri um að fá kyrsettar eignir áfrýjanda til tryggingar skuld hans við stefnda, en að ekkert var aðgert í því efni, enda sézt eigi að nein krafa í þessa átt hafi komið til fógeta eða hann lagt úrskurð á hana. Þar sem þessar umleitanir stefnda til að ná innieign sinni hjá áfrýjanda eigi komust lengra en nú var frá skýrt

virðist það eigi geta komið til mála, að þær eigi að varða hann skaðabótum til áfrýjanda, enda hefir áfrýjandi alls eigi sannað, að þær hafi spilt atvinnu hans og lánstrausti eins og hann heldur fram. Þessari skaðabótakröfu áfrýjanda verður því ekki gaumur gefinn, og ber einnig að sýkna stefnda af henni.

Með því að yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og gestaréttarinn um aðalefni málsins og felst á málskostnaðar-ákvæði hans, svo og á ákvæði hans um ómerking orðsins »fjárglæframaður«, er stefndi hefir viðhaft um áfrýjanda, ber að staðfesta gestaréttardóminn í öllum greinum.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir eftir þessum úrslitum rétt að áfrýjandi greiði stefnda og ákveðst hann 100 kr.

Í sókn sinni fyrir yfirdóminum hefir málafærslumaður áfrýjanda, Björn Líndal yfirréttarmálaflutningsmaður, farið ýmsum óviðurkvæmilegum ummælum um héraðsdómarann, borið honum á brýn skort á vandvirkni og lagaþekkingu og að hann hafi haft endaskifti á sannleikanum. Verður hann því að sæta sekt fyrir ósæmilegan rithátt, er ákveðst 20 kr. og greiðist að helmingi í landssjóð og að helmingi í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardóminum skal óraskað. Áfrýjandi H. Söbstad greiði stefnda Valdemar Thorarensen fyrir hönd T. Bakkevig 100 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Björn Líndal yfirréttarmálaflutn-

ingsmaður greiði sekt 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

Dómnum ber að fullnægja áður liðnar séu 6 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 20. nóvember 1916.

Nr. 36/1916. Páll Jónsson
gegn
Árna Tómassyni og settum
sýslumanni Eiríki Einarssyni.

Dómur:

Að áliðnu sumri 1915 lét stjórn Landsbankans í Reykjavík gera fjárnám í ½ jörðinni Hæringsstöðum í Árnessýslu til lúkningar 1000 kr. veðskuld með vöxtum og kostnaði og síðan auglýsa hálflenduna til nauðungaruppboðs. Fól bankastjórnin áfrýjanda þessa máls, Páli Jónssyni yfirréttarmálaflutningsmanni að annast þessar gerðir vegna bankans. Þegar síðasta nauðungaruppboð átti að fara fram á eigninni 7. des. f. á. var stefndi, Árni Tómasson bóndi á Stórahrauni orðinn eigandi hennar, vildi hann stöðva söluna og sneri sér um það fyrst til bankastjórnarinnar, en hún vísaði honum til áfrýjanda, er færi með umboð bankans í því máli. Árni fór þá á fund áfrýjanda, sem kominn var þangað austur til að vera við uppboðið,

til þess að kljá út um málið þannig að hann greiddi veðskuldina með vöxtum og kostnaði, en uppboðið félli niður. Áfrýjandi lagði þá fram reikning yfir upphæðir þær, er hann krafðist að stefndi greiddi sér til þess að hætt yrði við uppboðið, og nam reikningurinn 1519 kr. 58 a. Þar af voru 456 kr. ferðakostnaður, dagpeningar og innheimtulaun umboðsmanns bankans. Þótti stefnda reikningurinn of hár, en áfrýjandi kvað það eigi máli skifta, með því að hann helzt óskaði að uppboðið færi fram. Stefndi þóttist þá tilneyddur til að fullnægja kröfunni til þess að komast hjá uppboði, og greiddi áfrýjanda upphæð reikningsins að frádregnum 10 kr., sem áfrýjandi sló af honum. Með því að stefndi þóttist mjög vanhaldinn af þessum viðskiftum og leit svo á að sumir póstar í reikningnum væru þar ranglega taldir og sumir alt of háir, leitaði hann til bankastjórnarinnar til að fá endurgreitt það, sem honum þótti oftalið, og varð sá árangurinn af því, að stefndi fékk endurgreidd innheimtulaun, sem talin voru á reikningnum, 100 kr., og 1 kr. að auki. Við þessi málalok vildi stefndi þó eigi una og ritaði því stjórnarráðinu kæru, dags. 12. jan. þ. á., og beiddist íhlutunar af þess hálfu um að bankastjórnin endurgreiddi sér það, sem honum þótti umboðsmaður bankastjórnarinnar hafa tekið of mikið af sér. Voru þessar kærur af bankastjórninni fengnar áfrýjanda til umsagnar og leit hann svo á, að í þeim væru viðhöfð um sig móðgandi og ærumeiðandi ummæli, að hann væri þar rægður við stjórnarráðið og vinnuveitendur sína, bankastjórana og að kærurnar hefðu orðið þess valdandi, að hann

misti atvinnu þá, er hann hefði haft af því, að gegna málfærslustörfum fyrir bankann. Svo þóttist áfrýjandi og, er hann kom til Eyrarbakka í janúarmánuði þ. á., verða þess var að stefndi hefði breytt út ýmsan óhróður um hann, og sagt, að »hann (áfrýjandi) hafi ætlað að hafa af sér, stela af sér, draga í sinn vasa 100 eða 200 kr., að hann (áfrýjandi) hafi orðið að skila aftur 100 kr., sem hann hafi ætlað að stela af sér«.

Fyrir þessar sakir höfðaði áfrýjandi mál þetta fyrir gestarétti Árnessýslu gegn stefnda til sekta fyrir meiðyrði og skaðabóta fyrir atvinnutjón, en með dómi réttarins, uppkveðnum 21. marz þ. á. urðu þau úrslit málsins að stefndi var sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum 25 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 3. júní þ. á., og krafist þess að gestaréttardómnum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur í þyngstu hegningu, sem lög ákveða fyrir ærumeiðingar að hin ærumeiðandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk og stefndi verði dæmdur til að greiða sér 2000 kr. skaðabætur fyrir mannorðsrán og atvinnuhnekki, svo og málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu. Ennfremur hefir áfrýjandi stefnt héraðsdómaranum í málinu, settum sýslumanni Eiríki Einarssyni og krafist þess að hann verði látinn sæta ábyrgð með embættismissi, sekt eða áminningu fyrir ósæmilega meðferð málsins.

Af hálfu hinna stefndu er þess krafist, að dómurinn verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður

fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Fyrir hönd hins stefnda héraðsdómara er þess ennfremur krafist, að dæmd verði dauð og ómerk og látin varða áfrýjanda sekt þessi ummæli í sóknarskjali hans fyrir yfirdóminum um dómarann: »eigi að eins gera sjálfan sig hlægilegan heldur jafn vel réttinn hlægilegan, sem þó sízt skyldi vera«, »virðist bera vott um svo megnt siðferðislegt þroskaleysi og skort á dómgreind, að furðu gegnir«, — »reynir að breiða yfir vömm hans« — »að réttmætt sé að kalla greind ummæli stefnda yfirbreiðslu« — »að dómgreind hans (dómarans) og siðferðistillfinning, er svo óþroskuð, að hann telur réttmætan og viðeigandi verknað, sem frumreglur siðferðiskendarinnar verða að meta ósæmilegan, að hann eigi kann grein á dómsmáli og máli, sem heyrir undir úrskurð framkvæmdarvaldsins, og ber fram í nafni réttvísinnar gersamlega ástæðulausar ærumeiðingar. Alt þetta virðist mér ótvírætt benda á, að hinn stefndi dómari, settur sýslumaður Eiríkur Einarsson sé alls eigi vaxinn að gegna embætti sem dómari«.

Áfrýjandi hefir eigi í gestaréttarstefnunni krafist ómerkingar á eða sekta fyrir önnur ummæli en þau, er hann tjáist hafa heyrt eftir stefnda á Eyrarbakka og að framan eru talin. Stefndi neitar því að hafa viðhaft þessi orð um áfrýjanda, og með því áfrýjandi hefir eigi sannað það gegn neitun hans, geta téð ummæli ekki komið til álita. Hins vegar kannast stefndi við að hafa sagt, að áfrýjandi hafi ranglega dregið sér fé með afskiftum sínum af Hæringsstaðamálinu, en þar sem eigi er stefnt fyrir þessi ummæli og eigi krafist sektar fyrir þau né ómerk-

ingar á þeim, verður eigi heldur neinn dómur á þau lagður.

Það er ómótmælt, sem áfrýjandi heldur fram, að hann eftir fyrgreinda viðureign þeirra stefnda hafi verið látinn hætta málfærslustörfum fyrir Landsbankann. Áfrýjandi heldur því fram, að það sé afleiðing af rógi um sig í kærum stefnda til stjórnarráðsins og bankastjórnarinnar. Kæra stefnda til bankastjórnarinnar hefir eigi komið fram í málinu, en kæra hans til stjórnarráðsins hefir verið lögð fram, og á henni virðist áfrýjandi aðallega byggja téða staðhæfingu sína.

Stjórnarráðið hefir þó lýst því yfir, að það hafi engan þátt átt í því, að áfrýjanda var vikið frá starfi í Landsbankanum. Þó að nú stefndi í kæru sinni til stjórnarráðsins hafi látið það í ljósi, að hann hefði beðið halla fyrir óhlutvendni áfrýjanda, og hafi viðhaft um hann nokkur önnur ummæli, er lýstu miður góðu áliti stefnda á honum, þá verður eigi ætlað, að þessi ummæli hafi ráðið neinu um afstöðu bankastjórnarinnar við áfrýjanda, með því bankastjórnin hafði í höndum ítarlegt álit hans um kæruna og gat rannsakað málið frá báðum hliðum. Það virðist því mega gera ráð fyrir, að bankastjórnin hafi litið svo á málavexti, að henni hafi þótt haganlegast fyrir bankann, að eigi væri notuð aðstoð áfrýjanda í hans þarfir, og að fyrgreind órökstudd ummæli stefnda hafi engu þar um valdið, þar á móti hafi kæran sjálf orðið til þess, að áfrýjandi varð að sleppa starfi sínu fyrir bankann. En það getur eigi verið á stefnda ábyrgð, að hann kærði reikning

áfrýjanda, og það þegar af þeirri ástæðu, að kæran áleist að nokkru leyti á rökum bygð bæði af bankastjórninni og að því er virðist einnig af áfrýjanda, þar sem hann endurgreiddi innheimtulaunin.

Enn hefir áfrýjandi talið þá ástæðu fyrir skaðabótakröfunni, að það hafi verið sáttarof af hálfu stefnda að krefjast niðurfærslu á reikningnum, þar sem hann hafi verið búinn að samþykkja hann og borga. En þó að hér væri um sáttarof að tefla, sem þó eftir málavöxtum eigi verður álitið, þá virðist áfrýjandi ekki eiga tilkall til skaðabóta hjá stefnda fyrir það.

Skaðabótakrafa áfrýjanda verður samkvæmt því er að framan segir eigi tekin til greina, og ber því að sýkna stefnda í málinu eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Afrýjandi hefir stefnt dómaranum til ábyrgðar fyrir ósæmilega meðferð málsins, og lýsir hann þessari meðferð svo, að dómarinn byggi dóm sinn á atvikum, sem hann sé eigi bær að dæma um og liggi utan takmarka málsins, og viðhafi í ályktunum sínum orð, er móðgandi og ærumeiðandi séu fyrir áfrýjanda. Krefst hann að þau orð verði dæmd dauð og ómerk, og telur þar til þessi ummæli í forsendum dómsins: »verður að fallast á það . . . að þessir liðir reikningsins séu of hátt reiknaðir og í rauninni óviðkomandi«. — — »kostnaður sá, er stefndi hefir reiknað sér . . . er . . . langt um meiri en talið verður rétt og hæfilegt«. — hinum ósanngjörnu upphæðum« — »því að ekkert hefir komið fram í máli þessu, er bendi á að stefndi hafi öðruvísi skýrt frá

en eins og málefnið lá fyrir» — hin önnur átöldu ummæli — — »verður aftur að álíta að séu ýmist ósaknæm eða réttlætt af hálfu stefnda, því að reikningur stefnanda . . . er þannig lagaður, að eðlilegt er að sætt hafi ámæli . . . af þeim er orðið hafa fyrir þeim ósanngjörnu kröfum«.

Það er nú engin ástæða til að rannsaka eða láta uppi álit um það, hvort ummæli þessi í dómnum eigi öll við full rök að styðjast, með því að dómarinn álízt eigi með því að viðhafa þau, hafa farið framar en honum var heimilt til að rökstyðja dóm sinn, og er engin heimild til að dæma þau dauð og ómerk eða láta dómarann sæta neinum vítum fyrir þau. Og þar sem áfrýjandi hefir eigi fundið dómaranum annað til saka, ber að sýkna hann af kröfum áfrýjanda.

Ákvæði gestaréttardómsins um málskostnað samþykkjast og verður þannig dómurinn í heild sinni staðfestur.

Eftir þessum málalyktum þykir rétt að áfrýjandi greiði hinum stefndu málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 20 kr. til hvors þeirra.

Með framannefndum ummælum um héraðsdómarann hefir áfrýjandi orðið sekur um ósæmilegan rithátt og verður fyrir það að sæta sekt, er ákveðst 30 kr. og greiðist að helmingi í landssjóð og að helmingi í bæjarsjóð Reykjavíkur. Svo ber og eftir kröfu hins stefnda dómara að dæma téð ummæli dauð og ómerk.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Páll Jónsson greiði hinum stefndu Árna Tómassyni og settum sýslumanni Eiríki Einarssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr. hvorum. Svo greiði hann og sekt 15 kr. í landssjóð og 15 kr. í bæjarsjóð Reykjavíkur. Framangreind ummæli um héraðsdómarann eiga að vera dauð og ómerk.

Ídæmdar greiðslur lúkist áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 20. nóvember 1916.

Nr. 54/1916.

Jes Zimsen
f. h. h/f. P. J. Thorsteinsson & Co.
í liquidation
gegn
Þórði Bjarnasyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Jes Zimsen kaupmaður fyrir hönd hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. í liqvidation á bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda, Þórði Bjarnasyni kaupmanni til greiðslu á

víxli, dags. 10. júní 1913, að upphæð 1000 kr., með 6% ársvöxtum frá gjalddaga víxilsins 31. desbr. s. á. og málskostnaði að skaðlausu. En með dómi bæjarþingsins uppkveðnum 2. des. f. á. lyktaði málinu svo, að því var vísað frá dómi og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 11. sept. þ. á. og krafist þess, að dómnum verði hrundið og málinu vísað heim til löglegrar dómsáleggingar um efni þess, og áfrýjanda dæmdur hæfilegur málskostnaður hjá stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar á dómnum og hæfilegs málskostnaðar eftir mati yfidómsins.

Frávísunarástæða stefnda, er undirdómarinn tók til greina er sú, að víxill sá, sem málið er risið af, sé eigi löglegur að formi, og að því bresti heimild til að höfða um hann víxilmál, og fara þannig fram hjá sáttanefnd, þar sem nafn útgefanda sé eigi ritað undir víxilinn, en í þess stað notaður nafnstimpill, og stimpilnafnið eitt sé eigi lögleg eða fullkomin táknun á nafni útgefanda.

Hinn umþrætti víxill, sem stefndi hefir samþykt, er eins og hann heldur fram, eigi undirskrifaður af áfrýjanda, en nafn firmans: »Hlutafélagið P. J. Thorsteinsson & Co.« er sett undir hann með stimpli, en ekkert nafn viðritað. Það verður nú að fallast á það að þetta form á undirskrift víxilsins fullnægi ekki fyrirmælum í 1. gr. víxillaganna 13. jan. 1882 og að hann þá samkvæmt 5. gr. laganna geti eigi veitt víxilrétt.

Það voru því eigi lög til að höfða mál þetta

sem víxilmál, og var það rétt að málinu var vísað frá bæjarþinginu, og með því að fallist verður á málskostnaðarákvæði dómsins ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda, og ákveðst hann 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað. Áfrýjandi Jes Zimsen fyrir hönd hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. í liquidation greiði stefnda Þórði Bjarnasyni 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagri lagaaðför.

Mánudaginn 27. nóvember 1916.

Nr. 35/1916.

Páll Jónsson
f. h. skiftaréttar Árnessýslu
gegn
Oddi Gíslasyni
f. h. Páls Jónssonar frá Seljatungu.

Dómur:

Hinn 29. marz 1915 var fógetaréttur Árnessýslu settur að Seljatungu í Gaulverjabæjarhreppi til þess

samkvæmt kröfu Páls Jónssonar yfirréttarmálaflutningsmanns að leggja löghald á eignir Jóns Erlendssonar bónda þar til tryggingar sjálfskuldarábyrgð, að upphæð 3200 kr., samkvæmt skuldabréfi útgefnu 19. marz 1914 af Sigurði nokkrum Þórarinssyni til Jóns Magnússonar í Gaulverjabæ. Við gerð þessa neitaði gerðarþoli að hann ætti nokkrar eignir, með því að hann haustið 1914 hefði selt alt bú sitt, en verðinu hefði hann eytt. Meðal annars skýrði hann frá, að hann nefnt haust hefði selt Páli syni sínum eftirnefnda muni: 300 hesta útheys, heyhlöðu heima, 3 heyhlöður og 4 fjárhús, skemmu og 5 útihús, 4 kýr, 1 kvígu, 1 vetrung, 30 kindur fullorðnar, 20 lömb, 6 hesta á ýmsum aldri, 3 hryssur, 30 hesta reipi, 1 skilvindu, 1 klukku, 1 saumavél, ýmsa innanstokksmuni, 3 hrúta, vagn með aktýgum og olíulampa fyrir alls 3015 kr. Kvaðst hann hafa fengið alt kaupverðið greitt, en hann hefði eytt því öllu.

Nokkru eftir gerð þessa, 4. aprílmán., andaðist Jón Erlendsson. Var búið síðan tekið til þrotabúsmeðferðar og innköllun gefin út til skuldheimtumanna í september f. á. með 6 mánaða fyrirvara. Hinn 12. október var því næst auglýstur skiftafundur í búinu 11. nóvember. Á fundi þessum mætti áfrýjandi Páll Jónsson fyrir hönd eins skuldheimtumanns í búinu, og virðist hafa gert kröfu í búið fyrir 3200 kr. samkvæmt áðurnefndu skuldabréfi 19. marz 1914, og krafðist hann þess að búið léti höfða mál til riftingar og ógildingu á sölu Jóns heitins Erlendssonar til Páls sonar hans, sem um er getið. Skiftafundurinn

samþykti þetta og fól áfrýjanda að fara með málið fyrir búsins hönd.

Mál það er áfrýjandi höfðaði samkvæmt umboði þessu gegn Páli syni Jóns Erlendssonar var eftir samkomulagi málsaðila rekið fyrir gestarétti Reykjavíkur, og gerði áfrýjandi þær kröfur fyrir gestaréttinum að framannefnd sala Jóns Erlendssonar til Páls sonar hans yrði dæmd ógild og hann dæmdur til að skila aftur hinum seldu munum eða greiða verð hinna dauðu muna eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna og verð hins lifandi penings eftir gangverði hans á stefnudegi 16. nóvbr. 1915, svo og að stefndi yrði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu. Með dómi gestaréttarins uppkveðnum 22. maí þ. á., lauk máli þessu svo, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda, og hann dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. í málskostnað. Svo var áfrýjandi Páll Jónsson dæmdur til að greiða 50 kr. sekt, helminginn í landssjóð og helminginn í fátækrasjóð Reykjavíkur, fyrir ósæmilegan rithátt.

Dómi þessum hefir áfrýjandi, Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður f. h. skiftaréttar Árnessýslu skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 3. júní þ. á., og hefir hann stefnt umboðsmanni Páls Jónssonar frá Seljatungu, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni; hefir hann gert þær kröfur fyrir réttinum að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir undirréttinum verði teknar til greina, málskostnaðar- og sektarákvæði gestaréttardómsins úr gildi felt og stefndi dæmdur til að

greiða málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu.

Stefndi Oddur Gíslason f. h. Páls Jónssonar hefir hinsvegar krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi byggir kröfu sína um riftingu á umgetinni sölu Jóns heitins Erlendssonar til Páls sonar hans á 30. gr. í lögum um gjaldþrotaskifti 13. apríl 1894, sbr. N. L. 5—13—44, 2. málsgr. Heldur hann því fram, að umgetin sala hafi eingöngu verið gerð í því skyni að halla rétti skuldheimtumanna, og virðist hann bera brigður á það, að Páll hafi greitt föður sínum hið ákveðna söluverð munanna.

Stefndi hefir hins vegar mótmælt riftingarkröfu áfrýjanda, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að það sé að svo stöddu óséð, hvort dánarbú Jóns Erlendssonar eigi ekki fyrir skuldum, og þegar af þessari ástæðu geti riftingarkrafa áfrýjanda ekki komið til greina. Þetta byggir hann á því, að búið hafi höfðað mál þetta áður en innköllunarfresturinn í búinu hafi verið liðinn og þar af leiðandi áður en tækifæri hafi verið til þess að rannsaka kröfur þær, er gerðar kynnu að verða í búið. Hann neitar því að krafa sú, er áfrýjandi Páll Jónsson hefir lýst í búið og bygð er á umgetnu skuldabréfi 19. marz 1914 og gefið hefir tilefni til að riftingarmál þetta var höfðað, sé rétt eða bindandi fyrir búið, með því að Jón heitinn Erlendsson hafi eindregið neitað því að hafa ritað nafn sitt sem sjálfskuldarábyrgðarmaður á nefnt skuldabréf, og þess utan heldur hann því fram, að um

mjög lítið af öðrum skuldakröfum í búið sé að ræða, og það allsendis óvíst hvort þær verði viðurkendar eða teknar til greina.

Þar sem ekki liggur fyrir í málinu greinargerð fyrir því, að skuld sú, er mál þetta er risið af, hafi verið viðurkend af búinu og yfirleitt ekki upplýsingar um, að neinar aðrar skuldir hafi verið viðurkendar, þá er það gegn framannefndum mótmælum stefnda ekki sannað að búið, þótt eignarlítið sé, eigi ekki fyrir skuldum, en eins og mál þetta liggur fyrir, verður enginn dómur á það lagður, hvort skuldakrafa sú, er áfrýjandi hefir lýst í búið, er rétt eða bindandi fyrir það. Þar sem það samkvæmt hinni tilvitnuðu grein gjaldþrotaskiftalaganna er skilyrði fyrir riftingu á sölugerningi þeim, er hér ræðir um, að búið geti ekki borgað skuldir sínar, ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýanda, og er þá ekki ástæða til að rannsaka aðrar varnarástæður stefnda.

Af þessari ástæðu verður að fallast á niðurstöðu gestaréttardómsins um aðalefni málsins. Hin ídæmda sekt þykir nægilega há 20 kr., og renni hún að helmingi í landssjóð og að helmingi í fátækrasjóð Reykjavíkur. Málskostnaður þykir rétt að falli niður fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Oddur Gíslason, fyrir hönd Páls Jónssonar frá Seljatungu, á að vera sýkn af kærum og kröfum áfrýjanda Páls Jónssonar, fyrir hönd

skiftaréttar Árnessýslu í máli þessu. Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Áfrýjandi, Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður, greiði sekt, 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. í fátækrasjóð Reykjavíkur, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 11. desember 1916.

Nr. 55/1916. Þórður Bjarnason gegn Jes Zimsen fyrir hönd h. f. P. J. Thorsteinsson & Co. í likvidation.

Dómur:

Mál þetta var í héraði dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 15. júní þ. á. með þeim úrslitum, að svo framarlega sem áfrýjandi Þórður Bjarnason umboðssali eftir löglegan undirbúning ynni eið að því á varnarþingi sínu, að hann hafi verið ráðinn hjá Godthaabs-verzlun með árs uppsagnarfresti, skyldi stefndi Jes Zimsen kaupmaður fyrir hönd hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. í likvidation, greiða honum 1500 kr. með 6% ársvöxtum frá 1. febr. 1915 til borgunardags. En treysti áfrýjandi sér eigi til að

vinna eiðinn, skyldi stefndi vera sýkn af kröfum hans í þessu máli. Málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum bæjarþingsdómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins, með stefnu, dags. 18. sept. þ. á., og gert þær sömu kröfur og fyrir bæjarþinginu, en þær voru, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 2766 kr. 67 aura með 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1915 til borgunardags og málskostnað að skaðlausu. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi. Til vara krefst hann að dómurinn verði staðfestur. — Stefndi krefst hins vegar fullrar sýknunar af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Fjárkrafa sú, er mál þetta er risið af, er kaupgjald eða laun áfrýjanda sem verzlunarstjóra hins stefnda hlutafélags í Reykjavík árin 1912, 1913 og 1914 og fyrsta mánuð ársins 1915, en laun sín fyrir þessi ár telur áfrýjandi vanreiknuð um hina umstefndu upphæð.

Málavextir eru þeir, að í nóvembermánuði 1905 gerðist áfrýjandi verzlunarstjóri verzlunarinnar Godthaab í Reykjavík samkvæmt munnlegum samningi við eiganda hennar. En árið 1907 var hætt að reka verzlunina með því nafni og hvarf hún inn í hið stefnda hlutafélag, P. J. Thorsteinsson & Co., sem þá var stofnað, þannig að eigandi hennar gerðist hlut-hafi í félaginu og framkvæmdarstjóri þess, og lagði í það verzlunina með öllu því, er henni fylgdi; þá gengu og í þjónustu félagsins ýmsir af starfsmönnum verzlunarinnar, þar á meðal áfrýjandi, með sömu

launakjörum, að því er ætla verður, sem verzlunin hafði heitið þeim.

Fyrsta árið, 1906, sem áfrýjandi var við Godthaabs-verzlun, fekk hann í kaup 2000 kr., en síðan hækkaði það um 200 kr. á ári til 1911, er það var orðið 3000 kr., og það kaup, 3000 kr., var honum og goldið árin 1912 og 1913. En í janúarmánuði 1914 var áfrýjanda sagt upp stöðinni með 6 mánaða fyrirvara og greitt fyrir það ár 7 mánaða kaup miðað við 3000 kr. árskaup eða 1750 kr.

Málssókn þessa byggir áfrýjandi á því, að það hafi verið samningur hans og eiganda Godthaabs-verzlunar Thor Jensens kaupmanns, að áfrýjandi skyldi fá launahækkun eftir 1906 200 kr. ár hvert, meðan hann væri í þjónustu verzlunarinnar, og þann samning hafi félagið viðurkent og staðfest með því að greiða honum laun, hækkandi um 200 kr. á ári til 1911, en eftir það hafi félagið brugðið samningnum með því að greiða honum að eins sömu launin, 3000 kr., 1912 og 1913, og telur hann sig því vanhaldinn um 200 kr. og 400 kr. fyrir þessi ár. Ennfremur segir áfrýjandi, að svo hafi verið umsamið milli þeirra Thor Jensen, að áfrýjanda yrði eigi sagt upp stöðunni með styttri fyrirvara en ársfresti, og og hafi honum því borið uppsagnarfrestur frá félaginu til janúar 1915 og kaup fyrir alt árið 1914, 3600 kr., en hann hafi að eins fengið 1750 kr., sem fyr segir svo að félagið eigi honum vangoldnar 1850 kr. fyrir það ár og loks eigi hann tilkall til launa fyrir janúarmánuð 1915, miðað við 3800 kr. árslaun eða 316 kr. 67 aur. Verða þessar upphæðir, kr. 200.00

+ kr. 400.00, + kr. 1850.00, + kr. 316.67, samtals 2766 kr. 67 aur., sem er dómkrafa áfrýjanda.

Áfrýjandi hefir til stuðnings skýrslu sinni um að svo hafi verið umsamið milli hans og Thor Jensens sem að framan segir, borið fyrir sig yfirlýsingu frá Thor Jensen, er kemur heim við skýrslu áfrýjanda. Er yfirlýsing þessi gefin út 23. sept. 1913, nokkru eftir að Thor Jensen gekk úr stjórn hlutafélagsins og hætti að vera framkvæmdarstjóri þess hér, og verður hún því eigi skoðuð sem staðfesting af félagsins hálfu eða viðurkenning á ráðningarskilmálum þeim, er áfrýjandi heldur fram, en að eins sem vottorð um munnlegan samning milli áfrýjanda og verzlunarinnar Godthaab. Um uppsagnarfrestinn heldur áfrýjandi því fram, að það sé föst venja hér, er verzlunarstjórar eigi hlut að máli, að þeim sé eigi ætlaður styttri frestur en ársfyrirvari.

Af hálfu hlutafélagsins er því eigi nægilega mótmælt, að áfrýjandi hafi átt að sitja við sömu launakjör hjá félaginu eins og hann hafði hjá verzluninni Godthaab.

En því er haldið fram, að hann í rauninni hafi eigi verið verzlunarstjóri, hann hafi að eins verið nefndur svo, en eigi haft á hendi venjuleg verzlunarstjórastörf og eigi borið ábyrgð á rekstri og reikningsskap verzlunarinnar. En þetta virðist hér engu máli skifta, þar sem svo verður á að líta, að úrslitin velti á því einu, hvort áfrýjanda hafi verið heitið þeim kjörum hjá Godthaabs-verzlun, er hann byggir kröfur sínar á, og teljast verða bindandi fyrir félagið, ef þau álítast sönnuð.

Stefndi hefir mótmælt yfirlýsingu Thor Jensens og lýst hana ranga, bæði umsögninni um launahækkun, frekari en áfrýjandi hefir fengið, og um uppsagnarfrestinn, og hann heldur því fram, að hámark launanna hafi átt að vera 3000 kr.

Nefnd yfirlýsing er eigi sönnun fyrir því, að skýrsla áfrýjanda um ráðningarskilmálana sé rétt, og það verður eigi álitið að hún heimili að áfrýjanda sé leyft að staðfesta nefnda skýrslu sína með eiði. Af hendi áfrýjanda eru eigi heldur komnar fram aðrar skýrslur eða rök, er sýni að samningurinn við verzlunina hafi verið sá, er hann heldur fram. Þannig verður eigi ráðið af því, að félagið hélt áfram að greiða áfrýjanda hækkandi laun til 1911, að það hafi viðurkent að hann ætti tilkall til sömu hækkunar áfram um óákveðinn tíma. Hins vegar bendir það í gagnstæða átt, *að* Thor Jensen, sem var framkvæmdarstjóri félagsins 1912, galt áfrýjanda það ár aðeins 3000 kr. laun, en það fer í bág við yfirlýsingu hans, ef hana ber að skilja svo, að launahækkunin hafi átt að haldast lengur en til 1911, og *að* áfrýjandi virðist enga alvarlega gangskör hafa gert að því að fá leiðréttingu á launagreiðslunni.

Af stefnda hálfu er því mótmælt að hér hafi skapast nein venja um það, að verzlunarstjórum bæri árs uppsagnarfrestur, er þeim er sagt upp stöðunni, og áfrýjandi hefir eigi sannað að nein slík réttarvenja sé hér til. Þar sem það nú eigi heldur er sannað, að samið hafi verið um neinn ákveðinn fyrirvara, verður uppsagnarfrestur sá, 6 mánuðir, er áfrýjandi fekk hjá stefnda, eigi talinn óhæfilega

stuttur eftir ástæðum. Og að því sérstaklega athuguðu, sem viðurkent er í málinu, að áfrýjanda bar eigi að gera nein reikningsskil.

Með því að kröfur áfrýjanda samkvæmt framansögðu álítast eigi sannaðar né nægilega rökstuddar verða þær eigi teknar til greina til breytingar á hinum áfrýjaða dómi. — Með því nú að málinu hefir eigi verið gagnáfrýjað, verður eigi hjá því komist að taka varakröfu áfrýjanda til greina og staðfesta bæjarþingsdóminn, einnig málskostnaðarákvæði hans.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þórður Bjarnason, greiði stefnda, Jes Zimsen, fyrir hönd hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. í likvidation 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 18. desember 1916.

Nr. 2/1916: Gísli Hjálmarsson
gegn
Valdemar Kristmundssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi Valdemar Kristmundsson sjómaður fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Gísla Hjálmarssyni kaupmanni, til greiðslu á 516 kr. 21 e., er hann taldi til skuldar hjá honum. Lauk máli þessu svo fyrir bæjarþinginu 2. desember f. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda 343 kr. 99 aura með 6% ársvöxtum frá 25. janúar 1915 til greiðsludags, og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. jan. þ. á. og hefir jafnframt lagt fram leyfisbréf til að leggja fram ný sönnunargögn í yfirdómi, dags. 25. jan. þ. á. Krefst hann þess að verða sýknaður af kröfum stefnda gegn því að greiða honum 173 kr. 99 a., og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir frá sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 19. júní þ. á., og krefst hann þess að allar kröfur sínar fyrir undirréttinum verði teknar til greina, þannig, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða 516 kr. 21 e. með 6% ársvöxtum frá 25. jan. f. á. til greiðsludags og málskostnað fyrir undirrétti, en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirrétti eftir mati yfirdómsins.

Krafa stefnda stafar frá því, að hann var bátsformaður hjá áfrýjanda frá því um miðjan maí til nóvemberloka 1914, og bygði hann kröfur sínar í undirrétti að mestu leyti á reikningi óundirrituðum, er honum var fenginn af ráðsmanni áfrýjanda. Áfrýjandi hefir viðurkent að reikningur þessi sé réttur svo langt sem hann nær, en hann telur hann ekki fullkominn og hefir lagt fram í málinu annan reikning, sem hann krefst að bygt verði á, en samkvæmt þessum reikningi viðurkennir áfrýjandi að hann skuldi stefnda 173 kr. 99 aura, en auk þessarar upphæðar var honum í undirrétti gert að greiða 60 kr. fyrir húsaleigu, er hann hafði fært stefnda til skuldar í reikningi sínum, 10 kr., er hann hafði talið honum greitt 22. desember 1914, og 100 kr. fyrir að fara með mótorbát frá Norðfirði til Reykjavíkur í desember 1914. Krefst áfrýjandi nú að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda um þessar samtals 170 kr.

Stefndi hefir mótmælt því að hann eigi að greiða umrædda húsaleigu, sem á reikningi áfrýjanda er sundurliðuð þannig: 24 kr. fyrir hálft árið 1913, sem gleymst hafi að færa stefnda til skuldar í viðskiftum þeirra það ár, 24 kr. fyrir umgetið ráðningartímabil og 12 kr. fyrir kvenmann.

Það er viðurkent af áfrýjanda, að stefndi hafi bæði árið 1913 og sumarið 1914 átt að hafa húsnæði með hásetum sínum ókeypis, en áfrýjandi staðhæfir, að þar sem stefndi hafi fengið sérstakt herbergi, hafi hann átt að greiða sérstaklega fyrir það. Þessari

staðhæfingu sinni til styrktar hefir áfrýjandi lagt fram hér fyrir réttinum eftirrit af vitnaleiðslu hér að lútandi. — Um húsnæðið 1913 er það þó eigi sannað, að samið hafi verið fyrirfram um að stefndi ætti að greiða sérstaklega fyrir það, en um húsnæðið 1914 hefir eitt vitni borið, að það hafi heyrt stefnda biðja áfrýjanda um sérherbergi, og láta jafnframt í ljósi að hann vildi vinna til að borga 4 kr. á mánuði fyrir það; þá hafa tvö vitnin borið að stefndi hafi sagt þeim, að hann borgaði leigu eftir þetta herbergi. Með þessum vitnaframburðum verður að telja það sannað, að stefndi hafi skuldbundið sig til að borga leigu eftir herbergið, og þar sem upphæðin virðist eigi ósanngjörn verður að dæma stefnda til að greiða umræddar 24 kr. Hins vegar verður að taka til greina mótmæli stefnda gegn greiðslu á 12 kr. húsaleigunni, með því að það er eigi sannað að hann hafi tekið það herbergi á leigu eða ábyrgst greiðslu á leigunni.

Þá hefir stefndi mótmælt því, að hann hafi tekið á móti þeim 10 kr. er honum eru færðar til útgjalda 22. desember 1914, og með því þessi greiðsla er ekki sönnuð verður krafa áfrýjanda um þennan lið ekki tekin til greina.

Fyrir undirrétti krafðist stefndi að áfrýjandi yrði dæmdur til að greiða sér 100 kr. fyrir að fara með mótorbát frá Norðfirði til Reykjavíkur. Áfrýjandi viðurkendi að stefndi hefði farið með bátinn og átt að fá 75 kr. fyrir það, en jafnframt hefði stefndi skuldbundið sig til að vera formaður á bátnum áfram, en þennan samning hefði stefndi rofið, og ætti að greiða hærri bætur fyrir en umgetnar 75 kr. Áfrýjandi hefir

þó eigi fært neinar sannanir um samningsrof af stefnda hálfu, og verður því, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, að dæma stefnda kaup fyrir að fara með bátinn, 100 kr., með því sú krafa virðist eigi ósanngjörn.

Í gagnsökinni krefst stefndi þess, að áfrýjandi verði, auk þeirra 343 kr. 99 au., er hann fékk dóm fyrir í undirrétti, ennfremur dæmdur til að greiða sér, 30 kr. + 140 kr., er áfrýjandi hafi ranglega fært sér til skuldar í viðskiftareikningi hans, og smáupphæð til uppbótar á premiu og verði á fiski, sem sér hafi verið reiknað með oflágri upphæð.

Nefndar 30 kr. er leiga fyrir mótorbát frá Norðfirði til Seyðisfjarðar sumarið 1914. Stefndi viðurkennir að hann hafi fengið mótorbátinn, en hann heldur því fram, að áfrýjandi hafi lýst því yfir, að hann ætlaði ekki að krefjast endurgjalds fyrir, enda sé slíkt ekki venja. Þetta er þó ósannað gegn mótmælum áfrýjanda, og verður því að telja stefnda skylt að greiða þessa upphæð.

Þá mótmælir stefndi því, að í umræddum reikningi áfrýjanda eigi að tilfæra 140 kr., er áfrýjandi telur greiddar stefnda 13. maí 1914 upp í væntanlegt kaup hans. Stefndi viðurkennir að vísu að hann hafi fengið þessa upphæð greidda, en hann heldur því fram, að þetta hafi verið eftirstöðvar af kaupi hans veturinn áður, því að þá var hann í þjónustu áfrýjanda, en áfrýjandi heldur því hins vegar fram, að þeim viðskiftum hafi verið lokið að undanteknum 2 kr. 35 aur., sem stefndi hafi átt til góða. Það virðist nú verða að taka til greina staðhæfingu áfrýj-

anda um það, að greiðslan 13. maí hafi átt að vera upp í síðari viðskifti, enda verða hin fyrri viðskifti eigi rannsökuð í þessu máli, er eftir sáttakæru og stefnu snýst aðeins um hin síðari viðskifti.

Krafa stefnda um uppbót á of lágt reiknaðri premíu og fiskverði í desember verður ekki tekin til greina, með því að fyrir henni eru ekki færð nægrök gegn mótmælum áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á þá niðurstöðu, er undirdómarinn hefir komist að, með þeirri breytingu einni, að frá hinni tildæmdu upphæð, 343 kr. 99 aur., ber að draga húsaleiguna 1914, 24 kr., og ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 319 kr. 99 aur. með vöxtum eins og segir í hinum áfrýjaða dómi. Ákvæði undirdómsins um málskostnað samþykkjast, en rétt virðist að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Gísli Hjálmarsson greiði stefnda Valdemar Kristmundssyni 319 kr. 99 aur. með 6% ársvöxtum frá 25. jan. 1915 til greiðsludags. Málskostnaður fyrir undirrétti falli niður, en í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi stefnda 20 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. desember 1916.

Nr. 41/1916. Magnús Vigfússon
gegn
Jóni Pálmasyni.

Dómur:

Í fardögum 1915 slepti áfrýjandi Magnús Vigfússon ábúð á jörðinni Þingeyrum, en stefndi Jón Pálmason tók jörð þessa þá til ábúðar. Fór fram úttektargerð á henni 7. júní nefnt ár, og var bæði fráfarandi og viðtakandi jarðarinnar viðstaddir gerðina, er framkvæmd var af úttektarmönnum Sveinsstaðahrepps, en Þingeyrar eru í nefndum hreppi. Úttektarmenn möttu álag á hús jarðarinnar 1775 kr. Jafnframt möttu úttektarmenn til peninga hús, girðingar, hey og nokkra aðra muni, er fráfarandi átti á jörðinni, og var það metið 463 kr. Viðtakandi samþykti úttektargerðina með undirskrift sinni, en fráfarandi neitaði að undirskrifa hana, af þeirri ástæðu, »að hann tjáði sér ekki koma úttektin við, þar eð hann teldi sér ekki skylt að borga álag á hús jarðarinnar«. En hann tjáði sig þó samþykkan virðingunni á munum þeim, er metnir voru. Með því nú að Magnús Vigfússon eigi greiddi hið gerða álag, höfðaði Jón Pálmason mál á móti honum fyrir aukarétti Húnavatnssýslu og krafði hann um álagsupphæðina 1775 kr. að viðbættum $^1/_2$ úttektarkostnaði 6 kr., er Magnús og hafði neitað að greiða, samtals 1781 kr., að frádregnum áðurnefndum 463 kr., er hann taldi Magnúsi bera, eða alls 1318 kr., og var þessi upp-

hæð dæmd honum með dómi aukaréttarins, uppkveðnum 13. maí þ. á. ásamt 5% ársvöxtum frá 24. ágúst f. á. til borgunardags, og málskostnaði 24 kr. 50 a., en hvorttveggja, vaxta og málskostnaðar hafði Jón Pálmason krafist. Að öðru leyti var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Magnús Vigfússon skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 6. júlí þ. á., og gerir hann þær réttarkröfur *principaliter*, að málinu verði vísað frá (þ. e. frá undirdómi), og *in subsidium*, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda, og að stefndi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hins vegar hefir stefndi Jón Pálmason krafist þess, að aukaréttardómurinn verði staðfestur, og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Frávísunarkröfuna rökstyður áfrýjandi á þá leið, að stefna og málsútlistun fyrir undirrétti hafi verið ófullnægjandi; í stefnunni hafi engar ákveðnar kröfur verið gerðar, og eigi heldur í sáttakærunni; þar hafi að eins verið beiðst aðstoðar sáttarnefndar til að miðla málum; það sjáist eigi heldur að stefndi hafi við fyrstu fyrirtekt málsins fyrir undirrétti gert nokkrar réttarkröfur. Um þetta skal það athugað, að stefndi hefir í sáttakærunni skilmerkilega tilgreint fjárkröfu sína á hendur áfrýjanda, og segir svo, að hann beiðist þess, að sáttanefndin reyni að fá áfrýjanda til að sættast á að greiða sér upphæðina með vöxtum og kostnaði, en komist eigi sætt á, beiðist hann þess að málinu verði vísað til landslaga og

dóms. Aukaréttarstefnan er rituð á sáttakæruna, og er áfrýjanda með stefnunni stefnt fyrir aukaréttinn til þess að svara til sakar og þola dóm samkvæmt framannefndri sáttakæru. Þetta skjal lagði stefndi fram í aukaréttinum fyrsta fyrirtektardag málsins ásamt útdrætti úr úttektarbók Sveinsstaðahrepps, innihaldandi úttektina á Þingeyrum, og verður að skilja það svo, að hann hafi lagt málið undir dóm réttarins með skýrskotun til nefndra skjala og með þar tilgreindum réttarkröfum, en kröfurnar eru nægilega ítarlega framteknar í sáttakærunni. Það er því ekki ástæða til þess að vísa málinu frá aukaréttinum, og verður frávísunarkrafa áfrýjanda ekki tekin til greina. Því skal viðbætt, að engin ástæða er til þess, að láta það varða frávísun málsins, eins og áfrýjandi vill vera láta, að innsigli annars stefnuvottsins vantar undir birtingarvottorð þeirra á aukaréttarstefnunni úr því mætt var eftir stefnunni.

Sýknukröfu sína rökstyður áfrýjandi fyrst og fremst með því, að samkvæmt lögum um ábúð og úttekt jarða 12. jan. 1884 sé úttekt að eins fyrirskipuð, þegar leiguliðaskifti verða á jörð, og að ákvæðum laganna um úttekt verði eigi beitt, þegar eigandi sjálfur flytur á jörð sína. Þetta verður þó eigi álitið rétt, nefnd lög gera ráð fyrir því í 15., 22. og 23. gr., að álag sé metið og úttekt fari fram, þótt eigi sé um leiguliðaskifti að ræða, og það verður að líta svo á, að jarðeigandi hafi rétt til þess að láta úttekt fara fram á jörð sinni, þegar leiguliði flytur af henni, þótt hún sé þá eigi öðrum bygð, og eigandi taki hana sjálfur til afnota. Ákvæðið í 30. gr. ábúðarlaganna virðist eigi setja aðra reglu, er

komi í bága við þetta, en grein þessi talar beint að eins um leiguliðaskifti á jörð. Lagagreinin hefir það eigi beint fyrir augum, er eigandi sjálfur tekur jörð sína til ábúðar, sem hefir verið í leiguábúð, eða hann byggir öðrum jörð þá, er hann sjálfur hefir setið, en það virðist eigi vafamál, að ákvæðum lagagreinarinnar má einnig beita, þegar svo á stendur sem nú var sagt. Áfrýjandi getur því eigi með framangreindri röksemd hrundið eða skotið sér undan úttektargerðinni á Þingeyrum frá 7. júní 1915.

Þá hefir áfrýjandi tekið það fram, að þegar hann tók við ábúð á Þingeyrum hafi það verið samkomulag milli hans og þáverandi jarðareiganda, að hann tæki við jörðinni án úttektar og álagslaust, hafi það þá og verið sjálfsagt að hann svaraði ekki til álags, er hann færi frá jörðinni. Um hið fyrra er það að segja, að það er þá sök áfrýjanda sjálfs, að hann eigi fékk álag á jörðina og tók hana skoðunarlaust, en þar af leiðir ekki að hann eigi rétt á að skila henni á sama hátt, álags- og skoðunarlaust. Þáverandi jarðareigandi hefir og í afsalsbréfi því, er hann gaf stefnda fyrir jörðinni og dagsett er 11. apríl 1914, sagt berum orðum, að álag það, er ábúandi kynni að eiga að greiða eftir úttekt, fylgi í kaupinu, en seljandi beri eigi ábyrgð á nokkru álagi. Þáverandi jarðareigandi hefir þannig afdráttarlaust tekið það fram, að áfrýjandi eigi að svara til álags þess, er kunni að verða gert á jörðinni. Enda eru engin rök sýnd fyrir því í málinu, að áminstur samningur eða samkomulag hafi komist á milli áfrýjanda og jarðareiganda, og verður fyrir því þessi sýknuástæða ekki tekin til greina. Þá tekur áfrýjandi það fram,

að allan grundvöll hafi vantað til að byggja úttektina á, því að engin úttekt hafi farið fram á Þingeyrum síðan ábúðar- og úttektarlögin 1884 gengu í gildi. Í þessu efni er áður vikið að því, að það er sök áfrýjanda sjálfs að hann tók jörðina úttektarlaust, er hann fekk ábúð á henni, og að hann má sjálfum sér um kenna að hann fór þá á mis við álag á hana. En hafi úttektarmenn eigi haft neina eldri úttekt við að styðjast, þá höfðu þeir 33. gr. úttektarlaganna að fara eftir og hafa væntanlega farið eftir henni, en þar er eigi sett neitt skilyrði um það, að eldri úttekt sé fyrir hendi, og verður úttektargerðinni eigi hrundið af þessari ástæðu. Þar sem áfrýjandi heldur því fram, að honum sé óskilt að skila húsum jarðarinnar í betra ástandi en þau voru, er hann flutti á jörðina, en það segir hann að nú sé heimtað af honum, skal það tekið fram, að hann hefir eigi sannað það nægilega, í hvaða ástandi húsin voru, er hann tók við þeim, með því að hann þá tók jörðina úttektarlaust, og verður því að líta svo á, að húsin hafi þá verið í viðunanlegu standi, eða svo að áfrýjandi hafi þá látið sér það lynda.

Með því nú að úttektargerðin frá 7. júní 1915 er að forminu til óaðfinnanleg, og með því að henni hefir ekki verið hrundið með löglegri yfirúttekt, verður að leggja hana til grundvallar fyrir dómi í máli þessu og taka til greina kröfu stefnda á hendur áfrýjanda um 1318 kr. greiðslu, eins og undirdómarinn hefir gert. Þar sem yfirdómurinn einnig telur að fallast megi á ákvæði aukaréttardómsins um vexti af álagsupphæðinni og málskostnað, verður nefndur

dómur staðfestur í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum er rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Magnús Vigfússon greiði stefnda Jóni Pálmasyni málskostnað fyrir yfirdómi með 30 kr. Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 18. desember 1916.

Nr. 45/1916. L. M. Diechmann gegn Stefáni Th. Jónssyni og Þórarni Guðmundssyni.

Dómur:

Áfrýjandi máls þessa, L. M. Diechmann vélasmiður í Reykjavík, höfðaði mál fyrir gestaréttí Reykjavíkur gegn hinum stefnda, Stefáni Th. Jónssyni kaupmanni á Seyðisfirði, til að fá hann dæmdan til að greiða sér eftirstöðvar af aðgerðarkostnaði skipsins »Nora«, kr. 401.00. Hafði skip þetta árið 1912 verið til aðgerðar á dráttarbrautinni í Reykja-

vík og áfrýjandi annast aðgerðina eða átt þátt í henni. Í gestaréttarmálinu hélt áfrýjandi því fram, að Stefán Th. Jónsson hefði samið við sig um aðgerð skipsins og borgað sér 1000 kr. af kostnaðinum, er alls hefði verið 1401 kr., og hefði áfrýjandi ekki vitað annað, en að Stefán Th. Jónsson væri eigandi skipsins og hefði samið í eigin nafni. En Stefán Th. Jónsson neitaði því að hafa samið við áfrýjanda um skipsaðgerðina eða greitt honum 1000 kr. upp í kostnaðinn. Kvað hann sér skipið óviðkomandi og kröfunni ranglega beint á hendur sér. Til þess að sanna, að Stefán Th. Jónsson væri réttur varnaraðili í gestaréttarmálinu, stefndi áfrýjandi Þórarni Guðmundssyni kaupmanni á Seyðisfirði fyrir aukarétt Seyðisfjarðar til að bera vitni, en Þórarinn Guðmundsson lýsti því þá yfir í réttinum, að með því að hann hefði verið eigandi skipsins »Nora«, þegar umrædd aðgerð á því fór fram, væri hann svo mikið við málið riðinn, að honum gæti eigi verið skylt að bera vitni í því, og mótmælti hann því að svara spurningum þeim, er áfrýjandi stýlaði honum. Um þessi mótmæli kvað aukarétturinn upp úrskurð 20. maí þ. á. á þá leið, að Þórarni Guðmundssyni væri eigi skylt að bera vitni í málinu.

Þessum úrskurði hefir L. M. Diechmann skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 22. júlí þ. á. og gert þær kröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi feldur og Þórarinn Guðmundsson skyldaður til að bera vitni í málinu og svara spurningum þeim, er fyrir hann hafa verið lagðar á skjali nr. 4 í vitnagjörðunum, svo og að hinir stefndu, Stefán Th. Jóns-

son og Þórarinn Guðmundsson, verði dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdóminum að skaðlausu eftir mati dómsins.

Af hálfu Þórarins Guðmundssonar hefir eigi verið mætt í málinu hér í réttinum, en fyrir hönd Stefáns Th. Jónssonar er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur og honum (Stefáni) dæmdur ríflegur málskostnaður.

Fyrgreint skip »Nora« keypti stefndi Þórarinn Guðmundsson á nauðungaruppboði 1911, og yfirlýsing hans um, að hann hafi enn verið eigandi skipsins, þegar umrædd aðgerð á því fór fram, hefir eigi verið véfengd, en hana verður að skilja svo, að hann hafi þá einn verið eigandi þess. Honum bar þá eðlilega að greiða kostnað þann, er gestaréttarmálið reis af, nema annan veg hefði verið umsamið, eða aðrir tekið það að sér eða skuldbundið sig til þess í hans stað, t. a. m. stefndi Stefán Th. Jónsson. En um þetta eða yfirleitt um afstöðu meðstefnda til hinnar umstefndu kröfu verður hið stefnda vitni eigi gegn mótmælum þess skyldað til að bera fram skýrslu að viðlögðum eiði, með því að vitnisburður þess, eins og málið er vaxið, gæti farið í bág við hagsmuni þess, og það eins fyrir það, þó að áfrýjandi hafi lýst því yfir, að hann teldi sig ekki hafa neina kröfu á hendur vitninu út af viðgerðinni á skipinu, því að þessa yfirlýsingu þarf ekki að skilja sem skilyrðislaust afsal á nefndum kröfum gegn vitninu, hver sem úrslit gestaréttarmálsins verða. En auk þess

gæti vitnisburðurinn orðið vitninu til óhags í viðskiftum þess við meðstefnda, eða aðra, sem við mál þetta kynnu að vera riðnir.

Það verður samkvæmt þessu að telja rétt, að mótmæli vitnisins Þórarins Guðmundssonar voru af héraðsdómaranum tekin til greina, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjandi eftir þessum úrslitum eiga að greiða hinum stefnda, Stefáni Th. Jónssyni, og ákveðst hann 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Afrýjandi, L. M. Diechmann, greiði stefnda, Stefáni Th. Jónssyni, 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 18. desember 1916.

Nr. 4/1916.

J. D. Nielsen fyrir hönd h/f. Verzlunin Einarshöfn
gegn
Þorleifi Guðmundssyni og Sigurði Ísleifssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðuðu hinir stefndu, Þorleifur Guðmundsson bóndi í Þorlákshöfn og Sigurður Ísleifsson trésmiður á Eyrarbakka fyrir sjórétti Árnessýslu gegn J. D. Nielsen verzlunarstjóra á Eyrarbakka fyrir hönd h/f. Verzlunin Einarshöfn sama staðar til greiðslu á skaðabótum fyrir skemdir á vélbátnum »Höfrungur«, eign hinna stefndu, er þeir töldu að téð hlutafélag bæri ábyrgð á. Lauk máli þessu með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 29. nóvbr. f. á., á þá leið, að áfrýjandi, J. D. Nielsen f. h. verzlunarinnar Einarshöfn, var dæmdur til að greiða hinum stefndu 4655 kr. 46 aura að frádregnu andvirði vélbátsins »Höfrungs«, eins og það yrði ákveðið eftir að hann sökk og skemdist aðfaranótt 27. ágúst 1914, eftir mati óvilhallra manna, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og var málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi, J. D. Nielsen f. h. verzlunarinnar Einarshöfn, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. jan. þ. á., og krafist að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að hann, f. h. hlutafélagsins, verði algerlega sýknaður af kröfu stefnda, eða til vara að hann verði sýknaður gegn því að greiða andvirði uppskipunarbáts þess, er ræðir um í málinu. Svo hefir hann krafist málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Af annari hálfu hafa hinir stefndu, Þorleifur Guðmundsson og Sigurður Ísleifsson, gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 20. maí þ. á. og krefjast þeir

þess, að dómnum verði breytt þannig, að kröfur þeirra fyrir sjóréttinum verði að öllu leyti teknar til greina, sérstaklega að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 5793 kr. 78 aur. að frádregnu andvirði vélbátsins, en til vara krefjast þeir, að sjóréttardómurinn verði staðfestur; loks krefjast þeir, að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir sjódómi og yfirrétti eftir mati yfirréttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að aðfaranótt hins 27. ágúst 1914 sökk vélbáturinn »Höfrungur«, eign stefndu, á höfninni í Þorlákshöfn. Daginn eftir skaut vélbátnum upp, en þá var vélin horfin úr honum og báturinn mjög brotinn, svo vafasamt þykir, að kostnaði svari að gera við hann. Er skemdunum á bátnum lýst svo, að hann hafi verið brotinn frá og með næst efsta borði byrðingsins að aftan og svo á snið niður fram eftir bátnum fram til miðs og þar niður úr. Halda stefndu því nú fram, að þessar skemdir á bátnum stafi af því, að verkamenn verzlunarinnar Einarshöfn, er þá unnu að útskipun í Þorlákshöfn fyrir verzlunina, hefðu um kvöldið í algerðu heimildarleysi fest uppskipunarbát, er verzlunin átti, aftan í vélbátinn. Um nóttina hvesti og gerði ósjó, og telja stefndu, að uppskipunarbáturinn muni hafa rekist á vélbátinn og höggvið gat á hann, og hann þess vegna sokkið. Halda þeir því og fram, að eftir að vélbáturinn var sokkinn, muni uppskipunarbáturinn hafa lyft vélbátnum frá botni, og við það hefði hann brotnað enn meir en annars hefði orðið. Vélbáturinn var nýsmíðaður og telja stefndu, að hann hafi kostað þá kominn til Þorlákshafnar

5793 kr. 78 a. Líta þeir nú svo á, að skaði sá, er þeir hafa orðið fyrir við tap bátsins, stafi frá hinu ólögmæta verki starfsmanna verzlunarinnar, og að henni beri því að bæta þeim skaða þeirra, það er, greiða þeim andvirði bátsins að frádreginni þeirri upphæð, er bátsflakið yrði metið af óvilhöllum mönnum.

Áfrýjandi telur hins vegar, að verzlunin Einarshöfn beri enga ábyrgð á slysi þessu, fyrst og fremst af því, að formaður þeirra manna, er verzlunin sendi til Þorlákshafnar til að vinna að útskipuninni, hafi snúið sér til annars eiganda vélbátsins, Þorleifs Guðmundssonar, og fengið skilyrðislaust leyfi hans til að festa uppskipunarbátinn um nætur aftan í vélbátinn, til þess ekki þyrfti að setja uppskipunarbátinn á land. Samkvæmt þessu leyfi hafi uppskipunarbáturinn á kvöldin verið bundinn aftan í vélbátinn, þangað til hann sökk á 3ju nóttu, er óveðrið gerði um nóttina milli 26. og 27. ágúst. Telur áfrýjandi, að með því formaðurinn hafi fengið þetta leyfi hjá Þorleifi, þá sé þar með eftir almennum skaðabótareglum loku fyrir það skotið, að velt verði ábyrgðinni af því, að vélbáturinn sökk, yfir á hlutafélagið, og það enda þótt þessi aftanífesting hefði valdið slysinu.

Í annan stað neitar áfrýjandi því eindregið, að skemdirnar á vélbátnum geti á nokkurn hátt stafað af því, að uppskipunarbátnum var fest aftan í hann. Skýrir hann frá, að uppskipunarbáturinn hafi verið festur í vélbátinn með hér um bil 4—5 faðma langri festi, og sé það því ómögulegt, að uppskipunarbáturinn hafi getað nálgast vélbátinn til muna og því síð-

ur rekist á hann, enda beri skemdirnar á vélbátnum þess ljósan vott, að svo hafi ekki verið. Ef uppskipunarbáturinn hefði rekist á vélbátinn, hefði stefni hans hlotið að rekast á hann að ofan, en hvorki þar né annarsstaðar sjáist nokkur merki um árekstur. Á uppskipunarbátnum sjáist ekkert, hvorki á stefni hans né annarsstaðar, og sé þetta þó 30 ára gamall bátur og feyskinn. Borðin í vélbátnum fyrir ofan þyljur séu óskemd, svo og efsta borð byrðingsins. Heldur áfrýjandi því ennfremur fram, að það hafi heldur ekki getað átt sér stað, þar sem festin var 4—5 faðma löng, að uppskipunarbáturinn hafi getað losað vélbátinn frá botni og þannig valdið skemdum á honum.

Til sönnunar því, að Þorleifur hafi gefið leyfi til þess, að festa uppskipunarbátinn aftan í vélbátinn, hefir áfrýjandi leitt vitni. Formaður útskipunarinnar, Jón Ásbjörnsson, hefir borið það sem vitni, og unnið eið að, að hann hafi í viðurvist annars manns, Lofts Arasonar, beðið Þorleif um umgetið leyfi til að festa uppskipunarbátnum aftan í vélbátinn, og að Þorleifur hafi leyft það skilyrðislaust. Nefndur Loftur Arason hefir og verið leiddur sem vitni, og hefir hann borið það og staðfest með eiði, að hann hafi verið viðstaddur, er Jón Ásbjörnsson bað Þorleif um leyfið, og að hann hafi veitt það skilyrðislaust. — Þá hafa 3 vitni borið, og unnið eið að skýrslu sinni, að þegar Jón Ásbjörnsson hafi gefið skipun um að festa uppskipunarbátnum aftan í vélbátinn, hafi Þorleifur staðið þar hjá án þess að andmæla því, og bera vitnin, að þau geti eigi efast um, að Þorleifur

hafi heyrt það, og eitt vitnið tekur það fram, að Þorleifur hafi staðið nær Jóni Ásbjörnssyni en það.

Stefndur Þorleifur Guðmundsson neitar því afdráttarlaust, að hann hafi gefið umgetið leyfi og að hann hafi heyrt Jón Ásbjörnsson gefa þessa fyrirskipun, og neita stefndu því, að þessi vitnisburður hafi nokkurt sönnunargildi.

Framburði Jóns Asbjörnssonar mótmæla stefndu af þeim ástæðum, að hann sé fastur starfsmaður áfrýjanda, og af því, að hann hafi framið hið ólögmæta verk — að festa uppskipunarbátnum aftan í vélbátinn —, hann sé því skaðabótaskyldur gagnvart hlutafélaginu, og sé því í rauninni að bera vitni í sinni eigin sök. Og um hin vitnin segja stefndu, að þau eigi sammerkt í því, að þau öll hafi tekið þátt í hinu ólögmæta verki og séu áfrýjanda háð sem vinnuveitanda; þau séu því ekki fullgild vitni.

Þótt álíta mætti, að Jón Ásbjörnsson, eftir stöðu sinni og afstöðu til málsins, geti ekki talist fullgilt vitni, styrkist framburður hans þó svo mjög við framburð Lofts Arasonar og við framburð hinna annara vitna, sem borið hafa, að Jón hafi að Þorleifi áheyrandi gefið skipun um að festa uppskipunarbátnum aftan í vélbátinn, að telja verður, að full sönnun sé fengin fyrir því, að Þorleifur hafi gefið hið umgetna leyfi, og skiftir það ekki máli, þótt Loftur Arason treysti sér ekki til að segja fyrir víst, hvert kvöldið af hinum þremur, er uppskipunarbátnum var fest aftan í vélbátinn, það var, að Þorleifur gaf leyfið, og um þetta vitni og hin þrjú er það að segja, að það hefir engin áhrif á vitnisburð þeirra, að þau við

nefnt tækifæri voru í vinnu hjá verzluninni Einarshöfn, og að sum þeirra unnu að því eftir skipun formannsins, að festa uppskipunarbátnum aftan í vélbátinn.

Þá halda stefndu því fram, að þótt Þorleifur hefði gefið umgetið leyfi, þá beri hlutafélagið engu að síður ábyrgð á slysinu og sé skaðabótaskylt fyrst og fremst af því, að Þorleifur hafi ekki verið bær um á sitt eindæmi að gefa umrætt leyfi, og með því samþykki hins meðeigandans hafi vantað, hafi heimildin ekki verið í lagi, og í öðru lagi af því, að þar sem leyfi þetta eftir skýrslu áfrýjanda hafi átt að vera veitt án þess að nokkuð ætti að greiða fyrir það, verði hér að fara eftir þeim reglum, er gilda um lán.

Þessar röksemdir geta þó ekki komið til greina, með því að telja verður að formaður útskipunarinnar hafi haft næga ástæðu til að líta svo á, að Þorleifur hefði umboð eða heimild til að veita hið umbeðna leyfi, og hinar sérstöku reglur, er gilda um lán, geta ekki komið hér til greina, með því að vélbáturinn var eftir sem áður í vörslum stefnda Þorleifs Guðmundssonar.

Þá verður og að fallast á þá sýknunarástæðu áfrýjanda, að það sé ósannað að uppskipunarbáturinn hafi rekist á vélbátinn og hafi með því valdið því að hann sökk, þvert á móti verður að telja það ólíklegt að nokkur árekstur hafi átt sér stað, með því ekkert sá á uppskipunarbátnum og með því að vélbáturinn var óbrotinn að ofan. — Stefndu hafa að vísu lagt fram vottorð tveggja manna um, að efsta

borð byrðingsins sé marið og málning víða farin af, og liti út fyrir að skemdirnar hafi komið af árekstri á sjó, en þar sem vottorði þessu hefir verið mótmælt, en vottorðsgefendurnir hafa ekki verið látnir staðfesta það fyrir rétti, getur það ekki komið til álita.

Ástæðan til þess að vélbáturinn sökk, verður eftir því sem fyrir liggur miklu fremur að teljast sú, að hann hafi ekki þolað sjóganginn, enda eru framkomnir í málinu ýmsir vitnisburðir um það, að vélbáturinn hafi verið veigalítill. Byrðingur hans var úr $^3/_4$ þumlungs furuborðum, en eftir vottorði forstöðumanns dráttarbrautarinnar hér í bænum O. Ellingsen og skipasmiðs Otta Guðmundssonar, er fram hefir verið lagt í málinu, þarf byrðingur úr furu á súðbyrtum vélbát, álíka stórum og hér ræðir um, eftir gerð vélbáta hér á landi, að vera $1^1/_4$ þumlungs að þykt, svo að nógu sterkur sé til að leggja í sjó.

Með því samkvæmt framansögðu engin heimild er til þess að dæma verzlunina Einarshöfn til að greiða stefndu bætur fyrir skaða þann, er þeir hafa orðið fyrir við það, að vélbátur þeirra sökk og brotnaði aðfaranótt 27. ágúst 1914, ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu. — Eftir þessum úrslitum þykir rétt að stefndu greiði áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, er ákveðst 100 kr,

Því dæmist rétt vera:

J. D. Nielsen fyrir hönd h/f. Verzlunin Einarshöfn á að vera sýkn af kærum og kröfum stefndu, Þorleifs Guðmundssonar og Sigurðar Ísleifssonar í máli þessu.

Stefndu greiði áfrýjanda 100 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Í dæmdur málskostnaður greiðist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Lbs - Hbs / Benediktssafn
100728300-9

